Fyrsti fundur — 1. júlí.

Árið 1861, mánudaginn hinn fyrsta dag júlímánaðar, var alþingi Íslendínga sett í 8. sinni í Reykjavík.

Áður en þingið var sett, var guðsþjónusta haldin í dómkirkjunni og prèdikaði dómkirkjuprestur prófastur Ólafur Pálsson, og hafði fyrir ræðu-texta 127. sálm Davíðs, 1. v.

Með því amtmaður Melsteð, kommandeur af dbr. og dbrsm., sem konúngur hafði falið umboð sitt á þessu þingi, var fallinn frá, en stjórnin ei hafði getað fengið vitneskju um það, nè getað gjört neinar ráðstafanir um, hver gegna skyldi *konúngsfulltrúa*-störfum, setti etazráð *Þórður Jónasson,* sem skipaður er stiptamtmaður um stund, alþingið í umboði konúngs og voru auk hans og skrifara hans organsleikara *Pèturs Gudjohnsens* þessir þingmenn við staddir:

A. Konúngkjörnir:

1. *Helgi G. Thordersen,* biskup Íslands.
2. *Pètur Pètursson,* prófessor og forstöðumaður prestaskólans.
3. *Jón Pètursson,* dómari í yfirdóminum.
4. *Jón Hjaltalín,* dr., landlæknir.

Þar að auk mætti sem varaþingmaður:

5. *Benedikt Sveinsson,* dómari í yfirdóminum.

B. Þjóðkjörnir:

1. *Stefán Eiríksson,* hreppstjóri, frá Árnanesi, fyrir Austur-Skaptafellssýslu.
2. *Jón Guðmundsson,* málaflutníngsmaður í Reykjavík, fyrir Vestur-Skaptafellssýslu.
3. *Árni Einarsson,* hreppstjóri í Vestmannaeyjum, fyrir Vestmannaeyjasýslu, varaþingmaður.
4. *Páll Sigurðsson,* fyrrum hreppstjóri, frá Árkvörn, fyrir Rangárvallasýslu.
5. *Magnús Andrèsson,* sættamaður, frá Syðra-Langholti, fyrir Árnessýslu.

6. *Guðmundur Brandsson,* sættagjörðarmaður, frá Landakoti, fyrir Gullbríngu- og Kjósarsýslu.
7. *Halldór Kr. Friðriksson,* skólakennari, fyrir Reykjavíkurbæ.
8. *Arnljótur Ólafsson,* kandidat, frá Kaupmannahöfn, fyrir Borgarfjarðarsýslu.
9. *Jón Sigurðsson,* hreppstjóri, frá Haugum, fyrir Mýrasýslu.
10. *Páll Melsteð,* sýslumaður, frá Reykjavík, fyrir Snæfellsnessýslu.
11. *Indriði Gíslason,* fyrrum hreppstjóri, frá Hvoli, fyrir Dalasýslu, varaþingmaður.
12. *Benedikt Þórðarson,* prestur, frá Brjánslæk, fyrir Barðastrandarsýslu, varaþingmaður.
13. *Ásgeir Einarsson,* frá Þingeyrum, fyrir Strandasýslu.
14. *Ólafur Jónsson,* hreppstjóri og dannebrogsmaður, frá Sveinsstöðum, fyrir Húnavatnssýslu.
15. *Gísli Brynjúlfsson,* kandidat, frá Kaupmannahöfn, fyrir Skagafjarðarsýslu.
16. *Stefán Jónsson,* umboðsmaður, frá Steinsstöðum, fyrir Eyjafjarðarsýslu.
17. *Jón Sigurðsson,* hreppstjóri, frá Gautlöndum, fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.
18. *Sveinn Skúlason,* kandidat, frá Akureyri, fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.
19. *Björn Pètursson,* bóndi, frá Valþjófsstað, fyrir Suður-Múlasýslu.

Konúngsfulltrúi setti þingið með svolátandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn, fulltrúar Íslendinga.

Eins og yður er kunnugt, er orðinn sá atburður, að sá maður, sem konúngur vor hafði kjörið til fulltrúa síns á alþingi í þetta skipti, amtmaður *Melsteð,* er liðinn, og að kríngumstæðurnar ekki hafa leyft, að skýra stjórninni frá, hvernig komið væri, svo tímanlega, að hann gæti skipað annan í hans stað, og hefi eg því eptir stöðu minni, og eptir samkomulagi við yður, heiðruðu þingmenn, tekið að mèr, að gegna þessum vandasama starfa, svo þingstörf yðar geti nú þegar byrjað, eins og til stóð, fyrirstöðulaust, og treysti eg því, að þèr takið af mèr viljann fyrir verkið, og styðið mig í öllu því, er miðar að því, að þingið geti gegnt verki köllunar sinnar, þrátt fyrir þau hin mæðulegu atvik, sem hèr eiga sèr stað. Þingið hefir misst mikils, er það hefir orðið að sjá á bak þeim manni, sem svo lengi hafði gegnt fulltrúastörfum á þessu þingi, og gegnt þeim með þeirri

hyggni, stillingu og lipurleik, sem vèr allir svo opt dáðumst að og urðum aðnjótandi, og er oss skylt, að geyma slíkt í þakklátri og virðingarfullri minningu.

Frumvörp þau, sem í þetta skipti verða lögð fyrir þingið af hendi stjórnarinnar, eru að vísu ekki mörg, eða mjög umfangsmikil, en þau heimta eigi að síður allan athuga yðar og yfirvegun, og eg er líka sannfærður um, að þèr sameiginlega munið láta hvorttveggja í tè eptir mæli þeirrar þekkingar, sem hverjum yðar fyrir sig er gefinn; en þegar allir þannig leggjast á eitt, mun góður vili eins og optar verða sigursæll. Hagur þessa lands er, eins og nú stendur, og þegar á allt er litið, miður en óskandi væri, og fremur sorglegur; atvinnubrestur er því miður allt of almennur, og eigi fyrir að sjá, hvernig fram úr því rætist; en út í Danmörku vofir yfir, að bræður vorir þar muni neyðast til, að draga sverð úr slíðrum, og leggja út í stríð við ofurefli, til þess að halda uppi þjóðerni sínu og landsrèttindum.

Vèr erum á hólma vorum lausir við útvortis ófrið; gjöldum því varhuga við, að innvortis misklíð og tvídrægni ekki læðist inn í hið litla þjóðfèlag vort, heldur vinnum í stöðu vorri hver með öðrum í andans eindrægni að því augnamiði, sem oss öllum hlýtur að vera mjög annt um, að vaxandi hagsæld og framförum fósturjarðar vorrar.

Látum oss einnig með þessum einlæga ásetningi ganga að því verki köllunar vorrar, sem nú liggur fyrir, og biðjum guð, sem ávöxtinn gefur, að blessa þessi störf vor, svo þau geti borið góða og heillaríka ávexti fyrir vora ástkæru fósturjörð, bæði í bráð og lengd.

Að svo mæltu lýsi eg því yfir í nafni vors konúngs, að

ALÞÍNGI ER SETT.

Mælti þá einn þingmaður: »*lengi lifi konúngur vor, Friðrik hinn sjöundi*«, og tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði:

Að svo búnu skoraði *konúngsfulltrúinn* á þingmenn, að þeir samkvæmt alþingistilskipunarinnar 47. gr. kæmi fram með mótmæli þau, er þeir kynni að hafa mót kosningu einhverra þingmanna, en þau voru engi fram borin. *Konúngsfulltrúi* skýrði frá því, að í stað kanselíráðs *V. Finsens* væri kosinn kanselíráð *Þorsteinn Jónsson*, sem konúngkjörinn þingmaður, en hann væri enn ókominn, en aptur væri yfirdómari *Benedikt Sveinsson* kallaður til þings og

hèr komiun; þá skýrði hann frá því, að þingmaður Ísfirðinga, skjalavörður *Jón Sigurðsson* í Kaupmannahöfn, hefði skýrt sèr frá, að hann ei gæti komið á þetta þing, en enda þótt hann yrði að telja það sjálfsagt, að hann hefði skýrt varaþingmanninum frá forföllum sínum, væri hann þó enn ókominn, og vissi *konúngsfulltrúi* ekki, hvort hann mundi koma eður ekki. Sömuleiðis hefði þingmaður Norður-Múlasýslu, prófastur *Halldór Jónsson* á Hofi, skýrt sèr frá, að hann eigi gæti komið á þetta þing, og hefði jafnframt skýrt varaþingmanninum í þessari sýslu, síra *Sigurði Gunnarssyni* á Desjarmýri, frá forföllum sínum, en hanu væri enn ókominn.

Að því búnu skoraði *konúngsfulltrúi* á þingmann Árnesínga, *Magnús Andrèsson,* sem hinn elzta þingmann, að hann samkvæmt alþingistilsk. 48. gr. gengi til *forseta* sætis og sæi fyrir því, að *forseti* væri kosinn; gjörði hann svo, kvaddi sèr til skrifara, til bráðabyrgðar, þingmennina úr Borgarfjarðarsýslu og Snæfellsnessýslu, og skoraði á þingmenn að greiða atkvæði; að greiddum atkvæðum og samantöldum hlaut málaflutníngsmaður *Jón Guðmundsson* flest atkvæði: 14 (prófessor dr. *Pètur Pètursson* hlaut hin 9 atkv.); lýsti þá aldurs-*forsetinn* yfir, að málaflutníngsmaður *Jón Guðmundsson* væri rèttkjörinn *forseti* á þessu alþingi; gekk hann til *forseta*sætis og mælti sem fylgir:

Eg finn mèr skylt, að votta hinu háttvirta alþingi þakkir mínar fyrir þann velvilja og tiltrú, er það hefir enn af nýju látið mèr í tè með þessari kosníngu; eg finn það bezt sjálfur, hve mikið mig skortir á, að geta leyst þá vandasömu köllun vel af hendi, sem þessari kosníngu fylgir, og mèr verður eigi fært að gjöra það viðunanlega, nema því að eins, að hinir háttvirtu þingmenn framhaldi við mig sama velvilja og tiltrú, er þeir hafa svo ríkulega auðsýnt mèr, bæði nú og fyrri, og aðstoði mig og leiðbeini á allan veg.

Einnig leyfi eg mèr að lýsa yfir því trausti til hins hávelborna höfðingja, er nú situr í konúngsfulltrúasætinu, að hann gjöri bæði alþingi og mèr sameiginleg störf vor sem auðveldust og þægilegust með þeirri mannúð og leiðbeiníngum, sem hann er kunnur að á meðal vor, frá undangengnum alþíngum.

Því næst skoraði *forseti* á þingmenn, að þeir kysi varaforseta, og var til þess kjörinn prófessor *Pètur Pètursson,* með 20 atkv. Að því búnu voru þingskrifarar kosnir, skólakennari *Halldór Friðriksson,* með 12 atkv. og síra *Benedikt Þórðarson* með 8 atkv.

Halldór Kr. Friðriksson: Jafnframt og eg þakka hinu heiðraða þingi fyrir traust það, er það hefir sýnt mèr með þessari kosníngu sinni, verð eg að biðja um að mega losast við þenna starfa, bæði vegna þess, að eg þykist miður hæfur til þessa starfa, er eg eigi er góður skrifari, og þar að auki hefi eg töluvert að annast um þíngtímann sem kennari við latínuskólann, sem eg eigi get hjá komizt, og það svo, að eigi eg að gegna skrifarastörfum á þessu þíngi, neyðist eg til að verja nóttunum til vinnu, en kraptar mínir leyfa mèr alls eigi slíka áreynslu, og í þriðja lagi er það, að vel getur verið, að eg sökum forfalla neyðist til að ganga af þíngi, þegar fram í sækir, og verð eg því að biðja hinn heiðraða *forseta* að leita atkvæða þíngmanna um, hvort eg eigi geti losazt við skrifarastörfin.

Forseti: Samkvæmt þessari áskoran hins háttvirta þíngmanns Reykvíkínga verð eg að biðja þíngmenn að meta þessa undanfærslu hans og ástæðurnar, er hann byggir hana á, er hann nú tók fram; skal eg láta þeim ósvarað að öðru leyti en því, að hin fyrsta ástæða er naumast einhlít, því það getur verið bezti þíngskrifari, þó eigi riti hann góða hönd.

Síðan var til atkvæða gengið, og undanfærslu þíngmannsins hrundið með atkvæðafjölda.

Því næst afhenti *konúngsfulltrúi forseta,* en hann lèt útbýta meðal þíngmanna:

1. Konúnglega auglýsíng til alþíngis, um árangur af þegnlegum tillögum þess, og öðrum uppástúngum á fundinum 1859, dags. 1. júní 1861.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum voru trúa alþíngi á voru landi Íslandi kveðju guðs og vora.

Af því, sem gjörzt hefir á alþíngi árið 1859, höfum vèr sèð með allrahæstri ánægju, hvernig alþíngismenn vorir hafa leitazt við að efla vort gagn og hag landsins; svo höfum vèr og með konúnglegri velþóknun tekið við þegnlegu þakkarávarpi alþíngis fyrir það, er vèr höfum allramildilegast veitt, að hinn íslenzki texti laga þeirra, sem koma út fyrir Ísland, verði undirskrifaður af konúngi og hlutaðeiganda ráðgjafa.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur vors trúa alþíngis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1859, og aðrar uppástúngur þíngsins, og munum vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþíngi.

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur vors trúa alþíngis:

1. Opið brèf 26. septemberm. 1860 um breytíng á tilskipun 28. marzm. 1855, um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.
2. Opið brèf s. d. um að leggja skatt á tómthús og óbygðar lóðir í Reykjavík.
3. Tilskipun 12. des.br.m. 1860 um stofnun barnaskóla í Reykjavík.
4. Opið brèf 4. jan.m. 1861, er lögleiðir á Íslandi með breytíngum lög 30. nóvemberm. 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhússvinnu.
5. Opið brèf s. d., er lögleiðir á Íslandi með breytíngum lög 30. nóvemberm. 1857 um innkallanir í búum.
6. Opið brèf s. d., er lögleiðir á Íslandi lög 29. desemberm. 1857 um myndugleik kvenna.
7. Tilskipun 15. marzm. 1861 um vegina á Íslandi.
8. Tilskipun 1. aprílm. 1861 um löggildíng nýrrar jarðabókar fyrir Ísland; og var hin nýja jarðabók sama dag allramildilegast staðfest.
9. Opið brèf s. d., um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann,er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, er alþíngi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu, ýmislegt verið nákvæmar ákveðið og ýmsu við bætt.

Viðvíkjandi þegnlegri uppástúngu alþíngis árið 1857, um að lögleidd yrði á Íslandi með breytíngum lög 2. aprílm. 1855 um innköllun hinna gömlu ríkisorta, skal skírskotað til auglýsíngar frá fjárhagsstjórninni, er út kom 30. júlímánaðar 1860.

Eptir þegnlegri uppástúngu alþíngis höfum vèr allramildilegast veitt, að almenn lagaboð, þau er virðast vera þess efnis, að þau beri að löggilda á Íslandi, verði hèr eptir lögð fyrir alþíngi sem

lagafrumvörp á dönsku og íslenzku, hvert lagaboð út af fyrir sig, með þeim breytíngum, er þurfa þykir.

Um lagafrumvarp, er lagt var fyrir alþíngi 1859, um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, skal þess getið, að eptir að komið var þegnlegt álit alþíngis um málið, var frumvarp þetta með nokkrum breytíngum, er eptir því voru við það gjörðar, lagt fyrir ríkisþíngið; en með því það mætti mótspyrnu á ríkisþínginu, að lögunum yrði framgengt, varð að hætta við málið að sinni.

II.

Um þegnlegar bænarskrár vors trúa alþíngis birtum vèr þínginu allramildilegast á þessa leið:

1. Þar sem alþíngi í 1. og 2. niðurlagsatriði í þegnlegri bænarskrá sinni um fiskiveiðar útlendra þjóða við Ísland, m. m., hefir beðið um, að fiskiveiðunum við Ísland verði sèrlegur gaumur gefinn, og að hvenær sem tiltækilegast þyki, verði því farið á flot við stjórnirnar í þeim löndum, þar sem ójafnaðartollur er á fiski, að sá tollur verði af numinn, þá mun stjórnin láta sèr framvegis vera mjög umhugað um þessi atriði. En hvað því næst snertir 3., 4. og 5. niðurlagsatriði bænarskrár þessarar, þá verður ekki uppfyllt sú ósk þíngsins, að send verði til landsins smáskip þau, er það bað um, með því herskipastjórnin hefir ekki til slík skip, og það á hinn bóginn yrði óhæfilega dýrt að útvega sèr þau; en bæði skal verða sent til Íslands herskip, svo opt sem því verður við komið, til að hafa gát á útlendum fiskiveiðamönnum, og til að halda reglu við strendur landsins, og svo skal einnig verða annazt um, að þegar þess verður æskt, verði á skipum þessum veitt viðtaka hæfilega mörgum Íslendíngum, til að læra sjómennsku.
2. Út af þegnlegri bænarskrá alþíngis um, að löggiltur verði verzlunarstaður á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu, þá verður nú lagafrumvarp um það efni lagt fyrir þíngið. En þar sem alþíngi enn fremur hefir beðið um, að Straumfjörður í Mýrasýslu einnig verði löggiltur sem verzlunarstaður, þá hefir sú uppástúnga ekki orðið tekin til greina, með því ekki hafði verið farið að á löglegan hátt með bænarskrá þá, er um þetta kom til þíngsins, er hún ekki var fengin neinni nefnd til meðferðar.
3. Þar sem alþíngi í þegnlegri bænarskrá, er frá því kom um fjárkláðann á Íslandi, hefir í 1. kafla niðurlagsatriðanna lýst

yfir almennri óánægju yfir ráðstöfunum stjórnarinnar í máli þessu, og jafnvel þótt ástæða til að áskilja, að stjórnin hafi ábyrgð á því, þá er slíkt með öllu ástæðulaust, er því verður ekki neitað, að gjörðar hafa verið þær ráðstafanir, er bezt þóttu við eiga, til að vinna bug á fjárkláðanum, með ráði þeirra manna og yfirvalda, er skyn báru á málið, og kunnugt var um, hvernig ástatt var á landinu. Eigi verður heldur fallizt á, að naugsynlegar sè eður hagfelldar ráðstafanir þær, sem alþíngi hefir stúngið upp á í II. kafla niðurlagsatriðanna í bænarskrá þessari, og hvað sèr í lagi snertir uppástúngu þess um, að sè sýkinni ekki algjörlega út rýmt um nýár 1861, þá verði lagt fyrir alþíngi það ár lagafrumvarp um algjörða útrýmíng sýkinnar, þá getur þetta nú ekki orðið umtalsmál, með því svo má álíta, eptir embættisskýrslum, er komið hafa frá Íslandi, að sýkin sè nú gjörsamlega yfirbuguð. Að öðru leyti mun fulltrúi vor gefa þínginu bendíng, þá er með þarf, um nokkur atriði, er miklu varða, en ranghermt var um í þessari bænarskrá.

4. Eins og getið er um í konúnglegri auglýsíng til alþíngis 27. maímánaðar 1857, hefir það verið yfirvegað, hvað tiltækilegast væri að gjöra til að koma fram málinu um sveitastjórn á Íslandi, og hafa einnig viðburðir verið gjörðir þar að lútandi; en málið hefir þó ekki orðið undirbúið á þann hátt, að eptir þegnlegri bænarskrá alþíngis verði í þetta skipti lagt fyrir þíngið lagafrumvarp um það efni; eigi hefir heldur þótt ástæða til að láta búa til frumvarp til sèrstaklegs lagaboðs um það atriði, sem um er rætt í 3. uppástúnguatriði í bænarskránni; því það atriði er óaðgreinanlegur liður í sveitastjórnarmálinu, og á því að skipa fyrir um það í sambandi við sveitastjórnarmálið sjálft; en að öðru leyti munum vèr hafa það hugfast, jafnskjótt og því verður við komið, að láta leggja fyrir alþíng lagafrumvarp, um fyrirkomulag á öllu þessu málefni yfir höfuð.
5. Út af þegnlegri bænarskrá alþíngis um, að verzlunarstaðurinn Akureyri verði gjörður að kaupstað, hefir stjórnin samið lagafrumvarp, er verður lagt fyrir alþíng það, er nú fer í hönd.
6. Af hinum sömu ástæðum, sem fulltrúi vor var látinn birta alþíngi því, er síðast var haldið, hefir ítrekuð bæn þíngsins um, að stofnaður verði kennsluskóli í Reykjavík handa íslenzkum lögfræðíngaefnum, ekki orðið tekin til greina.

7. Út af þegnlegri bænarskrá alþíngis um stofnun búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi, hefir dómsmálastjórn vor skrifað til öllum amtmönnunum á Íslandi.
8. Stjórninni hefir ekki þótt nein ástæða til að fallast á þegnlega bænarskrá alþíngis um breytíng á hjúskaparlögunum, og skal í því efni skírskotað til þess, sem fulltrúi vor lèt í ljósi um málið, þá er það var rætt á alþíngi.
9. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþíngis höfum vèr allramildilegast fallizt á, að það sè boðið embættismönnum á Íslandi, þeim er falin er stjórn opinberra sjóða og stofnana, að birta á prenti greinilega og nákvæma reikníng um tekjur og gjöld slíkra sjóða og stofnana svo fljótt, sem verða má, eptir að ársreikníngar eru samdir, og að gæta þess, að í hinum næsta reikníngi, sem saminn verður, eptir að hinir fyrri reikníngarnir eru á enda kljáðir, verði gjörð grein fyrir þeim breytíngum, er á þeim hafa orðið, þá er útgjört var um þá, og er það einnig samþykkt, að kostnaður sá, er af þessu rís, gjaldist af eigum sjálfra sjóðanna og stofnananna.
10. Af þeim ástæðum, sem áður hafa verið birtar alþíngi, höfum vèr ekki fundið ástæðu til að taka til greina þegnlega bænarskrá alþíngis um, að gjörðir verði nýir reikníngar um hinn íslenzka kollektusjóð m. m.
11. Áður en þegnleg bænarskrá kom frá alþíngi 1859 um, að sèð yrði ráð við hallæri, er menn óttuðust á Íslandi, var stjórnin þegar búin að gjöra ráðstafanir þær, er með þurfti í þessu efni, einkum á þann hátt, að sendur var kornforði til þeirra staða, þar sem hættast var við, að skortur mundi verða.
12. Út af þegnlegri bænarskrá alþíngis um gjaldheimtu hins svo nefnda skatts á Íslandi, þá hefir það verið boðið amtmönnunum þar að brýna fyrir sýslumönnum þeim, er þeir eiga yfir að bjóða, að fara eptir þeim ákvörðunum, sem stjórnin að undanförnu á ýmsum tímum, einkum í rentukammerbrèfi 28. aprílm. 1832, hefir sett um heimtíng skattsins; munum vèr að öðru leyti láta fulltrúa vorn birta þínginu nákvæmari skýrslu um þær ástæður, er hafa ráðið úrslitum máls þessa.
13. Stjórnarráð vort fyrir kirkju- og kennslumál hefir skrifað til stiptsyfirvöldunum á Íslandi út af þegnlegri bænarskrá alþíngis um, að veittur yrði styrkur til að koma upp aptur föllnum ásauðarkúgildum á lènskirkjujörðum á Íslandi.

14. Þar sem alþíngi í þegnlegri bænarskrá hefir beðið um, að málinu um stjórnarfyrirkomulag Íslands í ríkinu verði flýtt þannig, að það geti orðið til lykta leitt svo fljótt, sem mögulegt er, þá er það sjálfsagt að vèr, eins og sagt er í konúnglegri auglýsíngu til alþíngis 27. maím. 1859, framvegis munum láta oss vera mjög umhugað um þetta mál, og skal þess getið, að þar sem fjárhagsmálið milli Íslands og konúngsríkisins er svo nátengt málefni því, er hèr ræðir um, eru gjörðar þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að tèð málefni verði tekið til yfirvegunar.

15. Í því, sem tekið er fram í þegnlegri bænarskrá alþíngis um betri læknaskipun á Íslandi, hefir ekki stjórnin fundið ástæðu til að breyta áformi því, sem hefir verið fyrirhugað um, hvernig skipa skuli læknamálinu, og hefir fulltrúi vor áður verið látinn birta þínginu aðalatriðin í áformi þessu. En vegna þess að nú sem stendur er skortur á læknum á Íslandi, þá hefir jafnframt þessu verið álitið vel til fallið, að þangað til nógu mörg útlærð læknaefni fást, verði aðstoðarlæknum veitt tilsögn í læknisfræðinni, einkum hjá landlækni, samkvæmt allrahæstum úrskurði 12. ágústm. 1848, og hefir dómsmálastjórn vor, árið, sem leið, gjört þar að lútandi ráðstafanir. En ef það yrði nauðsynlegt að gjöra frekara til þess að ná tilgangi þessum, þá mundi ekkert verða því til fyrirstöðu, að til bráðabyrgða yrði skotið fè til þessa úr hinum íslenzka spítalasjóði, en rèttast hefir þótt að bíða þess, hvort alþíngi þætti ástæða til að bera fram uppástúngu í þessu efni.

Þar sem alþíngi enn á ný hefir beðið um, að lagt yrði fyrir þíngið frumvarp um betri tilhögun á spítalatekjunum, þá skal þess getið, að stjórnin hefir enn eigi fengið frá embættismönnum á Íslandi skýrslur þær og uppástúngur um fyrirkomulag máls þessa, sem beðið hefir verið um.

Viðvíkjandi uppástúngu þeirri, er kom frá alþíngi árið 1857 um, að þeir, sem búnir væri að taka burtfararpróf á prestaskólanum og æskti tilsagnar í læknisfræði, skyldi eiga kost á að fá slíka tilsögn ókeypis, annaðhvort hjá landlækni eður hèraðslæknunum, þá hafa þeir fjórir hèraðslæknar, er látið hafa í ljósi álit sitt um uppástúngu þessa (frá landlæknínum hefir ekkert álitsskjal komið), verið á því, að það væri óráðlegt að gjöra slíka ráðstöfun, og þar að auki lýst því yfir

að þeir gæti ekki tekizt á hendur að veíta tilsögn þá, sem hèr er um rætt; hefir því ekki þótt ástæða til að halda lengra fram í þetta.

Hvað snertir uppástúngu, er kom frá alþíngi 1857 um, að úr lögum sè numin sú ákvörðun í konúngsbrèfi 20. febr. 1750: »að þurfamenn á Vestmannaeyjum skuli njóta þeirra spítalahluta, er falla þar á eyjunum af fuglaveiði og fiska«, þá hefir ekki að eins sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum fastlega verið á móti þessu, heldur hefir og amtmaðurinn ráðið frá, að fallizt væri á þessa uppástúngu, og með því teknar hafa verið fram merkar ástæður, þessu áliti til styrkíngar, þá hefir þótt rèttast, áður en farið væri lengra út í málið, að láta alþíngi fá álitsskjölin til meðferðar, og þannig gefa því færi á að taka málið fyrir á ný.

16. Út af þegnlegri bænarskrá alþíngis um, að út komi lagaboð fyrir Ísland viðvíkjandi hegníng fyrir illa meðferð á skepnum, þá verður nú frumvarp um þetta efni lagt fyrir þíngið.

17. Með því nauðsynlegt var að útvega ýmsar nákvæmari skýrslur út af þegnlegri bænarskrá alþíngis um betri stjórn og afnot kristfjárjarða, þá hefir dómsmálastjórn vor skrifað biskupinum á Íslandi um þetta mál.

18. Út af því, að til alþíngis höfðu komið tvær umkvartanir yfir því, að amtmaðurinn í Suðurumdæminu hefði neitað að endurgjalda úr jafnaðarsjóði amtsins þann kostnað, samtals 697 rd. 56 sk., sem íbúar Skaptafellssýslu og Rangárvallasýslu höfðu greitt árin 1857 og 1858 til fjárvarða vegna fjárkláðans, þá hefir alþíngi sent stjórninni þegnlega bænarskrá um, að þetta fè verði sem fyrst endurgoldið hlutaðeigendum. En um þetta efni skal þess getið, að alþíngi hefði ekki átt að taka málefni þetta til umræðu, því eptir tilskipun 8. marzm. 1843, 77. gr., á alþíngi ekki að gefa gaum bænum og umkvörtunum einstakra manna, og undantekníng sú, sem gjörð er frá tèðri ákvörðun í 2. lið greinarinnar getur ekki átt við, þegar eins stendur á og hèr er; því ekki getur verið umtalsmál, að með þessu hafi verið órèttur gjör einstökum mönnum, og þarf ekki að leiða önnur rök að því, en að ráðstafanir þær, sem varið var til því fè, sem amtmaður hefir neitað að endurgjalda, voru sumpart gjörðar án hans samþykkis og sumpart jafnvel eptir að hann var búinn að lýsa því yfir, að þess væri eigi að vænta,

að kostnaðurinn yrði endurgoldinn. Samkvæmt því, sem ákveðið er í 1. lið í þeirri grein alþingistilskipunarinnar, sem að ofan er nefnd, hefði því þingið átt að skjóta málinu frá sèr til úrlausnar hlutaðeiganda yfirvalds.

Til staðfestíngar allramildilegustum úrskurðum vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum vèr sent yður þessa auglýsíng vora, og heitum voru trúa alþíngi hylli vorri og konúnglegri mildi.

Gefið í Skoðsborg, 1. dag júnímánaðar 1861.

Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

Friðrik R.

(L. S.)

Casse.

2. Lagaboð þau, sem út hafa komið fyrir Ísland, frá því alþíngi var slitið 1859, og til þessa tíma, og eru þau:
   a, Auglýsíng um að birta í blaðinu »Þjóðólfi« auglýsíngar þær, sem ræðir um í opnu brèfi 27. maí þ. á., dagsett 27. júní 1859.
   b, Auglýsíng um, að skip þau, er eiga heima í lýðstjórnarborgunum Hamborg, Lübeck og Bremen og stórhertogadæminu Oldenborg, sè undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, dags. 30. janúar 1860.
   c, Auglýsíng frá fjárhagsstjórninni, um innlausn spesíu fimmtúnga eður 24. skildínga peníngа í dönskum kúranti á Íslandi, dags. 30. júlí 1860.
   d, Lög um eptirlaunaviðbót handa fyrrum sóknarpresti til Garða og Bessastaða, og prófasti í Gullbríngu- og Kjósarsýslum á Íslandi, stiptprófasti Árna Helgasyni, dags. 3. marz 1860.
   e, Opið brèf um að leggja skatt á tómthús og óbygðar lóðir í Reykjavík, dags. 26. sept. 1860.
   f, Opið brèf viðvíkjandi breytíng á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi dags. 26. sept. 1860.
   g, Tilskipun um stofnun barnaskóla í Reykjavík dags. 12. desember 1860.
   h, Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi með breytíngum lög 30. nóvember 1857, áhrærandi nákvæmari ákvörðun um betrunarhússvinnu, dagsett 4. janúar 1861.
   i, Opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1857 um myndugleika kvenna, dagsett 4. janúar 1861.

k, Tilskipun um vegina á Íslandi, dags. 15. marz 1861.

l, Opið brèf, um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóð Íslands, dagsett 1. apríl 1861.

m, Tilskipun um löggildingu nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, dags. 1. apr. 1861, ásamt hinni nýju jarðabók.

Enn fremur lagði *konúngsfulltrúi* fram og afhenti *forseta,* en hann lèt út býta meðal þingmanna eptirfylgjandi lagafrumvörpum frá stjórninni, er koma eiga til meðferðar á þessu alþingi:

a, Frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

b, Frumvarp til tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi. Með þessum 2 frumvörpum fylgir sem fylgiskjal frumvarp það til tilskipunar um vinnuhjú, lausamenn og húsmenn, sem nefnd sú hafði samið, sem sett var hèr í Reykjavík árið 1857 í jarðamatsmálinu og til að semja frumvarp um þetta efni.

c, Frumvarp til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar.

d, Frumvarp til opins brèfs um löggildíng verzlunarstaðar á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu, í Vesturumdæmi Íslands.

e, Frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland, um sendíngar með póstum.

f, Frumvarp til opins brèfs um breytíng á tilskipan 18. febrúar 1847, um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

g, Frumvarp til opins brèfs, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1857 um hegníngu fyrir illa meðferð á skepnum.

Forseti: Þar eð ekki meira er að þessu sinni að starfa, leyfi eg mèr að skora á hina heiðruðu þíngmenn, er hafa kynni bænarskrár til þíngsins meðferðis, að þeir afhendi þær sem fyrst, og ákveð eg næsta fund, til þess á morgun 2. dag júlímánaðar kl. 1, og skal dagskráin birt sem fyrst.

Fundi slitið.

Annar fundur — 2. júlí.

Allir á fundi.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að skora á hinn háttvirta *konúngsfulltrúa,* að skýra frá því, hvort hann hefir tekið nokkra aðstoðarmenn við innanþíngsskriptir.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi samkvæmt heimild þeirri, sem al-

þingistilskipunin § 53 veitir, tekið 2 innanþingsskrifara til aðstoðar þingskrifurunum, kandidatana *Stefán Thordersen* og *Helga Helgason*, og þessir menn eru hèr nú staddir í þingsalnum.

Forseti: Þar eg sè, að þessir menn eru við staddir, vil eg biðja þá að ganga til aukaskrifarasætanna.

Því næst var þingbók frá fyrra fundi lesin upp og samþykkt.

Þar á eptir lagði *konúngsfulltrúi* fram ástæður fyrir frumvarpi til reglugjörðar fyrir Ísland um sendíngar með póstunum, og lèt *forseti* útdeila þeim meðal þingmanna.

Forseti: Samkvæmt dagskránni liggur þá fyrir, að kjósa nefndir til þess að athuga þau konúnglegu frumvörp, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* lagði fyrir þingið í gær, og er þá fyrst að kjósa nefnd til að íhuga konúnglegt *„frumvarp til opins brèfs um breytíng á tilskipun 18. febrúarmán. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi“*.

Þetta frumvarp er ekki langt, svo að þessi nefnd þarf að líkindum ekki að vera fjölmenn, og skal eg leyfa mèr að skora á einhvern hinna heiðruðu þingmanna, að hann kveði upp, hversu marga hann álíti þurfa í nefndina.

Guðmundur Brandsson: Eg álít 3 manna nefnd nóga.

Forseti: Þar engi mótmælir þriggja manna nefnd, vil eg álíta uppástúnguna samþykkta af þinginu, og vil eg þá biðja hina heiðruðu þingmenn að ganga til atkvæða og kjósa 3 menn í þessa nefnd.

Var síðan gengið til atkvæða og voru þessir þrír menn kosnir í nefndina:

Assessor *Benedikt Sveinsson* með 12 atkv., assessor *Jón Pètursson* með 9, og *Ásgeir* bóndi *Einarsson* með 5 atkvæðum, og var málið síðan afhent hinum konúngkjörna varaþingmanni, er hafði flest atkvæðin.

Forseti: Þá er samkvæmt dagskránni að kjósa nefnd til að hugleiða konúnglegt frumvarp til opins brèfs, *er lögleiðir á Íslandi lög af 21. janúar 1857 um hegníngu fyrir illa meðferð á skepnum.*

Var stúngið upp á 3 manna nefnd og 5 manna nefnd, síðan gengið til atkvæða, og var 3 manna nefnd samþykkt með 14 atkvæðum, og síðan voru kosnir í nefndina.

Benedikt Sveinsson með 8 atkv., *Páll Sigurðsson* með 7, og *Jón Pètursson* með 6 atkvæðum.

Var málið síðan afhent hinum konúngkjörna varaþingmanni.

Forseti: Þar næst liggur fyrir samkvæmt dagskránni að kjósa nefnd til að bera upp álit um konúnglegt frumvarp til opins brèfs, *um löggilding verzlunarstaðar á Skeljavík* við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands.

Var stúngið upp á 3 manna nefnd og síðan gengið til kosníngar og fór atkvæðagreiðslan þannig, að *Ásgeir Einarsson* fèkk 18 atkv., *Indriði Gíslason* 13 og *Páll Melsteð* og *Halldór Kr. Friðriksson* hver 7 atkvæði, og með því að *Páll Melsteð* var eldri, varð hann hinn 3. nefndarmaður.

Var málið síðan afhent þíngmanninum úr Strandasýslu.

Forseti: þá er eptir að kjósa nefnd í hið síðasta konúnglega frumvarp, sem stendur á dagskránni, nl. »frumvarp til reglugjörðar *um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar*“.

Var stúngið upp á bæði 5 manna nefnd og 3 manna nefnd, en 5 manna nefnd samþykkt með 18 atkvæðum; síðan gengið til kosníngar, og voru þessir þíngmenn kosnir í nefndina: *Sveinn Skúlason* með 21 atkv., *Stefán Jónsson* með 19, *Halldór Kr. Friðriksson* með 16, *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum og *Jón Pètursson* með 11 atkvæðum hver þeirra.

Málið afhent þíngmanninum úr Norður-Þíngeyjarsýslu.

Forseti: Með því að dagskráin er nú á enda, getur ekki fleira komið til umræðu í dag, en eg vil að eins geta þess, að eg hefi í dag tekið á móti uppástúngu frá þíngmanni Borgfirðínga, *um breytíngu á þíngsköpum alþíngis;* mun sú uppástúnga verða þegar í dag fram lögð á lestrarsalinn, svo að þíngmenn geti kynnt sèr hana sem bezt, áður en hún kemur til umræðu á þínginu. Nú eru að eins ókosnar nefndir í 3 af hinum konúnglegu málum, nl. frumvörp til tilsk. um vinnuhjú, um lausamenn og húsmenn og um sendíngar með póstum; þessi mál eru nokkuð yfirgripsmikil, og væri því gott, að þíngmenn áttaði sig vel á þeim á undan nefndarkosníngunni; vil eg því ekki ákveða fund á morgun, heldur fresta fundarhaldi, þangað til á fimmtudag, hinn 4. júlí kl. 11.

Arnljótur Ólafsson: Með leyfi. Ætli það væri ekki betra, að á morgun yrði haldinn lítill fundur um uppástúngu mína, svo að þíngmenn gæti sem fyrst farið að athuga hana.

Forseti: Mál það, sem uppástúngan höndlar um, er mjög vandasamt, og álít eg því betra, að þíngmenn fái færi á að glöggva

sig vel á því, áður en menn ræða hana á þinginu, og ákveð eg því fund á fimmtudaginn, þann 4. júlí kl. 11.

Þar næst bað forseti þá þingmenn, er hefði meðferðis bænarskrár til þingsins, að koma með þær til sín sem allrafyrst.

Fundi slitið.

Þriði fundur — 4. júlí.

Allir á fundi. Gjörðarbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal þá fyrst leyfa mèr að geta þess, að þingmaður Strandasýslu hefir tilkynnt mèr, að hann sè kosinn formaður í nefndinni *um löggildingu Skeljavíkur til kauptúns,* en þingmaður Snæfellínga skrifari. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir beðið bljóðs, áður tekið sè til dagskráarinnar.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að skýra þinginu frá, að stjórnin hefir í þetta skipti, eins og á undanförnum þingum, sent *þau lagaboð, sem út eru komin fyrir Danmörku á árunum 1859 og 1860,* til þess að þinginu gæti gefizt tilefni til að taka til íhugunar, hvort eða að hvað miklu leyti lagaboð þessi gæti eptir eðli þeirra átt við á Íslandi, en um leið getur stjórnarherrann þess, að stjórnarráðið ekki hafi fundið ástæðu til að leggja nokkurt af þessum lagaboðum, eptir konúngsúrskurði frá 4. jan. þ. á., fram í frumvarpi.

Þessi lagaboð leyfi eg mèr að afhenda þeim heiðraða *forseta* til sömu meðferðar og áður frá þingsins hálfu.

Þessu næst skal eg skýra þinginu frá máli, sem stjórnin hefir sent og óskað að fá þess álit um, en það er um spítalahlutina á Vestmannaeyjum, sem eptir konúngsúrskurði frá 1750 renna inn í fátækrasjóðinn á eyjunum, en sem þingið hefir álitið og óskað að væri látnir ganga í læknasjóðinn samkvæmt úrskurði konúngs frá 12. ág. 1848. Stjórnin skrifaði stiptamtmanni um málið, og hann skrifaði aptur sýslumanninum á Vestmannaeyjum, sem hèlt því fast fram, að allt stæði eins og hingað til, og stiptamtmaður lagði fremur með þessu en móti. Nú vill stjórnin, áður en hún ræður málinu algjörlega til lykta, gjöra þinginu kunnar þær mótbárur, sem komnar eru fram gegn því, að fella konúngsbrèfið frá 10. febr. 1750 úr gildi, og vill hún, áður en lengra er farið í málið, bíða

eptir því, hvort þingið þrátt fyrir þær vili halda fram uppástúngu sinni. Þessu samkvæmt leyfi eg mèr því einnig að biðja hinn heiðraða *forseta* um, að útvega álit þingsins um málið, og afhendi eg jafnframt þau umræddu brèf sýslumannsins á Vestmannaeyjum og stiptamtmannsins, sem eg áðan gat um, eins og eg líka skal láta þinginu í tè þær skýríngar um málið, sem mèr kynni að vera unnt úti að láta.

Þá er enn þá eitt mál, sem stjórnin hefir beiðzt álits alþingis um, en það er um það, hvaðan eigi að taka laun þeirra tveggja málaflutníngsmanna, sem skipaðir voru við landsyfirrèttinn með konúngsúrskurði frá 19. marz 1858. Þessum mönnum voru heitin 250 rd. laun hvorum fyrir sig úr löggæzlusjóðnum, fyrstu 3 árin, en að þeim liðnum skyldi spyrja alþíngi um, hvaðan launin gæti tekizt, ef sú yrði niðurstaðan, að löggæzlusjóðurinn ekki gæti borið þessi útgjöld; nú eru þessi 3 ár liðin, og það er komið fram, sem stjórnin virðist að hafa hugsað sèr, að sjóðurinn getur ekki, nema með því að eyða af höfuðstólnum, borgað málsfærslumönnunum laun þeirra, og er þessu til sönnunar brèf landfógetans, sem heldur reiknínga sjóðsins; þetta brèf, sem stjórnin hefir endursent, skal eg leyfa mèr að afhenda hinum heiðraða *forseta*, og sömuleiðis brèf stiptamtmannsins, sem þar að lýtur, og óska eg, að hann einnig í þessu máli útvegi þingsins þóknanlega álit, er síðan geti orðið sent stjórninni.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg, viðvíkjandi upplýsíngum þeim, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nú gaf þinginu, leyfa mèr að vekja athuga hans að því, um málefni áhrærandi spítalahlutinn á Vestmannaeyjum, að mèr hefir ekki verið afhent annað en 2 skjöl merkt VI og VII, en eg get ekki af þeim séð, hvernig stjórnin muni ætlast til að í mál þetta sè tekið, og leyfi eg mèr því þessu viðvíkjandi, að leita frekari upplýsínga hjá hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*. og óska þess, að hann lèti þinginu í tè sjálft brèf stjórnarinnar. svo þar af gæti sèzt, hverrar meðferðar stjórnin ætlast til á þessu máli.

Konúngsfulltrúi: Stjórnin óskar einúngis, að þingið láti í ljósi, hvort það haldi fram þeirri skoðun sinni á málinu, að spítalahlutirnir á Vestmannaeyjum skuli, eins og annarstaðar í landinu á sèr stað, ganga inn í læknasjóðinn, þrátt fyrir þær mótbárur, sem gegn þessu eru komnar fram í skjölum þeim, sem lögð eru fyrir þingið. Eg hefi eiginlega ekkert brèf í höndum frá stjórn-

inni, heldur álitsskjal hlutaðeiganda ráðherra til konúngs, og eg skal gefa af því útdrátt, ef þess yrði óskað, um þetta atriði.

Forseti: Það var einkum brèf eða fyrirmæli stjórnarinnar um meðferð þingsins á málinu í þetta sinn, er virðist áríðanda að fá.

Arnljótur Ólafsson: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði nú, að stjórnin hefði falið sèr á hendi, að leggja hin almennu lagaboð fram á þingi sem álítsmál, en í konúnglegri auglýsíng til þingsins stendur, að konúngur hafi fallizt á þá bæn alþingis að leggja hin almennu lagaboð fram hvert í sínu lagi sem frumvarp. Hèr er því í fljótu áliti bein mótsögn, þó eg geti hugsað mèr að svo sè eigi, heldur að það geti staðið við hliðina hvort á öðru, á þann hátt, t. a. m., að alþingi segi álit sitt um, hver af hinum almennu lagaboðum það vildi að stjórnin legði fram á næsta þingi, breytt eða óbreytt, en rèði þeim eigi til lykta nú þegar. Eg segi þetta í því skyni, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* eður þeir aðrir, sem betur kunna en eg, skýri frá, hvernig á máli þessu stendur.

Forseti: Mèr duldist það alls ekki, þegar hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* lagði fram lagaboð þau, er stjórnin hafði sent, að þau væri nú ekki fram lögð sem frumvörp, og væri það því víst nokkuð á móti auglýsíngu konúngs til þessa alþingis, ef meiníngin væri sú, að hafa þetta mál nú til sömu meðferðar og á sama hátt, eins og við gengizt hefir að undanförnu, en eg álít það vafalaust, að sú hafi verið meiníng dómsmálaráðherrans, að nokkur af lagaboðum þessum því að eins yrði löggilt hèr, að þingið legði það til, eður með öðrum orðum, að dómsmálastjórnin hafi viljað fá bendíng frá þinginu um, hvaða lagaboð því þækti má ske eiga við, og fara þess á leit við stjórnina, að þau væri lögð fyrir þingið sem frumvörp. Nefndin, sem nú yrði sett í máli þessu, mundi því að eins gefa þar að lútandi bendíngar. Það er auðvitað, að þessi aðferð seinkaði töluvert fyrir, ef nú þegar væri brýn nauðsyn á einhverju af lagaboðunum, því þá gæti eigi frumvörp þeirra lagaboða, er þingið nú benti á, orðið lögð fyrir, fyr en á næsta þingi, og yrði því að líða 3—4 ár, þar til sjálft lagaboðið gæti út komið sem algildandi lög.

Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg leyfa mèr að skýra hinu heiðraða þingi frá bænarskrám þeim, sem til mín eru komnar og sem eg að fundi slitnum í dag mun leggja fram á lestrarsalinn, og eru þær þessar:

1. Uppástúnga varaþíngmannsins úr Barðastrandarsýslu, um að

kjósa nefnd til að hugleiða bænarskrár og uppástúngur, er koma fyrir þingið, áður nefndir sè í þeim kosnar, dagsett 2. júlí 1861.

2. Bænarskrá frá Kollabúðarfundi 1861, um að stytta alþingistíðindin, dagsett 27. júní.
3. —— frá Þingvallafundi 1861, um alþingiskostnaðinn og niðurjöfnun hans, dagsett 27. júní.
4. —— frá Múlasýslum, um stofnun spítala og læknakennslu í Reykjavík, dagsett 31. maí 1861.
5. —— úr Þingeyjarsýslu, um sama efni, og um spítalastofnun á Akureyri og um spítalahluti, dagsett 10. júní 1861.
6. —— út af fjárkláðanum frá Þingvallafundi, um bráðabyrgðarráðstafanir í því efni frá hendi amtmannsins í Suðuramtinu.
7. —— frá Dalasýslu, um almennan niðurskurð, dagsett 17. júní 1861.
8. —— frá Austur-Skaptafellssýslu um sama, eður um að þröngva kláðasvæðinu, dagsett í júní 1861.
9. —— frá Þórnesfundi, um að útrýma fjárkláðanum á sem beztan hátt, dagsett 13. júní 1861.
10. —— frá Húnavatnssýslu, um að kláðasvæðinu verði þröngvað, og að alþingi semi almennar reglur, er konúngur samþykki, dagsett í júní 1861.
11. —— frá Eyfjarðarsýslu, um að reglugjörð 14. septembr. 1859 verði betur hlýtt, dagsett 30. maí 1861.
12. —— frá Þingvallafundi, um alþingiskostnaðinn og niðurjöfnun hans, dagsett 27. júní 1861.
13. —— frá Dalasýslu sama efnis, dagsett s. d.
14. —— frá Kollabúðarfundi sama efnis, dags. 18. júní 1861.
15. —— frá Eyjafjarðarsýslu sama efnis, dags. 17. júní 1861.
16. —— frá Húnavatnssýslu sama efnis, dags. 12. júní 1861.
17. Ávarp til alþingis 1861 frá fundi í Skagafjarðarsýslu og
18. Bænarskrá úr Skagafjarðarsýslu um 50,000 rd. lán af kollektusjóðnum til þess að afstýra hallæri.

Að vísu hefi eg meðtekið fleiri bænarskrár, en hefi ekki viljað leggja þær fram nú þegar, þar eð eg álít þingmenn hafi nóg að gjöra með að kynna sèr þessar, hefi eg einkum álitið áríðanda, að sem fyrst kæmi í ljós og síðan til meðferðar á þingi bænar-

skrárnar áhrærandi fjárkláðann, einkum vegna bænarskráarinnar frá þingvallafundinum um þetta efni, þar sem hún fer fram á, að Suðuramtið gjöri bráðabyrgðarráðstafanir í fjárkláðamálinu, er á riður að gæti orðið framgengt sem allrafyrst.

Þá er að víkja að dagskránni, og kemur þá samkvæmt henni fyrst til inngangsumræðu, uppástúnga þingmanns Borgfirðinga um breytíngu á þingsköpum alþingis. Þessi uppástúnga var þá fengin þingmanninum til flutnings.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp uppástúngu mína um breytíngu á þingsköpunum:

»Öllum þingmönnum er það kunnugt, að þingsköp vor í alþingistilskipuninni hafa þótt næsta ófullkomin, sem von til er, og að þau hafi á stundum orðið reglulegri meðferð málanna til fyrirstöðu. Þetta hefir einkum átt sèr stað um meðferð á frumvörpum, með því að ein og hin sama aðferð er höfð við hin margbrotnustu frumvörp og hinar einföldustu bænarskrár og uppástúngur, nema hvað þrjár umræður verða um bænarskrárnar, en eigi nema tvær um frumvörpin, svo að þau verða á hakanum. Þingsköpunum hefir að vísu verið allmikið breytt smámsaman, er bezt verður sèð, ef atkvæðagreiðslan á alþingi 1845 og 1847 er borin saman við atkvæðagreiðsluna á hinum síðari þingum. Mörg önnur nýmæli um meðferð mála hafa og verið gjör, og skal eg nefna til sem dæmi meðferð á málum þeim, er snerta hagi þingsins (alþ. 1847, 189—91. bls.), mál rætt í köflum við síðustu umræðu og tekið til máls eitt sinn um hvern kafla (alþ. 1849, 836. bls., sbr. 662. bls., alþ. 1853, 238. bls.), að kljúfa breytíngaratkvæði og greinir (alþ. 1853, 293. bls.), fyrirspurnir (alþ. 1855, 126, 228—233. bls., samþykkt 270. bls.; alþ. 1857, 756—60. bls., sbr. 911—912. bls.), breytíngaratkvæði eigi ráðgjört, en þó síðar samþykkt, að koma mætti til atkvæða (alþ. 1849, 851, 870.—71. bls.; nafnakall er og nýmæli, svo og það, að *konúngsfulltrúi* er við staddur atkvæðagreiðslu á þingi, og að þing er haldið í heyranda hljóði. Samt sem áður má virðast full nauðsyn til að breyta enn til um meðferð málanna, einkum í því tvennu, að stytta umræður um bænarskrár og uppástúngur, en auka þær um frumvörp öll. Fyrir því leyfi eg mèr að stínga upp á því, að alþingi seti nú þegar nefnd manna, til að laga og breyta þingsköpunum, svo sem hentast þykir,

og þingið leggi síðan samþykki sitt á breytíngar þær, er því þykir bezt við eiga.

Reykjavík, 2. júlí 1861.

Arnljótur Ólafsson«.

Síðan hefi eg bætt við nokkrum uppástúngum, sem eg hèlt helzt með þyrfti, ef má ske ekki yrði sett nefnd í málið, og skal eg leyfa mèr að lesa þær upp.

»Til viðbótar og framhalds uppástúngu minni 2. þ. mán. leyfi eg mèr að senda hinum háttvirta *forseta* þessar nákvæmari uppástúngur:

Um meðferð þingmála.

1. gr.

3 skulu vera umræður um öll lagafrumvörp.

2. gr.

Fyrsta umræða (inngangsumræða) skal vera um aðalefni og undirstöðu frumvarpsins, og á þá eigi að ræða um einstakar greinir þess, nema að eins til þess að færa sönnur á mál sitt. Þó er þingmanni rètt að stínga upp á breytíngum og viðaukum um frumvarpið, og mæla stuttlega fram með þeim. Ef Frumvarpið er eigi konúnglegt, þá skal þingið skera úr því með atkvæðum, hvort frumvarpið skuli ná fram að ganga; en hvort sem frumvarp er konúnglegt eða eigi, skal að síðustu úr því skorið, hversu með það skal fara. Í þessari umræðu á engi þingmaður að taka til máls optar en tvisvar sinnum.

3. gr.

Milli 1. og 2. umræðu skulu líða 3 dagar eður meira, hvort sem nefnd er sett eður eigi. Breytíngaratkvæði skulu birt að minnsta kosti daginn fyrir 2. umræðu.

4. gr.

Í 2. umræðu (undirbúníngsumræðu) skulu ræddar greinir frumvarpsins, með breytíngaratkvæðum þeim, er við þær eru gjörð. *Forseti* skiptir frumvarpinu í kafla, eptir því sem honum þykir bezt við eiga. Til atkvæða skal ganga um grein hverja og breytíngaratkvæði, jafnskjótt og hver kafli er fullræddur. Að lyktum skulu um það atkvæði greidd, hvort málið skuli lengra ganga og hversu með það skal fara.

5. gr.

Milli 2. og 3. umræðu skulu vera 2 dagar eða meira, nema þingið samþykki að skemur sè.

6. gr.

Í 3. umræðu (ályktarumræðu) er frumvarpið rætt með breytíngum þeim, er á því urðu í 2. umræðu. Eigi skal veita breytíngaratkvæðum viðtöku, nema þau sè gjörð af nefndinni eður 5 þíngmönnum hið fæsta, og skulu þau birt eigi síðar en aptaninn fyrir 3. umræðu.

7. gr.

Nú er mál til umræðu, og má þá jafnan stínga upp á að kjósa nefnd í málið, eður vísa því til annarar nefndar, eður fá það hinni sömu nefnd aptur.

8. gr.

Í 1. umræðu mála þeirra, sem eigi eru lagafrumvörp, á engi þíngmaður, nema flutníngsmaður eða uppástúngumaður, að taka til máls optar en um sinn.

Reykjavík, 3. dag júlímán. 1861.

Arnljótur Ólafsson“.

Að því nú er þá uppástúnguna snertir, virðist mèr einkum 2 atriði vera íhugunarverð, fyrst hvort mönnum virðist brýn nauðsyn vera á, að breyta eða laga þíngsköpin, og í annan stað hitt, hvort menn álíta, að þíngið hafi rètt á, eður ekki, að breyta þíngsköpunum, án þess að fara þann veginn að senda konúngi bænarskrá þar um. Um hið fyrra atriðið þarf eg því síður að vera langorður, sem eg veit, að þíngmenn munu mèr samdóma í því, að þíngsköpum vorum í mörgu sè áfátt; að minnsta kosti hefir optsinnis verið yfir því kvartað á þínginu, og reynslan hefir sýnt það, og má til færa sem dæmi sveitastjórnarmálið, sem var afsakað hvernig farið hefði, einmitt með því að kenna þíngsköpunum um, enda hefir líka breytt verið mörgu í þíngsköpunum svona smátt og smátt, sumu á reglulegan og sumu á miður reglulegan hátt; á öðrum þíngum veit eg að mönnum þykir mikið í það varið, að geta t. æ. m. klofið breytíngaratkvæðin, því þau geta opt verið svo löguð, að menn vili fallast á helmíng eða part úr þeim, en alls ekki á hitt, og neyðist því til annaðhvort að samþykkja eður fella þau með öllu, svo maður fái það ekki með, sem maður ekki vill hafa. Fari maður að bera saman alþíngistíðindin frá árunum 1845 og 1847, og alþíngistíðindin seinni árin, getur maður bezt sèð, hvort ekki hafa verið gjörðar breytíngar og þær töluverðar. Málin hafa á síðari þíngum verið rædd í köflum, og það jafnvel við 3. umræðu, sem þó virðist í bága við alþíngistilskipunina, *forseti* hefir skrifað

landsmönnum bæði öðrum og einum, og eins embættismönnum, í nafni þingsins, en einúngis þau mál ganga gegnum *konúngsfulltrúa*, sem fara til konúngs, og er víst mikill efi á, hvort þetta er rètt og samkvæmt alþingistilskipaninni, og þó hefir stjórnin aldrei haft neitt á móti þessu.

Að því er hið síðara atriðið snertir, er því síður að óttast, að stjórnin hafi á móti því, að þingið fylgi uppástúngu minni, sem stjórnin, eins og áður er sagt, hefir látið sèr lynda hinar breytíngarnar á þingsköpunum, er eg minntist á áður, og uppástúnga mín meðal annars einmitt miðar til þess, að hin konúnglegu frumvörp verði sem ítarlegast rædd og bezt úr garði gjörð, og skal eg einúngis bæta því við, að eg hefi átt tal við mann, sem fullkomlega veit, hvernig stjórnin mundi líta á breytíngar á þingsköpunum, og áleit hann það þínginu fullheimilt, þar þingsköp þingsins eru ekki annað en reglugjörð fyrir hið innra skipulag þingsins.

Forseti: Af því uppástúnga þessi á svo náskylt við starfa minn hèr á þínginu, skal eg leyfa mèr að fara um hana fáeinum orðum. Það er víst og satt, að þingsköpum vorum er í mörgu áfátt, það er og einnig satt, að þau hafa smámsaman verið löguð og umbætt, svona í hendi sèr, með því menn ekki einstrengíngslega hafa bundið sig við bókstaf alþingistilskipunarinnar, en það er allt annað smámsaman að umbæta og l a g a það, sem manni finnst ábótavant í þingsköpunum, og annað er hitt gjörsamlega að b r e y t a þeim, og verð eg með tilliti til þess, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga sagði í öðru atriði ræðu sinnar, að láta í ljósi þá meiníngu mína, að þingið ekki geti b r e y t t þingsköpum sínum, eins og farið er fram á í uppástúngunni, — því sú breytíng er umfangsmeiri en smávegis lögun, — án þess bænarskrá um það sè send konúngi, og er það, auðvitað, á valdi þingmanna, hvort þeir vilja aðhyllast þá aðferðina; en hitt get eg ekki lagt til, að þingið án frekara breyti þingsköpum sínum, og allrasízt nema því að eins, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* vildi ábyrgjast þínginu, að stjórnin ekki álíti það heimildarlaust eða lagabrot.

Konúngsfulltrúi: Eg er í þessu máli samdóma skoðun þeirri á málinu, sem hinn háttvirti *forseti* þingsins nú lèt í ljósi, og get ekki álitið, að þingið geti gjört þær breytíngar á þingsköpunum, sem hèr er stúngið upp á, annað mál er það, ef þingið vildi senda stjórninni um það bænarskrá, og öðruvísi ætla eg sú breytíng á þingsköpunum, sem hèr er stúngið upp á, ekki geti komizt á.

Guðmundur Brandsson: Mèr virðist uppástúnga þessi fremur ótímabær burður, þar sem hún kemur á undan stjórnarbótarmálinu, sem allt af er verið að biðja um og allt af er von á, og fyrst þá, þegar stjórnarbótin er komin og með henni löggjafarvaldið, fyrst þá virðist mèr tíminn kominn til að umsteypa þingsköpunum.

Hvernig sem þingsköp vor eru, sem stendur, mun það ekki hafa komið fyrir, að formgallar hafi orsakað það, að stjórnin hafi hrundið málum frá þinginu, heldur hefir stjórnin hrundið þeim af því, að hún ekki hefir þókzt finna nægar ástæður fram færðar fyrir því, sem um um var beðið; hèr við bætist enn fremur, að uppástúnga þessi beinlínis kemst í bága við bænarskrár þær, sem eptir því, er *forseti* skýrði frá, eru til þingsins komnar um sparnað á alþingiskostnaðinum og um að stytta þingtíðindin, því mig uggir, að um uppástúngu þessa verði skiptar meiníngar, og hún drjúg til umræðu, verði hún tekin til meðferðar á þinginu. Eg verð því að vera því mótmæltur, að nefnd sè kosin í mál þetta, og það einkum af þeirri ástæðu, er eg tilgreindi fyrst, að stjórnarbótarmálið enn er ókomið.

Magnús Andrèsson: Það er einmitt af sömu ástæðu og hinn heiðraði þingmaður Gullbríngusýslu nú til færði, að eg ætlaði mèr að verða því mótmæltur, að nefnd væri kosin í mál þetta; af því eg vona verkahríngur þessa þings verði innan skamms aukinn, vona eg, að bæði þingsköpin og margt annað fleira breytist við það. Hin ástæðan, er eg hefi móti uppástúngunni, er sú, að almenn umkvörtun er um það, að alþingistíðindin sè svo löng, og er þetta orsök til þess, að fólk ekki les þau, því síður kaupir þau, en það mun víst óefanda, að komist þessi uppástúnga inn á þingið, munu þingræðurnar töluvert lengjast, og bænarskrá er þó til þingsins komin, um að stytta þingtíðindin, sem þannig fer í gagnstæða átt og uppástúnga þessi; eg legg því það til, að þingið vísi uppástúngu þessari frá sèr.

Benedikt Sveinsson: Eg skal leyfa mèr að fara fáeinum orðum um uppástúngu þessa. Mèr virðist aðalspurníngin vera sú, hvort þingið sè bært að breyta þingsköpunum, eins og uppástúngan fer fram á. Sè þingið það eigi, má spara sèr umræður um uppástúnguna sjálfa. Eg get ekki verið hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* og þeim þingmönnum, er þegar hafa talað, alveg samdóma; þingsköpin geta breytzt með langvarandi vana og viðtekt, sem hefir

rótfest sig í þinginu; það hefir sinn fulla rètt. Þar á móti getur þingið að mínu áliti engan veginn b r e y t t hinum lögákveðnu þingsköpum með samþykkt, eins og hèr er farið fram á. Annað mál er það, ef breytíngarnar koma ekki beinlínis í bága við alþingistilskipanina; þá hljóta þær að vera heimilar, en þess háttar nýjar breytíngar virðast mèr næsta varúðarverðar fyrir þingið; þær þurfa mikillar umhugsunar og aðgæzlu við, og þegar þar við bætist, að þessi breytíng á þingsköpunum þó ekki gæti komið þessu þingi að haldi, fyr en má ske mitt á þingtímanum, og sum mál þannig yrði að sæta meðferð eptir hinum gömlu þingsköpum og sum eptir þeim nýju, þegar þingsköpunum væri breytt svona í miðju kafinu, þá verð eg að álíta það mjög svo varúðarvert, að taka uppástúngu þessa til meðferðar.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki annað sagt, en að mèr virðist uppástúnga þessi næsta ótímabær burður, og auk þess er hún, ef hún annars má uppástúnga nefnast, í flesta staði svo skökk, að furðu gegnir. Það er reyndar stúngið upp á nefnd, en hver getur sèð, hvaða gagn á að vera að þeirri nefnd? Hún á að breyta þingsköpunum, en svo er ekkert sagt, hvað gjöra á við þessi hin breyttu þingsköp. Þá kemur dilkur á eptir, þ. e. fylgiskjalið, sem upp var lesið; en mèr finnst þær uppástúngur verði eigi til greina teknar, því að þær komu síðar; enda má hamíngjan ráða, hve marga dilka það kann að hafa í eptirdragi; úr því geta orðið óendanlegir dilkar. Hinn heiðraði uppástúngumaður kallar það breytíngu á þingsköpum, að *forsetarnir* 1845 og 1847 báru uppástúngur manna óðruvísi upp til atkvæða, en *forsetarnir* á hinum síðari þíngum; en það er alls engi breytíng á þingsköpum, því í 74. gr. alþingistilskipunarinnar stendur: »Sá máti, á hvern spurníngum skal haga, má ekki vera umtalsefni, ... en *forseti* einn á þar um að dœma«. Hèr getur því ekki verið talað um neina breytíngu á þingsköpum. Það verður eigi heldur talin nein breytíng á þingsköpum, þó *forseti* greiði sundur og skýri breytíngaratkvæðin, því að í 73. grein alþingistilsk. stendur: »ef þess (ɔ: málsins) ásigkomulag og málsmeðferðarinnar horf eigi leyfa, að atkvæði sè greidd um allt frumvarpið í einu lagi, á hann (ɔ: *forseti)* að sjá um það, að því skiptist sundur í ýmisleg stök atriði eða spurníngar«. Hèr eru engi takmörk sett, hversu mikið má greiða í sundur, heldur er *forseta* sett það í sjálfs vald að öllu leyti. Eða getur það kallazt breytíng á þingsköpum, að *konúngsfulltrúi* sè við

staddur? er nærvera hans á þinginu þingsköp? *(Arnljótur Ólafsson:* já) nei; það eru alls ekki þingsköp! eða er það nokkur breyting, þó nafnakall sè við haft við atkvæðagreiðslu, þar sem alþingistilskipanin í 75. gr. segir, að *forseti* geti leitað atkvæða þingsins upp á hvern annan hátt, sem *forseti* ákveði, og þá líka einnig með nafnakalli; eg verð því að álíta það alveg skakkt, er uppástungumaður sagði, að alþingistilskipaninni hefði verið breytt; en væri nú farið til að breyta þingsköpunum á þessu þingi, án þess að fá samþykki konúngs til breytínganna, þá get eg ekki neitað því, að mèr finnst stjórnin hafa fulla ástæðu til fyrir formgalla að ónýta mál, sem kæmi frá þinginu afgreidd eptir þessum nýju þingsköpum, og verð eg því fastlega að mæla á móti, að nefnd sè kosin í mál þetta.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr fannst svo sem höfuðatriðið í uppá stúngu þeirri, er hèr ræðir um, væri þetta, að ræða einnig hin konúnglegu frumvörp í inngangsumræðu. Eg tók og strax í upphafi eptir því, er eg í fyrsta skipti var á þingi hèr, að sú aðferð væri ónóg, sem höfð hefir verið, að ræða þau ei einnig til inngöngu, áður nefnd er kosin, því það er þó óefað, að slík umræða upplýsir sjálft málið næsta mikið, og verður t. a. m. að gjöra þingmenn færari um, bæði að vita, hversu marga hentugt sè að hafa í nefndinni, og svo til að kjósa mennina sjálfa. En eg hefi nú og verið að leita í alþingistilskipaninni, og hvergi fundið það bannað, að ræða hin konúnglegu frumvörp, að minnsta dálítið áður en nefnd er kosin, og verð eg því að álíta það leyfilegt, og þá þarf í raun og veru í þessu tilliti engrar beinnar breytíngar á alþingistilskipaninni til þess að hafa þetta fram. Mèr skildist og uppástúnga hins heiðraða þingmanns svo, að hann ætlaðist til, að breytíngar þær, er hann stakk upp á, yrði við hafðar nú þegar á þingi; en með því nú ekki horfir til þess, að þetta hafist fram, eptir ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* og fleiri þingmanna að dæma, þá er og helzta ástæðan fyrir því að halda nú þessu máli fram að svo stöddu fallin burt. En það virðist mèr og ógjörníngur, fyrst álíta má útsèð um, að breytíngarnar geti komið að haldi á þessu þingi, að vera þá að senda konúngi bænarskrá um að breyta þingsköpum þessa þings síðar meir; því eins og þingmaður Gullbríngusýslu svo greinilega tók fram, eigum vèr nú allt af von á stjórnarbót, og þá breytíngu á þinginu líka. Og eg bæti því að eins við, að eg jafnvel er hræddur um, að það miklu fremur kynni að verða stjórnarbótarmálinu sjálfu til fyrirstöðu, ef menn nú færi að biðja stjórnina um

breytíngu á því einhverju, sem kemur alþíngi einu við, þar eð það þá kynni að virðast svo sem menn nú að eins væri að biðja um þessa smábreytíngu, af því menn væri búnir að sleppa voninni um þær aðalbreytíngar á allri landstjórn og þínginu yfir höfuð, sem vèr nú svo lengi höfum verið að biðja um, En þetta vil eg ekki, og sè heldur ekki nokkru spillt, þótt menn nú því sleppi þessu; því þegar stjórnarbótin kemur og með henni löggjafarvald þíngsins, þá verða þó þíngsköpin með öllu að verða á valdi alþíngis, og eg álít það þá sjálfsagt, að það láti það vera hið fyrsta verk sitt, að breyta þeim eptir því sem hentugast þykir. Mèr virðist það því ekki heldur taka því fyrir hinn heiðraða uppástúngumann, að vera lengur að halda uppástúngu sinni fram, og með því eg þykist vita, að honum hefir einkum gengið það til með hana, að bera sig nú þegar á þessu þíngi að bæta úr þeim göllum á umræðum frumvarpanna, sem á þeim kunna að vera, þá leyfi eg mèr nú að skora á hann, að taka aptur uppástúngu sína, úr því þessum aðaltilgángi hans þó ekki getur orðið framgengt í þetta sinn.

Arnljótur Ólafsson: Þar sem hinn háttvirti þíngmaður Skagfirðínga skoraði á mig að taka uppástúngu mína aptur, þá ætla eg að vísu að það muni rèttast, en eg vil þó áður skýra efni hennar. Hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga sagði, að uppástúnga mín hin fyrri væri efnislaus, en hann hefir eigi gáð vel að því, að í henni stendur bein uppástúnga um að kjósa nefnd, til að laga og breyta þíngsköpunum. Síðar datt mèr í hug, að þínginu þætti of mikil tímatöf að setja nefnd í málið, með því að breytíng þíngskapanna gæti eigi orðið að notum á þessu þíngi, kom eg þess vegna með uppástúngur til breytínga á þíngsköpunum, svo að þíngið gæti samþykkt þær nú þegar, ef því annars líkaði þær. Eg hefi kallað uppástúngurnar breytíngar á þíngsköpum vorum, þótt þær sè öllu fremur lagfæríng og viðaukar við þau, af því sumar uppástúngurnar lúta að breytíngum. Sama er og að segja um breytíngar þær, sem áður hafa gjörvar verið. 2. gr. í uppástúngum mínum er að mestu samkvæm 63. og 64. gr. alþíngistilskipunarinnar; greinin er í engu gagnstæð greinum þessum, heldur að eins viðauki og lagfæríng. Eg bið menn að gæta þess, að hvorki er bannað í 63. og 64. gr. alþíngistilsk. nè annarstaðar í henni, að hafa þrjár umræður um konúnglegt frumvarp, og í 64. gr. er skýrlega sagt, að konúnglegt frumvarp geti komið til annarar umræðu og því ieitt til lykta, án þess nefnd sè í það kosin. Slíkt hið sama vil eg hafa um þegn-

leg frumvörp. 3. gr. í uppástúngunum er samkvæm 68. gr. alþingistilsk. 4. uppástúngugreinin er í rauninni samkvæm 69., 73. og 74. grein alþingistilskipunarinnar, því þótt breytíngaratkvæði hafi eigi komið til atkvæða við aðra umræðu, þá virðist mèr, að orðin í 69. gr. «hvað (þ. e. breytíngaratkvæðið) þá sömuleiðis á að yfirvegast af þínginu« miði einmitt til þess, að breytíngaratkvæðin eigi þá að koma til atkvæða. 5. uppástúngugreinin er samkvæm vana hèr á þíngi, en um það efni er ekki talað í alþingistilskipuninni. Til samanburðar við 6. uppástúngugrein má hafa 71. gr. alþingistilsk., og við hina 7. uppástúngugrein 63., 64. og 70. gr. alþingistilskipunarinnar. Sumt í grein þessari er nýtt, og 8. uppástúngugreinin er nýmæli, en ekkert af þessu nè heldur neinu öðru er gagnstætt þíngsköpum vorum, nema ef vera skyldi 8. gr. Það er sjálfsagt á þíngsins valdi að hrinda uppástúngum þessum, en mèr þykir undarlegt, ef menn gjöra það af þeirri ástæðu, að þær muni dvelja fyrir stjórnarbót hèr á landi, og fyrir slíka ástæðu og þvílíka get eg eigi fundið mèr skylt að taka aptur uppástúngurnar.

Páll Sigurðsson: Eg get ekki neitað því, að mèr mundi virðast það næsta skrítið, ef farið væri að setja nefnd í mál þetta. Það er nú þegar auðsèð á umræðum manna, að mál þetta ætlar að verða drjúgt til umræðu, og er þegar við þessa 1. umræðu búið að lengja þíngtíðindin, sem menn þó eru að kvarta yfir að sè of löng. Eg get ekki skilið í, að breytt verði þíngsköpum vorum, sem nú eru lögákveðin, utan það sè rætt á lögboðinn hátt, og fengið svo staðfest af konúngi; en skyldi þíngið komast að þeirri skoðun, að því sè leyfilegt að taka á þessu þíngi upp tvær atkvæðagreiðslur, þá þarf varla að efast um, að mörg önnur mál yrði eður að minnsta kosti gæti orðið útkljáð af þínginu, áður en þetta væri komið í kríng, og risi út af þessu auðsjáanlega það, að sama þíngið hefði við ýmislegar málsmeðferðir með mál þau, er fyrir það kæmi sama árið, og virðist mèr það fremur skríngilegt, og vil eg því leggja það til, að hinn heiðraði uppástúngumaður taki aptur uppástúngu sína, eður að öðrum kosti sè til atkvæða gengið um hana, svo þíngtíðindin ekki lengist óþarflega um skör fram við þessa umræðu.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það atriði, sem sá heiðraði uppástúngumaður og þíngmaður Skagfirðínga tóku fastast fram, að stjórnarfrumvörpin sè miður rædd á alþíngi, en einfaldar bænarskrár, get eg ekki viðurkennt sem gildandi mótbáru þíngsköpunum, því það vita allir, að við konúnglegu frumvörpin fellur inngangsum-

ræðan sjálfkrafa burt, þar ætíð er sjálfsagt að taka þau til nefndar, þar mál þau eru áður kunnug og frumvörpin samin með athuguðu ráði af menntuðustu mönnum; en við undirbúningsumræðu og ályktarumræðu kannast eg ekki við að minni rækt hafi verið lögð við stjórnarfrumvörpin, en bænarskrárnar. En þar sem aptur er að tala um ýmsar bænarskrár, sem misjafnlega hugsaðar koma frá alþýðunni til þingsins, þá verður optast full nauðsyn að ræða nokkuð um þær, hvort þær sè þess verðar, að þingið taki þær til meðferðar eða nefndar.

Annað atriði er það, sem mèr virðist miður hentugt, að breytingaratkvæði sè fram lögð á undan annari umræðu; þau mundu þá stundum verða býsna mörg, ef maður hver gjörði þau þegar við nefndarálitin, þá er maður læsi þau á lestrarsalnum; því opt lagast og komast saman meiningar manna við undirbúningsumræðuna, og falla menn þá frá breytingum. Að öðru leyti er eg á sama máli og sumir fleiri þingmenn, að næst sè, að þingsköpin standi við sama, þar til ef verkahring eður valdi alþingis kynni að verða breytt, og get eg því ekki óskað eptir nefnd í þessu máli.

Arnljótur Ólafsson: Til þess að eg þá ekki lengi þingræðurnar og auki alþingiskostnaðinn, tek eg hèr með aptur uppástúngu mína.

Forseti: Þar eð þingmaður Borgfirðínga hefir tekið aptur uppástúngu sína, liggur næst fyrir, samkvæmt dagskránni að kjósa nefnd í *konúnglegt frumvarp* til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

Var þá stúngið upp á bæði 5 manna og 7 manna nefnd, þetta síðara samþykkt; og voru þessir kosnir í nefndina:

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum með 20 atkv.
Pètur Pètursson . . . . . — 17 —
Ólafur Jónsson . . . . . — 13 —
Benedikt Sveinsson, *Guðmundur Brandsson*, *Páll Sigurðsson* . . . — 12 —

Á eptir þessum höfðu þeir *Indriði Gíslason* og *Björn Pètursson* flest atkvæði: 10 hvor, og rèð þá aldur, svo að *Indriði Gíslason* varð hinn 7. nefndarmaður.

Voru skjölin síðan afhent þingmanni Suðurþingeyínga, er hiotið hafði flest atkvæði.

Jón Pètursson: Af því eg var við riðinn þetta mál, þegar það var hjá Reykjavíkurnefndinni, vil eg leyfa mèr að geta þess, að á 77. bls 1. gr. 4. línu í fylgiskjalinu hefir misskrifazt, þar sem stendur: »þar sem hann á framfærisrètt«, í staðinn fyrir: »þar sem hann vill setjast að«. Eg gat þessa einúngis til leiðbeiníngar fyrir nefndina.

Forseti: Þá er samkvæmt dagskránni að kjósa nefnd til þess að hugleiða og segja álit sitt um »*konúnglegt frumvarp* til tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi«.

Var stúngið upp á 5 manna og 3 manna nefnd, en 5 manna nefnd samþykkt með 20 atkv. Voru síðan þessir kosnir í nefndina:

Páll Melsteð . . . . með 14 atkv.
Guðmundur Brandsson — 11 —
Benedikt Sveinsson } — 9 —
Arnljótur Ólafsson }

Á eptir þessum hlutu þeir *Jón Pètursson* og *Ólafur Jónsson* flest atkvæði, 8 hvor, og þar eð *Ólafur Jónsson* var eldri, varð hann hinn 5. nefndarmaður.

Var málið síðan afhent þíngmanni Snæfellínga.

Forseti: Þá er að kjósa nefnd til að segja álit sitt um »*konúnglegt frumvarp* til tilskipunar fyrir Ísland um sendíngar með póstum«.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vil leyfa mèr að gjöra litla fyrirspurn viðvíkjandi nefndarkosníngunni. Þíngmenn hafa án efa tekið eptir því, að stjórnin hefir ekki sent þínginu til álita það af þessu póstgöngumáli, sem mest er í varið, sem að eru póstgöngurnar sjálfar, og hvernig þeim skal haga, því frumvarp þetta, sem lagt er fyrir þíngið, hljóðar einúngis um burðareyri. Ef þíngið nú einúngis á að tala um burðareyrinn og má ekki fara lengra út í málið, álít eg, að 3 manna nefnd sè nóg í þetta mál, en ef nefndin skyldi líka eiga að segja álit sitt um hin önnur atriði málsins, vildi eg að 5 manna nefnd yrði kosin. Mèr finnst þetta nú geta gjört töluverðan mun, og þess vegna vildi jeg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *forseta,* hvort hann álíti eigi, að nefnd sú, sem kosin verður, eigi það einnig heimilt, ef henni svo sýnist, að fara nokkuð út fyrir sjálft frumvarpið og ef til vill gjöra uppástúngur um önnur atriði málsins en þau, sem að eins liggja fyrir eptir stjórnarfrumvarpinu, eins og það nú er. Það er auðsætt af ástæðunum, að stjórnin sjálf hefir verið í nokkrum efa um, hvort atriði póst-

málsins helzt væri löggjafarmál; og þótt hún nú hafi ráðið af, að álíta heldur það atriðið á þann hátt, sem eg hefi engan efa um, að flestir þingmenn, eins og eg, þó heldur muni telja síður umvarðanda fyrir land og lýð, þá get eg þó eigi séð, að hún geti tekið þinginu það illa upp, þó það á sína hlið finni ástæðu til að skoða málið frá hinni annari hlið, og því, ef til vill, fara nokkuð lengra út í það, en hún eptir frumvarpinu sýnist að hafa ætlazt til. En um þetta vildi eg gjarna heyra meiningu *forseta* og má ske annara þingmanna, áður en kosið verður í nefndina.

Forseti: Eg skal geta þess, að mèr hefir ekki verið fengið annað eða meira, en þetta, til að leggja fyrir þingið, og væri því æskilegt, að hinn hátttvirti *konúngsfulltrúi* fyndi sèr ekki óskylt, að skýra frá sinni skoðun á þessu máli.

Konúngsfulltrúi: Það er, virðist mèr, sjálfsagt, að ekki getur orðið lagt annað fyrir þingið en frumvarp stjórnarinnar viðvíkjandi burðareyri fyrir brèf, er send yrði með póstunum. Þetta ber frumvarp stjórnarinnar sjálft með sèr, en að öðru leyti hefi eg öll skjöl málsins í höndum, og skal, þegar þess er óskað, og enda hvort sem yrði, ljá þau nefndinni, svo hún og þingið geti fengið ljósa hugmynd um allt málið í heild sinni.

Gísli Brynjúlfsson: Eg þakka hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir þessar upplýsíngar, og það gleður mig, að það er að sjá sem hann álíti, að nefndin megi ganga lengra inn á málið, en frumvarp stjórnarinnar fer, þar sem hann hefir sagt sig fúsan á að gefa allar þær skýrslur um hin fyrri afdrif málsins, sem nefndin kynni að óska, og sýna henni öll þar að lútandi skjöl.

Jón Hjaltalín: Það er hvorttveggja, að eg er nokkuð skilníngsdaufur, enda skil eg ekki, hvað þingið geti af ráðið með þetta frumvarp, eins og það kemur hèr fram. Ef menn nokkurn tíma eiga að fá póstgöngunum breytt, þykir mèr undarlegt, að þingið skuli einúngis eiga að kjósa nefnd, til þess að segja álit sitt um burðareyrinn einúngis. Eg vil því leyfa mèr að spyrja *forseta,* hvort nefndarálit það, sem amtmannanefndin bjó til, á að leggjast fyrir þingið í sumar eða ekki, eða á þingið að segja álit sitt um þetta frumvarp út af fyrir sig; eg vildi fá að vita, hvernig nú stendur á málinu, svo menn geti fengið glöggt yfirlit yfir það.

Konúngsfulltrúi: Eins og eg þegar er búinn að taka fram, verður ekki lagt annað af póstmálinu fyrir þingið, en um burðareyrinn; þann hluta málsins á þingið að ræða, annað ekki, hvernig

póstgöngunum þar á móti skuli haga bæði milli Íslands og Danmerkur og í landinu sjálfu, er umboðslegs eðlis, sem stjórnin skipar fyrir um í reglugjörð.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg álít, að þar eð stjórnin ekki hefir lagt annað af póstgöngumálinu fyrir þingið, en um burðareyrinn, geti ekki verið spurníng um, að kjósa nefnd til að íhuga og segja álit sitt um annað en frumvarpið um hann. Þingið er ekki þar fyrir útilokað frá að segja álit sitt um hin önnur atriði þessa máls; þingið getur gjört þær uppástúngur, sem það vill, og sent þær í bænarskrá til konúngs.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð þó að álíta, eptir því sem hingað til hefir komið fram í ræðum þingmanna, að einmitt sú nefnd, sem kosin verður í þetta frumvarp, hafi rètt og ástæðu til að segja líka álit sitt um hin önnur atriði málsins, um leið og hún segir álit sitt um burðareyrinn.

Stefán Jónsson: Mèr finnst það ljóst af ástæðum stjórnarinnar fyrir frumvarpinu um burðareyrinn, að hún ætlast ekki til, að þingið segi álit sitt um annað en það.

Stefán Eiríksson: Það er einúngis, sem eg vildi minnast á, að þinginu er mjög áríðanda að vita, hvort nefnd sú, er sett verður í þetta mál, á einúngis að ræða frumvarpið um hrèfburðargjaldið, eða hvort nefndin á líka að fást við póstgöngur hèr á landi, og það fyndist mèr hún ætti að gjöra, þó stjórnin hafi einúngis sent frumvarp um brèfburðargjaldið, henni má þó vera áríðanda, að fá álit þingsins um póstgöngurnar til samanburðar við það, sem nefndin hefir gjört, og af þessum ástæðum mæli eg fram með fimm manna nefnd.

Forseti: Mèr finnst það í alla staði rètt, sem þingmaður Reykvíkínga sagði áðan, því það er auðsèð, að stjórnin ætlast ekki til, að þingið segi álit sitt um annað en burðareyrinn, en þingið hefir allt fyrir það bænarskráarrètt, og getur þannig sent konúngi uppástúngur sínar um hin önnur atriði þessa máls. Eg þykist sjá það, að þingmenn gjöra sèr eigi miklar vonir um þetta frumvarp, og þykir það vera að eins lítill neisti. Mèr sýnist því, að ef þingmenn ráðgjöra, að bæta nýjum uppástúngum við álit sitt um frumvarpið, þá sè forsjálla að hafa nefndina heldur stærri en minni.

Sveinn Skúlason: Það getur líka verið spurníng um, ef einúngis þessi kafli málsins er lagður fyrir þingið, hvort kjósa eigi nefnd í málið; því eptir því sem alþingistilskipunin fyrirsegir, gæti

þingið sleppt því að kjósa nefnd, og fellt málið við 2. umræðu, því hin atriði málefnisins virðast mèr öldúngis eins heyra undir þingið, eins og þetta um burðareyrinn eptir 1. gr. alþingistilskipunarinnar.

Guðmundur Brandsson: Eg sè ekki þörf á, að hafa nefndina svo fjölmenna, því það hefir áður komið fyrir, að nefnd hefir verið aukin seinna, ef mönnum hefir þótt þess þurfa, og svo má gjöra enn í þessu máli.

Halldór Kr. Friðriksson: Vili þingið gjöra uppástúngur um hin önnur atriði póstgöngumálsins, þá verða þíngmenn að koma með uppástúngu um það mál, og svo verður að velja til þess sèrstaka nefnd.

Arnljótur Ólafsson: Það er auðsèð, að stjórnin ekki hefir ætlazt til, að annað yrði lagt fyrir þingið af þessu máli en það, sem í frumvarpinu stendur, eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók fram. Eg man eptir því, að það var talað æði-mikið um það í nefndinni, hvað af þessu máli væri lög og hvað reglugjörð. Af frumvarpi þessu og ástæðum þess má sjá, að stjórnin álítur, að ákvarðanirnar um burðareyrinn o. s. frv., sè löggjafarmál, en þar á móti ekki ákvarðanirnar um stjórn póstgangnanna og póststöðvarnar, og verð eg að vera á sama máli, að minnsta kosti fyrst um sinn. Ákvarðanirnar um burðareyrinn og hvað senda megi með póstum eru auðsjáanlega löggjafarmál, því burðareyririnn er nokkurs konar gjald, sem verður að vera lögum bundið, hversu hátt að skuli vera, en það er auðvitað, að það væri gott, ef þingið gæti einnig bundið stjórnina í hinum atriðunum, sem þó eru fremur umboðslegs efnis. Í fám orðum eru öll viðskipti alþýðumanna við stjórnina og yfirvöldin jafnan löggjafarmálefni, en viðskipti yfirvaldanna innbyrðis eru umboðslegs eðlis.

Um það, er stúngið hefir verið upp á að senda bænarskrá til þingsins um annað og meira, en stendur í frumvarpinu, þá held eg að þess þurfi ekki. Nefndin hefir svo frjálsar hendur, að hún getur aukið málefnið eptir því sem hún vill, og komið fram með þær uppástúngur, sem henni þykir þurfa. Eg álít því, að 3 manna nefnd nægi, og mèr sýnist meira ríða á, að vel sè valið, en að margir sè valdir.

Jón Hjaltalín: Eg skil enn þá eigi, hvernig á þessu máli stendur. Við eigum að fá hèr nýtt *„Postvæsen“*, sem er næsta

mikilsverð umbreytíng, sem mèr sýnist að ætti að leggjast fyrir þíngið, svo að það geti sagt álit sitt um og fengið að sjá fyrirkomulagið. Mèr virðist ónóg, að þíngið fái að dæma um þessa burðarpeninga, því eg held, að það væri meir áríðanda, að það segði álit sitt um allt málið. Eg álít það því með öllu nauðsynlegt að fá hjá *forseta* og *konúngsfulltrúa* upplýsíngar um það, hvaða fyrirkomulag nú er komið á málið yfir höfuð, og hvort þíngið á að ræða það allt, eða einúngis þessa burðarpeninga, því ef ræða skyldi allt málið, vil eg, að 5 manna nefnd sè kosin.

Forseti: Að því er það snertir, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður nú mælti, vil eg vekja athuga að því, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir lofað, að láta nefndinni í tè allar þær upplýsíngar, sem hún þarf og hann getur gefið.

Gísli Brynjúlfsson: Eg hefi aldrei verið í nokkrum efa um það, að stjórnin hefir ekki ætlað sèr að leggja meira af þessu máli fyrir þíngið, en það, sem í frumvarpinu stendur; en eg vakti að eins máls á þessu í þeirri von, að það mætti flýta fyrir málinu sjálfu, ef menn, áður en þessi nefnd verður kosin, væri orðnir ásáttir um, hvort hún ætti að eins að halda sèr til frumvarpsins, eins og það nú liggur fyrir, eða hún ætti einnig að hafa rètt á að fara lengra út í málið sjálft. Það getur að vísu ekki verið neinum efa undirorpið, að þíngið hefir rètt til þess að auka þetta mál, sem hvert annað, síðarmeir á annan hátt og með annari nefnd; en eg áleit, að það mundi einmitt stytta fyrir því, ef menn frá upphafi gjörði þessa einu nefnd þeim mun fjölmennari, sem þíngið heldur ætlaðist til, að hún athugaði fleira við málið, en það eitt, sem í frumvarpi stjórnarinnar stendur. Þíngmaður Borgfirðínga kvaðst nú að sönnu vera á sama máli og stjórnin, að því er snertir skiptíngu póstmálsins milli löggjafarvaldsins og hins umboðslega valds, að minnsta kosti fyrst um sinn. En auk þess, að mèr nú þykir þetta nokkuð skrítilegt um hann, þá hefir, eins og ástæðurnar sýna, stjórnin sjálf ekki verið mjög föst í áliti sínu um það, hvort atriði málsins heldur sè löggjafarvald, og eg verð því enn að halda því fastlega fram, að sú nefnd, sem nú verði sett í málið, megi einnig hafa rètt til að fara lengra út í það, en sjálft stjórnarfrumvarpið, og að nefndarmenn því að minnsta kosti verði 5.

Benedikt Sveinsson: Eg álít, að nefndin geti álitið, þegar hún fer að hugsa um málið, að hún eigi að taka meira til álita en það, sem í frumvarpinu stendur. Þetta álít eg nefndinni frjálst, og að

menn ekki megi binda hendur hennar. Nú verða menn einnig að gæta þess, að vel getur verið, að hvort sem hún er fámenn eða fjölmenn, geta menn haft sitt álitið hver um sama málið, og með því þetta mál einnig snertir ekki einúngis hið sèrstaklega ásigkomulag landsins yfir höfuð, heldur einnig hinna sèrstöku hèraða út af fyrir sig, vil eg, að 7 manna nefnd sè kosin.

Guðmundur Brandsson: Eg er þessu samdóma.

Ásgeir Einarsson: Eg vil ekki lengja umræðurnar um þetta mál, en að eins geta þess, að þar sem menn hefir greint á um það, hvað nefndin ætti að vera fjölmenn, þá gjörir það lítið til, þótt ekki sè kosnir mjög margir í nefndina nú þegar. Ætlunarverk þingsins er að kjósa nefnd, til að segja álit sitt um hið konúnglega frumvarp, en þegar nefndin fær að sjá af uppástúngum *konúngsfulltrúa,* hvernig póstgöngunum á að haga, sèr hún, hvort sèr líkar það vel eður illa, og getur þá, ef hún vill, og ef henni þykir þess þurfa, gjört breytíngar á því og komið fram með nýjar uppástúngur og á hún þá betra með að velja hentuga menn sèr til aðstoðar. Eg álít því nóg, að velja fyrst um sinn 3 manna nefnd, eða 5 manna nefnd í mesta lagi.

Benedikt Sveinsson: Eg verð að taka það enn fram, að eigi er sèð, að sama verði niðurstaðan í 3 manna nefnd og annari fjölmennari; það getur verið komið undir samsetníngu nefndarinnar, hvað mikið verður tekið fyrir af málinu, því hin fjölmennari nefnd getur hæglega orðið á annari meiníngu um það, en hin fámennari. Eg get og eigi með neinu móti fallizt á álit þíngmannsins úr Strandasýslu, að nefndin sè betur fær um að velja hentuga menn en allt þíngið, og eg verð að álíta þá skoðun undarlega, er þíngið í heild sinni mun færast um að kjósa svo í nefndina, að hún sè skipuð þeim mönnum, er bera bezt skyn á málið og þekkja til í hinum ýmislegu hèruðum landsins. Þess vegna mæli eg fast fram með 7 manna nefnd.

Ásgeir Einarsson: Það er ekki svo að skilja, að eg treysti nefndinni betur en öllu þínginu, en þegar búið er að kjósa nefndina, og hún sèr, hvað hún á að gjöra, þá sèr hún, hvað sig vantar, og er þá betra að fá viðbót í nefndina af þeim mönnum, er hún álítur sig helzt vanta. Annars er eg ekki á móti 7 manna nefnd.

Jón Hjaltalín: Mèr virðist það miður hentugt að gjöra einúngis þenna kafla þessa máls að löggjafarmálefni, því það mun naumast veita af því, þó að allt málið væri nákvæmlega íhugað. Eg get

ekki betur sèð, en að ekkert verði gjört að gagni við þetta frumvarp, eins og það liggur nú fyrir. Póstgöngur eru mjög erfiðar hèr á landi, svo að eg held, að ekkert veitti af því, þótt allt póstgöngumálið heyrði undir löggjafarvaldið, og held eg yfir höfuð, að ekkert veiti af 7 manna nefnd í þetta mál.

Pètur Pètursson: Áður en eg gef atkvæði með 3, 5 eða 7 manna nefnd, vildi eg fá upplýsingar um það, hvort nefndin á að fá uppástúngur eða frumvarp póstnefndarinnar, sem sett var hèr í Reykjavík, því ef hún fengi þær ekki, gæti uppástúngur hennar komizt í bága við þær, og árangurinn af uppástúngunum þannig orðið verri en engi. En ef uppástúngurnar hafa verið sendar af stjórninni til þingsins, þá verður hjá þessu komizt, og það má jafnvel vera æskilegt fyrir stjórnina, að fá að heyra tillögur alþingis um málið allt. Það, sem eg ekki veit, og óska að fá upplýst af hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* er það, hvort uppástúngur póstnefndarinnar, sem sett var 1859, eru komnar hingað frá stjórninni eða ekki.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi að vísu ekki nákvæmlega enn þá farið yfir skjölin, sem stjórnin hefir sent í póstmálinu, en eg ætla þó eg megi fullyrða, að allar nefndargjörðirnar, og enn þá fleiri skjöl, er málið snerta, sè hjá mèr, og er búinn að taka það skýrt fram, að öll þessi skjöl standa nefndinni til boða, hvenær sem henni þóknast að beiðast þeirra.

Forseti: Áður en þingmenn skera úr því, hversu margir skuli vera í nefndinni, skal eg geta þess, að það er mjög vanalegt og heimilað í alþ.tilsk., að þegar einhver nefnd er kosin í eitthvert mál, má hún á fundi biðja um 1 eða 2 menn til aðstoðar eða viðbótar í nefndina, annaðhvort eptir því sem nefndin tiltekur sjálf eða þingið velur; þetta er beinlínis heimilað í niðurlagi 65. gr. í alþ.tilsk. En að því er 3 manna nefnd snertir, er það aðgætanda, að ekki er leyfilegt að bæta svo mörgum við, að 7 menn geti á endanum orðið í nefndinni, þó mönnum þækti eptir á þess þurfa við, en ef 5 manna nefnd væri kosin frá upphafi, þá mætti samkvæmt 65. gr. bæta 2 við, svo að þá gæti orðið 7 í nefndinni.

Leitaði *forseti* síðan atkvæða þingmanna um það, hversu marga skyldi í þessa nefnd kjósa, og var 5 manna nefnd samþykkt með 14 atkvæðum.

Síðan voru þessir kosnir í nefndina:

Arnljótur Ólafsson með 17 atkvæðum.

Gísli Brynjúlfsson með 12 atkv.
Jón Hjaltalín . — 11 —
Benedikt Sveinsson — 10 —
Sveinn Skúlason — 10 —

Var málið síðan afhent þingmanni Borgfirðinga.

Forseti: Þá er dagskráin á enda. Af bænarskrám þeim, sem til þingsins eru komnar, eru einkum 2, sem ætti að koma fyrir sem fyrst, en af því að um þær ætti að verða útgjört með einni umræðu, verður að prenta þær áður, og þingmenn að hafa nægilegt ráðrúm til þess að athuga þær, og geta því ekki orðið settar á dagskrána á morgun, en þá mun koma fyrir bænarskrá frá héraðsfundi í Skagafjarðarsýslu um lán, til þess að koma í veg fyrir yfirvofanda hallæri, og svo nokkrar bænarskrár viðvíkjandi fjárkláðanum, af hverjum ein er um bráðabyrgðarráðstafanir, er stiptamtmaður er beðinn að láta fá framgang í Suðurumdæminu hið allrabráðasta. Að öðru leyti mun fundarefnið á morgun verða nákvæmar til tekið á dagskránni. Ákveð eg svo fund á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

Fjórði fundur — 5. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg leyfa mér að skýra hinu heiðraða þingi frá, að til mín er komin tilkynning um, að í nefndinni, sem sett var til að íhuga *frumvarp* til reglugjörðar, um að *gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar,* sè kosinn formaður þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu, og skrifari þingmaður Reykjavíkurbæjar, sömuleiðis að í nefndinni, sem sett var til að íhuga frumvarpið *um vinnuhjú* á Íslandi sè kosinn formaður hinn háttvirti *varaforseti*, en til skrifara þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu. Samkvæmt dagskránni hefir því næst hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* orðið.

Konúngsfulltrúi: Samkvæmt því, er segir í hinni konúnglegu auglýsingu til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og uppástúngum á fundinum 1859 í niðurlagi á II 3., skal eg leyfa mér að gefa þinginu bending um atriði þau, er stjórnin álítur ranghermd í þegnsamlegustu bænarskrá þess út af fjárkláðanum, lútandi

að ítarlegri ráðstöfunum viðvíkjandi útrýming kláðaveikinnar og til varnar gegn hennar frekari útbreiðslu. Hefir ráðherrann einkum tekið það fram, sem stendur í bænarskránni, niðurlagsatriði hennar nr. 1., þar sem alþingi lýsir yfir því áliti sínu, að ráðgjafinn hafi með ráðstöfunum sínum í þessu máli tekið af sèr alla þá ábyrgð, sem þar af flýtur, bæði við konúnginn, við þing Dana og við þjóðina á Íslandi, og að þingið, sem fulltrúaþing þjóðarinnar geymi sèr og henni allan rètt í þessari grein. Þessa yfirlýsing þingsins álítur ráðherrann að stjórnin ekki geti leitt hjá sèr þegjandi, og eigi heldur þá aðferð, sem þingið hefir rèttlætt hana með; þingið hafi nefnilega til stuðnings þessari yfirlýsingu gjört þá lýsingu af ráðstöfunum þeim, sem hingað til hafi átt sèr stað í málinu, sem, auk þess hún sè ófullkomin og í ýmsum greinum röng (*incorrect*), innihaldi orð, sem sè að nokkru leyti öldúngis röng, að nokkru leyti enda svo nærgöngul stjórn hans konúnglegu hátignar, að ekki megi ganga þegjandi fram hjá þeim.

Þannig sè það ástæðulaust af þinginu, þegar það, um leið og það beri sig upp undan því, að frumvarp það, sem það hefir samið og samþykkt 1857 um útrýmingu fjárkláðans, eigi hafi komið út sem bráðabyrgðarlög, hafi farið því fram, að þinginu hafi verið veitt fullt ályktunar-atkvæði í málinu, því að slíkur myndugleiki hafi ekki verið veittur alþingi, en stjórnin hafi þar á móti í von um konúngsins allramildasta samþykki veitt stiptamtmanninum heimild til, ef bráð nauðsyn krefði og eptir áskorun alþingis, að gefa frumvarpi því, sem lagt hafði verið fyrir þingið, og amtmennirnir höfðu búið til, lagagildi sem bráðabyrgðarlögum, að svo miklu leyti sem honum virtist breytíngar þær, sem þingið aðhylltizt, þess eðlis, að þær gæti orðið teknar til greina, en í þessari heimild, sem stiptamtmanninum, fram yfir það, sem venjulegt væri, hefði verið veitt, lægi, eins og auðvitað væri, ekki nokkur bendíng um það, að alþingi ætti að hafa annan eða meiri myndugleika í þessu máli, en því að öðru leyti bæri eptir alþingistilskipuninni, og þó væri það á þessari ástæðu einni, að alþingið byggði orð sín, sem þegar var um getið. Þegar þingið því næst hafi tekið fram, að stjórnin ekki hefði útvegað konúngsins allramildasta samþykki til þeirra ráðstafana, sem löggæzluráðherrann í brèfi sínu frá 30. sept. 1857 hafi gjört, og þar að auki grunað stjórnina um, að hún ekki hefði lagt fyrir hans hátign konúnginn, til hans allrahæstu staðfestíngar eða höfnunar, frumvarp það, sem alþingi hafði samið árið 1857, en þar á

móti tekið að sèr meðferð málsins, allt eins og ekkert frumvarp hefði til verið, þá væri slíkt algjörlega ástæðulaust, þar sem löggæzlustjórnin með sínu allraþegnsamlegasta álitsskjali frá 25. maí 1857, eptir nákvæma útlistun á öllu málinu og ráðstöfunum þeim, sem út af því hefði verið gjörðar, hefði lagt hið umrædda frumvarp fyrir konúng, og meðal annars mælt fram með því, *bæði* að alþíngi mætti verða gefið til kynna, að konúngi ekki hefði þótt frumvarp það, sem þíngið hefði samið og aðhyllzt, til reglugjörðar um útrýming fjárkláðans og til þess að aptra útbreiðslu sýkinnar, þannig úr garði gjört, að það gæti orðið tekið til greina, *og líka*, að konúngi mætti mildilegast þóknast, að leggja samþykki sitt bæði á þær ráðstafanir, sem löggæzlustjórnin væri þegar búin að gjöra, sem og á þær, er það þá stíngi upp á í téðu máli.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst mèr vera það skylt, að taka ekki svona öldúngis þegjandi á móti því, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* nú las upp, af því eg var *framsögumaður* í máli því, er hèr ræðir um, og átti verulegan þátt í að semja álitsskjalið; að svo komnu skal eg samt ekki tefja tímann með því að fara að svara, en leyfi mèr einúngis að áskilja nefnd þeirri, sem eg ekki efast um að sett verði í máli þessu, rètt til svara, og í þessu skyni biðja hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa*, að láta nefndinni í tè brèf stjórnarinnar.

Forseti: Það hefir ætíð híngað til verið siður, að prenta skýrslur þær í alþíngistíðindunum, sem *konúngsfulltrúi* hefir fært þínginu af hendi stjórnarinnar, áhrærandi afdrif mála frá næsta alþíngi á undan, og efast eg ekki um, að svo verði enn.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngangsumræðu og nefndarkosníngar bænarskrá úr Skagafjarðarsýslu, *um að fá 50,000 ríkisdali til láns af kollektusjóðnum til þess að afstýra hallæri.* Eg vona, að þíngmaður Skagfirðínga taki að sèr framsöguna fyrst um sinn, og skal eg biðja þíngskrifarana að afhenda honum bænarskrána.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal þá fyrst leyfa mèr að lesa upp bænarskrána, þannig hljóðandi:

»Oss hefir nú verið birt í vor brèf stjórnarinnar, dagsett 29. septbr. 1860, sem lætur oss vita, að vèr Íslendíngar þurfum ekki að leita hennar framvegis með bjargræðisstyrk, þó vèr þurfum á að halda, heldur verði sèrhver sveitarstjórn að vera sèr í útvegum

um nægilegt bjargræði handa sveit sinni, og í því tilliti semja við kaupmenn í tíma um nægilegan mataraðflutníng að landinu.

Oss þykir nú í alla staði eðlilegt, þó að stjórnin, eptir það að verzlunin er orðin jafnfrjáls og hún er nú, vili sem sjaldnast þurfa að hafa beinlínis afskipti af bjargræðisaðflutníngum til Íslands; vèr játum það líka, að oss Íslendíngum ætti ekki að vera það of vaxið, að geta útvegað oss nægilega aðflutninga að landinu, ef vèr hefðum nóg fyrir að gefa. En hitt getum vèr engan veginn ætlað að sè meiníng stjórnarinnar, að neita oss um fjárlán til að kaupa fyrir bjargræði í uppáfallanda harðæri og vandræðum, meðan fjárhagur Íslands og Danmerkur er ekki algjörlega aðskilinn, og einkum meðan vèr eigum það fè í vörzlum dönsku stjórnarinnar, sem upphaflega var ætlað Íslandi til hjálpar í uppáfallandi vandræðum, vèr meinum »kollektusjóðinn«, sem eptir því sem innstæða hans var hèr um bil 1800, sem sè 50,094 rd. 85 sk., er nú með rentum og renturentum orðinn allmikið fè. Vèr verðum því að álíta það sanngjarnt, að vèr Íslendíngar gætum nú fengið lán af sjóði þessum í yfirstandandi vandræðum vorum; en vèr ætlumst til, að honum verði borgað það aptur, hvenær sem mögulegt er; því vèr verðum að álíta það skyldu bæði stjórnarinnar og Íslendínga sjálfra, að viðhalda sjóði þessum svo lengi sem unnt er, með því að endurreisa hann jafnóðum aptur, svo ávallt verði til hans gripið, eptir upphaflegum tilgangi hans, í uppáfallanda harðæri.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfum vèr oss því, að biðja vort heiðraða alþíngi 1861, að bera þá bæn fram fyrir konúng vorn, að hann allramildilegast hlutist til, að Ísland geti nú fengið að minnsta kosti svo sem 50,000 rd. lán af áminnztum »kollektusjóði« til bjargar sèr í áföllnum bágindum, til að koma í veg fyrir yfirvofanda harðæri.

Samþykkt með öllum atkvæðum og undirskrifað á frjálsum sýslufundi á hinum fornu þíngstöðvum Skagfirðínga, 7. d. júním. 1861.

Í umboði sýslufundarins,

Jakob Guðmundarson, P. Jónsson, Ó. Sigurðsson«.

forseti. skrifari.

Gísli Brynjúlfsson: Eg get farið því færri orðum um þetta mál, sem hingað til þíngsins eru komnar bænarskrár líks efnis, nefnilega út af harðærinu; og þar eð eg ekki efa, að nefnd muni verða sett í það mál, en þessi bænarskrá er því máli svo

náskyld, er eg ekkert fastur á því, að nefnd sèrstakleg sè kosin um hana eina. Eg mundi því gjöra mig ásáttan með, þó nefndarkosníngunni að svo stöddu yrði frestað, ef það mætti verða til þess, að *forseti* síðar gæti látið málið koma betur fram í heilu lagi, því þá þyrfti að eins að vísa bænarskrá þessari til nefndar þeirrar, sem óefað er að kosin mun verða í hallærismálinu yfir höfuð; og eg get ei heldur annað sèð, en að beiðendur einnig verði að vera ánægðir með þessa aðferð, því höfuðefni bænarskráarinnar er að mínu áliti engan veginn það, að heimta peníngalán einmitt úr kollektusjóðnum að eins, heldur hitt, að biðja þíngið að taka hallærismálið til íhugunar. Vil eg því og ei nú tefja tímann fyrir þínginu með frekari umræðu, eður með því að hvetja, ef til vill, til tvöfaldrar nefndarkosníngar í hèr um bil sama málið.

Forseti: Áður en lengra er farið út í þetta mál, skal eg geta þess, að eg hefi síðar meðtekið uppástúngu eða bænarskrá líks innihalds, frá þíngmanninum úr Gullbríngusýslu, þar sem svo segir í niðurlagi hennar: »að Gulibríngu- og Kjósarsýslum verði nú í haust veittur svo mikill peníngastyrkur, að nægjanlegur verði til að kaupa fyrir korn það, er nauðsynlegt sè til þess, að innbúarnir í tèðum sýslum gæti frelsazt frá yfirvofanda húngursdauða«, en bænarskrá þessi barst mèr svo seint, að eg ekki gat sett hana á dagskrána, en eg álít samt sjálfsagt, að hún yrði afhent nefnd þeirri, sem yrði kosin viðvíkjandi bænarskrá Skagfirðínga, og skal eg með tilliti þess, er flutníngsmaður hennar sagði, um að hann ekki gæfi um, að nefnd yrði kosin nú þegar, leyfa mèr að geta þess, að mèr virðist mikið vafamál, hvort þessi bænarskrá gæti þá seinna komizt að til nefndarkosníngar og meðferðar á þíngi, ef hún nú yrði felld á þínginu, því úr því hún nú einu sinni er borin upp á þínginu, verður annaðhvort að vera að fella hana eður kjósa nefnd.

Jón Hjaltalín: Eg get ekki sèð, til hvers það er, að vera að fresta nefndarkosníngunni, mèr finnst tækifærið núna eins gott og seinna. Það er víst öllum þíngmönnum fullkunnugt, að neyðin stendur fyrir, og það væri hèr syðra auðsætt, úr því fiskiaflinn eins gjörsamlega mistókst og hann gjörði; eg hefi heyrt bæði kaupmenn og aðra kunnuga menn virða skaðann, sem Faxaflói einn hafi liðið í ár, á móti meðalgóðum fiskiárum, að minnsta kosti upp á 200,000 rd., og gefur því að skilja, að fátækir vesalíngar, sem hafa sjóinn fyrir svo að segja aðalatvinnuveg, geta ekki risið undir þessu og

öðru eins; eg vil því leyfa mèr að mæla fram með því, að nefnd verði kosin í málið hið allrabráðasta, og leyfi mèr einnig að mælast til, að hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* sem hefir verið stiptamtmaður, mætti þóknast að skýra þínginu frá, hvað hann í þessu tilliti hefir gjört sem stiptamtmaður.

Konúngsfulltrúi: Eg vil þó ráða þínginu til, að setja nú þegar nefnd í málinu, því bænarskrá sú, sem hèr ræðir um, fer þó í þá stefnu, sem eptir kríngumstæðunum er hin eðlilegasta; einúngis skal eg leyfa mèr að benda þínginu á það, að þar sem beðið er um 50,000 rd. lán úr kollektu- eða styrktarsjóðnum, getur slíkt ekki staðizt með reikníngi þeim yfir efnahag sjóðsins, sem birtur er þínginu, því þegar reikníngar sjóðsins voru gjörðir upp, mig minnir árið 1844, átti sjóðurinn að eins hèr um bil 15,000rd., og þegar vextirnir bætast við, mundi sjóðurinn á að gizka eiga nú hèr um bil 20,000 rd.

Þar að auki skal eg geta þess, að það er komin bænarskrá hèr frá bænum um lán úr sjóðnum, mig minnir 15,000 rd., og þessi bæn er send stjórninni; svo kom einnig frá flestum hreppum hèr í Gullbríngusýslu brèf um styrk til kornkaupa til að afstýra bágindum þeim meðal almennings, sem orðin eru út af fiskileysinu í vetur og vor. þessar bænir eru og sendar stjórninni. Það mun þínginu að öðru leyti kunnugt, að stjórnin hefir lýst því yfir, að hún ekki geti veitt oss hjálp úr ríkissjóðnum, og þá er einasta úrræðið að leyta styrks úr þeim svo kallaða kollektu- eða styrktarsjóð, og að þíngið mæli fram með því, að þetta veitist; bænarskráin fer einnig þenna veginn, og eg efast ekki um, að stjórnin muni einnig taka vel í bæn vora, þegar hún færi í þessa stefnu, sem líka er sú eina, sem eg ætla hèr verði farin með von um nokkurn árangur, en það er sjálfsagt, að bæn alþíngis verður að vera miðuð við þau efni, sem fyrir hendi eru; og þess vil eg leyfa mèr að biðja þíngið að gæta; hið gagnstæða getur ekki annað en spillt fyrir málinu. En eg skal líka leyfa mèr að biðja þíngið eða nefnd þá, er sett yrði í málinu, um að flýta meðferð þess eins og bezt má verða, svo málið geti orðið sent stjórninni sem allrafyrst nú í sumar, og vona eg þíngið sè mèr samdóma í því, að bráð nauðsyn reki hèr á eptir, og það sè umvarðanda, að málið komist í kríng sem allrafyrst.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vil þó vona, að engi hafi misskilið mig svo, að hann álíti, að eg hafi viljað vera bænarskránni mótmæltur

í sjálfu sèr; *(Forseti:* Nei!), en hitt gekk mèr til, að eg vildi ekki tefja fyrir þinginu með því að kjósa nefnd í þessa einu bænarskrá, þar sem eg vissi af fleiri samhljóða eður að minnsta kosti mjög líks efnis, og hèlt eg því, að betra væri að safna þeim öllum saman og afhenda síðan einni nefnd. En með því eg nú heyri af hinum hæstvirta *forseta* að til hans sè nú einnig þegar komin bænarskrá frá Gullbríngusýslu í sömu stefnuna, þá er nú þegar meiri ástæða til að fallast á, að nefndin verði kosin sem fyrst, og leyfi eg mèr þá að stínga nú þegar upp á 5 manna nefnd; því, eins og eg hefi sagt, mèr datt aldrei í hug að mæla móti nefnd í málinu í sjálfu sèr, en var að eins í efa um tímann og hvort ei væri rèttara að taka málið fyrst fyrir, þegar fleiri bænarskrár væri komnar en ein.

Páll Melsteð: Eg hefi ekki annað að segja, en það, að eg fastlega ræð til að kjósa nefnd og það sem fyrst, og hraða málinu sem framast má verða, svo það geti orðið sem fyrst afgreitt, það er að minnsta kosti, hvað Gullbríngu- og Kjósarsýslur snertir, áreiðanleg vissa fyrir því, að hallæri vofir yfir, nema eitthvað sè fljótt að gjört.

Páll Sigurðsson: Eg er öldúngis samdóma hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* í því, að einu gildi, hvort sú eður sú bænarskráin er lögð til grundvallar, því sè bænarskrárnar sama innihalds, má vísa þeim til sömu nefndarinnar, enda get eg enga ástæðu fundið til þess að fresta nefndarkosníngu nú þegar, og verð því að mæla fram með því, að nefnd verði kosin.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Mèr er nú orðið óþarft að taka til máls, því aðrir þíngmenn eru búnir að taka það fram, sem eg vildi áðan sagt hafa. En þessi bænarskrá, sem nú var upp lesin, virðist mèr það fyrsta stig til þess, að mál um yfirvofanda hallæri verði tekið fyrir og sè full nauðsyn á því; því hika menn þá við að taka þessa bænarskrá nú þegar til nefndar? því það sýnist þó eins formlegt, að vísa þeim bænarskrám, sem síðar kynni að koma sama efnis, til þessarar nefndar, eins og að brinda þessari bænarskrá nú, og eiga undir því, að hinar síðari bænarskrár um þetta efni kæmist til nefndar, og að þessi fengi þar þá inngöngu; verð eg því að mæla með, að nú þegar sè kosin nefnd í þessu máli.

Guðmundur Brandsson: Mèr þækti fróðlegt, og þessu máli til upplýsíngar, ef hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* vildi gjöra svo

vel og skýra frá því, hvaða svar hann, sem stiptamtmaður, hefir fengið frá stjórninni upp á umkvartanir út af bjargarskorti hèr í sýslu, sem eg tel sjálfsagt að hafi verið stjórninni sendar með fyrri gufuskipsferðinni í vor. Þar eg þykist hafa nokkuð fyrir mèr í því, að umkvartanirnar hafi verið svo tímanlega afgreiddar af sýslumanni og sendar amtinu, að þær hefði getað komizt með.

Konúngsfulltrúi: Upp á þetta get eg svarað þegar og í fám orðum. Bænarskrárnar frá Gullbríngusýslu komu mèr til handa kveldinu áður en póstskip fór hèðan, svo þá var ekki hægt að skrifa með þeim. Eg var þá búinn að skrifa stjórninni og skýra frá þeim atvinnubresti, sem hèr væri, og jafnframt hafði eg spurt hana um, hvort konúngsúrskurður 20. maí 1840 væri ekki enn í gildi, svo að eptir honum mætti veita fátækustu sveitum fjárstyrk nokkurn af konúngssjóði móti endurgjaldi í ákveðnum sölum. Þessu svaraði stjórnin, og kvað konúngsúrskurðinn úr gildi fallinn við stjórnarbreytínguna, en heimtaði af mèr ítarlega skýrslu um ástandið hèr í amtinu; þessa skýrslu sendi eg þá með næsta póstskipi, ásamt þeim bænarskrám, sem til mín höfðu komið. Fleiri upplýsíngar hefi eg að svo stöddu ekki að gefa.

Stefán Eiríksson: Í sambandi við þetta mál ætla eg að leyfa mèr að geta þess, að í fyrra haust fengum við hreppstjórar í Bjarneshreppi brèf frá sýslumanni okkar, um það, hvort við álitum nauðsynlegt að biðja stjórnina um kornlán, og jafnframt var okkur falið á hendur að segja álit okkar um, hvernig endurgjalda skyldi kornlán það, er um var beðið, og var álit okkar á þá leið, að spurníngin um endurgjaldið yrði lögð fyrir næsta alþíngi, og jafnframt bentum við á, að kornlán þau, er fengust, yrði borguð af kollektusjóðnum, og af því nú að spurníngin liggur hèr fyrir, að fá endurgoldið kornlán, eður lán við yfirvofanda hallæri, þá er eg samþykkur þessari bænarskrá frá Skagafirði.

Magnús Andrèsson: Að því sem mál setta snertir, skal eg, viðvíkjandi kjördæmi mínu, leyfa mèr að geta þess, að málinu fyrst var hreift hjá okkur á hèraðsfundi 20. júní, og ráðguðust menn þar um, hvað gjöra skyldi mót hinu yfirvofanda hallæri. Næst og fljótast fyrir oss var að snúa oss að kaupmanninum á Eyrarbakka, eður þá til sjálfs skipsútgjörðarmannsins, um að fá kornbyrgðir, og ráðlagði kaupmaður okkur að fá Rangvellínga í fèlag með okkur. Þessu sama máli var og einnig hreift á þíngvallafundinum, en stiptamtmaður hefir ráðið frá að leita stjórnarinnar, og ráðið til, að leita

skipaútgjörðarmannanna á Eyrarbakka; en nú er svo ástatt heima í hèraði, að margur hver ekki á fyrir að gefa, og það, eins og lög gjöra ráð um, einmitt þeir, er mest þurfa á að halda; svo eg verð því innilega að óska þess, að lánið fengist til bráðabyrgðarhjálpar, og mæli eg því fram með því, að nefnd verði kosin.

Ólafur Jónsson: Allir þeir þingmenn, sem hingað til hafa talað, hafa mælt fram með því, að nefnd yrði kosin í máli þessu, en þrátt fyrir það, verð eg að vera því mótfallinn, að því sem þetta 50,000 ríkisdala lán úr kollektusjóðnum snertir, sem Skagfirðingar hafa óskað. Mèr er nær að halda, að Skagfirðingar hafi ginnzt til þess, einúngis til að ná í eitthvað úr kollektusjóðnum, en meini harðla lítið með því. Svo mikið er að minnsta kosti víst, að þegar stjórnin hèrna um árið tók það upp hjá sjálfri sèr, að lána þeim korn í stað þess, eins og um var beðið, að sjá um, að kornbyrgðir væri á verzlunarstöðunum, var þetta álitið óhagfelldara; og um sjálft hallærismálið held eg að eg þori að fullyrða, að hallærið sè meira hèr sunnanlands en nyrðra, og eg er með öllu óviss um, hvort Skagfirðingum þætti það nokkuð að betra, þó bænarskráin fengi áheyrn á þinginu, en hitt, að hún væri felld; eg verð því að vera á móti því, að nefnd sè kosin í máli þessu, eða þessi bænarskrá lögð til grundvallar.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að vekja athygli hinna heiðruðu þingmanna á því, að nú sem komið er, á ekki og má ekki annað vera umtalsefnið en það, hvort kjósa skuli nefnd í málinu eður eigi, en mèr virðast ræður sumra þingmanna ganga jafnvel inn á málsefnið sjálft.

Ólafur Jónsson: Eg var einmitt að tala um nefndarkosníngu, sem eg rèð frá, af því eg held, að sjálfir Skagfirðingar ekki vili lánið, sem þeir, eins og eg sagði, hafa ginnzt til að biðja um.

H. Kr. Friðriksson: Eg get með engu móti fundið, hvað allar þessar »skýrslur« og »skýríngar«, sem þingmenn nú þegar eru að koma fram með við inngangsumræðuna, hafa að þýða; hèr er, ofboð blátt áfram, ekkert annað umtalsefni en þetta, á að setja nefnd? eður á e k k i að setja nefnd? og vil eg því stínga upp á því, að þingmenn annaðhvort strangt haldi sèr til þessa, eður þá að hinn háttvirti *forseti* nú þegar leiti atkvæða þingsins um, hvort nefnd skuli kjósa eður ei.

Gísli Brynjúlfsson: Það er einúngis viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þingmaður Húnvetníinga sagði, að hann hèlt Skagfirðínga

ekki vilja lán handa landinu, og að þeim jafnvel mundi vera ógreiði gjörður, ef það fengist, þá skil eg engan veginn, hvernig hann getur sagt, að það ekki sè vili manna, sem þeir koma sèr saman um á almennum hèraðsfundi, ellegar hvernig nokkrum verður gjörður ógreiði, með því að veita honum bón hans.

Ásgeir Einarsson: Mèr skildist hinn háttvirti *forseti* svo, sem von væri á bænarskrá um sama efni úr Gullbríngusýslu, og mætti þá, ef til vill, bíða með þessa bænarskrá eptir henni.

Forseti: Bænarskráin úr Gullbríngusýslu er komin, en eg gat, eins og eg hefi drepið á, ekki tekið hana á þessa dagskrá. En þar eð ekki taka fleiri til máls, verð eg að álíta umræðu þessari lokið, og er þá að kjósa nefnd, og fyrst engi mælir móti uppástúngunni um 5 manna nefnd, skal eg biðja hina heiðruðu þíngmenn að kjósa 5 menn í nefndina.

Voru síðan í nefndina kosnir:

Gísli Brynjúlfsson	með	16	atkv.
Guðmundur Brandsson . . .	—	14	—
Páll Melsteð og			
Arnljótur Ólafsson . .	hver —	12	—
Ólafur Jónsson	—	11	—

Var síðan málið afhent þíngmanni Skagfirðínga.

Forseti: Samkvæmt dagskránni koma þessu næst til inngangsumræðu og nefndarkosníngar bænarskrárnar út af *fjárkláðanum:* ein frá þíngvallafundinum, og 5 frá hèraðsfundum. Þó bænarskrár þessar allar sè að vísu mjög líks efnis, hefi eg samt fengið 2 til að flytja þær, nefnilega hinn háttvirta konúngkjörna varaþíngmann bænarskrána frá þíngvallafundinum, því bænarskrá þessi fer fram á, að amtmaðurinn í Suðuramtinu gjöri sem fyrst bráðabyrgðarráðstafanir til að eyða kláðanum, og þar eð bænarskráin frá Húnavatnssýslu, virðist einna yfirgripsmest og skýrust af hinum 5 bænarskránum, hefir hinn heiðraði þíngmaður Húnvetníinga tekið þær að sèr.

Benedikt Sveinsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána frá þíngvallafundinum, þannig hljóðandi:

»Á fundi við Öxará í dag höfum vèr, sem ritum nöfn vor undir þetta brèf, verið kjörnir til þess að segja álit vort um það, hver ráð muni tiltækilegust til að eyða fjárkláðanum sunnanlands.

Vèr getum þess fyrirfram, að vèr ekki álítum það ætlunarverk

vort, á svo stuttum tíma, sem vèr höfum ráð á, að ræða til hlítar jafnumfangsmikið og örðugt mál, sem þetta er, eður benda á allar þær reglur, sem nauðsynlegar kynni verða, svo kláðinn yrði alveg upp rættur; heldur höfum vèr fundið oss fært, að benda að eins á eptirfylgjandi atriði, sem einkum lúta að því, hvað tryggilegast mundi í bráð að giöra í fjárkláðamálinu.

1. Að nákvæmar og áreiðanlegar skoðanir fari fram hið allrabráðasta á öllu sauðfè á kláðasviðinu, sem nokkrar líkur er til að veikt sè.
2. Að allt þetta fè sè vandlega baðað, og það, sem veikt finnst, takist tafarlaust undir opinberan vörð og duglegar lækningar um mánaðartíma.
3. Að sú kind, sem þá er ekki alheil að þeim tíma liðnum, sè tafarlaust skorin.
4. Að allt fè á kláðasvæðinu sè vandlega skoðað í haust í fyrstu rèttum, og hver kind, sem þá finnst með kláða einnig tafarlaust skorin.
5. Að í vetur komanda framfari að minnsta kosti þrjár skoðanir með jöfnu millibili, og sè þá hver veik kind, ef finnast kynni, skorin þegar í stað.
6. Að stiptamtið með ráði þingmanna úr kláðasýslunum skipi vissa menn, er hafi á hendi alla umsjón og framkvæmd á því, sem nú er sagt, með nægu valdi og fullri ábyrgð.
7. Að mönnum þessum verði sæmilega launuð vinna sín, og að laun þeirra og annar kostnaður, er að þessu lýtur, borgist af fjáreigendum að rèttri tiltölu, að því leyti sem það opinbera ekki leggur fè til þess.
8. Að fundurinn við Öxará riti alþingi um, að það, svo fljótt sem unnt er, skori á stiptamtmann, að hann vindi að því bráðan bug, að uppástúngum þessum verði tafarlaust framgengt.

Á þingvöllum, 27. júní 1861.

Benedikt Sveinsson. Egill Pálsson. E. Guðmundsson. P. G. Jónsson. E. Gottskálksson.

Þetta nefndarálit var ítarlega rætt á almennum fundi að þingvöllum við Öxará, 27. júní 1861, og samþykkt í einu hljóði sem bænarskrá frá þingvallafundinum til alþingis.

Á frjálsum fundi að þingvöllum við Öxará, 27. d. júním. 1861.

Jón Guðmundsson. Arnljótur Ólafsson. Jón Jónsson. J. P. Melsteð.

Benedikt Sveinsson: Eg skal að svo vöxnu máli ekkert tala um bænarskrána sjálfa, eg gjöri ráð fyrir, að nóg muni verða um hana talað, áður lýkur, og það mál yfir höfuð, er hún lýtur að. Eins og menn sjá, fer bænarskráin fram á það eina, sem eg ætla að stiptamtmaðurinn geti gjört án sèrlegrar tilhlutunar frá stjórninni, en sem eg þó á hinn bóginn verð að álíta að brýna nauðsyn beri til að gjöra þegar í stað. Eg ætla einnig, að bænarskráin sè þannig löguð, að hún vart muni geta komið í bága við það, er þingið kynni að fara fram á við stjórnina, eður þær ráðstafanir, sem framvegis verða gjörðar til að leiða mál þetta til lykta. Samt sem áður álít eg það æskilegast, að bænarskrá þessi verði fengin nefnd þeirri til meðferðar og íhugunar, sem eg get til að sett verði í málið, því fjatli ein nefnd um allar bænarskrárnar, þykir mèr þess meiri von, að allar tillögur þingsins verði sjálfum sèr samkvæmar, hvort sem þær svo lúta að valdstjórninni hèr á landi eður ganga til stjórnarinnar.

Ólafur Jónsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána úr Húnavatnssýslu þannig hljóðandi:

»Kláðamál Íslendínga er án efa eitt af þeim vandasömustu málefnum, sem komið hafa fyrir alþingi að undanförnu, enda hefir um það verið rætt og ritað með miklum áhuga bæði innan þings og utan.

Frá seinasta alþingi 1859 var einnig send bænarskrá til konúngs í þá aðalstefnu, að yrði fjárkláðanum ekki gjörsamlega út rýmt með læknúngum um nýár 1861, að konúngur legði þá fyrir næsta alþingi frumvarp um algjörða útrýming sýkinnar, og veitti þinginu fullt löggjafaratkvæði í málinu, en fulltrúa sínum vald til að staðfesta frumvarp þingsins, sem bráðabyrgðarlög.

Oss er nú enn ekki kunnugt, hvernig stjórnin hefir tekið þessari bæn alþingis, en um hitt höfum vèr fullkomna vissu, bæði af blöðunum og öðrum áreiðanlegum rökum, og jafnvel embættislegum skýrslum frá Suðuramtinu, að kláðasýkinni er þar enn ekki algjörlega út rýmt, hvers vegna hinum ósýktu hèruðum hlýtur enn sem fyr að vera hætta búin af útbreiðslu kláðans, ekki einúngis í Norður- og Vesturumdæmum landsins, heldur jafnvel í Suðurumdæminu, þar sem menn eiga ósýktan, aðkeyptan sauðfènað.

Með tilliti til þessa geigvænlega ástands geta landsbúar ekki setið áhuga- og aðgjörðalausir, heldur verða nú sem fyr að viðhafa

allar þær varnir, sem kostur er á í þessu vandamáli, og biðja hið heiðraða alþíngi að taka það enn á ný, með öllum þar að lútandi kríngumstæðum, til nákvæmrar og ítarlegrar íhugunar.

Eins og vèr samhuga getum ekki annað en fallizt á þau uppástúngu-atriði, sem alþíngi tók fram í bænarskrá sinni til vors milda konúngs frá 18. ágúst 1859, eins og þá stóð á, eins álítum vèr, að vèr eigum enn að óska, að alþíngi vildi ítreka þá bæn sína til konúngsins, að tryggvir verðir yrði haldnir milli hinna grunuðu og heilbrigðu hèraða, á kostnað ríkissjóðsins eða hins opinbera, svo lengi sem óræk vissa er ekki fengin fyrir því, að kláðasýkinni sè algjörlega út rýmt, og að svið kláðasýkinnar eða hins grunaða svæðis verði smámsaman þrengt, eptir því sem bezt þykir haga, og leyfum vèr oss í þá stefnu, að taka það fram, að öllu grunuðu fè yrði lógað um neðri hluta Borgarfjarðarsýslu suður að Botnsá á næstkomanda hausti, en í Rangárvalla- og Árnessýslum að Ölfusá.

En eins og vèr höfum nú stúngið upp á, að þess væri beiðzt, að svið hins grunaða svæðis yrði smámsaman þrengt, hvar af vel gæti leitt, að máli þessu yrði ekki alveg ráðið til lykta, eins fljótt og óskanda væri, finnum vèr oss knúða til, að skora á hið heiðraða alþíngi, að það í þessu allsherjar vanda- og velferðarmáli landsins vildi semja nýjar almennar reglur, á þann hátt sem bezt þætti við eiga, eptir landshögum, er sendar yrði konúngi vorum til mildilegasta samþykkis, hið allrafyrsta, er ske mætti, og væri svo framkvæmdir og ráðstafanir embættismanna vorra miðaðar þar við framvegis, svo lengi sem nokkur kláðagrunur gæti átt sèr stað.

Samkvæmt ástæðum þessum leyfum vèr oss að óska, að alþíngi beri nú þá bæn vora fyrir konúnginn:

1., Að honum mildilegast mætti þóknast, að skipa svo fyrir, að hið grunaða svið kláðasýkinnar yrði smámsaman þrengt, á þann hátt, sem alþíngi mætti álíta haganlegast, og

2., að alþíngi sendi nýjar almennar reglur, er lagðar yrði til samþykkis fyrir konúnginn, og væri þar með skýrum orðum tekið fram allt það, sem miðað gæti, eptir landshögum, til að varna útbreiðslu sýkinnar, og eins hitt, á hvern hátt henni yrði algjörlega út rýmt úr landinu.

Á sýslufundi að Miðhúsum, 12. júní 1861".

(23 nöfn).

Ólafur Jónsson: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um

bænarskrána; hún er rólega samin og bindur í engan máta þingið í meðferðinni á málinu. Hinum háttvirta konúngkjörna varaþingmanni verð eg að vera samdóma í því, að nefnd sú, sem eg ekki efast um að verði kosin, taki allar bænarskrárnar til meðferðar.

Konúngsfulltrúi: Þó eg fúslega viðurkenni þann áhuga, sem þingið leggur á þetta umvarðanda málefni, get eg þó ekki annað en ráðið þinginu frá, að hreifa því nú hèr á þingi, og fara að setja nefnd í því, hæði þess vegna, að eg er hræddur um, að umræðurnar um það verði svo miklar og lángar, að þær taki of mikinn tíma frá þinginu, sem að vísu hefir mörgum störfum að gegna, og líka og sèr í lagi vegna þess, að málið er, að mèr virðist, nú komið í það horf, að hvorki þurfi að óttast það, að sýkin taki sig upp aptur, nè breiðist út af nýju. Það má kalla, að sýkin sè nú yfirbuguð, því mèr vitandi er nú hvergi kláðavart, nema á fáeinum bæjum á Suðurnesjum í vor, og þar er búið að baða fèð, og verður baðað af nýju til ítarlegri tryggíngar. Sama er að segja um Kjalarnes, og í Bakkarholtshverfinu í Árnessýslu, þar sem kláðavart varð í vetur leið, að þar er nú búið að baða allt fè, þó engi kláði væri þar fyrir þegar baðað var; eins er í Borgarfirði á þeim fáu bæjum, sem vart varð við kláða á vetrinum; einnig er fèð haft í heimavöktun alstaðar, þar sem nokkur grunur gæti verið, og loks er búið að setja vörð um miðbik Borgarfjarðarsýslu úr Skorradalsvatni austur til jökla og niður í sjó, til þess að varna öllum samgöngum milli fjárins neðan úr sýslunni, þar sem lækníngar hafa verið við hafðar við fèð úr efra hlutanum, þar sem fèð er að keypt. Þenna vörð óskuðu Borgfirðíngar að setja, og þar eð amtmaðurinn í Norðuramtinu mælti fram með verðinum og fór um málið góðgjörnum orðum, og bauðst til að taka þátt í kostnaðinum í fullri tiltölu, vildi eg að mínu leyti þrátt fyrir það, þó eg ætli tryggíngu þá, sem slíkir verðir veita, minni en menn hyggja, og þrátt fyrir það, þó hèr væri þeir, sem fremur letti en hvetti til að setja vörðinn, ekki setja mig á móti honum, með því skilyrði, að öll 3 ömtin tæki þátt í kostnaðinum. Þessi vörður er nú þegar settur. Eg sè því ekki betur, en að allt sè gjört í þessu máli, sem kríngumstæðurnar hafa leyft að gjöra, og eg sè heldur ekki betur, en að málið sè nú komið í gott horf, og að menn ekki þurfi að bera neinn ótta fyrir málinu, og eg sè heldur ekki, hvað þingið getur ráðið til að gjöra, meir en gjört er. Það er meinið í þessu máli, að margir hafa ekki sýnt þá alúð og áhuga fyrir málinu, fyrir hirðíngu og lækn-

íngu fjárins, sem skyldi. Þeir hafa margur hver viljað láta borga sèr fyrir hvert sporið, og hvert viðvik, sem þeir hafa gjört, enda þar sem um þeirra eigin skepnur var að ræða, og eins voru að sínu leyti fjárskoðanir þær, sem áttu að fara fram í vetur, er leið, einu sinni í mánuði hverjum af hreppstjórum og beztu bændum í hreppnum, víða hvar gjörðar með hangandi hendi, af því þær voru ekki borgaðaðar; en þó þetta væri nú svo vaxið, er málinu nú þó komið í svo gott horf, að eg kalla það unnið, því heldur sem það er vonanda, að allir hiutaðeigendur sjái, hvað það er miklu varðanda, að þeir leggi sitt fram. Eg skal geta þess, að böðunarmeðul hafa verið látin út gefins til allra, sem fátækir eru, svo það atriði eigi gæti orðið málinu til fyrirstöðu, enda er nú búið að eyða því fè, sem stjórnin veitti í fyrra til fjárlækninganna.

Eg hefi þannig gjört grein fyrir minni skoðun á málinu, og hvernig því er komið; eg vona, að þingið sannfærist um, að hèr sè ekki orðin hætta á ferðum, en einkum, að þingmenn fari í málið með allri stillingu og keppnislaust; verði málinu haldið fram, vildi eg helzt ráða til, að farið væri í þá stefnu, sem bænarskrá Þingvallafundarins fer í.

Ólafur Jónsson: Ræða hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* sannfærði mig enn meira um, hversu brýn nauðsyn bæri til að setja nefnd til að íhuga mál þetta. Hann gat um staði, sem kláðinn væri á hèr syðra, og enn þótt fleiri staðir væri nefndir á Þingvallafundinum, t. a. m. Mosfell, þá eru þeir staðir, er hann gat um, nógir til að sýna það, að kláðinn þó er enn til, og því sè þörf á, að gjalda allan varhuga við. Sömuleiðis mun það vera víst, að kláði sè í Borgarfirði. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* kvartaði yfir áhugaleysi við læknìngarnar hèr syðra, og trúi eg því meir enn, en hafi menn hèr, meðan þeim, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* að orði komst, var borgað hvert sporið kríng um sínar eigin skepnur, sýnt áhugaleysi, hvernig mundi þá fara, þegar ekkert væri í aðra hönd, og er því þetta einmitt ein hvöt meira til þess að kjósa nefnd í málinu.

Benedikt Sveinsson: Þar sem *konúngsfulltrúi* var að tala um, að kláðinn væri nú mjög óvíða, þá bendir bænarskrá sú, sem eg hefi til flutnings, ekki á það, að hann sè víða; hún fer að eins fram á það, að menn rannsaki, hvort hann sè þar sem menn eru hræddir um að hann sè. Sè kláðinn á mjög fáum stöðum, þá er það gott, og þá þarf því minni fyrirhöfn fyrir að rannsaka, hvar

hann sè, og fyrir því, að útrýma honum; en sè hann á fleiri stöðum, verður fyrirhöfnin meiri, en þá er því og meiri ástæða fyrir því, að þessi rannsókn sè gjörð. Menn vita ekki með fullkominni vissu, hvar kláðinn er nú, eða hvar hann er ekki, en hræðslan um það, að hann sè á ýmsum stöðum, er mjög almenn, og því vil eg, að hver hreinsi fyrir sínum dyrum; það væri einnig mjög æskilegt fyrir sjálft stiptamtið, að þessi geigur hyrfi; eg efast ekki um, að stiptamtið hefir gjört allt það, sem því eptir kríngumstæðum hefir verið unnt að gjöra í þessu máli, og mun því láta sèr annt um, að þessi geigur hverfi sem fyrst. Áður hefir kostnaðurinn við lækníngarnar verið goldinn af því opinbera, en bænarskráin frá þíngvallafundinum fer fram á, að framvegis skuli fjáreigendurnir borga kostnaðinn sjálfir, og mèr getur ekki annað fundizt, en að það sè í alla staði rètt, því mèr sýnist þeim hafa verið borgað nógu lengi fyrir að lækna sitt eigið fè, og eru nú ekki of góðir til þess, annaðhvort að lækna upp á sinn eiginn kostnað fè sitt eða þá að skera það. Að því sem snertir áhuga og alúðarleysi það, sem *konúngsfulltrúi* gat um að landsmenn hefði sýnt við lækníngarnar, þá er það hverju orði sannara, en menn hefir híngað til ekki skort reglur fyrir því, hvernig skyldi útrýma kláðanum, heldur ötula og öfluga framkvæmd, og vona eg, að kraptur stiptamtsins til framkvæmda minnki ekki við það, að það er stutt í þeim af tillögum alþíngis og ósk almennings; það þarf ekki allt fyrir það að sleppa sinni upphaflegu stefnu, en menn mega ekki lofa trössum og slóðum að vekja óánægju og úlfúð milli landsmanna og eyða hinum helzta og bezta bjargræðisveg manna á þessum fáliðaða og fátæka hólma. Nú hefi eg bent á það, sem eg óska að verði framgengt í þessu máli; geti það orðið án þess nefnd sè kosin í því, að þíngið snúi sèr til stiptamtmanns, eins og bænarskráin fer fram á, er eg ekki harður á því, að nefnd sè kosin; að öðrum kosti óska eg og ræð til, að nefnd sè sett í málið.

Stefán Jónsson: Síðan eg kom suður, hefi eg átt tal við marga menn og spurt þá um ástand kláðans hèr í Suðurumdæminu, og hefi eg þá fundið, að meiníngar manna um það eru mjög deildar, sumir segja, að hann sè mjög lítill, aðrir aptur á móti, að hann sè talsverður víða enn þá; eg álít því, að það sè óskaráð, að þíngmenn úr hinum grunuðu hèruðum segði frá ástandinu, svo menn fái vissu um það, hvernig ástandið er. Auk þessa er eg hræddur um, að ef að eins ein nefnd verður valin til þess að

segja álit sitt bæði um þingvallabænarskrána og hinar bænarskrárnar í kláðamálinu, muni tíminn dragast um of og tefjast fyrir framkvæmdunum, og vil eg því stínga upp á því, að þingið samþykki nú þegar bænarskrána frá þingvallafundinum, svo að amtmanni gæti orðið skrifað um þetta mál sem allrafyrst.

Forseti: Eg vil leyfa mèr að vekja athygli þingsins á því, að mèr finnst engi þörf á því og ekki ráðlegt, að þingmenn fari nú þegar að skýra frá hinum nýjustu kláðasögum, þess er og engi þörf, því menn hafa nóg að halda sèr til í því efni, en það eru orð og reglur sjálfra hinna konúnglegu erindsreka; þeir álíta sjálfir, að allt það fè sè sjúkt og grunað, sem hefir haft kláðann hið síðasta ár; til þessa geta menn haldið sèr og mega því álíta öll þau hèruð grunuð, þar sem kláðinn hefir verið á þessum síðasta vetri og vori, eins og alkunnugt er. En eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn sè mèr samdóma í því, að það sè ekki hollt og ekki til neins, á þessu stigi málsins, að fara að þylja upp og keppa um hin sèrstaklegu atriði þessa málefnis.

Jón Hjaltalín: Nú nú, við höfum þá, sè eg, fengið þenna blessaða draug aptur; þetta mál er nú komið fyrir þingið í 3. skipti, og allt er, þá þrennt er, en kláðinn er nú kominn hèr inn í dag með makalausri hægð, og er það, ef til vill, af því að það er sólskin í dag, og ætti því að vera hægt að kveða drauginn niður. Eg held reyndar, að of mikið sè gjört úr kláðanum núna; en það gjörir samt ekki neitt, því aldrei er of varlega farið. Menn ætti samt að fá að vita, hvernig stendur á kláðanum, sem menn halda að sè hèr núna, og þó sú saga kunni að verða löng, þá mega landsmenn sjálfir, er nú vekja máls á þessu af nýju, þola það. Annars held eg, að menn sè nú of hræddir við þenna gamla draug; ef hann er ekki til, þá er það gott, en sè hann til, þá vil eg segja, eins og Grettir sagði forðum: Látum oss sjá drauginn, og vil eg því styðja það, að nefnd sè kosin.

Stefán Eiríksson: Af því eg kom með bænarskrá frá Austur-Skaptafellssýslu þessu máli viðvíkjandi, þá ætla eg að leyfa mèr að tala fáein orð. Bænarskráin fer sum sè fram á, að allt sjúkt og grunað fè verði skorið niður í haust, eður þá, að fènu verði þröngvað saman á víst svið, og þar haldið fram lækningum, og vöktun á opinberan kostnað. Það er líka að sjá á auglýsingunni til þessa þings, að stjórninni sè ekki skýrt sem rèttast frá um kláðamálið, því hèrna stendur, »með því svo má álíta, eptir em-

bættisskýrslum, er komið hafa frá Íslandi, að sýkin sè nú gjörsamlega yfirbuguð«. Þetta sýnir nú ljóslega, hversu sennilegar eru sagnir embættismannanna til stjórnarinnar; að vísu var mèr ekki kunnugt, þá bænarskráin var samin í Austur-Skaptafellssýslu, hvort það var rètt, sem þar segir um sýkina, og því hefi eg leitað mèr upplýsíngar um það efni, og hefir þíngmaður Gullbríngusýslu sagt mèr, að kláði væri hèr víða uppi enn, og af þessu, sem eg hefi nú sagt, mæli eg fastlega með, að nefnd verði sett í málinu.

Guðmundur Brandsson: Eg hèlt reyndar, að eg mundi geta sloppið við það, að standa upp við þessa inngangsumræðu, sem mèr finnst vera orðin nógu löng, en eg neyðist til þess vegna þess, að eg verð að mótmæla því, sem hinn heiðraði þíngmaður Austur-Skaptafellssýslu bar upp á mig, að eg hefði sagt, að nú sem stæði væri hèr nóg af kláða; þetta hefi eg aldrei talað *(Stefán Eiríksson:* Jú), en eg hefi sagt, að hann hafi verið nokkur í vetur, er leið, og snemma í vor, en síðan að böð fóru fram, veit eg ekki, hvað honum liður. Um málið sjálft ætla eg ekkert að tala, og mèr finnst það yfir höfuð eiga mjög illa við að koma nú þegar með kláðasögur við inngangsumræðuna, eg held, að þær geti komizt að, þó seinna sè.

Ásgeir Einarsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja *forseta*, hvort eigi að kjósa 1 eða 2 nefndir til þess að íhuga þessi 2 málefni.

Forseti: Hinn konúngkjörni varaþíngmaður, sem er flutníngsmaður þíngvallabænarskrárinnar, hefir þegar stúngið upp á einni nefnd fyrir hvorartveggju bænarskrárnar, og önnur uppástúnga hefir ekki verið gjörð.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg vona, að engi verði svo ósvífinn, að mótmæla því, að fjárkláðinn sè enn til og uppi, þó að hvorki beri mikið á honum núna framan af sumrinu, eða hann sè hèrna rètt fyrir augunum á þíngmönnum. Annars hefir engi komið með eins sterka ástæðu, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, fyrir því, hver nauðsyn sè að kláðasvæðið sè þrengt, og grunaða fènu eytt, þar hann ber svo fast við trassadómi alþýðunnar; og hefi eg lengi þetta sagt, að þó kláðinn væri læknandi, þá gengi slíkt aldrei í verk, eins og hèr á stendur í þessu landi, hèr er ekki læknir i hverri krá og koti, eða sú samtaka hirðusemi, að ekki geti einhverstaðar einhver kláðaneistinn orðið út undan, en ekki þarf mikið til; hafi 2 lömb í fyrstunni kveykt þetta litla tjón, sem þetta land hefir beðið af kláðanum, þá mun kláðafèð (ef það er látið vera við

liði), seint verða svo læknað, að óhult sè í landi fyrir háska þessum, og eg álít það ókljúfanda og ofætlun fyrir nokkurt yfirvald, að hugsa til að koma slíku í verk eins og hèr á stendur, það verður því eina úrræðið, að þrengja kláðasvæðið og eyða kláðafènu með skynsamlegum ákafa, ef nokkuð á að gjöra.

Páll Melsteð: Eg stend einúngis upp, til þess að láta þá meiníngu mína í ljósi, að eg óska, að nefnd sè kosin í þetta mál; að öðru leyti er eg samdóma, að því er stefnu máls þessa snertir, hinum konúngkjörna varaþíngmanni. Eg hefi fengið frá kjördæmi mínu bænarskrá um þetta efni til þíngsins, og vil eg þess vegna fastlega mæla fram með, að nefnd verði kosin í málið.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal ekki vera langorður í þetta skipti, því eg stend einúngis upp til þess, að láta í ljósi þá ósk mína, að nefnd verði kosin í málið; og svo vildi eg og um leið þakka hinum hæstvirta *konúngsfull-trúa* fyrir upplýsíngar þær, er hann gaf í málinu, og einkum fyrir það er hann kvaðst hafa fallizt á, að verðirnir yrði settir, þrátt fyrir það þó ýmsir hefði orðið til þess að ráða honum frá því, eins og hann sjálfur sagði. Mèr finnst yfir höfuð því meiri ástæða til að þakka honum fyrir hans góðu undirtektir við málið núna, sem eg einkum þykist mega byggja þá von, að árangurinn gæti orðið einhver af meðferð þíngsins á því í þetta sinn, þar sem það eptir þeim að dæma má sýnast líklegra, að oss nú einmitt kunni að takast að koma oss saman um eitthvað verulegt í því við þann manninn, sem sjálfur hefir framkvæmdarvaldið í því; og vegna þessa finnst mèr því einnig meiri ástæða til þess, að nefnd sè kosin. En þar sem *konúngsfulltrúi* talaði einnig um trassaskap landsmanna og alúðarleysi við lækníngarnar, þar sem hann kvað nú jafnvel svo langt komið, að þeir eins og vildi láta kaupa af sèr hvert handarvikið við skepnur sjálfra sín, þá verð eg þó að leyfa mèr að spyrja hann að því, hverjum þetta ástand þá eiginlega upprunalega er að kenna? Hver er það, sem fyrst hefir fundið upp á því, að vera eins og að ala menn upp í slíkum trassaskap? hver annar, en einmitt þeir, sem fyrst tóku upp á því, og mig minnir það væri engir aðrir en hinir konúnglegu erindsrekar sjálfir — að fá menn með verðlaunum á lækníngarnar, sem aunars voru svo óvinsælar, af því flestir álitu þær mjög svo ónógar? Eg segi ei, að það hafi verið tilgangurinn, en þó mætti vel vera, að sumir hefði skilið þessa aðferð svo, sem menn nú væri farnir að kaupa þá til þess að lækna, og er slíkt mjög óhappalegt, því verður

ekki neitað; en þetta er ekki landsmönnum að kenna, heldur þeim, sem fyrst fundu upp á aðferðinni — það er það sem eg vildi taka fram út af því, sem *konúngsfulltrúi* sagði. Það er víst, að það er einkum skylda þíngsins, að sjá nú fyrir eptirtímanum, en mèr finnst þíngið þó einnig hafa fullan rètt til þess að skoða nú enn mál þetta frá rótum, og það því fremur sem eðlilegt væri, þó þetta þíng kynni að óska greinilegri upplýsínga, en enn hafa fram komið um það, hvernig því hinu mikla fè eiginlega hafi verið varið, sem ríkisþíng Dana lagði til útrýmíngar fjárkláðans hèr í landi; á því getur engi efi verið, að Danir gáfu fèð í hinum bezta tilgangi, en því síður er oss líka láanda, þó oss langi til, að það verði greinilega leitt í ljós, að því hafi einmitt verið varið á þann hátt, að þeir ei þurfi að iðrast örlætis síns, því það mundi eg heldur telja oss til meins en gagns. Þíngmaður Austur-Skaptafellssýslu gat þess og áðan, að stjórnin mundi ekki hafa verið sem bezt upplýst um málið, og því er ver og miður, að um það er ekki ugglaust; en að hinu vildi eg einnig leiða athygli þíngmanna, að það er ei að eins stjórnin, sem hefir verið illa frædd um málið; heldur hafa og hinar sömu tilraunir komið fram við allan almenníng, þar sem það t. a. m. síðast hefir verið sagt í útlendum blöðum, að kláðinn sè nú ei lengur, að minnsta kosti ekki á Suðurlandi, rètt eins og höfundurinn með þessum tvíræðu orðatiltækjum hafi viljað drótta því að mönnum á Norðurlandi, að þar kunni hann þó að vera — því það vita allir, að þetta er einmitt öfugt. Þetta þykir mèr mjög undarleg aðferð, og þó aldrei væri til annars, en til þess að upplýsa stjórnina og aðra viðkomendur um hið sanna ástand málsins, þá finnst mèr öll ástæða fyrir þíngið til að taka það til meðferðar, og nú þegar setja nefnd í því.

Jón Hjaltalín: Út af ræðu hins heiðraða þíngmanns, er nú mælti, vil eg leyfa mèr að gjöra honum nokkrar spurníngar: Í hvaða blaði hefir hann lesið þetta og hvar hefir það verið sagt, að ekki væri kláði á Suðurlandi? Þar næst vil eg leyfa mèr að spyrja, hvaðan veit hann það, að fènu, sem ætlað var til kláðalækníngaanna, hafi verið varið tortryggilega. Og loksins, hvaðan hefir hann þá vissu, að kláðalaust sè fyrir norðan? Mèr þætti gaman, að hann vildi leysa úr þessum spurníngum; en eg ætla ekki að gjöra sjálfan mig sekan í óþarfa lengíngu þíngræðnanna, þær þykja nú nógu langar samt.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vil þá ekki heldur lengja þíngræð-

urnar með því að svara þessum spurningum núna, þó eg geti það vel; en áskil mèr rètt til þess, að gjöra það á sínum stað við annað tækifæri, þó seinna verði, þegar málið aptur kemur fyrir.

Benedikt Sveinsson: Eg vil geta þess að eins, að mèr finnst, að umræðurnar um málið sjálft gangi mikils til of langt, og óska eg því, að nú sè þegar gengið til atkvæða um bænarskrá þá, sem eg hefi til flutnings, og að hún sè annaðhvort nú þegar tekin til nefndar eða þá hrundið frá þinginu.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, sem eg held að vel sè, þá er undirbúningsumræðu þessa máls lokið, og með því að eins hefir verið stúngið upp á einni nefnd, til þess að taka hvorartveggju bænarskrárnar til meðferðar, og engi hefir mótmælt því, vil eg álíta, að það sè samþykkt af þinginu að svo skuli vera, og vil eg biðja hina heiðruðu þingmenn að stínga upp á, hversu marga muni þurfa í nefndina.

Var þá bæði stúngið upp á 5 manna nefnd og 7 manna nefnd, og síðan 5 manna nefnd samþykkt með 15 atkvæðum.

Því næst voru þessir kosnir í nefndina:

Benedikt Sveinsson . . .	með	18 atkv.
Ólafur Jónsson	—	13 —
Arnljótur Ólafsson . . .	—	12 —
Gísli Brynjúlfsson . . .	—	10 —
Jón Hjaltalín	—	8 —

Síðan voru málin afhent hinum konúngkjörna varaþingmanni, er hlotið hafði flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur hið síðasta málefni, sem stendur á dagskránni, til inngangsumræðu og nefndarkosníngar; það er bænarskrá frá þingvallafundi, Húnavatssýslu, og 3 öðrum kjördæmum, áhrærandi *niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins,* og vil eg biðja hina heiðruðu skrifara þingsins að afhenda þingmanni Húnvetníinga málið til flutnings, því eg held, að bænarskráin frá hans kjördæmi sè einna fullkomnust og yfirgripsmest.

Ólafur Jónsson (les bænarskrá Húnvetníinga):

»Eins og það er sjálfsögð skylda, að allir fèlagslimir, hver eptir efnum og kríngumstæðum, beri þá byrði, sem þarfir fèlagsins útheimta, þá er það ekki síður eðlilegt, að þeir menn, sem til þess eru teknir, að hafa umsjón með innheimtu tillaganna, og útgjöldum fèlagsins, gjöri fèlagsmönnum greinileg skil fyrir reikníng-

um þeim, er þeir í því skyni hafa á hendi. Þessi skoðun hefir vaknað og glæðzt að því skapi sem meðvitund um eigið verð og réttindi hefir orðið ljósari, og hefir þessi sannleiki einnig rutt sèr til rúms hèr á landi á seinni tímum, og komið fram í ræðum og ritum. Samt virðist oss, að þessum kröfum tímans hafi verið gefinn of lítill gaumur. Til þess að færa sönnur á mál vort, ætlum vèr að sinni einúngis að minnast á alþíngistollreikníngana, sem í mörg undanfarin ár ekki hafa komið fyrir almenníngssjónir, og gjaldendur hafa orðið að láta sèr það lynda, að gjalda það, sem þeir hafa verið krafðir um, án þess að vita nokkuð um það, hvernig tolli þessum var varið, hvort hann var of lítill eður of mikill til lúkníngar alþíngiskostnaðinum, einúngis vissu þeir, að stjórnin hefði skipað svo fyrir, að hann ekki mætti safnast fyrir. Þar eð mönnum voru reikníngar þessir harðla ókunnugir, og höfðu við ekkert að styðjast, utan venjuna í gjaldheimtunni, þá var það engin furða, þó gjaldendur hnykkti við, er þeir voru á næstliðnu vori krafðir um 8 sk. af hverjum ríkisdal af fasteignarinntekt þeirra, sem yfirstígur samslags tollheimtu að undanförnu meir en um helmíng, og verður krafa þessi því óskiljanlegri, hvort heldur hún er borin saman við fjárhagslögin fyrir árin 1861—62 eður við þann alþíngistoll, er krafinn var 1860, því eptir eðli þessarar tollheimtu, og ákvörðuninni um innheimtu hans, átti tollurinn af fasteigninni að vera hèr um bil jafn fyrir bæði þessi ár. Hins viljum vèr ekki til geta, að stiptamtið hafi gleymt skyldu sinni, að vaka yfir því, að alþíngiskostnaðurinn ekki safnaðist fyrir, sízt þangað til að gjaldendum yrði, harðinda vegna, sem örðugast fyrir að lúka hann.

Að vísu höfum vèr þrátt fyrir þessa óvissu goldið hinn umtalaða toll eins og hann var af oss krafinn, af því vèr ekki vildum þverskallast gegn skipun yfirvaldsins; þó með þeim fyrirvara, að það, sem nú kynni vera um of krafið og borgað, komi fram við samslags gjaldheimtu á næsta eður næst eptirfylgjandi árum. Þessi fyrirvari er einkum sprottinn af því, að oss ekki hefir fullkomlega skilizt rèttlætíng stiptamtsins, er stendur þ. á. í »Íslendíngi« bls. 27—29, og líka hefir »Þjóðólfur« þ. á. bls. 97—100 fært með sèr sennileg rök fyrir því, að hún ekki sè byggð á sem beztum ástæðum, en vèr þykjumst hafa fulla heimtíngu á því, að oss sè gjörð greinileg skil fyrir því, hvernig alþíngistollinum er varið, eins og fyrir öðrum útgjöldum, er á oss hvíla.

Til að upplýsa það, sem oss er óskiljanlegt í þessu efni, og

til að fyrirbyggja skaðlega tortryggni meðal almennings, snúum vèr oss til yðar, heiðruðu alþingismenn, með þá bæn vora:

Að þèr eptir því, sem í yðar valdi stendur stuðlið til þess, að greinilegur reikningur yfir allt það, er jafnað hefir verið á landsmenn til lúkningar kostnaði þeim, er leitt hefir af alþingi, frá byrjun þess allt til þessa tíma, verði saminn og prentaður, og hið sama verði gjört eptirleiðis.

Á sýslufundi í Miðhúsum, 12. júní 1861".

(21 nafn).

Ólafur Jónsson: Eg skal ekki mæla margt með þessari bænarskrá, því eg vona, að allir sè á eitt sáttir um það, að von sè, þó gjaldendur vili vita, hvað gjört sè við gjald það, sem af þeim er heimtað, eða hvernig því sè varið. Eg skal að eins geta þess, að í Húnavatnssýslu guldu allir, það eg til veit, alþingistollinn í ár, þó með því skilyrði, að tillit skyldi hafa til þess við hina næstu niðurjöfnun, ef nú skyldi hafa verið goldið of mikið. Þannig er þetta mál þar í sýslu í bezta horfi, en því er miður, að svo mun ekki vera í öllum sýslum landsins, því sumstaðar munu menn hafa þverskallazt á móti gjaldinu og sumstaðar ekki goldið meira en helminginn, og er það slæmt, ef þessi trássun móti gjaldinu skyldi fara í vöxt og bændur sjálfir fara að skapa sèr, hvað mikið þeir gjalda. Eg vona, að þingmenn sjái af þessu, að þörf sè að setja nefnd í þetta mál, til þess að rannsaka það, og væri óskanda, að nefndin fengi alla reikninga í hendur, til þess að hún geti rannsakað það til hlítar, því ef reikningar fyrir alþingistollinum fást ekki, er mjög hætt við, að fleiri verði til að skapa sèr sjálfir, hvað þeir gjalda, og er þá komið í vesta horf, ef bændur fara eins og að setja sig upp yfir yfirvöldin.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, álít eg inngangsumræðu þessa máls lokið.

Leitaði *forseti* síðan atkvæða um það, hvort nefnd skyldi kjósa í málið, og var það samþykkt með 20 atkv. gegn 3.

Var þá stúngið bæði upp á 3 manna nefnd og 5 manna nefnd, og 3 manna nefnd samþykkt með 12 atkvæðum.

Síðan voru þessir kosnir í nefndina:

Sveinn Skúlason með 11 atkvæðum,
Ólafur Jónsson — 9 — og
Arnljótur Ólafsson — 8 —

Var málið þá afhent þingmanni Norður-Þingeyínga, er hlaut flest atkvæði.

Forseti: Dagskráin er þá á enda, og skal eg að eins geta þess, að eg hefi á þessum fundi fengið tilkynníngu um það, að í nefndinni, sem kosin var til þess að segja álit sitt um *konúnglegt frumvarp um illa meðferð á skepnum,* er *Benedikt Sveinsson* valinn formaður og *Jón Pètursson* skrifari, og í nefndinni um *breytíngu á tilskipun 18. febr. 1547 um fjárforráð ómyndugra* er sömuleiðis *Benedikt Sveinsson* valinn formaður og *Jón Pètursson* skrifari.

Síðan á síðasta fundi hafa mèr verið afhentar af þingmönnum eptirfylgjandi uppástúngur og bænarskrár:

1. Uppástúnga þingmanns Mýramanna um löggíldíngu Straumfjarðar til kauptúns.
2. Uppástúnga þingmanns Borgfirðínga um að danska þýðíngin á þíngræðunum verði af tekin.
3. Bænarskrá frá nokkrum stúdentum í Kaupmannahöfn, um lagaskóla.
4. Bænarskrá frá Múlasýslu, um fiskiveiðar útlendra.
5. — — Vestmannaeyjum um sama efni.
6. — — Kollabúðarfundi — — —
7. — — Þíngvallafundi — — —
8. — — Snæfellsnessýslu — — —

Forseti gat þess, að þessar uppástúngur og bænarskrár mundu verða lagðar fram á lestrarsalinn ásamt með útkomnum dönskum lagaboðum ásamt yfirliti yfir þau.

Þar næst afhenti *konúngsfulltrúi forseta* sem viðbót við hin dönsku lagaboð:

1. Auglýsíngu frá innanríkisráðgjafanum af 25. júlí 1860, áhrærandi skuldabrèf þau, er heyra til ríkisskulda konúngsveldisins.
2. Auglýsíng frá innanríkisráðgjafanum, um að rita nafngreindan eiganda að ríkisskuldabrèfum í bækur stjórnarinnar.

Forseti: Að því er snertir dagskrána á morgun, þá mun uppástúnga varaþíngmannsins úr Barðastrandarsýslu, um bænarskrárnefnd, og uppástúnga þingmanns Borgfirðínga um prentun alþíngistíðindanna koma þá til umræðu; er verið að prenta báðar þessar uppástúngur, og munu þær verða sendar til þíngmanna seinna í dag.

Þar næst ákvað *forseti* fund næsta dag, laugardaginn 6. júlí kl. 4 e. m.

Fundi slitið.

Fimmti fundur — 6. júlí.

Allir á fundi, nema hinn 2. konúngkjörni þingmaður, er hafði skýrt *forseta* frá sjúkdóms-forföllum sínum.

Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg leyfa mèr að geta þess, að frá hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* hefi eg nú meðtekið þessi álitsmál, sem hann hefir látið útleggja.

1. um spítalahlutina á Vestmannaeyjum og
2. um laun málaflutníngsmanna við yfirdóminn.

Því næst skal þess getið, að nefnd sú, er kosin var í *fjárkláðamálið,* hefir tilkynnt mèr, að hinn konúngkjörni varaþingmaður væri kosinn til formanns í nefnd þessari, en til skrifara þingmaður Borgfirðínga. Þá hefir skrifari þingsins, þingmaður Reykjavíkur, afhent mèr skjal *um að mega losast við þingskrifara-störfin,* og skal eg leyfa mèr að lesa það upp, þannig hljóðanda:

»Samkvæmt hèr með fylgjanda læknisattesti bið eg hinn heiðraða *forseta* alþíngis, að bera það upp að nýju fyrir þingið, að það losi mig nú þegar við skrifarastörf þau á þínginu, sem það kaus mig til á hinum fyrsta fundi þess.

Reykjavík, 6. júlí 1861.

Halldór Kr. Friðriksson“.

Þessari beiðni þingskrifarans fylgir vottorð landlæknisins um heilbrigðisástand beiðandans, sem eg einnig skal leyfa mèr að lesa upp, þannig hljóðanda:

»Samkvæmt beiðni skólakennara herra *Halldórs Kr. Friðrikssonar* hefi eg nákvæmlega skoðað hann, eins og líka mèr sem lækni hans er kunnugt um heilsufar hans, og get eg vitnað það, að hann hefir veikt brjóst og hefir að undanförnu veiklað sig með of miklum kyrrsetum, og með því mèr nú enn fremur er kunnugt, að hann um þíngtímann hefir að gegna talsverðum skriptum, er snerta

embætti hans, er það álit mitt, að hann alls ekki geti gegnt skrifarastörfum við þingið, nema með áhættu fyrir heilbrigði sína.

Reykjavík, 6. júlí 1861.

Jón Hjaltalín“.

Eins og hinir heiðruðu þingmenn hafa heyrt, óskar þingskrifarinn að mega losast við þenna starfa sinn *nú þegar*; skal eg því bera það undir hið heiðraða þing, hvort mál þetta skuli nú þegar koma til umræðu og atkvæðagreiðslu, eður þingið vili, að skjölin sè lögð fram á lestrarsalinn og bíði úrslita til næsta fundar.

Arnljótur Ólafsson: Mèr virðist sjálfsagt að fresta málinu til mánudags, því það er vonanda, að fyrst sunnudagur er að morgni, þá geti hinn heiðraði skrifari gegnt skrifarastörfum á morgun og fram eptir mánudeginum, nema landlæknirinn álíti heilsu hans svo bágstadda, að ekki megi fresta því án þess maðurinn kostist.

Jón Hjaltalín: Eg verð að segja það, að mèr virðist ræða hins heiðraða þingmanns, er síðast talaði, naumast eiga við; það vita allir, að sunnudagur ekki er virkur dagur fyrir þingið, en hèr er ekki um neitt spaug að gjöra, hèr er tal um mann, sem, þó hann sè embættismaður, ekki er betur launaður en svo, að hann þarf að vinna baki brotnu til að geta haft ofan af fyrir sèr og sínum; að þetta sè satt, er eg viss um að flestum þingmanna mun fullkunnugt, og mèr sem lækni hans er það einnig kunnugt, að heilsa hans sem brjóstveiks manns ekki leyfir honum miklar skriptir yfir krapta hans. Eg vona þess sè ekki ofkrafizt af hinum heiðruðu þingmönnum, þó þeir ekki rengi mig um, að eg gefi vottorð mín sem læknir eptir beztu samvizku minni, og þó þeir sýni meðlimum þingsins ofurlitla nærgætni og »Humanitet«; en það er ekki nærgætni að ofhlaða þann mann með störfum, sem ekki hefir heilsu til þeirra, og sem þess utan vegna embættis síns og annara starfa, sem honum eru nauðsynlegir til lífsins viðurhalds, hefir fullt í fángi.

Guðmundur Brandsson: Út af þessari beiðni hins heiðraða þingmanns Reykjavíkurbæjar, og út af því, er hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður nú sagði, skal eg leyfa mèr að spyrja um, hvort eigi að gánga fyrir, þingskrifarastörfin, eður önnur skrifarastörf, sem þingmaðurinn kann að hafa tekið að sèr fyrr eður seinna. Eg álít, að sè þingmaðurinn ekki vegna heilsuleysis fær um að gegna þeim skyldum sínum, sem þingmaður að hafa skrifarastörf þau á hendi, sem þingið hafði kosið hann til, þá sè mikið efa-

mál, hvort hann er fær um að sitja á þingi þessu, og verði það því að koma til álita jafnframt hinu.

Halldór Kr. Friðriksson: Þegar eg tók að mèr kosninguna til þingmanns, gekkst eg aldrei undir, að segja af mèr embætti mínu, enda hvorki bjóst eg við að þurfa þess, nè heldur bar nokkur það upp; en það er einmitt vegna starfa minna, sem kennari hèr við skólann, að eg biðst undan skrifarastörfunum.

Jón Hjaltalín: það er líka tvennt ólíkt að draga sig í hlè frá hinum almennu störfum þingsins, eða hlífa sèr til að falla eigi fyrir ofurborð; þetta seinna verður hver maður að gjöra, þegar hann finnur, að kraptarnir eigi leyfa of mikla áreynslu; en þá sannfæringu hefi eg, að maður sá, er hèr um ræðir, eigi skorist undan neinum störfum, er hann sèr sèr eigi of vaxið.

Forseti: Þar eð mèr ekki heyrist hinn heiðraði skrifari vera fastur á því, að fá mál þetta útkljáð nú þegar í dag — *(Halldór Kr. Friðriksson:* Jú, eg er fastur á því) — nú jæja! þó það að vísu mætti æra óstöðugan, ef þingmenn dag eptir dag gæti komizt upp á að afsaka sig frá störfum þeim, er þingið felur þeim á hendur, skal eg samt, fyrst þess er óskað, bera undir hið heiðraða þing hvort málið skuli nú þegar tekið til umræðu, eður því skuli frestað til næsta fundar.

Var síðan til atkvæða gengið, og var það samþykkt með 15 atkvæðum gegn 7, að fresta skyldi málinu til næsta fundar.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá þessu næst til *nefndarkosningar konúnglegt álitsmál um hvaða lagaboð* af *þeim, sem út hafa komið í Danmörku 1859 og 1860, ætti* að *löggilda hèr á landi,* og virðist mèr, að ætlunarverk nefndarinnar geti nú eigi annað verið, en að benda stjórninni á, hver lagaboð hún álíti eiga við hèr á landi, svo stjórnin síðar gæti lagt þau fyrir þingið sem frumvörp, og skal eg því einúngis biðja þingmenn að stínga upp á, hversu marga skuli í nefndina kjósa.

Var síðan stúngið upp á 3 manna nefnd, og þar engi mótmælti því, var til atkvæða gengið og í nefndina kosnir þessir 3 menn.

Jón Pètursson með 19 atkv.
Páll Sigurðsson — 11 —
og *Páll Melsteð* og
Benedikt Sveinsson hver um sig með 9 atkv.,

en aldur rèð, og varð því *Páll Melsteð* nefndarmaður. Voru síðan skjöl málsins afhent hinum 4. konúngkjörna þingmanni.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til umræðu *uppástúnga varaþingmanns Barðstrendínga um að kjósa þingnefnd* til þess að hugleiða bænarskrár þær, er til þingsins koma, áður en þær væri bornar upp á fundi og nefnd í þær kosin; eg hefi látið prenta uppástúnguna, og vona eg hver hinna heiðruðu þingmanna hafi hana fyrir sèr, og þar mál þetta virðist að vera innanþingsmál, álít eg eina umræðu nægja.

Var síðan uppástúngan afhent uppástúngumanni, varaþingmanni Barðstrendínga.

Benedikt Þórðarson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp uppástúngu mína, þannig hljóðandi:

»Það mun að ýmsu leyti þörf, að breyta nokkuð vanalegum þingsköpum vorum til fljótari og betri afgreiðslu málanna. Í þessu skyni stíng eg hèr upp á því, að þingmenn kjósi 7—9 manna nefnd, og fái henni í hendur til meðferðar og athuga allar þær bænarskrár og uppástúngur, er koma til þingsins. Við þetta ætla eg það mundi vinnast, að inngángsumræður málanna, þegar þau kæmi frá nefndinni aptur inn á þingið, þyrfti litlar og jafnvel engar að verða í öllum málefnum þeim, er nefndin kæmi sèr saman um, að þinginu bæri að taka til meðferðar, heldur að undir eins yrði kosnar nefndir í þeim. Menn þeir, er í nefndinni væri, kynntist þar málunum, og yrði þau þeim því miklu aðgengilegri eptir en áður, líka mundi í flest málin einhver úr nefndinni verða í þau kosinn, og kæmi hann þar að kunnugur, og gæti slíkt flýtt og lètt starfa nefndanna við samníng nefndarálitanna. Svo fljótt sem verður, skal nefndin koma inn á þingið öllum þeim bænarskrám, er hún samþykkir og álítur viðtökuverðar af þinginu — að þingstörfin ekki tefist. En um bænarskrár og uppástúngur, er nefndin vill vísa frá þinginu, semi hún stutt og greinilegt álit sitt með ástæðum fyrir frávísuninni, er hún ber undir atkvæði þingsins; líka skulu flutnings- og uppástúngumenn þeirra mála eiga kost á, að mæta við nefndina til þess að apturkalla málið, líki þeim svo betur, en að því sè skotið undir atkvæði þingsins.

Reykjavík, 2. júlí 1861.

Benedikt Þórðarson.

Benedikt Þórðarson: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um uppástúngu þessa, og það því síður, sem hún mun orðin kunnug þingmönnum, þar sem þeir hafa hana prentaða í höndum sèr. Með henni, eins og hún sýnir sjálf, hafði eg þann tilgang, að komið yrði í veg fyrir óþarflega langar inngangsumræður málanna, og jafnvel að í sumum málum þyrfti þær engar að verða; menn vita, að inngangsumræður hafa opt tekið upp langan tíma fyrir þingmönnum og það eins í málum, er ekki hafa orðið tekin í nefndir; reynslan hefir þráfaldlega sýnt, að opt hafa spunnizt langar umræður út úr lítilfjörlegum málefnum, sem á endanum þó hafa verið felld, og gjörir þetta hæði tímatöf og eykur kostnað. Oss getur rekið minni til þess, hversu þetta gekk á síðasta þingi; það gekk þá svo, að *konúngsfulltrúi* nokkrum sinnum áminnti þingmenn um, að gæta sín framvegis við slíku, og voru það heilræði.

Guðmundur Brandsson: Eg verð nú að lýsa yfir því áliti mínu, að eg held lítið eður ekkert vinnist við, að uppástúnga þessi sè til greina tekin. Hèr er stúngið upp á nefnd, og er sjálfsagt meint föst nefnd, sem standi allt þingið. Eg er nú mjög hræddur um, að nefnd þessi fái nóg að gjöra, því víða frá drífa að bænarskrár, og þegar nú jafnvel er gjört ráð fyrir, að einmitt sömu mennirnir eður í öllu falli nokkrir af þeim, sem í þingnefndinni eru, yrði kosnir í nefndir inn á þingið, þá er eg hræddur um, að þeir mennirnir, sem verða fyrir kosníngu í þingnefndina, komist að keyptu, og þegar nú aptur á hinn bóginn er litið til þess, að eptir að þessi nefnd er búin að fjalla um bænarskrárnar, á aptur að fara að ræða um þær á þingi, og taka álit hennar til nýrrar inngangsumræðu, og er þá óvíst, hvort álit nefndarinnar stendur eða fellur. Svo eg efast um, að þetta stytti inngangsumræðurnar, en er sannfærður um, að það einmitt lengir þær. Nefnd sú, er samkvæmt uppástúngunni yrði kosin, gæti aldrei orðið fjölmennari en 7 eða 9 manna nefnd, og sè eg enga ástæðu til að treysta 7 eður 9 mönnum betur til að sjá galla eður gæði á einhverri bænarskrá, heldur en *öllu* þinginu saman. Þá er það enn athugavert, að opt vill það vilja til, að dvelist fyrir nefndum að afgreiða málin, og svo gæti farið fyrir þessari nefnd, og er það því í stuttu máli mín meining, að uppástúnga þessi, hversu vel sem hún er meint, engan veginn flýtti fyrir umræðunum, heldur einmitt þvert á móti, og verð eg því með öllu að vera henni mótfallinn.

Jón Hjaltalín: Eg verð nú að segja það, að eg er öldúngis

samdóma hinum heiðraða þingmanni, er nú settist niður, í því, að uppástúnga þessi eigi að fellast, hún er ein af þessum uppástúngum, sem eru rètt til þess að þóknast almenníngi, hún er svo yfirburða sviplík einhverju, sem eg núna á lestrarsalnum hefi sèð eptir einhvern norðlenzkan postula, en eg segi fyrir mig, að mèr finnst þíngið ætti ekki að ala alþýðu upp í því, að koma til þíngs með þessar og aðrar eins uppástungur eða bænarskrár. Eg er sannfærður um, að hver þíngmaður gjörir það, sem hann getur eptir beztu sannfæríngu sinni, og meira verður ekki krafizt, meira getur þjóðin ekki heimtað. En að koma almenníngi upp á, að setja þíngið á knè sèr eins og barn, sem menn eru að kenna að stafa, og ætla að segja því til síðanna, virðist mèr heldur óráðlegt, því hver veit nema menn færi þá að færa sig upp á skaptið og vildi á endanum fara að brúka vöndinn eða eitthvað því um líkt. Hann er mikið góður blessaður sparnaðurinn, það veit hamíngjan! en geti landið ekki borið alþíngiskostnaðinn eða hèr um bil 6000 rd. árlega, þá er skárra að hætta hreinlega við þíngið í tíma, heldur en, meðan það á að heita að standa, að gjöra það að nokkurs konar þeytispjaldi fyrir alþýðu. Uppástúngan sjálf er að öðru leyti þannig löguð, að auðsjáanlegt er, að verði hún tekin til greina, er það einúngis til að tefja fyrir. Við vitum allir og höfum opt til þess fundið, að við erum fáliðaðir og sinn úr hverri áttinni, og hvernig getum við nú búizt við, að í nefnd þessa, sem upp á er stúngið, gæti orðið kosnir þeir menn, sem væri öllum bænarskrám víðs vegar frá kunnugir? slíkan kunnugleika getum vèr engan veginn fengið, nema með því að velja úr *öllu* þínginu, og verður hann þó enda stundum næsta lítill, og mundi því nefndin, sem upp á er stúngið, lítið, já alls ekkert, flýta fyrir, heldur jafnvel einmitt hið mótsetta. Eg verð því með öllu að vera á móti uppástúngu þessari, og því, að nefnd verði sett í henni.

Páll Sigurðsson: Eg verð að vera samdóma þeim heiðruðu þíngmönnum, sem mælt hafa móti uppástúngu þessari, og það af þeim ástæðum, að eg fyrir það fyrsta álít, að hún muni seinka í stað þess að flýta málunum, og fyrir það annað, af því mèr virðist uppástúngan vera á móti alþíngistilskipaninni, og svipta alþíngismenn rètti þeim, sem þeir eptir alþíngistilskipaninni hafa, til þess að bera fram bænarskrár frá kjósendum sínum.

Forseti: Þetta virðist mèr misskilníngur á uppástúngunni, því eptir henni er ekki farið fram á að nefndin ráði því, hvort bænar-

skrár þær, er til þingsins koma, nái inngöngu á þingið eður eigi. Nefndin á einúngis að segja fáort álit sitt um bænarskrárnar og þar með reyna að lètta fyrir þinginu með að skera úr, hvort þær sè þess verðar, að þær sè teknar til meðferðar eður eigi, og gengst þetta við í öðrum löndum, að þær sömu nefndir, hinar svo kölluðu *„Petitions-Committeer“* eru við hafðar, en þrátt fyrir álit nefndarinnar er sjálfsagt, að þingið eins ræðir málið til inngangsumræðu, og ræður öllum málalyktum.

Benedikt Þórðarson: Þar eð eg heyri, að engi þingmanna mælir uppástúngunni líknarorð, er mèr ekki svo sárt um hana, að eg vili fara að lengja þingræðurnar hennar vegna, og óska eg því, að til atkvæða sè gengið um hana nú þegar.

Arnljótur Ólafsson: Það er fulikomlega satt, sem hinn heiðraði *forseti* sagði, að bænarskrárnefndir hafa átt sèr stað á ráðgefandi þingum ytra, þótt þær nú ekki lengur eigi sèr stað. Tilgang uppástúngunnar verð eg að virða vel, því hann er sá, að flýta fyrir; en eg er sannfærður um, að sá tilgangur ekki vinnst með uppástúngunni. Það er nú orðin föst venja, að allar bænarskrár, sem til þingsins koma, eru afhentar *forseta,* sem flokkar þeim niður, og gjörir hann því mest af því, er nefndin á að gjöra, svo að hún hefir ekki annað eptir að gjöra, en að segja álit sitt um þær, því samkvæmt 59. gr. alþingistilskipunarinnar hefir hver þingmaður ekki einúngis rètt, heldur er og skyldur til að flytja bænarskrár þær, er kjósendur hans hafa fengið honum meðferðis, og verður hèr því sá eini munurinn, að þegar bænarskráin af nefndinni verður borin upp á þinginu, geta umræðurnar snúizt að áliti nefndarinnar um bænarskrána, í staðinn fyrir um sjálfa bænarskrána, og með því að flutníngsmaður mun eins eptir sem áður álíta sèr skylt að mæla fram með bænarskránni, þá verður sama þráttan og áður um, hvort taka skuli bænarskrána til meðferðar eður eigi. Eg verð því að vera uppástúngunni mótfallinn, þótt eg viti hún sè vel meint.

Halldór Kr. Friðriksson: Vill nú ekki hinn heiðraði uppástúngumaður, að dæmi hins heiðraða þingmanns Borgfirðínga í gær, taka aptur uppástúngu sína, og það því fremur, sem hún ekki hefir neinn dilk í eptirdragi, eins og uppástúnga þingmanns Borgfirðínga hafði, svo þingmaðurinn þarf því eigi að vera hræddur um, að hann missi af honum á heimleiðinni.

Benedikt Þórðarson: Hafa skal heil ráð, hvaðan sem þau koma, og tek eg uppástúnguna aptur.

Forseti: Þar eð uppástúngumaður er frá fallinn að fylgja uppástúngu þessari fram og taki engi hinna heiðruðu þingmanna hana að sèr, þá er hún fallin.

Samkvæmt dagskránni koma þá til umræðu þær 2 bænarskrár *um að stytta alþingistíðindin,* eg hefi sett báðar bænarskrárnar, þá að vestan og þá frá Þingvallafundinum, saman á blað, sem eg hefi látið prenta, en þingmenn geta, ef vill, eins fyrir það rætt hverja út af fyrir sig.

Voru síðan skjöl málsins afhent flutníngsmanni, varaþingmanni Barðstrendínga.

Benedikt Þórðarson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrárnar þannig hljóðandi:

»Hèr með leyfum vèr oss, að vekja athuga hins heiðraða alþingis viðvíkjandi þeim mikla kostnaði, er land vort hefir borið og hlýtur að bera sökum alþingisins. Vèr heiðrum alþingið og viljum ekki missa það, en vèr viljum — og það er skylda þingsins — að það í öllu sem einu gæti jafnt sóma síns og hagsmuna vorra; vèr neitum því ekki, að alþingið hafi þetta gjört og víst viljað gjöra, enda hefir því töluvert ágengt orðið landi voru og þjóð til frama, en þó er sem oss virðist, að einkum hið síðast haldna alþingi vort hafi jafnvel meira unnið með kappi en forsjá; þetta er þó bezt hvað með öðru. Þíngtíðindin sýna oss ljósast, hversu mikinn starfa þingmenn höfðu, og hvað mörg mál þeir höfðu til meðferðar og leiddu til lykta; mál þessi virðast oss misjafnlega nauðsynleg, en leggjum þar þó ekki til, og virðum góðan vilja og framkvæmd þingsins. Þíngtíðindin sýna oss líka, hversu erfitt þingmenn gjörðu sjálfum sèr þínghaldið með kappmálum og hinni óþreytandi margmælgi sinni, optlega — að oss virðist — til lítils þarfa. Loksins sýna þíngtíðindin oss, hvílíks fjárframlags þau krefja af landsmönnum, og það er beinlínis þetta atriði, er einkum þarf umbóta við, því sè það satt, að ritstarfa- og prentkostnaður þíngtíðindanna 1859 orðið hafi 2,700 rd., þá er slíkt óhæfa mikil og ekki þolanda, og hèr á móti því minna í aðra hönd landsmönnum, þar sem tíðindin eru, sem meiri mark- og endileysum er í þau hrúgað, við hvað þau verða almenníngi ómeðfærileg, ógreinileg, óviðfelldin og óvinsæl, og lakast af öllu, að þau gjöra, svo löguð, sitt til þess, að rýra ást og virðíngu þjóðarinnar á alþínginu, og þá er nú komið í horfið — en ekki þó rètta horfið. Oss virðist það beinlínis

á móti alþingistilskipuninni frá 8. marz 1843, að haga tíðindunum þannig, eins eg hèr er gjört. Þar segir í 78. gr.: »Til þess að allt verulegt *(det Væsentlige)*, er fram fer á alþingi, geti orðið almenníngi kunnugt o. s. frv«. Þetta orð *verulegt* sýnir ljóslega, að löggjöfin leyfir ekki, að neitt sè prentað í þingtíðindunum, nema það, sem markvert og nytsamt er. Í sömu grein er boðið, að kjósa tvo þingmenn, til að semja *(til Udarbeidelse)* þingtíðindin; orðið *semja* sýnir, að þeir eiga að velja úr þetta *verulega*, og regla það niður; þeir semja ekki tíðindin, eins og hèr er þó boðið, þótt þeir sè umsjónarmenn þess, að allt verði prentað illt með góðu, er þinginu á einhvern hátt við kemur. Vèr teljum það efunarmál, hvort tölur þingmanna, eða nokkuð það, er þingsköpum við víkur, eigi að skiljast undir þessu *verulega* í löggjöfinni; vèr ætlum það naumlega vera, heldur að eins málefnin sjálf, framganginn og úrslit þeirra. Vèr ætlum tíðindin bezt mundu samsvara löggjöfinni, að þau innihèldi einúngis hin konúnglegu frumvörp og auglýsingar frá stjórninni; því næst uppástúngur og bænarskrár frá þjóðinni og þingmönnum, ýmist orðrètt, eða þá í ágripi; nefndarálitin í málunum, atkvæðaskrárnar og atkvæðagreiðsluna, og að síðustu álitsskjöl eða bænarskrár til konúngs. Allt þetta er það verulega, er fram fer á þinginu, og það á og þarf að prentast í þingtíðindunum. Væri nú ekki öllu meira borið í þingtíðindin, en þetta, þá mundi landinu þar með sparast um helming við það, er síðast var, og þykir oss það heldur hagræði, ef svo yrði, og þó fengjum vèr þingtíðindin oss hagfelldari eptir en áður.

Ræður þingmanna, þó margt nýtilegt geti í þeim fundizt, ætti ekki að prentast í þingtíðindunum, nema, ef sýndist, í örstuttu ágripi, er þingmenn þá sjálfir ritaði eptir sèr, og fengi tíðindanefndinni til hliðsjónar við samníng tíðindanna; við þetta hyrfi aukaskrifararnir úr þingsalnum, svo ekki þyrfti menn að launa þeim, og væri það líka sparnaður.

Vèr fulltreystum því, að þótt alþingi vor að undanförnu hafi tekið áminnzta lagagrein í talsvert rýmri skilníngi, en vera ber, að alþingi vort nú í sumar ekki gjöri það, heldur lagi sig eptir löggjöfinni og þörfum vorum, og þá kosta þingtíðindin landið margfalt minna, en verið hefir, en verða landsmönnum þó mikið kærari og hagfelldari, og þess þurfa þau sannarlega við.

Samþykkt á frjálsum fundi að Kollabúðum, 17. júní 1861.

Torfi Einarsson
varaforseti".

»Ágrip af bænarskrá frá Þingvallafundi um alþingiskostnaðinn, dags. 27. júní, 1861.

Á frjálsum fundi að Þingvöllum við Öxará var borin upp uppástúnga frá hèraðsfundi Árnesínga um, að fundurinn tæki til íhugunar og umræðu málefnið um kostnað þann, er leiddi af alþíngí, og að sá kostnaður yrði hèr eptir minnkaður, og jafnframt um niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins, er hefði valdið almennri óánægju meðal landsmanna.

Fundurinn tók málefni þetta til meðferðar í einu hljóði, og kaus 3 manna nefnd, til að rita um það álit sitt; var það síðan ítarlega rætt á kveldfundi í dag, og samþykkti fundurinn, að rita alþíngi bænarskrá um málið, og skora á þíngið, að taka það til meðferðar, og taka þar við til greina og úrslita eptirfylgjandi atriði:

1. — — —
2. Að sleppt verði hèr eptir prentun allra þíngræðna, nema inngangsumræðu þeirra mála, sem felld eru á þíngi.
3. — — —

Á frjálsum fundi að Þingvöllum við Öxará, 27. júní 1861.

Jón Guðmundsson. Arnljótur Ólafsson. Jón Jónsson. J. P. Melsteð".

Benedikt Þórðarson: Eins og menn sjá, stefna báðar bænarskrárnar í sömu átt, og skal eg ekki fara um þær mörgum orðum, og það því síður, sem mèr virðast þær tala fyrir sèr sjálfar, og hèr einúngis er spurníng um, hvort nefnd skuli kjósa eður eigi.

Jón Hjaltalín: Bænarskrár þessar gjöra nú á mig öldúngis sama áhrifið og uppástúngan áðan; þær ganga út á það gamla að spara og spara við þíngið og skamta því úr hnefa; Íslendíngum væri nær að brúka færri skildínga í brennivín, svo þeir gæti staðizt við að leggja nokkuð á borð með alþíngi. Við verðum að gjalda varhuga við því að koma ekki alþýðu upp á, að fara með okkur eins og börn eða smaladrengi sína, sem hlaupi eptir öllum innblæstri alþýðunnar, hvað vitlaus og meiðandi sem hann er. Þíngið verður að hafa svo mikla virðíngu fyrir sjálfu sèr, að það finni til sóma síns gagnvart ósæmilegum bænarskrám, hvaðan sem þær koma, hvort sem lýðnum líkar það ver eða betur. Þíngið skal sanna, að fái þeir núna fyrst fram þenna sparnaðinn, fara þeir má ske síðan að spara meira og meira, og má ske loksins spara sèr allt þíngið; það tjáir því ekki að gefa svig á sèr, og að öðru leyti virðast mèr bænarskrárnar ekki vel hugsaðar; því þó margt kunni

að vera á þessu þingi miður en skyldi, sumt, sem hèr er talað, óþarfi, og sumt má ske ekki sem rèttast, þá er víst ekkert þing svo, að ekki sè pottur brotinn með þetta, en landsmenn hèr, eins og hvar annarstaðar, hafa þó ætíð gagn og hljóta að geta lært eitthvað af því að sjá, hvernig aðrir hugsa og tala. Eg er samt engan veginn móti nefnd, heldur þvert á móti með henni, því eg vil láta mál þetta verða vel íhugað, svo því verði hrundið með nægum rökum, og alþýða geti sèð skýr og góð rök fyrir því. Hugsunarháttur sá, sem nú er farinn að komast iun hjá þjóðinni, lýsir sèr í bænarskrám þessum, og er hann eigi nærri góður, ef hann fer að þroskast. Eg vil nefnd og hana stóra, t. a. m. 7 manna nefnd.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg verð nú strax að lýsa yfir því, að enda þótt þingmaðurinn, sem seinast talaði, hafi mælt með nefnd í þessu máli, þá sè eg ekki neina ástæðu til að nefnd sè kosin í það, heldur vil eg, að það sè nú þegar til lykta leitt. Væri farið að setja nefnd í málið, held eg það yrði einasta til þess að tefja fyrir byrjun á prentun þingtíðindanna. Eg skal að öðru leyti leyfa mèr hreinlega að mótmæla því, að orðatiltæki þau, er fyrir koma í bænarskránni að vestan, önnur eins og t. a. m. þessi, »að þingtíðindin sökum mark- og endileysna, er í þau sè hrúgað, verði almenníngi ómeðfærileg, ógreinileg, óviðfelldin og óvinsæl, og rýri ást og virðíngu þjóðarinnar á alþínginu«, sè sprottin af almennum hugsunarhætti þjóðarinnar; því þetta er alls ekki svo — það eg til veit; mönnum þykja þingtíðindin löng, það er satt; en að menn fyrir það missi »ást« og »virðíngu« á þínginu, það ætla eg sè alveg ósatt.

Að því er því næst snertir það atriði, er bænarskráin getur um, að aukaskrifararnir hyrfi af þínginu, ef hætt væri að prenta þingræðurnar, svo þannig sparaðist töluvert fè, þá gæti þetta þó aldrei átt sèr stað eptir mínum skilníngi, því ekki mundu þó líklega allar skriptir hætta fyrir það, þó hætt væri að prenta þingræðurnar, og sparnaðurinn, sem því, þegar á allt er litið, gæti unnizt við þetta, held eg sè varla svo stór, að haun gæti dregið landsmenn nokkuð til muna.

Guðmundur Brandsson: Eg vildi helzt, að þegar væri gengið til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa eður ei, og vildi heldur að nefnd yrði kosin, því eg er hræddur um, að teigzt geti töluvert úr umræðunum, ef málið ætti að ræðast til lykta nú þegar.

Stefán Eiríksson: Eg vil geta þess, ef þingið kemst til þeirr-

ar niðurstöðu, að prenta ekki ræður þingmanna, að þá á líkast til ekki að prenta heldur ræður *konúngsfulltrúa;* en jafnframt vil eg leyfa mèr að vekja athygli hins háttvirta *konúngsfulltrúa* og þingsins um það, að stjórnin í auglýsingum sínum til undanfarinna þinga hefir þó opt skírskotað til ræðu *konúngsfulltrúa,* að minnsta kosti í þeim málum, sem vèr höfum fengið neitun um, og síðast núna í auglýsingunni til þessa þings í giptíngamálinu. Eg ætla nú ekki að tala lengra í þetta sinn, mèr stendur alveg á sama, hvað í þessu máli verður ofan á.

Indriði Gíslason: Það er eptirtektavert, að þetta ávarp frá Kollabúðafundi kemur í samfloti með umkvörtuninni yfir þeim mjög háa alþíngistolli, og er það af því það eins og hafi vakað fyrir uppástúngumönnum, að í prentun þíngtíðindanna væri innifalinn aðalkostnaðurinn. Að því sem hitt snertir, að skilja þetta verulega frá hinu óverulega, nefnilega að prenta bænarskrár og álitsmál o. s. frv., en sleppa prentun þíngræðnanna, þá þykir mèr næsta undarlegt, ef ekkert verulegt kemur fram í ræðunum (eins og sumir segja), að þá skuli koma nokkurt verulegt verk frá þínginu. En hitt er það, að þingmenn ætti að hafa það hugfast, að vera sem stuttorðastir og gagnorðastir, og forðast alla áreitni hver við annan, svo ekki sprytti þar af kappræður, og mundi það stytta þingtíðindin ekki alllítið; en þó algjörlega væri hætt að prenta þau, er eg næstum því viss um, að ekki liði á löngu, áður bænarskrár kæmi um að fara að prenta þingtíðindin, sem mèr og mundu virðast næsta eðlilegar, því þar sem vèr þingmennirnir þó ekki erum annað en vinnumenn þjóðarinnar, er það mjög eðlilegt, að hún vili vita, hvernig við göngum að verkum. Eg er þar fyrir engan veginn mótmæltur nefnd; því eg vil einmitt, að mál þetta sè ítarlega íhugað.

Jón Hjaltalín: Mèr gekk það meðal annars til, er eg óskaði nefndar, að eg hèlt nefndin kynni að sjá eitthvert ráð til að flýta fyrir málunum á þínginu. Að því er að öðru leyti snertir þessa málalengíng á þingi hèr, sem svo mikið er um talað, þá virðist mèr hún, ef málalengíng á að kallast, eðlileg afleiðíng þess, hvernig þing þetta er samsett. Við komum hèrna saman annaðhvert ár, sinn úr hverju kjördæminu, erum vanalegast ókunnugir nema einu og, ef bezt fer, tveimur kjördæmum, það er því ofboð náttúrlegt, þó langur tími gangi til umræðnanna til að leita upplýsínga hjá þeim, sem eru kunnugastir, og fyrir þetta finnst mèr ekki sitja á landsmönnum, að gjöra okkur getsakir um óþarfa málalengíngar, og

virðist mèr að þíngið með hægð og stillingu, en þó greinilega og fast, ætti að benda landsmönnum á þetta; því þegar börnin heyra það fyrir sèr, að þingið sè orðamælgin ein, er hætt við, að sú skoðun rótfestist hjá hinni uppvaxandi kynslóð, að þingið að eins skaði, en gagni ekki, og til þess að taka þetta vel og greinilega fram, álít eg, að nefnd þurfi að kjósa í málið.

Páll Sigurðsson: Eg verð að vera öldúngis samdóma hinum heiðraða konúngkjörna þingmanni, er nú síðast talaði, í því, að nefnd eigi að kjósa í málinu, svo landsmenn í laglegu nefndaráliti gæti fengið að sjá ástæðurnar. Eg vil fúslega játa, að of opt verða óþarfar málalengíngar, og ættum við að varast þær, sem framast er mögulegt; því úr því þessar og aðrar eins bænarskrár eru farnar að koma til þings, getum vèr ekki vitað, hversu langt er að bíða þeirra, er reiði til banahöggs og með öllu afbiði þingið.

Arnljótur Ólafsson: Eg veit ekki, hvort hinir heiðruðu þingmenn, sem óska nefndar, hafa vel íhugað, hversu mál þetta er vaxið; eg fyrir mitt leyti held, að hægra væri að útkljá mál þetta nú þegar á þinginu, en í nefnd, því eins og mál þetta snertir allt þingið, eins treysti eg öllu þinginu betur til að ræða það, en nokkurra manna nefnd. Að því er sjálfa uppástúnguna snertir, þá virðist mèr það nú fyrst og fremst óþarfa hæverska af okkur þingmönnunum, að játa, að orð vor sè málalengíng, eður þó svo lítils verð, að gagnlaust sè að prenta þau, og ættum við vel að geta þolað það, þó einhver kynni að segja, að við værum sjálfir ástfangnir í eigin orðum vorum. En hvað er nú beðið um, þegar beðið er um að hætta prentun þingtíðindanna? Það er beðið um, að þingið verði mállaust, en þjóðin heyrnarlaus. Þetta segi eg satt, því hèr í landi eru engi þau dagblöð, sem gæti flutt almenníngi greinilegar skýrslur um aðgjörðir þingsins, og yrði því þingið líkt þeim manni, sem að vísu varirnar bærast á, en sem aldrei heyrist hljóð úr. Til hvers væri þá að halda þingið í heyranda hljóði? og held eg þó menn megi reka minni til þess, að því er þetta þing snertir, að nokkuð hafi gengið á um, að haldið væri þingið í heyranda hljóði. Þegar embættismannanefndin var hèrna um árið í Reykjavík, þókti það mjög lofsvert fyrirtæki, sem og var, að hún lèt prenta aðgjörðir sínar, þó þær einúngis væri prentaðar í útdrætti. Alþíngi gjörir nú enn betur með að prenta allt, og finnst mèr það skylda þess, því þjóðin á sannarlega heimtíngu á því að sjá, hvernig verkamenn hennar vinna, og verkamaðurinn líka á að sjást.

Á þingtíðindunum geta kjósendur sèð, hvernig fulltrúi þeirra reynist; sè þeir óánægðir með hann, geta þeir, þegar hann er búinn að mala á þrem þingum, rekið hann burtu úr vistinni og fengið annan betri í hans stað, og virðist mèr þetta næsta áríðanda fyrir þjóðina. Ætti að fara eptir því, sem bænarskráin hans Torfa að vestan vill, þá er eg hræddur um, að einhvern tíma hefði annað eins orðið snúningasamt, eins og að eiga að skilja hið *verulega* frá hinu *óverulega,* prenta hið verulega, en sleppa hinu, eg segi fyrir mig, eg treysti mèr ekki til þess, og mèr liggur við að kenna í brjósti um *konúngsfulltrúann,* ef hann ætti nú að fara að gjöra það; en hitt þori eg að fullyrða, að varla mun svo vesall ræðustúfur hafa fluttur verið hèr á þinginu, að hann þó ekki sè á borð við, eður öllu betri en sumt hvað það, sem prentað hefir verið t. a. m. Felsenborgarsögurnar. En sè það nú aðalástæðan móti að prenta þingtíðindin, að kostnaður sè svo mikill, þá held eg sú ástæða ekki sè nema torf eitt, er snarað hefir verið í augu þinginu. Eg hefi gjört mèr ofurlítinn reikníng yfir kostnaðinn við prentun alþingistíðindanna, eður rèttara sagt þingræðnanna, sem menn vilja hætta að prenta; þingræðurnar kosta eptir honum í hæsta lagi 1800 rd. Þegar nú þar af koma á fasteignir $^3/_4$, þá verður það 1350rd., en eptir skýrslu jarðamatsnefndarinnar voru meðalafgjöld jarða um 2 ár 132,796 rd., og kemur þá varla skildíngur á dal afgjaldanna, og þar sem nú ræðukostnaðurinn leggst á tvö ár, þá kosta ræðurnar landeigendur að eins $^1/_2$ sk. árlega af hverjum dal jarðargjaldanna. Þá verður þetta um árið $^1/_2$ sk. á ríkisdalinn af afgjaldi jarðanna, og þetta eru öll ósköpin; fyrir $^1/_2$ skildínginn þenna á að halaklippa þingræðurnar; fyrir $^1/_5$ part af alþingiskostnaðinum vildi menn ef til vill afmá allt þingið, en gætum að, þegar fyrst er farið að taka fyrir munn okkur, er vegurinn ekki langur að kverkum vorum.

Björn Pètursson: Mèr virðist það ósanngjörn krafa, sem landsmenn og jafnvel sumir þingmenn gjöra til fulltrúanna. Allir vita, að þeir eru kosnir á þing til að láta í ljósi sannfæríngu sína, en þá er eins og þeir megi ekki og þori ekki að tala, því optast er viðkvæðið: »ekki ætla eg mèr að lengja þingræðurnar«. Hitt finnst mèr aptur sanngjarnt, að þegar landsmenn láta það í ljósi með bænarskrám, er þeir senda til þingsins, að þeir ekki vili kosta til að prenta þingræðurnar, að því sè þá sleppt, og mèr finnst það

undarlegt, að vilja eins og troða þeim upp á landsmenn, þegar þeir ekki vilja heyra þær.

Eg held líka, að mest sè áríðanda fyrir alþýðu, að fá prentuð lögin og ástæður fyrir þeim, og þetta fá þeir, ef prentaðar eru allar bænarskrár og uppástúngur, sem til þíngsins koma, nefndarálit, og hin síðustu úrslit málanna, álitsskjöl og bænarskrár til konúngs. Það getur líka verið skaðlegt að prenta þíngræðurnar, því það lítur svo út, sem sumir þíngmenn ekki þori að segja sannfæríngu sína af ótta fyrir því, að lengja þíngtíðindin og þannig baka landinu kostnað. Þannig getur þíngið misst af margri góðri athugasemd og upplýsíngum, sem málunum eru nauðsynlegar til góðrar afgreiðslu; þess vegna held eg ekki hundrað í hættu, þó sleppt sè prentun þíngræðnanna í þetta sinn. Ef landsmenn ekki vilja missa þær, geta þeir sent bænarskrár til næsta þíngs um, að þær sè prentaðar.

Jón Hjaltalín: Eg verð enn að vera á þeirri meiníngu, að varlegra og réttara sè að kjósa nefnd í mál þetta, svo nefndin með góðum og gildum ástæðum vísi málinu frá þínginu og menn, ef mögulegt er, kynni að geta vanið alþýðu af því, að bjóða þínginu framvegis aðrar eins bænarskrár og þær, er nú koma á þíng; það mun hollast, að venja alþýðu af þessari smekkleysu í tíma, því annars má eigi fyrir sjá, hvað langt hún gengur, og hvað menn kunna að falla upp á að bjóða okkur. Það væri líka í sannleika illa komið fyrir oss, ef Íslendíngar ekki tryði oss betur en svo, að ekkert væri nýtilegt í því, sem vèr töluðum. Eg hefi þekkt þýzkan mann, sem sagðist enga þá bók hafa lesið, sem hann ekki hefði haft eitthvert gagn af, og þó má ske þessir hálærðu herrar, sem ekki vilja alþíngistíðindin sè prentuð, ekkert þykist þurfa að læra, eða jafnvel sè svo sprenglærðir, að þeir ekkert geti lært framar, eiga þeir þó kann ske börn eður afkomendur, sem eitthvað gæti fræðzt eður skemmt sèr við þíngtíðindin, og það er vert að hafa tillit til þess, að nefndin getur líklega hrundið uppástúngunni með langtum meira krapti, en þíngið getur, væri hún nú þegar tekin til umræðu og úrslita.

Benedikt Sveinsson: Það er orðið býsna margrætt um það hèrna á þínginu, hvort prenta eigi alþíngistíðindin eður eigi. Orsökin til þessa er einúngis sú, að Íslendínga muni svo mikið um, að borga prentun á þíngtíðindunum, og þetta byggja menn aptur á bænum og álitum manna úr einstökum hèruðum, en alls ekki á

almennum óskum landa vorra. Eg fyrir mitt leyti verð nú að álíta, að það sè hvorttveggja, að þetta lýsi miklu fremur smámunasemi Íslendínga, sem eg á varla orð yfir, en fátækt þeirra, enda er það varúðarvert að byggja almennt álit þjóðarinnar á skoðunum fárra hèraða. En það er einkum önnur hlið á máli þessu, sem eg vil leyfa mèr að vekja athygli þingsins á. Vèr vitum allir, að fyrst er standaþingin voru stofnuð í Danmörku, þá þótti það eigi lítill galli á þeim, að ekki mátti prenta eður láta koma fyrir almennings sjónir allt, sem fram fór á þeim. Mun það hafa komið til af því, að stjórnin gat óttast, að orð mundi geta fallið á þingunum, er snert mundi geta hin helgu bönd einveldisins, og kveykt skoðanir hjá lýðnum, er stjórnin áleit miður æskilegar. Menn muna víst einnig eptir öðru atriði, sem kom fram við þetta þing og var af sömu rótum runnið, en það var, hvort þingið ætti að haldast fyrir luktum dyrum, eður eigi. Það vóru nú auðsjáanlega mikilvæg rèttindi fyrir þingin sjálf, og eigi að eins fyrir lýðinn yfirhöfuð, er það varð heimilt að láta prenta allt, sem fram fór á þeim, og að þau væri haldin í heyranda hljóði, og þó nú Íslendíngar vili fyrir sitt leyti kasta þeim fyrir fætur sèr, að svo miklu leyti sem þau eru fólgin í prentun alþingistíðindanna, þá er eg því alveg mótfallinn, að þingið frá sinni hálfu sleppi neinu af rètti sínum, og Íslendíngar eiga víst enga kröfu á því.

Jón Pètursson: Mèr virðist það fullkominn rèttur kjördæmanna að mega fá að sjá, hvað þingmenn þeirra hafa talað á þinginu; því hvernig gæti þau annars dæmt um það, hvort þeir hefði leyst af hendi ætlunarverk sitt vel, eður hvort óskanda væri að kjósa þá aptur fyrir þingmenn? En skyldi svo vera, að eitthvert kjördæmi ekki vildi, að það sæist, hvað þingmaður þess segði, þá væri víst rèttast að prenta ekki ræður þess þingmannsins, því þar með er engum órèttur gjör. Eg segi þetta, af því mèr virðist þingið ekki hafa rètt til að svipta kjósendur í öllum kjördæmum landsins þeim rètti, að mega fá að sjá ræður fulltrúa sinna, þó bænarskrár um að stytta eður sleppa ræðunum úr alþingistíðindunum sè komnar frá sára fáum sveitum.

Forseti: Eg skal enn þá leyfa mèr að brýna það fyrir hinum heiðruðu þingmönnum, að við þessa meðferð málsins er ekki spurningin um annað en eitt af tvennu, annaðhvort að kjósa nefnd, eður kjósa hana ekki. En úr því eg nú á annað borð er staðinn upp, skal eg leyfa mèr að tala fáein orð í máli þessu, þó eg, eptir

því sem ræður manna eru fallnar, varla búist við að geta orðið þeim samdóma. Hjá mörgum af hinum heiðruðu þingmönnum, sem talað hafa, hefi eg fundið verulegar ástæður, hjá sumum ýktar, sumum næsta lausar. Það er margt og mikið, sem talar fyrir því, að þingtíðindin væri prentuð, ef þau gæti verið alprentuð og útbreiðzt meðal almennings, þó ekki væri fyr en á sama missirinu; en þegar nú, eins og reynslan hefir sýnt, líða allt að 2 árum, áður sumir kaupendur fá þingtíðindin, þá munu fæstir, sem fara að setjast við 13—15 hepti af alþingistíðindum 2 ára gömlum, hafa lystina á að lesa þau, og þó þeir aldrei nema svo gjörði það, eru aðaláhrifin horfin; reynslan hefir bezt sýnt oss þetta, eða hvernig hafa þingtíðindin selzt? fyrstu þingin seldust í hæsta lagi 500 exemplör, en úr þessum kaupum hefir smámsaman dregið; af þingtíðindunum 1857 gengu út rúm 100 og 1859 nokkuð fleiri auk nálega 80, sem útbýtt var til landsmanna; en af þessum tíðindum er enn þá þann dag í dag ekkert exemplar komið í sum hèruð. En væri eigi prentað annað en allt hið verulega, er gjörðist á þinginu, líkt og þingvallabænarskráin fer fram á, þá yrði öllu öðru máli að gegna, því svo löguð tíðindi gæti að mestu verið alprentuð fyrir veturnætur, og borizt út um land með haustferðum og framan af vetri; þar með yxi áhugi manna á þingmálunum og kaupendur tíðindanna mundu stórum fjölga. En þegar munnlegar fregnir eru komnar á undan heim í hèruð, og sumpart í blöðunum, um hin verulegri mál, og það svo missirum skiptir, áður en þingtíðindin eru alprentuð, þá er allur áhuginn hofinn fyrir því, hvernig málin hafi ræðzt, og menn geta svo ekki verið að kaupa tíðindin. Að því er það snertir, að ekki sè hægt að skilja hið verulega frá því óverulega í þingtíðindunum, þá finnst mèr þetta ekki svo örðugt, því vart verður því neitað, að kjarninn úr þingtíðindunum eru álitsskjölin og nefndarálitin, því í þeim eru fólgnar aðalástæðurnar fyrir lagaboðunum samkvæmt tillögum þingsins. En meðan alþingistíðindin eru prentuð eins og nú er gjört, veldur því bæði strjálbygð landsins, víðátta þess, og svo einnig það, að prentsmiðjan getur ekki haft undan, að þingtíðindin engan veginn ávinna þann áhuga á þingmálunum og mætur, sem skyldi, og verða því síður en ekki að tilætluðum notum. Þar í móti mundu kaupendur verða margfalt fleiri, ef tíðindin væri styttri og gæti komið fljótt út; en þrátt fyrir þingtíðindin, eins og þau nú eru og seljast, er þingið eins fyrir það »mállaust«, að eg taki mèr í munn orð

þingmanns Borgfirðinga, af því engi eða svo gott sem engi fær þau í tíma nè les, en þjóðinni verður þar fyrir eigi borið á brýn, að hún sè »heyrnarlaus«, þó að tilhögunin sè svo öfug, að henni getur ekki borizt til eyrna neitt frá þinginu, og hún ekki á kost á að heyra neitt. Kostnaðinn við prentun þingtíðindanna tel eg ekki, ef þau gæti að öðru leyti komið að nokkru gagni, en þó það aldrei sè nema 1 eða ½ skildingur af hverjum dal afgjaldanna, ætti alþingi aldrei að líða auk heldur leggja það til, að honum sè fleygt út alveg til ónýtis. Það var einn þingmaður, er spurði, hvernig mundi fara með ræður *konúngsfulltrúa,* ef þingtíðindin yrði ekki prentuð, þar stjórnin opt skírskotaði til þeirra, og get eg svarað honum því, að ef stjórnin vill láta prenta þær, sem hún víst vill, þar naumast verður hjá því komizt, að skírskota til þeirra, þá mun stjórnin víst sjá nóg ráð til þess að láta prenta þær, án þess að nokkur alþingistíðindi komi út.

Ólafur Jónsson: Vegna þess að margir þingmenn, sem talað hafa, og eins sá háttvirti *forseti,* hafa talað um það sem almennan þjóðarvilja, að hætt verði að prenta þingræðurnar, þá verð eg að lýsa yfir því, að þetta er skökk skoðun. Það eina, sem komið er til þingsins þetta áhrærandi, eru tvær bænarskrár, nefnilega frá Kollabúðar- og þingvallafundi, og voru á báðum þessum fundum mjög fáir menn; hvernig geta menn þá sagt, að þetta sè þjóðarvili? Í þessu máli mega menn ekki fara einúngis eptir vilja einstakra manna, heldur eiga menn að fara eptir því, hvort þeir álíta gagnlegt eða skaðlegt, að ræðurnar sè einnig prentaðar. Eg fyrir mitt leyti er þeirrar meiníngar, að alþingistíðindin hafi gjört töluvert gagn þeim, sem hafa lesið þau; þau hafa glætt áhuga manna á mörgum umvarðandi málefnum, og leiðbeint hugsunarhætti þeirra. Af því nú að ræðurnar hafa verið prentaðar í tíðindunum að undförnu, þá sè eg ekki, að þingið megi nú hætta að láta prenta þær, einúngis eptir ósk fárra manna; því með því væri þeir menn, sem girnast að lesa ræðurnar, sviptir þeim rètti, sem þeir hafa, eptir undanfarinni venju, til að fá að sjá og lesa ræðurnar; og er eg viss um, að þeir, sem kaupa alþingistíðindin í Húnavatnssýslu, vilja ekki, að ræðunum sè sleppt; eg get því ekki fallizt á skoðun hins háttvirta *forseta* í máli þessu.

Jón Hjaltalín: Eg verð nú að segja, að eg ekki hefi getað sannfærzt af ræðu hins háttvirta *forseta.* Hann talaði um, að þingtíðindin kæmi svo seint út, að ekkert gagn væri að þeim, það er

nú rètt eins og hugsanir þær, sem í tíðindunum koma fram, enga þýðingu hefði, nema rètt í svipinn, en ef hann ekki man það, get eg minnt hann á það, að eg í vetur seinast fór til hans og fèkk til láns hjá honum 4 og 7 ára gamlar ræður, sem haldnar höfðu verið á alþingi um læknaskipunarmálið, sem eg einna helzt þóktist við riðinn, og verð eg að segja það, að í jafngagnlegu máli fundust mèr álitsskjölin mögur mjög, en það bezta vera einmitt sumar þingræðurnar, eg gef því ekki mikið fyrir þessa ástæðu *forseta*. Að því er kostnaðinn snertir, þá segi eg fyrir mig, að eg ekki einu sinni vil hafa mig til að gjöra Íslendíngum þá smán, að álíta, að þeir láti sig muna um þenna ½ skildíng til prentunarinnar, meðan ekki er sýnt og sannað, að þíngtíðindin sè til ónýtis, en sanni þeir það fyrst, sem á því standa. Mèr virtist það mjög svo óheppilegt, að ekki var nefnd kosin í málið um uppástúngu þíngmannsins úr Barðastrandarsýslu (*Forseti:* Það er útrætt um það). Það veit eg mikið vel, og þykist tala fullgreinilega. Uppástúngu þíngmanns Borgfirðínga álít eg mikið góða, geti menn sparað við hana, en að öðru leyti finn eg ekki, að þær ástæður sè enn komnar fram, er geti hrundið þeirri meiníngu minni, að nauðsynlegt sè, sem allrafyrst að synja slíkum og öðrum eins bænarskrám og þessi er, til þess að venja ekki alþýðu á að bjóða þínginu þess háttar og má ske smátt og smátt færa sig upp á skaptið, því þá er þínginu hætta búin.

Guðmundur Brandsson: Það er þá farið eins og mig grunaði áðan, og eg sagði þá, að teygjast mundi úr umræðunum um þetta mál, sem þó einmitt gengur út á, að stytta ræðurnar. En þar sem jafnvel hefir verið drepið á, að þíngmenn sjálfir skrifaði ræður sínar, er þeir kynni að vilja láta prenta, svo aukaskrifarar gæti sparazt, þá veit eg nú ekki, hvort þessar ræður yrði öllu áreiðanlegri en þær, sem aukaskrifararnir semja, því ekki hefi eg þurft að kvarta yfir því, að þeir hafi rángfært eða aflagað það, sem eg hefi talað, og svo mun enn verða; því báðir þeir aukaskrifarar, sem nú eru hèr, eru oss kunnir að allri vandvirkni í þessu. Mèr heyrðist að minnsta kosti á »Íslendíng« hèrna í vetur, að honum litist ekki á það, að þíngmenn skrifaði sjálfir ræður sínar, enda held eg það bezta væri að hafa sèr jafnan hugfast að vera sem fáorðastur og gagnorðastur, og svo ekki sýta út í, þó einhverju orðinu kynni að hafa verið sleppt, eg segi fyrir mig, ekki er eg svo hrifinn af mínum eigin orðum, að eg syrgi, þó eitthvert orðið vanti,

ef einúngis aðalinnihaldið er þar, af því sem eg tala, og væri þessu fylgt af öllum, mundu þingtíðindin verða töluvert styttri, en þau hafa verið.

Pètur Pètursson: Eg skal ekki verða lángorður um þetta mál, og einúngis geta þess, að mèr finnst uppástúngan frá Kollabúðarfundinum ekki svo löguð, að menn geti gengið til atkvæða um hana, því í henni eru engar beinar uppástúngur, svo eg álít, að til grundvallar yrði að leggja bænarskrána frá Þingvallafundinum. Að vísu er eg sannfærður um, að lítið verulegt gagn er að því að prenta þingræðurnar, en þar eð svo fáar bænarskrár hafa komið, að ekki má heita sem þjóðin hafi tekið til máls í þessu efni, álít eg rèttast að fylgja venjunni. Máli þessu er nú þegar svo alvarlega hreift á þinginu, að sè það alvarlegur vili þjóðarinnar, að þingræðurnar ekki sè prentaðar, munu til næsta þings koma svo margar bænarskrár, að þingið geti gengið úr skugga um vilja þjóðarinnar. Allt annað mál er það að prenta *sèr í lagi* þingræðurnar og álitsskjöl og nefndarálit eptir uppástúngu hins heiðraða þingmanns Borgfirðínga, en það mál liggur ekki fyrir nú sem stendur.

Arnljótur Ólafsson: Eg stend upp einúngis til þess að svara hinum hæstvirta *forseta* fáum orðum upp á ræðu hans. Hann sagði, að sumar ástæðurnar fyrir prentun þingtíðindanna hefði verið álitlegar, sumar þar á móti úr lausu lopti, og þar eg meðal hinna síðar nefndu þóttist þekkja sumar, sem eg átti, langar mig til að reyna að bera hönd fyrir höfuð þeim. Hann kom einkum fram með 2 ástæður, 1. þá, hve seint þingtíðindin kæmi út, og 2., að svo örðugt væri að flytja þau, og dró þar af þá ályktun, að þingið væri eins mállaust og þjóðin eins heyrnarlaus eptir sem áður, þótt alþingistíðindin væri prentuð. Eg skal leyfa mèr að svara því upp á fyrstu ástæðu hans, að ekki liggur eins mikið á, að þingtíðindi komi út snemma, eins og t. a. m. dagblöð, því í þingtíðindum finnast þær ástæður, sem, ef til vill, aldrei fyrnast, með því að ástæður og rèttur skilníngur laganna fyrnist eigi fyrr en lagaboðin sjálf, en dagblöðin eru þess eðlis, að geti þau ekki borizt í tækan tíma, eru þau næstum gagnslaus, eg er því hræddur um, að hinn háttvirti *forseti* í þetta sinn hafi hugsað of mikið um dagblöð. Að því er hina aðra ástæðuna snertir, að örðugt sè að koma þingtíðindunum út um landið, þá mun það að vísu satt, að það er svo; en þó er víst ekki örðugra að koma þeim en öðrum bókum, sem menn þó engu að síður prenta, og hèr við bætist, að nú eigum

við í vændum fullkomnari og greiðari póstgöngur, og veit eg, að hinn háttvirti *forseti* elskar of mikið póstgöngurnar nýju, til þess að hann hafi getað gleymt þeim, og vona eg hann láti nú alþingistíðindin njóta góðs af því, er póstgöngurnar verða fleiri, og þá munu þau og sjálfsagt fá fleiri kaupendur.

Ásgeir Einarsson: Af því eg ekki var með því, að nefnd yrði kosin í þetta mál, þykir mèr gott, að umræðurnar um það verða þó nokkrar, því eg vona, að þessar umræður verði þó prentaðar, og þá sjást tillögur þingmanna. Þar sem þingmaður Borgfirðinga sagði áðan, að uppástúngurnar frá Kollabúðafundinum væri frá *Torfa,* vil eg biðja hann að athuga það, að *Torfi* var varaforseti á fundinum og stýrði honum, en gaf sjálfur ekkert atkvæði, eins og eg vona að þingmaðurinn viti, að mál geta fengið framgang, sem *forseti* ekki er meðmæltur; enda er það auðsèð á uppástúngunni, að *Torfi* ekki hefir samið hana; til þess bendir danska orðið, sem stendur hèrna, því *Torfi* er ekki lærður maður; og ýms fleiri orð á eptir benda á hið sama, svo sem, er hann segir, að þingtíðindin sè ómeðfærileg, því hann er alfmaður svo góður, að hann ræður við þau. Ekki trúi eg því heldur, að honum geti fundizt þau ógreinileg, því hann er skynsamur maður, en hvort þau eru óviðfelldin, er komið undir tilfinníngu hvers eins, og er ekki hægt um það að dæma; en vart mun mega segja, að þau sè óvinsæl, meðan þau ekki sjást. Þingmenn hafa talað um og fundið að ýmsum orðatiltækjum í uppástúngunum, og hafa vegna þeirra verið á móti uppástúngunum; en mèr sýnist, að þegar þinginu er sagt, hvað mönnum þyki að þingtíðindunum, þá eigi að taka það til greina, sem er satt og rètt; og því verður ekki neitað, að þingræður hafa opt teygzt um of og orðið of langar. Þar sem stúngið er upp á, að þingmenn riti ræður sínar sjálfir seinna, þá er búið að svara því; og vil eg þá hverfa til þess, er sagt er í uppástúngunni, að aukaskrifarar hverfi úr þingsalnum; þetta er óttalegur misskilníngur; því þó ekkert verði prentað af þingræðunum, krefst þó stjórnin þess, að fá að heyra, hvað gjörist á þinginu, og þó að ástæður fyrir málunum sè teknar fram í álitsskjölunum til konúngs, þá eru þessar ástæður dregnar út úr ræðum þingmanna og í þeim er þá að finna aðalástæðurnar. Svo er það líka gott, að þjóðin geti sèð ástæður fyrir lögunum í þingræðunum, einkum ástæðurnar fyrir þeim lögum, er þykja óviðfelldin, því þá geta menn fengið að sjá, af hvaða ástæðum þingið hefir fallizt á þau; þannig veit eg til, að

sýslumenn hafa leitað ástæðna fyrir lögunum í þingræðunum, og veit eg, að það hefir við borið, að því er erfðalögin snertir. Ekki er það heldur sagt, að allar ástæðurnar fyrir málunum sè teknar fram í álitsskjölunum, og ef þingræðurnar ekki eru prentaðar, geta landsmenn hvergi sèð, af hvaða ástæðum þingið hefir hrundið málum, sem borin hafa verið upp; það er líka ísjárvert, að hætta að prenta þingræðurnar, áður en bænarskrár um það hafa komið frá mörgum hèruðum, því þó 20 menn úr 3 sýslum óski þess, þá er þar fyrir ekki sagt, að þeir hafi á undan talað sig saman við menn á sýslufundi, og finnst mèr það því minnstu varða, þó þetta bíði næsta þings; því kallinn sagði: ekki drepa 8 vikur manninn. Það er annars undarlegt, hvað þeir menn mæla á móti prentun þingtíðinda, sem undir eins segja, hvað þingtíðindin sýni, til að mynda: »hversu mikinn starfa þingmenn hafi«, hvað erfitt þingmenn gjöri sjálfum sèr með kappræðum, m. fl. Væri ekki þingtíðindin prentuð eða lesin, gæti hèraðsfundirnir eða einstakir menn ekki fundið eins að við þingið og ekki bent því í ýmsu, sem til góðs mætti koma, ef með greind og stillingu væri gjört. Eg skal ei optar mæla móti því, að hætt sè að prenta þingræðurnar, eða að þingtíðindin sè stytt; því hèr eptir mun þingseta mín verða stutt. Því hefir verið hreift, að þjóðin væri ekki heyrnarlaus, þó hún hefði ekki þingtíðindin, og hafa menn þá hugsað til dagblaðanna, og það er reyndar satt, að bæði hafa þau lýst ýmsum alþingismálum og einnig þingmönnum sjálfum, en um þau geta komið ýmsar meiningar í blöðunum, einkum ef menn fara að lýsa þeim innvortis og útvortis; þá er hætt við að blöðin komist í rifrildi sín á milli, og gæti það valdið því, að menn hætti að kaupa þau eins og tíðindin, og verði svo hætt að lesa allt þess háttar, en þá er hætt við að fari, eins og mikill maður einn hefir ritað, »þegar munnurinn þagnar, þá þagnar hjartað«.

Stefán Jónsson: Það hefir verið tekið fram flest af því, er eg vildi hafa sagt; mèr sýnist þó ekki vera komnar nógu margar bænarskrár til þess, að menn geti sagt, að það sè þjóðarvili, að prenta ekki þingræðurnar, og vil eg því ekki, að menn gjöri neina breytíngu á þessu að sinni; það, sem líka stendur mest fyrir útbreiðslu þingtíðindanna, eru þeir miklu erfiðleikar, sem eru á flutníngi þeirra; það er því vorkun, þó þeir, sem búa í fjarlægð, kaupi þau ekki, þegar embættismenn hèr í Reykjavík þurfa að fá þau að láni, eins og áðan kom fram, einkum þegar litið er til þess, hvað seint þau koma út, svo mèr sýnist það vera spursmál, hvort ekki mundi

vera betra, að prenta þau í Kaupmannahöfn, því þá gæti þau komizt til allra hafna með vorskipum. Eg verð því eins og eg áður tók fram, að vera móti því, að sleppt sè að prenta ræðurnar í þetta sinn, því eg ætla, að þeir fáu, sem kaupa tíðindin, vili ekki missa þær; hins vegar hefi eg ekkert á móti því, að þingtíðindin sè prentuð í tvennu lagi.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Að því er flutninginn snertir á þingtíðindunum, skal geta þess, að eg hefi útvegað nokkrum kjósendum mínum seinustu alþingistíðindi, og fengið þau flutt norður, svo eg veit mikið vel, hverjum annmörkum það er bundið að nálgast þau hèðan; en allt um það, þeir, sem keyptu þau í Þingeyjarsýslu, fengu þau strax norður og þau voru alprentuð, og sýnir það ljósast, að þó þetta sè langur vegur, þá tókst það þó að ná þeim, af því menn höfðu alvarlegan áhuga á að fá þau; og verð eg því að ætla, að ef það er satt, sem sagt er, að alþingistíðindin berast mjög seint í hinar nálægari sýslur, þá komi það af áhugaleysi landsmanna á því, að fá þau, en ekki hinu, hvað örðugt er að nálgast þau. *Forseti* gat þess áðan, að áhugaleysið kæmi af því, að alþingistíðindin sè svo seint prentuð og berist því svo seint út um landið, en er þá ekki rèttara að flýta fyrir prentun þeirra sem mest, heldur en að eyðileggja þau sem mest. Mèr finnst það að minnsta kosti miklu rèttara bæði fyrir landið og þingið, og kæmi einhver með þá uppástúngu, er miðaði til að flýta fyrir prentun alþingistíðindanna, skyldi eg fús á að styðja hana.

Björn Pètursson: Eg er nú einn af þeim fáu, sem ekki vilja, að þingræðurnar sè prentaðar, en það kemur ekki af því, að eg ekki sjálfur vili lesa þær, því eg hefi þvert á móti haft mikið gaman af því; en þegar eg sè á bænarskránum, sem komið hafa, að skynsamir og merkir menn, eins og t. a. m. þeir, sem voru á þingvallafundinum, vilja, að prentun þeirra sè sleppt, þá sè eg ekki ástæðu til, að halda því áfram. Hèr í kringum Reykjavík eru ekki ógreiðar póstgöngur útbreiðslu tíðindanna til fyrirstöðu, því ferðir falla hingað á hverjum degi; en þar menn nú eigi að síður ekki kaupa þau, sýnir það, að þeir hafa engan áhuga á því; þeir þingmenn, sem þykir svo vænt um sín eigin orð, að þeir hafa gaman af að lesa þau á prenti, geta, ef þeir vilja, sett ræðurnar í blöðin. Menn halda almennt hvort sem er, að ræðurnar komi ekki í þingtíðindunum eins og þær eru fluttar. Þó menn nú ekki spari nema svo sem 1000 rd. með því, að sleppa prentun þing-

ræðnanna, þá finnst mèr þeim betur varið til annars, en að prenta þingræður, sem engi les, svo sem til að koma upp laga- eða læknaskóla, sem ekkert fè er til, og vil eg því, að prentun þingræðnanna sè sleppt, að minnsta kosti í þetta skipti. Eg held landið standist fyrir því.

Sveinn Skúlason: En eg held nú að það sè alveg rangt, að sleppa þingræðunum, því þar sem sagt hefir verið, að almenningur gefi ekki um að fá þingræðurnar prentaðar, þá er það öldúngis ranghermt, og get eg fært rök fyrir því, því eg þekki marga menn, sem gjarna vilja kaupa þingtíðindin, og það er mèr kunnugt, að einmitt þeir, sem hafa áhuga á þinginu, vilja hafa þingræðurnar, því þar segja þeir sè lífið og fjörið í, en það, sem heptir útsöluna, eru hinir torveldu flutníngar, og deyfir það áhugann hjá þeim, sem vilja lesa tíðindin; þess vegna finnst mèr, eins og eg sagði hèr á þingi í hitt eð fyrra, að þingið hefði heldur átt að reyna til að finna ráð til að flýta sem mest fyrir útsendíngu þingtíðindanna, því eg er handviss um, að eg gæti selt mikið af þeim, ef útsendíngin væri regluleg, og eg gæti fengið þau jafnóðum og heptin koma út. Það er ekki heldur satt, að menn almennt finni að því, að þau sè svo stór og leiðinleg; því mèr er kunnugt, að flestum betri mönnum þykir þvert á móti.

Jón Hjaltalín: Eg verð að standa upp til að taka móti hnútunni, sem þingmaður Eyfirðínga sendi mèr áðan; og eg verð að segja honum, að eg skammast mín ekkert fyrir það, að fá eldri þingtíðindi að láni; því þegar þau komu út, var eg á Jótlandi og hafði nóg að gjöra, svo mèr kom þá ekki til hugar að útvega mèr þau; en síðan eg kom híngað, hefi eg stundum, þegar eg hefi haft tíma til þess, lesið margt í þeim, einkum það, er snertir læknamálið, og eg vona, að þeir, sem þekkja mig, viti, að það er ekki af því, að eg ekki hefi keypt þingtíðindin, að eg sjái í dalinn, því ef allir væri eins skapi farnir eins og eg, að því er peníngaútlát snertir, þá mundu menn lítið tala um sparnað, því hann hefir aldrei verið mitt einka mark og mið.

Jón Pètursson: Mèr finnst Kollabúðafundurinn hafa misskilið löggjöfina; því það er á uppástúngunum að sjá, sem þeim finnist rèttur brotinn á sèr; en þannig er 78. gr. ekki rètt skilin. Kollabúðafundurinn fer fram á, að eptir alþingistilskipuninni eigi einúngis að prenta h i ð v e r u l e g a af því, er gjörist á þinginu, og álítur, að orð tilskipunarinnar um þingskrifara, að þá skuli taka til þess

að semja þingtíðindin, lúti að þessu, og þetta er nú rètt í vissu tilliti. En við þetta er það aðgætanda, að við standaþingin var það siður og samkvæmt löggjöfinni., að allt það, sem kom frá þinginu, var háð rannsókn *konúngsfulltrúa*, sem þá átti að vera eins og nokkurs konar *Censor* yfir standatíðindunum, og sama hefir víst verið meiningin eptir alþingistilskipuninni, sú sumsè, að alþingistíðindin skyldi standa undir *„Censur“ konúngsfulltrúans*, með því þing vort líka er nokkurs konar ráðgjafarþing, eins og standaþingin voru. Mèr finnst nú þannig uppástúnga Kollabúðafundarins einúngis ganga út á það, að þingtíðindin standi undir *Censur konúngsfulltrúa*, eins og alþingistilskipunin hafi ætlazt til; en það er mjög svo óheppilegt, að kveina og kvarta yfir því, þó þessu sè hætt, og segja, að lögin með því sè brotin á sèr, í stað þess að mèr sýnist menn ætti miklu fremur að þakka *konúngsfulltrúunum* fyrir, hvað þeir hafa verið frjálslyndir í tilliti til prentunar alþingistíðindanna; mèr finnst því umkvörtunin vera sprottin af mjög óheppilegum misskilningi á löggjöfinni, því klagendur hafa víst ekki viljað, að þingtíðindin skyldi setjast undir *Censur konúngsfulltrúa*.

Indriði Gíslason: Eg held nú það hefði einhvern tíma verið sagt, að þetta væri uppástúnga frá einstökum mönnum, því þegar menn gá að því, að á Kollabúðafundinum voru að eins 20 menn, og á Þingvallafundi 40—50, það eru þá alls 60—70 menn af öllu landinu, sem beiðast þess, að hætt sè að prenta þingræðurnar, og sýnist mèr ekki ómaksvert að hlaupa eptir bæn þeirra. Þegar menn taka mál þetta sanngjarnlega, þá finnst mèr kvörtunin frá Koliabúðafundinum mest vera kvörtun yfir margmælgi og kappi, er komið hafi fram í þingræðunum 1859, en mèr finnst mjög undarlegt að finna að þessu, því þeir vissu sjálfir, sem ávarpið hafa samið, hvílíkan áhuga landsmenn vildu láta hafa á fjárkláðamálinu, og að þeir óskuðu sjálfir, að þingmenn fylgdi því máli með kappi og áhuga, og þegar nú mesta kappið sýnir sig einmitt í ræðunum um það mál, þá finnst mèr það rangt af landsmönnum að setja út á það, því þingið vann þar af áhuga í kappsmáli. Þegar menn því skoða þetta góðgjarnlega, fara uppástúngurnar fram á það, að þingræðurnar sè bæði stuttar og góðar, og því verður ekki neitað, að æskilegast væri, að ekkert óþarft orð væri í þeim, og vil eg því, að menn reyni til þess, að uppfylla þessa ósk, og menn hafi ekki ræður sínar lengri en góðu hófi gegnir.

Stefán Eiríksson: Með því eg er ekki mikill ræðumaður, þá

skal eg ekki tala langt að þessu sinni, enda finnst mèr nú þegar orðið svo margrætt um þetta mál, að mèr fyndist mega þegar fara til atkvæða. Eg get nú ekki neitað því, að mèr finnst, að komið hafi fram hjá hinum heiðraða þingmanni frá Suður-Múlasýslu nokkurs konar barlómstrumba í málinu. Eg get þó skýrt honum og þinginu frá, að eg 1859 var beðinn um að útvega 4 exempl. þingtíðindanna, og þetta einmitt sýnir, að kjósendur hans eru þá ekki frá með öllu að lesa þingtíðindin, þó ræðurnar fylgi með; af því eg stóð upp á annað borð, vil eg geta þess, að mèr varð ekki ljóst af ræðu hins háttvirta *forseta,* hvort prenta ætti ræður *konúngsfulltrúa;* en eg fyrir mitt leyti vil ekki, að ræður *konúngsfulltrúa* sè prentaðar á kostnað landsins, ef ekki á að prenta ræður þingmanna.

Björn Pèturssón: Eg er ekki móti því, að prenta þingræðurnar, af því að eg álíti, að menn í mínu kjördæmi sè óíúsari að kaupa þingtíðindin en aðrir landsmenn; því eg veit með vissu, að margir í Múlasýslum hafa viljað kaupa þau, og eg er viss um, að miklu meira hefði gengið út af þingtíðindunum, ef Múlasýslubúar hefði átt eins hægt með að ná híngað, eins og sveitirnar hèr syðra. En Múlasýslur hafa átt mjög bágt með að ná í þau. Af alþingistíðindunum 1859 hafa t. a. m. sumir þar einúngis fengið 3 hepti, sem þó voru búnir að panta þau hèðan að sunnan. Mig furðar annars á því, að þeir þingmenn, sem voru á þingvallafundi, skuli ekki styðja málið hèr á þinginu, og sèr í lagi hafði eg búizt við, að þingmaður Borgfirðínga styddi það, af því nafn hans stendur undir bænarskránni frá þingvallafundi, sem einmitt biður um, að öllum þingræðum sè sleppt. En eg get nú skilið, hvernig í því liggur, því mig grunar, að hann hafi annað bak við eyrað (*Arnljótur Ólafsson:* Hvað?). Uppástúnguna, sem stendur næst á dagskránni (*Arnljótur Ólafsson:* En hún er ekki bak við eyrað). Að því er sjálfan mig snertir, er eg ekkert á móti því, að þingræðurnar sè prentaðar, en mèr finnst menn hafi fulla ástæðu til að halda, að menn ekki vili lesa þær, af því svo lítið gengur út af þingtíðindunum, og þess vegna sè eg ekki neina sèrlega ástæðu til að prenta þau. Aptur finnst mèr það ótækt, eins og eg veik á áðan, að binda túngu þingmanna eða ætlast til þess, að menn geti haldið sèr svo í skefjum, að þeir aldrei fari út fyrir málið eða að neinu orði verði of aukið í ræðum þeirra. Þetta þykir mèr með öllu ósæmileg og ósanngjörn krafa til þingmanna.

Guðmundur Brandsson: Mèr finnst þetta vera misskilníngur, sem þíngmaður Suður-Múlasýslu seinast sagði; því engum dettur í hug að binda túngu þíngmanna, eða að banna þeim, að koma með þær upplýsíngar, sem þeir vita beztar í málunum; en hitt er það, að mèr finnst mönnum ætti ekki að sárna, þó eitthvert orðið fèlli úr í þíngtíðindunum. Það hefir verið sagt, að Kollabúðafundurinn hafi verið saman settur af beztu mönnum úr 3 sýslum *(Ásgeir Einarsson:* Ekki sagði eg það), eða þá af mönnum, sem kosnir voru af beztu mönnum í 3 sýslum, og að þeir hafi verið eitthvað nálægt 20 að tölu. En þó nú svo væri, þá geta verið margar misfellur á uppástúngum þeim, sem gjörðar eru á slíkum fundum, þar sem þessir fundir eru haldnir undir berum himni í misjöfnu veðri, og menn koma þar að eins snöggvast saman, má ske misjafnlega undirbúnir. Því þó menn standi hèr á þíngi miklu betur að vígi, og ræði hèr málin þrívegis, geta menn samt að ári liðnu sèð margar misfellur á þeim, og hversu miklu líklegra er það ekki, að misfellur sè á þeim uppástúngum, sem samdar eru í vetfangi, og það er líka vorkun, þó menn ekki allt í einu finni það, sem rèttast er og bezt; ekki þarf það heldur að vera, að allir, sem á fundum þessum eru, sè á sama máli, því atkvæðamunurinn ræður þar sem annarstaðar. Eg hefi verið á slíkum fundum og orðið var við marga ófullkomlegleika á þeim.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr finnst nú að vísu málið vera komið í svo óvænt efni, að eg held ekki, að mèr takist að veita því neina viðreisn. En af því eg á hinu síðasta þíngi hreifði hèr um bil hinu sama, sem nú er farið fram á, þá finnst mèr þó skylt að mæla nú einnig nokkuð fram með því, eins og mèr líka þykir vænt, að það skuli nú vera komið hèr inn á þíngið á þenna hátt; því mèr finnst það í sjálfu sèr svo mikils varðanda, að eg vildi jafnvel hafa kosið, að þíngið hefði hreift því, hvort sem bænarskrár hefði komið um þetta ofan úr hèruðum, eða eigi. Það gat því heldur ekki annað en glatt mig, þegar eg sá, að kjósendur mínir í Skagafirði höfðu einnig verið mèr svo samdóma í því áliti mínu um þetta mál, er eg lèt í ljósi á hinu síðasta þíngi, að þeir nú einmitt hafa tekið það fram meðal annars í ávarpi því, er þeir nú hafa sent þínginu og mönnum mun vera orðið kunnugt, að prentun tíðindanna verði annaðhvort sleppt eða þau stytt að öðrum kosti. Þó einstök orð í uppástúngu Kollabúðafundarins sè miður heppileg, þá finnst mèr það litlu varða, og vil eg þá helzt, að menn,

eins og þingmaður Strandasýslu tók fram áðan, noti það í uppástúngunum, sem gott er í þeim, en sleppi hinu. Mèr finnst annars svo sem menn í dómi sínum um bænarskrárnar hafi ruglað tvennu saman, því svo er að sjá, sem sumir hafi skilið svo uppástúngurnar, eins og menn vili taka fyrir munn þingmönnum; en þetta er þó í raun og veru allt annað, en að eins að biðja um, að *prentun* ræðnanna verði sleppt, og hitt get eg þá að eins skilið sem holl ráð, er hafa má, hvaðan sem þau svo koma, en sem hverjum líka er innan handar að þiggja og hafna, eptir því sem hann sjálfur vill. En þess vegna get eg heldur ekki skilið, hvernig menn hafa getað orðið svo sárir yfir einstökum orðatiltækjum í bænarskránum, rètt eins og komið sè við kaun þeirra; og mèr finnst ekki rètt, að menn þannig einstakra orða vegna reyni að eyða aðalmálinu. Það er auðvitað, að engum verður nokkurn tíma bannað að mæla það, er hann álítur hverju máli til upplýsíngar, og skyldi einhver hverfa út fyrir málið, þá vita menn, að *forseti* er við höndina til að vísa þeim á rètta leið; en þetta kemur lítið þeirri spurníngu við, sem hèr er aðalmálið, hvort prenta skuli þíngræðurnar eða ekki, og finnst mèr það allrar íhugunar vert, hvað sem svo orðatiltækjum bænarskránna viðvíkur. Eg fyrir mitt leyti held, að það væri bezt að sleppa þeim með öllu, og sú uppástúnga hefði eg helzt óskað að hefði verið greinilegar tekin fram, svo engum gæti komið til hugar að vilja að eins vinsa úr þeim hitt eða þetta; því ætti einúngis að prenta það, er verulegt þætti, þá mundi það að eins leiða til, að menn gæti komizt í hinn mesta vanda, með því einn kallaði það verulegt, er annar kallaði óverulegt, og hefi eg að minnsta kosti vitað menn, sem komizt hafa í vandræði með minna. Eg skal nú því og reyna að svara þeim tveimur aðalástæðum, er þíngmaður Borgfirðínga kom með á móti því, að sleppa prentun þíngræðnanna, og eru þessar ástæður þó í rauninni ekki nema ein. Hann sagði, að ef þær ekki yrði prentaðar, þá yrði landslýðurinn sem heyrnarlaus og þíngið mállaust. En þetta er þó eiginlega tvennt ólíkt, því þegar landsfólkið biður um, að þíngræðurnar sè ekki prentaðar, þá er það það sjálft, er gjörir sig heyrnarlaust, og sè eg ekki, að þíngið þurfi að neyða menn til að heyra það, sem þeir ei vilja heyra; og þíngið er heldur ekki orðið mállaust fyrir það, því eins tala menn þó eptir sem áður á þíngi fyrir þessu. Sá, sem ekki vill heyra, hvað talað er, sýnir áhugaleysi; hinn, sem talar, gjörir ei að síður skyldu sína. Eptir þessu væri því og næg ástæða

til að sleppa prentun þingræðnanna, af því landsmenn mælast til þess, eins og bænarskrárnar bera með sèr, en eg verð þó að bæta því þar við, að eg fyrir mitt leyti get heldur ekki sèð nokkurt verulegt gagn í prentun þeirra, því eg get ei annað en fallizt á, að sá munur sè með öllu réttur, sem þingmaður Borgfirðinga hefir gjört á þingskjölum og þingræðum í þeirri uppástúngu sinni, er síðar mun rædd verða; að láta prenta þingskjölin, finnst mèr beinlínis skylda þingsins, en um ræður einstakra þingmanna get eg engan veginn sagt það skyldu þess, að reyna til að útbreiða þær, og því verð eg æfinlega að álita það nóg, ef þingið að eins sèr um, að prentuð yrði frumvörp öll, nefndarálit, bænarskrár og álitsskjöl, og sömuleiðis ræður *konúngsfulltrúa*, þegar þing er sett og þingi er slitið, og ræður *forseta* hið sama, því þessar ræður álít eg nokkuð annars eðlis en allar aðrar ræður á þinginu. Eg játa það að vísu fúslega, að örðugt er að láta landsmenn æfinlega vita, hvernig þingmenn hafa tekið í málin, ef þingræðurnar ekki eru prentaðar; en þá ber þess að gæta, að það, sem þeir þannig eiga örðugt með að fá að vita, er engan veginn nokkurt aðalatriði málsins, eður um afdrif þess yfir höfuð, heldur að eins hitt, sem síður er umvarðanda fyrir málið sjálft, þó kjósendum að vísu megi þykja nokkuð undir því komið, en þó mætti þá að miklu leyti gjöra við þessu með því, að viðhafa n a f n a k a l l við atkvæðagreiðslur allar, eins og stúngið er upp á í ávarpi Skagfirðinga til þingsins. Það, sem verulegast er í hverju máli, bæði með og móti, mun þó æfinlega koma greinilegast fram í nefndarálitunum, svo það, sem missist með þingræðunum, getur aldrei orðið mjög mikið; en nú segir einmitt alþingistilskipunin, eins og vel er tekið fram í bænarskránni frá Kollabúðafundinum, að það sè einmitt hið v e r u l e g a, ekki úr þ i n g r æ ð u n u m, heldur úr öllu því, sem f r a m f e r á þinginu, er prenta skuli tíðindi um, og er þetta því enn, eins og jafnvel *konúngsfulltrúi* áðan tók fram, mikil ástæða fyrir því, að þingið gjörði alveg nóg, þó það að eins gæfi öll aðalskjölin út, en sleppti umræðunum. Eg ætla því, enn sem fyr, að gefa atkvæði mitt fyrir þessu; en þar sem Kollabúðabænarskráin, sem einmitt líka fer í þessa stefnu, er svo löguð, að ei verður beinlínis gefið atkvæði um hana. Þar sem hana vantar skilmerkilega framtekin niðurlagsatriði, þá neyðist eg til að gjöra þetta á þann hátt, að eg áskil mèr það breytíngaratkvæði við niðurlagsatriði þíngvallabænarskrárinnar (2. tölulið), að prentun allra þíngræðna verði sleppt, nema

þíngsetníngar- og þínglokaræðna *konúngsfulltrúa* og *forseta*. Eg var áðan með því, að nefnd yrði sett í málið til þess að íhuga hin einstöku atriði viðvíkjandi prentun tíðindanna, sem eg vel get ímyndað mèr að enn sè ei öllum ljós að fullu; en með því þetta nú var fellt, þá hefi eg ei önnur úrræði, en að taka mèr þetta breytíngaratkvæði, þar eð eg engan veginn get fallizt á uppástúngur þíngvallabænarskrárinnar, að halda sumum þíngmannaræðum, en sleppa hinum; eg vil annaðhvort sleppa þeim öllum eða engum.

Forseti: Þar níu þíngmenn hafa óskað, að umræðum um þetta mál verði hætt, skal eg láta það ganga til atkvæða.

Var síðan samþykkt með 18 atkvæðum, að þíngræðum væri lokið um þetta mál.

Forseti: Þar eð uppástúngurnar frá Kollabúðafundi ekki eru fram settar beinlínis, en eru þó sama innihalds og stefnu eins og uppástúngurnar frá Þíngvallafundi, mun eg bera upp til atkvæða Þíngvallauppástúngana, en á undan henni breytíngaratvæði þíngmanns Skagfirðínga, sem er yfirgripsmeira.

Var síðan gengið til atkvæða, og

Breytíngaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar* fellt með 19 atkv. gegn 3.

Uppástúnga Þíngvallafundarins og ásamt með henni uppástúngur Kollabúðafundarins felldar með 19 atkvæðum gegn 3.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni *uppástúnga þíngmanns Borgfirðínga* um *að skipta þíngtíðindunum,* til umræðu og atkvæðagreiðslu. Þíngmaður Borgfirðínga er sjálfur flutníngsmaður hennar.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal ekki tefja tímann með því að lesa upp þessa uppástúngu; hún er þíngmönnum kunnug, þar þeir hafa hana allir prentaða fyrir sèr. Eg skal ekki heldur mæla margt með henni; mèr hefir að eins dottið þessi uppástúnga í hug, af því eg álít, hún geti miðað til að spara óþarfa kostnað við tvíprentun atkvæðaskránna o. s. frv., og að hún stuðli að því, að hin helztu úrslit málanna komist sem fyrst út um landið og svo getur þá líka hver landsmaður ráðið því sjálfur, hvort hann kaupir þíngræðurnar eða þíngskjölin, því það kunna sumir að vera, er ekki vilja ræðurnar, en vilja þíngskjölin; eg gæti ímyndað mèr það um Skagfirðínga, ef þeir eru líkir þíngmanni sínum. Eins kann eg að ímynda mèr, að þessi *Torfi*, sem var varaforseti á Kollabúðafundinum, og þeir 20, sem með honum voru, vili ekki lesa nema að eins þíngskjölin, og sömuleiðis nokkrir Árnesíngar, og vildi eg með þessu

móti stuðla að því, að þeir fríaðist við að lesa meira eða annað, en þeir vildi; aptur á hinn bóginn gæti þeir, sem vilja lesa ræðurnar, sioppið við að kaupa hitt, og gæti eg ímyndað mèr það samkvæmt ræðu þingmanns Norðurþingeyínga, að kjósendur hans mundu vilja kaupa ræðurnar með öllu lífinu og fjörinu. Samkvæmt uppástúngu minni ætlast eg til, að þingskjölin gæti orðið prentuð að minnsta kosti um haustið, og gæti þau þannig þegar komizt út um landið, og kynni að gefa mönnum löngun til að fá ræðurnar á eptir. Um uppástúnguna sjálfa er mèr ekkert sárt, þingmenn geta farið með hana eins og þeir vilja.

Guðmundur Brandsson: Eg álít, að landsmenn muni heldur kaupa þingtíðindin, ef ræðurnar fylgja með þeim, en á hinn bóginn gef eg ekki mikið fyrir kaupin á þingræðunum, ef þær eiga að koma löngu á eptir aðalskjölunum, og eg ætla, að mörgum muni ekki þykja mikið koma til þingræðnanna, ef þær fylgja ekki aðalatriðum málanna, og kynni þá margir hreint að hætta að kaupa tíðindin, sem nú kaupa þau. Það kann að vera, að þingmaður Borgfirðínga ætli sèr með þessu að skrúfa upp nýja kaupendur; en eg verð samt að vera móti uppástúngunni, því eg hygg, að hún gjöri engan hag, hvorki þjóð nè þingi.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr hefði þótt vænt um, hefði eg getað stutt þingmann Borgfirðínga í dag, af því eg var á móti honum á síðasta fundi, en mèr er það hreint »ómögulegt«, því ástæður hans eru allar í lausu lopti og mjög lèttvægar; þeir, sem leiðist að lesa þingræðurnar, þeir geta hlaupið yfir þær, og kaupendurnir fjölga því ekki fyrir það, þó þingræðunum sè sleppt; það er ekki heldur neinn sparnaður, heldur þvert á móti öllu fremur kostnaðarauki, því að þingið verður samt að láta prenta allar atkvæðaskrár, og þá sè eg ekki, að neitt sè sparað (*Arnljótur Ólafsson:* Jú). Nei, það er t. a. m. eigi auðið að prenta nefndarálit, sem sent er kveldinu áður, svo fljótt, að ef atkvæðaskrá er undan í sömu örkinni, að þessi örk verði alprentuð næsta dag, og verður þá eins að tvíprenta atkvæðaskrárnar, og hver er þá sparnaðurinn? (*Arnljótur Ólafsson:* Ástæður! ástæður!). Þetta eru ástæður, sem eg vona að allir þingmenn skili (*Arnljótur Ólafsson:* Ekki eg). Þeir einir, sem hafa áhuga á þingmálunum, kaupa þingtíðindin, og, ef til vill fremur, þegar þau eru lengri, heldur en þegar þau eru dregin saman í fáeinar arkir. Eg sè ekki betur, en að þetta sè tilraun til þess, eins og Danir segja „*at sætte Blaar i Öinene paa Folk*“.

Jón Hjaltalín: Mèr hefir skilizt þessi uppástúnga svo, að hún ætti að efla útbreiðslu þingtíðindanna, og sýnist mèr hún vera góð; því hin seina útsendíng tíðindanna hefir hingað til staðið á-huga manna um þíng og þingmál fyrir þrifum; svo hefir það líka verið sagt, að með þessu móti mundi fleiri kaupendur fást, og að það mundi fyrirbyggja tvíverknað, er eg því miklu fremur með þess-ari uppástúngu en hinni.

Arnljótur Ólafsson: Þingmaður Reykvíkínga sagði, að uppá-stúnga mín mundi ekki flýta neitt fyrir, þar ómögulegt væri að prenta nefndarálitin og atkvæðaskrárnar jafnótt, en þó nú þetta væri svo, þá flýtir það samt fyrir, því ekki þarf að kasta stílnum af nefnd-aráliti, heldur getur það beðið, þángað til atkvæðaskráin í hinu málinu er fullprentuð. Ef þingmaðurinn þekkir nokkuð til, hvern-ig gengur til á ríkisdeginum, þá veit hann, að hvað er prentað sèr, nefndarálitin og frumvörpin, og er þar engu kastað af, og síðan prentað aptur; mig undrar, að þingmaður Reykvíkínga skuli ekki vera svo nákunnugur prenti, að hann sjái, að kostnaðurinn er í því fólginn að hlaða og kasta stílnum af, en ekki í pappír þeim, sem fer í þau fáu exemplör til þingmanna. Allir sjá nú, að kasta verður stílnum af, ef prentun nefndarálita og atkvæðaskráa á að bíða til vors, en það þarf ekki, þó hún bíði einn eða tvo daga. En þar sem þingmaður Reykvíkínga sagði, að ástæður mínar væri lèttvægar, þá sannaði hann það ekki, og hlýt eg að segja honum, að eg studdi mitt mál á uppástúngum þeim, er hèr liggja fyrir oss og nú er að vísu búið að fella; en það má með sanni segja um ástæður hans, að þær eru á engu studdar nema á hugarburði einum.

Björn Pètursson: Eg vil styðja uppástúngu þingmanns Borg-firðínga; því mèr sýnist gott, að þingtíðindin sè prentuð í tvennu lagi, svo menn geti þá sèð, hvorn partinn landsmenn heldur vilja kaupa; en eg skil ekki, hvaðan þetta samþykki ætti að koma, og eg vil því leyfa mèr að beiðast upplýsíngar hjá uppástúngumanni. (*Arnljótur Ólafsson:* Það var núna gjört með atkvæðagreiðslunni). Já, það er aldeilis satt, eg tók ekki eptir því; eg hefi þá ekki meira að segja.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr sýnist þingmaður Borgfirðínga vera næsta ókunnugur prentun, ef hann ekki veit, að það þarf mjög stóra prentsmiðju til þess, að menn geti látið stílinn standa óaf-kastaðan fleiri daga, því með því móti geta orðið 5—6 arkir undir prenti í einu, en svo mikill stíll er hèr ekki til; eg veit það mikið

vel, að það er aðalkostnaðurinn við prentunina að setja og kasta af; það þarf þingmaður Borgfirðinga ekki að segja mèr. Hann kvartaði yfir ástæðuleysi hjá mèr, og kallaði það hugarburð minn, er eg sagði, en mèr fannst það fullkomlega eins hugarburður, sem hann sagði. Þetta þykir mèr óþarfar hnútur, og ekki vert að menn kasti þeim hver til annars. Eg hefi þá *ímyndun,* að þeir, sem hafa nokkurn áhuga á þínginu, vili ekki einúngis kaupa þingskjölin, heldur líka þingræðurnar; hann hefir aðra *ímyndun,* en ekki fæ eg sèð, að hún sè rèttari en mín; hann getur eins lítið fært nægar sönnur á þessa ímyndun sína, eins og eg; enda dettur engum í hug að sanna, hvernig menn haldi að aðrir hugsi.

Pètur Pètursson: Ef uppástúnga þingmanns Borgfirðinga verður samþykkt, vil eg gjöra viðaukaatkvæði við uppástúngu hans í þá stefnu, að engi sè skyldur til að kaupa báðar bækurnar, heldur sè hverjum heimilt að fá þá, er hann vill, og að verðið á hvorri bók verði sett á 48 sk. Þetta virðist mèr beinasti vegur til þess að sjá, hvort landsmenn vilja kaupa þingræðurnar eða ekki. Eg held líka, að ræðurnar muni seljast betur, þegar þingskjölin á undan eru komin svo fljótt fyrir almennings sjónir; með þessu móti geta líka fleiri fengið kost á að kynna sèr þingmálin, og við það getur áhugi manna vaxið á þeim, svo þeir, sem hafa kynnt sèr þingskjölin, er líklegt að muni óska fremur en annars að fá þingræðurnar. Viðaukaatkvæði mitt er beinlínis afleiðing af uppástúngu þingmanns Borgfirðinga, og vona eg, að þingið þekkist það, þó eg ekki tali meira með því.

Ólafur Jónsson: Hinn 3. konúngkjörni þingmaður vakti máls á því, sem eg vildi hafa sagt viðvíkjandi verðinu á þingtíðindunum, en mèr líkaði það ekki við viðaukaatkvæði hans, að sitt verðið skuli vera á hvorum partinum fyrir sig. Eg held, að það sè hentugra, að þingtíðindin sè prentuð í tvennu lagi, en verðið gjörir í sjálfu sèr ekkert til, og mætti það eins fyrir það vera ákveðið í einu lagi fyrir báða partana, því það er ekki verðið, sem staðið hefir fyrir útbreiðslu tíðindanna, heldur það, að þau hafa komið svo seint út, en væri þau prentuð í tvennu lagi, þá gæti allt það verulegasta komizt langtum fyrri til kaupendanna, og kynni þá kaupendur að fjölga. Eg sè það líka fyrir, að kostnaðurinn við að prenta tíðindin í tvennu lagi getur ekki orðið meiri en þó þau sè prentuð í einu lagi, og þó hann nú ekki geti orðið minni, þá er það engi skaði samt, að prenta þau í tvennu lagi.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst þessi uppástúnga vera tilraun til þess að sjá, hvort menn vilja kaupa alþingistíðindin, og eptir því gæti menn þá farið seinna. Mèr hefir skilizt, að komið hafi fram þær meiníngar, að nefndarálit og bænarskrár þíngsins væri eins konar löggjöf, en mèr sýnist annað verða ofan á, þegar eg lít á auglýsíngu konúngs til þessa þíngs. Mèr finnst ófært að prenta ekki alþíngistíðindin, því það er satt, sem sagt er, að *„littera scripta manet“*, o: það geymist, sem skrifað er, því þó því sè fleygt um stund, þá kemur það upp aptur. Þegar tímar hafa liðið fram, hefir þótt mikið í það varið, sem áður þótti lítilsvert. Eg get ekki sèð neina ástæðu til að setja þíngmanna ræður á óæðra bekk en ræður *konúngsfulltrúa* og *forseta*; eg held þær komi allar frá sama staðnum, og ef þíngmenn vilja gjöra minna úr ræðum sínum en *konúngsfulltrúa* og *forseta*, þá sýnist mèr það vera að setja niður sín eigin orð, og eins og þíngið áliti, að þau ætti ekki skilið að prentast. Eg vil ekki, að gjörður sè neinn greinarmunur á þíngtíðindunum annar en sá, að þau sè seld eptir arkatali, en alls ekki að sumt sè sett dýrara í þeim, en sumt ódýrara. Þetta virðist mèr vera eins konar helti í þínginu.

Sveinn Skúlason: Eg vildi tala í líka stefnu eins og hinn 5. konúngkjörni þíngmaður; mèr finnst nefnilega þessi uppástúnga vera ósamkvæm atkvæðagreiðslunni, sem gjörð var áðan, því þá samþykkti þíngið, að þíngræðurnar skyldi prentast og það var með því álitið, að þær væri eins áríðandi og frumvörpin. Hèr er nú ekki farið fram á að sleppa prentun þíngræðnanna, heldur á að setja þær á einhvern óæðra bekk, eins og hinn konúngkjörni þíngmaður komst að orði, og líða þær af því mikinn halla, því landsmenn verða að bíða svo lengi eptir þeim, og eru því öll líkindi til, að þótt landsmenn vildi heldur þíngræðurnar en skjölin, þá sæti þær samt á hakanum, þegar þær koma svo seint út, og vil eg því stínga upp á því breytíngaratkvæði við enda uppástúngunnar, að hvorttveggja sè prentað jafnhliða, þannig að menn fái jafnt sitt heptið af hvoru, og er þá báðum deildunum gjört jafnt undir höfði.

Arnljótur Ólafsson: Eg er hræddur um, að þetta sè misskilníngur, því að áðan var það samþykkt af þínginu, að þíngræðurnar skyldi prentast. Í uppástúngu minni er líka farið fram á, að þær skuli prentast, en hitt er allt annað, að vèr neyðum ekki landsmenn til að kaupa þær. Það má sjá eptir uppástúngu minni, hvort landsmenn vilja kaupa þær eða ekki, landsmönnum er með

henni að eins gefinn kostur á að sýna, hvort þeir vilja þær eður eigi. Mèr finnst þær ekki settar á neinn óæðra bekk, þær eru einúngis prentaðar seinna; það er mikið slæmt, að ekki skuli allt verða prentað í einu, en fyrst svo er, má eg þá spyrja, hvort er eðlilegra, að þingskjölin sè prentuð, á undan ræðunum, eða ræðurnar á undan þeim? Breytíngaratkvæði þingmanns Norður-Þíngeyínga, að prenta sitt heptið af hvoru, finnst mèr ófært, því á þann hátt er eytt aðaltilgangi uppástúngunnar, að þingmenn geti haft þingmálin prentuð fyrir sèr, þegar málin eru til umræðu, án nokkurs kostnaðarauka.

Pètur Pètursson: Eg vil gjöra það varaatkvæði við breytíngaratkvæði mitt, að verðið á þingskjölunum sè sett til 4 marka, en á þingræðunum til 2, og held eg, að þá sè ekki þingræðunum gjört lægra undir höfði en þingskjölunum.

Páll Sigurðsson: Eg sè ekki, að neitt vinnist við þessa uppástúngu, það er engi sparnaður, ekki gjörir það heldur tíðindin útgengilegri, því það kann að vera, að embættismenn vili heldur þingskjölin, en eg veit, að bændur vilja heldur þingræðurnar, og því sè eg enga ástæðu til að láta þingræðurnar bíða; það er líka varlega gjöranda, að breyta þeirri reglu, sem hefir staðið, einkum þegar ekki er ljóst, að breytíngin sè til batnaðar, eg vil því ekki, að því formi, sem verið hefir, verði breytt svona í lausu lopti, heldur skoði menn hug sinn til næsta þings.

Indriði Gíslason: Eg er á sama máli og þingmaður Rangæínga, og vil halda fast við þann vana, sem verið hefir, og vona eg, að þingræður þessar verði til þess, að landsmenn fara að íhuga mál þetta betur, og má ske kaupi tíðindin fremur en áður, en þeir kaupa þau ekki betur, þó þessi breytíng sè gjörð, og er eg því móti uppástúngunni, því eg sè ekkert gagn í henni.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg hefi ekki betur vit á, en að vera á sömu meiníngu og þessir 2 þingmenn, sem síðast töluðu, því mèr kemur ókunnuglega fyrir, að sá andi skuli ríkja hjá alþýðu, að vilja ekki sjá þingræðurnar. Eg hefi miklu heldur orðið þess var, að mönnum hafi þótt ræðurnar vera eins konar sál og líf tíðindanna, og helzt ginna menn til að lesa þau. Eg get heldur ekki kallað, að þessi bæn komi frá allri þjóðinni, þó hún komi frá þessum stöku mönnum úr þessu Vestfjarðahorni, og sýnist mest gjörð til þess að ausa yfir þingið ótilhlýðilegum hrakyrðum og sýna það með uppástúngunni, að þeir menn þekkja ekkert til, hvernig þíngi

þarf að haga, þar þeir segja, að þingskrifarar geti horfið, o. s. frv. Eg verð því að vera á sömu meiningu og varaþingmaður Dalasýslu, að upp þot þetta hafi sprottið af þeim afskaplega háa alþingistolli, sem að óvörum skall á í vor (*Forseti:* það er búið að leiða þetta mál til lykta, og með atkvæðagreiðslunni að fella þá bænarskrá). Eg veit það, en eg fer ekki langt út fyrir efnið enn; því af þessari Vestfjarðabænarskrá fæddist þessi Þingvallafundarályktun, og þar niður af þessi, sem nú er verið að ræða um, frá þingmanni Borgfirðinga, sem á að miða til að minnka alþingiskostnaðinn; en eg sé nú ekki, að alþingiskostnaðurinn minnki neitt við það, að prenta tíðindin í tvennu lagi; þegar þau skulu þó prentast öll, þá verður prentunarkostnaðurinn sá sami, og eins dýr verða þau að samanlögðu við kaupendur, og ganga því líklega ekki betur út. Eg gef því ekki atkvæði fyrir neinni breytingu.

Ásgeir Einarsson: Það var ekki margt, sem eg ætlaði að segja, og skyldi hafa alveg þagað, hefði ekki þingmaður Borgfirðinga nú farið aptur svo sem að kroppa í hann Torfa. En eg get nú frætt hinn heiðraða þingmann á því, að hann Torfi þessi, sem hann er að narta í allt af, hefir keypt alþingistíðindin og lesið þau, og þori eg að fullyrða, að hann er fullkunnugur ræðum þingmannsins frá síðasta þingi, og að hann framvegis muni kaupa alþingistíðindin, og því gef eg atkvæði fyrir því, að þingtíðindin sé prentuð nú, eins og að undanförnu.

Gísli Brynjúlfsson: Eg get ekki annað en kunnað þingmanni Borgfirðinga þakkir fyrir uppástúngu sína. Það er eins og margir þingmenn sé helzt að hugsa um það og dæmi uppástúnguna einkanlega eptir því, hvort hún geti hjálpað nokkuð til að troða þingtíðindunum og þá einkum ræðunum út, en eg fyrir mitt leyti get nú ekki skoðað málið þannig, heldur tek eg að eins tillit til þess, sem mèr virðist haganlegast vegna málsins sjálfs. Eg get ekki betur séð, en að frumvörpin, nefndarálitin og önnur eiginleg þingskjöl sé það, sem allt er á byggt, og það finnst mèr því helzt skylda þingsins, að gefa mönnum færi á að fá þessi skjöl sem fyrst; en til þess miðar einmitt uppástúnga þingmanns Borgfirðinga, því með henni er mönnum gjört hægra fyrir að ná þessu svo fljótt, sem nú er hugsanlegt, og þó þá kynni af því að leiða, að menn vildi ekki kaupa þingræðurnar á eptir, þá mundi eg gjöra miklu minna úr því. En þar sem þingmanni Borgfirðinga og þingmanni Reykvíkinga kom ekki saman um, hvað miklu prentsmiðjan

geti af kastað á stuttum tíma, þá er mèr þetta að vísu ekki nógu kunnugt; en þó treysti eg því, að þetta þurfi ekki að verða uppástúngunni til mikillar tálmunar, og því mun eg nú gefa atkvæði mitt fyrir henni, úr því þingið vildi ekki fallast á að sleppa prentun ræðnanna með öllu.

Forseti: Það er beðið um, að umræðum sè hætt, og það af mörgum þingmönnum.

Var það síðan með atkvæðum samþykkt, að lokið skyldi umræðunum um þetta mál.

Þar næst var gengið til atkvæða um uppástúngu þingmanns Borgfirðinga og var hún felld með 12 atkvæðum gegn 10.

Voru þá breytíngar og viðaukaatkvæði álitin fallin samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Forseti gat þess, að á næsta fundi mundi verða útgjört um undanfærslu þá frá þingskrifarastörfum, er þingmaður Reykvíkínga hafði afhent, og þá mundi einnig koma fyrir málið um læknaskóla og spítalastofnun, um lærða skólann og fiskiveiðar útlendra við Ísland; ákvað svo næsta fund til mánudags hins 8. júlí kl. 12.

Fundi slitið.

Sjötti fundur — 8. júlí.

Forseti gat þess, að þó að nokkrir þingmenn væri enn ókomnir á fund, hefði hann samt enga tilkynníngu fengið frá neinum þeirra um forföll.

Því næst var gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni er fyrst í dag að ræða um og skera úr því, *hver úrslit bœnarbrèf þingmanns Reykvíkínga um að losast við skrifarastörf á þínginu eigi að fá*; ef hinn heiðraði þingmaður skyldi hafa eitthvað fleira að segja, málinu til upplýsíngar, skal eg láta afhenda honum bæði brèfið og læknisvottorðið, er því fylgir.

Var það síðan afhent þingmanni Reykvíkínga.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hefi engu við það að bæta, sem stendur í brèfi mínu til *forseta,* og vil því að eins taka það fram, að undanfærsla mín undan skrifarastörfunum er einúngis sprottin af því, að eg þoli ekki að sitja við skriptir nema stutta stund í senn; eg þoli ekki vegna brjóstsins, að lúta lengi fram á borð, sem

menn verða að gjöra, þegar menn sitja við skriptir, og óska því einúngis þess, að þingið gjöri fljótt út um þetta mál.

Páll Sigurðsson: Þrátt fyrir það, sem fram er komið í þessu máli, og þrátt fyrir læknisattest það, sem þingmaðurinn hefir fengið, get eg ekki verið sannfærður um, að þingið eigi að víkja frá orðum tilskipunarinnar; — þar er sagt að skuli velja 2 skrifara af þingmönnum, en það er hvergi talað um, hvernig að skuli fara, ef þingmaður skorast undan kosníngu, eða hvort menn eigi að gegna því, þótt einhver skorist undan; það er að sönnu auðvitað, að þingskrifarar geta sýkzt eða önnur slík forföll komið fyrir, en hèr er ei því máli að gegna, að þingmaðurinn sè svo veikur, að hann geti ekki gegnt þingstörfum; að sönnu hreifði þingmaður Reykvíkinga þegar mótbárum móti kosníngunni; en þingið gat þá ekki fundið ástæður hans gildar. Nú ber hann aptur fram sömu ástæður, og fylgir þeim læknisattest frá landlækninum, um að þingmaðurinn sè brjóstveikur, og svo vottar hann einnig, að hann hafi einhver embættisstörf, er hann þurfi að stunda um þíngtímann, en þetta held eg að landlækninum komi ekki við. Mèr sýnist, að ef þingmaðurinn hefir svo miklar utanþingsannir, þá verði hann annaðhvort að segja sig frá þingi, og láta kalla inn varaþingmanninn eða þá að fá einhvern til að gegna fyrir sig þessum utanþingsstörfum. Hitt, að hann sè slæmur fyrir brjóstinu, getur vel verið, þó eg sè ekki sannfærður um það, og kann að vera, að landlæknirinn sjái þar betur en eg; því eg sè að eins með mínum einföldu almúgaaugum, en landlæknirinn með lærdómsgleraugum læknisfræðinnar; og eg hefi ekki getað sèð, að málrómur hans hafi breytzt til muna, síðan á síðasta þingi, svo menn geta ekki á honum sèð verkanir brjóstveikinnar; menn hafa því ekki til annars að halda sèr, en til læknisvottorðsins. Þó það nú sè efasamt, hvort menn eiga að losa þingmanninn frá skrifarastörfunum, vil eg ekki halda þessu máli til streitu, og er eg að mínu leyti ekki á móti því, að kosnir sè 1 eða 2 þingmenn til aðstoðar þingskrifurunum, ef þingmaður Reykvíkínga skyldi vilja hjálpa til við þingskriptir, og óska eg, að hann vildi skýra þinginu frá því, hvort hann ei er tilleiðanlegur til þess, en það versta er, að nú er búið að kjósa þá menn í margar og margbrotnar nefndir, sem menn helzt hefði viljað kjósa til þingskrifara, en við bændurnir erum, eins og allir þingmenn vita, ekki eins færir til þess að gegna skrifarastörfunum, sem menntuðu þingmennirnir; væri því gott, ef þetta gæti lagazt, og ef þingmaður Reykvíkínga skyldi vilja styrkja skrif-

arana, þá gæti hann fengið mikinn lètti við skriptirnar, án þess að þurfa að segja sig frá þíngskrifarastörfunum.

Halldór Kr. Friðriksson: Þíngmaður Rangvellínga þótti mèr gjöra lítið úr læknisattestinu, en læknisattesti eru þó álitin alstaðar gild, og eptir þeim er farið alstaðar um allan heim, og þíngið getur því ekki komizt hjá því að gefa sig undir það. Embættisstörf þau, sem eg hefi að vinna utan þíngs, eru skriptir, og vona eg þíngmenn sè svo mannúðlegir, að banna mèr það ekki fremur en öðrum; það er líka allt öðru máli að gegna með þá þíngmenn, sem verða að fara frá heimili sínu til þíngs, en þá, sem geta verið heima hjá sèr, þó þeir sè á þíngi; þeir, sem verða að vera burtu frá heimilum sínum, verða að fá aðra til að gegna störfum sínum í sinn stað, en það getur þíngið ekki heimtað af hinum. Eg ætla svo ekki að tala fleira, en segi að eins það, að eg vil helzt algjörlega losast frá þíngskrifarastörfum; en eg lofa því, að eg skal vera fús til þess að láta þeim þíngskrifurum, sem kosnir verða, alla þá leiðbeiníngu við þíngskriptirnar í tè, sem mèr er unnt, þó eg ekki sè þíngskrifari að nafninu.

Páll Sigurðsson: Þegar menn nú á annað borð breyta út af því, sem vanalegt er, vil eg skjóta því til þíngsins, hvort ekki muni tiltækilegast að fjölga skrifurunum, svo að þeir verði 4 í stað tveggja; þá þurfa menn ekki að fría þíngmann Reykvíkínga frá skrifarastörfunum, en hann getur fengið lètti, fyrst hann er svo veikbyggður. Þessir 4 skrifarar gæti þá skipt svo með sèr störfum, að þau ekki legðist mjög þúngt á einn þeirra.

Konúngsfulltrúi: Eg vil leyfa mèr að mæla með því, sem hinn heiðarlegi þíngmaður Rangvellínga stakk upp á, að þíngið kjósi 2 aðstoðarskrifara; gæti þeir þá lètt svo undir, að skrifarastörfin ekki yrði þíngmanni Reykvíkínga of þúngbær. Hann afsakar sig ekki ástæðulaust; hann er alþekktur eljunarmaður og hinn starfsamasti, og dregur sig aldrei í hlè; beiðni hans styðst og við vitnisburð landlæknisins. Eg vil biðja þann mikilsvirta *forseta,* að bera þetta undir álit þíngsins, ef hann ekki er þessari skoðun á málinu mótfallinn.

Forseti: Eptir alþíngistilskipuninni á að kjósa tvo þíngskrifara þegar í upphafi þíngs, og eiga þeir að gegna skrifarastörfum þíngið út; en eg verð og að vera hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* samdóma í því, að ekkert sè verulegt á móti því, að ef nauðsyn krefur, eins og hèr virðist nú vera orðin, að tveimur sè bætt við,

svo að þeir verði 4; þá geta þeir skipt störfunum með sèr, og 2 gegnt þeim í senn; því sjálfsagt er það á hinn bóginn, að eigi mega nema tveir gegna skrifaraembættinu á sama fundi. En þessi skiptíng gæti orðið til þess, að öll þíngskrifarastörfin gangi greiðara og kæmi lèttara niður á einstaka menn, ef eigi væri nema tveir. Þess vegna gladdi það mig, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* var eigi mótfallinn þessum úrræðum. Hvort sem undanfærsla þíngmanns Reykvíkínga verður metin fyllilega gild eða ekki, þá skiptir hitt mestu, að þíngið á nú völ á svo fáum, vegna þess að búið er að ofhlaða með nefndarkosníngum á þá mennina, sem beztir væri og bezt til skrifara fallnir, sýnist mèr það því mannúðlegra, ef þíngið veldi þenna veginn til þess að lètta þíngskrifarastörfin með því að hafa 4 þíngskrifara; en síðan gæti þeir, eptir samkomulagi sín á milli og við *forseta,* skipt með sèr störfum. Ef því engi mælir á móti því, að 2 þíngskrifarar sè kosnir í viðbót, vil eg þegar bera það upp.

Sveinn Skúlason: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvort þíngmaður Reykvíkínga á þá alveg að sleppa frá öllum skrifarastörfum, eða menn eiga að skoða hann framvegis sem fastan, því mèr sýnist að ætlast sè til í alþ.tilsk., að þíngskrifarakosníngin eigi að gilda þíngið út; mèr sýnist líka betra, að hann sè einn af þeim 4, þá þyrfti ekki heldur skrifarastörfin að falla þúngt á hann.

Forseti: Eg ætlaði fyrst að bera upp, hvort þíngið vildi bæta tveimur skrifurum við, og þar næst, hvort þíngmaður Reykvíkínga ætti að losast eður ekki. Eptir fyrri atkvæðagreiðsluna, og ef hún lyti að því, að bæta skyldi við 2 skrifurum, gæti þíngmaður Reykvíkínga hugsað sig um, hvort hann vill halda kröfu sinni fram um það að losast, og kynni þá ekki að þurfa nema eina atkvæðagreiðslu, ef hann sleppti kröfunni; þessa aðferð hafði eg hugsað mèr, því mèr þótti hún liðlegri.

Jón Hjaltalín: Þó eg ekki hafi talað við þíngmann Reykvíkínga, síðan eg heyrði uppástúngu *forseta,* og viti því eigi með vissu, hvort hann geti gengið að þessum kostum, vil eg samt mæla með henni; því mèr finnst vera tekið mjög mannúðlega í þetta af þínginu, og vel ráðið úr þessu máli. Margar hendur vinna lètt verk, og svo mun hèr, og óska eg því atkvæðagreiðslu.

Halldór Kr. Friðriksson: Til þess að sýna, að það er ekki af tómri einþykkni, að eg vil losna við þessi skrifarastörf, þá skal eg, ef 2 skrifurum er bætt við, fúslega styrkja þá, þó eg hafi rètt til

þess að krefjast, að þingið lagi sig eptir læknisvottorðinu, en þó með þeim skilmála, að mèr sè hlíft við skriptum, sèr í lagi þegar sækir fram á þingtímann; því það er mèr kunnugt, að ef þingskrifarar þá gegna störfum sínum með alúð, þá eru þeir bundnir við þau allan daginn frá morgni til kvelds, þegar þeir eiga að færa inn í þingbókina langar atkvæðagreiðslur fyrir næsta fund, og menn geta átt von á þeim á þessu þingi í sumum málunum, og vil eg tiltaka hjúamálið; þegar menn eiga að skrifa þá romsu alla á 5 eða 6 tímum, þá getur hver maður sèð, hvort það er hollt fyrir þann mann, sem hefir óstyrkt brjóst.

Páll Sigurðsson: Eg skoða alla þingskrifarana eins og eina heild, þeir skipta að eins með sèr störfum og lètta hver undir með öðrum.

Forseti: Það er alveg rètt, sem þingmaður Rangæinga tók fram, að skrifararnir eiga allir að vera í samvinnu og skipta þeir störfum með sèr eptir því sem þeim kemur saman, bæði innan-þings og utan.

Var síðan borið undir atkvæði, hvort kjósa skyldi 2 skrifara auk þeirra, er kosnir voru í byrjun þingsins, og var það samþykkt með 21 atkvæði.

Þar næst voru þessir kosnir til þingskrifara:

Sveinn Skúlason . . með 15 atkv. og
Páll Melsteð . . . — 13 —

Forseti: Samkvæmt þessum úrslitum málsins mun þá krafa þingmanns Reykvíkinga vera burt fallin, eptir því sem honum fórust orð áðan (*H. Kr. Friðriksson*: Jú!).

Kemur þá samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu og nefndarkosningar *álitsmál stjórnarinnar áhrærandi spítalahlutina á Vestmannaeyjum.* Skjöl þau, er málinu fylgja, hafa legið á lestrarsalnum, svo eg vona, að þau sè þingmönnum kunnug; þeim fylgir einnig skýrsla *konúngsfulltrúa* um það, í hvert horf málið nú er komið. Ef engi hreifir neinum mótbárum á móti því, álít eg, að þingið vili kjósa nefnd í það.

Var síðan stúngið upp á 3 manna nefnd, og þar engi mótmælti því, var það álitið samþykkt, og þessir kosnir í nefndina:

Árni Einarsson . . með 18 atkv.
Páll Sigurðsson . . — 13 —
Jón Hjaltalín . . — 7 —

og skjölin afhent þingmanni Vestmannaeyja.

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu og nefndarkosníngar *álitsmál stjórnarinnar,* áhrærandi *laun málafærslumannanna við yfirdóminn,* og hvaðan þau skuli taka. Brèf þau, er þessu máli við koma, hafa legið á lestrarsalnum; mál þetta er borið upp undir álit alþíngis af stjórninni samkvæmt konúngsúrskurði 19. marz 1858.

Var síðan stúngið upp á 3 manna nefnd, án mótmæla, því álitið samþykkt, og þessir kosnir í nefndina:

Jón Pètursson með 17 atkvæðum
Páll Melsteð — 13 ——
Ásgeir Einarsson — 11 ——

Voru skjölin síðan afhent hinum 4. konúngkjörna þíngmanni.

Forseti: Kemur þá til inngangsumræðu bænarskrá þíngmannsins úr Gullbríngusýslu áhrærandi *ráð við hallæri*; eg veit ekki, hvort flutníngsmaður óskar framsögu eða hann vill lata sèr lynda, að henni verði vísað til nefndarinnar, sem sett hefir verið í hallærismálinu.

Guðmundur Brandsson: Eg vona, að þíngmenn hafi kynnt sèr þessa uppástúngu mína á lestrarsalnum, og er því ánægður með að henni sè vísað til nefndarinnar, sem áður er kosin í sama máli. Með því að engi þíngmanna mótmælti því, að svo væri gjört, var bænarskráin afhent formanni nefndarinnar, þíngmanni Skagfirðínga.

Forseti: Þá koma til inngangsumræðu og nefndarkosníngar tvær bænarskrár úr Múla- og Þíngeyjarsýslum um *læknaskóla* og *spítala*, og með því að eg held, að bænarskráin frá Múlasýslu sè almennari og yfirgripsmeiri en hin, vil eg biðja þíngmanninn þaðan að taka að sèr framsöguna.

Björn Pètursson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána:

»Það gjörist ekki þörf, þótt vèr sem fáorðlegast reyna vildum að lýsa fyrir yður, heiðruðu fulltrúar! tilfinníngum vorum og þjóðar vorrar um það, hversu huggunar- og hjálparlaust föðurland vort nú er og hlýtur að vera sökum þeirrar stórkostlegu læknafæðar eða læknaleysis, er ekki sízt nú mjög tilfinnanlega á sèr stað á jafnstrjálbyggðu og víðlendu landi og örðugu yfirferðar. Vèr álítum ekki ofsagt, þótt vèr segðum, að ekki hefði verið hèr of þètt aðallæknum skipað, þótt sinn hefði verið að minnsta kosti í hverju

af hinum fornu þíngum landsins, eða svo þètt sem hæfilegt sýndist, þegar næmar sóttir ganga og liggur á bráðum og góðum viðgjörðum, og því tilfinnanlegri megi mönnum nærverandi læknafæð og læknaleysi vera.

Í þeirri næmu og mannskæðu sótt, er nú geisar yfir landið, deyr svo margur að engi bjargar, vegna þess að víðast hvar engi læknir er til og til einkis næst, er gæti svo mikið sem veitt hlutaðeigendum huggun, auk heldur hjálp eða bata, ef auðið væri. Nú með því vèr álitum, að úr þessu yrði einmitt á þann hátt til langframa bezt bætt, að hèr yrði stofnsettur þjóðlegur innlendur læknaskóli, er í gæti gengið og útskrifazt úr þau læknaefni, er fyndi hjá sèr köllun til að nema læknisfræði og ekki fráfældist slíkt, hvorki vegna kennslumátans nè kostnaðarins, þegar kennslan væri orðin þjóðleg og innlend, þá finnum vèr oss af framansögðu innilega tilknúða að biðja yður, háttvirtu og heiðruðu alþíngismenn! að bera enn á ný þá bæn fram fyrir hans hátign konúng vorn:

> Að samkvæmt því, er þèr um báðuð á seinasta þíngi, verði fyrir hans konúnglegu hátignar ráðstöfun og aðhlynníng stofnsettur þjóðlegur innlendur læknaskóli og spítali í Reykjavík, svo fljótt sem mögulegt verður.
>
> Í nafni fundar að Vallanesi, 31. maímán. 1861.
>
> *E. Hjörleifsson.* *V. Guttormsson.*
> forseti. skrifari.“

Eg ætla, að eg ekki þurfi að mæla margt með þessari bænarskrá, Eg vil að eins taka það fram, að það var meiníng beiðenda, þó það ekki sè skýrt fram tekið í bænarskránni, að læknasjóðnum, sem stofnaður var með konúngsúrskurði 12. ágúst 1848, skuli verða varið til að stofna fyrir spítala og læknaskóla í Reykjavík, og þar eð þíngið ætíð hefir gefið þessu máli góðan róm optast í sömu stefnu og núna, og landlæknir vor fylgir henni fastlega fram, eins og hann hefir jafnan áður gjört, þá vona eg, að það verði nú sjálfu sèr samkvæmt og hugsi sig ekki lengi um, að kjósa nefnd í málið.

Jón Hjaltalín: Ef þörf er á, að þíngið gefi nokkru máli gaum, þá er það læknaskipunarmálinu, því með tilliti til þess er ástandið hèr mjög sorglegt. Eg veit ekki betur, en að í vetur hafi í mörgum sóknum og jafnvel sýslum, svo sem Vestmannaeyjum og mörgum öðrum stöðum, dáið 10. hver maður; það er rètt eins

og þegar pestir gánga í hálfsiðuðum löndum, Afríku eða Tyrkjalöndunum. Það er reyndar satt, að margir deyja, þar sem læknar eru og til þeirra verður náð, en þó er ástandið betra, þar sem læknahjálpin er, og þó að læknahjálpin sè ófullkomin í mörgum einstökum tilfellum, þá er hún samt ómissandi fyrir hverja siðaða þjóð; þetta sýnir reynslan og þetta gæti eg sýnt svart á hvítu. Hvað að öðru leyti snertir embættismannaefni í embætti hèr á landi, þá mátti það ekki aumara standa, en það hefir áður staðið hjá oss, en þó er þetta nú komið í verra horf hjá okkur, en nokkru sinni áður; nú standa presta, sýslumanna og lækna embætti auð og engi fæst í þau. Já! Nú er þá komið að því, sem eg sagði fyrir 20 árum, að Ísland fengi aldrei nóga lækna, ef ekki væri stofnaður skóli í landinu sjálfu. Nú er reynslan nógsamlega búin að sanna þetta, en sú reynsla er dýrkeypt, því hún hefir nú sem komið er kostað 10. hvern mann lífið. Stjórnin segir nú í auglýsingu sinni til þingsins, að hún ekki hafi fundið ástæðu til þess að breyta sínu fyrirhugaða áformi, hvað þetta mál snertir; eg veit nú ekki, hvort þetta fyrirhugaða áform er það sama og hún skýrði þinginu frá 1859, má ske *konúngsfulltrúi* geti gefið einhverja aðra upplýsíngu um þetta áform; mèr, sem þó á að heita æðsti læknir landsins, hefir stjórnin ekki skýrt frá því. Eg skrifaði stjórninni í fyrra og bað um leyfi til þess að mega kenna úngum stúdentum og að fè því, sem ætlað er til aðstoðarlækna, mætti verða varið til þeirrar kennslu. Stjórnin fèllst á þessa uppástúngu að nokkru leyti, og sagðist hafa skrifað amtmönnum og beðið þá um álit þeirra um málið, en enn þá hefir einúngis einn þeirra gefið því góðan gaum, nefnilega stiptamtmaðurinn hèrna; amtmaðurinn fyrir norðan sagðist ekki geta sinnt því vegna fjárkláðans, en amtmaðurinn í Vesturamtinu fór svo í gröf sína, að hann svaraði því ekki einu orði, og þó hefði verið þörf á því hvað Vesturamtið snertir, að þessu máli hefði verið svarað fljótt og vel, því eitt læknisembættið þar hefir nú staðið óveitt í 2 ár. Eg ætla svo ekki að tala meira núna, en vonast til, að það reynist satt, sem eg sagði áðan, og vona eg svo, að nefnd verði kosin, nema *konúngsfulltrúi* hafi einhverjar þær upplýsíngar að miðla þinginu, er gjöri nefnd óþarfa.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af því, sem nú var sagt, gefa þinginu þær upplýsíngar í málinu, sem eg hefi í höndum frá stjórninni, og þær lúta að því, að hún er fastráðin í því, að halda áfram því fyrirkomulagi (Plan) á málinu, sem ráðið var af með konúngs-

úrskurðinum frá 12. ág. 1848, nefnilega að verja læknasjóðnum til þess að koma upp smátt og smátt innlendum læknum, og þar að auki leitast stjórnin við að stuðla að þessu augnamiði, með því hún nú í seinustu 2 árin hefir í fjárhagslögunum ákveðið 800 rd. árlega handa 4 ísienzkum læknaefnum við háskólann, 200 rd. hverjum, er þeir skyldi verða aðnjótandi, þegar þeir væri búnir á Garði og væri búnir að missa fjárstyrk þann, sem veru þeirra þar er samfara.

Sè nú farið í málið, eins og þingið hefir stúngið upp á, og farið að stofna sjúkrahús í Reykjavík og læknaskóla þar, leiðir beinlínis þar af, að þá vantar fè til að fjölga hèr læknum, því stjórnin mundi naumast verða fáanleg til að veita 6—7 nýjum læknum laun úr ríkissjóðnum; málinu þokaði þannig fremur aptur en fram. Stjórninni þykir það enn fremur nokkuð ónærgætnislegt af þinginu, að það skuli kvarta yfir því, að ráðstafanir hennar ekki hafi þegar borið ávöxt, því það sè þó auðsætt, að þær þurfi að eiga tímann fyrir sèr, enda hefði sama orðið að verða niðurstaðan, þó læknaskóli hefði verið settur í Reykjavik, ef læknaefnin þar ætti að verða nokkurn veginn að sèr; hún ætlar því, að það sè tiltækilegast, til þess að bæta í bráð úr læknafæðinni, sem nú sè, að komið sè upp aðstoðarlæknum, eptir því sem segir í konúngsúrskurðinum frá 1848, og landlæknirinn sè líka byrjaður á þessu eptir ráðstöfun löggæzluráðherrans í brèfi frá 31. ág. f. á., en stjórnin er í efa um það, hvort jafnaðarsjóðirnir, eins og nú standi á, geti borgað 200 rd. árlega fyrir kennsluna, og þykir henni því sanngjarnt, að læknasjóðurinn taki þetta að sèr, þar sem það sè samkvæmt hans augnamiði. Svona lítur þá stjórnin á málið, og svona hefir hún hugsað sèr málsins fyrirkomulag, og því ætlar hún að halda fram, en þegar svo er, þá get eg ekki skilið betur, en að þingið eigi nú ekki að hreifa málinu, allrasízt í þeirri stefnu, sem bænarskrárnar fara; hitt vil eg þar á móti biðja þingið vel að athuga, hvort ekki sè ástæða til að beiðast þess, að veitt verði fè úr læknasjóðnum, til þess landlæknirinn geti komið upp aðstoðarlæknum, svo fljótt sem unnt væri, og mundi stjórnin gefa þeirri bæn góðan og fljótan gaum.

Um nýtt og betra fyrirkomulag og meðferð á spítalahlutunum er stjórnin búin að skrifa biskupinum, og hann er búinn að skrifast á um það við amtmennina, svo það mál er þegar komið í kríng; en út af spítalahlutunum á Vestmannaeyjum er beðið um þingsins álit.

Jón Hjaltalín: Þingið hefir nú heyrt upplýsingar *konúngs-*

fulltrúa, og eg verð að segja það fyrir mitt leyti, að eg hefði búizt við þeim betri. Þó *konúngsfulltrúi* og stjórnin sè eigi með mèr í þessu máli, og þó eg sè konúnglegur embættismaður, ætla eg samt að framfylgja því, sem eg fyrir samvizku minni álít að sè satt og rètt í þessu máli; þó mèr ekki einu sinni sè unnt að gjöra það, sem formönnum mínum í embættinu var leyft, þó mikils háttar menn leggi mèr hindranir í veginn, skal eg samt gjöra það, sem eg álít rèttast, og eg ætla ekki að nema staðar fyrri en við hans hátign konúnginn sjálfan, eg ætla ekki að hætta að biðja, fyrri en hann sjálfur neitar bæn minni, og eg ætla að framfylgja máli þessu því öflugar, því ver sem sumir taka í það. Stjórnin segist að vísu hafa gjört þá ráðstöfun, að stúdentar, sem læra læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla, geti fengið 800 rd. árlegan styrk, þetta er mikið gott, en menn mega ekki búast við nægri læknahjálp fyrir það. Þegar eg stúderaði í Kaupmannahöfn, var nærfellt þessi sama ráðstöfun gjörð, þá fengu líka 2—3 stúdentar 200 rd. styrk, en árangurinn af því var lítill, eins og nú sèst bezt merki til. *Konúngsfulltrúi* sagði, að stjórnin mundi aldrei gefa sitt samþykki til, að spitali og læknaskóli yrði stofnaður í Reykjavík; stjórnin getur naumast verið þekkt fyrir að gefa þvílíkt afsvar; þegar landsmenn biðja um, að sjóður sá, sem þeir hafa safnað saman með lífshættu, sè brúkaður til þess að viðhalda lífi þeirra í lífsnauðsyn, þá segi eg, að stjórnin geti ekki verið þekkt fyrir að segja þvert nei! Eg vil því halda þessu máli fast áfram og vona, að það hjálpi á endanum; og eg hlýt eptir skoðun minni að heimta, að nefnd sè sett í málið.

Stefán Eiríksson: Eg er samþykkur þeim mönnum, sem talað hafa í þá stefnu, að nefnd verði sett í málinu; það vita nú allir, hversu gott það er fyrir okkur Austur-Skaptfellínga, að leita læknis norður á Akureyri, og hversu vel slíkar ráðstafanir stjórnarinnar eiga við, að setja Jón Finsen til læknis hjá okkur; við megum deyja án allrar læknishjálpar fyrir þessari ráðstöfun stjórnarinnar, að vísu hefir læknir Finsen sent aðstoðarlækni í umdæmið, en sá aðstoðarlæknir hefir ekki enn gjört kunnugt, hvar hann er búsettur; það sèst nú af auglýsíngunni til þessa þíngs, að 4 af læknum hèr á landi hafi verið mótfallnir uppástúngu alþíngis 1857, en mèr er ekki ljóst, hvort Finsen hefir kennt þessum aðstoðarlækni, eður hann hefir numið læknismennt sína annarstaðar; en hafi nú Finsen kennt honum, þá skýrir auglýsíngin ekki rètt frá, um að læknarnir hafi

verið mótfallnir uppástúngu frá þinginu 1857. Það er nú miður heppilegt, eins og stendur í auglýsíngunni, að ekkert álit skuli hafa komið frá landlæknínum um þessa uppástúngu þíngsins; mèr finnst þó, úr því sem nú horfir til með lækna hèr á landi, að betra sè að hafa þá, sem lítið eitt hafa numið í læknisfræði, en að hafa alls engan; eg get ekki borið traust til stjórnarinnar um fljót afdrif í þessu máli, sem þó að öðru leyti þarf bráðrar aðgjörðar við.

Guðmundur Brandsson: *Konúngsfulltrúi* vitnaði áðan til konúngsúrskurðarins frá 1848 um spítalasjóðina, en í þeim úrskurði er það ekki tekið fram, hvernig verja eigi sjóðunum; þar er að eins sagt, að þeim skuli verja til þess að kenna innlendum læknum, eða, þegar tími þyki til kominn, bæta með þeim læknaskipun í landinu; en ekkert ákveðið um það, hvernig það skuli gjöra, hvort læknaefnum skuli vera kennt hèr i landi eða utanlands. Það er líka synd að segja, að stjórnin hafi verið hraðfara í þessu máli. 1847 fór þíngið fram á hið sama og nú, og síðan eru nú ekki fá ár; stjórnin var þá á móti því og það var náttúrlegt, því landlæknirinn, sem þá var, var á móti uppástúngum þíngsins; síðan hefir stjórnin verið æði aðgjörðalaus með málið, og sýnist mèr það merkilegt, að í auglýsíngu stjórnarinnar til þíngsins 1857 skírskotar hún til álits einhverra lækna suður í Slèsvík, en ekki til þess, sem landlæknirinn hèrna ræður til. Svo bar hann sínar uppástúngur undir þíngið, og þegar þíngið kom þá með aðrar uppástúngur og hún ekki samþykkti þær, þá gjörði hún þó ekki sínar eigin uppástúngur að lögum, heldur breytti þeim, og sýnir það, að hún hefir ekki sjálf verið sannfærð um, að það væri rètt, sem hún áleit sjálf tiltækilegast, og mèr þykir það líka merkilegt, ef hún sæi betur, hvað bezt á hèr við í þessu máli, en landlæknirinn, sem hæði þekkir skólana utanlands, kennslumátann þar og læknaskipunina og ástandið hèr, og hefir átt mestan þátt í þessu máli, og vil eg því, að nefnd sè í það kosin.

Jón Hjaltalín: Eg vil leyfa mèr að skýra þetta mál enn betur, því mèr finnst vera allmikill misskilníngur á því. Árið 1857 fór þíngið fram á, að landlæknirinn kenndi prestaskólakandídötum það nauðsynlegasta, er gjöra þarf við sjúklínga í bráðum lífshættum. Þetta var, að eg held, eptir uppástúngu minni, og ætlaðist eg til, að landlæknirinn skyldi lesa þeim fyrir einúngis yfir það, hvað gjöra ætti við sjúklínga í bráðum lífsháska, en þetta sjá allir, að er allt annað en læknakennsla; það er ekki heldur nein spány

uppáfinníng; því líkt á sèr stað sumstaðar í öðrum löndum. Árið eptir fèkk eg brèf frá stjórninni, í hverju hún spyr mig, hvort eg vili taka þessa kennslu að mèr fyrir ekkert. Þessu svaraði eg þá engu, því mèr þótti þetta nokkuð skrítin aðferð, og einkum þótti mèr það skrítið, að hún bar málið undir embættisbræður mína, sem eru mótfallnir allri innlendri læknakennslu hèr á landi; en þó eg ekki svaraði stjórninni með orðum, svaraði eg henni samt með því, að eg með aðstoð forstöðumanns prestaskólans hèlt fyrirlestur fyrir stúdentum á prestaskólanum yfir drepsótt þá, er gekk hèr yfir landið í fyrra, taugaveikina, og hefi ekki krafizt neinnar borgunar fyrir það enn þá, en fyrirlestrarnir eru enn þá til, og eg skýrði frá þessu í ársskýrslu minni til læknaráðsins, sem send er stjórnarráðinu. Eg tek þetta fram, svo að þíngmenn ekki misskili uppástúngu mína frá 1857, og kalli hana læknakennslu. Að eg hèlt þessa fyrirlestra, mun stjórnin, eins og nú var sagt, vita, og eg get sent henni fyrirlestrana, ef hún vill, því eg skrifaði þá og þeir eru til enn þá.

Páll Sigurðsson: Það er búið að taka fram flest af því, er eg vildi hafa sagt, svo að eg get verið því fáorðari. Eg hefi lengi verið á sama máli og landlæknirinn, að því er þetta mál snertir, og furðar mig því meir á því, að stjórnin ei skuli fara eptir tillögum landlæknisins og þjóðarinnar. Vèr höfum nú fengið nóga sorglega reynslu fyrir því, að oss getur hèr ekki vegnað vel, að því er læknaástand landsins snertir, nema vèr fáum innlenda lækna. Eg hefi bæði reynt læknaleysi og líka útlenda lækna, og stendur mèr nærri því á sama, hvort er; eg gef ekki mikið fyrir þessa dönsku lækna, eg vildi heldur leita ráða til íslenzks bónda, sem hefði lagt sig eptir því allraminnsta í læknisfræðinni, heldur en þessara dönsku lækna, og gengur það hreint yfir mig, að stjórnin skuli ekki taka þenna almenna vilja þjóðarinnar til greina, einkum þar vèr höfum sjálfir innlent fè til þess, sem vèr biðjum um, og þurfum ekki að biðja stjórnina um það, og held eg, að eg vogi mèr að segja, eins og Jón Loptsson sagði forðum: Eg veit ekki, hvort páfin veit þetta betur en eg og forfeður mínir.

Forseti: Þar eð æðimargir þíngmenn hafa óskað þess, að umræðunum nú sè lokið, skal eg bera það undir atkvæði þíngsins.

Var það þá með atkvæðafjölda samþykkt, að þessari inngangsumræðu skyldi lokið; og þar eð engi hafði mótmælt því, að nefnd væri kosin, var það álitið samþykkt, og með því að stúngið hafði

verið upp á 5 manna nefnd, og engi hafði mótmælt því, var það einnig álitið samþykkt, og þessir síðan kosnir í nefndina:

Jón Hjaltalín . . . með 21 atkv.
Páll Sigurðsson . } — 14 —
Pètur Pètursson . } — 14 —
Sveinn Skúlason . } — 14 —
H. G. Thordersen . — 6 —

Auk hins annars konúngkjörna þíngmanns hafði *Guðmundur Brandsson* einnig hlotið 6 atkvæði, en aldur rèð, svo að hinn 2. konúngkjörni varð sá 5. nefndarmaður.

Forseti: Þar næst koma samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu og nefndarkosníngar 5 bænarskrár frá ýmsum sýslum og fundum áhrærandi *lærða skólann;* eg held, að bænarskráin frá Húnavatnssýslu sè hvað yfirgripsmest og ljósust, og vil eg því biðja þíngmanninn þaðan að flytja málið.

Voru bænarskrárnar síðan afhentar þíngmanni Húnvetníinga.

Ólafur Jónsson: Bænarskráin frá Húnavatnssýslu hljóðar þannig:

»Það er orðið alkunnugt, bæði af blöðunum þjóðólfi og Norðra og af hinum árlegu skýrslum um hinn lærða skóla í Reykjavík, að síðan skólinn var fluttur þangað, hafa lærisveinar fækkað talsvert, og það svo, að talið er, að til vandræða horfi, ef líku fari fram eptirleiðis, með að fá menn í embætti landsins. Þessi fækkun þeirra, er gefa sig við skólalærdómi, hefir eðlilega orsakazt af því, að síðan skólinn kom í Reykjavík, hefir verið miklu kostnaðarmeira að koma drengjum til menntunar, en á meðan hann var á Bessastöðum; en ekki er þó fyrir meiru að gangast, hvað flestöll embættin snertir, en meðan miklu minna þurfti að hafa fyrir að komast í þau.

Önnur aðalástæða til þess, að færri hafa sókt um skólann, síðan hann kom í Reykjavík, en áður, er, án efa, sú, að ýmislegt skólanum viðvíkjandi hefir, síðan hann var seinast fluttur til Reykjavíkur, verið sniðið of mjög eptir útlendu formi, sem hèr á ekki við, einkanlega virðist inntökupróf nýsveina, sem við hefir verið haft síðan skólinn kom í Reykjavík, hafa verið óhagkvæmt, og þykir mega fullyrða, að einmitt það hafi mest deyft menn að hugsa til skólalærdóms með syni sína; próf þetta, sem vèr getum ekki betur sèð en að hljóti að vera tilgangslaust og óþarft með öllu — að minnsta kosti meðan ekki er að velja um því fleiri skólasækjendur —

gjörir landsbúum marga óhægð, og ekki alllítinn kostnað, einkanlega þar sem senda verður drengi til prófs úr hinum fjarlægari hèruðum landsins. Í annan stað er það mjög eðlilegt, að drengir úr sveitum, sem lítið hafa vanizt mannfundum, verði einurðarlausir, þegar þeir, nýkomnir úr langferð, eiga að fara að standa próf á ókunnugum stað, fyrir ókunnugum kennurum, og ef til vill, í viðurvist annara ókunnugra, og leiðir þá eðlilega af því, að kennarar skólans geta ekki við prófið fengið neina þekkingu til hlítar á piltum þeim, er þeir að eins reyna í áviknum kríngumstæðum en hafa í engu sagt til, vita ekkert um gáfnalag þeirra, og þekkja ekkert kennsluaðferð þá, er við þá hefir verið brúkuð. Sú hefir og raunin á orðið, að mörgum piltum hefir verið vísað frá við prófið; hafa þá þeir, sem að þeim stóðu, sumir gefizt upp, og ekki hugsað framar til skólalærdóms um þá, en hinir hafa orðið að taka til þess neyðarúrræðis, annaðhvort að koma þeim fyrir til prívatkennslu í Reykjavík, eða þá að kosta að nýju upp á heimakennslu handa þeim í sveitum, og síðan upp á aðra ferð með þá til prófsins; þetta með öðru fleiru hefir og mjög dregið úr áhuga á heimakennslunni í sveitum, þar eð prestarnir, sem heita má að sè einu mennirnir, sem þar búa drengi undir skóla, hafa, af afdrifum þeirra, er ækir hafa verið gjörðir, ekki viljað eiga það á hættu, að leggja hönd á að kenna únglíngum, og vita ekki, nema það yrði árangurslaust, og að lærisveinum sínum yrði, ef til vill, fyrirmunuð öll framför í menntum, einasta fyrir það, að þeim hefði annaðhvort mistekizt, eða þeir hefði ekki getað neytt sín við prófið fyrir einurðarbresti.

Þetta, sem engi mun geta borið á móti með nokkrum rökum, ætlum vèr að sè nóg til að sýna, hve óhafandi optnefnt inntökupróf nýsveina sè, og hve mikið skaðræði það hafi unnið, síðan farið var að viðhafa það, og að tjónið muni verða því meira, ef frestað yrði að ráða bót á því.

Margt er það fleira þessari menntastofnun landsins viðvíkjandi sem vèr álítum að breytíngar og bóta þurfi, og sem vèr því viljum leiða athuga að:

1. Álítum vèr það óhentugt að heimta, að piltar skuli koma í skóla ekki eldri en 16 eða 18 vetra; vèr álítum í öllu tilliti miklu betur eiga við, að þeir megi án aldursleyfis verða teknir í skóla allt að tvítugs aldri, eins og var á Bessastöðum, en eptir það með aldursleyfi eptir kríngumstæðum; allir verða að viðurkenna, að það

sè hollast, að piltar, sem lifa eiga í fjarlægð frá foreldrum sínum eða vandamönnum, hafi áður öðlazt þá gætni, stillingu og staðfestu, sem alstaðar er nauðsynleg, en einkum á þeim stöðum, hvar helzt má búast við freistingum, en eptir því verður ekki vonað af drengjum á únga aldri. Þar að auki hefir kríngumstæðum sumra únglínga verið svo háttað, að þeim hefir ekki getað opnazt vegur til menntunar fyrri en of seint, eptir þeim aldri, sem nú er tiltekinn; en þeir komust þó áfram, af því þeim var leyfð innganga í skólann á tvítugsaldri eða seinna.

2. Álítum vèr, að skólaárið ætti ekki að vera lengra en 8 mánuðir, eða frá 1. okt. til 31. maí; þeir, sem lærðu í Bessastaðaskóla, mega muna, að þeim þókti í hvert sinn nóg komið, þegar majus var liðinn, þá gátu margir skólapiltar unnið sèr talsvert inn í júnímánuði; og enn mætti víst brúka hann til nokkurs lèttis í skólakostnaðinum; en iðni við lærdómsiðkanir höldum vèr eðlilegt að reynist lin um þann tíma ársins.

3. Álítum vèr, að sleppa mætti sumum af vísindagreinum þeim, sem nú eru kenndar í skólanum, og ætlum vèr, að með því mætti stytta skólaveruna um 1 eða 2 ár, og væri það mikill lèttir í skólakostnaðinum; það sýnist, að stúdentar, sem nú eiga ekki, eins og áður, aðgang til embætta, nema þeir á eptir skólaveru sinni iðki eiginleg embættisvísindi, megi álítast ánægjanlega menntaðir, ef þeir auk móðurmáls síns lærði dönsku og þjóðversku, latínu og grísku landafræði og sögu, reikníng og hið einfaldasta í rúmmálsfræði. Hitt annað, sem kennt er í skólanum, verðum vèr að álíta miður nauðsynlegt að gjöra piltum að skyldu að læra, enda hefir það ekki áður verið kennt í skólum hèr á landi, og þeir, sem fyndi hjá sèr löngun og hefði kríngumstæður til að nema nokkuð í því, mundi eiga hægt með að fá sèr seinna bækur þær, er til þess væri nauðsynlegar.

Samkvæmt öllu framanskrifuðu finnum vèr oss knúða til, að skora á vora heiðruðu alþíngismenn, í nafni voru og allra Íslendínga, sem umhugað er um hinn lærða skóla landsins, að þeir skerist alvarlega í þetta þjóðmálefni, sem mest er umvarðanda af öllum málefnum vorum, og komi því til leiðar:

1., Að opt nefnt inntökupróf nýsveina verði strax af numið með öllu, en að skóli verði veittur þeim, sem um hann sækja eptir vitnisburðum þeirra, er búið hafa þá undir skóla, eins og gjört var, meðan skólinn var á Bessastöðum, og

2., Að ráðin verði bót á þeim þremur atriðum, sem vèr höfum sýnt hèr að framan, að breytíngar og bótar þurfi við.
Á sýslufundi að Miðhúsum í Húnaþíngi, 12. dag júním. 1861".
(24 nöfn).

Ólafur Jónsson: Eg ætla ekki að mæla neitt fram með þessari bænarskrá, því eg vona, að engi mótspyrna verði á móti því, að mál þetta sè tekið til nefndar.

Konúngsfulltrúi: Eg vil reyndar ekki mæla á móti nefnd í þessu máli, en eg er þó hræddur um, að málið græði ekki mikið á því, þó þíngið taki það til meðferðar. Bænarskrárnar, sem komnar eru, virðast mèr líka, yfir höfuð að tala, þegar eg undantek bænarskrárnar úr Húnavatnssýslu, þannig úr garði gjörðar, að þeir, sem þær hafa ritað, annaðhvort ekki hafa þekkt vel til málsins, eður og ekki gefið sèr tóm til að íhuga það frá öllum hliðum; eg vil nú ekki nefna bænarskrána frá þeim svo kallaða frjálsa Kollabúðafundi, því hún ber á sèr þann blæ, að þeir, sem hafa samið hana og samþykkt, ekki bera nafn með rentu, því sá er engi frjáls í orðsins rètta skilníngi, sem er háður geðshræríngum sínum og hleypidómum, og eg get ekki leitt hjá mèr að taka það fram, að slík bænarskrá er að mínu áliti hvorki boðleg frá þeirra hlið, sem senda hana, nè heldur þínginu; þetta á þíngið að láta í ljósi hreint og beint, svo hlutaðeigendur geti lesið það í þíngtíðindunum, svo því verði ekki eptirleiðis boðin önnur eins bænarskrá, eða annað eins ávarp, og hèrna liggur á lestrarsalnum úr Skagafjarðarsýslu. Hvað því næst snertir uppástúngur bænarskránna úr Húnavatnssýslu, þá eru þær fyrst og fremst bergmál af þeim umkvörtunum, sem árið sem leið hafa gengið í Danmörku út af skólakennslunni, að lærdómsgreinirnar væri of margar, og það væri gengið fram af lærisveinunum. Þessar umkvartanir verða sjálfsagt teknar til greina, og þá kemur sú breytíng, sem yrði á skólakennslunni, einnig fram við skólann okkar. Mèr sýnist því, að menn geti beðið eptir því, sem að líkindum þannig stendur til. Þá tala bænarskrárnar um tilbreytíngu á skólatímanum, að hann hætti fyrr á vorin og byri fyrr á haustin; þessi tilbreytíng hefir áður verið borin upp af rektor skólans, en þá fèkkst hún ekki, en eg efast ekki um, að hún mundi þó fást, ef um hana yrði beðið að nýju, með því hún má virðast hagfelld. Þá er talað um, að rýmka um aldurinn, svo að tvítugum piltum veitist aðgangur að skólanum. Þetta virðist mèr ísjárvert, því það sjá þó allir, að það á ekki við, að tvítugir piltar sè

í bekk með drengjum á 12. og 13. ári, og eg get ekki betur sèð, en að þessu sè frjálslega skipað, þegar 18 ára piltar geta fengið aðgöngu í skólann.

Að fella af inntökupróf er líka beðið um; það er sjálfsagt, að því er samfara nokkur kostnaður og fyrirhöfn, en ekki virðist mèr hún geta verið til fyrirstöðu. Prófið er reyndar til þess að komast að því, hvar pilturinn eigi bekk, og það er ekki heimtað nema það, sem minnst má verða, þegar pilturinn á að geta verið búinn á 6 árum. Að piltar hafi ekki getað staðizt prófið vegna einurðarleysis, þori eg að fullyrða að er of hermt. Það hefir verið einmitt af þekkíngarleysi, en engu öðru. Að öðru leyti er það líka vandkvæðum bundið, að leggja prófið til haustsins, ef pilturinn ekki kæmist að; og eins eiga hlutaðeigendur á hættu, ef prófinu er sleppt, að pilturinn verði rækur á eptir að vorinu, en það er ekki að óttast með prófinu. Að taka upp aptur *„privat dimission“*, eins og stúngið er upp á, er líka ísjárvert; hún reyndist opt ekki vel, meðan hún var, og því var hún tekin af; eg held líka hún mundi, eins og nú er komið, verða eins kostnaðarsöm, þegar bæði er tekið til greina, að skólakennslan er ókeypis, og líka sá fjárstyrkur, sem lærisveinum skólans er veittur í ölmusum. Um flutníng á skólanum þaðan sem hann nú er, og hvar hann, þegar á allt er litið, víst er bezt niður kominn, virðist ekki geta orðið spursmál, og eins og skólinn var fluttur frá Bessastöðum, eins gæti aptur orðið spursmál um að flytja hann aptur í Reykjavík að nýju, ef hann yrði nú fluttur þaðan; því skoðanir manna breytast og þíngsins með, og er það optar komið fram í málum hèr á þíngi. Yfir höfuð er svo margt í þessu máli, sem þarf til greina að koma, að þeir einir geta um málið dæmt, sem eru, eins og menn segja: *„Mænd af Faget“*, og eg get naumast ætlað, að þíngið hafi yfir höfuð þessa þekkíngu á málinu. Málið er þar að auki algjörlega umboðslegs eðlis, og liggur að því leyti fyrir utan þíngsins verkahríng. Eg álít því rèttast að skjóta málinu á frest að svo komnu; og það því heldur sem eg veit ekki betur, en að rektor hafi sent stjórninni uppástúngu um breytíngu á reglugjörðinni um skólann, og það er maðurinn, sem málinu er vaxinn.

Björn Pètursson: Eg vil geta þess, að áður en eg fór til þíngs, fèkk eg brèf frá kjósendum mínum, í hverju þeir báðu mig að koma fram á þínginu með uppástúngu um þetta mál, ef engi bænarskrá kæmi til þíngsins um það. Nú eru margar bænarskrár

komnar til þingsins um það, og gleður það mig, því það sýnir, hvílíkan áhuga landsmenn hafa á málinu, og það er að vonum, því allt af eru þeir að fækka, sem um skólann sækja, og eru þeir nú orðnir svo fáir, að til vandræða horfir. Það er því vafalaust, að þörf er á, að einhver breyting sè gjörð á tilhögun skólans til batnaðar. En það er ekki ætlazt til þess, að farið sè alveg eptir uppástúngunum í bænarskránum, því meiníng þeirra er eiginlega sú, að biðja þingið að sjá fyrir, að mál þetta fái einhverja haganlega umbót, en það er á þingsins valdi að halda sèr til uppástúngnanna í bænarskránum eða að gjöra aðrar betri uppástúngur. Þess vegna vil eg, þrátt fyrir það, þó *konúngsfulltrúi* ráði frá því, að nefnd sè kosin í þetta mál. En eg skal ekki svara ákúrum þeim, sem *konúngsfulltrúi* gaf bænarskránni frá Kollabúðafundi, því það liggur öðrum þíngmönnum nær.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg stend nú sèr í lagi upp af því, að eg býst við, að mönnum þyki það eðlilegt, að eg tali eitthvað í þessu máli, þar engi hèr á þíngi mun vera því kunnugri en eg. Eg ætla að geta þess þegar, að eg ætla að mæla með nefnd, einúngis að því leyti, að eg er sannfærður um, að hinn ákveðni skólatími er ekki hentugur og skólatíminn er líka það eina í þessu máli, sem mèr sýnist að þíngið geti skipt sèr af; hitt allt er umboðslegs efnis, sem þíngmenn ei bera fullt skyn á. Þar sem sagt er t. a. m. í bænarskránni frá Húnavatnssýslu, að inntökuprófið í skóla sè óhafanda, þá er það með öllu misskilið; því þar sem skólaveran er bundin við vissan ára tíma, þá er það nauðsynlegt, að reyna nýsveina, svo menn sjái, hvort þeir sè svo undirbúnir, að þeir geti af lokið lærdómsiðkunum sínum í skólanum á hinum tiltekna tíma; og þó að tíminn fyrir skólaverunni væri óbundinn, þá er þó prófið allt um það óumflýjanlegt; því að kennararnir þurfa þó að vita, hvernig pilturinn er að sèr, til að vita, í hvern bekkinn hann á að setjast. Að piltar hafi verið gjörðir apturreka vegna feimni veit eg ekki til, og því eru ei svör gefandi; að mikið sè heimtað af piltum við inntökuprófið, er líka hreint fráleitt; það, sem heimtað hefir verið af þeim, er einúngis, að þeir geti í latínskum stíl sett saman einfaldar setníngar, og svarað aðalatriðunum úr kafla úr bók í latínu, sem þeir hafa lesið; en það hefir verið lítið tillit haft til, hvernig þeir hafa verið að sèr í hinum vísindagreinunum, hafi þeir nokkurn veginn staðið sig í latínuprófinu, en að nafninu verður þó að reyna þá í þeim; að svo margir hafi verið

gjörðir apturreka við inntökuprófið er óþörf grýla, sem komin er inn hjá landsmönnum, en ekki er til. Í hin síðustu 11 ár hafa 4 eða 5 orðið apturreka, og eru það engi ósköp á svo löngum tíma. Ef inntökuprófinu er sleppt, er það, eins og *konúngsfulltrúi* tók fram, engu betra, að piltar sè reknir úr skóla eptir að hafa verið í honum 1 eða 2 ár. Að því er aldurinn snertir, þá geta piltar nú komizt í neðsta bekk 18 ára gamlir, því þeir mega ei vera eldri en 24 ára, þegar þeir útskrifast; ef þeir geta komizt af með að vera 4 ár í skóla, geta þeir komizt inn 20 ára, og ef þeir komast af með 3 ár, jafnvel 21 árs. Þannig er ekki haft tillit til annars en að þeir komist burtu frá skólanum 24 ára; þetta er engi frágangssök; mèr finnst nú ekki vera annað við aldurinn að gjöra, en að halda þessari tilhögun, eða þá að sleppa hreint öllum ákvörðunum um aldurinn, og lofa öllum að komast að, hversu gamlir sem þeir eru, og skal eg fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti því. Í bænarskránni er stúngið upp á, að sleppa nokkrum vísindagreinum, en þegar farið er að telja upp vísindagreinir þær, sem kenna skuli, þá eru allar þær vísindagreinir upp taldar, sem kenndar eru við skólann nema 2, og af þeim er önnur kennd í 4 bekk 2 tíma á viku, og hin í 4 bekkjum 2 tíma á viku; þetta eru öll ósköpin og held eg að lèttirinn sè ekki mikill, þó þessu sè sleppt. Þar er einnig talað um fækkun pilta; það er mikið satt, að þeir hafa fækkað síðan 1848, en það er ekki skólanum að kenna, heldur eru aðrar orsakir til þess. Eg skal ekki bera á móti því, að ímyndaður strangleiki við inntökuprófið hafi fælt menn frá að senda syni sína í skóla; en þessi strangleiki er tóm ímyndun, en alls eigi í raun og veru. Að flytja skólann sè eg enga ástæðu til; meðan skólinn var á Bessastöðum, þóttu miklir annmarkar á; nú þykja einnig annmarkar á því, að hann sè hèr, en annmarkarnir hèrna eru ekki meiri, en þeir voru þar, og þykist eg geta dæmt um það, því eg hefi verið í og við skólann á báðum stöðunum. Þó örðugt sè að hafa hèr eptirlit með piltum, þá var það einnig örðugt þar. Þar sem bænarskráin frá Dalasýslu fer fram á, að hver piltur, sem kemur í skóla sè skyldur að ganga í bindindi, þá finnst mèr þetta nokkuð skríngilegt og ófrjálslegt, að vilja leggja siðferðislega nauðúng á menn; stjórn skólans á að sjá fyrir því, að piltar ekki drekki; en beri á drykkjuskap til muna, sýnist mèr rèttara að þeim piltum, sem gjöra sig að mun seka í drykkjuskap, sè hegnt, og það jafnvel útrekstri úr skóla. Þó eg því sè með nefnd, hefi eg verið

nokkuð langorður, til þess að nefndin sneiddi heldur hjá því, sem henni er ekki fullkunnugt um.

Ásgeir Einarsson: Eg hèlt, þegar eg gekk á þíng í dag, að eg þyrfti ekki að standa upp til þess að tala með nefnd í þessu máli, því mèr fannst það sjálfsagt, að nefnd væri í það kosin, því allir sjá, að vèr getum hvorki komið hèr á stofn læknaskóla nè lagaskóla nema að lærði skólinn standi í blóma; enda er mèr fullkunnugt, að þjóðin hefir mikinn áhuga á þessu máli; og sýna það hinar mörgu bænarskrár, er um það hafa komið. Eg hèlt, að *konúngsfulltrúi* ætlaði ekki að spilla fyrir því með athugasemdum sínum, að þetta mál kæmi til nefndar, heldur einúngis gjöra þær til að leiðbeina nefndinni; eg get ekki skilið, að stjórnin taki það illa upp, þó bændur leggi orð í mál þetta eptir þeirri litlu þekkíngu, sem þeir hafa á því, og stjórnin má gjarna sjá það, að bændum sè annt um skólann, sem er frækorn allrar menntunar hèr á landi; en eg vil ekki fara langt út í málið nú þegar, en einúngis geta þess, þar sem þíngmaður Reykvíkínga gjörði lítið úr bænarskránni frá Húnavatnssýslu, þá hefir *forseti* lagt hana til grundvallar, og *konúngsfulltrúinn* fellt yfir hana vægastan dóm. Um bænarskrána frá Kollabúðafundi get eg þess, að hún er skrifuð með hendi hálærðs guðfræðíngs frá Kaupmannahafnarháskóla, og þó mönnum kunni að finnast, að hún sè ekki hóflega orðuð, þá er það fyrirgefanlegt, þó menn, er menn skrifa um það mál, sem mönnum er mjög annt um, geti ekki ætíð stýrt tilfinníngum sínum eða hönd og penna sem hógværlegast; þegar þeim þykir það fara aflaga, sem þeim er annt um, þó eg viðurkenni, að slík orðatiltæki, sem í bænarskránni eru, ætti ekki að eiga sèr stað, og vinna ekkert til bóta í sjálfu sèr. Eg tel það samt víst, að nefnd verði kosin, og skal eg því tala fátt um hin einstöku atriði, en vona, að nefndin taki það í bænarskránum til greina, sem gott er. Þíngmanni Reykvíkínga þótti inntökuprófið fá of harðan dóm, en eg veit það, að rektor Sveinbjörn Egilsson sálugi skrifaði stjórninni um það í líka stefnu og bænarskráin fer fram á. Að því er apturrekstur pilta snertir, þá sýna skólaskýrslurnar, hversu margir hafa verið gjörðir apturreka, en þeir vita bezt af hvaða ástæðum, sem hlut áttu þar að máli. Ef heimakennsla er dýrari en kennslan í skóla, þá er líklegt, að menn noti heldur kennsluna í skóla, ef hún bæði er betri og ódýrari; þó því sè hreift í bænarskránum, að flytja skólann úr Reykjavík, þá hefir því, ef til vill, verið hreift

af einhverjum, sem er kunnugur málinu, enda er nefndin ekki bundin við öll atriði bænarskránna; en þó nefnd sè kosin, vil eg, að þingið fari varlega í stórkostlegar breytíngar, og vil eg heldur, að nefndin reyni til þess að laga það, sem kvartað er yfir að sè í ólagi, áður en menn stínga upp á því, að skólinn sè fluttur. Það hefir nú þegar verið sagt, að þetta mál væri of umboðslegt, til þess að þingið gæti átt við það. Skólamál þetta var rætt nú á hinu fyrsta þíngi og ekki að fundið af stjórninni, og var sá *konúngsfulltrúi* þá, sem ekki var mikið um, að hèr væri talað um umboðsleg málefni. Þó eg haldi ekki með drykkjuskap, vorkenni eg skólapiltum, að þeim sè gjört að skyldu að vera í strangasta bindindi, nema kennendur þeirra væri það líka; hið þegjanda eptirdæmi kennaranna sjálfra í því efni ætti að geta komið miklu góðu til leiðar í því efni; þegar kennararnir eru sjálfir gengnir á undan piltum með því að vera í bindindi, þá finnst mèr eðlilegt, að þeir vildi, að piltar væri það líka; eg vona, að allir sannir Íslendíngar verði með því, að nefnd sè kosin í mál þetta, og tala eg því ekki fleira um það nú.

Sveinn Skúlason: Mèr virðast þessar löngu umræður með öllu óþarfar, þar mèr virðist sjálfsagt að setja nefnd í málið; skólinn er fóturinn undir allri menntan vorri, og þegar þjóðin, eins og eðlilegt er, sýnir áhuga sinn á honum, væri það að bregðast þjóðinni alveg, ef þingið virti þenna áhuga hennar svo að engu, að það ekki kysi nefnd í málið.

Jón Hjaltalín: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir ráðið frá, að nefnd verði kosin í þetta mál, og virði eg að vísu mikils tillögur hans í þessu efni, jafnmenntaðs manns og hann, en þrátt fyrir það fannst mèr hans langa og snjalla ræða lítið sannfæranda hafa við sig, og að minnsta kosti sannfærði hún mig engan veginn; það er eins og Englar segja í máltaki einu, að hart sè að renna niður hörðum steinum. Það er hart, þegar reynslan með allri hörku sinni, en blátt á fram, talar hátt og greinilega, og það gjörir hún í þessu máli. Hún segir oss hreint og beint, að menntun landsins sè að fara á höfuðið, allt af er að smáversna, og aldrei hefir jafnbáglega staðið og nú. Áður fyrri voru það þó að minnsta kosti 1 og stundum fleiri af hverju 1000, sem leituðu sèr hinnar æðri menntunar, en nú er það ekki orðinn nema ½ af 1000, og naumast það; okkur rekur því aptur á bak, rekur allt af og rekur, ef til vill áður en varir, út í hafsauga. Mótbárur hins hæstvirta

konúngsfulltrúa þóktu mèr heldur ekki svo miklar. Það er svo sem auðvitað, að landsmenn sjálfir fullt eins vel og við hèr hljóta að geta dæmt um, hvers vegna piltar ekki koma í skólann úr landinu eins margir og áður, það voru einmitt *þeir*, sem áður sendu piltana, og verða því að vita eins vel og betur en við hèrna, hvers vegna þeir eru hættir því, svo eg gef ekki mikið fyrir þá ástæðu, að menn hèr sè of ókunnugir ástæðunum. Bænarskráin sjálf þókti mèr þess utan innihalda þær ástæður, sem vel væri þess verðar, að þær væri til greina teknar. Það er nú t. a. m. um aldurinn sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, að eg álít hagkvæmt og skólans vegna jafnvel nauðsynlegt, að aldurinn sè ákveðinn, eins og bænarskráin fer fram á, til 20 ára aldurs, því opt vill það til, að únglíngar framan af æfinni geta verið svo heilsutæpir, að foreldrar þeirra ekki þori að senda þá frá sèr, en optast ræðst úr þessu eður á, einmitt um 20 ára aldurinn. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* virtist mèr gjöra lítið úr *prívat*kennslunni, en reynslan hefir sýnt það og sannað, að hún er affaradrjúg og holl fyrir þetta land. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að þíngið hefði ekki yfir nógu mörgum að ráða, sem væri menn »*af Faget*«, eður menn, er eptir stöðu sinni bæri skynbragð á málið, en má eg spyrja hann: heldur hann, að hann eða eg, eða 7—8 kennendur við skólann viti betur en landsmenn sjálfir, af hverju það kemur, að þeir eru hættir að senda syni sína í skóla? eg held ekki! og þetta er þó einmitt aðalspurníngin, eða kann vera menn búist við, að 7—8 kennendur, þó þeir sè lærðari, geti togað syni landsmanna inn í skólann nauðuga, og nauðgað þeim þar inn að gánga, nei! eg er hræddur um það takist ekki og gæti ef til vill að því rekið, að þeir mætti sitja í bekkjunum tómum og lesa sèr sjálfum til uppbyggíngar. Hèr við *verður* eitthvað að gjöra, og eg get ekki sèð, að þíngið geti leitt hjá sèr að taka mikið tillit til bænarskránna í þessu efni, hvernig sem þær eru orðaðar. Eg segi nú fyrir mig, að þegar eg þykist sjá meiníngunа góða, þá er eg ekki að hengja mig fastan við orðið, og fannst mèr því engi ósköp ganga á í bænarskránni frá Kollabúðafundinum, sem menn þó ætluðu að gjöra að einhverri Skraparotsræðu. Annað eins held eg hafi nú sèzt í löndum, sem þó eru kölluð siðuð lönd, Þýzkalandi og Ameríku, eins og þó menn vili hafa bindindi. En það er ein skoðan bæði hjá landsmönnum og ef til vill hèr á þíngi, sem eg verð að vara við sem hættulegri fyrir velferð landsins. Það er nefnilega þessi, að vilja forðast allt

útlent snið; menn meina ef til vill danskt snið, en bæði þar og hjá öðrum þjóðum er fleira til, sem gott er, og danskt held eg megi finna margt það, sem við Íslendíngar mættum þakka fyrir að geta sniðið eptir. Eg verð því að mæla fastlega fram með þessu máli og að nefnd sè kosin í því, og sting eg upp á 5 manna nefnd.

Benedikt Sveinsson: Mèr finnst býsna margt komið fram í ræðum þíngmanna um þetta mál, sem er ótímabær burður, og eg því leiði hjá mèr að sinni. Eg vil leyfa mèr að benda á, að hèr ræðir að eins um hina almennu hlið málsins, hvort þíngið eigi að gefa nokkurn gaum bænarskrám þeim, sem því hafa verið sendar um það, að það beiðist endurbóta á hinum lærða skóla, og íhugi galla þá, sem á honum eru. Eg get nú ekki leitt hjá mèr það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* kom með í ræðu sinni móti því, að þíngið tæki þetta mál til meðferðar og að nefnd væri sett í það. Fyrst og fremst færði hann það til, að mál þetta væri umboðslegs eðlis og heyrði því ekki undir þíngið. Þessu verð eg að vera mótfallinn. Þó eg játaði, að málið væri umboðslegs eðlis, sannar það lítið, því eptir berum orðum alþíngistilsk. 2. gr. heyra einnig slík mál undir alþíngi (sjá orðin: *Love* og *Foranstaltninger*). Í annan stað sagði hann, að kraptar þíngsins mundu því ekki vaxnir, að fjalla um þetta mál, sem hinn heiðraði fulltrúi Reykvíkínga tók líka svo sterklega fram. Þetta þykir mèr býsna hörð kenning; þó eg eigi að heita menntaður maður, skal eg ekki halda mèr mikið fram. Eg ætti víst að muna eptir, að eg varð nær því apturreka frá Reykjavíkurskóla sællar minníngar. En hvað um það. Hèr eru til allrar lukku líka aðrir menn og þeir ekki svo fáir, sem ekki að eins hafa fengið hina beztu almennu menntun hèr á landi, heldur einnig numið vísindi á þeim staðnum, sem út lítur fyrir að sumir haldi að sè sá eini, sem guð hefir ætlað mönnum, að minnsta kosti oss Íslendíngum, að menntast á, háskólanum í Kaupmannahöfn, og hafa hlotið þar eins mikla viðurkenníngu fyrir þekkíngu sína, eins og kennarar skólans hèrna í Reykjavík. Hafa þessir menn þá ekki heldur neitt vit á þörfum skólans? Mundi það ekki býsna varúðarvert að gefa einstöku mönnum svona löguð vísindaleg einkarèttindi fram yfir aðra menn? Í þriðja lagi fór hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* því á flot, að menn væri svo ókunnugir ástandi skólans. Þessu verð eg að svara því, að þíngmenn verða þó að þekkja til þess, sem þeir horfa og þreifa á. Það vanta embættismenn í allar stèttir landsins. Það vantar

presta, lækna og valdsmenn, og þó er synd að segja, að mönnum sè hamlað frá embættum hèr á landi. Af hverju kemur þetta? Af því menn sækja svo treglega skólann; hin únga kynslóð hænist ekki að honum eins og hann er. Nú er þá eigi annar kostur, að mèr virðist, en að laga skólann, því eg gjöri ráð fyrir, að menn hvorki vili skipa embætti landsins ómenntuðum mönnum, eður þá láta þau líða undir lok. Eg verð þá að mæla fastlega með nefnd í málinu, og treysti því hvorttveggja, að þingið veli vel í hana, og nefndarmenn í þessu sem öðru leggi allt kapp á að leysa ætlunarverk sitt vel af hendi.

Benedikt Þórðarson: Eg hèlt, að máli þessu mundi hèr á þingi verða vel svarað, því nauðsyn þess er svo ljós, að hún dylst engum; eins og nú er komið, sjá menn það, að brátt muni skorta embættismannaefni í landinu, einkum prestaefnin. Skólinn er að falla, það sjá allir, þeir fækka ár af ári, er í hann ganga; á því lengi fram að fara, að aðgjörðalaust sè látið? Skólinn hefir nú staðið hèr í 15 eða 16 ár; þegar hann fluttist hingað, var nægur fjöldi af prestaefnum til í landinu, þá voru og margir aðstoðarprestar; en allt er nú upp numið, og þeir flestir líka, sem komið hafa síðan út frá prestaskólanum, og þó hefir brauðum fækkað nú á seinni árum. Landið er síður en ekki orðið byrgt af prestum, og það er enn aðgætanda, að fjöldi prestanna, sem nú eru, eru gamlir menn, sem því nær eru fallinu, sem þeir eldast meira. Fáeinir kandidatar, sem nú eru að eins til, eru ekki lengi að vinnast upp; nú þegar get eg borið um það, að prestaefnin eru allt of fá; eg hefi umboð prests á Vestfjörðum að fá honum aðstoðarprest; en, sem komið er, hefi eg samt engan fengið, þó þess hafi leitað. Ekki ætla eg að fara orðum um bænarskrárnar, sem komnar eru áhrærandi skólann; bænarskráin frá Kollabúðum hefir fengið nokkurt álas og þótt harðorð; það getur svo verið, að hún sè það, en þó liggur sannleikurinn til grundvallar í henni, og er hann hèr sem jafnan sagna beztur. Það er nóg, að skólinn þarf fljótra og góðra ráða við og umbóta — og þó fyrr hefði verið — eg álít það sjálfsagt, að þingið taki mál þetta til meðferðar og nefnd sè í það kosin.

Guðmundur Brandsson: Eg verð að taka undir með þingmanni Þingeyjarsýslu, að mèr finnast þessar löngu umræður með öllu óþarfar, þar sem mestpart sumar taka upp það, sem áður er sagt, það er eins og þingmönnum sè farið að gleymast það, sem

fyrir skemmstu var hreift hèr á þinginu að stytta umræðurnar sem mest og spara með því alþingiskostnaðinn, og skal eg því stínga upp á, að til atkvæða sè gengið í þessu máli nú þegar.

Stefán Eiríksson: Eg er nú samþykkur hinum heiðraða þingmanni úr Gullbringusýslu, er nú mælti, að menn eiga að hafa sem stytztar inngangsumræðurnar, en af því áður var búið að stínga upp á 5 manna nefnd, mæli eg fram með, að 7 menn verði settir í nefnd í jafnyfirgripsmiklu máli og þetta er.

Ólafur Jónsson: Eg ætla ekki að mæla fram með bænarskránni úr Húnavatnssýslu; því af ræðum þingmanna er eg orðinn viss um, að nefnd verður kosin, en eg vildi svara hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* og þingmanni Reykvíkínga fáeinum orðum. Þeir sögðu, að bænarskráin bæri það með sèr, að sá, sem hana hefði samið, bæri ekki fullkomið skynbragð á málið. Eg ætla nú ekki að fara í neinn mannjöfnuð í því tilliti eða segja um það, hvort sá, sem samdi bænarskrána, ber eins gott skynbragð á það og þeir; en eg er viss um, að hann ber nægilegt skynbragð á málið, og er langtum færari en þeir að dæma um, hvað hèr á bezt við, eptir því sem ráða er af ræðum þeirra sjálfra, er þeir nú hafa flutt. Þá sagði líka þingmaðurinn úr Reykjavík, að þingið bæri ekki skynbragð á þetta mál. Mèr finnst nú liggja í þessu vel mikið sjálfshrós, því þá er eins og hann haldi, að engi maður í þinginu beri eins gott skynbragð á málið, eins og hann; eg held þó, að sumir þingmenn beri fullkomið skynbragð á þetta mál, og vona eg, að nefndarkosníngin takist svo vel, að þeir verði valdir.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg sagði það þegar í byrjun fyrri tölu minnar, að eg ætlaði eigi að mæla á móti nefnd í þessu máli, enda þótt eg væri hræddur um, að nefndin eigi fyndi þau ráð, er einhlít reyndist, til að fjölga lærisveinum í latínuskólanum, og í þessari ímyndun minni styrktist eg enn meir, og jafnvel sannfærðist um, að eg færi eigi skakkt í þessu, við ræðu hins konúngkjörna varaþingmanns. Einn þingmanna sagði, að eg hefði gjört lítið úr bænarskránni úr Húnavatssýslu; en þetta er með öllu misskilníngur; heldur tók eg fram nokkur atriði úr þessari bænarskrá, til að sýna, að landsmenn væri eigi nógu kunnugir öllum málavöxtum, og að til að mynda sá, er samið hefði þessa bænarskrá, þekkti eigi inntökuprófið, eins og það er í raun og veru, og hann því hefði ritað um það, sem hann hefði eigi nógan kunnugleika um; en eg sagði alls eigi, að hann bæri eigi skyn á málið. Það er

enn eitt atriði, sem sýnir, að menn hafa eigi fullljósa og fasta hugmynd um þetta mál, þar sem á þingi 1845 var beðið um, að kenna miklu fleiri vísindagreinir, en nú er kennt, en nú er beðið um, að fækka þeim, og það er þó nokkuð undarlegt, í annað skiptið að fjölga kennslugreinunum, en í hitt skiptið að fækka þeim. Það er öldúngis satt, sem hinn heiðraði 5. konúngkjörni þingmaður sagði, að landsmönnum eru sjálfum kunnugastar orsakirnar, hvers vegna þeir senda eigi syni sína í skóla; og það getur vel verið satt, að inntökuprófið fæli þá að nokkru; það er allt annað mál, hvort þetta próf sè í raun og veru fráfælíngarefni, eða það er það einúngis í ímyndun þeirra, og eins og eg hefi sagt, get eg enga ástæðu sèð til þess fyrir landsmenn að fælast það. Þingmaður Barðstrendínga talaði mikið um þá fækkun, sem orðin væri á skólapiltum frá því sem verið hefði á Bessastöðum. Úr þessari fækkun get eg fyrir mitt leyti ekki gjört mikið; á Bessastöðum voru aldrei nema 40, og þeir hafa hèr í Reykjavíkurskóla allt af verið í kríngum 40, *nema þessi 2 síðustu árin.* Það er mjög illa farið, að þingmaður þessi skuli hafa slitið svo miklum stígvèlum til að leita að kapelánsefni, og þó engan fundið; því að þeir eru þó sannlega 4 til hèr í bænum; og það getur því eigi verið orsökin, hvers vegna hann engan fær, heldur sú, að þeir vilja eigi fara. Eg vil eigi svara því mörgu, hvort eg sè fær að dæma um þetta mál. Það er þó alstaðar álitið svo, að sá, sem fæst við eitthvað mál um lengra tíma, hann sè yfir höfuð að tala færari að dæma um það, heldur en sá, sem aldrei hefir við það fengizt, og að minnsta kosti þykjast lögfræðíngarnir færari að skera úr því, hvernig skilja eigi lögin, einkum þegar lagastaðurinn, sem um ræðir, stendur í sambandi við ýmsa aðra lagastaði; og því væri það og eigi ólíklegt, að eg hefði meiri þekkíngu á því, sem að kennslu lýtur, sem þegar hefi fengizt við hana í 17 ár, bæði hèr á landi og í Kaupmannahöfn, bæði í skólum og utan skóla, heldur en þeir, sem aldrei hafa við hana fengizt, að minnsta kosti ætti eg að hafa meiri þekkíngu á henni en þeir.

Jón Hjaltalín: Eg heyri, að sumir þingmenn enn þá eru að áminna menn um að stytta og stytta ræður sínar, svo ekki lengist þingtíðindin, en þó eg sè leiðitamur, þegar eg mæti ástæðum, get eg fyrir mitt leyti ekki álitið ástæðu til að gjöra þeim þetta til geðs, að því er inngangsumræðurnar snertir, enda er ekki að vita nema ½ skildíngurinn, sem svo mikið lá á að spara fyrir skemmstu,

gæti sparazt með því að ræða vel málin þegar, og þetta kynni þá að geta lètt fyrir seinni umræðunum.

Benedikt Sveinsson: Eg ætlaðist ekki til, að hinn heiðraði fulltrúi Reykvíkínga sannfærðist af ræðu minni um lærða skólann. En eg mátti þó vænta þess, að hann ekki hraparlega misskildi hana. Hann þarf ekki að taka nærri sèr það, sem eg sagði, eins og útlítur fyrir að hann hafi gjört. Hann verður að gæta að því, að það skiptir allt öðru máli, að hafa vísindaleg einkarèttindi, og hafa jafnrètti við aðra menn í slíkum efnum; eg vildi að eins neita honum um hið fyrra, en alls eigi um hið síðara.

Forseti: Þar eð til mín er komin áskorun 9 þingmanna um, að atkvæða sè leitað um að umræðu þessari sè lokið, skal eg leita atkvæða hins heiðraða þings um þetta.

Var síðan til atkvæða gengið og með atkvæðafjölda samþykkt, að þessari inngangsumræðu skyldi lokið.

Forseti: Þar eð stúngið hefir verið upp á bæði 5 og 7 manna nefnd, skal eg biðja hina heiðruðu þingmenn að skera úr, hversu marga skuli í nefndina kjósa.

Var síðan til atkvæða gengið og 5 manna nefnd samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4, og í nefndina kosnir:

Pètur Pètursson . . .	með	21 atkv.
Halldór Kr. Friðriksson	—	14 —
Gísli Brynjúlfsson . .	—	13 —
Benedikt Sveinsson . .	—	10 —
Stefán Jónsson . .	—	9 —

Voru síðan skjöl málsins afhent hinum 3. konúngkjörna þingmanni, sem hafði flest atkvæðin.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngangsumræðu og nefndarkosníngar *málið um fiskiveiðar útlendra* hèr við Ísland; bænarskrár þessa efnis eru samtals 5 að tölu og vona eg, að hinir heiðruðu þingmenn hafi kynnt sèr þær á lestrarsalnum. Í fljótu bragði hefir mèr fundizt bænarskráin frá Snæfellsnessýslu einna yfirgripsmest, og skal eg því biðja skrifara þingsins að afhenda þingmanninum úr þessari sýslu, bænarskrárnar til flutnings.

Páll Melsteð: Bænarskráin úr Snæfellsnessýslu er þá þannig hljóðandi:

»Árið 1859 15. dag júnímán. var frá Þórnesfundi send bænarskrá til alþingis, er fór því fram, að biðja um nýtt lagaboð, með

hverju reistar yrði skorður við því, að útlend skip sæki á fiskimið vor til þess að stunda þorskveiðar, o. s. frv.

Síðan hafa útlend skip fullkomlega eins mikið, og, ef til vill, öllu meira, sótt á fiskimið vor hèr í kríngum Snæfellsnes, og er það sannfæríng allra þeirra, er til fiskigangna hèr bezt þekkja, að hinn almenni aflaskortur, er hèr hefir átt sèr stað um nokkur ár, sè að mestu eða öllu leyti sprottinn af veiðum þessara útlendu fiskiskipa, sem, svo hundruðum skiptir, árlega sækja híngað á fiskimið vor til þorskveiða, hverri veiðaraðferð er verulega vel og rètt lýst í ofannefndri bænarskrá Þórnesfundarins 1859.

Þórnesfundurinn í dag hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að hugleiða þetta mál, sem og til að rita alþíngi álit vort í tèðu efni; það er því, að vèr fyrir hönd Snæfellsnessýslubúa biðjum yður, heiðruðu alþíngismenn og fulltrúar Íslendínga! enn á ný að taka mál þetta til ítarlegrar umræðu og fram bera þegnsamlegast þá bæn fyrir hans hátign konúnginn:

1. Að sem fyrst verði með nýju lagaboði reistar rammar skorður við því, að útlend skip sæki á fiskimið vor til þess á þeim að stunda þorskveiðar.
2. Að þessu, og að skemmdir eigi sè gjörðar af útlendum fiskurum á veiðarfærum íslenzkra báta við Snæfellsnes, verði varnað, ef því ei verður við komið á hægra máta, þá með því, að stjórn vor árlega sendi herskip út híngað, sem sè hèr frá byrjun aprílmánaðar, til júnímánaðarloka, og sjái til, að hinum helzta bjargræðisveg Snæfellsnessýslubúa og annara landsmanna, fiskiveiðunum, verði borgið á fullnægjanda hátt.

Á fundi að Stykkishólmi í þórnesi, 13. d. júnímán. 1861.

E. Kúld. S. Guðmundsson. A. O. Thorlacius.

Samþykkt af fundinum,
S. Nielsson,
forseti.

Páll Melsteð: Eg skal ekki tefja fyrir þínginu með því að mæla fram með bænarskránni, því eg vona, að allir þíngmenn sè mèr samdóma í því, að hafi nokkurn tíma verið þörf á að reisa rönd móti þessari aðsókn, eða eg leyfi mèr að kalla það yfirgang útlendra fiskimanna hèr við land, þá sè það nú; hèr er um hinn annan aðalbjargræðisveg landsins að tala, og aldrei hefir honum verið spillt jafnmikið og nú í ár af útlendum fiskimönnum. Hèr í Faxaflóa er mèr nær að halda að orðið hefði þolanlegur fiskiafli, hefði ei hinir útlendu fiskimenn með veiðum sínum bægt fiski frá að

ganga að landinu. Eg treysti þess vegna hinu heiðraða þingi til þess samhuga að kjósa nefnd í þetta nauðsynjamál, og leyfi mèr að stínga upp á 5 manna nefnd.

Konúngsfulltrúi: Þingið hefir í auglýsingu konúngs um árangurinn af tillögum þingsins, þegar það seinast var haldið, sèð, að stjórnin hefir hinn bezta vilja til að koma þessu máli í sem bezt horf, en það er miklum vandkvæðum bundið, að koma því svo heim, að vel sè. Stjórnin hefir ekki getað orðið við bæn alþingis, að senda út hingað skip þau *(Kuttere)*, sem um var beðið, þar sem þess konar skip ekki eru fyrir hendi, og hlutaðeigandi stjórnarherra ekki treystist til að verja því fè, sem hann hefir til umráða, til þess að kaupa þess konar skip, og eigi heldur líkindi til að ríkisþingið mundi veita fè til þess, þó þess væri farið á leit; svo væri það og tvísýnt, hvort það yrði að tilætluðum notum. Þessar ástæður eru, að mèr virðist, svo mikilvægur, að eg get ekki ætlað, að það geti haft nokkurn árangur, þó þingið færi nú að ánýja bæn sína. En því hefir stjórnin lofað, að senda út hingað herskip, svo opt sem hún fengi því við komið. Það er að minni ætlun of hermt, sem hinn heiðraði þingmaður fyrir Snæfellsnessýslu sagði, að aflaleysið í vetur, er leið, væri að kenna þeim útlendu fiskimönnum, því þeir koma ekki hingað til lands, fyrr en í apríl á vorin, en fiskur er vanur að ganga að landi í febrúar og marz; hvernig getur það þá verið útlendum fiskurum að kenna, að fiskur gekk ekki að landi á vetrarvertíðinni? Eg heyrði marga í vetur kenna dampskipinu um fiskileysið, þetta virðist eins fjarstætt. Eptir því sem nú mun vera hin gildandi regla, mun það að eins vera 1 vika sjávar, sem útlendir fiskimenn eiga að vera undan landi, en mörg fiskimið liggja lengra úti. Það er nú kvartað yfir, að þeir fiski of nærri, áður var kvartað yfir því, að þeir fiskuðu of fjarri landi, og drægi fiskinn til útmiða frá innmiðum, eg held það sè betra þeir fiski nær en fjær, en svona eru meiningar deildar í þessu efni. Eg skal fúslega játa, að málið er miklu varðanda fyrir landið, en þingið verður einnig að játa, að það er ekki auðgjört að koma því svo fyrir, að öllum líki. Eg vildi innilega óska, að þinginu mætti auðnast að koma málinu svo heim, að betur væri en áður. — Um stjórnarinnar góða vilja þarf þingið ekki að efast.

Guðmundur Brandsson: Eg skal ekki fara út í málið sjálft, því, sem stendur, er spurningin einúngis þessi, hvort þingið ætli að gefa gaum því, að vernda þenna 2. aðalatvinnuveg landsins,

fiskiveiðarnar, og efast eg ekkert um undirtektir þingsins, því við svo búið má ekki standa, og oss hjálpar það ærið lítið þó danska stjórnin hafi góð orð um, að senda okkur herskip til verndar »þegar hún geti komið því við«. Það að hún geti komið því við, þess má ef til vill, lengi bíða, það kemur, ef til vill, aldrei. Nefndin, sem eg ekki einu sinni efast um verði kosin í mál þetta, ræður stefnu málsins, og finnst mèr því ekki eiga við nú þegar að vera að rannsaka það, að hverju fiskurinn hænist, eða hvað hann flýr, hvort heldur gufuskipið eða útlendu fiskimennina. Þó eg reyndar álíti, að eg sè eins kunnugur fiskifari og fiskigöngum hèr í Faxaflóa, og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi,* sem hèlt áðan, að það væri ekki skaðameira, að duggarar fiskaði upp í þörum, heldur en fram í djúpi, þá skal eg ekkert prætast við hann um þetta núna; það getur komið til orða seinna.

Jón Hjaltalín: Það þarf ekki að ganga í grafgötur um það, að fiskiafli vor Íslendínga er að eyðileggjast, og það svo, að ef þessu á fram að fara, horfir til landauðnar. Faxaflói einn (það hafa kunnugustu kaupmenn hèr sagt mèr) hefir í ár beðið tjón af að minnsta kosti 2 tunnum gulls við misheppnaðan fiskiafla. Hið sama er að segja um Breiðafjarðarbugtina; að minnsta kosti hefir gamall maður og reyndur, og sem víst engi efast um að beri fullt skynbragð á málið, sagt mèr þetta. Enda hefir reynslan sýnt, eptir því sem elztu menn skýra frá, að ekki óðara eru útlendu fiskimennirnir komnir, fyrr en úti er með fiskiríið okkar Íslendínga. Í mínu úngdæmi gengu 60—80 skipa í Dritvík; nú ganga þar að eins 2, og þessi 2 fiska aumlega, og verður þetta einúngis að kenna útlendu fiskimönnunum um. Á hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis er það auðsèð, að stjórninni ekki þykir mál þetta gott viðureignar, og það er nú vissulega svo, en þar fyrir er okkur Íslendíngum jafnörðugt undir þessu að búa. Á síðasta þíngi þókti það einna tiltækilegast í þessu máli að hafa smáskútur, er gæti haldið fiskimönnum útlendum burtu eður innan sinna takmarka, og held eg það sè rètt, og að bæði stjórnin gæti það, og svo skúturnar væri færar til þess, hèr eins og annarstaðar, þar sem þær eru brúkaðar til að passa upp á þá, er tollsvik gjöra og annað þess háttar, og sýnist þetta vera næsta einfalt, og víst um það, að þó smáskútur væri, mundu þær nægja til að halda fiskimönnunum innan sinna lögboðnu takmarka. Eg veit ekki betur en að það sè svo hjá öllum siðuðum þjóðum, að konúngur hvers lands

einnig þykist eiga ráð yfir sjónum innan vissra takmarka, eins og það líka er eðlilegt, því að leyfa öðrum inn á t. a. m. grynnstu mið, væri rètt hið sama og að leyfa þeim landið sjálft, en sem ólögfróður maður er eg ekki því kunnugur, hversu langt þessi rèttur konúngsins, hinn svo kallaði „*Territorial*rèttur“ yfir hafinu nær, hvort það er ein eður fleiri vikur sjávar eður kanónuskotsfjarlægð á að ráða, en þar mèr virðist næsta áríðanda fyrir þetta mál, að vita það með vissu, leyfi eg mèr að skora á hina heiðruðu lögfróðu þingmenn, að þeir hreint og beint leysi úr þeirri spurníngu, hversu langt til hafs þessi yfirráð konúngs nái? Það er víst; stjórnin á bágt í þessu máli, en við Íslendíngar eigum þó enn bágara, því missum við fiskinn okkar, þenna annan aðalatvinnuveg vorn, þá hefðum við sannarlega meiri ástæðu en flestar aðrar þjóðir, sem þó nú tíðka það, að yfirgefa eldstó feðra vorra og stökkva úr landi, því þá væri land vort sannarlega lítt byggjanda orðið. Það er hin bráðasta nauðsyn að hugleiða þetta mál, og það vel, og virðist mèr því ekki umtalsmál, að nefnd eigi að setja. Út af því, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* drap á, að menn hèr sumir kenndi gufuskipinu um, að það fældi burt fiskinn, skal eg geta þess, að mig furðaði á því, þegar eg hèrna um daginn las í einhverju blaði, að gufuskipum í *Lofoden* í Norvegi er bannað að koma þar, meðan á fiskitímanum stendur. Að vísu get eg varla ímyndað mèr, að gufuskipið, sem kemur hingað svo sjaldan, geti fælt burtu fiskinn, en mèr finnst, að allt það, sem að öðru eins velferðarmáli voru lítur, eigi nákvæmlega að íhugast, og það sem þetta snertir því fremur, sem svo hægt væri að ráða úr því; því ef menn nefnilega áliti, að gufuskipið fældi fiskinn burtu, væri víst hægt að fá seglskip í staðinn þess, þessa einustu ferðina, sem það kemur hingað um fiskitímann. Eg skal enda með því, að skora á hvern góðan dreng að sýna máli þessu allan sóma og leggja á það allan áhuga.

Gísli Brynjúlfsson: Eg efast ekki um, að nefnd verði sett í máli þessu, því þó stjórnin nú lofi að gefa því allan gaum, þá getur oss þó ei verið þetta nóg, nema svo að eins, að vèr vissum einnig, hvernig hún ætlar að gefa því gaum, en þetta er mèr enn með öllu óljóst, og það er víst, að þingið að eins getur sýnt óskertan áhuga sinn á þessu mikilvæga máli, með því að taka það nú enn að nýju til íhuganar. Eg er nú að vísu enn sem fyrr í efa um, hvort nokkur árangur muni geta orðið af því, sem farið

er fram á í bænarskránum, að útlendum fiskimönnum verði bægt sem mest frá landinu, og mèr virðist því svo, sem nefndin, er kosin verður í málið, hafi alla ástæðu til að reyna einnig einhverja aðra aðferð, ef hitt ei tjáir; og leyfi eg mèr þá nú þegar, án þess eg þó að svo stöddu vili fara lengra út í málið, að benda þinginu á, hvort ei mundi vera tiltækilegt, að hreifa því við stjórnina að veita Íslendingum einhvern styrk, að minnsta kosti með peningaláni, til þess að koma fiskiveiðum vorum í betra horf, svo vèr getum þó haft einhverja von um að geta framvegis keppzt betur við hina útlendu fiskimenn, en hingað til. Því miður er það víst, að vèr Íslendingar í þessu, sem svo mörgum öðrum málum, höfum orðið um of á eptir tímanum; og með því ekki verður neitað, að þetta að miklu leyti einnig kann að vera sprottið af því, hvernig Íslandi nú í svo langan aldur hefir verið stjórnað, þá virðist mèr það ekki meir en sanngjarnt, að stjórnin líka taki nokkurn þátt í að koma því aptur í betra horf, sem nauðsynlegt er, og einkum þá í þessu máli, þar sem ræðir um annan aðal- og ef til vill hinn mesta bjargræðisstofn landsins. Ef vèr að eins biðjum um lánsstyrk til þess t. a. m. að koma upp fiskiveiðafèlögum og nægum þilskipum hèr í landi, þá sýnum vèr með því, að vèr viljum ei æfinlega að eins biðja um hjálp, heldur einnig gjöra nokkuð sjálfir til þess að geta fært oss hana til nota og endurgoldið á sínum tíma, og stjórnin getur þá ei heldur lengur barið þessu við; að styrkja oss í bráð, er beinlínis skylda hennar; en það sýnum vèr með því, að vèr síðar viljum endurgjalda þenna styrk, að vèr ætlum þó sjálfir eins fyrir því að vinna mest að að bæta fiskiveiðar vorar, þó oss enn sem stendur vanti þroska til að geta gjört það alveg aðstoðarlaust.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg er einn af þeim, sem verð að mæla með því, að þingið gefi þessu máli gaum, því það er von, þó landsmenn kvarti sáran í því efni, og Snæfellingar gjöra það ekki orsakalaust, það sá eg sjálfur í vor, þá eg fór vestur; því daginn, sem eg fór með Staðarsveitinni, taldi eg yfir 80 jagtir, og voru sumar rètt að kalla uppi í landsteinum, og þeir við Búðirnar sögðust þá hafa talið 100, og eins var krökkt fyrir vestan jökulinn og það er von, að menn sè hræddir um, að þetta spilli fiskiveiðum sínum, þegar því ber saman, eins og í vor var, að almennt fiskileysi er fyrir landsmönnum; það er nú að vísu ekki hægt að gjöra við þessu, og eg held þurfi varla að biðja um ný lög um

þetta efni, því eg held, að lög sè nægileg til um það, bara ef þeim yrði fram fylgt og hlýtt, og held eg, að alþingi gæti gjört það eina að ítreka þá bæn við stjórnina, sem hún eptir auglýsingunni virðist ófús á að veita, að hún láti það ekki bregðast, að senda hingað ávallt herskip að gæta að því, að þessir fiskarar gangi ekki nær en lög leyfa; því vita mega menn það, að þó þeir fiski svona grunnt, þá fiska þeir ekki síður líka djúpt fyrir það.

Ilinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að þeir gæti varla spillt fyrir fiskiveiðum hèr á vetrar vertíð; en slíkt getur þó auðveldlega að borið, því stundum kemur það fyrir, að fiskigengdir koma seint og ekki fyr en í apríl, þó þær komi, og sè fiskijagtirnar komnar á undan fiskigengdum hèr að landi, geta þær spillt því, að fiskurinn gángi inn á fiskimið landsmanna.

Konúngsfulltrúi: Út af því, sem hinn heiðraði þingmaður Skagfirðínga tók fram, skal eg geta þess, að stjórnin skrifaði stiptamtmanninum árið 1859 um það, að skora á amtsbúa að ganga í fiskifèlög, og lofaði að styrkja þau með fè, þegar þau væri komin á.

Þetta brèf stjórnarherrans birti stiptamtmaður amtsbúum, en það hefir, svo mèr sè kunnugt, engan árangur haft, og að visu hefir engi snúið sèr um það mál að stiptamtmanni, enn sem komið er.

Sveinn Skúlason: Eg verð að segja það, að mig furðaði stórum á því, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki skyldi geta skýrt þinginu frá betri undirtektum stjórnarinnar undir mál þetta, en hann gjörði. Eg held þó, að fá mál hafi komið hèðan frá þingi, sem stjórnin hefir, eptir því sem virðist, tekið betur í, en einmitt þetta mál, þar sem hans hátign var svo einstaklega velþóknanleg bænarskrá þingsins 1857, eins og hann lýsti yfir í auglýsingunni til alþingis 1859. Í umburðarbrèfi stjórnarinnar, dags. 27. júní 1859, til amtmannanna á Íslandi, hefir stjórnin tekið það fram, sem hún hafi skrifað ensku stjórninni þessu máli viðvíkjandi, og skýrt frá undirtektum ensku stjórnarinnar, en þrátt fyrir þessar undirtektir hefir danska stjórnin þá látið í ljósi, að hún vili fara sínu fram með að vernda fiskiveiðar vorar, þó að hún hljóti að fara varlega að, og biðja amtmenn að gæta sèrlegrar lagkænsku, þegar við skip Bretastjórnar sè um að eiga. Eptir því sem stjórnin þannig hefir lýst yfir bæði í hinni konúnglegu auglýsingu og í nefndu brèfi, finnst mèr ekki betur, en að undirtektir hennar í máli þessu beinlínis skyldi hana til að senda árlega skip hingað

upp til að vernda fiskiveiðar vorar; því það er sannarlega gagnslaust, þó að hún lofi því að senda skip öðru hvoru, þegar hún hafi hentugleika til, og engi samkvæmni við fyrri framburð hennar um málið.

Guðmundur Brandsson: Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga var að tala um, að fá lán til að bæta fiskiútveg vorn, þá virðist mèr þetta allt annað mál en um fiskiveiðarnar, nefnd sú, sem eg álít sjálfsagt verði sett í máli þessu, ræður náttúrlega stefnu þeirri, sem hún tekur, og þó allir sjái, að lög vor um fiskiveiðarnar sè oss næsta ónóg, þá ræður nefndin því, hvort hún vill stínga upp á, að þeim verði breytt, eða hvernig hún vill taka í málið, til þess upp á einhvern máta að bæta úr þessum vandræðum.

Gísli Brynjúlfsson: Það var einmitt af þessari hinni sömu ástæðu, sem hinn háttvirti þingmaður úr Gullbringusýslu tók fram, að eg hreifði því, sem hann nú þó var að hafa á móti; því eg álít sjálfsagt, eins og hann, að nefndin eigi að vera alveg óbundin með þá stefnu, sem hún helzt vill taka í málinu; en hitt er annað, að benda á þau atriði, sem athugaverð mega þykja. Og eins og eg því álít, að sú nefnd, sem óefað verður sett í málinu, þurfi ei að eins að binda sig við uppástúngur bænarskránna einar, eins þykir mèr það að öllu vel til fallið að nefna nú þegar það, sem kynni að geta orðið nefndinni til leiðbeiníngar; eg held því og, að það, sem eg áðan sagði, hafi í alla staði átt vel við.

Jón Hjaltalín: Í tilefni af því, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skýrði frá um hjálp þá, er vèr gætum búizt við frá stjórninni til að vernda oss móti yfirgangi útlendra fiskimanna, skal eg geta þess, að stiptamtmaður, greifi Trampe, sýndi mèr uppástúngu, er hann hafði samið um þetta mál, sem eg ekki held sè prentuð; mèr leyst í marga staði vel á hana og efast ekki um, að margt, sem í henni var, gæti nú gefið nefnd þeirri, sem eg ekki efast um að verði sett í þessu máli, góðar bendíngar og upplýsíngar, og skal eg því leyfa mèr að skora á hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að hann láti nefndinni uppástúngu þessa í tè. Hèr þarf margt að íhuga, því dönsku stjórninni er vissulega vorkun í máli þessu; hún á bágt með að eiga í höggi við Frakka, sem hafa orðið voldugri þjóð, en Dönum skæðir, þar sem um fiskveiðar er að tala. Enskur kapteinn sagði mèr um daginn, að Frakkar með einhverjum ógnar lóðum, er þeir lögðu út fyrir allt (lóðirnar voru trúi eg

hann segði, allt að 4 enskum mílum á lengd) gjörsamlega hefði eyðilagt fyrir Englum fiskiveiðarnar á „*Newfoundland*“. Að því er það snertir, er hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga drap á, að útvega lán frá stjórninni til að koma hèr upp þiljuskipum til fiskiveiða, skal eg, af því mèr virðist þetta mjög svo íhugunarvert, leyfa mèr að geta þess, að hèr syðra hefir skútukorn upp á eitthvað 12 lestir fiskað núna í ár 10,000, og að eins voru 6 menn á henni, og að áreiðanlegur maður sagði mèr í gær, að áður hefði skúta hèr fengið 190 skpd. af fiski, og taldi hann það í hlut tífalt meira en beztu hlutamenn á opnum bátum hefði fengið, og virðist mèr því þetta og annað eins athugavert, því allt, sem mál þetta snertir, ætti oss að vera mjög umhugað um, því hèr er við ramman reip að draga. Það er sjálfsagt, að eg vil hafa nefnd, og vona hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* verði við áskorun minni og ljái henni skjöl þau frá greifa Trampe, er eg áður gat um.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, verð eg að álíta inngangsumræðu þessari lokið, og skal því fyrst leita atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa. Eg skal einnig geta þess, að hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður hefir tilkynnt mèr, að hann gengi af fundi í dag sökum lasleika.

Síðan var stúngið upp á 5 manna nefnd, og í hana kosnir:

Guðmundur Brandsson	. með	19 atkv.
Arnljótur Ólafsson	. . —	13 —
Gísli Brynjúlfsson	. . . —	13 —
Jón Hjaltalín	. . . . —	12 —
Ásgeir Einarsson	. . . —	11 —

Forseti: Dagskránni er þá lokið, en áður eg segi fundi slitið, skal eg geta þess, að mèr er tilkynnt, að nefndin, sem sett var í *póstgöngumálinu,* hafi til formanns kosið þingmann Borgfirðinga, en til skrifara þingmann Skagfirðinga, og að í nefndinni um *hallærismálið* sè kosinn formaður þingmaður Skagfirðinga og til skrifara þingmaður Snæfellsnessýslu.

Síðan gat *forseti* ýmsra mála, er koma mundu fyrir á næsta fundi, sem hann ákvað til þess á morgun, 9. júlí kl. 11.

Fundi slitið.

Sjöundi fundur — 9. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður gengið er til dagskráarinnar, skal eg geta þess, að eptir samkomulagi milli skrifaranna gegnir þingmaðurinn úr Norður-Þingeyjarsýslu skrifarastörfum í dag í stað þingmanns Reykvíkinga, Svo hefi eg fengið tilkynningu um, að í *alþingiskostnaðarmálinu* er þingmaður Norður-Þingeyinga valinn *formaður* en skrifari *Arnljótur Ólafsson.* Enn fremur hefi eg fengið uppástungu frá þingmanni Húnvetninga um það, að alþingiskostnaðurinn sè lagður á jarðarhundruðin eptir nýju jarðabókinni, sem mun verða tekin með fyrstu málum á dagskrána. Hverfum vèr svo til dagskráarinnar, og ætla eg um sinn að hlaupa yfir bænarskrána úr Borgarfjarðarsýslu um *fjárkláðann*, en tökum fyrst uppástungu þingmannsins úr Gullbringusýslu um *fiskiveiðar útlendra*, er fer fram á nokkuð annað, en stendur í bænarskránum, og vil eg spyrja uppástungumann, hvort hann óskar framsögu og að sèrstök nefnd verði sett, eða lætur sèr lynda, að henni sè vísað til nefndarinnar, sem þegar er sett í fiskiveiðamálinu.

Guðmundur Brandsson: Af því eg er óviss um, að þingmenn hafi kynnt sèr hana síðan í gær, skal eg leyfa mèr að lesa hana upp:

»Í hinni konúnglegu auplýsingu til alþingis í ár er meðal annars farið þeim orðum um bænarskrá alþingis 1859 viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra hèr við land, að stjórnin muni framvegis láta sèr mjög umhugað um þessi atriði, nefnilega þau, sem tekin voru fram í bænarskránni, og: »að sent skuli verða til Íslands herskip, svo opt sem því verði við komið, til að hafa gát á útlendum fiskiveiðamönnum og til að halda reglu við strendur landsins«. Að því er hinu fyrra atriðinu viðvíkur, því nefnilega, að ójafnaðartollur á fisk i fáist af numinn, þá eru mèr að öllu ókunnugar aðgjörðir stjórnarinnar í þessa átt. En um hitt get eg sagt það af reynslunni á næstliðinni vetrarvertíð, að lítið eða ekkert hafi verið gjört til þess að hrinda þeirri óreglu í lag, sem yfir var kvartað í áminnztri bænarskrá; því aldrei hefi eg heyrt getið um þvílíkan fjölda af útlendum fiskiskipum suður og austur með öllu landi, sem á tèðri vertíð, og það næstum í grynnstu fiskileitum, svo að róðrarskip landsmanna voru margopt dýpra en hin og stundum þeim samsíða. Áður en þessi útlenda skipamergð kom á fiskimiðin, var nægur fiskur fyrir

víðast austur með öllu landi, en eptir fáa daga brá svo við, að fiskurinn hvarf, fyrst að austanverðu, svo í Grindavík, og seinast í Höfnum, allt eptir því sem skipin færðust vestur með landinu.

Fiskileysið í vetur hèrna í Faxaflóa er alkunnugt, og gæti menn ímyndað sèr, að þessi útlenda skipamergð hefði verið orsök þar í, víst að nokkru leyti, því það er alkunnugt, að í stöðugum hægviðrum, eins og hèr voru í vetur, gengur fiskur seinna að landi, en annars. Nú komu skip þessi hèr undir land í aprílmánuði, einmitt um þann tíma, þegar helzt var von á fiskigöngum, svo færðust þau vestur með landinu, og fiskigangan með, norður með Reykjanesi og þaðan yfir utanverðan Faxaflóa vestur undir Snæfellsnes. Eptir það mátti ekki heita, að fiskvart yrði fyrir sunnan Garðskaga, því síður fyrir norðan hann.

Þó nú hið frakkneska herskip sè vant að koma hèr árlega, og það víst í orði kveðnu eigi að halda reglu yfir fiskiskipum þessum, þá kemur það svo seint, og svo var enn í vetur, að þau höfðu öll áður vestur um siglt, og voru því búin að spilla fiskiveiðunum hèr sunnan lands, áður en það kom, verði nú ekki höfð einhver ráð til að koma í veg fyrir þenna yfirgang, þá horfir beinast við, að fiskiafli fari hèr allt af minnkandi og jafnvel hætti með öllu, og sèst þá, hvar menn verða að komnir.

Það skyldi nú raunar vera ætlanda, að hin Frakkneska stjórn væri svo veglynd, að hún vildi ekki leyfa þegnum sínum, að veita yfirgang eins fámennri og fátækri þjóð, sem við Íslendíngar erum; en hún getur ekki haft augun alstaðar, og verður því að trúa herskipsforíngja sínum, þeim er hèr er við land, fyrir því að hafa gát á slíku, en það eru hèr að framan leidd rök að því, að slík umsjón er oss ónóg. Eg leyfi mèr þess vegna að skora á alþíngi, að það ítreki þá bæn sína við konúng vorn, er það fram bar fyrir hann í þessu máli 1859, og jafnframt:

> Að það biði hann hlutast til um það við hina frakknesku stjórn og aðrar stjórnir í löndum þeim, er senda híngað fiskiskip, að þau komi ekki hèr undir land, fyrri en í maímánuði hvers árs, fiski ekki inn á fjörðum, og ekki nær yztu nesjum, en 3 vikur sjávar sè í milli.

Reykjavík, 6. júlí 1861.

Guðmundur Brandsson“.

Guðmundur Brandsson: Um málið sjálft ætla eg ekki að tala,

en óska einúngis, að bænarskránni sè vísað til fiskiveiðamálsnefndarinnar.

Jón Hjaltalín: Af því mèr er ókunnugt um margt í þessu máli, sem þó varðar miklu, vil eg, eins og eg sagði áður, fá að heyra meiníngu *konúngsfulltrúa* og löglærðra þíngmanna um það, hversu langt út á hafið að rèttur landsins nær, að vita þetta er mjög áríðanda, því annars getum vèr ekki sèð, hvort rèttur landsins er skertur eða ekki. Eg gat þess í gær, hvað eg hefði heyrt um það, að það væri eitt kanónuskot út fyrir yztu annes, en vil nú fá það skýrt og ljóst upplýst af hinum lögfróðu mönnum hèr á þíngi.

Konúngsfulltrúi: Það er ekki auðvelt að svara því spursmáli, sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður nú hreifði, með fullkominni vissu, en eg ætla eg megi fullyrða, að það sè að eins 1 vika sjávar út frá landi, sem ráði um fiskhelgi þá, sem hèr er spursmál um, eptir því, er orðin er þjóðregla í þessu efni, en mörg af fiskimiðum okkar liggja lengra undan landi. Hvort t. a. m. Faxaflói og Breiðifjörður, sem varla geta kallazt firðir í venjulegum skilníngi, sè að álíta lokaðir fyrir útlendum fiskimönnum, getur, að mèr virðist, verið efabundið, eg þori hvorugt að fullyrða; það er örðugt að halda strangan vörð eða reglu í þessu efni, og víst er um það, að svenskir fiskimenn fiska opt mílu nær Jótlandsskaga, og eins hefi eg heyrt, að framandi fiskimenn fiski opt mjög nærri Orkneyjum, og að Englendíngar, sem þó eru menn fyrir því, að halda uppi rètti sínum, verði að láta sèr það lynda, og mundu þeir varla gjöra það, ef þeim þækti annars kostur.

Guðmundur Brandsson: Mig minnir ekki betur, en að gömul lög sè til um þetta efni, sem gjöri ráð fyrir, að fjarlægðin frá landi eigi að vera 3 vikur sjávar. Þessum lögum kann nú, ef til vill, að vera breytt, en sè svo og fjarlægðin nú ákveðin til 1 viku sjávar frá yzta landsoddi, þá vona eg það verði bendíng fyrir nefndina um, að lögin þessu máli viðvíkjandi ekki sè óbreytanleg, eins og við á hinn bóginn sjáum, að þau ekki eru órjúfanleg, þar sem útlendir fiskimenn yfirtroða þau dagsdaglega. Nefndin getur því víst stúngið upp á því, að breyta lögunum, sem nú gilda, ef henni lízt svo. Að því er það snertir, að útlendir fiskimenn fara inn á Faxaflóa og ýmsar aðrar bugtir og firði, þá verð eg álíta þeim allt þetta jafn-óheimilt, hvort heldur vèr köllum það flóa, bugt eður fjörð, því ella væri það næsta aumt, því þá gæti þeir farið á jafn-

vel grynnstu fiskimið okkar, og með »fjörðum« eru víst meintir hæði stórir og smáir.

Jón Hjaltatín: Eg verð að ítreka áskorun mína til hinna heiðruðu lögfróðu þingmanna, að þeir láti í ljósi álit sitt í þessu efni.

Páll Sigurðsson: Það er auðvitað, að áríðanda er fyrir oss, að fá að vita vissu, hvað þetta snertir og ekki sízt fyrir okkur Sunnlendínga. Okkur liggur á því, að fá að vita, hvernig þessi fjarlægð frá landinu er reiknuð, og hvaðan hún er reiknuð, hvort það t. a. m. yrði réttilega ímynduð sèr eins og lína dregin frá Dyrhólum á sjó út, þaðan út í Vestmannaeyjar og þaðan aptur í Reykjanes, og hvort þá hinir útlendu fiskimenn væri skyldir að vera 1 viku sjávar fyrir *utan* þessa línu, eður þeir mætti fara inn fyrir, einasta ef þeir væri allt af 1 viku frá næsta landi; því mætti þeir þetta, og þannig t. a. m. gæti verið milli lands og eyja, þá værum við algjörlega tapaðir sauðir með fiskiaflann okkar. Þessi spurníng virðist mèr því næsta áríðandi fyrir málið, eins og málið sjálft er eitthvert hið mest áríðanda og þarf vel að hugleiðast af nefndinni, og skal eg að eins drepa á það, hvort ekki mundi faranda fram á það af dönsku stjórninni, að hún kæmi því til leiðar hjá frönsku stjórninni, að hún bannaði fiskimönnum sínum að koma hingað fyrr en í maímánuði; nú koma þeir hingað jafnvel í marzmánuði einmitt á þeim óhentugasta tíma fyrir oss, einmitt þegar fiskigöngur okkar koma.

Arnljótur Ólafsson: Það er nú hvorttveggja, að eg ekki er lögfróður; enda er eg ekki undir það búinn nú þegar hèr á þínginu að svara spurníngu hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, sem mèr virðist töluvert vandasöm að leysa úr, þar hún innibindur í sèr þau 2 atriði: 1, hvað sè lög vor í þessu efni, og 2, hvort konúngur vor geti bundið aðrar þjóðir við þau lög, er gilda í hans löndum. Hvað þá fyrra atriðið snertir, ætla eg að hin elztu lög, sem við höfum, sè frá 17. öld, eður frá þeim tíma, er dönsku fiskifèlögunum var gefinn einkarèttur til að fiska hèr við land. Eptir leyfisbrèfum þessum áttu allir aðrir fiskimenn að vera 6 vikur sjávar frá landi, nema Englar einúngis 4, og var hörð hegníng við lögð, ef út af væri brotið, með því að gjörast átti upptækt skip þeirra og áhöfn. Þegar verzlunin var gefin laus 1786—87, var ekkert beinlínis ákveðið um, hversu langt frá landi fiskimenn skyldi halda sèr, en árið 1812 minnir mig að fjarlægðin sè ákveðin til 1 mílu, en í erindisbrèfi sjóforíngja Billes til 3 mílna, svo það má

víst segja, að laga ákvarðanir um þetta efni sè nokkuð á reiki. Þá er í annan stað athuganda, hvern rètt konúngur á yfir sjónum fyrir sínum löndum, það er þá fyrst og fremst víst, að hann á lengra veg á sjó út, en landeigandi á eptir veiðilöguuum, en þessi konúngsrèttur verður annaðhvort að vera byggður á sèrstökum samníngum, eins og t. a. m. á sèr stað við Canada og Labrador milli Engla og Bandamanna, eður við Nýfundnaland, milli Engla af annari hálfu og Frakka og Bandamanna af annari, eður þá í sundinu milli Englands og Frakklands milli Frakka og Engla, eður rèttur þessi verður að styðjast við hinn almenna þjóðarrètt, sem eg ekki veit betur en tiltaki eina viku enska eður $^3/_4$ úr danskri mílu undan yztu annesjum, og eru því undanskildir allir firðir og flóar, og þannig er það í samníngnum milli Frakka og Englendínga um veiðarnar í Canalnum. Það er nú sjálfsagt, að með sèrstökum samníngum milli þjóðanna má breyta öllu þessu, eins og t. a. m. er milli Rússa og Norvegsmanna, þó þar sè nokkuð öðruvísi ástatt, þar sem Rússar hafa rètt á að verka fisk sinn á landi. En eptir náttúrlegum rètti held eg konúngur hafi eigi heimild yfir meiru en $^3/_4$ úr danskri mílu, sem eg áður sagði og er fjarlægð þessi miðuð við hið *gamla* fallbissuskot, en ekki við skotin eins og þau nú eru, með því að svo var álitið í gamla daga, að konúngur ætti svo langt á haf út, sem hann gæti varið úr landi; nú var þá konúngur ekki álitinn fær um að friða sjóinn lengra frá landi, en fallbissur hans næði til, ef á lægi; en sjálfsagt er, eins og eg áður minntist á, að með samníngum gæti má ske meira náðzt.

Jón Hjaltalín: Þó að þessar upplýsíngar hins heiðraða þíngmanns Borgfirðínga sè mjög góðar, er mèr þó ekki enn fullljóst, hvaðan fjarlægðin er reiknuð, eður hvernig, hvort heldur miðað er við bugt, eður við yzta tanga, og vona eg því hinir lögfróðu þíngmenn vorir upplýsi þíngið um þetta, ef þeir vita það, því annars erum við ólögfróðu mennirnir jafnnærri. Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu drap á áðan, að fara þess á leit, að Frakkastjórn bannaði fiskimönum sínum að fara til fiskiveiða hingað, fyrr en í maímánuði, þá held og það sè miklum efa undirorpið, hvort stjórn Frakka muni ganga að því eða ekki.

Benedikt Sveinsson: Eg get ekki annað en fallizt á það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og hinn virðulegi þíngmaður Borgfirðínga sagði, að það væri torvelt að svara hèrna í salnum án ítarlegri rannsóknar spurníngu hins háttvirta 5. konúngkjörna þíng-

manns. Reglur þær, sem hèr ræðir um, og heyra undir þjóðarrèttinn eru eins og hann yfir höfuð þess eðlis, að torvelt er að draga föst og óbifanleg takmörk eptir þeim. Þjóðarrètturinn er byggður á samníngum milli þjóðanna, löngum vana og viðurkennníngu, sem opt á bágt með að ryðja sèr til rúms, svo að út af henni verði dregin almenn og algildandi regla. Ein þjóðin fer fram á þetta, önnur fram á hitt, og það er eigi lítið komið undir veldi þjóðanna, hvað þeim helzt uppi með. Eptir lögum þeim, sem gilda í Danmörku, man eg eigi betur, en að það sè 1 míla frá yztu útnesjum, sem talin er með landinu gagnvart framandi *(dansk Söterritorium)*. Að Faxaflói og Breiðifjörður sè óheimilir útlendum til að fiska á, jafnvel eptir hinum almenna þjóðarrètti, finnst mèr liggja í augum uppi, en eg verð að álíta, að það sè yfir höfuð að tala rèttara fyrir þíngið í alla staði, að halda sèr til þeirra laga, sem konúngar vorir hafa gefið fyrir þetta land, og beiðast þess, að þeirra sè gætt, meðan þau eru ekki tekin úr gildi, nè heldur reynt til hlítar að halda þeim uppi, og eptir þeim er þetta alveg vafalaust, heldur en að vera að brjóta heilann í reglum, sem auðsjáanlega að svo stöddu ekki koma landinu við.

Guðmundur Brandsson: Upp á það, er hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður nýlega sagði, skal eg einúngis svara því, að mèr finnst það óþarft fyrir hann nú þegar að fara að spá því, að þessum tillögum ekki yrði sinnt. Við erum víst allir jafnófróðir um, hvernig Frakkastjórn muni taka í það, en aðalatriðið fyrir okkur er það, sem tekið er fram í uppástúngunni, að skipin, sem þar er talað um, ekki komi híngað, fyrr en þar er á vikið.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, verð eg að álíta þessari umræðu lokið, og þar uppástúngumaður hefir látið það í ljósi, að hann vildi, að uppástúngan yrði afhent nefnd þeirri, er nú þegar er kosin í fiskiveiðamálinu, skal eg, ef engi hefir á móti því, biðja hina heiðruðu þíngskrifara, að afhenda formanni nefndarinnar þessi skjöl.

Var síðan uppástúngan afhent þíngmanninum úr Gullbríngusýslu.

Forseti: Samkvæmt dagskránni er þá til inngangsumræðu og nefndarkosningar bænarskrá frá vísindamönnum í Kaupmannahöfn um að hèr á landi verði stofnaður *lagaskóli* í Reykjavík, og skal eg biðja skrifarana að afhenda hana hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga, sem hefir tekið að sèr að flytja málið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána, hún hljóðar svona:

»Árið 1855 sendu nokkrir Íslendíngar í Kaupmannahöfn bænarskrá til alþíngis um, að stofnaður yrði lagaskóli á Íslandi. Þessi bæn hefir síðan verið endurnýjuð 2 hin síðustu þíng, og hefir alþíngi jafnan veitt því máli góða undirtekt, og sent konúngi um það álitsskjöl sín í sömu eða líka stefnu, og fram hefir verið farið í bænarskránum hèðan. Lýsir þetta fullkomlega, hvílíkan áhuga að landsmenn hafa á málinu, enda hefir þeim röddum jafnan farið fækkandi á þíngi, er mælt hafa gegn lagaskólanum. Vèr þykjumst því ekkert ofherma, þótt vèr segjum, að mál þetta megi reiknast eitt í tölu þjóðmálefna Íslendínga, og teljum það víst, að þörfin og óskin um, að fá því framgengt, sè svo rík og almenn meðal þjóðarinnar og fulltrúa hennar, að þeir láti málið ekki falla niður við svo búið, heldur vinni að því af öllum kröptum, að fá því framgengt sem fyrst og bezt að framast er unnt.

Allt fyrir þetta hefir stjórnin þó ekki enn sem komið er sèð sèr fært að greiða neitt fyrir málinu, heldur lýst yfir því við þíngið, að hún ekki hafi fundið neina ástæðu til að fallast á beiðni þess (sjá konúnglega auglýsíngu til alþíngis, dags. 27. maí 1857 og 1859). Að vísu hefir nú *konúngsfulltrúi* á síðasta alþíngi skýrt mönnum frá ástæðum stjórnarinnar fyrir þessari synjun, en vèr hljótum samt sem áður að játa, að ástæður þessar hafi verið alls ónógar til að sannfæra oss um, að óþarft eða ógjöranda væri, að settur yrði lagaskóli á Íslandi, og höfum vèr því alls ekki fyrir þá skuld getað breytt skoðun vorri á málinu.

Það mun nú eptir því sem á stendur naumast þurfa að gjöra ráð fyrir því, að lagaskólamálið hafi heldur að þessu sinni fengið þau afdrif hjá stjórninni, sem hið síðasta alþíngi hafði óskað og um beðið. Hins vegar þykja oss þó eptir öllum málavöxtum litlar líkur til, að menn fái í þetta sinn frá stjórnarinnar hendi að heyra nokkrar aðrar eða fleiri ástæður fyrir synjun lagaskólans, en þær, er fram komu á hinu síðasta þíngi. Vèr fáum nú ekki betur sèð, en að alþíngi hafi fyllilega sýnt og sannað, að þau mótmæli, er fram hafa komið gegn lagaskólanum, á engan hátt geti vegið upp móti öllum þeim rökum og rètti, er þetta mál hefir við að styðjast, og þurfum vèr því ekki hèr að fara langt út í það mál. Vèr þykjumst líka mega treysta því, að eptir því sem málið verður bet-

ur og optar rætt á þingi og þingmenn verða því kunnugri og handgengnari, þá muni þeir og láta sèr annt um að útvega og safna saman öllum þeim skýrslum og rökum, er fremst mega verða til stuðnings þessu mikilsvarðanda málefni. Vèr skulum því hèr að þessu sinni einúngis leyfa oss að benda hinu heiðraða þingi á eptirfylgjandi athugasemdir:

Það er tekið fram í skýrslu *konúngsfulltrúa* til alþingis 1859, að engi þörf virðist vera til að stofnsetja lagaskóla á Íslandi, þar sem að ekki færri en 20 íslenzkir stúdentar (ɔ: 1859) lesi undir fullkomið lærdómspróf við háskólann, en 3 kandidatar bíði eptir embættum, og þar eð ekki sè nema 25 júrídisk embætti á Íslandi, muni ekki þurfa að kvíða því, að skortur verði á latínskum lögfræðíngum til þessara embætta. Þetta er nú ekki alls kostar rètt, því að þegar fyrgreind skýrsla var gefin, voru hèr að eins 8 stúdentar, er lásu undir fullkomið lærdómspróf, en 2 (ekki 3) kandidatar, sem þó báðir voru í launaðri stöðu, höfðu enn ekki fengið, konúngleg embætti. Nú sem stendur eru hèr að eins 8 stúdentar, sem lesa undir fullkomið lærdómspróf, og 1 danskur júristi, en 6 embætti eða 7, ef málfærsluembættið við landsyfirrèttinn er talið með, eru nú laus, án þess að kostur sè á, að skipa í þau nokkrum þeim manni, er hafi þá hæfilegleika til að bera, er lögin heimta af þeim, er öðlast megi lagaembætti á Íslandi. Þegar þess þar að auki er gætt, að sem stendur eru 4 danskir júristar í embættum á Íslandi, sem stjórnin þó telur einúngis sem »undanteknîng og neyðarúrræði«, að veitt verði embætti þar, þá virðist oss liggja í augum uppi, að hin brýnasta nauðsyn sè á, að kennslu íslenzkra lögfræðínga verði skipað á annan veg, en nú er. Þetta má nú því fremur taka til greina, sem vèr ætlum, að ef menn vildi rannsaka tölu þeirra kandidata, sem komið hafa frá háskólanum nokkur undanfarin ár, og aptur, hve mörg lagaembætti hafa losnað og staðið óveitt um sama tíma, þá mundi sú raun á verða, að jafnaðarlega hafi verið og muni verða skortur á hæfilegum mönnum í þau fáu lagaembætti, sem eru á Íslandi, með þeirri tilhögun, sem nú er á.

Hvað snertir sjálfa lagakennsluna við háskólann fyrir íslenzka lögfræðínga, einkum í samanburði við þá kennslu, er menn mundi mega vænta að geta fengið í lagaskóla á Íslandi, þá skulum vèr ekki hèr fara langt út í það mál, en einúngis leyfa oss að benda hinu heiðraða þingi á, að stjórnin sjálf virðist þó síðan að nokkru

leyti að hafa aðhyllzt skoðanir þingsins í því efni, eptir því sem að ráða er af brèfi hennar til lögfræðisdeildarinnar við Kaupmannahafnarháskóla, dags. 17. ágúst 1859 (sjá Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands VI. bls. 291—292). Vèr leyfum oss enn að geta þess, að vèr verðum sem fyrr að ætla, að rèttast væri, að alþingi í uppástúngum sínum um málið til konúngs fylgdi þeim atriðum, er fram voru tekin í bænarskrá vorri til þingsins síðast, og skulum vèr ekki orðlengja frekara um það, en einúngis leyfa oss að vísa hinu heiðraða þingi á áðurnefnda bænarskrá um þetta efni.

Vèr höfum þá staðföstu von, að stjórnin muni um síðir líta á rètt vorn og nauðsyn í þessu máli, svo framlega sem þingið og þjóðin ekki lætur þreytast að bera það fram og styrkja það með öllum þeim upplýsingum og meðölum, sem kostur er á.

Felum vèr svo hinu heiðraða alþingi málið á hendur, og leyfum oss þá enn af nýju að taka þau atriði fram, er vèr æskjum að þingið vildi biðja um, en þau eru þessi:

1. Að 15. gr. í tilsk. 26. jan. 1821 verði úr lögum numin að svo miklu leyti hún ákveður, að hinir dönsku júristar, sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumaunaembættin á Íslandi eigi verði veitt neinum, er hèr eptir les að eins dönsk lög.
2. Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðingaefnum, er áður hafi lokið burtfararprófi við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þenna, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði, rómverskum lögum og íslenzkum lögum og rètti.
3. Að lögfræðingar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum, og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðingaembætta á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti.
4. Að kostnaðurinn til skólans verði greiddur úr ríkissjóði, eða, fáist það ekki, að hann þá fyrst um sinn verði lagður á landið á þann hátt, er alþingi þætti bezt henta.

Kaupmannahöfn, 1. dag júnímán. 1861.

(17 nöfn).

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vona nú, að eg þurfi ekki að mæla fram með þessari bænarskrá, hún er þinginu fullkunnug, og hefir komið hèr fyrir á 3 þingum, og þingið tekið henni allajafna

vel, og vona eg því þingið ekki bregðist henni í þetta skipti, og að því nú þegar verði kosin nefnd í málið.

Konúngsfulltrúi: Það er nú, eins og hinn heiðraði uppástúngumaður sagði, í 4. sinni, að þingið ber upp bæn sína um stofnun lagaskóla hèr á landi, og það einnig í þetta skipti einmitt í sömu andránni, og þingið er búið að sjá af hinni konúnglegu auglýsíngu, að bæn þess um stofnun lagaskóla hèr í landi ekki getur fengið áheyrslu stjórnarinnar. Stjórnin er áður búin að gefa þinginu til kynna, hvers vegna hún ekki geti veitt þinginu bænheyrslu í þessu efni. Kríngumstæðurnar hafa ekki breytzt síðan, nema ef nokkuð skyldi vera, fremur móti en með slíkri skólastofnun. Það eru því engi eða mjög lítil líkindi fyrir því, að stjórnin nú muni veita þessa bæn, þó þingið fari til og beri hana nú upp að nýju, en sè svo, þá yrði það ekki nema til að eyða kröptum og tíma þingsins frá öðrum störfum, að taka nú málið aptur fyrir til umræðu og nefndarkosníngar, og það kalla eg mikinn ábyrgðarhluta fyrir þingið, og eg get því ekki annað en eindregið ráðið þinginu frá því að kjósa nefnd í málið. Eg skal að öðru leyti ekki fara inn í sjálft efni málsins, því síður, sem það er búið að ræða það á undanförnum þíngum út í allar æsar, eg sèr í lagi er búið að taka fram allt það, sem geti mælt fram með skólastofnun þessari, því þeir þíngmenn hafa flutt málið, sem færastir voru um það, og það hefir verið flutt, ef ekki með ofurkappi, þá með öllu því fylgi og áhuga, sem unnt var. En þar sem nú stjórnin þó ekki hefir getað fallizt á ástæður þær, sem þingið hefir borið upp málinu til styrkíngar, og litlar eða engar líkur eru til þess, að nú komi fram nýjar ástæður (það er að minnsta kosti ekkert nýtt í bænarskránni), og þar verða því að líkindum sömu ástæðurnar og komnar eru, að eins, ef til vill, í nýjum búníngi, þá er varla að búast við, að stjórninni breytist hugur; og til hvers er þá að fara að hreifa málinu á ný? mèr sýnist það tilgangslaust. Eg skal líka leyfa mèr að taka það fram, að eptir því sem nú er ástatt hèr í landi, þykir mèr mjög ísjárvert að leggja þann kostnað, sem leiddi af stofnun lagaskólans, og sem að fram kæmi yrði miklu meiri en ráð er fyrir gjört, á landið (og á landinu yrði hann þó að lenda), hversu haganlega sem þinginu kynni að takast að koma honum fyrir. Eg sè heldur ekki og hefi aldrei getað sèð það gagn eða þá brýnu nauðsyn, sem menn eru að tala um, að stofna þenna skóla; en eg skal ekki fara lengra út í það atriði, en minnast þess, sem mælt er,

að sínum augum lítur hver á silfrið, þingið ræður nú, hvernig það tekur í málið.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr kom það nú engan veginn óvart, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* mundi mæla á móti lagaskólanum. Hann hefir hingað til ekki sèð hagnaðinn í honum eða að minnsta kosti ekki viðurkennt hann. En eg verð að álíta það með öllu sjálfsagt og óefanda, að ávallt sè hagnaður í því, að fá menntunina og menntunarstofnanir inn í landið sjálft, og veit ekki betur, en að það hingað til hafi verið talið sem einhver mesti kostur hvers lands, að hafa þær sem flestar í landinu. Ef þessi ræða hans skyldi vera sprottin af því, að stjórnin hefir verið á móti lagaskólanum, af því hún ekki þykist finna ástæður, og *konúngsfulltrúi* þess vegna álítur það ábyrgðarhluta fyrir þingið að fjatla um þetta mál, þá verð eg nú fyrir mitt leyti að segja, að eg álít það enn meira ábyrgðarhluta fyrir þingið, ekki að taka vel undir mál þetta, því stjórnin hefir alls ekki hrakið ástæður þær, er fram eru komnar fyrir löngu í þessu máli, enda mun það veita örðugt. Stjórnin hefir hlotið að sjá ástæðurnar, og eg get eigi sèð, að neinar nýjar þurfi, til að styðja málið, en allt fyrir það væri það gott, ef enn fleiri yrði fundnar.

Guðmundur Brandsson: Það vakir fyrir mèr í þessu máli, að það er skammt síðan að við ræddum hèr á þingi umkvörtun yfir latínuskóla vorum; nú er það færð sem ástæða fyrir þörf lagaskólans, að þeir væri svo fáir, sem legði sig eptir lögfræði, og var það þá tekið til dæmis meðal annars, að hèr væri í embættum 4 hinir svo kölluðu dönsku júristar; en meðan nú svona gengur, þá ætla eg að leyfa mèr að spyrja: hvaðan ætlar þessi lagaskóli að fá kennara? hvaðan ætlar hann að fá lærisveina? og þetta tvennt verður þó að vera til, ef gagn ætti að verða að skólanum. Eg efast ekki um nytsemi skólans, og það gjörir víst engi, ef hann gæti komizt á í nokkru lagi, en það mun verða með hann eins og með hvað annað, hann gjörist ekki með orðunum einum; það þarf einhverju til hans að kosta, og hvaðan á kostnaðurinn að takast. Það gleður mig, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki rèð til að leggja hann á landið, enda virðist mèr, ef svo ætti að verða, það í sjálfu sèr ósamkvæmt í sömu andránni að biðja um hallærisstyrk, og þó þyngja á landinu með skattaálögum. Kann ske menn búist við að fá peningana úr ríkissjóðnum? Það getur nú vel verið það takist í þetta sinn, en við ættum samt að vera búnir að reka okkur á

það, hvernig gengur, þegar við biðjum um eitthvað úr ríkissjóðnum, og hversu ríflega er af hendi látið við okkur, þó til meiri nauðsynja sè, en mèr virðist hèr vera um að tala, og af þessum ástæðum, verð eg því að mæla á móti nefnd í þessu máli núna, og leggja það til, að beðið sè betri tíma.

Jón Hjaltalín: Þrátt fyrir þessa snjöllu tölu hins heiðraða þingmanns úr Gullbringusýslu, verð eg nú samt að vera á sömu meiningu og eg var 1859. Það er ætíð bágt, þegar svo fer, að þingið og stjórnin eru hvort uppi á móti öðru í því, sem þau bæði varðar einna mestu, sem eg kalla það, að útvega embættismenn eður embættismannaefni, enda get eg ekki fundið, að stjórnin hafi komið fram með nokkrar ástæður fyrir neitun sinni, en á hinn bóginn sýnir það sig, að reynslan, þessi járnharði reikningsmeistari, hefir sýnt það, og sýnir, að okkur vantar embættismenn, að við erum í vandræðum með þá, og að danski háskólinn ekki er fær um að útvega oss þá. Eg er öldúngis samdóma þingmanni Reykvíkínga í því, að það væri ábyrgðarhluti eigi alllítill fyrir þingið, ef það eigi styddi þetta mál, því þingið hefir fullkominn rètt og kröfu á því að fá fullkomnar ástæður hjá stjórninni fyrir synjun þess, er þingið fer fram á, en þær eru, eins og eg áður hefi sagt, ekki komnar. Menn hafa hèr að visu á þingi spáð því, að bænarskráin yrði til ónýtis, þó henni væri fylgt, en eins og það er óþarfi, hreinn og klár óþarfi, að vera að spá slíku og öðru eins, eins er engi okkar bær um að dæma um það, eins og nú stendur, því hver veit hvað stjórnin gjörir? hver veit nema hún þó á endanum kunni að aðhyllast málið? Að fara að fresta málinu, getur nú, eins og menn segja á dönsku, verið *„godt nok“;* maður fær þó ætíð nóg af því að fresta til morgundagsins, því það, sem er frestað til morguns, vill opt dragast lengur. Þar sem menn eru að tala um þann kostnað, er af lagaskólanum hljóti að rísa og hlaupa út í hallærið, þá er þetta engan veginn fullgild ástæða. Látum oss vona betri tíma, líta frjálslega upp og hugsa: »allt batnar«. Það er ekki allt á borði, sem er í orði, segir máltækið. Okkur er öldúngis óhætt að halda þessu máli áfram upp á það, að úrslit þess munu ekki koma svo bráðlega, að ekki sè vonanda, að hallærið áður sè um garð gengið. Reynslan gamla hefir í öllu falli sýnt, oss, að ekki gengur svo greitt með íslenzku málefnin og þá má ekki við betra búast hèr, þar sem svo lítur út, að stjórnin líti heldur hornauga til hvorstveggja, sumsè bæði lækna og lagaskól-

ans. Við ættum að hafa fyrir okkur og fylgja reynslunni. Meðan hèr í landi var kennt úngum mönnum dálítið í læknisfræði og þeir brúkaðir sem læknar, var aldrei arg um lækna hèr. Þá var heldur ekkert garg um sýslumenn, því þá var ekki heimtuð löggildíng frá dönskum háskóla. Nú — nú er allt í uppnámi, en þó má ekkert bæta, þó má í ekkert skerast. Eg álít því beina skyldu þíngsins, að taka máli þessu vel, og styðja það.

Eg get tekið til dæmis, að reynslan hefir sýnt oss, að sumir geta orðið til gagns, sem þó ekki hafa getað náð lærdómsprófi við háskólann í Kaupmannahöfn; hvort heldur það er þeim að kenna eða háskólanum, skal eg ekki dæma um, en svo mikið er víst, að *tveir* af þessum mönnum hafa þó verið einhverir þeir duglegustu sýslumenn í Suðuramtinu, án þess að nokkurt tillit hafi verið til þeirra tekið; það væri líka næsta skríngilegt, ef menn ekki skyldi geta fengið eins dugleg og verklega sýslumenn hèr í sjálfu landinu, eins og þá, sem frá háskólanum koma, sem láta (*Manuducteur*) prívatkennara sinn þrýsta inn í sig öllu því nauðsynlega, og ef til vill aldrei hafa heyrt til prófessóranna, fyr en þeir koma upp að »græna borðinu«, þegar þeir eiga að standa lærdómsprófið, eins og einn lögfræðíngurinn, sem lært hafði utanlands, fræddi okkur á í hitt eð fyrra, Hèr á landi eru nógir lögfræðíngar til, sem að minnsta kosti ætti að geta sagt eins vel til og þessir „*Manuductörar*“. Eg held t. a. m., að landsyfirrèttarinn hafi ekki öll þau ósköp að gjöra, að hann ekki geti sagt til fáeinum hræðum. Eg efast ekki um, að hann sè fær um það, en skyldi hann ekki treysta sèr til þess, þá er hann líka óhafandi fyrir landsyfirrètt. Eitt er það enn, sem menn hafa haft á móti þessum lagaskóla, að allt af eru að fækka lærisveinar í lærða skólanum, og hafa menn verið að grennslast eptir ástæðunum fyrir þessari fækkun; en skyldi hún nú ekki einmitt vera sprottin af því, að hèr í landinu vantar æðri menntunarstofnanir, svo menn því ekki geta náð þeirri menntun og þeirri stöðu, sem þeir girnast. Sæi nú landslýðurinn, að únglíngarnir, sem þeir senda í skólann, gæti komizt nokkuð lengra á veg hèr á landi, þá er mèr nær að halda, að fleiri kæmi í skólann. Skoðum prestaskólann, þar kemur reynslan aptur, og heldur snjalla ræðu í tölum; hann eykst og ber góðan ávöxt. Þar geta þeir þó kennt guðfræði, sem á að leiða til sáluhjálpar, en menn efast nú um, að nokkrir geti kennt mannasetníngar, eins og lögin eru, og hefi eg þó og víst flestir verið upp aldir í þeirri trú, að sáluhjálp manns-

ins og guðs orð væri eins áríðanda og lagasetníngar manna. Mál þetta liggur mèr mjög á hjarta, og bið eg því hið heiðraða þíng að afsaka þessa ósamanhangandi þanka mína, en eg er fastur á því, að nefnd sè kosin í þetta mál.

Magnús Andrèsson: Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu hefir þegar tekið það fram, er eg ætlaði mèr. Eg skal einúngis bæta því við, að þar sem, eins og eðlilegt er, spurníng hlýtur að verða um, hvaðan kostnaðurinn eigi að takast, þá virðist mèr bænarskrá þessi næsta ótímabær burður, þar sem nú er farið að tala um fjárhags-aðskilnaðinn. Eg vildi því, að máli þessu yrði frestað að minnsta kosti til næsta þíngs, því það er, ef til vill, nú þegar búið að setja nefnd í fjárhags-aðskilnaðarmálinu, og væri það því undarlegt, ef þíngið nú ætti að fara að benda á, hvaðan kostnaðinn til lagaskólans ætti að taka. Mèr virðist heldur ekki hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður geta vel rýmt það saman í öðru orðinu að kvarta yfir bágindunum hèr, en þó á hinn bóginn ekki að horfa í kostnaðinn, er af lagaskólanum hlýtur að rísa, eða hvaðan mundi eiga að taka hann? Mundi stjórnin ekki, eins og vant er, svara okkur, »leggið þið hann á landið«. Því hefir hún að minnsta kosti verið vön að svara, þegar vèr höfum beðið hana um fjárstyrk. Eg get því að þessu sinni ekki mælt fram með því, að nefnd sè kosin í málið.

Benedikt Sveinsson: Að sinni skal eg ekki verða fjölorður um þetta, því eg vona, að mèr gefist tækifæri á að fara nokkrum orðum um það seinna. Eg skal að eins geta þess, að mèr þykir engi furða, þó hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* leti þíngið þess, að taka málið til meðferðar. Bæði hefir hann áður álitið, að lagaskólinn væri ónauðsynlegur fyrir landið, og svo flýtur það af stöðu hans nú, ef til vill, að hann hlýtur að halda sömu stefnu. Hitt gegnir furðu, að þíngmenn skuli taka í sama strenginn og þó af öðrum ástæðum, og jafnvel fara lengra en hann. Eg skil sannarlega ekki í því, að hið sama þíng, sem þrisvar hvað eptir annað 1855, 1857 og 1859 hefir beðið um lagaskólann og viðurkennt nauðsyn hans, og sem horfir og þreifar á, að nauðsyn þessi fer í vöxt, en minnkar eigi, eg skil ekki í því, segi eg, að þetta þíng skuli nú vilja leggja árar í bát, og hörfa til baka, þó stjórnin hafi gefið afsvar í þetta skipti. Hún vill víst vita, hvort þínginu sè alvara eður eigi, og það er eðlilegt. Eg ímynda mèr annars, að þessir heiðruðu þíngmenn, sem nú töluðu, sè einir sèr og sè að

bera grýlur fram fyrir þingið. Eg óska, að hinn heiðraði *forseti* láti þegar ganga til atkvæða um nefnd í málinu, svo þingið geti tekið málið eður þá fellt það án óþarfa málalengingar.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vildi einúngis svara hinum heiðraða þingmanni Árnesínga því, að þar sem hann nefnir bænarskrána ótímabæran burð, að því er kostnaðinn snertir, þá er athugasemd hans í þessu efni enn ótímabærari. Það á hèr alls ekki við, að vera að telja upp allt einstakt um bænarskrána; hèr á að eins við, hvort bænarskránni sè gaumur gefandi eða ekki, hvort málið sè svo vaxið eða mikils vert, að það eigi að setja nefnd í það eða ekki. Fyrir hinu öðru á nefndin, sem eg álít sjálfsagt verði sett í svo mikilvægt málefni, að sjá, og hvað sem kostnaðinum líður, þá er spurníngin um: er ekki skólinn eins nauðsynlegur fyrir því, hvort efnin eru til eða eigi?

Forseti: Þar eð til mín er komin beinlínis áskoran frá mörgum þingmönnum um, að þessari umræðu sè lokið, þá skal eg bera það undir atkvæði þingsins.

Var síðan til atkvæða gengið, og með atkvæðafjölda samþykkt, að inngangsumræðunum skyldi lokið.

Forseti: Því næst skal eg leita atkvæða þingsins, hvort kjósa skuli nefnd í málið eða eigi.

Var síðan til atkæða gengið og með 20 atkvæðum samþykkt, að nefnd skyldi kjósa. Því næst var stúngið upp á þriggja manna nefnd og í hana kosnir:

Benedikt Sveinsson . . með 20 atkv.
Halldór Kr. Friðriksson — 13 —
og *Jón Pètursson* . . . . — 8 —,

og skjöl málsins síðan afhent hinum konúngkjörna varaþingmanni, sem hafði flest atkvæðin.

Forseti: Samkvæmt dagskránni liggur þá fyrir uppástúnga þingmanns Borgfirðínga um að *aftaka dönsku þýðinguna á þingbók alþíngis*, og skal eg biðja skrifara að afhenda hana uppástúngumanni.

Arnljótur Ólafsson: Uppástúngan er þá þessi:

»Hinum heiðruðu þingmönnum er víst kunnugt, að *forseti* á alþíngi 1859 stakk upp á því við stjórnina, að hætta mætti við þýðíngu þingbókarinnar, er búið var að snúa 26 fundum framan af henni, og að stjórnin fèllst á það fúslega. Nú þykir mèr öll líkindi

til, að stjórnin fengist til, að sleppt yrði þýðingu á öllum þingræðum hèðan frá þingi, en þótt sá kostnaður sè eigi mikill, eður hèr um bil 300 rd., ef sleppt er einúngis þýðingu á umræðunum, þá mun það þó þykja betra en ekki, og er talsverður hægðarauki, svo finnst mèr ástæða enn fremur til þessarar bænar, ef þingmálin eru prentuð fyrst, en þingræðurnar látnar mæta afgangi, með því að þær koma þá svo seint, og eru alla tíma í miklu minna gildi, en sjálf þingskjölin.

Fyrir þessa sök leyfi eg mèr að stínga upp á því við hið heiðraða alþingi, að það sendi konúngi vorum bænarskrá um, að síðasta málsgrein í 43. gr. alþingistilskipunarinnar sè af tekin.

Reykjavík, 4. júlí 1861.

Arnljótur Ólafsson".

Arnljótur Ólafsson: Eg skal að svo stöddu ekkert mæla fram með uppástúngu þessari því mèr er ekki svo sárt um hana.

Konúngsfulltrúi: Þó í sjálfu sèr ekki geti verið neitt á móti því, að senda stjórninni bænarskrá um þetta mál, virðist mèr þó, að það sè allt of smámunalegt fyrir þingið að gjöra það, eins og það liggur í augum uppi, að hlutaðeigandi stjórnarherra verður þá að láta þýða þinggjörðirnar á dönsku, því ekki er til þess að ætlast, að ráðherrarnir skili til fullnustu íslenzku, og eg tók t. a. m. eptir því um innanríkisráðherrann, sem nú er, að hann sagði á ríkisþinginu í vetur, að hann hefði gefizt upp við þá íslenzku málfræði. En þurfi, eins og gjöra má ráð fyrir, að leggja út þinggjörðirnar, þá er eg líka hræddur um, að borgunin fyrir það verði heimtuð af okkur sem alþingiskostnaður, og borgunin mundi verða fullt eins mikil þar og hèr. Þingið ræður nú meiníngu sinni, en mèr sýnist málið ekki vera þess umkomið, að fara því á flot við stjórnina, og að öðru leyti er sjálfsagt að danska þýðingin getur ekki fallið í burtu í þetta skipti.

Halldór Kr. Friðriksson: Það voru að eins fáein orð, sem eg vildi tala í þessu máli, og heldur mæla fram með uppástúngunni, og skal eg einkum snúa mèr til þess, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, og svara því, að þegar stjórnin fær á dönsku bænarskrár og álitsskjöl, finnst mèr ekki ofverkið ráðherranna, ef þeir girnast meira, að láta þýða það, sem þeir vilja hafa úr þingtíðindunum. Þegar *konúngsfulltrúi* gat um, að ráðherra Monráð hefði gefizt upp við að læra íslenzku, þá get eg nú borið um það, því mèr er það nokkuð kunnugt, og veit eg, að maðurinn er of

menntaður, þolgóður og gáfaður, til að gefast upp við slíkt. Það stóð svo á því, að þegar hann var nýbyrjaður að læra íslenzku, fèkk hann embætti, og varð að flytja frá Kaupmannahöfn, og fèkk þá líka annað að hugsa. Það er einúngis eitt, sem eg þykist sjá í þessu máli, og það er það, að uppástúngan geti ekki komið að notum nú þegar á þessu þíngi, því eg álít, að það þurfi beinlínis bænarskrá til konúngs vors, og þá aptur samþykki stjórnarinnar, en það gæti ekki komið nógu snemma til þess, að það yrði tekið til greina í þetta skipti, og vil eg því leyfa mèr að stínga upp á því, að þíngið feli *forseta* sínum á hendur, beinlínis að skrifa stjórninni um snúníng þessara þíngtíðinda; því svar hennar gæti um það komið aptur í tækan tíma.

Sveinn Skúlason: Eg verð að styðja þessa uppástúngu þíngmanns Reykvíkínga, því eg álít það sè nóg, og að það flýti töluvert fyrir.

Arnljótur Ólafsson: Þó eg engan veginn sè mótmæltur þessari uppástúngu þíngmanns Reykvíkínga, verð eg þó að álíta, að rèttast væri að senda bænarskrá um þetta efni til konúngs; það er ekki í bága hvort við annað, þó konúngi sè send bænarskrá um þetta efni, og *forseti* jafnhliða skrifi stjórninni til og spyri sig fyrir, hvort þetta ekki megi við gangast núna í þetta skipti; en hitt er óráðlegt, að ætlun minni, að senda eigi bænarskrá, heldur þurfa að skrifa og biðja um leyfi í hvert skipti, og væri miklu betra að hafa lög, sem gilda fyrir alla ókomna tíð. Þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat um, að kostnaður sá, er af því kynni að rísa, að þíngræðurnar væri þýddar ytra, yrði líklega lagður á landið, þá get eg ekki skilið, að það muni verða, þar sem íslenzka stjórnardeildin hefir 4000 rd. til skripta og þess konar, og álít eg sjálfsagt, að þýðíngarkostnaðurinn yrði tekinn af þeim. Að öðru leyti held eg ekki að þurfi að gjöra ráð fyrir því, að ráðherrann lesi allar þíngræðurnar; þó eg að vísu ekki sè kunnugur því, þá held eg samt, að það sè ofætlun, að halda, að hann geti komizt yfir að lesa það allt, og ímynda mèr, að hann sè búinn að fá nóg, ef hann les öll nefndarálitin. Mèr hefir láðst að geta þess, að það eiginlega ekki var sparnaðurinn, sem eg hafði fyrir augum með uppástúngu þessari, því kostnaðinn sjálfan horfi eg ekki eins mikið í eins og í tímann, sem til þess gengur, því væri bara þýdd hin eiginlegu þíngmál, þá gengi allt miklu fljótara,

ef ekki stendur á *konúngsfulltrúa*, og það er ekki lítið varið í það fyrir landið, að málin verði sem fyrst afgreidd frá stjórninni.

Magnús Andrèsson: Það er einkum af hinni síðustu ástæðu, er þingmaðurinn, sem síðast talaði, tók fram, að eg kröptuglega vildi styðja uppástúngu hans, þó eg engan veginn sè því mótfallinn, að þingið feli *forseta* sínum að skrifa stjórninni í sama efni, því mèr finnst mikið vel hvorttveggja geta rýmzt saman, en út af brèfi *forseta* gæti menn ekki búizt við öðru en því, að leyfi til að sleppa dönsku þýðíngunni fengist fyrir það árið, sem beiðnin kæmi á, en fengist þar á móti samþykki konúngs eptir bænarskrá frá þínginu, þá yrði þetta að lögum, og þannig til frambúðar fyrir þingið, og verð eg því að mæla fram með því, að nefnd sè sett í málið og konúngi send bænarskrá.

Stefán Eiríksson: Eg get ekki verið samþykkur þeim mönnum, sem talað hafa í þá stefnu, að vísa uppástúngu þessari í gegnum *forseta* til stjórnarinnar; þingmenn muna það þó víst, að 1859 var uppástúngunni um sveitarsiðina í Rangárvallasýslu vísað frá þínginu gegnum *forseta* til hlutaðeiganda stjórnarherra, en stjórnin vísaði því máli frá sèr vegna formgalla af þeirri ástæðu, að málefnið hefði ekki borizt sèr í hendur samkvæmt 44. gr. í alþíngistilskipuninni.

Jón Pètursson: Eg verð að segja, að mèr virðist mál þetta of lítilfjörlegt til þess að fara að senda um það bænarskrá. Mundi það ekki nægja, ef *forseta* væri á hendur falið í hvert skipti gegnum *konúngsfulltrúann* að leita samþykkis stjórnarinnar til þess að sleppa dönsku þýðíngunni á ræðunum? og verði þetta iðulega leyft, þá kemst venjan á, og þá fellur þýðíngin burt af sjálfu sèr, og vil eg því fremur styðja það, að *forseta* sè falið á hendur að skrifa stjórninni nú um þetta efni, en að konúngi sè send bænarskrá út af svona lítilsvarðanda málefni, og það um breytíngu á alþíngistilskipaninni.

Arnljótur Ólafsson: Sè það smásmuglegt að senda stjórninni bænarskrá um þetta efni, þá get eg ekki betur sèð, en hitt sè eins smásmuglegt, að fela *forseta* að skrifa um það, í hvert skipti sem þíng er haldið.

Benedikt Sveinsson: Eg verð að álíta, að það sè hið eina rètta, að senda bænarskrá um þetta efni til konúngs. Eg fæ ekki sèð, að menn geti á annan veg rèttilega breytt alþíngistilskipuninni. Bænir *forseta* hagga henni víst ekki, hvað opt sem hann

biður. Málið er ekki of smásmuglegt að mínu áliti, úr því það stendur í lögunum, og menn þó vilja fá lögunum breytt, þó í litlu sé.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að vera samdóma hinum heiðraða þingmanni, er síðast talaði, í því, að eg ekki vil eiga það undir, hvernig ráðherraun í hvert skipti kann að taka undir þessa bón þingsins gegnum *forseta*, og vil eg því heldur, að konúngi sé send bænarskrá, sem skeri úr allri þrætu einu sinni fyrir öll. Hinn heiðraði þingmaður úr Austur-Skaptafellssýslu hefir misskilið uppástúngu mína, ef hann hefir haldið, að eg ætti við, að *forseti* skyldi skrifa ár eptir ár, eg átti einúngis við í þetta sinnið, til þess að uppástúngan einnig geti komið þessu þingi að haldi.

Pètur Pètursson: Eg verð að segja fyrir mig, að eg vil ekki missa hina dönsku þýðingu af alþingistíðindunum. Eg veit alls ekki, hvort þingtíðindunum verður nokkurn tíma snúið á dönsku í Kaupmannahöfn, eg veit ekki, hvort stjórnarherrann gjörir það eða ei, en þá kalla eg þingið svipt rètti sínum á því, að stjórnin geti séð aðgjörðir þess, og þetta vil eg ekki vinna fyrir þann eina hagnað, er eg sé við uppástúnguna, það að spara 300 rd.

Guðmundur Brandsson: Eg finn enga ástæðu til að vera að leggja út þingtíðindin; það ætti þó ekki að vera örðugra fyrir þá í Danmörku að skilja okkur, heldur en fyrir oss hèr á Íslandi að skilja þá, og víst er um það, að íslenzkum embættismönnum hèr er ekki vorkennt að skilja það, sem stjórnarráðin skrifa þeim á dönsku, og að því er það snertir, hvernig þýðing tíðindanna yrði, ef hún væri gjörð ytra og hennar þætti með þurfa, þá held eg það sé engi ástæða fyrir okkur flesta þingmennina til þess, að tortryggja þýðinguna fremur utanlands en innan, því eg held mèr sé óhætt að segja, að við sèum á báðum stöðunum jafnkunnugir, hvað vel eða illa hún er af hendi leyst.

Jón Hjaltalín: Eg verð að mæla fram með nefnd í þessu máli, og að bænarskrá sé send konúngi vorum þessu viðvíkjandi. Eg álít það skildu stjórnenda, að skylja þegna sína, að minnsta kosti er þess krafizt í öðrum lönðum t. d. Austurríki, þar sem þó ýmsar þjóðir eru saman komnar. Það er rètt eins og mönnum hafi gleymzt þessi sparnaðarandi, sem var hèr á þinginu fyrir skemmstu, þegar *hálfskildingurinn góði* var á ferðinni, og er þá bezt, fyrst menn eru búnir að gleyma þessu, að eg fari nú að vilja

spara, og reyna að spara þessa 300 rd., sem ganga til dönsku þýðingarinnar á tíðindunum.

Ásgeir Einarsson: Eg læt mèr ekki mikið umhugað um þessa 300 rd., því þeir hvorki fella nè reisa landið, þó þeir sè goldnir annaðhvort ár. Þegar það loksins hefir fengizt, að konúngur undirskrifar lagaboðin, sem koma út á íslenzku, þá er sanngjarnt, að ráðgjafar hans skili íslenzku. Stiptamtmaður *Trampe,* sem þó víst ekki hefir verið góður í íslenzku, byrjaði á því, að láta rita brèf til embættismanna á íslenzku, og taka sjálfur móti þeim þannig; en sá óvandi er að smeygja sèr inn, að sýslumenn skrifi á dönsku til amtmanna, ef um eitthvað er beðið hjá stjórninni. Þetta ætti ekki að líðast. Úr því konúngur hefir skrifað sjálfur undir íslenzku lagaboðin, virðist krafa sú rèttvís, að þíngið megi senda öll mál frá sèr á íslenzku, og stjórnin sè fær um að taka við þeim. Eg mæli því fram með nefnd í þessu máli.

Indriði Gíslason: Eg hefi nú ekki mikið að taka fram, því hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaðar er búinn að taka það fram, sem eg hefði viljað láta í ljósi. Eg fyrir mitt leyti vil nú ekki gjöra stjórninni neina minnkun, því eg veit ekki til, að nokkur bóndi á Íslandi sè svo, að hann skili ekki hjú sín, og get eg ekki ætlað henni minna, þess vegna álít eg og sjálfsagt, að stjórnin skili þegna sína. Eg vil bæði mæla fram með nefnd í málinu, og eins vil eg mæla fram með uppástúngu þíngmanns Reykvíkínga, um að fela *forseta* á hendur, að skrifa stjórninni til, eins og áður er búið að taka fram.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari umræðu lokið, og vil eg þá biðja þíngmenn skera úr því með atkvæðum, hvort nefnd skuli setja í málið.

Var það samþykkt með 20 atkvæðum, að nefnd skyldi kjósa.

Því næst var stúngið upp á 3 manna nefnd og í hana kosnir þessir:

Arnljótur Ólafsson . . með 19 atkvæðum.
Magnús Andrèsson . . — 5 ——
Jón Sigurðsson frá Haugum — 5 ——

og skjöl málsins afhent *Arnljóti Ólafssyni* sem þeim, er hafði flest atkvæði.

Forseti: Þar næst kemur til inngangsumræðu bænarskrá úr Borgarfjarðarsýslu um að reisa *kauptún við Lambhúsasund* á skipaskaga, 2) uppástúnga þíngmanns Mýramanna um að *Straumfjörður*

og 3) uppástúnga þingmannsins úr Austur-Skaptafellssýslu um *að Papafjarðarós verði löggiltir sem verzlunarstaðir.* Eg hefi sett þetta þrennt undir eitt, af því eg hèlt það mundi hagfelldast, að nefnd væri kosin til þess að hafa til meðferðar allar þessar uppástúngur jafnframt, því ef ein nefnd yrði kosin, þá fylgdi hún sömu grundvallarskoðun með tilliti til þessara þriggja staða, sem beðið er um að sè gjörðir að kauptúnum, en þá væri líka æskilegra, að nefndin væri nokkuð mannmörg, af því þessir staðir eru sinn í hverri áttinni, er fæstir þekkja grant, en ef þingmenn eru á öðru máli og óska, að kosnar sè 3 nefndir, þá er það allt að einu á þingsins valdi, þó að eg hafi tekið uppástúngurnar svona í einu lagi. á dagskrána. Eg skal þá biðja þingskrifarana að afhenda hverjum hinna 3 uppástúngumanna sína uppástúngu til flutnings, og vona, að menn haldi sèr við aðalspursmálið: hvort nefnd skuli setja eður ekki, en fari ekki að þessu sinni út í mjög smásmuglegar lýsingar á ásigkomulagi staðanna, innsiglingu þar o. fl.

Stefán Eiríksson: Eg að vísu hefði ekki þurft að tala með þessari uppástúngu minni, hefði þingmenn margir verið eins kunnugir í Skaptafellssýslu, og eg er, en eins og minnzt er á í uppástúngunni, eru sumir af þingmönnum svo kunnugir málinu frá 1849, að þeir hinir sömu geta þó ekki verið á móti sjálfum sèr, því þá var, eins og segir í uppástúngunni, samþykkt í einu hljóði um kauptún á Papós. Eg get nú skýrt þinginu frá, að síðan 1849 hefir ósinn verið mældur á dýptina af hafnsögumanni frá Djúpavog, og reyndist dýpið í ósnum 5 faðmar um stórstraumsháfjöru, innsiglingin á ósinn er allt eins góð og á Djúpavog, og á legunni geta víst legið í senn 6 til 8 skip; 1840 lágu þar um tíma 3 fiskiskip, og 1 þeirra var vöruflutningaskip, sem lengi vel flutti vörur á Djúpavog og Eskifjörð; skipið hèt að mig minnir, Keflavík. Það, sem helzt hefir vakað fyrir biðjendunum um að fá kauptún á Papós, er vöruskortur sá, sem er á Djúpavog, því kæmi ekki á Djúpavog 3 og 4 lausakaupmenn, fengi ekki innbúar, sem hljóta nauðugir viljugir að sækja á Djúpavog (aðrir gjöra það nú náttúrlega ekki) nema helming af nauðsynjum þeim, er þeir þurfa til heimilisfanga; eg ætla nú ekki að orðlengja um uppástúngu þessa meira að sinni, en vona, að þingið taki vel í málið, og að nefnd verði sett í því.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg þarf varla að lesa upp þessa uppástúngu mína, því eg þykist vita, að þingmenn hafi kynnt sèr hana á lestrarsalnum, líka eru ástæðurnar fyrir fullri nauðsyn um

að fá kauptún í Mýrasýslu svo alkunnugar þínginu og margviðurkenndar af því; stjórnin hefir ekki heldur barið við ástæðuleysi, þó hún gengi fram hjá þessari bæn, heldur því, að málið á þessu síðasta þingi ekki hafi verið lögformlega meðhöndlað, þar ekki hafi verið sett í því nein nefnd; mèr þótti það því illt, að mál þetta ónýttist rètt vegna formgalla, og eg vona, að þingið verði nú á sama máli og síðast og leiðrètti þetta, sem hægast er að gjöra við málið, að taka það til nefndar. En við meðferð á þessum þremur uppástúngum liggja fyrir 2 vegir, og þó hvorugur rètt góður, annaðhvort að taka þær allar til einnar nefndar, og munu þó ekki allar þær standa jafnt að vígi, því nauðsyn og kríngumstæður kunna að mæla meir með sumum þeirra en sumum, og verður því, ef til vill, ekki svo gott að hafa eitt og hið sama álit um allar. Hinn vegurinn er, að kjósa sína nefndina í hverja, en það get eg ekki ætlazt til að þingið taki í mál vegna tímalengingar og nefndafjölda, sem kominn er; en úr þessu má nokkuð bæta með því að hafa nefndina stærri, t. a. m. 5 manna nefnd, því sjeð getur, að þessir 3 uppástúngumenn verði kosnir, og kynni þá málið að verða betur skoðað, ef einhverir óviðkomandi yrði líka í nefndinni.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla ekki að mæla fram með bænarskránni frá mínu kjördæmi, en vil að eins stínga upp á, að kosin sè 5 manna nefnd, og vona eg, að þingmenn sjái, að ekki muni veita af 5 manna nefnd, þegar þeir hugsa um, hverja menn verða að kjósa í nefndina.

Stefán Eiríksson: Eg vil einúngis bæta því við það, sem eg sagði áðan um Papós, að eg kýs helzt, að sèrstök nefnd sè sett í uppástúngu mína, því án þess að eg sè nú raunar kunnugur þeim stöðum, sem beðið er um til kauptúna hèr vestanlands, er eg hræddur um, að nauðsyn fyrir beiðni þeirra sè þó ekki sem bezt hugsuð.

Björn Pètursson: Eg stend einúngis upp til þess að láta í ljósi, að eg heyrði hvern bónda, þar sem við komum á leiðinni, biðja þingmann Austur-Skaptfellínga að fylgja málinu fastlega; eg vona, að allir sjái, sem líta á uppdrátt Íslands; hver nauðsyn er á kauptúni milli Djúpavogs og Eyrarbakka. Það er óhætt að segja, að hafi nokkurstaðar verið þörf á, að fjölga kauptúnum, eins og gjört hefir verið á seinni árum, þá sè það einmitt þar á milli, og þurfi enn að fjölga þeim nokkurstaðar, þá er það einmitt þar. Þess vegna vil eg mæla með því, að nefnd sè kosin í þetta mál, og eg er fremur á því, að betra væri að kjósa sèrstaka nefnd, því eg er

hræddur um, að verði þessum bænarskrám vísað til sömu nefndar, kunni að verða rifrildi í nefndinni, og það, ef til vill, spilli fyrir hjá stjórninni.

Pètur Pètursson: Eg held, að það væri ráðlegast að kjósa 3 nefndir, því að sumir í nefndinni, ef ein nefnd yrði kosin, kynni að finna mestu nauðsyn á, að gjöra einhvern þessara staða að kauptúni, aðrir annan, og gæti þá svo farið, að nefndarmenn kæmi sèr ekki saman. Það getur líka verið, að þingmenn sjálfir álíti það æskilegt, að einhver þessara staða sè gjörður að kauptúni, en ekki allir, og vili ekki eyða kröptum þingsins með því að setja nefnd um það; þess vegna finnst mèr bezt, ef hinum háttvirta *forseta* sýnist svo, að bera það upp í þrennu lagi, hvort setja skuli nefndir í þessum málum.

Arnljótur Ólafsson: Eg get eigi sèð, að þessi mál geti komið í bága hvert við annað, þó að þau sè öll fengin einni nefnd, því staðir þeir, sem beðið er um að gjörðir sè að kauptúnum, liggja svo langt í burtu hver frá öðrum, að það er varla hugsanda, að nein keppni geti komið upp á milli nefndarmanna, þó sumir ef til vill haldi meir fram einum staðnum en öðrum. Hèr er líka einkum að tala um aðalregluna, hvort fjölga skuli kaupstöðum eða eigi, og fallist menn á að fjölga þeim, þá er spurníngin, hvar helzt skuli reisa kauptún, og er það mest komið undir landslaginu, hvar mönnum sýnist það tiltækilegast.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera hinum heiðraða *þingmanni*, sem nú mælti, samþykkur í því, að það megi setja nefnd um allar bænarskrárnar í einu lagi, og svo hefir það verið gjört áður hèr á þínginu; eg man heldur ekki betur, en að ein nefnd væri sett um bænarskrárnar viðvíkjandi kauptúnsstofnun á Akranesi, Straumfirði og Sauðárkróki. Það er ein og hin sama grundvallarregla, sem hèr kemur til greina, og þegar einúngis kunnugir menn eru kosnir í nefndina (ef þíngið að öðru leyti kýs nefnd í þetta mál), þá er málinu vel borgið, og engi af bænarskránum þarf að koma í bága við hinar.

Jón Hjaltalín: Eg er samdóma *konúngsfulltrúa* og þíngmanni Borgfirðínga í því, að bezt sè að hafa eina nefnd; hitt getur valdið glundroða og tímatöf. Spursmálið er eiginlega það, hvort hafnirnar eru góðar og tryggar, og svo það, hvort það er til verulegra hagsmuna fyrir landsmenn; þetta geta bæði kunnugir menn

stöðunum upplýst, og líka geta menn tekið kort Íslands, og sèð á því, hvað rèttast sè að gjöra í þessu efni.

Björn Pèturssón: Eg er einnig samdóma *konúngsfulltrúa* og þíngmanni Borgfirðínga í því, að sama aðalregla liggi til grundvallar fyrir málunum öllum. Það sem mèr gekk áðan til þess, að mæla fram með fleirum nefndum, var einnig það, að eg hèlt, að stjórninni mundi ofbjóða, þegar hún sæi bænarskrár um þessa 3 kaupstaði koma frá einni og sömu nefnd. En fyrst hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir sagt, að það muni ekki verða, þá vil eg ekki halda því fram, að 2 nefndir sè kosnar.

Forseti: Eg vil vekja athygli þíngmanna á því, að þó ein nefnd sè kosin, gjörir hún um þessi 3 mál 3 sèrskild atriði að niðurlagsuppástúngum eður eitt um hvert kauptúnið fyrir sig, og er það þá á þíngsins valdi að samþykkja eitt af þeim, en fella hin o. s. frv., eptir því sem þínginu sýnist rèttast og bezt, þegar til undirbúníngsumræðu kemur.

Stefán Eiríksson: Samkvæmt því, sem hinn háttvirti *forseti* nú skýrði frá, fell eg frá því aptur, að sèrstök nefnd sè kosin til að segja álit sitt um Papós, því það er auðvitað, að stjórnin getur gengið inn á það, sem hún vill, fyrir því þó ein og sama nefnd hafi til meðferðar þessar 3 uppástúngur.

Halldór Kr. Friðríksson: Eg vil, að allar þessar uppástúngur verði samferða til hins sama staðar, í skápinn þarna, því þessir mörgu kaupstaðir gjöra ekki annað en illt eitt, þeir margskipta verzluninni og draga allan krapt úr henni, engi kraptur getur komizt í kaupmenn, því þeir eta hver annan út. Mig uggir líka, að það muni ekki verða mikið gagn að því, þó menn gjöri Papós að kauptúni, því eg er hræddur um, að þangað muni ekkert skip koma. Að setja kauptún við Straumfjörð og við Lambhúsasund á Skaga er líka til þess að tvístra kröptunum, og þessir staðir eru ekki heldur svo langt frá kaupstöðum, að eg geti vorkennt þeim að sækja til þeirra. Það er ekki mjög langt af Akranesinu hingað og auk þessa er kaupmönnum leyft að flytja á staði þessa vörur til landsmanna á skipum sínum; að setja kaupstaði á þessum stöðum, er því ekki til annars en að sjúga landsmenn út, og verð eg því að vera á móti öllum uppástúngunum.

Guðmundur Brandsson: Mèr finnst þó vera annað mál með uppástúngu þíngmannsins úr Austur-Skaptafellssýslu, um að kauptún megi reisa á Papósi, en með hinar uppástúngurnar, en mèr

sýnist það ekkert gjöra til, þó þær slæðist með inn í nefndina. Það má þá allt eins fella þær seinna, eins og *forseti* tók fram áðan. Þar sem þingmaðurinn úr Suður-Múlasýslu var hræddur um, að stjórninni mundi ofbjóða að sjá svona mikið koma frá einni nefnd, þá held eg, að ekki þurfi að óttast fyrir því, því fyrst er nú óvíst, hvort þingið samþykkir það, sem nefndin stingur upp á, og óvíst líka, hvað það verður, og svo mun stjórnin hafa gát á, að veita ekki meira, en henni sýnist mátulegt.

Björn Pèturssón: Eg held, að þingmaður Reykvíkinga hefði getað sparað sèr þessa ræðu á móti þessu máli, því eg er svo sannfærður um, að nefnd verður kosin.

Jón Hjaltalín: Ástæða sú, sem þingmaður Reykvíkinga bar fram á móti þessum uppástúngum, hefir mikið veikzt hjá mèr síðan á síðasta þingi; eg get ei betur sèð, en að það muni vera mjög örðugt, að koma kaupmönnum sjálfum til að skilja, að þeir hafi gagn af því að safna verzluninni saman á einn stað, því eg held, að engir sè verri en þeir sjálfir til þess að tvístra henni, þar sem þeir nú senda burtu vörur sínar frá aðalkaupstöðunum í austur og vestur, og held eg, að oss muni lítið duga að reyna til að troða upp á þá þeirra eigin hag, þegar þeir vilja ekki sjálfir hafa hann eða sjá, hvað fastaverzluninni bezt hagar.

Forseti: Þó að þingmaður Austur-Skaptfellínga hafi tekið aptur uppástúngu sína um sèrstaka nefnd fyrir Papós, hefir *varaforseti* stúngið upp á, að 3 nefndir yrði kosnar, ein fyrir hverja uppástúngu (*Pètur Pètursson:* Eg fell frá uppástúngunni. *Halldór Kr. Friðriksson:* Þá tek eg hana upp aptur). Mun eg þá samkvæmt þessari uppástúngu, er *varaforseti* hefir að vísu fráfallið, en þingmaður Reykvíkinga tekið upp aptur, fyrst bera undir atkvæði þingmanna, hvort kjósa skuli eina nefnd eða 3.

Síðan var það samþykkt með 20 atkvæðum að kjósa skyldi eina nefnd, og þar næst var það samþykkt með 21 atkvæði að kjósa skyldi 5 manna nefnd, og voru þessir kosnir í nefndina:

Stefán Eiríksson	með	20 atkv.
Jón Sigurðsson frá Haugum	—	18 —
Arnljótur Ólafsson . . .	—	15 —
Björn Pètursson	—	13 —
Halldór Kr. Friðriksson .	—	9 —

Voru skjölin þá afhent þingmanni Austur-Skaptfellínga, er hlotið hafði flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til ályktar og atkvæða þingsins uppástúnga þingmannsins úr Gullbringusýslu, um *að engar bænarskrár verði teknar til meðferðar að liðnum helmingi hins lögskipaða þingtíma.*

Var uppástúngan síðan afhent uppástúngumanni, er las hana upp þannig hljóðandi:

»Það er farið að verða margrætt um þann kostnað, sem alþingi hafi í för með sèr, og er mest talað um lengd alþingistíðindanna, lengíng þingtímans, og að of mörg mál sè tekin fyrir á hverju þingi, og sum af þeim ómerkileg. Það er nú auðvitað, að hið fyrst talda leiðir mikinn part af tvennu hinu síðara, enda þó fleira geti verið, og sè því valdanda. Orsök til þess, að þingið hefir verið lengt, hefir opt verið sú, að bænarskrár frá landsmönnum hafa komið mjög dræmt fyrra hluta þingtímans, hafa svo þingmenn sett í þeim nefndir, af því þeir hafa þá ekki vitað, hvort fleiri mundu bætast við, en svo hafa aðrar bænarskrár farið að tínast inn á þingið smátt og smátt, sumar merkilegri en hinar fyrri, og verið þess vegna teknar í nefndir, og þetta hefir gengið fram undir þinglok. Það ætti nú ekki að vera mikil vorkun fyrir þá, er senda bænarskrár, að koma þeim svo tímanlega til þingmanna, að þeir gæti nógu snemma fengið yfirlit yfir verkefni sitt og sèð, hvað mikið þeim væri fært að taka og ljúka við á hinum lögskipaða þingtíma:

Eg stíng því upp á því:

Að engi bænarskrá, sem kemur til þingsins, eptir að hinn lögskipaði þingtimi er hálfnaður, hèr eptir verði tekin til meðferðar af nefnd, nema því að eins, að þrír fjórðu hlutir allra þingmanna sè því meðmæltir, og að landsmönnum verði gjört það kunnugt nógu tímanlega.

Reykjavík, 6. júlí 1861.

Guðmundur Brandsson“.

Guðmundur Brandsson: Uppástúnga þessi kann mönnum að þykja í fljótu bragði ófrjálsleg, en eg vona, að menn sjái, að hún er það ekki í raun rèttri. Það getur verið spursmál um það, hvort þessi ákvörðun, ef hún verður samþykkt, gæti orðið bindandi fyrir þetta þing; en það ætti hún sjálfsagt að vera fyrir hin næstu, því þegar búið væri að auglýsa þetta í blöðunum, þá gæti menn seinna meir hagað sèr eptir því. Eg vona, að mönnum þyki það ekki of hart að tiltaka, að $^3/_4$ atkvæða þurfi með einhverri bænarskrá, ef

hún kemur til þings eptir miðjan þingtímann, því mèr sýnist það mjög ísjárvert ef til vill með eins atkvæðismun að taka bænarskrár inn á þingið, þegar svo langt er liðið á það, og þegar menn gæta að því, að þingtími sá, sem þingmenn hafa ráð yfir, er að eins 4 vikur; þó *konúngsfulltrúi* hafi skilið ákvörðunina þar um svo sem það væri allur júlímánuður, þá sjá allir, að þetta er ekki langur tími til að ráða vel úr mörgum vandasömum málum; menn hafa líka sèð afleiðíngarnar af að taka þessar mörgu bænarskrár, sem opt hafa komið mjög seint, til meðferðar. Konúngsmálin hafa orðið á hakanum, og hefir svo þess vegna orðið að lengja þingtímann í hvert skipti, af því þau máttu ekki verða útideyða. Uppástúngan um það, að hætta að prenta þingræðurnar, sem gjörð var af því að uppástúngumaður hèlt menn með því gæti sparað óþarfan kostnað, var felld, og það af giidum ástæðum að minni ætlun, því hvað eru þessar ræður annað en ástæður, sem hver einstakur þingmaður gefur fyrir meiníngu sinni, og er þjóðinni ekki of gott að sjá þær. Ef þingið nú gengi inn á uppástúngu mína, held eg, að við það áynnist miklu meiri sparnaður; eg held, að þá yrði nær því óþarft að lengja þingtímann, og væri þá ekki lítið sparað með því; í fyrra þurfti að lengja hann um 18 daga, það var ekki lítið, og hefir reyndar aldrei verið eins, enda hefir þingkostnaður aldrei verið eins mikill. Eg vona því, að *þingmenn gjöri góðan róm* að uppástúngu *minni*.

Jón Hjaltalín: Það bíður mín maður hèr fyrir utan; en eg verð að tala fáein orð um þessa uppástúngu, áður en eg geng burt. Mèr sýnist þessi uppástúnga vera ein af þessum gömlu tilraunum til þess hreint að ónýta þetta þing. Er hèr ekkert að gjöra, ekkert að tala um? Er hèr of mikið gjört? Það sýna vegabæturnar hèr á landi og ástand okkar allt, hvar sem á það er litið. Það er reyndar sorglegur sannleiki, að stjórnin hefir hafnað svo mörgu af því, sem hèr hefir verið stúngið upp á, en skyldi það ekki koma mikið til af því, að það hefir ekki verið of vel íhugað. Mèr þykir það undarlegt, að mönnum getur ekki skilizt það, að til þess að koma öllu þessu í lag, þarf efni og tíma, og þenna stutta tíma, sem vèr sitjum hèr á þingi, vinnum vèr ekki fyrir sjálfa oss, heldur fyrir þjóð vora; henni vinnum vèr það, sem vèr vinnum, og því sýnist mèr, að ekkert komi upp á þenna lífróður eða að vilja hleypa fram hjá sèr áríðandi lífsmálum vorum fyrir nokkra dali. Ef menn ætla sèr að halda áfram í þessa stefnu, þá er *þingi* voru lokið hèr,

og þá held eg væri eins gott að slíta því þegar á morgun, og er eg alveg á móti þessari uppástúngu.

Guðmundur Brandsson: Hinn konúngkjörni þíngmaður, er síðast talaði, hefir alveg misskilið uppástúngu mína og er hún þó nýlega lesin upp og kemur það víst af því, að hann hefir haft annað í huga. Hann sagði, að stjórnin hefði hrundið mörgum málum, af því að þeim hefði verið hroðað af, en af hverju öðru hefir málunum verið hroðað af, en því, að þíngið hefir tekið of mörg mál til meðferðar, eg held því ekki, að það gjöri neinn skaða, þó talsverður atkvæðafjöldi sè heimtaður með bænarskrám, er koma seint til þíngsins, en þar þíngmaðurinn er genginn burt af fundi, vil eg ekki vera að berjast við dauðan mann, en óska að heyra meiníngu fleiri þíngmanna.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera meðmæltur þessari uppástúngu, því hún miðar vissulega til að halda uppi góðri reglu á þínginu. Menn hafa verið að undanförnu að tína fram bænarskrár allt undir þínglausnir, og þíngið hefir tekið við öllu og viljað komast yfir allt, og orðið því að flaustra mörgu af vegna annríkis; á þessu vill uppástúngan ráða bót, og það er öll þörf á því. Það er reynslan búin að sanna. Að öðru leyti skal eg geta þess, að þíngmenn koma með flestar, ef ekki allar bænarskrárnar með sèr heiman að, og þeir geta því komið nógu tímanlega fram með þær. Hinum er heldur ekki nein vorkun, að koma í tækan tíma; þeir hafa haft nógan umhugsunartíma millum þínga til að hugsa um og búa til bænarskrár sínar, og geta því kennt sjálfum sèr, ef bænarskrár þeirra ekki komast að af þeirri ástæðu, að þeir koma of seint með þær.

Jón Pètursson: Eg skyldi mæla með þessari uppástúngu, ef hún væri ekki gagnstæð alþíngistilskipuninni; þar segir, að atkvæðafjöldi skuli ráða, hvort nefnd skuli setja eður ei í þau mál, er til þíngsins koma frá landsmönnum. Ef nú þíngið skyldi gjöra sèr það að reglu, að ekki skyldi setja nefnd í bænarskrár og uppástúngur, er koma eptir að þíng er hálfnað, nema með því sè $^3/_4$ þíngmanna, og það skyldi nú, eptir að þíngtíminn væri hálfnaður, vilja svo til, að bænarskrár kæmi inn á þíngið, sem atkvæðafjöldi væri með að teknar væri til nefndar, þó hann væri eigi svona stór, þá á eptir þessari uppástúngu ekki að setja nefnd í þær, og útiloka þær frá þínginu; en það er rángt eptir alþíngistilskipuninni, því hvenær sem bænarskrár koma inn á þingið, og þó eigi sè nema einu atkvæði fleira fyrir því, að setja nefnd í þær, þá á eptir henni

að setja nefnd í þær; þessi uppástúnga kemur því alveg í bága við tilskipunina. Það væri allt öðru máli að gegna, ef uppástúnga þessi væri borin upp eins og beiðni um, að þingið vildi biðja breytíngar á alþingistilskipuninni. Eg verð því að vera á móti uppástúngunni, eins og hún er borin hèr upp.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður, er nú settist niður, er búinn að taka flest það fram, er eg vildi hafa sagt; hefir hann sýnt, að uppástúnga þessi gengur hreint í berhögg við alþingistilskipunina; mèr finnst hún líka fela í sèr ískyggilega tilraun til þess að þröngva bænarrètti landsmanna, sem vissulega er ekki of rúmur, þó ekki sè þrengt að honum. Mèr sýnist líka lítið vinnast við þessa uppástúngu og lítill tími sparast við það, þó þingið fallist á hana. Á þessu þíngi hefir verið komið fram með 3 eða 4 uppástúngur, er hafa allar meir eða minna miðað að því, að þrengja að þínginu eða verkahríng þess, verð eg að vera alveg mótfallinn þeirri aðferð, og þykir mèr hún yfir höfuð að tala nokkuð ískyggileg, því mönnum hefir fundizt híngað til, að þingið hefði ekki of frjálsar hendur, þó ekki sè meira þrengt að því. Vil eg því helzt, að þessi uppástúnga sè felld, og fari í sömu líkkistuna eins og hinar.

Guðmundur Brandsson: Eg veit ekki, hvort hinn 4. konúngkjörni þíngmaður hefir misskilið eða rangfært tilskipunina, því þó sagt sè í henni, að atkvæðafjöldi skuli ráða, hvort mál skuli ganga til nefndar, þá er þar hvergi nein ákvörðun um það, hversu lengi þingið skuli taka við málum, það er þess vegna á valdi þíngmanna sjálfra, hvernig þeir haga þessu. Þíngtíminn er líka lögboðinn, og það hefir því ætíð verið gjört á móti tilskipuninni, þegar þíngið hefir verið lengt, og þó að þíngmanninum úr Suður-Þíngeyjarsýslu sýndist, að lítið mundi sparast við það, þó uppástúnga mín fengi framgang, þá getur hún þó orðið til þess að spara 2,000 rd., eða jafnvel mikið meira, ef menn vegna hennar gæti sloppið við að lengja þíngtímann, og þetta get eg sýnt þíngmönnum svart á hvítu með því að líta yfir kostnað undanfarinna þínga, en þingið ræður því sjálft, hvort það vill ónýta uppástúnguna eða ekki.

Stefán Jónsson: Þó mèr sýnist uppástúnga þessi af góðum toga spunnin, þá held eg samt, að ekki vinnist svo mikið með henni, sem til er ætlazt. Menn gæti, ef til vill, með henni hindrað þá óreglu, að mál komi mjög seint inn á þíng, en þessi óregla er mjög sjaldgæf, því vanalega hafa þíngmenn úr fjarlægu sýslun-

um bænarskrárnar með sèr, og afhenda *forseta* þær, þegar búið er að velja hann, þeim er engi hagur í að halda þeim hjá sèr, og hafi það borið við, að bænarskrár hafi komið seint, þá hefir það verið hèr úr nærsveituuum eða uppástúngur einstakra þíngmanna, sem hefði átt að geta komið þeim fyrri; það eina, sem því áynnist með þessari uppástúngu, yrði það, að bænarskrárnar kæmi fyrr inn á þíngið, en þeim fækkaði ekki; mèr sýnist því betra, að menn gæfi landsmönnum bendíngu um, að senda ekki mál til þings, nema brýn nauðsyn sè á, að við þeim sè tekið. Þó að þíngtiminn hafi verið lengdur, þá sýnist mèr það ekki ásökunarvert, nema ef lítilsvarðandi málefni hefði verið meðhöndluð á þínginu, og verð eg að álíta, að betra sè langt þíng, ef mikið er áunnið mönnum í hag, en mörg stutt þíng, ef þar að eins er unnið að lítilfjörlegum málum, og það getur jafnvel verið ávinningur við að lengja þíngtímann, því að við það sparast ferðakostnaður þíngmanna, sem ekki nemur litlu. Það væri í því tilliti betri löng þíng og fá, en mörg og stutt. Verð eg því að vera á móti þessari uppástúngu, því eg get ekki sèð, að hún muni bera þá góðu ávexti, sem til er ætlazt.

Arnljótur Ólafsson: Engi efast um, að uppástúnga þessi er undan góðum rifjum runnin, en hitt má heldur efa, hvort hún er á góðum rökum byggð. Eg vil biðja uppástúngumanninn að lesa 63. greinina í alþíngistilskipuninni, og bera hana saman við 62. greinina; þar stendur, að ef fleiri atkvæði sè á móti nefnd, sè málið fallið frá umræðu á þíngi; þar af flýtur, að ef fleiri atkvæði eru með nefnd, -skal kjósa nefnd í málið. Uppástúngan fer því fram á að þröngva bænarskrárrètti landsmanna og þíngsins; þetta er sá eini rèttur, bænarrètturinn, sem alþíngi vort hefir, og hann skyldum vèr vilja skerða í sömu andránni og vèr erum að biðja um stjórnarbót? Þegar eg kom fram með mína uppástúngu um breytíngu á þíngsköpunum, sagði þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu, að hann væri á móti henni, af því að stjórnarbótarmálið væri ekki um garð gengið, en ef þetta er ekki í bága við stjórnarbótarmálið, þá veit eg ekki, hvað er í bága við það. Uppástúngumaður heldur, að uppástúnga sín muni gjöra það að verkum, að þíngsetutíminn styttist; en eg held, að 4 eða jafnvel 6 vikur annaðhvort ár sè ekki of langur tími til að ræða þau lög, sem eiga og þurfa að setjast hèr á landi. Eg held það veiti ekki af 3 vikum árlega til þess að bæta lögin, eða eru þau svo góð, að minni tími sè nógur? Eg held ekki. Þegar þjóðin biður um, að

að áríðandi mál sè rædd hèr á þingi, þá veit eg, að landsmenn vilja heldur borga dálítið meira, og fá málin afgreidd, heldur en að þeim sè vísað frá þinginu. Ekki er heldur heimfýsi þingmanna til búa sinna og kann ske kvenna svo happasæl, því hætt er við, að þá fari líkt, eins og þegar menn ætla að bjarga heyi undan rigníngu; allt er rifið saman í mesta flaustri, svo meir en helmíngurinn fer til ónýtis. Þvílík aðferð kemur oss nú ekki að gagni, og í raun rèttri aldrei. Það er gjört ráð fyrir í uppástúngunni, að tilhögun þessi eigi að gjörast landsmönnum kunnug nógu tímanlega, en það sjá allir, að það getur ekki orðið á þessu þingi. Í uppástúngunni er framvegis einúngis lagt hapt á bænarskrár; hvað leiðir af þessu? Ef kjósendur mínir senda mèr eptir miðjan þíngtímann bænarskrá til þíngsins, hvað gjöri eg þá? Eg gjöri bænarskrána að minni uppástúngu, og svo kemst hún inn á þíngið. Að hepta þannig bænarskrár-rèttinn, en ekki uppástúngurèttinn, er eg hræddur um að sè mjög ískyggilegt, og muni verða næsta óvinsælt. Þar sem uppástúngan fer fram á, að $^3/_4$ þíngmanna skuli vera með bænarskránni, ef hún á að geta komizt inn á þing, þá veit eg ekki hvort meiníngin er, að það skuli vera $^3/_4$ allra þíngmanna, eða $^3/_4$ þeirra þíngmanna, er á fundi eru í það og það skiptið. Í 61. grein alþíngistilskipunarinnar segir, að engu máli skuli ráða til lykta, nema $^3/_4$ allra þíngmanna sè á fundi; ef nú meiníng uppástúngunnar væri, að með bænarskránum þurfi að vera $^3/_4$ allra þíngmanna, til þess að þær komist inn á þíng, þá, ef að eins $^3/_4$ þeirra væri á fundi, þyrfti þeir allir að gefa atkvæði sitt með bænarskránum. Eg vil því ráða uppástúngumanni til, að taka uppástúnguna aptur, að minnsta kosti í þetta skipti.

Guðmundur Brandsson: Þíngmaður Borgfirðínga hefir ekki skilið uppástúngu mína rètt, og allir, sem talað hafa núna, hafa rangfært hana nema þíngmaður Eyfirðínga og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*. Tilgángur hennar er ekki að þröngva bænarrètti landsmanna, heldur miðar hún einúngis að því, að málin komist inn á þíngið sem fyrst, svo að þíngmenn geti nógu snemma sèð yfir verkefni sitt allt í einu lagi, hinu mótmæli eg hreint. Áður hafa verið tekin inn á þíngið miður merkileg mál, sem þó hafa lengt þíngtímann og hefir það verið verra, en að þíngið hefði ekkert gjört. Þar sem í uppástúngu minni er talað um $^3/_4$ þíngmanna, þá er óþarfi fyrir þíngmann Borgfirðínga að snúa út úr því, því að það er auðvitað, að meiníngin er: $^3/_4$ þeirra þíngmanna, er sitja á lög-

skipuðum fundi; þyki þinginu þetta of þröngt, getur það breytt uppástúngunni, ef því svo sýnist, og gjört hana rýmri, sama er að segja um snúníng hans með orðið »bænarskrá« og »uppástúnga«, að það getur verið eitt og hið sama. Þar sem hann talaði um heimfýsi þingmanna til kvenna sinna, þá kann það vel að vera, að þeir hafi verið heimfúsir af þeim ástæðum, sem eg hèr er búinn að taka fram, en eg veit líka, að þingmennina í Reykjavík suma og eins þá, sem hafa komið til þings frá Danmörku, hefir gilt einu, þó þingtíminn lengdist, enda hafa sumir þeirra haft margt að gjöra hèr í Reykjavík um þenna tima. Að endíngu tók eg það fram áðan, að uppástúnga þessi þyrfti ekki að gilda fyrir þetta þíng fremur en mönnum sýndist, og legg eg hana svo undir dóm alþíngis og þjóðarinnar.

Indriði Gíslason: *Konúngsfulltrúi* vorkenndi ekki áðan landsmönnum að vera búnir að hugsa sig um það í $1\frac{1}{2}$ ár, hvaða bænarskrár þeir ætlaði að senda til þings, en þá get eg heldur ekki vorkennt stjórninni að koma nógu snemma með frumvörp sín, og hefir þó verið beðið eptir frumvörpum stjórnarinnar.

Guðmundur Brandsson: Eg skal bæta því við það, sem eg sagði áðan, að eg get ekki eptir alþíngistilskipuninni fundið neinn sèrlegan mun á uppástúngu og bænarskrá, enda var það meiníng mín, að uppástúnga þessi skyldi ná jafnt yfir hvorttveggja, þó það sè ekki í henni með berum orðum tekið fram.

Arnljótur Ólafsson: Það er þó sitt hvað uppástúnga og bænarskrá, þíngmenn eru einúngis flutníngsmenn að bænarskrám, sem aðrir menn hafa búið til, en uppástúngurnar eru þeirra eigið verk. Eg verð að taka það fram, að það er engi misskilníngur, að bænarskrárrèttinum sè þröngvað með þessari uppástúngu.

Jón Pètursson: Eg skal leyfa mèr að skjóta því til *forseta,* hvort það sè ekki á móti 63. gr. alþíngistilskipunarinnar, að bera uppástúngu þessa undir atkvæði.

Forseti: Það kann að sýnast svo í fljótu bragði, sem uppástúngan fari fram á beinlínis breytíngu á 63. greininni, en þetta virðist mèr þó ekki svo í raun og veru; þar er sagt, að atkvæðafjöldi skuli ráða, en þar er ekki til tekið, hversu stór hann skuli vera, og sýnist það því ekki á móti löggjöfinni, að þíngið ákveði nákvæmari þíngskapareglu um það, hvaða atkvæðafjöldi skuli ráða með ákveðnum skilyrðum. Þess vegna get eg að mínu leyti ekki verið því móthverfur, að uppástúngan komi til atkvæða, því

fremur sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* ekki hefir álitið það ólöglegt; — en hvort það muni ráðlegt, að þingið aðhyllist þessa breytíngu, þar um skal eg ekkert segja.

Konúngsfulltrúi: Uppástúngan, sem hèr ræðir um, snertir í raun rèttri einúngis þingsköpin, og yfir þeim virðist mèr þingið geti ráðið.

Það er engan veginn meiníng uppástúngunnar að þröngva bænarrètti alþingis, heldur sú, að binda hann við betri reglu en hingað til, og það er þó auðsætt, að það á ekki við að koma fyrst undir þinglausnir fram með bænarskrár til þingsins, og að veita þeim aðgöngu. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu sagði, að stjórnin kæmi ekki með frumvörp sín, fyrr en komið væri lángt inn í þíng, er ekki rètt hermt. Það vildi að sönnu einu sinni til, en að því gat stjórnin ekki gjört, og það er ekki rètt gjört að vitna í þetta einstaka tilfelli. Stjórnin lætur, eins og kunnugt er, leggja frumvörp sín fram í byrjun þingsins.

Benedikt Sveinsson: Þessi uppástúnga virðist mèr, eins og hún er löguð, vera beinlínis móti alþingistilskipuninni, 63. gr. Hún fer fram á breytíngu á þingsköpunum, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, og þeim getur þingið ekki breytt með samþykkt, að mínu áliti, eins og eg hefi áður sagt. Hugsaði maður sèr, að þingið nú tæki þá ákvörðun, að engi bænarskrá væri svo löguð, að hún eptir miðjan þingtíma gæti tekizt til greina nema eptir uppástúngunni, þá breytti menn þó á móti lögunum, því þar er svo ráð fyrir gjört, að bænarskráin sè komin fram fyrir þingið, enda felldi það annars dóm um hana í blindni. Mèr finnst að öðru leyti þessi uppástúnga óþarfi, þó tilgangur hennar sè góður; þingið getur, þegar þar að kemur, alltènd hrundið hverri bænarskrá frá nefnd, af því hún komi um seinan.

Arnljótur Ólafsson: Uppástúngan lýtur að meiru en breytíngu á þingsköpum, því hún breytir einnig 59. gr. alþingistilskipunarinnar. Það er bein skylda þingmanna, eptir þessari grein, að koma bænarskrám þeim, sem kjósendur þeirra senda þeim, inn á þingið; en þessi uppástúnga er tilraun til þess að gjöra veg bænarskránna inn á þingið örðugari og þrengri.

Jón Hjaltalín: Eg var kallaður áðan til sjúks manns, svo að eg gat ekki úttalað mig, og vil eg nú bæta því við, að eg held, að þegar konúngur vor gaf oss alþingi, þá hafi hann gjört það í því skyni, að það yrði oss að gagni; nú er það víst, að allt af

hefir þingtíminn verið lengdur, og það sýnir, að þessi eini mánuður hefir allt af verið ónógur; eg held því, að það væri ef til vill, rèttara, að alþingi bæði um, að þessi tími yrði tvöfaldaður. Það er nú orðinn fastur formáli nærri því við hverja ræðu hèr á þinginu: »eg ætla nú ekki að lengja þingræðurnar í þetta skipti«; eg held að eg verði nú að taka upp þann sið, að segja á undan hverri ræðu rètt hið gagnstæða, því eg ætla mèr að tala, meðan eg hefi nokkuð að segja málunum til upplýsingar. Eg veit ekki, hvað það á að þýða, að vera að flýta sèr í þessum ósköpum, og eg fyrir mitt leyti ætla að varast að styðja að því, að þessi stutti tími, sem er ónógur, verði styttur meir, en venja hefir verið hingað til.

Forseti: Þar eð nokkrir þingmenn hafa beðizt þess, að umræðunum nú sè hætt, skal eg bera það undir atkvæði þingsins.

Var það síðan samþykkt með atkvæðafjöida, að þessari inngangsumræðu skyldi lokið.

Forseti: Þar eð ýmsir þingmenn hafa hreift vafa um það, hvort þingið sè bært um að taka ályktan um þessa uppástúngu, án þess að hún komi til nefndar, skal eg skjóta því undir atkvæði þingsins.

Síðan ályktaði þingið með 14 atkv. móti 2, að það ekki væri bært um að gjöra ályktan um þessa uppástúngu, án þess að nefnd væri sett.

Því næst gat *forseti* þess, að eptirfylgjandi bænarskrár, sem til hans væri komnar, mundu verða lagðar fram á lestrarsalinn:

2 úr Múlasýslum, um jarðamatið.

1 úr Múlaþingi, um breytíngu á verzlunarlögunum.

1 úr sömu sýslu, um breytíngu á hjúskaparlögunum.

1 úr Rangárvallasýslu, um að aftaka fiskitíund af landskipum þaðan, er róa í Vestmannaeyjum.

1 frá Þórnesfundi, um breytíngu á hýðingarhegníngunni.

1 frá Vestmannaeyjum, um festugjald til konúngsjarða, og uppástúnga þingmanns Reykvíkínga, um að stofna landsjóð.

Þar næst gat *forseti* þess, að fundur yrði ekki haldinn næsta dag, þar eð margir þingmanna yrði að vera á synodus, er þá yrði haldin, og eptir að hafa getið þess, hvaða mál mundu verða á dagskrá til næsta fundar, ákvað hann fund til hins 11. júlí kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Áttundi fundur — 11. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Þar næst gat *forseti* þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefndinni um *hin útkomnu dönsku lagaboð* væri valinn formaður hinn 4. konúngkjörni þíngmaðnr og skrifari, þíngmaður Snæfellínga, í nefndiuni um *fiskiveiðar útlendra*, formaður: þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu, og skrifari: þíngmaður Skagfirðínga; í nefndinni um *spítalahlutina á Vestmannaeyjnm*, formaður: þíngmaður Rangvellínga, og skrifari: þíngmaðurinn úr Vestmannaeyjum, og í nefndinni um *stofnun lagaskóla*, þíngmaður Reykvíkínga formaður, og hinn konúngkjörni varaþíngmaður skrifari.

Forseti: Þó að bænarskráin frá Borgarfjarðarsýslu um fjárkláðann standi fyrst á dagskránni, vil eg fara fram hjá henni um sinn, vegna þess að flutníngsmaður hennar er enn ekki kominn á fund eða til sætis síns, því þó eg gjöri ráð fyrir, að hann láti sèr lynda, að henni sè vísað til nefndarinnar, sem þegar er sett í fjárkláðamálinu, vil eg ekki, ef þíngmenn ekki hafa á móti því, afskera hann rètti sínum, til þess að tala nokkur orð, ef honum svo sýnist, með bænarskránni.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr sýnist það svo sjálfsagt, að bænarskrá þessari verði vísað til fjárkláðanefndarinnar, að mèr sýnist það alveg óþarft að bíða eptir flutníngsmanni.

Forseti: Eg vil samt ekki afskera þíngmanninn rètti hans til þess að taka til máls, og ætla því að hlaupa yfir bænarskrána, og taka þá fyrst til inngangsumræðu uppástúngu þíngmanns Húnvetníinga um *að alþíngistollsgjaldinu verði framvegis jafnað niður á jarðahundruðin eptir hinni nýjú jarðabók.*

Var uppástúngan þá afhent uppástúngumanni, og las hann hana upp þannig hljóðandi:

»Í opnu brèfi 18. júlí 1848 er ákveðið, að $^3/_4$ af kostnaði þeim, er leiðir af alþíngi, skuli, þangað til öðruvísi verði ákveðið, jafnað niður á jarðirnar, eptir afgjöldum þeirra.

Þessi ákvörðun var tekin eptir tillögum alþíngis, vegna þess að jarðahundruðin voru þá svo misjöfn að gæðum, að ógjörlegt var að miða við þau nokkra nýja skatta eða álögur. Samt sem áður fundu menn þegar fyrirfram, að þessi aðferð var mörgum annmörkum og erfiðleikum bundin, og hefir þetta enn bet-

úr leiðzt í ljós á undanförnum árum, síðan farið var að greiða alþingistollinn eptir þessari ákvörðun. Eg ætla mèr nú ekki að þessu sinni að fara að telja upp alla þá ókosti og erfiðleika, sem gjaldheimta þessi, svona löguð, hefir í för með sèr, heldur einasta að minnast á, að afgjald jarðanna er í raun og veru engi fastur gjaldstofn, því afgjöldin breytast árlega, og þar af flýtur, að stiptamtið getur aldrei vitað með vissu, hvað marga skildínga leggja þarf á hvern ríkisdal jarðaafgjaldanna, til að ná inn einhverri ákveðinni dalatölu, því síður að nokkur annar geti vitað, hvað mikið inn muni heimtast, þó þeir viti, hvað margir skildíngar lagðir eru á hvern ríkisdal afgjaldanna; og af þessari óvissu flýtur, að þjóðin getur ekki haft nokkra ljósa hugmynd um, hvert sá alþingistollur, sem af henni er krafinn, samsvarar því, sem þarfirnar útheimta, og getur þetta auðveldlega leitt til þess, að hún skapi sèr sjálf, hvað mikið hún geldur í þessu augnamiði, eins og því miður sumir munu hafa gjört á næstliðnu vori.

Þar sem hin nýja jarðabók nú hefir öðlazt lagagildi, virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að þeir $^3/_4$ alþíngistollsins, sem greiðast eiga af fasteigninni, verði hèr eptir lagðir á jarðahundruðin, en ekki á jarðaafgjöldin. Þessi tilbreytíng hefði þann ómetanlega kost í för með sèr, að þá gæti hver bóndi, sem nokkuð kann í reikníngi, sjálfur vitað, hvað mikið inn mundi heimtast í alþíngistoll af öllu landinu, þegar hann einasta vissi, hvað margir skildíngar lagðir væri á hvert jarðahundrað, og hvað mörg jarðahundruð væri undanþegin alþíngistollsgjaldi.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfi eg mèr að stínga upp á því, að hið heiðraða alþíngi sendi vorum allramildasta konúngi bæn sína um, að hann með nýju lagaboði skipi svo fyrir, að þeir $^3/_4$ alþíngistollsins, sem borgast eiga af fasteigninni, verði hèr eptir lagðir á jarðahundruðin, eptir hinni nýju jarðabók.

Reykjavík, 6. júlí 1861.

Ólafur Jónsson“.

Ólafur Jónsson: Eg ætla nú ekki að mæla margt fyrir þessari uppástúngu. Það var einkum tvennt, sem vakti fyrir mèr, þegar eg bjó hana til; annað það, að fyrirbyggja framvegis þá óvissu, sem þjóðin er í áhrærandi alþíngistollsreikníngana, því fái uppástúngan framgang, þá getur hver sem vill allajafna vitað, hvað reikníngunum líður, hitt var það, að margir hafa kvartað yfir því, að jarðamatið væri misjafnt; en hvernig sem það nú er, þá er

það samt orðið löggilt, og finnst mèr því rètt að reyna það nú með lítilli álögu fyrst, því það er auðvitað, að ef það ekki þolir þessa litlu álögu, nefnilega alþingistollinn, þá þolir það ekki stærri álögu; það kann nú sumum að virðast, að það ætti að vísa uppástúngunni til nefndar þeirrar, sem sett er í alþingistollsreikningamálið, en eg held samt, að það sè ekki rètt, því þetta er alveg ný uppástúnga, sem ekki hefir komið fram fyrri, og vildi eg því óska, að sèrstök nefnd verði kosin, og sting eg upp á þriggja manna nefnd.

Forseti: þó að eg hafi á dagskránni bent til þess, að uppástúngunni eigi að vísa til nefndar, þá er þar með alls ekki tekið fram fyrir hendurnar á þinginu, heldur er alveg á þess valdi, eins fyrir því, að setja sèrstaka nefnd í þetta mál, ef þinginu svo sýnist, og virðist mèr reyndar eptir nákvæmari íhugun, að það muni verða eins affaragott.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Mèr virðist, að ef þessi uppástúnga er tekin, þá mun eiga betur við, að í því sè sett sèrstök nefnd, því uppástúnga þessi er annars eðlis en alþingiskostnaðarmálið, sem áður er komið til nefndar. Hèr er beðið um nýja breytíngu á gjaldmátanum, svo að alþingistollurinn, sem hefir legið á afgjöldum jarðanna, verði hèr eptir lagður á jarðahundruðin eptir nýju jarðabókinni. Þetta gjörir víst reikníginn einfaldara og ljósara, svo jarðeigendur geta sjálfir sèð, hvort stiptamtmaður leggur rèttilega á þá tollinn eður ekki, ef þeir vita upphæðina, sem á að jafna niður, og hundraðafjöldann, sem alþingistollurinn hvílir á, en það munu nú ekki allir vita, hvað mörg jarðarhundruð hèr í landi eru undanþegin alþingisgjaldinu, þó jarðabókin sýni hundraðatöluna yfir höfuð; mèr þækti því ekki ótilhlýðilegt, að jafnframt þessari uppástúngu væri fram færð sú ósk, að alþingistollurinn yrði jafnt lagður á allar jarðir, sem jarðabókin hljóðar yfir; því mèr þykir ekki sumum jarðeignum vandara um en hinum. Eg held líka það væri fleira, sem þyrfti að laga eður tala um, þá farið væri að meðhöndla mál þetta; menn vita, að gjald þetta er með skýlausum lögum lagt á jarðeigendur, og það hafa engar kvartanir komið undan þessum lögum; þó er hèr farin að smeygja sèr inn sú óregla, að jarðeigendur eru farnir að velta þessari álögu niður á leiguliðana, svo alþingisgjaldkrafan, svo rètt og lètt sem hún er nú farin að gjörast, skellur á fátækri alþýðu og öreiga leiguliðum, þvert á móti lögunum, og að þessu kveður svo ramt, að sjálfir

landsdómararnir, já, yfirdómararnir eru farnir að setja álögu þessa á landseta sína opinberlega í byggíngarbréfum, og það á þeim jörðum, sem þeir hafa ánægjanlega sett upp skuldirnar, svo að virðast má, að jörðin sé undir byggð með fyllstu skuldum. Þetta eru þó þeir menn, sem fyrir full laun eru í þeirri stöðu, að segja, hvað lög eru í landi, og sjá um, að lögunum sé fylgt.

Forseti: Eg verð að biðja þíngmenn að halda sér til hins almenna, en fara ekki út í hið sérstaklega, sem ekki liggur nú fyrir, því það gjörir ekki annað en glundroða og tímatöf; ef nefnin eða þíngmenn vilja gjöra einhverja sérstaka uppástúngu í þessa átt, þá getur það komið og á að koma til umræðu síðar, en spursmálið er hér ekki um annað en það, hvort skuli setja sérstaka nefnd í þetta mál, eða vísa því til nefndarinnar, sem sett er í alþíngiskostnaðarmálinu eða fella þegar uppástúnguna frá meðferð og umræðum á þíngi.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg hefi leitt þessar athugasemdir í ljós í því skyni, að þíngmenn sannfærist um, að mál þetta verði nóg verkefni út af fyrir sig, og í því þurfi sérstaka nefnd, og mæli eg því með því.

Jón Pétursson: Það hryggir mig, að þíngmaður Mýramanna er svo fáfróður í lögum, að hann álítur það undanþegið frjálsum samníngum milli landsdrottins og leiguliða, að leiguliði falli frá endurgjaldi frá landsdrottni fyrir alþíngistollinn, þar sem þó ekkert er tíðara, en að leiguliði í byggíngarbréfum fellur frá endurgjaldi af landsdrottni fyrir jarðartíundina, sem hann þó eptir lögunum á heimtíng á að fá endurgoldna af landsdrottni, hafi hann ekki frá fallið því. En þegar engi samníngur um þetta er millum þeirra, er það sjálfsagt, að landsdrottinn endurgeldur leiguliða alþíngistollinn rétt eins og jarðartíundina.

Björn Pétursson: Þó eg játi, að uppástúnga þessi hafi nokkurn kost, hvað vissuna snertir um upphæð alþíngistollsins, og að stiptamtmanni þannig er gjört hægra fyrir, þá efast eg samt um, að hver bóndi fari að reikna út alþíngistollinn, og eins, að þeir sé færir um að draga frá öll þau hundruð, sem eru undanþegin alþíngistollsgjaldinu, svo eg held þeir sé litlu nær, þó mæli eg einkum móti þessari uppástúngu vegna þess, að jarðamatið nýja er að minni og margra meiníngu skakkt frá rótum, og þykir mér nóg að byggja á svo skökkum og misjöfnum grundvelli það gjald, sem ekki verður komizt hjá, nfl. jarðatíundina, þó ekki byggist á því

nýjar álögur; en ef alþingistollurinn er látinn hvíla á jarðaafgjöldunum, eins og hingað til, þá hvílir hann á gjaldstofni, sem er til, en sè hann lagður á jarðahundruðin, er hann lagður á ímyndaðan gjaldstofn; þess vegna mæli eg fastlega móti nefnd í þessu máli, og vil helzt fella það nú þegar, en annars vísa því til þeirrar nefndar, sem þegar er sett í alþingistollsmálinu.

Stefán Eiríksson: Eg get nú ekki verið samþykkur þeim heiðruðu þingmönnum, sem talað hafa móti uppástúngu þingmanns Húnvetninga. Það sjá þó allir, að hið nýja jarðamat er réttari undirstaða og óbrotnari aðferð til greiðslu alþingistollsins en sú, sem nú er, með því líka að afgjaldaskýrslurnar eru því miður víða um land svo illa af hendi leystar, að þær eru nær því óhafandi til undirstöðu fyrir greiðslu alþingistollsins, það er, eins og þingmenn vita, löggjöfinni af 1848 gjört að skyldu, í 1. máta, að meta ákveðna landaura eptir upprunaverði í verðlagsskránni; í 2. máta, þar sem nefndir eru ákveðnir landaurar, þá á að meta eptir meðalverði á ullu, smjöri og tólg; í þriðja lagi, þar sem nefnt er að eins landaurar, þá á að meta það eptir meðalverði allra meðalverða. Þessari margskiptíngu í afgjaldaskránum hefir engan veginn verið fylgt, því sumir hreppar reikna má ske öll afgjöld eptir meðalverði allra meðalverða, og eptir því sem mèr er kunnugt, er því miður mjög mikið hroðaverk á skrám þessum, og af því reglan til skýrslna alþingistollsins verður bæði greiðari fyrir hreppstjórana, og einhleypari fyrir hvern einstakan gjaldanda, þá mæli eg með nefnd í málinu.

Björn Pètursson: það getur vel verið, að það sè siður í Austur-Skaptafellssýslu, að semja ekki alþingistollsskýrslurnar eptir reglum þeim, sem þar um eru fyrirskipaðar, en það er ósiður, sem ekki á sèr stað í Múlasýslum, og eg held, hvergi annarstaðar.

Ólafur Jónsson: Mèr þykir það mikið, að þingmaðurinn úr Suður-Múlasýslu skuli vera svo kunnugur um allt landið, að hann veit, að þar er alstaðar farið eptir þeim fyrirskipuðu reglum, þegar alþingistollsskýrslurnar eru búnar til, og þó hann segi marga galla á jarðamatinu, þá verð eg að segja það, að eg held fullt svo mikla galla á afgjaldsskýrslunum; og þoli ekki jarðamatið þessa litlu álögu, þá þolir það ekki, að eptir því sè á lagðar stærri álögur, og þess vegna vil eg einmitt, að menn prófi það með alþingistollinum.

Páll Sigurðsson: Eg held rèttast, að því sè frestað, að jafna alþingistollinum niður á jarðahundruðin, vegna þeirra galla, sem

eru á jarðamatinu nýja, eins og bæði eg og aðrir hafa sýnt hèr fyrri á þingum, og enn eru þeir ólagfærðir, og sýnist mèr því varlegra, að leggja ekki á þjóðina önnur gjöld eptir því en þau, sem nú má sjá að er lögskipað, sem er tíundin, því þjóðin mun vissulega finna til þess halla, sem henni er gjörr með því, en finnist henni tíundargjaldið verða rèttlátt eptir því, þá er alltènd hægt að bæta við; verð eg því að vera samdóma þingmanninum úr Suður-Múlasýslu í þessu máli, og vil helzt, að uppástúngan sè þegar felld. Það er reyndar satt, að það er hægra fyrir stiptamtmann að jafna niður gjaldinu á jarðahundruðin, en eg get ekki vorkennt honum, að jafna því niður eptir afgjaldaskýrslunum, og ekki get eg heldur vorkennt hreppstjórum að búa til skýrslurnar eptir þeim ljósu reglum, sem um það eru gefnar. Að stiptamtið jafni gjaldinu niður, áður en allar skýrslur eru komnar, um það hlýt eg að efast, og vil eg láta vera við það, sem verið hefir, og taka alþingistollinn af jarðaafgjöldunum með öllum þeim göllum, sem á því kunna að vera, því jarðamatið er enn ekki orðið þjóðinni svo kunnugt, og enn síður svo kært orðið fyrir rèttlæti, að það sè nú þegar þörf að gjöra þessa breytíngu frá því sem nú er með gjaldstofn alþingistollsins.

Ólafur Jónsson: Jarðamatið er ekki þjóðinni ókunnugt, því menn hafa átt kost á að kynna sèr það; það er komið út um allt land í bókmenntafèlagsbókunum; meiru ætla eg ekki að svara, en óska að eins, að þegar sè gengið til atkvæða, svo að umræðurnar ekki lengist.

Páll Sigurðsson: Það getur verið, að jarðamatið sè nú orðið landsmönnum kunnugt, en þeim er líka kunnugt, að jarðamatið hefir fengið misjafna dóma hèr á þínginu og eins í hèruðum, og ekki alla ástæðulausa, og að hèr hafa verið teknir fram margir og stórkostlegir gallar á því, og það sýnir sig, að þjóðin finnur til þeirra; því nú eru til þessa þings komnar bænarskrár um það að lagfæra þessa galla eða fella það sem óhafanda.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg get ekki skilið, eptir hverju stiptamtmaður getur jafnað niður alþíngisgjaldinu á hvern dal afgjaldanna, ef hann er ekki í hvert skipti búinn að fá afgjaldaskrárnar, hreppstjórarnir eiga að senda þær fyrir hver árslok, og þeir semja þær samkvæmt hvers árs þá gildandi verðlagsskrá, en ekki eptir þeim verðlagsskrám, sem koma í gildi vorið eptir, svo eg skildi ekki það, sem hinn heiðarlegi uppástúngumaður sagði áðan, að amtmaður þyrfti að bíða eptir verðlagsskránum að vestan

og norðan. En eg vil samt ekki mæla á móti uppástúngunni; því hún hefir þann kost, að reikníngarnir verða ljósari fyrir alþýðu, því jarðabókina getur alþýða haft í höndum, en afgjaldaskrárnar ekki; alþíngisgjaldið liggur nú á fasteigninni, hvort sem er, og það hefir engi undan því kvartað, og það er ekki með þessari uppástúngu lagt á jarðirnar, og þó það, sem er, sè látið standa í þessu falli, þá er ekki þar með sagt, að hinir aðrir skattar þurfi að vera lagðir á fasteignarhundruðin; en hitt er víst, að ef ófært er að leggja þetta gjald á eptir jarðamatinu nýja, þá er hrein fráskákun, að leggja á nokkurt gjald eptir því; og ætti svoleiðis að koma þegar í veg fyrir það, með því að fella þessa uppástúngu, kynni eg líka að verða því samþykkur.

Konúngsfulltrúi: Þessi uppástúnga hefir reyndar það til síns ágætis, að hún gjörir heimtu alþíngistollsins óbrotnari og greiðari en áður, því ef uppástúngunni yrði framgengt, má eptirleiðis sleppa öllum skýrslum um afgjald af jörðunum, en það er ekki nóg, að reikníngarnir verði hægri; það er aðalatriðið, að afgreiðslan komi sem jafnast niður á hlutaðeigendur, og það kemur hún, ef hún er lögð á afgjald jarðanna, sem ekki hefir ætíð farið nè hèr eptir mun fara eptir hundraðatali jarðanna. Það kann vel að vera, að afgjaldaskýrslurnar ekki sè ætíð nógu áreiðanlegar, en slíkt stendur til umbóta. Eg veit að sönnu, að það er búið að löggilda jarðamatið, en hvað um það, ætla eg að afgjaldaskrárnar verði eins áreiðanlegur mælikvarði eður undirstaða fyrir alþíngiskostnaðinum, eins og jarðabókin. Það er eitt til merkis, bænarskrárnar, sem liggja núna á lestrarsalnum viðvíkjandi jarðabókinni. Eg verð því að vera á þeirra þíngmanna máli, sem vilja fresta málinu að svo komnu.

Guðmundur Brandsson: Eptir þeim litla kunnugleika, sem eg hefi til jarðamatsins, þykir mèr uppástúngu þessari hafa verið tekið mjög eðlilega af þíngmönnum þeim, sem um hana hafa talað. Þingmenn Mýramanna og Húnvetníngа hafa mælt fastast fram með uppástúngunni, og kemur það eðlilega til af því, að jarðamatið mun vera lægst í þeim sýslum; þíngmennirnir úr Múla- og Rangárvallasýslu hafa mælt fastast á móti henni, af því að þeim þykja þær sýslur helzt verða út undan við jarðamatið, svo þar er að óttast fyrir, að alþíngistollurinn hækki fram yfir það, sem áður var, þar sem hann hjá þeim fyrnefndu mundi lækka. Mèr sýnist það nú vera varhugavert fyrir þíngið að senda til konúngs bænarskrá um þetta,

þegar þingmenn hafa svo sundurleitar meiningar um það. Þó nú komi uppástúnga um þetta frá einum þingmanni úr þeirri sýslu, hvar jarðamatið er vel viðunanda, vita þingmenn allt fyrir það ekki, hver vili landsmanna er í þessu efni, og held eg því, að réttast sè, að taka ekki uppástúnguna til greina að þessu sinni. Þó jarðamatið sè orðið mönnum kunnugt af bókmenntafèlagsbókunum, þá er jarðamatið þar ekki eins og það er nú; því þar er það eins og það varð, eptir að amtadeilirinn var við hafður 1857, en seinna var við hafður einn deilir fyrir allt land, og eins og það þá varð, er það nú samþykkt af konúngi, en við þenna eina deili hækkaði það á sumum stöðum, en lækkaði á öðrum. Þegar hreift væri við alþingistollsgjaldinu á annað borð, held eg að betra væri, að það yrði lagt á fleiri gjaldstofna, eins og hèr var hreift á þingi 1859, því að sú breytíng veit eg að vakir í hugsun þjóðarinnar. Nú sprettur það allt í einu upp, að alþingistollsskýrslurnar sè ekki áreiðanlegar, en eg held ekki, að þær sè óáreiðanlegri en tíundarframtalsskýrslurnar, sem öll önnur gjöld eru byggð á.

Páll Melsteð: Eg vil styðja þessa uppástúngu þingmanns Húnvetníngа, því hún miðar til þess, að gjöra gjaldheimtu þessa sem óbrotnasta, og að því vil eg jafnan styðja, að allt hjá okkur verði sem ljósast og óbrotnast. Eg þekki af talsverðri reynslu alþingistollsskýrslurnar, og veit, að á þeim eru mörgum hverjum talsverðir gallar, og held eg, að ef alþingistollsgjaldið yrði nú lagt á jarðarhundruðin eptir hinni nýju jarðabók, þá yrði það nær sannleikanum, en að taka það eptir afgjöldunum eins og hingað til, og er það því merkilegra, að eg skuli segja þetta nú, sem eg var áður (1859) á móti því, að sjálft jarðamatið yrði löggilt með þeim göllum, sem á því eru.

Magnús Andrèsson: Eg ætla mèr ekki að tala um jarðamatið eða álas það, er það hefir fengið; en það vakir fyrir mèr, er eg hefi heyrt marga hyggna menn segja, að eg vil, að alþingistollsgjaldið sè lagt á verulegan gjaldstofn, sem eru jarðarafgjöldin, en ekki jarðahundruðin, sem eru ímyndaður gjaldstofn, því allt af verða ójöfnur á jarðamatinu, hversu vel sem það væri á sinni tíð úr garði gjört, því jarðirnar breytast árlega, sumar batna, aðrar versna. Að alþingistollsskýrslurnar hafi ófullkomlegleika, kann vel að vera; en eg er samt viss um það, að þeir eru minni en á jarðamatinu, og er eg því á móti uppástúngu þessari nú þegar, eptir að það jarðamat, sem menn eru óánægðir með, er lögleitt.

Jón Hjaltalín: Eg vil þó, að menn að minnsta kosti kjósi nefnd í þetta mál, því uppástúngan miðar til þess, að gjöra það auðveldara að jafna niður og heimta alþingistollinn. Menn hafa sagt, að skýrslur þær, sem alþingistollurinn hefir verið byggður á, hafi verið óáreiðanlegar og aldrei komið frá sumum hreppunum, og einmitt því kann nú að vera, að þær ekki sè áreiðanlegri en jarðamatið, en þessar skýrslur eru þess utan ekki alltènd í handraða; það gjöra okkar góðu póstgöngur, en jarðamatið er allt af við höndina, og er því auðsjáanlega miklu hægra að jafna alþingistollinum niður eptir því. Það er nú loksins búið að samþykkja þetta jarðamat, þó meðgöngutími þess væri langur og fæðing þess hörð, og eg verð að segja það, að það er hreint ónýtt, ef það þolir ekki þessa litlu álögu, en áður því er breytt, vil eg fyrst að sè borguð þessi 8000 rd., sem eptir standa, svo menn geti byrjað frá nýju; það er augljóst, að þessi tilhögun er miklu auðveldari og þægilegri bæði fyrir embættismenn þá, sem tollinn eiga að heimta, og fyrir alla, sem hann eiga að gjalda, en sú, sem verið hefir; því þá þurfa menn ekki lengur að rífast um það, hvort tollurinn sè rètt á lagður eða hvort heimtað sè af landsmönnum meira fè, en þörf er á, svo þurfa menn ekki heldur að bíða eptir þessum skýrslum með póstunum, sem aldrei geta komizt um jörðina. Eg vil því, að menn reyni nú með þessu þetta nýja jarðamat.

Forseti: Þó að 3 hafi beðið sèr hljóðs, held eg, að eg verði að leyfa mèr að gefa þinginu nokkrar upplýsingar um þessar alþingistollsskýrslur, af því að mèr er það mál næsta kunnugt frá því eg var í jarðamatsnefndinni 1855—1857, og kunnugra en flestum hèr í salnum, hvernig þær eru. Það hafa ýmsir þingmenn efazt um það, að jarðamatið eður hið nýja hundraðatal væri áreiðanlegra til mælikvarða fyrir niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, heldur en skýrslur þessar, en þeir, sem þetta efa, þekkja má ske gallana á jarðamatinu, en þeir þekkja ekki hina einstöku óreglu, sem komin er á alþingistollsskýrslurnar, og óáreiðanlegleik þeirra í alla staði, og eru þær því miklu verri og viðsjálli mælikvarði fyrir niðurjöfnun þessa gjalds, og alveg óhafandi að mínu áliti. Þegar eg var í jarðamatsnefndinni hèrna um árið, hafði eg færi á að sjá, hvernig þessar skýrslur eru, og kynna mèr þær; því nefndin fekk þær allar hjá stiptamtmanni, er þar voru til, en vilið þèr trúa mèr til þess? Þær voru ekki til heilar og algjörðar fyrir eitt einasta ár, nema fyrir árið 1849, þær vantaði sumpart alveg fyrir heilar sýslur, og það

jafnvel úr heilli sýslu hèr í Suðuramtinu þegar fyrir árið 1857 og jafnvel fleiri ár þar eptir, og sumpart úr mörgum hreppum í sumum sýslunum. Úr mýmörgum hreppum voru skýrslurnar aldeilis formlausar og gagnstæðar því, sem stjórnin lagði fyrir árið 1848, og það ár eptir ár, og fóru í því tiliiti versnandi; úr einni sýslunni voru þær þar að auki fyrir eitt árið skrifaðar allar með sömu hendi, og undir þeim öllum voru nöfnin með sömu hendi og á skýrslunum sjálfum, og voru þær auðsjáanlega allar skrifaðar heima við sýslumannsborðið; hvaða áreiðanlegleika eða tryggíngu hafa menn nú í svona löguðum skýrslum? Reglur löggjafaranna eru hèr alveg brotnar á bak aptur ár eptir ár. Menn kunna að segja, að þessu megi og eigi að kippa i lag, það megi koma af þessari óreglu; — eg vil ekki segja, að það sè alveg óvinnanda, en það mun veita næsta erfitt, því það er æfinlega hægra að koma óreglunni á, heldur en að koma henni af, einkum þegar hún er orðin margra ára og almennt á komin. Og mèr virðist að minnsta kosti næsta hæpið að telja upp á, að hin sömu yfirvöld, sem hafa liðið óreglunni að komast á og festa rætur, kippi henni af aptur og í fullt lag; það kynni má ske að mega takast á 3, 4 árum, ef stiptamtmaður og amtmenn legði sýslumenn á hnè sèr, og sýslumenn aptur hreppstjóra, og legði niður fyrir þeim eins og börnum með hótunum og leiðbeiníngum, hvernig skýrslurnar ætti að vera, en eg efa samt mikillega, að það takist, því það er aldrei auðunnið að koma óreglunni af, þegar hún er einu sinni komin á. En eptir því sem nú er komið, þá eru ekki til heilar skýrslur fyrir heilt ár, nema ef til vill fyrir 1 eða 2 ár. Og þetta eru skýrslurnar, sem menn vilja halda fast við, og sem menn halda áreiðanlegra og betra mælikvarða en jarðamatið, sem allir hafa fyrir sèr með föstum tölum. Það sem þíngmaðurinn úr Gullbringusýslu sagði, að jarðamatið hefði breytzt frá því sem var 1857, þegar amtadeilirinn var viðtekinn, og jarðirnar hèr í Suðuramtinu »hækkað svo feikilega«, fyrir allandsdeilinn, sem var samþykktur 1859, þá er þetta feikilega orðum aukið; allir, sem vilja, geta líka sèð það, að þessi breytíng er engi fjarski; heldur er hún næsta óveruleg, því að hèr í Suðuramtinu hækkaði ekki matið fyrir þessa breytíngu, meir en sem því svaraði, að sú jörð, sem 1857 eða eptir amtadeilinum varð 100 hundruð, hækkaði við þenna eina deili yfir allt land að eins um 5—6 hndr. Hina sömu grundvallarreglu, sem uppástúngan fer fram á, hefir líka stjórnin viljað aðhyllast og koma á. Í ástæðum

frumvarpsins til tilskipunar um að löggilda jarðamatið, sem lagt var fyrir þingið 1857, var því hreift, að réttara mundi vera og affarabetra, að jafna alþingiskostnaðinum niður á hundraðatöluna eptir hinum nýja dýrleika, þegar jarðahókin væri orðin löggilt, og með op. br. 1. apr. þ. á., hvað sem því lagaboði líður að öðru leyti, hefir löggjafinn skipað, að jafna jarðamatskostnaðinum niður á hundraðatöluna eptir hinni nýju jarðabók, og hefir það þannig vakað fyrir stjórninni, að hin nýja hundraðatala væri réttari og fastari mælikvarði fyrir álögum, heldur en jarðaafgjöldin og alþingistollsskýrslurnar, og finnst mèr þessi skoðun stjórnarinnar á beztu rökum byggð.

Páll Sigurðsson: Eg er nú orðinn svo upplýstur af ræðu hins háttvirta *forseta*, að eg er enn harðari á því, en áður, að málinu sè frestað. Það eru gefnar ljósar reglur fyrir því, hvernig skýrslurnar eigi að vera, sem alþingiskostnaðinn á eptir að taka, og hverjum er það þá að kenna, að það er engi heil brú í öllum þessum skýrslum? Hverjum er það öðrum að kenna, en embættismönnunum, er hafa tekið allt sem góða vöru? Hvernig skyldi okkur farast að fara með vorn eiginn fjárhag allan, ef vèr nokkurn tíma fáum ráð á honum, þegar vèr getum ekki farið með þessa litlu reikningsgrein. Það eina, sem næst með uppástúngu þessari, er, að hægra kann að verða að taka alþingistollinn eptir vissum tölum, en eg vil biðja menn að aðgæta það, að bráðum munu heyrast raddir frá landsmönnum út úr alþingistollinum, er vilja, að alþingistollinum sè jafnað niður á allar jarðir í landinu og þá embættislaun öll; en hèr í uppástúngunni er ekkert talað um, hvort honum skuli jafna niður einnig á jarðahundruð hins opinbera, en það vil eg að sè gjört, ef honum á annað borð yrði þannig niðurjafnað; eg álít það því vissara að bíða, þangað til þjóðin gæti hugsað sig um, hvort hún vill hafa þessa breytíngu eða ekki, því eg vil ekki, að menn leggi fleiri gjöld á þenna ójafna gjaldstofn en þau, sem nú er með lögum búið á hann að leggja, sem eru tíundin og jarðamatskostnaðurinn, og álít eg nóg, að byrja með þessu, en eg vil ei taka gjöld, sem eðlilega hvíla á öðrum verulegum gjaldstofni, sem eru afgjöldin, og leggja hann á eptir hinu skakka jarðamati.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Þrátt fyrir ræðu hins háttvirta *forseta* er eg í mesta vafa um það, hvort eg eigi að mæla með þessari uppástúngu eða ekki. Það er að vísu sá kostur við uppástúnguna, að það verður öllum hlutaðeigendum mjög auðvelt, að gjöra alþingiskostnaðarreikníngana eptir henni, en það eru

þá líka allir kostir hennar taldir. Aptur eru margir annmarkar á því, að aðhyllast hana, og er fyrsti og mesti annmarkinn sá, sem nálega á sèr stað um allt land, að jarðamatið er svo ójafnt, að efasamt er, hvort á því verður byggt nokkurt gjald, eins og það nú er lagað. Þar næst er það, sem svo opt hefir verið tekið fram áður hèr á þingi, að það er mikið efunarmál, hvort rèttara sè, að byggja skatta, eður önnur gjöld, á hundraðatali jarðanna, eður á eptirgjaldi þeirra; því allir verða þó að sjá, að hundraðatalið er aldrei annað en hið *ímyndaða* verð jarðanna, en afgjöldin sýna jafnan hið *verulega* verð þeirra; og ætti þingmenn vel að skoða huga sinn um það, hvort ástæða er til, að fara nú þegar að byggja almenn gjöld á svo ójöfnum grundvelli sem hundraðatalið er. Það er bágt, ef það er satt, sem hinn háttvirti *forseti* sagði um óáreiðanlegleika alþingistollsskýrslnanna, því það vita þó allir, að það er til frá 1848 augljóst lagaboð um það, hvernig þessar skýrslur eigi að vera lagaðar; er það því mjög undarlegt, ef þær eru svo slæmar sem látið er; og eg verð að ætla það sè eptirlitsleysi embættismannanna öllu heldur að kenna, en því, að hreppstjórar sè svona aumir og óvandvirkir, sem látið er; í hið minnsta þekki eg engan þann hreppstjóra, sem ekki sè trúanda til að semja fulláreiðanlega jarðaafgjaldaskýrslu; sè eg því enga ástæðu til þessa vegna að leggja toll þenna á hundruðin. Mèr sýnist það því mikið efunarmál, þegar nú þessi lög um alþingistollsgjaldið eru mjög skýr, og engin rödd úr landinu hefir heyrzt, sem beðið hefir um breytingu á þeim, að taka nú uppástungu eins manns og eptir henni breyta gjaldmáta þessum, ætli það sè því ekki betra, að bíða og vita, hvort landsmenn biðja um þessa breytingu sjálfir, því ef þingið skyldi samþykkja uppástúnguna og landsmenn verða óánægðir með það á eptir, þá koma, ef til vill, þegar á eptir bænarskrár til næsta þings um að breyta þessu aptur, og er þá verr farið en heima setið.

Björn Pètursson: Eg hefi sannfærzt mikið af ræðu hins háttvirta *forseta,* eg hefi sannfærzt um það, að sýslumenn og hreppstjórar þurfi áminníngar við í þessu efni, og eg get nú skilið, að það er ekki að furða, þó afgjaldsmat Reykjavíkurnefndarinnar sè hárugt, fyrst það er byggt á *svona löguðum* afgjaldsskýrslum, eins og *forseti* lýsti þeim. Eg vildi svara þingmanni Húnvetninga því, að hreppstjóravöl í Húnavatnssýslu hafa tekizt mjög óhappalega, ef hreppstjórar þar eru ekki færir um að gjöra rèttar afgjaldsskýrslur, þar sem arðamatsmönnum þar þó tókst svo *einkar vel* að meta

jarðirnar. Það sjá þó allir, að það er meira vandaverk. Að öðru leyti er eg honum samdóma í því, að »jarðamatið þoli ekkert, ef það þolir ekki þessa álögu«, en það er nú einmitt ógæfan, að það *þolir ekkert*. Það er ekki hægt að byggja neitt á ímynduðum jarðahundruðum, því í þeim er ekkert fast, ekkert rètt, ekkert satt. Fyrst hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, sem þekkir svo vel af reynslunni, hve örðugt er að leggja á alþíngistollinn eptir skýrslunum, mælir þó með þessari aðferð, þá er líklegt, að þíngmenn taki sèr ekki nærri þá örðugleika, sem á því kunna að vera, því þeir koma ekki á þá. Eg vil því helzt leggja til, að þegar sè gengið til atkvæða um uppástúnguna og hún felld.

Stefán Jónsson: Mèr sýnist sumir þíngmenn gjöra of mikið úr þessu; þetta, sem uppástúngan fer fram á, er ekki, að lagður sè á landsmenn nýr skattur, heldur er það einúngis breytíng á því, hvernig þenna toll skuli greiða; gjaldið kemur niður á sömu mönnum, munurinn er einúngis sá, að nú sè gjaldið tekið af hundruðunum í stað þess, að það hefir áður verið tekið af afgjöldunum, það er með öðrum orðum, að grundvallarreglunni er lítið eitt vikið við. Mèr sýnist uppástúngan hafa svo mikla kosti, að eg get ekki verið henni mótfallinn. Mèr sýnist vera allt öðru máli að gegna, ef talað væri um að leggja nýja skatta á fasteignina, er aldrei hefði á henni hvílt, því þá þyrfti landsmenn að hugsa sig um, áður en það væri af ráðið, t. d. ef menn vildi sleppa lausafjárhundraðatíundinni, og leggja hana yfir á fasteignina, eins og einu sinni var stúngið upp á. Að öðru leyti vil eg ekki gjöra svo mikið úr þeirri óánægju, sem er með jarðamatið; því eg er sannfærður um, að þó nýtt jarðamat yrði gjört á hverju ári í 100 ár, þá mundi þó aldrei allir verða ánægðir.

Benedikt Sveinsson: Mèr finnst menn taka nokkuð öfugt í þetta mál. Uppástúngan fer að eins fram á, að leggja alþíngiskostnaðinn á jarðahundruðin, en ekki afgjald jarðanna. Þetta kemur ekki við kostum og löstum á jarðamatinu. Og vildi Íslendíngar fá því breyttu, mundi það alls eigi því til fyrirstöðu, þó uppástúngan fengi framgang. Væri nýja jarðamatið numið úr lögum, þá mundi önnur hundraðatala koma í staðinn. Eg verð að öðru leyti að vera á því, að hundraðatalan er ólíkum mun eðlilegri gjaldstofn í sjálfu sèr, en afgjald jarðanna. Þó gallar sè á hvorutveggja að því er jöfnuðinn snertir, þá er þó hundraðatalan þeim mun betri, að menn þekkja gallana á þeim, og það tel eg mikinn kost, er

menn ætíð geta vitað, hvað menn eigi að gjalda, en slíkt fæst ekki með afgjaldsskýrslum hreppstjóranna. Eg held líka, að það fyrirkomulag, sem uppástúngan fer fram á, miði óbeinlínis til að bæta úr ýmsum öðrum annmörkum, svo sem því, að alþíngiskostnaðurinn lendi á landsetum, og koma í veginn fyrir ýmsar lagaþrætur og vafníngа, sem út af honum geta risið.

Ólafur Jónsson: Eg hèlt, að þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu vissi, að það eru fleiri en 2 hreppar á landinu, nl. Sveinsstaðahreppur, og hreppurinn, sem hann býr í, svo þó alþíngistöflurnar væri nú áreiðanlegar frá báðum þessum hreppum, þá er það ekki sönnun fyrir því, að þær sè það frá öllum hreppum. Eg hèlt líka, að engi væri sá í þessum sal, sem ekki vildi heldur ganga í birtu, heldur en í myrkri; en af ræðum sumra þíngmanna finnst mèr sem þeir elski meir myrkrið en ljósið. Það hafa nú komið til þíngsins margar bænarskrár um alþíngistollinn, að fá hreina reikníngа fyrir því, sem inn hefir verið krafið; því engi veit upp nè niður í þeim reikníngum. Uppástúnga mín miðar nú til þess, að aflètta þessu myrkri framvegis; en nú hrópa sumir þíngmenn, rètt í sömu andránni og þeir eru að biðja um hreina reikníngа fyrir alþíngistollsgjaldinu, rètt í sömu andránni biðja þeir um, að sama myrkrið viðhaldist framvegis; og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi,* sem þetta mál er svo mjög viðkomanda, að því leyti sem hann nú gegnir stiptamtmannsstörfum, og mætti því vera kærkomin þessi uppástúnga, hann vill það sama; þetta finnst mèr rètt hneykslanlegt.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst uppástúnga þessi alveg rètt í grundvallarreglu sinni, að alþíngiskostnaðurinn sè lagður á hundruðin, en á hinn bóginn er eg samt móti uppástúngu þessari í þetta skipti, af því mèr finnst ekki vera kominn tími til þess að biðja um þetta, meðan jarðamatið er ekki komið inn í meðvitund þjóðarinnar, og hvaða álögur getur þetta jarðamat borið, þegar það ber sig ekki sjálft; því að svo kalla eg það, þegar allt af eru að koma bænarskrár um, að ónýta það. Heldur ekki hafa umkvartanir komið yfir þeim gjaldmáta, sem verið hefir, og þíngmenn geta ekki vitað, nema að umkvartanir komi úr öllu landinu á næsta þíng yfir þessari uppástúngu og afbiði, að alþíngiskostnaðurinn sè lagður á hundruðin, og með því Vestfirðíngar eru óánægðir með jarðamatið, verð eg fyrir þeirra hönd sem Vestfirðíngur alveg að mótmæla þessari uppástúngu, en því er verr, að Vestfirðíngar hafa að þessu sinni misst margan góðan dreng hèr á þíngi; þegar menn hafa

sèð, að jarðamatið getur staðizt, skal eg ekki letja þess, að þessi breytíng verði gjörð.

Indriði Gíslason: Þvert fyrir það, þótt sumir þíngmenn kalli það hlutdrægni af þeim, sem eru úr Vesturamtinu, þá skal eg nú samt styðja þessa uppástúngu eptir því sem í mínu valdi stendur. Eg verð að biðja þá góðu herra að gá að því, að þegar hundraðatalan er borin saman við afgjaldið, þá verður hagurinn minni en margur hyggur; en það er miklu meiri hlutdrægni í því, að vilja hafna föstum og áreiðanlegum grundvelli fyrir ímyndaðan hagnað. Eg vil nú vinna til, þó eg ætti að láta skildíngnum meira, og eg sæi, að alþíngiskostnaðurinn væri á rèttum grundvelli byggður, heldur en að láta skildíngnum minna, og ekkert vita, hvort hann væri rangt eða rètt krafinn. Það sýna margir mikið traust þessum jarðaafgjaldsskrám, en eg get það nú ekki, reynslan er búin að sýna mèr, að þær eru mjög svo af handahófi, og eg veit, að það er víða venja, að eigendurnir eru latnir sjálfir segja til afgjalds ábýlisjarða þeirra, já, og það eptir fyrirsögn sumra sýslumannanna, og svo láta þeir landskuldina vera samkvæmt einhverjum gömlum leigumála, sumir leiguliðar hafa ekkert byggíngarbrèf, og jafnvel vita ekkert, hvað þeir eiga að gjalda, og mèr þykir gott á stundum, ef eigandinn veit það sjálfur, þar sem svona er óákveðið, og landsdrottinn tekur allt, sem hann getur fengið.

Arnljótur Ólafsson: Mèr sýnist mál þetta vera mjög einfalt, þegar litið er til undirstöðu uppástúngunnar. Hèr er eiginlega um það að gjöra, hvort sè rèttari og hagkvæmari gjaldstofn jarðarafgjaldið eða jarðamatið, sem hefir verið starfað að af beztu mönnum landsins nú í 10 ár, og sem er samþykkt sem gjaldstofn bæði af konúngi og þíngi. Til þess nú að sjá þetta, verða menn að meta kosti og lesti bæði jarðarafgjaldanna og jarðamatsins. Þeir, sem hafa mælt með jarðaafgjöldunum, hafa tekið það fram, sem er eini kosturinn við þau, að þegar menn borgaði skatt af þeim, þá borgaði menn af því, sem menn hefði í tekjur, og það er satt, að þetta er góður kostur, og eptir þessari reglu fer ein tegund skatts, tekjuskatturinn, en það er líka til annar skattur, og það er skattur af því, sem maður á, eður eignaskattur. Nú getur svo á staðið, að bróðir minn eða kunníngi eða mágur siti á jörð minni og eg vilni honum í með afgjaldið; er það þá rètt, að eg borgi svo og svo miklu minna alþíngistoll, sem eg vilna honum meir í, eða ef sá situr á jörðinni, sem er íþýngt, er það þá rètt, að alþíngistollurinn sè svo og svo

miklu hærri? Menn verða að gæta þess, að byggíngarskilmálarnir eru frjáls kaupmáli milli einstakra manna, sem eigi kemur hinu opinbera við, og verður það að byggja skattheimtu sína á vissara og réttara grundvelli. Mig undrar, að þíngmenn, sem hafa heyrt *forseta* skýra frá, hversu afgjaldaskýrslurnar eru ófullkomnar og jafnvel litlar sem engar, skuli mæla með þessum gjaldmáta, sem verið hefir. Eg vil spyrja þá, sem hafa á móti jarðamatinu, til hvers jarðamatið eiginlega er, ef það er ekki til þess, að menn hafi það sem grundvöll fyrir skattaálögum? Vèr samþykktum það á síðasta þíngi, af því vèr álitum, að það væri sá réttasti gjaldstofn, sem til væri, og í þeim tilgangi, að á það yrði lagðir allir nýir jarðaskattar. Þíngmenn vita, að jarðirnar voru fyrst metnar eptir söluverði, og síðan var matinu breytt eptir jarðaafgjöldum, og var það verkefni Reykjavíkurnefndarinnar. Eg bið því þíngmenn, sem lasta jarðamatið, að athuga þetta vel, og vil eg spyrja þá, hver munurinn eiginlega er á jarðamatinu og jarðaafgjöldunum, þegar jarðamatið einmitt hefir verið lagað eptir jarðaafgjöldunum? Ef þíngmenn nú ekki treysta jarðamatinu til þess að þola, að á hvert hundrað sè lagðir 2 sk., þá er þetta þeirra eigið verk í sannleika ekki 2 sk. virði; ef þeir segja, að það sè þvílíkt afbrak, að ekki sè á það leggjanda hið allraminnsta gjald, hvernig halda menn, að það þá geti borið tíundargjaldið og alla þá skatta, sem á það verða lagðir um aldur og æfi? — Að því er það snertir, hvort sè hægra að taka alþíngistollinn eptir jarðamatinu eða afgjaldaskýrslunum, þá er engi vafi á því, og allir hljóta að sjá, að það er svo miklu auðveldara og ljósara eptir jarðamatinu; hversu áríðanda er það ekki fyrir þann, sem á að leggja skattinn á, að geta vitað, hversu mikið hann verður að leggja á landsmenn til þess að fá þá upphæð, sem þarf. Eru hreppstjórar of vel aflagðir, til þess að þeir eigi hægt með að eyða löngum tíma til þess, sem er í sjálfu sèr óþarft verk; og fyrir mitt leyti vil eg heldur, að á þeim sè lètt, en að þeim sè íþyngt með að vinna vandasöm verk, sem þeir fá ekkert fyrir. Ef þeir nú gæti losazt við að semja þessar skýrslur, þá lètti þó á þeim, og þá verður þeim ekki borið á brýn, að það sè þeim að kenna, að skýrslurnar sè rangar, og ekki verður þá heldur sýslumönnum kennt um það, og heldur eigi stiptamtmanni, að hann hafi ruglazt í reikníngunum. Eg get ekki skilið í því, að hreppstjórar vili heldur, að skýrslurnar sè reknar aptur í þá, en að fá þessu fyrirkomið á annan og betra hátt.

Ásgeir Einarsson: Eg held, að umræðurnar um þetta mál ætli að kosta eins mikið og hagnaðurinn verður af því, og held eg líka, að sú spá ætli ekki að rætast, að Vestfirðingar verði með máli þessu, því þeir hafa staðið 2 upp, og er sinn á hvoru máli. Yfir höfuð sýnist mèr svo mikil tvídrægni vera í þinginu um þetta mál, að eg vil helzt, að það komi fyrir alþýðudóm, áður en þingið beiðist þessarar breytingar; eg hefði aldrei hugsað, að svo mikill ágreiningur yrði um þetta mál á þinginu, og þegar slíkur meiningamunur hefir verið á þingi, hefi eg ætíð viljað styðja að því, að slíkum málum yrði skotið á frest, og vil eg ekki, að menn sè að tefja sig á umræðum um þau. Eg skildi ekki það, sem einn þingmaður sagði, að sýslumenn ætti að grennslast eptir afgjaldinu á sjálfseignarmanna jörðum. Eg man ekki betur, en afgjaldið eigi að meta af öðrum en eignarmanni sjálfum, og því hefi eg vitað fylgt. Hvað því viðvíkur, að jarðeigandi geti gjört þann samning við landseta, að hann gjaldi alþingistollinn án endurgjalds frá landsdrottni, þá minnir mig, að svo standi beinlínis í löggjöfinni, að leiguliði skuli borga alþingistollinn móti endurgjaldi frá landsdrottni. Eg vil nú spyrja hina lögfróðu menn, hvort það á enga þýðingu að hafa, sem tekið er fram í lögunum með svona berum orðum? Eg vil biðja menn, sem eru að semja lög, að sjá til, að ekkert standi í þeim, sem ei er fylgt eða ekkert hefir að þýða. Ef þingið nú vill samt nefnd, þá ræður það því, en mèr sýnist slíkar uppástúngur sem þessi og aðrar, sem verið er að koma með, líkjast því, þegar mörg járn eru í eldinum hjá einum manni, að eitthvert þeirra vill brenna, og held eg betra væri að fylgja vel og eindregið þeim málum, sem sannarleg nauðsyn er á, en að taka mjög mörg fyrir, sem vafameiningar eru um milli sjálfra þingmanna.

Forseti: 12 þingmenn hafa beðið um, að umræðunum nú sè hætt, og vil eg skjóta því til atkvæða þingsins.

Var það þá samþykkt með atkvæðafjölda, að þessari inngangsumræðu skyldi lokið.

Þar næst var það samþykkt með 13 atkvæðum móti 8, að taka skyldi uppástúnguna til greina, og með 16 atkvæðum móti 5 samþykkt, að kjósa skyldi sèrstaka nefnd.

Var þá bæði stúngið upp á 7 manna nefnd og 5 manna nefnd og 5 manna nefnd samþykkt með 17 atkv. móti 3, og þessir kosnir í nefndina:

Ólafur Jónsson . . . með 14 atkv.

Arnljótur Ólafsson . . með 12 atkv.
Benedikt Sveinsson
og *Páll Sigurðsson* . . . — 9 —
Jón Pètursson . . . — 8 —

Forseti: Af því að þingmaður Borgfirðinga var ekki kominn til sætis síns áðan, hljóp eg yfir bænarskrána úr Borgarfjarðarsýslu um fjárkláðann, því þó eg ekki efaðist um, að hann væri því samdóma, að bezt væri að vísa henni til nefndarinnar *í fjárkláðamálinu,* vildi eg þó ekki fyrirmuna þingmanninum að taka til máls, ef hann vildi.

Arnljótur Ólafsson: Eg gjöri mig ánægðan með, að bænarskránni sè vísað til fjárkláðanefndarinnar, og vona, að hún taki ástæður bænarskráarinnar til greina.

Þar eð engi þingmanna hafði á móti þessu, var bænarskráin afhent formanni fjárkláðanefndarinnar, hinum konúngkjörna varaþingmanni.

Forseti: Samkvæmt dagskránni koma þá til inngángsumræðu tvær bænarskrár úr Múlasýslum áhrærandi *hið nýja jarðamat.* Eg vona, að mál þetta kosti ei langar umræður; því það mun hafa verið beiðendum hulið, að nú er komið konúnglegt lagaboð, sem löggildir jarðamatið.

Síðan voru bænarskrárnar afhentar flutníngsmanni, þingmanninum úr Suður-Múlasýslu.

Björn Pètursson: Það er satt, sem hinn heiðraði *forseti* sagði, að bænarskrárnar hefði ekki komið, hefði menn vitað, að jarðamatið nú þegar væri löggilt. Þær eru sprottnar af því, að menn vonuðu, að það mundi ekki verða fyrri en 1863 eptir tillögum alþingis 1859. Eg gjöri ráð fyrir, að þingmenn hafi kynnt sèr bænarskrárnar á lestrarsalnum, en samt vildi eg helzt mega lesa aðra þeirra upp, þó hún sè nokkuð löng; en eg vænti, að þingmenn muni heldur vilja sleppa við að heyra hana (Fleiri þingmenn: Jú! Jú!). Eg skal þá einúngis leyfa mèr að skýra frá aðalefninu. Fyrst eru leidd rök fyrir því, að jarðamatið sè skakkt frá rótum og einkum afgjaldsmat Reykjavíkurnefndarinnar; síðan kemur dálítið sýnishorn af vitleysum þess í Múlasýslum, en það er ekki þúsundasti parturinn. En hèr í salnum eru engir svo kunnugir þar, að þeir geti um það dæmt, nema helzt þingmaður Norður-Þingeyínga. Eptir því sem þingmönnum fórust orð áðan, sè eg ekki til neins að orðlengja um þetta, og eg get heldur ekki ætlazt til, að þingið taki nú þegar fyrir kverkarnar á afkvæmi sínu og

stjórnarinnar, sem nú er nýfætt með sótt og harmi, því »ann hver sinu, sagði kall, hann kyssti fjalhögg sitt«.

Guðmundur Brandsson: Eg mótmæli því hreinlega, að vitleysurnar sè svo miklar í Múlasýslum, eins og þingmaðuriun, sem þaðan er núna, segir. Þingmaðurinn úr Norður-Múlasýslu, sem hèr var á síðasta þingi, mun hafa verið svo kunnugur jörðum í Múlasýslum, að hann víst hefði getið um, hefði honum fundizt fjarskalegar ójöfnur á matinu þar, einkum þegar hann var einn í nefnd þeirri, er mál þetta þá var fengið til meðferðar, og veit eg, að allir bera það traust til þess manns, að þeir álíti, að hann muni hafa gjört sitt til þess að það yrði sem jafnast, og verð eg að taka orð hans í þessu máli fullt eins gild, eins og þingmannsins úr Suður-Múlasýslu, held eg því bezt fyrir hann að fara ekki út í þetta mál lengra, en komið er.

Benedikt Sveinsson: Eg er nú reyndar ekki svo kunnugur þessu nýja jarðamati, sem skyldi, en eg þykist þó hafa fyrir mèr nægar ástæður fyrir því, að óskanda hefði verið, að það hefði aldrei orðið að lögum. En úr því það eru nú orðin lög, þá mega menn ekki vera ofbráðir á sèr að breyta þeim. Þingið verður að gæta að því, að það hefir fjallað svo mikið um þetta mál nýlega, að það mætti virðast undarlegt, að það færi að hreifa við því; gæti og verið, að mönnum tækist, lítið betur en orðið er, að sinni, og væri þá betur farið en heima setið? Eg skora nú fastlega á hinn heiðraða þingmann úr Suður-Múlasýslu, að hann taki bænarskrána aptur.

Björn Pètursson: Fyrst svo margir óska, að eg taki þessar bænarskrár aptur, þá er eg fús til þess; eg sè líka fram á, hversu atkvæði muni falla, þó til atkvæða væri gengið.

Þingmanninum úr Gullbringusýslu vil eg svara því einu, að engi, hvorki hann nè aðrir hèr í salnum, getur borið meiri virðingu fyrir þingmanninum úr Norður-Múlasýslu, en eg, og eg er viss um, að hann hefir mælt með jarðamatinu eptir sannfæringu sinni, en allt fyrir það get eg ekki álitið ómögulegt, að hann hafi ekki verið ójöfnum jarðamatsins nógu kunnugur yfir höfuð; kann ske eg mætti lesa þann kafla í bænarskránni, er tekur fáeinar af þeim fram? (*Forseti:* Það kemur ei upp á neitt. *Ásgeir Einarsson:* Menn hafa sèð þær á lestrarsalnum). Það er satt; en mèr hefði þótt gaman að lesa þingmanninum úr Gullbringusýslu þenna kafla, og skora á hann að hrekja það, sem þar er sagt um hinar fjarskalegu ójöfnur.

Páll Sigurðsson: Eg er hinum konúngkjörna varaþíngmanni samdóma í því, að það hefði verið óskanda, að jarðamat þetta hefði ei verið löggilt, en fyrst það nú er löggilt, þá munu menn neyðast til að reyna það. Eg trúi því vel, að það sè vitlaust í Múlasýslum; því eg þekki margar vitleysur (*Forseti:* það dugar ekki að vera að telja upp vitleysur þess; því það gjörir ekki annað en að lengja umræðurnar). Eg held þó saklaust, þó einni sè brugðið hèr upp. Þar sem t. a. m. Kirkjubæjarklaustur á Síðu er metið 24 hndr., en Rauðará, argur kotrass hèrna hjá Reykjavík, er metið 27 hndr. Þetta er lítið sýnishorn af því, hvað jafnt þetta jarðamat er.

Forseti: Þar eð flutníngsmaður hefir tekið bænarskrárnar aptur, er umræðunum um þær lokið, og kemur þá samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu og nefndarkosníngar uppástúnga þíngmanns Reykvíkínga um að *stofnaður verði landsskjóður.*

Var uppástúngan síðan afhent uppástúngumanni, er las hana upp þannig hljóðandi:

»Báglega er hverjum þeim farið, sem áfram vill komast í heiminum, en ástæður hans eru þannig, að hann ekki fær að neyta krapta sinna til þess, þótt hann engum mein gjöri með því; en eins og þetta er svona með hvern einstakan mann, eins er því og varið, og ekki síður, með heilar þjóðir. Vèr Íslendíngar erum nú heldur farnir að vakna af deyfð þeirri, sem lengi hefir legið yfir landsmönnum, og það er víst orðinn samhuga vili þjóðarinnar, að reyna til að komast eitthvað áfram. Vèr sjáum framfarir annara þjóða, og hvernig þeim fleygir áfram; en með sárri tilfinníngu hljótum vèr að sjá, að oss þokar því nær ekkert áfram, og að sumu aptur á bak. Þegar vèr viljum koma einhverju nytsömu til leiðar meðal vor, svo sem koma á fót nauðsynlegum stofnunum þjóðinni til mennta og heilla, og ráðast í nytsamleg fyrirtæki fyrir landið, hækka laun embættismanna vorra, sem svo eru laklega launaðir margir hverir, að sum embætti hafa orðið að standa auð í mörg ár, án þess nokkur hafi viljað sækja um þau, og að ekki er sýnna, en að þeir, sem lafa í embættunum enn þá, þegar yfirgefi þau, er þeir geta því við komið, stofnsetja ný embætti, sem með öllu eru nauðsynleg, þá er það ávallt haft sem sleggja á oss, að vèr höfum ekkert fè til þessa, því að þegar til fjárútlátanna kemur, erum vèr eigi skoðaðir sem hluti af Danmörku, heldur sem þjóð út af fyrir sig, sem eigi að bera sig sjálfa, en ef vèr þá biðjum, að oss leyfist að bera sjálfir kostnaðinn, sem leiði af því, er vèr

erum að biðja um, þá er sagt, að vèr sèum að biðja um skattaálögurètt, en hann geti stjórnin með engu móti veitt oss, sízt að svo komnu. Reyndar halda nú sumir, að stjórnin muni leyfa oss að bæta kjör vor á hvern hátt, sem vèr getum og höfum bezt vit á, þegar búið sè að aðskilja fjárhag Danmerkur og Íslands. Þeir geta trúað þessu, sem vilja, og það er gott að taka því, þegar þar að kemur. En kjör vor þurfa í mörgu bráðrar bótar við, og það er afar illt, að bíða svona með allt í tómu aðgjörðaleysi, og það út í bláinn, þangað til þessi aðskilnaður kemst á, ef hann annars kemst á nokkurn tíma. Til þess að ráða bót á þessu, leyfi eg mèr, að biðja hið heiðraða alþingi, að það nú sendi vorum allramildasta konúngi þegnsamlega bænarskrá um:

> Að hèr á landi verði stofnaður landssjóður sem allrafyrst til framkvæmdar því, er alþingið með samþykki hans hátignar konúngsins kynni að álíta nauðsynlegt til heilla landsins; að sjóður þessi hafi sèrskilda stjórn fyrir sig, er standi reikníngsskap alþínginu í hvert skipti það kemur saman, fyrir tekjum og gjöldum sjóðsins, og að alþíngi fái rètt til þess með allrahæsta samþykki konúngs, að ákveða tekjur sjóðsins, og láta heimta þær saman.
>
> Reykjavík, 9. d. júlím. 1861.
>
> *H. Kr. Friðriksson*«.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla nú eigi að fara mörgum orðum fyrst um sinn um þessa uppástúngu, nè tala mikið fyrir henni, því eg vona, að allir þíngmenn viðurkenni, hve örðugt er að fá fè, til að koma upp ýmsum stofnunum, til að mynda búnaðarskólanum. Hið venjulega svar, sem vèr fáum frá stjórninni, þegar vèr biðjum um þessar stofnanir, er, að vèr verðum að kosta það sjálfir, en ef vèr biðjum um, að mega kosta það sjálfir, fáum vèr það ei. Fyrsta stig til framfara vorra er, að vèr gætum fengið fè í sjóð, sem vèr getum varið til nytsamlegra fyrirtækja í landinu sjálfu. Eg skal svo ekki orðlengja þetta að svo stöddu, en óska, að 3 manna nefnd verði sett í málið.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð strax að segja það, að mèr hefir ei getað alveg skilizt, hver eiginlega er tilgangur hins háttvirta þíngmanns Reykvíkínga með þessa uppástúngu sèr í lagi; því eg get ei annað sèð, en að hún að eins sè eitt atriði úr fjárhagsráðunum, sem vèr svo opt höfum beðið um, og nú vissulega enn munum biðja um að nýju. Mèr finnst það vera auðsjáanlegt, að undir eins

og vèr erum búnir að fá fjárhagsráðin, og vèr höfum ástæðu til að treysta því, að það muni nú ei dragast lengi úr þessu, þá sè það bein afleiðíng þar af, að vèr höfum þá vald bæði til þess að ráða yfir þeim gjöldum, sem nú liggja á landinu, og eins líka yfir hinum, sem mönnum þá síðar kann að þykja brýn nauðsyn til að bæta við; og sè nú þetta rètt skilið, sem eg ekki get efazt um, þá verð eg að taka það upp aptur, að eg get með engu móti skilið, hvers vegna hinn háttvirti uppástúngumaður hefir viljað bera þetta eina atriði fram sèr í lagi, eða hver árangur hann ímyndar sèr að gæti að því orðið út af fyrir sig, ef að við á annað borð fáum fjárhagsráðin yfir höfuð; því það efast eg ei um, að honum mun ei síður annt um, að því aðalmáli verði framgengt, þó hann nú að eins sýnist að hafa tekið að sèr eitt atriði þess. En þess vegna held eg og, að uppástúnga hins háttvirta þíngmanns sè að eins runnin af misskilníngi, þó eg að öðru leyti efist ei um hinn góða tilgang hennar; og skal eg því að endíngu leyfa mèr að skora á hann, að taka hana nú aptur í þetta sinn, en geyma sèr þá heldur að styðja kröptuglega að því, að við fáum fjárforráðin öll sem fyrst, þegar málið kemur fyrir í heilu lagi og um stjórnarbótina verður rætt. Því að svo stöddu sè eg ei, að sè til annars en að eyða tíma þíngsins til einkis, að vera nú að eins að ræða eitt atriði þess máls, sem síðar mun koma fyllilega fram á annan og betra hátt.

Halldór Kr. Friðriksson: Vèr vitum alls eigi, hvenær þessi aðskilnaður verður. En ef vèr fáum því til leiðar komið, að sjóðurinn komist á stofn, þá höfum vèr fèð til þess, sem vèr viljum koma fram. Alþíngi leggur síðan sjálfsagt skattinn á, svo að frá þeirri hlið er engi hætta búin.

Stefán Eiríksson: Mèr finnst nú ekki eiga við, í sama augnabliki og maður er að biðja stjórnina um styrk til þess að geta fram dregið líf sitt, að þá, segi eg, skuli maður biðja hana að fyrirskipa nýjar skattaálögur á okkur; mèr virðist nú, að uppástúnga þessi sè ótímabær burður, meðan við ekki höfum fengið fjárhag okkar í hendur; það er auðvitað, að það kann að dragast nokkur ár, en meðan við ekki fáum fjárhagsráðin sjálfir, getum við ekkert sagt um, hvort okkur vantar fè til þessa og þessa, þá koma dagar og þá koma ráð, og þá er eg viss um, að Íslendíngar verða fúsir til fjárútláta til þarflegra stofnana, þegar þeir eru búnir að vita með vissu, hvers við þarf.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vil einúngis benda hin-

um heiðruðu þingmönnum á það, að þó að hinn heiðraði uppástungumaður ætli sèr ef til vill að flýta fyrir framförum Íslendinga með uppástúngu sinni, þá getur það víst naumast tekizt með þessu móti, því þó þingið nú sendi álit sitt um málið til stjórnarinnar, þá flýtur af sjálfu sèr, að hún verður að spyrja næsta þing, á hvað það ætli að leggja skatta eða gjöld til þessa umtalaða landssjóðs, t. a. m. á fasteign eða lausafè. Þetta verður þá næsta þing að segja stjórninni álit sitt um, og þannig liggur í augum uppi, að málið hlýtur að dragast ein 3 þing eða lengur, áður en það kemst í kríng.

Konúngsfulltrúi: Að því leyti hèr er farið fram, að stofna sjóð þann, sem hèr ræðir um, af sköttum, sem þingið legði á landið, skal eg leyfa mèr að benda á, að þingið hefir enn þá ekkert skattalöggjafarvald, og þenna rètt þarf það því að öðlast, áður en það geti lagt nokkra skatta á landið; að þessu leyti sè eg því ekki betur, en að þessi uppástúnga sè borin upp allt of snemma, meðan fyrirkomulagið um stöðu Íslands í ríkinu ekki er komið í kríng, og ekkert nákvæmara af ráðið um fjárhagsmálefni þessa lands. Eg verð því að mæla á móti uppástúngunni sem of snemma borinni upp.

Arnljótur Ólafsson: Eg var nú á sama máli og þingmaður Skagfirðínga; áður en hinn heiðraði uppástúngumaður kom með þá athugasemd, að það væri tvennt óskylt, þessi landssjóður og fjárforræðin, þá fór eg að verða á báðum áttum. En þá vil eg spyrja: hvað er það þá, að fá landssjóð stofnaðan, ef það er ei, að fá fjárforræði, það verður annaðhvort að vera ófullkomið eður fullkomið fjárforræði? Að hafa fjárforræði, er sama, sem að hafa ráð yfir öllum tekjum, bæði þeim, sem nú eru, og þeim, sem seinna meir kunna að verða af landinu, og ráða, til hvers þeim er varið. Uppástúngan lýtur að því, að stofna landssjóð; en á þá þessi landssjóður að yfirgrípa einúngis þær tekjur, sem nú eru af landinu, eða þá einnig þær, sem framvegis verða lagðar á það? Ef landssjóðurinn á að yfirgrípa það, sem hèr eptir rennur í ríkissjóð, þá verður bænin svo: vèr biðjum, að vèr einúngis megum leggja nýja skatta á; en vèr biðjum þá um leið um, að alþingi hafi engi ráð yfir þeim tekjum, sem nú renna í ríkissjóð. Eg vil því geyma þetta, þangað til vèr sjáum, hvort vèr fáum fjárhagsrètt, eður eigi. En eptir því sem nú á stendur, get eg ei betur sèð, en að þetta sè að biðja um ófullkomið fjárforræði.

Indriði Gíslason: Mèr leizt nú dável á uppástúnguna að ofan, en eptir því sem eg kom niður eptir, eptir því sannfærðist eg betur og betur um, að hana vantar fæturna; því á hverju á þessi landsjóður að byggjast. Mèr sýnist það eitthvað undarlegt, að biðja um, að mega brúka þetta fè á parti, en tala ekki um fjárhagsrètt yfir höfuð; það er eins og ef maður í sveit bæði um að mega taka arð af 2 hndr. í jörðinni, sem hann býr á, og safna honum í sjóð. Þetta sýnist mèr alveg gagnstætt allri rèttri skoðun á fjárhagsrètti. Eg verð því að lýsa því yfir, þó hinum heiðraða uppástúngumanni kunni að þykja það slæmt, að eg verð að vera á móti uppástúngunni.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg verð nú að játa, að eg skil ekki vel í þessari uppástúngu. Eg er ekki svo vel að mèr. Eg t. a. m. gat nú ekki ímyndað mèr, að undir þeim kríngumstæðum, sem land vort stendur nú, mundi nokkur vilja fram koma með þá uppástúngu við stjórnina, að mega fá leyfi til að leggja bèr á nýja ókennda skattaálögu, eður rèttara sagt, nýtt kúgunarvald. En á hinn bóginn, ef einhvern langar til að safna saman tillögum eður stofna sjálfur landssjóð, eður einhvern sjóð, þá held eg ekki þurfi að vera að framfæra fyrir alþíng eður konúng bæn um það; það á hver maður frjálst að hefja þess konar stofnun, og uppástúngumaður getur það sjálfur óaðspurt, og þarf enga nefnd til þess.

Stefán Jónsson: Mèr finnst þessi uppástúnga vera einhver eimur af frumvarpinu 1851, sem var bæði þjóð og þíngi óvinsælt. Eg er mjög hræddur um, að það þyki ei eiga vel við, eptir því sem nú á stendur, og get eg því fyrir mitt leyti ekki gefið því atkvæði mitt.

Benedikt Sveinsson: Mèr þykir uppástúnga þessi verða fyrir óþarfa ákúrum og misskilníngi hjá þíngmönnum. Uppástúngan er mjög svo ólík því fyrirkomulagi á landssjóð, sem var í frumvarpi stjórnarinnar 1851, það liggur í augum uppi. Eg neita því ekki, að hún stendur í sambandi við fjárforráð Íslands, og fer fram á ófullkominn fjárhagsaðskilnað milli Íslands og Danmerkur, að því leyti líkist hún greindum landssjóð, en að öðru leyti fer hún fram á allt annað. Eg vil nú ekki vera fjölorður um þessa uppástúngu að sinni, en eg ætla, að mèr muni óhætt, að ráða mönnum til að fella ekki harðan dóm á hana í fljótu bragði og áður en menn gjöra sèr grein fyrir innihaldi hennar og tilgángi. Eg óska þess innilega, að Íslendíngar

fengi sem fyrst fjárforráð sín og á þann hátt, að þeir væri betur farnir eptir en áður, en eg er hræddur um þetta geti dregizt, einkum ef menn fælast hverja helzt uppástúngu í þá átt, eins og draug eður ófreskju, nema þá einu, er heimtar allt laust og óbundið, en segir ekkert meira. Eg skal að öðru leyti játa, að uppástúngan er nokkuð ógreinilega samin og lýsir ekki vel hugmyndinni, en varla mun það galli á henni, að hún ekki vísar á gjaldstofna, því það átti ekki við í henni. Menn þurfa annars ekki að fara að verða strax á glóðum út úr því, að peníngarnir verði strax teknir úr vösum manna, þó uppástúngunni verði sinnt af þínginu, eður hún fari fram á nýtt kúgunarvald, eins og hinn virðulegi þíngmaður Mýramanna sagði, uppástúngan miðar að eins til, að þíngið og þjóðin öðlist mikilvægan rètt eður rèttindi, sem þíng vort ætti að neyta í hvert skiptið eptir þörfum og ásigkomulagi þjóðarinnar, ef hann fæst, og þessa rèttar getum vèr Íslendíngar alls eigi verið án, þangað til fjárhagur Íslands og Danmerkur verður aðskilinn. Eg óska nú, að annaðhvort verði sett nefnd í þetta mál, eður uppástúngan sett í samband við stjórnarbótamálið, sem tekið mun verða til meðferðar hèr á þínginu.

Guðmundur Brandsson: Viðvíkjandi þessari skýríngu hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns, þá hefi eg það að segja, að eg lattist einmitt við hana, að nefnd sè sett í málið. Stjórnin veitir oss má ske þetta, sem uppástúngan fer fram á, af því hún ætlar það gjöri minnst til, en heldur svo, að nú þykjumst við hafa fengið nóg, og lætur svo þar við sitja; en þá höfum vèr nú eigi búið vel í haginn fyrir stjórnarbótarmálið, ef vèr með því að fá þessu framgengt girðum fyrir, að vèr fáum fjárhagsrèttinn að öðru leyti. Eg álít því bezt, að fella þessa uppástúngu niður, en halda sèr fast við stjórnarbótina og fjárhagsrèttinn, sem við hana yrði sameinaður.

Jón Hjaltalín: Mèr virðist þessi uppástúnga ætla að eiga þúngt uppdráttar; það er nú líka eins og vant er, þegar er að gjöra um að fá peninga til að koma einhverju nytsamlegu til leiðar. Eg hefi enn ekki talað við nokkurn útlendíng, sem híngað hefir komið, sem eigi hefir spurt: hvað hefir verið gjört hèr? hvað er fólkið að starfa? Peníngarnir eru afl þeirra hluta, sem gjöra skal, ef vèr ekki viljum fá þetta afl, þá er bezt, að leggja árar í bát, og gjöra ekki neitt, en láta allt standa eins og er. En eg álít nú nauðsynlegt, að vèr fáum sjálfir aflið í hendur, ef vèr viljum gjöra

eitthvað; það dugir eigi að vera að einblína á einhvern styrk frá stjórninni, því hana höfum vèr svo opt beðið um hann, og optar má ske en henni hefir virzt ástæða til, enda hefir og slíkri bón stundum verið synjað. Ef Íslendíngar vildi gjöra sig ánægða með, að slett væri í þá fáeinum skildíngum, og að sagt væri við þá: »bjargið þið ykkur nú sjálfir«, þá gæti eg vel trúað, að þeir fengi vilja sinn, en eg vil eigi stuðla til, að hrinda þeim út á áralausan bát. Allar ástæður móti uppástúngunni hafa ei sannfært mig um, að hún sè ei góð. Þíngmaður Skagfirðínga sagði, að þetta væri það sama, sem fjárhagsrètturinn; en við höfum nú ekki enn þá fengið þenna rètt, og betra er að veifa röngu trè en engu, segir máltækið; og þó við nú fengjum þessu framgengt, þá sè eg eigi, að það þurfi að koma í bága við síðara fjárhagsrètt. Þíngmaður Austur-Skaptfellínga sagði, að þetta ætti ei við, einmitt þegar vèr værum að biðja stjórnina um styrk; en eg vil segja honum: hefðum við átt landssjóð, þá hefðum við nú ekki þurft að betla til stjórnarinnar; en nú verðum við að knýja á hana, og þá segja sumir sem von er: þið hafið ekki neitt til neins, hvað vilið þið? Þíngmaður Suður-Þíngeyjarsýslu hèlt, að þetta mundi eiga sèr svo langan aldur; en það er nú bágt, að segja neitt víst um aldur þess. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi gat ekki heldur sannfært mig. Hvar hefir verið sagt, að það ætti að leggja skatt á landið? Uppástúngumaður biður einúngis þíngið að hugleiða, hvort ei sè nauðsynlegt, að stofna sjóð til almennra þarfa. Þíngmaður Dalasýslu vissi ei, hvar takmörkin ætti að vera milli þessa máls og fjárhagsmálsins; það eru engi vandræði; ef fjárhagsrètturinn fæst, þá er hægt að slá öllu saman. Ýmisleg önnur mótmæli gegn uppástúngunni hafa ekkert sannfært mig. Hèr er margt, sem þarf að gjöra, og þegar þarf afl til þess, þá á að útvega aflið, þó það sè aldrei svo lítið. Það gjörir mèr því illt, ef uppástúngan ekki álízt þess verð, að kosin verði nefnd í hana.

Konúngsfulltrúi: Út af því, sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður nú mælti, skal eg leyfa mèr að taka það fram, að uppástúngumaður sagði, að sjóðurinn ætti að stofnast af sköttum, sem þíngið legði á landið, en eg tók það fram, að þenna rètt til að leggja á skatta, hefði þíngið enn ekki fengið, og einmitt þessa vegna væri uppástúngan borin upp of snemma, því skattalöggjafarvaldið hlýtur áður að vera fengið. Þetta er auðsætt.

Benedikt Sveinsson: Hinn heiðraði fulltrúi Kjósar- og Gull-

bríngusýslu hefir misskilið mig hraparlega, og eg get yfir höfuð að tala hvorki ráðið honum nè öðrum til að gjöra stjórninni slíkar getsakir, sem hann gjörir, að hún muni misbrúka sanna framfaraviðleitni hjá oss, byggða á fullum og augljósum rètti þjóðar vorrar, til þess að neita oss um önnur meiri rèttindi, er vèr förum fram á. En það getur þvert á móti orðið spursmál um það, hvort stjórnin ekki muni neita oss Íslendíngum um ótakmarkaðan fjárforráðarètt, er hún sèr, að vèr ekkert viljum gjöra eður leggja í sölurnar, og þykjumst jafnan alls ómegnugir, þegar til alvörunnar kemur.

Guðmundur Brandsson: Reyndin er ólygnust, segir máltækið, og hægt mun að færa mörg dæmi þess, þar sem stjórnin hefir haldið málum til baka, svo sem eru verzlunarmálíð, og læknamálið, og eins kollektumálið, auk margra fleiri. Ætli ekki geti eins farið með stjórnarbótarmálið? það er búið að dragast býsna lengi, og langt er síðan farið var að gefa fögur loforð um það. Eg gat nú ekki fylgt hinum háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanni í ræðu hans; en eptir því sem eg komst næst, byrjaði hann á fótunum, í staðinn fyrir á höfðinu; hann var að bregða mönnum um leti, ódugnað og slóðaskap; en ráðið við því verður nú ei, að leggja á skatta, og letin verður líklega lètt í vasa, til að stofna af henni landssjóð. Yfir höfuð er það allt annað að gjöra ekkert, en annað að leggja á það, sem er gjört; honum fórust svo orð, að við værum að betla út úr stjórninni, það sem við meðþyrftum, en hvað gjöra embættismennirnir, sem eru að biðja hana um launaviðbætur, kann ske hann vili kalla það betl? og þá er okkur ekki vandara um en þeim, því eptir höfðinu dansa limirnir.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þykir það nokkuð óhappalegt, að einstaka þíngmenn hafa tekið tilefni af þeirri uppástúngu, sem hèr ræðir um, til þess að láta það í ljósi, sem sumum mönnum hèr í landi hættir um of við, að þeir alls engi ný gjöld vilja láta leggja á landið, þó hin berasta nauðsyn kunni krefja þess, ef menn eigi að geta komið ýmsum nytsömum stofnunum á fót. Eg vona engi misskili mig svo, að þetta hafi einnig verið tilgangur minn, með því nú að hafa á móti uppástúngu hins háttvirta þíngmanns Reykvíkínga, því eg hefi svo opt og berlega tekið það fram á þínginu hèr áður, að eg vil einmitt, að Íslendíngar sýni áhuga sinn á alþjóðlegum málum með því að vera fúsir að leggja líka nokkuð til, þegar á þarf að halda, en vera ei æfinlega að eins að biðja stjórnina; og eg bæti því nú við, að eg skil alls ei, til hvers menn eru

að biðja um fjárhagsráðin, ef menn ætla sèr ei líka að nota þau í þessa stefnu? En hèr ræðir nú sem stendur ei um þetta, og eg tek það því aptur fram, að eg hefi alls ei móti uppástúngunni um landssjóðinn, sökum slíkra ástæðna, heldur að eins af því eg álít hana ei rèttilega borna upp á þessum stað; því það að vera að biðja sèr í lagi um leyfi til þess að stofna sèrstakan landssjóð og þann rètt fyrir þingið, að mega í þeim tilgangi leggja ný gjöld á landið, er annaðhvort með öllu tilgangs- og árangurslaust, áður en búið er að veita oss skattgjafarrèttinn, eða það er að eins hið sama sem að biðja einmitt um þenna rètt, og það munum við nú hvort sem heldur er gjöra á öðrum stað og miklu fyllilegar, en hèr er farið fram á. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðínga tók það greinilegar fram, er eg áður hafði drepið á, að fjárhagsrètturinn er með tvennu móti, bæði umráð yfir þeim gjöldum, sem nú liggja á landinu, og eins rèttur til að leggja ný á, ef þess þykir þurfa, eður með öðrum orðum *skattgjafarvald,* og eg þarf því ei hèr að fara lengra út í málið að sinni; eg leyfi mèr því enn að eins að ítreka áskorun mína til hins háttvirta uppástúngumanns, að taka aptur þessa uppástúngu sína að svo stöddu.

Jón Pètursson: Ef vèr ættum landssjóð, mundum vèr geta miklu góðu til leiðar komið; þannig er með aðra sjóði, t. a. m. spítalasjóðinn og kollektusjóðinn, hversu mikið gagn má ekki gjöra með þeim? en vèr höfum þá ekki undir vorum höndum. Það er allt annað, að hafa almennan *„Skattebevillingsret“*, og annað er að fá rètt til að leggja álögur á landið í einhverju vissu sèrstöku augnamiði. Gamla alþingið stofnsetti fyrrum spítalana með að leggja á landið skatt í því skyni, sumsè spítalahlutina, og þá hafði þó þingið engan almennan *Skattebevillingsret;* mundi eigi gott fyrir oss að hafa áþekkan rètt?

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi leyfa mèr, að reyna að skýra betur þann mismun, sem er milli þeirra, sem eru með og mót uppástúngunni. Eg tók fram áðan, og fleiri, að hèr væri beðið um minna en fullkominn fjárhagsrètt. Munurinn er, að þessi uppástúnga ætti að vera eins og varaatkvæði við fjárforráðamálið. Engi neitar, að þetta er betra en ekkert. Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður sýndi muninn á þessu tvennu; ef vèr höfum fjárhagsrètt, höfum vèr rètt til að leggja á og líka til að afmá og breyta sköttum; en þessi uppástúnga miðar einúngis til þess, að fá rètt til að leggja á n ý j a skatta, og vona eg nú, að þingmönnum sè ljós

orðinn munurinn á þessum skattgjafarrètti og valdi til að breyta sköttum eða að afmá þá. Mèr finnst því, að það væri misskilníngur, ef þíngið tæki þessa uppástúngu á undan stjórnarbótarmálinu, en það ætti einúngis að lýsa yfir því, að sèr þætti uppástúngan eins góð, eins og hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður lýsti henni, þar sem hann sagði, að betra væri að veifa röngu trè en engu. Eg ræð því uppástúngumanni til að taka uppástúnguna aptur að sinni, en að henni verði hnýtt aptan við stjórnarbótarmálið.

Menn hafa hèr látið í ljósi mjög daufa von um uppfyllíngu stjórnarbótinnar; eg að mínu leyti er nú fremur vongóður um það, að vèr munum fá fjárhagsrètt, því ríkisdagurinn í Danmörk hefir mælt fram með honum ár frá ári, eða rèttara, nefnd sú á ríkisdeginum, sem fjallar um þetta mál, og í vetur gekk þessi nefnd svo hart fram, að ráðgjafmn lofaði að setja nefnd í málið. Vèr eigum að hafa það traust til Dana, að þeir vili, að Ísland fái fjárhag sinn. Margir menn í Danmörku kannast við, að þeir hafi ekkert vit á íslenzkum málefnum; þeir sjá, að vèr biðjum um hitt og þetta, og biðjum jafnan um mikið, til þess að fá dálítið. En þá segja þeir: látum þá fá fjárhag sinn; þegar þeir eiga að fara að bera sig algjörlega sjálfir, munu þeir hugsa sig tvisvar um. Eg hefi heyrt danskan mann segja: Það væri víst ágætt, að hafa lagaskóla á Íslandi, en heldurðu, að bændur vili gefa fè til hans? Vèr ættum yfir höfuð ekkert að gjöra, sem gæti misskilizt svo, eins og vèr værum farnir að linast með að biðja um fjárhagsrèttinn, og vil eg því enn ráða til, að uppástúngan sè tekin aptur, sem uppástúnga út af fyrir sig, en sè einúngis höfð sem varaatkvæði við stjórnarbótarmálið.

Jón Hjaltalín: Eg vil svara hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu; hann sagði, að eg væri allt af að tala um leti; eg talaði ekki mikið um hana núna; en um daginn gjörði eg það; eg held, að menn yrði viljugri, ef þeir fengi peninga í aðra hönd. Ef við hefðum nú fyrir 10 árum komið með þessa uppástúngu, og látið leggja 2 sk. á hvern brennivínspott og ½ sk. á kaffepundið, þá væri komið nú töluvert fè. Við höfum hèr aðra sjóði, sem ekki eru stofnaðir alls fyrir löngu, svo sem eru bræðrasjóðurinn og prestsekknasjóðurinn, og þeir eru þó furðanlega á veg komnir. Vèr erum allt af að horfa á þessa vonarstjörnu í suðri, nefnilega fjárhagsrèttinn, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði að væri á svo góðum vegi; en það er spursmál, hvort þessi vegur verður svo

góður, sem við vildum; eg hefi líka talað við ríkisdagsmenn; eg vil sjá reikninga, sem fylgja þessu máli. Vèr ættum ei að láta þessa vonarstjörnu standa oss svo í vegi, að vèr ei berum oss að komast eitthvað á leið; vil eg því af öllum kröptum mæla með nefnd í þessu máli.

Benedikt Sveinsson: Það kætir mig, að hinn virðulegi þingmaður Borgfirðinga er orðinn mèr samdóma yfir höfuð í þessu máli. Þó þykir mèr það slæmt, að hann skuli vera á öðru máli en eg um það, hvort þessi uppástúnga muni seinka fyrir fjárhagsaðskilnaðinum. Það getur nú verið, að hann viti um það, að ríkisdagurinn muni fyrir sitt leyti halda fram fjárhagsaðskilnaðinum, en veit hann þá líka, hvernig þessi aðskilnaður muni verða lagaður? Eg held ekki. Það er grunur minn, að hann geti orðið svo vaxinn, að Íslendíngar kinoki sèr við honum, eptir því sem eg heyri að andinn er í mönnum hèrna á þíngsalnum og annarstaðar. Eg óska því, að uppástúngan verði ekki felld, og vil heldur en ekki, að hún verði sett í samband við stjórnarbótarmálið.

Ásgeir Einarsson: Það var eitt í ræðu hins háttvirta 5. konúngkjörna þingmanns, þar sem hann var að tala um sjóðina, sem hèr hefði verið stofnaðir, t. d. bræðrasjóðinn; þeir voru stofnaðir án leyfis, til dæmis Suðuramtsins húss- og bústjórnarfèlag stofnaði fyrst sjóð sinn án leyfis; það var fyrst beðið um staðfestíngarleyfið þegar sjóðurinn var kominn á stofn. Mèr virðist því, að ekkert gæti verið því til fyrirstöðu, að landsmenn sjálfir fari að stofna þenna sjóð. Þó vèr alþíngismenn tækjum dagpeninga okkar og stofnuðum úr þeim sjóð, ætli stjórnin geti bannað oss það? Það á yfir höfuð ekki við, að smíða negluna áður en skipið. En að láta þessa uppástúngu fylgja stjórnarbótarmálinu, sem varauppástúngu, mótmæli eg alveg; eg þekki það, hvernig með þær er farið, þessar varauppástúngur; ef uppástúngur til stjórnarinnar eru ekki eindregið bornar fram, þá vil eg heldur, að þær sè felldar með öllu. Þíngið má muna, hvað opt hefir leitt af varauppástúngum.

Forseti: Þar eð þíngmenn hafa óskað, að umræðunum væri hætt, verð eg að biðja þíngmenn að taka það til greina. Einúngis virðist mèr tilhlýðilegt, að uppástúngumanni gefist kostur á að tala, áður en umræðunum er lokið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal leyfa mèr, að lýsa yfir því, að eg fellst á, að uppástúngu minni sè vísað til nefndarinnar, sem

sett verður í stjórnarbótarmálinu, þannig, að annaðhvort verði henni nú þegar vísað með atkvæðagreiðslu til þeirrar nefndar, eður þá að atkvæðagreiðslan sè látin bíða, þangað til stjórnarbótarmálið er út rætt.

Forseti: Eptir þessu finnst mèr þá, ef þingmenn ekki hafa á móti því, vel megi fresta að ganga til atkvæða um uppástúnguna. Og fyrst að engi mótmælir því, verður þá atkvæðagreiðslunni frestað, þangað til út rætt er um stjórnarbótarmálið, og búið er að kjósa nefnd í því máli. Koma þá samkvæmt dagskránni til *inngangsumræðu* og *nefndarkosníngar* 11 bænarskrár *um stjórnarbótarmálið;* 5 af þeim eru almenns efnis, og fara sumar þeirra jafnframt fram á, að alþingi fái fjárlagsrètt og löggjafarvald í innlendum málum, hin 6. er frá þingvallafundi, einnig almenns efnis, en þar að auki eru 5 frá hèraðafundum, er allar biðja sèrstaklega um þjóðfund. Álít eg þá tilhlýðilegast, að einhver af þeim, er hafa fært almennu bænarskrárnar, flyti málið, þó hinir geti sjálfsagt átt kost á, að mæla fram með sínum. En fyrirfram vil eg geta þess, að umræður um þetta mál mega eigi verða langar á þessum fundi, þar sem svo mjög er liðið á þingtíma, og mundi verða að slíta þeim, ef þær yrði langar og skjóta þeim á frest til næsta fundar.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi spyrja, hvort ekki væri nóg, að flytja málið almennt.

Forseti: Meiníngin var sú, að ekki yrði lesin upp nein viss bænarskrá, heldur einúngis væri rætt um, hvort nefnd skyldi setja í málið, eða ekki, og ef þingmenn hafa ekki móti því, skal eg leyfa mèr, að skjóta því þegar til þingsins, hvort nefnd skuli setja í málið eður eigi, nema ef hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* vill eitthvað mæla.

Konúngsfulltrúi: Þingið hefir af hinni konúnglegu auglýsíngu, sem það meðtók í byrjun þingsins, sèð, að stjórnin leggur allan áhuga á þetta mál, og að það er fullur vili hennar, að flýta svo fyrir því, eins og bezt má verða, og hún sýnir þetta í verkinu, með því hún er nú að búa undir fjárskiptin milli Íslands og Danmerkur, því það er ein grein af málinu, og það mikilvæg; en þó málið sè ekki enn komið í kríng, má engan furða, því það útheimtir svo margfaldan undirbúníng og það kemur svo margt til greina í því, að tekur langan tíma — og það er í öllu tilliti æskilegt, að annað eins mál sè vel hugsað og undirbúið. En þegar stjórnin hefir sagt oss, að hún hafi allan áhuga á málinu, að hún

sè að búa það undir og flýta fyrir því, skil eg ekki, hvers vegna þingið nú vill hreifa málinu; mèr sýnist þingið fara að eins og bráðlátt barn, ef það nú fer að taka málið undir þessum kringumstæðum fyrir og setja nefnd í því og senda um það bænarskrá til konúngs; eg verð að ráða þinginu fastlega frá því, að gjöra það, og eg vona það sjái, að það er tilgangslaust að taka málið, eins og það nú liggur fyrir, til umræðu.

Gísli Brynjúlfsson: Mig minnir ei betur en stjórnin hafi optar en í þetta skipti sagt, að hún hefði allan áhuga á stjórnarbótarmálinu; en því fremur höfum vèr og ástæðu, þar sem þessi áhugi hefir ei enn orðið að verki, til þess að gjöra hvað vèr getum, til þess að flýta fyrir því, og það getum vèr ei á þessum stað, nema með því að taka málið enn til greinar og setja nefnd, svo stjórnin sjái, að áhugi þingsins sè ei minni en hennar. Eg er líka flutníngsmaður að einni af þeim 11 bænarskrám um þetta mál, er *forseti* gat um, og skal eg ei heldur vera fastur á því, að sú bænarskrá, úr Skagafirði, er eg hafði til meðferðar, verði lesin upp, ef hinum er sleppt, en þá að eins geta þess, að hún er ein af þeim, sem fara fram á, að stjórnarbótarmálið verði, áður en því sè ráðið til lykta, lagt fyrir nýjan þjóðfund í landinu eptir fyrirheiti konúngs vors. Hvað mèr sjálfum viðvíkur, þá vil eg að eins segja það, að mèr finnst æfinlega fjárhagsvaldið vera aðalatriðið í allri stjórnarbótinni, og það svo mjög, að eg verð að álíta, að þá sè í raun og veru allt annað fengið, þegar það er fengið; og vildi eg því óska, að þingið nú með öllum áhuga og einhuga legðist á, að reyna að hafa þetta fram sem fyrst, og skal mèr þá æfinlega þykja sú aðferðin bezt, sem flýtir mest fyrir þessu, hvað sem svo öðru líður. En að öðru leyti ætla eg mèr nú ei að tala meira um málið, og að eins styðja það, að nefnd verði sett.

Guðmundur Brandsson: Eg hugsaði, að stjórnin mundi geta verið búin að hugsa sig um þetta mál og átta sig á því í þessi 9 ár, sem liðin eru síðan 1852, að auglýsingin góða kom út. En þó er nú ekki enn komið nema loforðið; mèr finnst því ekki veita af, að minna stjórnina á, að oss sè ekki alveg hugur horfinn um málið; og álít eg því sjálfsagt, að nefnd verði sett í það.

Stefán Eiríksson: Mèr finnst nú, að hèr liggi einúngis fyrir að tala um, hvort nefnd skuli setja í þetta mál eður ekki, og því álít eg að óþarft sè, að fara út í aðalefni málsins, og með því eg veit, að flestir, ef ekki allir þingmenn eru einhuga á nefnd, þá

mæli eg nú með, að svo verði þegar gjört. Eg ætla einúngis, úr því eg stóð upp á annað borð, að svara hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* því, að eg get ekki ætlað á, að stjórnin þurfi lengra umhugsunartíma, en hún þegar er búin að hafa, þar sem hún nú er búin að hafa þetta mál á prjónunum í 13 ár.

Stefán Jónsson: Þingmenn geta ei forsvarað fyrir landsmönnum, að hrinda 11 bænarskrám um þetta efni, og sting eg upp á 5 manna nefnd.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg inngangsumræðunni lokið. Það hefir verið stúngið upp á 5 manna nefnd.

Sveinn Skúlason: Eg sting upp á 7.

Var síðan gengið til atkvæða og 7 manna nefnd samþykkt með 14 atkv. gegn 7, og í hana kosnir þessir:

Arnljótur Ólafsson	með	18 atkv.
Benedikt Sveinsson	—	15 —
Gísli Brynjúlfsson	—	15 —
Pètur Pètursson	—	11 —
Jón Pètursson	—	10 —
Magnús Andrèsson	—	8 —
Stefán Jónsson	—	8 —

Þingmanni Borgfirðinga, er hafði flest atkvæðin, afhent málið.

Þar næst lèt *forseti* ganga til atkvæða um, hvort vísa skyldi uppástúngu þingmanns Reykvíkinga um stofnun landssjóðar, til þessarar nefndar, og var það samþykkt með 18 atkv. gegn 2.

Forseti: Af því svo langt er liðið á tímann, vil eg eptir samkomulagi við hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* leyfa mèr að fresta því eina máli, sem eptir er á dagskránni, nl. nefndaráliti um löggildíng Skeljavíkur. Eg skal fyrirfram geta um, að á dagskránni á morgun verður fyrst og fremst það mál, sem eptir varð í dag; þar næst 5 bænarskrár úr Ísafjarðarsýslu: 1. *um stjórnarbótina,* 2. *að manntalsþíng ekki byri þar fyrr en í miðjum júlí,* 3. *um fiskiveiðar,* 4. *um verzlunarlög,* 5. *um Bolúngarvíkur veiðistöðu.* Þá er uppástúnga frá 7 þingmönnum, um að laun amtmannsins í Norður- og Austuramtinu verði aukin. Ákveð eg svo fund til á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

Níundi fundur — 12. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst í dag til *undirbúníngsumræðu* nefndarálit um konúnglegt frumvarp um *löggildíngu Skeljavíkur til kauptúns*; eg hefi látið prenta niðurlagsatriði nefndarálitsins og vona eg, að þíngmenn hafi þau fyrir sèr. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður úr Strandasýslu.

Lèt *forseti* síðan afhenda *framsögumanni* nefndarálitið, er las það upp þannig hljóðanda:

»Alþíngi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um stjórnarfrumvarp um löggildíngu verzlunarstaðar á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu, og hljóðar þetta álit vort þannig: Oss virðist því síður þörf á, að vera fjölorðir um þann kafla máls þessa, sem einúngis hnígur að því, að löggilda Skeljavík sem verzlunarstað, sem að í ástæðum frumvarpsins er þannig að orði kveðið: »eptir því, sem að ofan er greint, verður nú stjórnin reyndar að fallast á það álit alþíngis, að yfirgnæfandi ástæður sè fyrir því, að löggilt sè kauptún á Skeljavík«. Í ástæðum frumvarpsins er þess enn fremur getið, að sumir af verzlunarstöðum þeim, er hafi verið löggiltir á síðari árum, hafi ekki verið notaðir til að koma þar á fót fastri verzlun, og að *konúngsfulltrúinn,* sem þá var — og sem að öðru leyti hafi mælt með löggildíngu Skeljavíkur — teli það líklegt, að eins muni fara um Skeljavík, og þykir stjórninni það ljóst, að af slíkum verzlunarstöðum muni landsbúar ekki hafa sömu not, eins og ef föstum verzlunarstöðum yrði komið á fót; þá er þess getið, að sú aðferð, sem nú er á vikið, mundi leiða af sèr, að hin fasta verzlun á Reykjarfirði legðist niður, og gæti þá svo farið, að engi fastur verzlunarstaður yrði í Strandasýslu. Hvað því viðvíkur, að landsmenn geti ekki haft sömu not af þeim verzlunarstöðum, þar sem ekki er komið á fastri verzlun í þeim skilníngi, að þar sè byggðar vörubúðir, er fá megi í ýmsar nauðsynjar um vetrartímann, þá er þessu öðruvísi varið í máli því, er hèr ræðir um, því margra ára reynsla hefir sýnt, að nauðsynjar þessar hefir skort á Reykjarfirði, þegar mest hefir á legið; í fyrra vor urðu búendur umhverfis Steingrímsfjörð að sækja korn til Stykkishólms og Ísfjarðar, og má sjá af uppdrætti Íslands, hver örðugleiki hefir á slíku verið, þó kvað enn meir að vöruskorti á

Reykjarfirði næst afliðinn vetur, og má af þessu sjá, að lítið gagn er að slíkum verzlunarstað, enda er ekki hægt að ímynda sèr annað, en að byggt yrði á Skeljavík, áður en Reykjarfjarðarkaupstaður legðist niður, því staðurinn er þar svo vel til fallinn, og á Borðeyri er nú þegar albyggt vandað verzlunarhús, og líkindi til að það standi ekki lengi ónotað, því sagt er, að verzlunarmaður einn hafi falað það til kaups. Það virðist því, að tómir húsaskrokkar á Reykjarfirði eigi ekki í neinu tilliti að vera máli þessu til fyrirstöðu, enda yrði langt að sækja þangað nauðsynjar á vetrum, þó til væri, úr allri Strandasýslu, því vegalengdin þangað er frá sumum bæjum 10 til 12 vikur sjávar.

Oss virðist ekki þörf að fara fleiri orðum um þessi atriði málsins, sem rætt var svo ítarlega á alþíngi árið 1859, en vèr snúum oss að þeirri hlið málsins, sem stjórnin segir í ástæðum frumvarpsins, »að ekki hafi verið tekin til íhugunar á alþíngi«.

Í ástæðum þeim, er framvarpi þessu fylgja, er farið svo felldum orðum: »Þess ber og að geta, að löggildíng kauptúns, sem »sjá má fyrir að ekki muni verða notað til að koma þar á fót fastri »verzlun, kæmi í bága við grundvallarreglur þær, sem opið brèf »19. maí 1854 er byggt á, og sem alþíngi með berum orðum hefir »fallizt á, með því hið almenna leyfi, sem áður var í vissum til»fellum veitt til að sigla til verzlunar á staði, er eigi voru löggiltir »sem kauptún, var eptir tillögum alþíngis um sama leyti og verzl»unin á Íslandi var gefin frjáls, með lagaboði því, er nú var nefnt, »takmarkað til að gilda um fastakaupmenn, vegna þess menn ótt»uðust, að verzlunin mundi að öðrum kosti verða óviss, og kom»ast of mjög á sundrúng. En ef löggildíngin væri notuð á þann »hátt, er áður er greint, þá væri farið kríngum ákvörðun þessa«. Loksins enda ástæðurnar með þessari grein: »með því nú þessi hlið málsins hefir ekki verið tekin til yfirvegunar á alþíngi, hefir stjórninni þótt ástæða til að leggja málið fyrir þíngið á ný«, o. s. frv. Það er reyndar von, að stjórnin hafi leiðzt inn á þessa skoðun, því það hefir lengi verið tilgangur hennar, að koma upp föstum verzlunarstöðum á Íslandi, og hún hefir að líkindum hugsað, að þeir svonefndu fastakaupmenn mundu verða — hèr sem í öðrum löndum — máttarstólpi þarflegra fyrirtækja, en reynslan hefir ekki enn sannað þetta, og sízt þar, sem eins hefir staðið á og í Strandasýslu, því engum kaupmanni hefir komið til hugar að setjast sjálfur að á Reykjarfjarðarkaupstað, enda er hitt almenn reynsla

hèr á landi, að þegar kaupmenn hafa farið að auðgast, hafa þeir flutzt með hyski sínu til Danmerkur, en látið sækja út hingað til Íslands vörur þær, sem hèr hafa verið fáanlegar, flutt þær síðan til Danmerkur eða annara landa, álíka og lausakaupmennirnir, svo þessir kaupmenn geta í raun og veru ekki heitið íslenzkir fastakaupmenn. Þegar þjóðfundurinn (ekki alþingi) 1851 lagði það til, að fastakaupmönnum einúngis væri leyft að verzla með tilteknar vörur á fjörðum og víkum, sem opið brèf 19. maí 1854 ákveður, þá vakti sú hugsun fyrir mönnum, að þegar verzlanin yrði frjáls, mundi verða svo mikil aðsókn annara þjóða en Dana, að fastakaupmenn mundu geta fengið hèr nægar vörur fluttar til landsins, og þegar þeir gæti keypt heila skipsfarma, svo þeir, er skipin sendi hingað með þá, þyrfti ekki að láta þau bíða lengi til að fá vörurnar aptur, eins og nú tíðkast um lausakaupmenn, þá mundi verðið á aðfluttu vörunni verða svo lágt, að mikill hagnaður yrði fyrir fastakaupmenn, er hèr væri búsettir, að geta selt sem mest af vörunum, og þeim þá gjörður hagnaður með að mega verzla með þær sem víðast, þar sem þeir ætti hægt með að fá þær vörur landsmanna, er kaupmenn helzt girntist, en á hinn bóginn landsmönnum gjört sem hægast fyrir með flutníinginn. En af því menn, þegar semja skal flest lagaboð, sem gilda eiga fyrir ókomna tíð, verða að styðjast við hugmynd þá, er virðist beinast liggja fyrir í þann svipinn, þá geta afleiðíngarnar orðið öðruvísi, en menn gátu í byrjuninni búizt við, og á þetta sèr ekki sízt stað í verzlunarlögunum, því verzluninni eru samfara svo margar breytíngar og kríngumstæður, að mannlegri djúpsæi er ekki unnt að sjá þær fyrir. Þetta getur verzlunarsaga Íslands bezt sannað, með þeim óheppilegu afleiðíngum, sem ýmsar breytíngar í löggjöfinni hafa haft í för með sèr, þó gjörðar hafi verið í bezta tilgangi. En þó uppástúngur alþíngis, eða þjóðfundarins, hafi ekki í öllum greinum, eða í eptirvæntri stefnu, borið þann eptirvænta ávöxt, — sem meðfram hefir orsakazt af undangengnum harðærisárum — þá eru talsverðir ávextir að leiðast í ljós af verzlunarfrelsinu, og teljum vèr það betur fara, að afleiðíngarnar koma fram með hægð og stillíngu, svo mönnum gefst tækifæri til að smálaga það, sem reynslan sýnir að öðruvísi hefði mátt betur fara í verzlunarlögunum, og sumt er, ef til vill, sprottið af því, að svo erfitt gekk að fá verzlunarfrelsinu fram komið. Af ástæðum frumvarpsins lítur svo út, sem það hafi orðið máli þessu til fyrirstöðu, að stjórninni þyki verzlun á Skeljavík og jafnvel á

Borðeyri og Sauðárkróki (eins og nú stendur) ríða í bága við ákvarðanir opins brèfs 19. maí 1854, samanborins við aðalverzlunarlögin, en vèr ætlum að hið fornkveðna sè sannast, að »sá, sem ber skóinn á fæti, veit bezt, hvar hann kreppir að«; það hefir lengi verið álit Íslendínga, að velmegun manna væri opt lakari nálægt kaupstöðum hèr á landi, hefir því nágrönnum Borðeyrarverzlunarstaðar þótt allvel fara, síðan verzlun komst þar á, og þeir hafa getað byrgt sig af nauðsynjavöru á sumrin, en úr skorti sannrar nauðsynjavöru hafa kaupstaðirnir ekki getað bætt á vetrinn, þó húsin hafi kyrr staðið, en verið tóm. Það er af framanskrifuðu auðsèð, að landsbúum getur orðið mikill hagur að því, að slíkir verzlunarstaðir sè til sem Borðeyri, og ekki minni, en að slíkum stöðum sem Reykjarfjörður er; staðir þessir bera vitni um það, hvort verzlunarmenn vilja sækja þangað eða ekki til verzlunar, og er betra, að sú reynsla sè komin, áður en menn hlaupa til að byggja stundum á óreyndum og óeðlilegum verzlunarstöðum. Nú hefir það sýnt sig um undanfarin ár, að verzlunarmenn hafa viljað sækja til Skeljavíkur, þó löggjöfin hafi meinað þeim það. Það eru því öll líkindi til, að einhver verzlunarmaður færi að byggja þar, ef löggilding fengist, en fáist leyfi til verzlunar ekki á Skeljavík nema með því skilyrði, að þar sè byggt, þá getur slík framkvæmd þó dregizt um 2—3 ára tíma, og sú bið og sá tími gæti orðið nógur til þess að eyðileggja marga innbúa Strandasýslu, ef hafísaár vildi til, eins og hin 2 næst undanförnu, en Reykjarfjarðarkaupmanninum gæfist færi til einokunar á Skeljavík og Reykjarfirði með þeim litlu vörum, sem hann hefir. Vèr getum eigi dulizt þess, að oss virðist það gagnstætt öllum þeim grundvallarreglum, sem hingað til hefir verið fylgt í verzlunarlöggjöfinni bæði fyrr og síðar, að löggilda ekki fullkomlega verzlunarstað, fyrr en búið er að byggja þar vörubúð. Oss virðist eðlilegast, að fastir verzlunarstaðir myndist þannig: að stöðum þeim, sem leyfið í opnu brèfi 19. maí 1854 nær til, og sem reynslan sýnir að kaupmenn hænast að til verzlunar, sè gefið fullkomið verzlunarleyfi eins og á Borðeyri. Sè þá staðurinn eðlilegur, þá myndast þar fastur verzlunarstaður með tímanum, og út lítur fyrir, að svo muni fara um Borðeyri, ef í ári batnar. En ætli menn að koma upp verzlunarstöðum með nauðúngarlögum og einokunarrèttindum, þá fer eins og að undanförnu með þess konar tilraunir, þeir staðir þrífast ekki og geta hvorki lifað nè dáið. En hvað Skeljavík sèrstaklega snertir, þá virðist oss áminnzt ákvörðun

frumvarpsins eiga þar mjög illa við, eins og vèr höfum hèr að framan sýnt og sannað.

Samkvæmt öllu framanskrifuðu verður það samhuga álit vort, að þingið riti vorum allramildasta konúngi bænarskrá og biði hann að frumvarp þetta verði gjört að lögum þannig breytt:

> Það skal frá 1. degi janúarmán. 1862 vera fastakaupmönnum og lausakaupmönnum heimilt, að verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands, og byggja þar eina eður fleiri fastar sölubúðir.

Reykjavík, 8. dag júlímán. 1861.

Ásgeir Einarsson, framsögumaður. *Indriði Gíslason.* *Páll Melsteð,* skrifari".

Framsögumaður (Ásgeir Einarsson): Eg skal leyfa mèr að skýra það í nefndaráliti þessu, sem þingmönnum er ekki áður kunnugt. 1859 var það sagt hèr á þinginu, að það væri ólíklegt, að skip kæmist fremur vegna ísa inn á Steingrímsfjörð en inn á Reykjarfjörð, eg var á gagnstæðri meiníngu, en hafði þó engar skriflegar eða áreiðanlegar sannanir fyrir mínu máli. Í fyrra, þegar bjargarskortur var orðinn í Strandasýslu, fóru margir til Ísafjarðar og nokkrir til Stykkishólms til að sækja korn, því þá var bæði matvörulaust á Reykjarfirði, eins og optar, og hafís svo mikill þar, að ekki varð komizt út úr firðinum á opnum skipum. Af uppdrætti Íslands má sjá, hver örðugleiki var á þessu, þar sem til beggja staðanna var yfir land og sjó að sækja ærið langa og örðuga vegi. Símonsen lausakaupmaður, sendur frá Gróssera Knudtzon, kom loksins og ætlaði þá að fara inn á Reykjarfjörð og láta þá, er við hann ætluðu að verzla, taka þar út kramvöru, en þúngavöruna ætlaði hann að flytja til þeirra á Steingrímsfjörð, en hann komst ekki inn á Reykjarfjörð vegna ísa. Ætlaði hann þá til Skagastrandar, en fèkk mótvind, svo hann komst ekki þangað, tók hann þá það ráð, að leita til Steingrímsfjarðar, en þegar til hans sást, kom leiðsögumaður móti honum, svo Símonsen komst á góða höfn á Steingrímsfirði. Þegar hann var þar kominn, vildu landsmenn verzla við hann, og kaupa af honum kram, en hann þorði ekki leyfislaust að selja það. Nú var sent til amtmanns til að fá leyfi, en það fèkkst ekki. Loksins fengu menn vörur þær, sem leyft er að verzla með í opnu brèfi af 9. maí 1854, en aðrar vörur urðu menn að sækja á Borðeyri. Tilfelli það, sem hèr ræðir um, sýnir, að það getur að borið, að komizt verði á Steingríms-

fjörð, þó ekki verði komizt á Reykjarfjörð, enda kom það sèr vel, að Símonsen komst þangað í þetta sinn, því innbúar Árneshrepps (hvar Reykjarfjarðarverzlunarstaður er) voru komnir í dauðann af bjargarskorti, en enga lífsbjörg var að fá á Reykjarfjarðarverzlunarstað, en fólkið varð að leggja sèr til munns hákall upp úr kösunum og sjóða hann ásamt öðru óæti. Tóku þá aumingjar þessir það ráð, að brjótast inn yfir Trèkyllisheiði, bæði gangandi og með hesta, og bera á þeim um hálfa bagga, en sjálfir báru sumir lítið, en þetta varð þó mörgum til lífsbjargar. Eg þarf ekki að segja þessa sögu lengri, því amtmaðurinn í Vesturamtinu fèkk greinilegar skýrslur um þetta.

Hvað því viðvíkur, er ástæður frumvarpsins benda til, að amtmaðurinn í Vesturamtinu hafi óttazt, að ekki yrði byggt á Skeljavík vörubúð heldur en á Borðeyri eða Sauðárkrók, þá hafði hann ekki neina vissu fyrir því, að þar yrði byggt, meðan staðurinn var ekki fullkomlega löggildur, en stjórnin hefir verið búin að taka þessa nýju stefnu, og því er það ekki tiltökumál, þó hún komi nú með þessa uppástúngu í frumvarpi sínu; stjórninni hefir þótt hún svo góð, að hún hefir ímyndað sèr, að þíngið mundi fallazt á hana, en nefndin sýnir, að hún getur ekki fallizt á slíkt, nema ef fella ætti málið alveg, því hún gjörir að eins illt verra. Þó Reykjarfjörður nú sè löggilt kauptún, þá var þar svo mikill vöruskortur næstliðið vor, að menn drápu brúkunarhesta sína til bjargar sèr, og gott er, ef ekki hafa einhverir dáið af harðrètti, en engi matbjörg var í kaupstaðnum. Ef menn mæla nokkuð í móti þessu máli, þá vona eg, að þeir komi með gildar ástæður, og sè ekki að gamni sínu að reyna til að spilla fyrir þessu lífs- og velferðarmáli bjargarlausra aumingja, og hjálpi ekki frumvarpinu til að gjöra út af við þá. Stjórnin hefir nú að undanförnu fengið skýrslur um bágindin úr Strandasýslu, og eg vil spyrja, hvað ætli menn segði, ef stjórnin veitti enga áheyrn bænum manna, sem þíngið hefir meðferðis hèrna af Suðurlandi? Ætli mönnum þætti það ekki hart? en biðin á því, að löggilda verzlunarstað á Skeljavík getur þó orðið fullt eins afleiðíngaslæm, ef hafísaár vill til þegar á næstkomanda vori, og er þó þessi bæn ekki útlát fyrir stjórnina, og þó eru fáir eins illa staddir í Gullbríngusýslu og í Strandasýslu. Þó sumir kunni að efast um, að kaupstaðarpláss á Skeljavík verði notað til að byggja þar hús, þá álít eg það miklu líklegra, að það verði notað, en ekki. Eg vildi, að útgjört yrði um þetta mál sem allra-

fyrst, því biðin er mjög hættuleg, eins og eg hefi áður sýnt, því af slíku getur svo farið, að menn verði fram eptir öllu sumri bjargarlausir í nyrðra hluta Strandasýslu, af því að ekkert skip getur komizt inn á þenna lögskipaða kaupstað, Reykjarfjörð, því þó Hildebrandt kaupmaður vildi senda kornvörur þángað, þá er honum það ef til vill ómögulegt vegna þess, að þar verður ekki komizt fyrir ísum, eins og varð í fyrra vor. Það er illt, að engar skýrslur eru komnar frá amtmanni um þetta mál, en eg vona, að þíngmenn trúi mèr til þess, sem eg hefi skýrt frá, og held eg, að eg verði svo að láta vera úttalað um þetta mál, þangað til eg heyri mótmæli þíngmanna móti því.

Konúngsfulltrúi: Þó eg engan veginn vili spilla fyrir þessari bænarskrá eða nefndarálitinu, sem nú var lesið upp, því síður sem mèr er kunnugt, að amtmaðurinn í Vesturumdæminu hefir mikið mælt fram með henni, skal eg þó leyfa mèr að leiða athuga þíngsins að því, að nefndarálitið fer nokkuð í aðra stefnu, en frumvarp stjórnarinnar að því leyti, að stjórnin vill, að verzlunarhús fyrst verði byggð við Skeljavík, áður en allir fái að verzla þar, en nefndin vill þar á móti, að strax verði leyft að verzla þar bæði af föstum kaupmönnum og lausum. Eg er hræddur um, að stjórnin muni naumast falla frá þessari skoðun sinni, því síður, sem hún virðist á góðum rökum byggð. Tilgangur eða augnamið nýrra verzlunarstaða hèr í landi er augsýnilega sá, bæði að gjöra hlutaðeigendum hægra fyrir að nálgast nauðsynjar sínar úr kaupstaðnum, og líka að tryggja vörubyrgðirnar á vetrum. Hinu fyrra atriðinu er borgið með flutníngaleyfinu, sem föstum kaupmönnum er veitt með opna brèfinu frá 9. maí 1854, en fyrir vörubyrgðunum að vetrinum til er ekki betur sèð, en áður, þó leyft sè að stofna ný kauptún, ef ekki líka er byggt á staðnum, því þá verður þar einúngis sumarverzlun, eins og nú á sèr stað á Borðeyri og ef til vill Þórshöfn, það er sjálfsagt, að lausakaupmenn geta ekki notað flutníngsleyfið, ekki keppt um verzlanina á slíkum stað á meðan, en það er heldur ekki næg ástæða til þess að gjöra þeim jafnrètti við fastakaupmenn, sem leggja hèr fè til opinberra þarfa, veita mörgum atvinnu og hafa yfir höfuð vörubyrgðir að vetrinum til, þegar mest er þörfin, en lausakaupmenn þar á móti eru eins konar farfuglar; þegar þeir eru búnir að verzla, þá fara þeir óðara aptur í burtu og eiga sjaldan eptir skuldir hjá landsmönnum, en föstu kaupmennirnir eiga opt mikið útistandanda fyrir vörur þeirra hjá landsmönnum, þeir standa því

ekki jafnt að og lausakaupmenn. Sè nú svo, að Skeljavík liggi vel við verzlun og þar sè nokkur vöruafli fyrir, þá eru full líkindi til bæði að föstu kaupmennirnir flyti hlutaðeigendum nauðsynjar þeirra og sæki aptur vörurnar, sem þeir hafa og búið er áður að semja um, og líka má fullyrða, að einhver muni verða til þess, að taka þar upp fasta verzlun sem allrafyrst, og þá geta allir komizt að, og því sè eg ekki betur, en að þingið gjöri rèttast í því, að aðhyllast frumvarpið, eins og það liggur fyrir frá stjórninni.

Framsögumaður: Eg verð að segja það, að mèr þóttu ekki ástæður *konúngsfulltrúa* sterkar á móti nefndarálitinu, en það er náttúrlegt, að hann reyni til að halda fram skoðun stjórnarinnar. *Konúngsfulltrúi* minntist á þetta opna brèf frá 1854, en það er svo opt búið að tala um það, að eg ætla að sleppa því núna; *konúngsfulltrúinn* hèlt, að ekki mundu vetrarbyrgðir verða meiri, þó Skeljavík yrði löggilt kauptún, og að hagnaðurinn af verzluninni við lausakaupmennina mundi ekki vera mjög mikill, en eg held, að það sè hægt að sýna það, að það er eins hagnaðarsamt að fá góða prísa hjá lausakaupmönnum í kauptíðinni, og menn græða á sveitarútsvari faktóranna og veru þeirra hèrna á veturna, meðan þeir eru að pilla út brennivíninu sínu, sem þeir eru optast byrgastir af. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* vill fylgja þessari nýju uppástúngu stjórnarinnar, sem hann kallar grundvallarreglu hennar, en eg veit ekki, eptir hvaða grundvallarreglu á að byggja verzlunarhúsin, áður en verzlunarleyfið er fengið, og staðurinn er löggiltur verzlunarstaður; eg held, að þessi grundvallarregla sè ný hèr á landi, ef hún er til í heiminum. Mèr finnast því ástæður *konúngsfulltrúa* mjög veikar, en það er sannast bezt að segja, að hann vantar ekki viljann til þess að halda uppi skoðun stjórnarinnar.

Halldór Kr. Friðriksson: Skoðun mín á þessu máli er alveg hin sama og 1859. Eg held ekki, að meiri verði vörubyrgðir í Strandasýslu fyrir það, þótt lausakaupmenn fái leyfi til að verzla einn mánuð á Skeljavík, því að þeir geta eigi lagt þar upp óseldar vörur sínar, að minnsta kosti meðan þar er engi verzlunarbúð. Þar sem *framsögumaður* sagði, að eigi væri auðið að komast inn á Reykjarfjörð vegna ísa, þótt menn gæti komizt inn á Steingrímsfjörð, og kom með dæmi upp á það, þá var þetta dæmi svo einstaklegt, að það er ekki þess vegna nein ástæða til að gjöra Skeljavík að löggildu kauptúni. Það er alveg á móti minni hugsun, að tveir verzlunarstaðir geti þrifizt í Strandasýslu, þó eg játi það, að

það sè hægra fyrir meira part sýslunnar að sækja á Skeljavík til verzlunar en á Reykjarfjörð, það verður óhagnaður fyrir Árneshrepp, en hægra fyrir nokkra hreppa. Það getur líka verið, að nokkrir sæki þángað til verzlunar úr Barðastrandarsýslu og Dalasýslu, en þó held eg, að verzlun á Skeljavík verði Dalasýslubúum að litlu liði. Það versta við það, að gefa leyfi til verzlunar á hverjum vogi og hverri vík er það, að verzlunin verður öll á reiki, en eg ætla að láta þingið vera sjálfrátt um það í þessu máli, hvað það gjörir, einúngis finnst mèr niðurlagsatriði nefndarinnar ekki rètt hugsað, þar sem fastakaupmenn og lausakaupmenn eru settir þar undir eitt, báðum leyft að verzla frá 1. janúar 1862 og að byggja eina eður fleiri fastar sölubúðir; það er eins og nefndin hafi hugsað, að lausakaupmenn gæti verið undir eins lausakaupmenn og fastakaupmenn mig undrar það, að þetta skuli standa svona í niðurlagsatriðinu, því þetta hefir víst ekki verið tilætlun nefndarinnar, og sè eg, að þessu má viðhjálpa með því að skjóta inn í »og skal fastakaupmönnum heimilt« að byggja þar eina eða fleiri fastar sölubúðir, og vil eg skjóta því til nefndarinnar, hvort hún ekki vill breyta niðurlagsatriðinu í þessa stefnu.

Framsögumaður: Nefndin tók sèr þá reglu, að ríngla sem minnst við frumvarpinu, og skaut því að eins þessu orði »lausakaupmenn« inn í frumvarpið, og vona eg allir heilvita menn sjái, að þessi skilníngur niðurlagsatriðisins kemur þá af því, hvernig frumvarp stjórnarinnar var orðað, en það er óþarfi að vilja misskilja niðurlagsatriðið, því þegar lausakaupmenn vilja byggja, verða þeir fastakaupmenn. Annars þakka eg nefndarinnar vegna fyrir allar þær athugasemdir, sem geta orðið til góðs fyrir málið; líka þótti mèr þíngmaður Reykvíkínga fara hægra, en eg átti von á. Því, sem hann sagði, að vörubyrgðarleysið mundi verða jafnt eptir sem áður, er svarað í nefndarálitinu og vil eg ekki vera að lengja umræðurnar með því að vera að taka það upp aptur. Hann sagði, að Árneshreppur hefði mestan óhag af því að Skeljavík yrði löggiltur verzlunarstaður, og hafði það á móti uppástúngu nefndarinnar, en það er þá æði merkilegt, að einmitt þeir, sem búa í Árneshrepp, biðja kröptugast um, að Skeljavík verði kauptún, þeim varð það líka í fyrra vor til lífsbjargar, að skip komst þá á Steingrímsfjörð, eins og eg hefi áður getið um.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst, eptir því sem niðurlagsatriði nefndarálitsins er orðað, að þar sè reynt til að smeygja inn í verzl-

unarlögin annari grundvallarreglu, en þeirri sem hingað til hefir verið fylgt, þar sem nefndin sýnist að vilja gjöra fastakaupmönnum jafnt undir höfði og lausakaupmönnum og láta þá standa jafnt að vígi til verzlunar. Þetta er einmitt það sama og farið er fram á í 2 bænarskrám, sem standa á dagskránni í dag, þar sem beðið er um, að lausakaupmenn megi verzla um lengra tíma á hverjum stað, en þeim er leyft í verzlunarlögunum. Þetta finnst mèr nokkuð óviðfelldið, því eg vil gjöra þó nokkurn mun á þeim kaupmönnum, sem eru hèr fastir sumar og vetur, og lausakaupmönnum, sem koma hingað að eins snöggvast til verzlunar. Föstu kaupmennirnir byggja hèr hús og hafa marga menn í brauði sínu, borga mörg gjöld, sem hinir eru lausir við, og hafa vanalega allan veturinn þarfavöru; því þó kaupmennirnir í Strandasýslu ekki hafi byrgðir af öðru á veturna en af brennivíni, þá hafa þeir samt fleira og þarfara á öðrum verzlunarstöðum á Norðurlandi. Eg vil því, að þingið athugi það vel, hvort það er ástæða til þess að breyta lögunum, til þess að gjöra lausakaupmönnum jafnt undir höfði og fastakaupmönnum.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg verð að vera samþykkur þessu nefndaráliti, því mèr þykir sjálfsagt að mæla með því, að landsmenn fái að verzla á þeim stöðum, sem þeir sjálfir sjá sèr hagkvæmast, og eg veit ekki, hvað stjórnin getur sèð í því að vera nokkuð á móti því, eða að vera að binda það við viss skilyrði, t. a. m. að þar sè byggð hús; hagur landsmanna er ekkert kominn undir því, og ekki heldur kaupmanna, þetta gjörist sjálft með tíðinni, ef verzlun þar vill svo lagast, annars ætti lögin ekki að vera svo löguð, að þau fyrirmuni mönnum að skipta saman á hverjum þeim stöðum, sem bezt getur komið landsbúum í hag, en hvað viðvíkur lausakaupmönnum, þá vita það allir, að vera þeirra er lögum bundin, og befir nefndin ekkert hreift við þeim, og ætlast víst ekki til, að þeim lögum sè þessa vegna neitt breytt.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að vera langorður um athugasemd þingmannsins úr Norður-Þingeyjarsýslu, því það er hvergi í nefndarálitinn farið út í sambandið milli fastakaupmannanna og lausakaupmannanna, nefndinni datt ekki í hug með því að orða niðurlagsatriðið þannig, að gjöra neina breyting á verzlunarlögunum, heldur vildi hún einmitt, að uppástúnga sín yrði nokkurs konar áframhald af þeim, og tek eg með þökkum við öllum athugasemdum og leiðbeiningum þingmanna, er miða til þess að uppástúngan

verði sem bezt orðuð. Hann talaði um vörubyrgðir í Norðurlandi, og kann það vel að vera, að þær hafi verið á Akureyri í vetur, en var það ekki meðfram að þakka því, að einn lausakaupmaðurinn gat ekki selt vörur sínar, og lagði þær upp á Eyjafirði, en á Skagaströnd voru engar vörubyrgðir og Húnvetníngar hefði mátt deyja af bjargarskorti, hefði þeir ekki sótt nauðsynjar sínar á Eyjafjörð, en slíku verður ekki ætíð við komið. Eg vona, að menn sjái hvergi í nefndarálitinu, að það hafi verið vili nefndarinnar að gjöra lausakaupmönnum hærra undir höfði en fastakaupmönnum, heldur vildi nefndin einmitt í þessu fylgja sömu grundvallarreglu og áður hefir verið gjört í samkynja málum.

Indriði Gíslason: Eg held, að eg geti lítið upplýst í þessu máli, frekara en búið er, og því síður sannfært þíngmenn, sem móti mæla, ef þeir skyldi hafa tekið það fyrir sig að vilja ekki sannfærast, að minnsta kosti treysti eg mér ekki til þess, það hefir verið fundið að niðurlagsatriði nefndarálitsins, að það vili hlynna að lausakaupmönnum, en það er hvergi í nefndarálitinu talað um að lengja verzlunartíma lausakaupmanna, eins og ekki heldur er talað um það í frumvarpi stjórnarinnar; eg veit líka það, að notin af uppsiglíngarleyfinu til verzlunar á ýmsum stöðum, svo sem Borðeyri og Sauðárkrók, hafa verið alveg gagnstæð notunum af verzluninni á þeim föstu verzlunarstöðum, sem ekki hafa annað en nafnið tómt. Mér verður að sýnast það miklu eðlilegra að reyna fyrst staðina, hvort þeir liggja hentuglega til verzlunar, áður en menn byggja þar hús, en að byggja húsið fyrst, áður en menn hafa fengið reynslu fyrir því, hvort verzlun geti þrifizt þar eða ekki, og þegar litið er til föstu verzlunarinnar, þá finnst mér það miklu óhentugra, að nógar byrgðir sè til á þeim tíma árs, þegar prísar eru verstir, en þegar þeir eru beztir, en á Reykjarfirði eru aldrei neinar vörubyrgðir, en kaupstaðarnafnið tómt er til lítils gagns fyrir landsmenn.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að leyfa mér að gjöra breytíngaratkvæði við niðurlagsatriði nefndarinnar í þá átt, sem eg ímynda mér að meiníng nefndarinnar hafi verið. Nefndin hefir víst einúngis ætlað sèr að víkja frá því í frumvarpi stjórnarinnar, sem er nýmæli, þar sem hún setur þann skilmála, að sölubúðir skuli byggja á verzlunarstaðnum, áður en lausakaupmenn megi verzla þar. Þessi skilmáli er óþarfur, því reynslan hefir sýnt, að ýmsir staðir, sem leyfð hefir verið verzlun á, hafa náð tilganginum með löggildíngunni, þó engi sölubúð hafi verið sett þar, því að margir lausa-

kaupmenn hafa verzlað þar og þar hefir verið mikil verzlun. Eg skal nefna til dæmis Borðeyri og Sauðárkrók. Ef menn sleppti nú skilmálanum úr frumvarpsgreininni, þá yrði hún þannig: »það skal frá 1. *degi* janúarmánaðar 1862 vera fastakaupmönnum heimilt að setjast að og verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands, með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desembermánaðar 1836. Einnig mega frá ofangreindum degi innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem á er kveðið í nefndu lagaboði og í lögum 15. aprílm. 1857 3. gr.«. Þannig verður frumvarpsgreinin, þegar sleppt er úr skilmálanum: »og eptir að búið er að byggja þar eina eða fleiri fastar sölubúðir, sem verzlað er í«. Það er að sjá af ástæðunum, sem stjórnin haldi ekki fast við þenna skilmála, og ef því uppástúngan væri þannig orðuð, eins og eg nú stakk upp á, þá væri engi breytíng gjörð á gildandi verzlunarlögum. Frumvarp stjórnarinnar er, eins og það er komið frá henni, þannig orðað, að það getur valdið misskilníngi. Þar segir: »þó mega einnig *frá ofangreindum degi* innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar« o. s. frv. Sá í frumvarpinu »*ofangreindi dagur*«, hlýtur að vera 1. dagur janúarmánaðar, en stjórnin hefir auðsjáanlega meint þann dag, þegar þar væri komin ein eða fleiri fastar sölubúðir, sem verzlað er í, en eptir því sem frumvarpið er orðað, verður það ekki skilið svo. Þegar stjórninni ekki hefir tekizt að orða frumvarpið heppilegar en svona, þá er nefndinni vorkun, þó henni hafi ekki tekizt betur á uppástúngu sinni. Eg ætla mèr nú að gjöra breytíngaratkvæði við uppástúngu hennar þannig orðað, er eg tók fram áðan, og samkvæmt því, sem eg ímynda mèr að meiníng nefndarinnar sjálfrar hafi verið.

Björn Pètursson: Þíngmaður Borgfirðínga hefir tekið einmitt það fram, sem eg vildi hafa sagt, og betur en eg hefði getað gjört það.

Pètur Pètursson: Eg get sagt það sama og þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu, að eg álít, að það, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði, sè sá eini vegur til þess að hjálpa við nefndarálitinu, og mèr sýnist, að maður eigi vegna hins sèrstaklega ásigkomulags í Strandasýslu að gefa nefndarálitinu og máli þessu allan mögulegan gaum.

Guðmundur Brandsson: Það má segja töluvert um þetta mál, bæði með og mót. Í einu eru bæði stjórnin og nefndarálitið samdóma, þó hvort fari í sína áttina í öðru; þau mistreysta því, að verzlunarhús verði byggð við Skeljavík; stjórnin mistreystir því af

þeim ástæðum, sem teknar eru fram við frumvarp hennar, og vill þess vegna sjá, að þessi hús verði byggð, áður en þar verður löggiltur verzlunarstaður. Nefndin mistreystir því líka; það sèr maður af stefnu hennar, og því vill hún fá stað þenna löggiltan án þessa skilyrðis; að Reykjarfjörður leggist niður fyrst og flytist svo kaupstaðarhúsin þaðan til Steingrímsfjarðar, er mjög hæpið á að ætla, og nefndin álítur, að ekki sè rètt að bíða eptir þessu, þar sem bráða þörf Strandasýslubúa sè mest að meta. Hvort rèttara sè, er bágt fyrir ókunnuga að segja, því eitt á við á þessum staðnum og annað á hinum. Ef t. d. hvorki væri verzlun í Hafnarfirði nè á Eyrarbakka og ekkert verzlunarhús á hvorugum staðnum og leyfð væri verzlun þar með þeim skilmála, að fyrst væri byggt þar eitt eða fleiri verzlunarhús, þá er eg sannfærður um, að einhver mundi nú þegar verða til að byggja í Hafnarfirði en líklega engi á Eyrarbakka. Menn mega ekki dæma vetrarbyrgðir í útkaupstöðum og meta þær eptir því, sem er hèr í Reykjavík; því hingað gengur póstskipið hreint fram á vetur, og geta menn með því fengið bætt úr skorti þeim, sem kann að vera orðinn hèr á vörum á haustin. Menn verða því að trúa kunnugum mönnum, þegar þeir segja, að vöruskortur sè vanalegur haust og vetur á Reykjarfirði og í fleiri útkaupstöðum norðan- og vestanlands; það hentar ekki að heimta, að sölubúðir sè fyrst byggðar á Steingrímsfirði, því það er búið að sýna fram á, að sú bið verður of löng fyrir þá, sem helzt er ætlazt til að gagn hafi af verzluninni þar, og lítil líkindi eru til, að kaupmaðurinn á Reykjarfirði fari nú þegar að rífa hús sín þar og flytja þau til Skeljavíkur. Það hefir verið sagt, að búið væri að byggja verzlunarhús á Borðeyri, og að það muni bráðum verða notað, en það sýnist mèr vera komið undir því, hver það hefir byggt, því ef kaupmaður einhver hefir byggt það, þá geta menn búizt við því, að hann verzli þar bráðum, en ef það ekki er kaupmaður, þá kann þess verða lengra að bíða, að það verði brúkað fyrir verzlunarhús, og er þá óvíst á að ætla, hvenær slíkt hús verður þar byggt. Að öðru leyti finnst mèr það ósamkvæmni af þinginu, ef það gjörði nú nokkra breytíng á því, sem það samþykkti með atkvæðafjölda á síðasta þingi, og því sýnist mèr það ætti að fara með mál þetta í sömu stefnu og það þá gjörði.

Jón Hjaltalín: Eg get ekki verið neinum þingmanna samdóma í þessu máli, nema hinum heiðraða þingmanni Norður-Þingeyinga, því þessi uppástúnga er ekki til annars en að ónýta lögin

af 15. apríl 1854, og ef vèr samþykkjum þetta, sem nefndin hefir stúngið upp á, þá mun koma stormur af bænarskrám inn til þíngsins, eg veit ekki af hvað mörgum víkum; mèr sýnist rètt að halda sèr til stjórnarfrumvarpsins, sem ekkert verulegt verður á móti haft, og yfir höfuð er það alveg ófært að ónýta lög, sem samþykkt voru fyrir 6 árum; það er von, þó Danir segi, að við vitum ei, hvers biðja ber; það er ekkert spaug að vera löggjafi; menn mega ekki hlaupa umhugsunarlaust eptir bænarskrám, sem koma frá austri og vestri, frá Pètri og Páli. Mèr fundust ástæður þíngmanns Norður-Þíngeyínga góðar, og þær standa óhraktar enn. Föstu kaupmennirnir eru þó þeir einu, sem nokkurt gagn er í, því lítið gagn er að verzlun lausakaupmanna að minnsta kosti á sumum stöðum, þar sem þeim hefir verið leyft að verzla t. d. á Þórshöfn hèrna; hefir verzlunin verið þar meiri, síðan verzlunarleyfið var gefið? eða er nokkur verzlunarstaður á Borðeyri? eg veit ekki til, að þar hafi verið miklar vörubyrgðir á veturna; vörubyrgðir geta ekki verið nema kaupmennirnir hafi krapta, en þessum kröptum viljum við tvístra. Hvers vegna fóru menn í vetur úr Húnavatnssýslu til Akureyrar til þess að fá þar kornvöru, nema af því, að ekkert fèkkst á Skagaströnd, af því að það er ónýtur verzlunarstaður? Á nú að ónýta þann litla krapt, sem er á einstöku stöðum, með bænarskrám úr ýmsum áttum? Eg held ekki. Frumvarp stjórnarinnar er gott og samkvæmt lögum landsins.

Stefán Eiríksson: Mèr skildist af ræðu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, að hann væri í efa um, hvort verzla mætti á sjó við Papós (*Guðmundur Brandsson:* Nei); hann sagði þó, að ekki væri hægt að verzla á Eyrarbakka, nema þar væri búið; mikið satt, en það mun nú líka óvíða í kríngum landið eins vond höfn og þar, og það er þó víst allt öðru máli að gegna um Skeljavík; það sèr þó hver heilvita maður, að kaupmennirnir verða að verzla á staðnum, áður þeir fara að byggja, bæði til að kynna sèr skipalegu, innsiglíng og svo vörubyrgðir, svo mèr finnst þetta leyfi, sem gefið er í frumvarpinu, aldeilis sama sem ekkert ieyfi, og því álít eg, að nefndin hafi gjört rètt í að orða niðurlagsatriðin á þá leið, sem hún hefir gjört.

Guðmundur Brandsson: Eg stend nú að eins upp af bróðurlegum kærleika til hins 5. konúngkjörna þíngmanns, því mèr fannst hann vera orðinn mjög áttaviltur, og vildi eg leiða hann á rèttan veg; hann hèlt það væri Þórshöfn á Suðurnesjum, sem stjórn-

in meinar til, en það er ekki, heldur verður hann að fara lengra norður á bóginn; það er nú mjög lítil von til þess, að menn byggi verzlunarhús á ýmsum stöðum, áður en verzlun er leyfð þar, því flestum mun verða fyrst fyrir að verzla af skipum á þeim stöðum, sem eru lítt reyndir til verzlunar; menn verða líka að gæta að því, að ekki getur allt skapazt á einu ári, eins og menn hafa séð dæmin til, þar sem eru Sauðárkrókur, Þórshöfn og Borðeyri, því þó talsverð verzlun hafi verið þar í nokkur ár, síðan að þar fékkst leyfi til verzlunar, eru þar þó ekki enn nein föst verzlunarhús.

Páll Sigurðsson: Eg verð að vera nefndinni samdóma í þessu máli, því eg vil stuðla að því, að verzlun sé leyfð á þeim stöðum, sem liggja þannig, að verzlunarviðskiptin verða léttari fyrir landsmenn, og eg verð að biðja þá, sem halda fram þeirri reglu, að rígbinda verzlunina við aðalkaupstaðina, að gæta að því, að sú regla hefir ekki blessazt enn; mér sýnist líka eðlilegast að láta verzlunina leita fyrir sér sjálfa og lofa reynslunni að skera úr því, hvar réttast og hentugast sé að hafa kaupstaði, því það sýnist mér vera sú eina rétta mælisnúra. Þegar menn eru svo mikið að tala um að hlynna að hinum íslenzku fastakaupmönnum, þá væri eg ekki mikið á móti því, ef hér væri margir íslenzkir kaupmenn í þessa orðs réttu íslenzku þýðingu, en eg held, að þeir sé ekki víða á landinu, nema ef til vill, í Reykjavík; hinir eru flestir útlendir, setja sig hér niður snöggvast, eins og þegar kría sezt á stein; þjóta svo allt í einu suður til Danmerkur, þegar þeir eru búnir að koma dálitlum fæti undir sig, og veit eg ekki, hvort þessi aðferð þeirra og tilraunir manna til þess að hlynna að slíkum kaupmönnum, miða til þess að koma upp verzlunarstöðum hér á landi. Staður sá, sem nú er beðið um að gjörður verði að kauptúni, liggur undir norðurhjara heims, þar sem hafís opt bægir skipum frá að komast inn á hafnir; og þeir, sem bezt þekkja til, telja Skeljavík liggja bezt fyrir verzlun, ekki einúngis í Stranda-, heldur, ef til vill, Barðastrandar- og Dalasýslu, og held eg, að menn eigi að fara eptir því, sem kunnugir landsmenn álíta að bezt henti. Þó leyft sé að verzla á þessum stað, eru verzlunarlögin ekki brotin fyrir það, og verzlunimni á öðrum stöðum er engi hætta búin, ef þessi staður reynist óhentugur til verzlunar. Það hefir t. d. verið leyft að verzla á Dyrhólaey og á Krossvík, en þetta leyfi hefir ekki verið til neins skaða, því það hefir aldrei verið notað. Það hefir hér

lengi verið rembzt við, að koma upp stórum kaupstöðum hèr. Þeir komast ekki upp, nema menn leyfi verzluninni að hafa eðlilega rás.

Stefán Jónsson: Þó Sauðárkrókur ætti erfitt uppdráttar með verzlunarleyfið og ekki sè enn búið að byggja þar sölubúðir, þá hefir samt verzlunarleyfið þar verið til mikilla heilla, og eg veit, að bæði Húnvetníngar og Skagfirðíngar vildi fyrir engan mun missa það; því áður sóttu þeir margir á Akureyri, sem nú sækja á Sauðárkrók, og hefir þar verið mikil verzlun, því stundum hafa 6 lausakaupmenn legið þar í einu, og finnst mèr því ísjárvert að hindra það, að verzlun sè leyfð á þeim stöðum, sem hentugir eru fyrir landsmenn verzlunarstaðirnir þurfa ekki að fjölga fyrir það, heldur vilja menn einúngis reyna, hvar bezt sè að hafa þessa verzlunarstaði; til þeirra staða, sem bezt liggja við verzlun, dregst þá verzlunin frá þeim, sem liggja ekki eins hentuglega, en helzt, þar sem bezt er, og verð eg því að vera með því, að nefndarálitið fái framgang.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg mótmæli öldúngis hinum 5. konúngkjörna þíngmanni, að nefndin óski neitt eptir, að lögunum um lausakaupmenn sè breytt; líka tekur breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, sem menn munu líklega aðhyllast, af allan efa í þessu efni; að vörubyrgðir verði meiri, ef byggð eru þegar verzlunarhús, er ekki víst; hitt er meira skilyrði fyrir vörubyrgðum, að siglíng komi á sumrin næg á þá staði, sem landsmenn eiga hægast með að ná til, því það er sumartíminn, sem menn þurfa að hafa til þess að byrgja sig undir veturinn, og þær eru vörubyrgðirnar drjúgari, að þær sè þá heima hjá bændum, heldur en í þessum búðum uppsettar á stöku stöðum, því engi kostur er að verða að hafa þessar vetrarferðir. Bæði fastakaupmenn og lausakaupmenn ætti því vegna laganna að hafa á sumrin frjálsan aðgang að verzla þar við landsmenn, sem hentugast er, og um það vil eg biðja stjórnina; því eg held það sè engi kross fyrir hana að veita það leyfi; eg veit ekki, hvern hag hún getur sèð við það, að vera að trafala lífsbjargarútvegi alþýðunnar hèr á landi.

Björn Þórsson: Eg vildi einúngis leyfa mèr að vekja athygli þíngsins á einu atriði í ástæðum stjórnarinnar fyrir þessu skilyrði, sem hún hefir sett fyrir verzlunarleyfinu á Skeljavík, af því hvorki nefndarálitið eða þíngmenn, sem hafa talað fyrir því, hafa berlega hrakið það. Stjórnin er sumsè hrædd um, að verzlunin á Reykjarfirði kunni að eyðileggjast án þess nokkurt kauptún

verði byggt á Skeljavík. Ef nokkuð væri að óttast fyrir þessu, þá finnst mèr það veruleg ástæða, því eg get ekki annað en álitið það mjög óhappalegt, ef Reykjarfjörður eyðilegðist og engi fastur verzlunarstaður kæmi í staðinn. Þó þíngmanni Mýramanna þyki gott að eiga allt undir lausakaupmönnum, þá álít eg það ekki hollt, því þeir eru ætíð óvissari.

Framsögumaður: Nefndin tekur til þakka með öll breytingaratkvæði, sem miða til góðs. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að bæði stjórnin og nefndin væri hrædd um, að ekki mundi verða byggðar sölubúðir á Skeljavík; það getur verið, að stjórnin sè hrædd um, að þær verði aldrei byggðar þar, en nefndin var að eins hrædd um, að þær yrði ekki byggðar þar svo snemma, að verzlun gæti orðið þar í vor eða að sumri komanda, en reynslan er búin að sýna, hvílíkur hnekkir það getur orðið fyrir landsmenn, að svo seint gengur að fá leyfi þetta og leysa bönd einokunarverzlunarmannsins, sem reiðir Reykjarfjörð, einkum ef hafísár vill til að vorinu, og eg verð að biðja menn að gæta að því, að það getur kostað líf margra manna, ef löggildíng þessi ekki fæst fyrir næsta vor; að þar verði ekki seinna byggð sölubúð, er eg ekki hræddur um, því eg þekki einn kaupmann, er vildi fá lóð þar og byggja verzlunarhús, ef hann hefði fè til þess. Einn þíngmaður var hræddur um, að ef þetta verzlunarleyfi fengist, mundi ef til vill verzlunarhúsin á Reykjarfirði verða rifin niður, áður en kaupstaður kæmist upp á Skeljavík, og sýslan þannig verða kauptúnslaus; en eg er ekki hræddur um það, að húsin yrði rifin niður á Reykjarfirði, meðan engi væri komin á Skeljavík. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður vildi rífa allt þetta mál niður og sagði, að það væri til einkis; en má eg spyrja hann: er Reykjarfjörður þá til nokkurs? Er hann ekki eins og 0, þó það sè fastur verzlunarstaður, þegar engi eru matvæli þar, þegar mest þarf á að halda? Eg verð að biðja menn, sem eru ókunnugir í Strandasýslu, að bera ekki Reykjarfjörð saman við Reykjavík, og þó hafa menn kvartað hèr og skrifað stjórninni um hjálp, og það af góðum ástæðum. Þíngmaður Norður-Þíngeyínga sagði, að það tvístraði kröptunum, ef kauptúnin fjölguðu, en þetta er ekki rètt skilið, því þangað dregst verzlunin, sem vörur eru fyrir; það er fleira, sem dreifir verzluninni. Í vor og vetur hefir fiskur brugðizt hèr og fènaður fallinn í sveitinni sunnanlands að undanförnu; hvað ætti nú Reykjavíkurkaupmenn að gjöra við vörur sínar og hvað gjörðu þeir? Þeir sendu vörurnar

híngað og þangað í allar áttir, þar sem verzlun er leyfð lausakaupmönnum, en á Skeljavík hafa kaupmenn verið klagaðir fyrir að hafa selt þar kramvöru. Eg vona, að hinn 5. konúngkjörni þíngmaður haldi ekki fram skoðun sinni, heldur styði mig til þess að fá fram, það sem eg hefi betri þekkíngu á en hann, og eins vil eg einnig gjöra í þeim málum, sem hann þekkir betur til en eg, og liggur mest á hjarta að fái framgang.

Jón Hjaltalín: Eg ber mikla virðíng fyrir þíngmanninum úr Strandasýslu, því hann fylgir fast fram sannfæríngu sinni og hefir sannarlega mikið til síns máls, þar sem hann hefir upplýst, að Steingrímsfjörður sè betri höfn en Reykjafjörður, er opt er lokaður hafísum, því þetta er mikil ástæða með Steingrímsfirði og ætla eg mèr því að fallast á breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, því það raskar lítið frumvarpi stjórnarinnar, en það er ekki satt, að eg hafi talað á móti nefndarálitinu, af því eg vildi halda fast við verzlunareinokunina, heldur af því að það er á móti reglum allra siðaðra þjóða að leyfa verzlun á hverri vík og hverjum vogi; almenn reynsla þjóðanna hefir sýnt þeim, að það er skaði en ekki hagnaður að því að leyfa þetta, og reynslan mun sýna hið sama hjá okkur. Þíngmaðurinn úr Strandasýslu sýndi, hversu illa væri komið fyrir okkur, af því að hèr væri ekki vörur fyrir hjá landsmönnum, svo að vèr gætum ekkert fengið vegna flakks kaupmannanna, en eg verð að segja honum það, að það er hèr meiri ull til, þó hann segi fènað fallinn, en sem nemur kornvörum þeim, sem hèr hafa verið hjá kaupmönnum; en menn mega vara sig á því, að skaða ekki annað mál með því að halda einu fast fram, og menn eiga varlega að ganga á móti reynslu annara; samt vil eg nú ástæðna vegna í þessu tilfelli fallast á breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga.

Framsögumaður: Það er ekki margt, sem er athugavert í ræðum þíngmanna, svo eg get verið því fáorðari. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að menn ætti að fara eptir reynslu annara landa; það er satt, þegar hèr stendur eins á og í þeim, en að því er verzlun snertir, er hèr allt öðruvísi ástatt. Þar á bezt við að hafa þessa Centralverzlun, og menn hèldu líka, að hún væri bezt hèr, ef henni yrði við komið, en reynslan er búin að sýna það, að hún getur ekki átt sèr stað hèr, að svo komnu. Því þetta land liggur svo langt burtu frá aðallöndum verzlunarinnar. Aðalgallinn er, að menn geta ekki bundið kaupmenn hèr til að setjast að í landinu, heldur verða þeir að hafa hèr fulltrúa sína; mèr sýn-

ist því, að menn eigi að giöra allt, sem menn geta, til þess að hæna kaupmenn að landinu, eins og bent er til í nefndarálitinu. Þar sem sá 5. konúngkjörni sagði, að hèr væri nóg ull, svo að kaupmenn hefði ekki þess vegna þurft að senda vörur sínar burtu, þá er eg viss um, að þeir hefði ekki gjört það, ef nógar vörur hefði verið fyrir; hann hèlt, að fólk hèr yrði illa farið af vöruskorti vegna þessara speculantstúra verzlunarmanna hèr, en eg get ekki óttast slíkt, verði eitthvað til að borga með af hendi landsmanna. Gufuskipið fer nú allt af hèrna á milli, og þó að hèr verði skortur á matvöru, þá þarf hann ekki að standa nema svo sem mánaðartíma, þangað til að gufuskipið kemur aptur, það er munur á þessu eða þar sem menn geta ekki farið í kaupstað, nema einu sinni á ári. Menn verða að láta sèr umhugað um, að kaupmenn fari ekki á höfuðið, en til þess þarf verzlunin að vera sem frjálsust, og þetta hafa Englendíngar sèð, og hafa því allt af þokazt nær því, að hafa verzlunina sem frjálsasta.

Forseti: Þar eð 8 þíngmenn hafa beðið um, að umræðunum um þetta mál skyldi lokið, skal eg láta það ganga til atkvæða þíngmanna.

Var það síðan samþykkt með 22 atkvæðum.

Forseti: Undirbúníngsumræðunni um þetta mál er þannig lokið, og skal eg biðja þá þíngmenn, sem hafa áskilið sèr breytíngaratkvæði, að koma þeim til mín í seinasta lagi í kveld.

Koma þá næst á dagskránni málefni þau, sem að líkindum verður vísað til þegar settra nefnda, og er þá fyrst bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu um stjórnarbót; flutníngsmaður hennar er hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þíngeyínga, og vil eg gefa honum á vald, hvort hann vill mæla nokkuð bænarskránni til flutnings, eða hann vill láta sèr lynda, að henni verði vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, sem þegar er kosin.

Sveinn Skúlason: Eg gjöri mig ánægðan með, að henni sè vísað til nefndarinnar.

Þá var bænarskráin afhent formanni þeirrar nefndar, þíngmanni Borgfirðínga.

Sömuleiðis var bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu, um fiskiveiðar útlendra, með samþykki flutníngsmanns hennar, þíngmanns Norður-Þíngeyínga, vísað til nefndarinnar, sem þegar var sett í því máli, og bænarskráin afhent formanni nefndarinnar, þíngmanninum úr Gullbríngusýslu.

Forseti: Kemur þá til *inngangsumræðu* og nefndarkosníngar bænarskrá úr Múlasýslum og Ísafjarðarsýslu *um breyting á verzlunarlögunum;* bænarskráin úr Múlasýslum fer nokkuð lengra en hin, og gripur yfir meira, svo eg verð að biðja þíngmanninn þaðan að flytja þetta mál, en það er sjálfsagt, að þíngmaður Norður-Þíngeyínga, sem er flutníngsmaður hinnar, getur fengið orðið, þegar hann óskar þess, og mælt það, er hann álítur þurfa, fram með bænarskrá Ísfirðínga.

Voru bænarskrárnar síðan afhentar þíngmanninum úr Suður-Múlasýslu, er las upp bænarskrána þaðan, þannig hljóðandi:

»Eptir að búið var með tilskipun 15. apríl 1854, að losa um þá þúngu fjötra, er legið höfðu á Íslendíngum svo öldum skipti í verzlunarviðskiptum við þá, er einir höfðu að mestu setið hèr fyrir verzlun við oss, hefir oss þó og mörgum öðrum þótt það miður hagkvæmt, og fremur ófrjálslegt í þessum yfir höfuð að tala ágætu verzlunarfrelsislögum, er lausakaupmönnum öllum er það þar fyrir lagt, að þeir ekki megi verzla lengur á sömu höfn en 4 vikur í senn, með því það leiðir af þessu skilyrði, að lausakaupmenn þeir, er híngað leita, verða optar að sigla á milli hafna, en þeir ella hefði þurft eða viljað, fyrst til að selja vörur, þeim er til þeirra sækja, og síðan til að taka í mót vöru skiptavina sinna á þeirri tíð, sem þeir fyrst geta fengið hana, en mega ekki vegna þess takmarkaða tíma, sem þeim leyfður er til verzlunar á hverri einstakri höfn, bíða í ró á sama stað, unz verzlunarviðskiptum við landsmenn er lokið. Gjörir því það lagaband, sem þeir nú eru bundnir, þeim sjálfsagt mikla tímatöf og tilfinnanlegan kostnað, og veldur því, að kaupin við þá geta ekki orðið eins góð, og fyrir hvoratveggja eins ákjósanleg og þau ella mundu hafa orðið, ef þeim væri leyft að verzla á hverjum stað svo langa og skamma stund, sem þeir sjálfir kysi, og þeir hentugast fyndi til eflíngar sem beztum og viðunanlegustum viðskiptum millum þeirra og landsmanna. Líkt er að segja um það skilmálaband, sem nú eptir sömu tilskipun hvílir á annara ríkja verzlunarmönnum, þegar híngað koma, að þeim er þá gjört að skyldu að koma fyrst á hina 6 ákveðnu aðalverzlunarstaði landsins, þótt þeir sjálfir kynni opt að kjósa sèr að mega fyrr koma einhverra hluta vegna inn á hina aðra löggiltu verzlunarstaði þess. Þó verður *þetta band* bæði þeim og landsmönnum sjálfum hvað *ónotalegast,* ef svo vill til, að á einhverjum

af þessum aðalverzlunarstöðum landsins er miklum mun minni aðsókn bæði af hèraðs- og fjarðamönnum, heldur en á einn eða fleiri hinna verzlunarstaðanna. Og einmitt þetta á sèr nú — það vèr vitum — einkum stað, hvað Eskifjörð hèr á Austurlandi snertir, að þar eins og einnig á hinum öðrum verzlunarstöðum hèr eystra, að Seyðisfirði fráskildum, er töluvert minni aðsókn, heldur en á þessum síðastnefnda verzlunarstað, Seyðisfirði.

Þangað nefnilega sækir nú *mestallt Fljótsdalshèrað millum Smjörvatnsheiðar,* er skilur Vopnafjörð frá nefndu hèraði, og Reyðarfjarðardala. *Það eru alls 8 hreppar* og *miðparturinn úr öllu Múlaþingi.* Þar að auk sækja þangað hinir svo nefndu *útfirðir eða norðurfirðir beggjamegin við Seyðisfjörð, Borgarfjörður, Loðmundarfjörður, Mjóifjörður* og einatt líka meir og minna *Norðfjörður,* sem af þessum fjörðum næstur er Reyðarfirði. En það, sem á Seyðisfjörð dregur menn svona fjölmennt, er sjálfsagt og verulegast það, að þar er og hlýtur að vera á þessari tíð, og mun að mestu líkum framvegis verða, meiri verzlunarkeppni en á öðrum verzlunarstöðum hèr umhverfis, þar sem á þessum verzlunarstað eru nú 3 verzlunareigendur, allir vel fjáðir og í áliti miklu. Og þetta, sem nú er talið, álítum vèr að megi alvarlega mæla fram með því, að Seyðisfjörður ætti að útnefnast fyrir aðalverzlunarstað. Þar að auk má það hèr til greina taka, að þótt höfn sè allgóð á Eskifirði, þá er hún það einnig við Seyðisfjarðar-öldu inn við fjarðarbotn, þar sem meiri hluti verzlunarinnar á Seyðisfirði nú er, og heldur ekki, það vèr ætlum, nema að eins um takmarkaðan tíma leyfð verzlun lengra út með firðinum, á Vestdalseyri, þar sem miklum mun ótryggari höfn hefir og reynzt, síðan búðir voru þar reistar. Hvað enn fremur innsiglingu snertir og leið úr nefndu hèraði og fjörðum til Seyðisfjarðar, þá bæði er innsigling hèr skemmri og hættulaus, og kaupstaðarleið úr flestum hinum nefndu sveitum einnig talsvert skemmri og optast á venjulegum verzlunartímum jafngreiðfær á Seyðisfjörð sem Eskifjörð.

Eptir öllu framan- og ofanskrifuðu leyfum vèr oss þá að bera fram fyrir yður, háttvirtu alþingismenn, þá bæn vora: að þèr í þegnsamlegustu bænarskrá til hans hátignar konúngs vors fylgið alúðlega og röksamlega að því, að hans konúnglegu hátign mætti mildilegast þóknast að samþykkja og staðfesta sem fyrst þá breytíngu á verzlunarlögum fyrir Ísland frá 15. apríl 1854:

1. Að sá hinn takmarkaði *tími,* sem lausakaupmönnum hefir

hingað til verið leyfður til verzlunar á hverjum stað, verði framvegis *ótakmarkaður*.

2. Að Seyðisfjarðaralda mætti sem fyrst útnefnast fyrir aðalverzlunarstað á Austurlandi, í stað Eskifjarðar-verzlunarstaðar.

Í nafni fundar að Vallanesi, 31. dag maímánaðar 1861.

E. Hjörleifsson, sem forseti. *V. Guttormsson,* skrifari".

Björn Pèturssón: Bænarskráin frá Ísafjarðarsýslu fer í sömu stefnu. Báðar biðja um, að lausakaupmenn megi verzia á hverri höfn, sem þeir annars mega verzla á, svo lengi sem þeir vilja og sjá sèr haganlegt. En eptir því sem mèr hefir skilizt á ræðum þingmanna, er eg hræddur um, að þetta mál eigi örðugt uppdráttar á þingi; og það er nú hèr um bil víst, að hinn 5. konúngkjörni verður í móti öllum þeim bænarskrám, sem koma frá austri og vestri, frá Pètri og Páli. Eg vil því ekki gjöra þetta mál að kappsmáli. Það er eðlilegt, að þingið vili hlynna að innlendum fastakaupmönnum, en þar fyrir sè eg ekki neina ástæðu til að hlynna að faktórum eður fulltrúum þeirra kaupmanna, sem hafa hèr í seli. Það stafar lítið gott af þeim. Lausakaupmenn bæta meir verzlun landsbúa en svarar þeim litlu álögum, sem á faktórum liggja. Eg sè ekki, að þessi ákvörðun sè neinum til verulegs gagns, og þá sè eg ekki heldur neina ástæðu til að hindra frjáls verzlunarviðskipti hlutaðeigendum til ógagns. Samt sem áður vil eg leggja þetta mál á þingsins vald, eins og eg veik á áðan.

Sveinn Skúlason: Báðar bænarskrárnar fara í sömu stefnu að því er fyrra atriðið snertir, sem er að fá breytt ákvörðun þeirri í verzlunarlögunum, sem bindur verzlun lausakaupmanna við 4 vikna tíma í hverjum stað; þetta er líka það eina atriði í verzlunarlögunum, sem margir álíta að hafi verið óhentugt í þeim lögum og verið til mikils ógagns fyrir landsmenn, sem opt hafi ekki getað haft not af verzluninni við lausakaupmennina, vegna þess að þeir hafi opt orðið að fara burtu, einmitt þegar verzlunartíminn var að byrja. Eg sè nú ekkert á móti því, að það sè tekið til íhugunar, hvort ekki sè rètt að breyta þessari ákvörðun, því eg sè lítið gagn að þessari takmörkun.

Stefán Eiríksson: Það hefir nú áður verið slíkt andóf hèr á þingi á móti lausakaupmönnum, að eg geri nú ráð fyrir, að það fái ekki áheyrn hjá stjórninni, þó farið verði að biðja um rýmkað frelsi þeirra. Það var annað atriði í bænarskránni, sem flutnings-

maður las og tók ekki fram, það nefnilega, að Seyðisfjarðaralda yrði gerð að aðalkaupstað. Eins og þinginu er kunnugt, þá var mál þetta sent stjórninni eptir lögformlega meðferð 1857, og stjórnin neitaði þá að gera bón þingsins, og voru þó til færðar álitlegar ástæður frá hinum háttvirta 2. konúngkjörna þingmanni; mèr finnst það ekki nema til að eyða tímanum, að vera að fá þessa breytíng, en ekki til neins verulegs gagns fyrir sýslubúa, og því verð eg á móti nefnd í þessu máli.

Björn Pètursson: Eg ætlaði ekki að tala um seinna niðurlagsatriðið í bænarskránni, fyrr en umræðunum um það fyrra væri lokið. En fyrst þingmaður Austur-Skaptfellínga hefir hreift þessu, þá vil eg nú þegar taka það fram, að eg óska, að nefnd sè sett í því. Stjórnin var því mótfallin einúngis af þeirri ástæðu, að það þyrfti að setja sèrstakan lögreglustjóra á Seyðisfirði, ef hann yrði gjörður að aðalverzlunarstað, og að jafnaðarsjóður Norður- og Austurumdæmisins væri ekki fær um, að bera þá álögu, sem af því leiddi. Stjórnin gat ekki skyldað sýslumanninn í Norður-Múlasýslu til að setjast þar að, úr því hann var ófús til þess. Nú er sú ástæða fallin burt. Nú er Norður-Múlasýsla laus. Stjórnin getur veitt hana með því skilyrði, að sýslumaður setist þar að. Eg vildi að eins svara þessu. Að öðru leyti gef eg ekki um að ítreka þær ástæður, sem bænarskráin telur upp.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Menn eru nú orðnir alvanir því, að stjórnin bænheyrir ekki ætíð þegar í stað, þó alþíngi biði um eitthvað, og hefir þíngið þá ítrekað bænir sínar fyrir því og fengið þær þá síðar stundum, og svo þykir mèr óþarfi að láta fæla sig frá að biðja enn aptur viðvíkjandi Seyðisfirði. Þessar bænarskrár, sem komnar eru til þíngsins frá ýmsum hornum landsins, lýsa því, að landsmönnum þykir verzlun lausakaupmanna vera sèr í hag, og því óska þeir eptir að fá aukið frelsi þeirra. Eg held það gæti líka verið fastakaupmönnum í hag, að lausakaupmenn hefði sem mest frelsi og mætti liggja svo lengi, sem bezt hagaði á hverjum stað, því lausakaupmennirnir hèr við landið á sumrin eru fæstir utanlands frá, þeir eru flestir frá fastakaupmönnum, og sá hagur, sem þeir ávinna, rennur því inn til fastakaupmannanna.

Stefán Eiríksson: Það hafa nú alls engar ástæður komið fram hjá þingmanninum úr Suður-Múlasýslu, sem breyta skoðun minni í þessu máli frá því sem eg sagði áður. Eg tók það fram áðan, að það hefði verið álitlegar ástæður, sem færðar voru til í þessu

máli 1857, og þó fèllst stjórnin ekki á breytínguna, og sama verður líkast til enn, og til hvers er þá að vera að tefja þingið á því, og baka því þar með óþarfa kostnað; nú er líka Eskifjörður að byggjast aptur, því í vor settist þar að kaupmaður, svo mjög mikil líkindi eru til, að verzlunarmenn fjölgi þar, og þar til er þar nú lögreglustjóri, og þó Norður-Múlasýsla sè nú laus, þá er ekki að vita, að stjórnin geri þeim lögregluþjón að skyldu, sem fá kynni norðursýsluna, að setjast að á Seyðisfirði, meðan hinn er fyrir á Eskifirði.

Jón Hjaltalín: Það getur vel verið, að sá þánki sè kominn inn hjá þingmönnum, að eg vili hafa á móti öllum tilraunum til að breyta þeim lögum, sem nú eru, en það er þó ekki alveg satt; eg vil einúngis ekki breyta góðum lögum án sèrlegra orsaka, og eg vil ætíð sárnauðugur hrinda bænarskrám frá því að komast til nefnda, heldur vil eg, að bænir landsmanna sè vel íhugaðar, því margt getur talað með þeim og mót, og eg vil því, að nefnd sè kosin í þetta mál.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir það undarlegt, að þingmaðurinn úr Austur-Skaptafellssýslu skuli vera svo ókunnugur, að hann veit ekkert, hvernig ástatt er í Múlasýslum, að hann veit ekki, að það er svo miklu hægra að sækja verzlun á Seyðisfjörð en á Eskifjörð fyrir allt úthèrað, norðurfirði, Túngu og Jökulsárhlíð, og að Seyðisfjörður er sá eini staður í Múlasýslum, sem ætti að vera aðalverzlunarstaður. Nú er sú ástæða, hvers vegna stjórnin neitaði um það, burtu fallin, því nú er Norður-Múlasýsla laus, og því á alþingi einmitt nú að ítreka bæn sína um, að Seyðisfjörður verði gjörður að aðalkauptúni.

Helgi G. Thordersen: Eg vil mæla með því, að nefnd sè kosin í þetta mál, því það er ei sagt, að það fyrirfarist eins og seinast, að Seyðisfjörður verði aðalkauptún í stað hins auma kauptúns á Eskifirði; því á embættisferð minni um Múlasýslur sannfærðist eg um, að Seyðisfjörður væri sá langhentugasti staður þar til aðalkauptúns; eg mæli því með nefnd, er segi álit sitt um þetta, en um hitt vil eg ekki tala að sinni, en vil láta nefndina fyrst segja álit sitt um það.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki sèð neinn árangur af því, að fara þeirri uppástúngu á flot, sem hèr ræðir um. Það er nýlega búið að biðja um hið sama og það árangurslaust. Sá eini hagnaður, sem gæti orðið af breytíngunni, væri sá, ef það væri hægra

fyrir útlenda kaupmenn að sigla upp Seyðisfjörð en Eskifjörð, en það veit eg ekki hvort er eða ekki. Landsmenn græða ekkert á skiptunum, þeir geta verzlað á báðum stöðum, eins og þeim bezt líkar, og þeir hafa sjálfir beðið um Eskifjörð. Hver staðurinn sè byggilegri, kemur málinu lítið við. Áhrærandi spursmálið um lausakaupmennina skal eg ekki tala; eg lèti vera að leysa bandið, sem lagt er á verzlun þeirra, ef það væri tómir fastakaupmenn, sem verzlaði sem lausakaupmenn, en það er nú ekki; en að öðru leyti kemur þetta atriði til ítarlegri umræðu, ef málið kemur í nefnd.

Sveinn Skúlason: Það fór að fara um mig, þegar hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að bænarskrá hefði komið til alþingis um, að Eskifjörður væri gjörður að aðalkauptúni; eg man að minnsta kosti ekki til þess. Það var beðið um Seyðisfjörð til aðalkauptúns, en nefndin utanlands, sem stjórnin setti i málið, skipti um, og tók Eskifjörð vegna þess, að hún vildi ekki þá skylda sýslumanninn að flytja til Seyðisfjarðar; en þegar nú þessi ástæða stjórnarinnar fyrir synjun þess, að gjöra Seyðisfjörð að aðalkauptúni, er burt fallin, og hún getur nú, vegna þess að Norður-Múlasýsla er laus, skyldað þann, sem um hana sækir, til þess að sitja á Seyðisfirði, þá sè eg enga ástæðu til þess að halda, að stjórnin muni halda fast við þenna óhentuga stað Eskifjörð, að minnsta kosti ekki i meir en hálfa öld eins og Grundarfjörðinn góða, sem lítið gagn er í og fáir eða engir koma nú á til verzlunar. Mèr finnst líka full ástæða til að breyta takmörkuninni á verzlunartíma lausakaupmannanna, vegna þess að hún er líka til skaða fyrir fastakaupmennina, sem líka senda lausakaupmenn út um allt landið, því að þetta band á verzluninni er ekki til annars en að gjöra hana ónýta.

Björn Pètursson: Eg get ekki annað haldið, en að það hafi fremur verið spaug en alvara hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*, að leggja á móti þessu, nema hann álíti það skyldu sína, af því hann *ímyndi* sèr, að stjórninni muni ekki geðjast að því. En eg er viss um, að hann þarf alls eigi að kvíða því. Hann játaði, að þetta leyfi væri utanríkismönnum, sem kæmi hingað til verzlunar, í hag, en neitaði, að landsmenn hefði hag á því. Þetta finnst mèr nú mótsögn. Því hvorirtveggju hljóta að hafa hag á því, að verzlunar viðskiptin sè sem hægust og frjálsust. Bænarskráin, sem eg las upp, hefir tekið fram ástæðurnar, og þess vegna er óþarfi fyrir mig, að taka þær upp aptur. Einúngis vil eg geta þess, að reynslan hefir sýnt, að Seyðisfjörður er betur settur til að vera aðalverzl-

unarstaður, því þar eru 3 sölubúðir, sem allar þrífast vel, en á Eskifirði er að eins 1 og hún er að drepast.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg mæli á móti því, að nefnd sè sett í þetta mál; mèr sýnist alls ekki vert, að hreifa við svona einstaklegri breytíngu á verzlunarlögunum; það væri þá miklu betra, að verzlunarlögin væri öll tekin fyrir og þeim breytt í heild sinni, en að breyta einní grein í þeim í ár og annari hitt árið er ekki til annars en rugla menn, svo að engi veit, til hvers menn eiga að halda sèr, og er lítill hagur í því. Það var beðið um það 1857, að Seyðisfjörður væri gjörður að aðalkauptúni í stað Eskifjarðar, en það fèkkst ekki; þó það sè ef til vill hagnaður fyrir landsmenn að verzla á Seyðisfirði, þá kemur það ekki hèr til greina; aðalspurníngin er, hvort hægra sè fyrir skip þau, er að landinu koma, og þá held eg, að Eskifjörður liggi betur við þeim; að koma fyrst á Seyðisfjörð, er krókur, þegar lausakaupmenn ætla suður á bóginn á eptir, en þeim stendur öldúngis á sama, ef þeir ætla norður á bóginn. Að tala um það, að lengja verzlunartíma lausakaupmanna, er ekki til annars en að lengja þíngtímann, og miðar einúngis til þess að eyða fastakaupmönnum, og er einhver óhreinleg atför að þeim, það væri þá miklu nær að stínga upp á því, að lausakaupmenn mætti lifa og láta rètt eins og þeir vildi; það gæti eg skilið hvað væri, því það væri að tala hreint út, en þetta kák skil eg ekki. Auk þessa eru nú þegar kosnar margar nefndir, og þíngmenn hafa nóg að gjöra við mál, sem eru meir áríðandi en þetta.

Páll Melsteð: Eg held, að það væri nauðsynlegt, að menn hefði uppdrátt Íslands hèrna í salnum, svo menn þyrfti ekki að greina á um legu ýmsra staða hèr á landi. Hins vegar vil eg geta þess, að eg held, að það þurfi engan að fæla, þó talað sè um breytíng á nýjum lögum. Það er, eins og menn vita, skammt síðan að nýtt tímabil byrjaði í sögu þessa lands, og er því ekki von á, að undirstaðan sè orðin svo föst, að ekki þurfi að hagga við neinu, en þurfi breytíng á einhverju, þá virðist mèr betra að gjöra breytínguna í tíma, undir eins og menn verða varir við gallana, en að draga hana þangað til að ef til vill verr gegnir; þetta segi eg með tilliti til þess, að breyta þeirri takmörkun á verzlun lausakaupmanna, að þeir megi ekki verzla lengur en 4 vikur í senn á einni höfn; eg verð að álíta það hentugra bæði fyrir landsmenn og einnig fyrir kaupmenn, að tíminn væri ákveðinn lengri en 4 vik-

ur, því landsmenn geta opt og tíðum ekki hagnýtt sèr verzlun lausakaupmanna með þessu fyrirkomulagi sökum veðráttu og annara orsaka, eg veit af reynslunni fleiri dæmi til þess. Vil eg því, að nefnd sè sett í þetta mál og að báðar bænarskrárnar komi í sömu nefnd.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, verð eg að álíta inngangsumræðu þessari lokið, og skal því skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli setja í málinu eður eigi.

Var síðan til atkvæða gengið og samþykkt með 13 atkvæðum gegn 6, að nefnd skyldi kjósa.

Síðan var stúngið upp á 3 manna nefnd og í hana kosnir:

Björn Pètursson . . með 15 atkvæðum.
Sveinn Skúlason . . — 13 —
Halldór Kr. Friðriksson — 7 —

Var síðan málið afhent *Birni Pèturssyni* sem þeim, er hafði flest atkvæði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *inngangsumræðu* og nefndarkosníngar *uppástúnga* frá *7 þíngmönnum* um *launaviðbót handa amtmanninum í Norður- og Austurumdæminu,* og skal eg biðja skrifarana að afhenda þíngmanni Suður-Þíngeyínga hana til flutníngs.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástúnguna upp:

»Alþíngi 1859 hafði til meðferðar konúnglegt frumvarp, um launaviðbót þeirra embættismanna hèr á landi, er fá laun sín úr ríkissjóði, þíngið vísaði nú að sönnu þessu máli frá sèr af þeim ástæðum, sem fram eru teknar í álitsskjali þess til konúngs, og sem öllum þíngmönnum eru kunnar; en viðurkenndi þó hina miklu nauðsyn, sem á því er, að bæta yfir höfuð kjör þessara manna; og að þeir sè látnir njóta sömu rèttinda og samkynja embættismenn í Danmörku.

Oss er nú að vísu ekki vel kunnugt um, hvernig stjórnin hefir litið á þetta mál; en af því, sem síðan hefir fram komið, virðist sem það sè stefna hennar, að bæta smámsaman þau embættin hèr á landi, sem erfiðust eru, eða vandasömust.

Embættisstöðu amtmannanna hèr á landi er svo háttað, að þeir hafa stóran og erfiðan verkahríng; og ræki þeir embætti sitt með trúmennsku og dugnaði, þurfa þeir að verja ærnu fè til ferða-

laga, skrifstofuhalds og fl., er þeir trauðla munu að fullu fá endurgoldið. Þetta ætlum vèr sèr í lagi eigi sèr stað um Norður- og Austurumdæmið, sem er hið langstærsta og fjölbyggðasta umdæmi landsins; og má því með fullum sanni telja amtmannsembættið þar eitt með erfiðustu og vandasömustu embættum hèr á landi.

Nú er það alkunnugt, að amtmaðurinn, sem nú er í Norður- og Austuramtinu, og sem hefir veitt því embætti forstöðu um næstl. 10—12 ár, hefir með einstakri alúð og dugnaði rækt þar embættisskyldu sína; svo að hvort sem heldur litið er til hinnar örðugu stöðu, sem hann stendur í, eða embættisdugnaðar hanns yfir höfuð að tala, þá ætlum vèr, að brýn nauðsyn beri til, að kjör hans sè bætt hið allrafyrsta.

Af framangreindum ástæðum, leyfum vèr oss, sem ritum nöfn vor hèr undir, að stínga upp á því við hið heiðraða alþíngi, að það sendi konúngi vorum bænarskrá um:

> Að laun amtmannsins í Norður- og Austurumdæmi Íslands, verði sem allra-fyrst hæfilega aukin, samkvæmt stöðu hans og embættisdugnaði.

Reykjavík, 9. júlí 1861.

Jón Sigurðsson, þíngm. Suður-Þíngeyínga. *Stefán Jónsson,* þíngmaður Eyfirðínga. *Ólafur Jónsson,* þíngm. Húnvetnínga. *Sveinn Skúlason,* þíngm. Norður-Þíngeyjarsýslu. *Björn Pètursson,* þíngm. Suður-Múlasýslu. *Ásgeir Einarsson.* *Gísli Brynjúlfsson,* þíngm. Skagfirðínga«.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal að svo stöddu ekki vera að mæla fram með uppástúngu þessari frekara en hún gjörir sjálf, en vona, eptir því sem þíngræður fèllu hèr í hitt eð fyrra, að þíngið gefi góðan róm að máli þessu, og sjálfsagt seti nefnd í málið.

Guðmundur Brandsson: Eins og þíngmönnum er kunnugt, eru nú þegar kosnar 22 nefndir og 12 dagar búnir af þíngtímanum, svo ekki eru öll ósköpin eptir af hinum lögákveðna þíngsetutíma, sem að eins eru fjórar vikur. Það er ætíð gott að þekkja krapta sína og vantreysta sèr ekki um of, en hitt er líka allajafna nauðsynlegt, ekki að reisa sèr hurðarás um öxl. Þar sem eg held, að uppástúnga þessi gæti orðið töluvert skrafdrjúg, finnst mèr mikið undir því komið, hvort *konúngsfulltrúi* þykist hafa myndugleika til að lengja þíngsetutímann, og þá, að hve miklu leyti. Að öðru

leyti finnst mèr það miður heppilegt við uppástúngu þessa, að hún kippir svona einum einasta embættismanni út úr flokki allra hinna, því þó eg ekkert efist um, að maðurinn sè hinn duglegasti, held eg það, að leita launaviðbótar fyrir hann einan, ekki gjöri annað en spilla fyrír því, að almenn launaviðbót fáist, því eg er hræddur um, að ef ætti að fara að tína svona á stangli upp einn og einn embættismann í senn, mundi bæði stiórninni leiðast það, og eg er næstum því viss um, að sá embættismaðurinn, sem seinast fengi launaviðbótina, mundi verða orðinn langeygður, um það hún væri komin í kríng. Á hinn bóginn óttast eg, að þíngtíminn ekki leyfi að taka jafn-umfangsmikið mál og þetta er, um launaviðbót allra embættismanna hèr á landi, sem fá laun úr ríkissjóði, til umræðu, og get eg því af þessum ástæðum ekki að svo komnu verið því meðmæltur, að nefnd sè sett í málið.

Arnljótur Ólafsson: það er von, að hinum heiðraða þíngmanni, er nú síðast talaði, þyki uppástúnga þessi nokkuð einstakleg, en eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg hefi von um að á næsta fundi geti eg komið fram með almennari bænarskrá í þessu efni, og vildi eg því styðja það, að nefnd væri kosin og hún stór, með hliðsjón til þess, að til hennar mætti þá vísa máli því, er eg hefði meðferðar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu kom fram með það sem mótbáru móti því, að kjósa nefnd í þetta mál, að tíminn væri orðinn of naumur og nóg væri að gjöra; en, eins og þetta í sjálfu sèr engi ástæða er til þess, að hrinda málum frá nefnd, eins er eg viss um, að þetta og annað eins mál ekki mundi standa lengi fyrir honum, jafnduglegum þíngmanni, og óhætt held eg væri, að bæta mætti stærra máli á klárinn, en þetta er, og vita, hvort hann sligaðist undir. Mál þetta, eins og það liggur fyrir, virðist mèr ekki langrar stundar verk, og sem ástæða fyrir því, er hèr er farið fram á, er ekki einúngis þörf hins einstaka embættismanns, er nú situr að embættinu, heldur þörf embættisins sjálfs, því það hljóta allir að viðurkenna, sem nokkuð þekkja til, að það er eitthvert hið örðugasta embætti hèr á landi, einkum þegar því er eins ágæt forstaða veitt, eins og hinn núverandi embættismaður hefir veitt því. Mèr virðist því brýn nauðsyn til að bæta þessi embættislaun, og vona því, að menn ekki fari að sporna móti því, að nefnd sè kosin í málið.

Guðmundur Brandsson: það fór þá eins og mig óraði fyrir,

að fleiri mundu koma á eptir, sem beiddist launabóta, og ræð eg það af orðum þingmanns Borgfirðinga, enda held eg líka fleiri embætti á landinu vönd en embættið, sem amtmaður í Norður- og Austuramtinu hefir yfir að segja.

Páll Melsteð: Fyrst hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga ætlar að bera upp bænarskrá sama efnis, en þó almennara innihalds, skal eg leyfa mèr að vekja máls á því, hvort ekki þætti rèttara að fresta þessu máli þangað til, svo sama nefndin, sem þá kynni að verða sett, gæti fengið hvorttveggja málið til meðferðar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Vegna þess, sem hinn heiðraði þingmaður Snæfellinga mælti, vil eg leyfa mèr að benda á það, að þó svo sè, að það hafi við borið hèr á þingi, að nefndarkosningu hafi verið skotið á frest, af því að von var á samkynja máli á eptir, þá er þetta þó ekki rètt aðferð; það á að kjósa nú þegar í nefndina, þegar eitt mál er löglega upp borið á þingi, því þó samkynja mál komi aptur seinna fyrir, er ætlð innan handar að skjóta því til hinnar sömu nefndar. Verði því nokkuð úr því, að uppástúnga um launabót handa ýmsum embættismönnum í Reykjavík komi inn á þingið, ætla eg ekkert sè því til fyrirstöðu, að henni verði vísað til þeirrar sömu nefndar, sem nú yrði kosin. Eg sè því ekkert á móti því, að nú þegar sè gengið til nefndarkosningar, og held fast á því, að það sè gjört annaðhvort nú þegar ellegar þá aldrei.

Stefán Jónsson: Það verð eg einnig að styðja, að nefnd verði sett nú þegar, því hefði hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga verið alvara með bænarskrá þá, er hann kveðst ætla að koma fram með, hefði honum ekki verið vorkun á að vera búinn að því; það er því ekki að vita, hvenær þetta kann að koma fyrir, og finn eg því enga ástæðu til að fresta nefndarkosningunni.

Sveinn Skúlason: Eg vil styðja það, að nefnd sè kosin þegar í mál þetta og við kosninguna tekið tillit til þess að bænarskrá þeirri, er þingmaður Borgfirðinga hefir meðferðis, kynni að verða vísað til sömu nefndar, og sting eg því upp á 5 manna nefnd.

Magnús Andrèsson: Mèr virðist ekkert tillit verða tekið til þess, sem ekki liggur fyrir, það þekkir maður ekkert til og veit ekki, hvernig er lagað og er eg því með, að nefnd sè kosin eingöngu í það málið, sem fyrir liggur án tillits til hins, sem ef til vill kemur fyrir þingið, ef til vill ekki.

Indriði Gíslason: Það er engan veginn af því eg vili spilla

fyrir máli þessu, að eg gjöri þá athugasemd, að uppástúngan alls ekki bendir á, hvaðan taka skuli peníngana, en í þeirri von, að meiníngin sè, að fá þá úr ríkissjóðnum, gef eg atkvæði mitt með því, að nefnd sè kosin.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, verð eg að álíta inngangsumræðu þessari lokið, og skjóta því til hins heiðraða þings, hvort nefnd skuli kjósa eður ei.

Var síðan til atkvæða gengið og samþykkt með 16 atkvæðum, að nefnd skyldi kjósa.

Forseti: Með tilliti til þess, hversu marga skuli kjósa í nefnd þessa, skal eg, án þess eg vili hafa áhrif á atkvæðagreiðslu þíngmanna, geta þess, að eg er samdóma þíngmanni Árnesínga í því, að ekki eigi við að kjósa nefndina með tilliti til annars en þess, sem liggur fyrir nú þegar. Það er allt annað mál, að nefnd sú, er nú verður kosin, getur, ef fleirum málum yrði til hennar vísað, fengið samþykki þíngsins til að kveðja sèr menn til aðstoðar, samkvæmt 65. gr. alþ.tilsk., ef henni þætti við þurfa. Eg skal samt biðja menn að stínga upp á, hversu marga skuli í nefndina kjósa.

Var síðan stúngið upp á 3 og 5 manna nefnd og gengið til atkvæða um, og 5 manna nefnd samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11, og síðan í nefndina kosnir:

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum með 13 atkv.
Sveinn Skúlason . . . . . — 12 —
Arnljótur Ólafsson . . . . . — 11 —
Stefán Jónsson . . . . . — 10 —
Guðmundur Brandsson . . . — 9 —

og uppástúngan síðan afhent þíngmanni Suður-Þíngeyínga, sem þeim, er flest atkvæði hafði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá *til inngangsumræðu* og nefndarkosníngar bænarskrá úr Múlasýslum, *um breytíng á hjúskaparlögunum,* og skal eg biðja skrifarana að afhenda málið flutníngsmanni, þíngmanni Suður-Múlasýslu.

Björn Pètursson: Þíngmönnum er víst kunnugt efnið í bænarskránni, því hún hefir legið svo lengi á lestrarsalnum; hún er um það, að fá einhverja ákvörðun til að takmarka öreigagiptíngar, svo það þarf, ef til vill, ekki að lesa hana upp, hún er nokkuð löng (Nokkrir þíngmenn: Það er bezt að lesa upp niðurlagsatriðin; 1 þíngmaður: Það er bezt að heyra ástæðurnar). Það má vel vera (*Forseti:* Það nægir að lesa niðurlagsatriðin). (Flutnings-

maður les þau upp). Eins og þinginu er kunnugt, kom bænarskrá líks efnis til alþingis 1859, og var þá sett nefnd í málið. Eg vona, að þeir af þingmönnum, sem þá voru þessu máli meðmæltir, mæli eigi móti því nú. Amtmaður sálugi Melsteð, er þá var *konúngsfulltrúi,* og sem þó var málinu mótfallinn, sagði: »það er eðlilegt, þó menn vili reyna að hindra öreigagiptíngar og þar af fljótandi örbyrgð og sveitarþyngsli«. Hann kvaðst vonast eptir betri uppástúngum, en þá lágu fyrir, þegar menn væri búnir að hugsa og ræða þetta mál lengi. Eg held, að það sè ekki heldur nein vanþörf á einhverri takmörkun í þessu efni hèr syðra, ef það er satt, sem hinn heiðraði 5. konúngkjörni þingmaður sagði þá, að heilir skipsfarmar af þess háttar mönnum væri fluttir frá Skildínganesi yfir Skerjafjörð. Það er spurníngin: þarf nokkra takmörkun á öreigagiptíngum? Ef þingmenn viðurkenna það, sem eg veit þeir gjöra og hljóta að gjöra, þá getur þetta mál ekki orðið fellt frá nefndarkosníngu, nema þingið vili játa, að það geti ekkert lagt til í þessu máli, sem nokkurt vit er í. Eg veit það mikið vel, að það er mikið vandaverk, að ákveða takmörkin milli hins náttúrlega frelsis manna eða náttúrurèttarins og fèlagsrèttarins, svo hvorugum sè misboðið. En eg get þó ekki ætlað hinum ágætu mönnum, sem hèr eru saman komnir, einkum þeim, sem eru orðnir svo vanir að synda milli skers og báru, það of vaxið, að þræða sundið, þó mjótt sè.

Guðmundur Brandsson: Það er nú hvorttveggja, að eg vil spara tímann, enda er það skaði, að mál þetta ekki kom fyrr fyrir hèr á þinginu. Menn þekkja hylli þá, sem það hafði hèr á þingi í hitt eð fyrra, og hvernig stjórnin tók undir það, sèst af hinni konúnglegu auglýsíngu núna, og þar sem það nú í þetta sinnið fer töluvert lengra en í fyrra sinnið, verð eg að játa, að eg er næsta ragur við að það gangi nú betur að koma því áfram, nema því að eins, að tillögur hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* styði málið, eg veit þær mega sèr mikils.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg verð nú að vera samþykkur þeim heiðraða þingmanni, sem núna settist niður, að það sè komin svo mörg mál inn á þingið, að tvísýnt sè, að tíminn leyfi því að leysa þau af hendi, hvað þá að bæta fleirum við, en það vil eg halda, að full nauðsyn hefði verið til að ræða þetta mál, því það held eg gjöri engan hag, heldur óhag og óstjórn í landi hèr, að hver tartarinn, sveitarlimir og óráðsskepnur, geti takmarkalaust

hlaupið inni í þessa, sem menn hafa kallað, heilögu stètt; eg held það fari bráðum að fara af henni heilagleikinn; menn segja það megi ekki takmarka frelsi manna í þessu efni, en eg held þetta frelsi geti orðið og sè orðið að því vesta ófrelsi, því að gipta það saman, sem ekkert getur bjargað sjálfu sèr, eða kann fótum sínum forráð, er bæði til þess að baka konum og börnum og heilum kynslóðum kvalir og verstu lífskjör, og líka opt og tíðum óviðkomandi mönnum og sveitum óþolandi byrðar.

Stefán Eiríksson: Eg skyldi nú með mestu ánægju styðja flutníngsmanninn með bænarskrá þessa, að hún næði fram að ganga, ef mèr þætti ekki, eins og verið hefir tekið fram, að þíngið hefði nú þegar nægilegt verkefni; það er auðvitað, að takmark um þessar öreigagiptíngar þyrfti að fá lög; þíngið reyndi sig nú nokkuð á móti þessu seinast, og þó þóknaðist stjórninni ekki að taka það til greina; þar var þó farið fram á minna en í þessari bænarskrá, og því eru öll líkindi, að niðurlagsatriði í þessari bænarskrá geti ekki beinlínis tekizt til undirstöðu. Eg held nú líka, eptir því sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi,* sem nú er, tók í þetta mál á síðasta þíngi, að maður geti ekki vænt eptir meðmælum hans nú á málinu. Ef þíngið kemst til þeirrar niðurstöðu, að nefnd verði sett, þá ætla eg að gefa bænarskránni meðmæli mín í þá stefnu.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr virðist það ekki líta alls kostar vel út fyrir máli þessu; menn mætti þó muna eptir því, að það var myndazt við að ræða það nógu rækilega hèr á þíngi 1859. Að minnsta kosti rekur mig minni til þess, að mál þetta væri þá rætt með töluverðu fjöri, og meiri áhuga, en flest mál önnur, og er það því einhvern veginn óviðkunnanlegt, ef það nú skyldi ganga nokkurn veginn þegjandi í gegn á þínginu. Mèr virðist einkum æskilegt, að fá að vita, hvort hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* er máli þessu meðmæltur eður ei, þar eð tillögur hans í þessu efni víst mundu mega sèr mikils bæði hjá þínginu og stjórninni, og að minnsta kosti kann eg betur við, að um mál þetta sè dálítið meira spjallað, en orðið er.

Helgi G. Thordersen: Eg fyrir mitt leyti vildi helzt, að ekki væri frekara spjallað um mál þetta, því mèr virðist það í alla staði rangt og ógjöranda að þröngva að frelsi manna til að gipta sig, og skal eg því skora á hinn heiðraða flutníngsmann, að hann taki aptur bænarskrána.

Páll Sigurðsson: Eg verð nú að segja, að mèr virðist þetta

mál eitt af þeim merkilegri málum, sem fyrir þingið hafa komið, því bráð nauðsyn ber til að afráða eitthvað þessu viðvíkjandi, og eg hefði ekki einu sinni hikað við að gefa atkvæði mitt með þessu máli, ef sveitastjórnarlögin, sem eg ef til vill býst við að eitthvað gæti ráðið úr þessum vandræðum, hefði verið komin í kring. Þegar mál þetta síðast kom fyrir á þessu þingi í hitt eð fyrra, var að vísu ekki farið eins langt, eins og nú, þar sem einúngis var talað um óráðsmenn þá, og giptíngum slíkra manna væri ekki vanþörf að setja einhver takmörk, að þeir ekki eins auðveldlega og nú geti sett heil hreppsfèlög í vandræði; en það virðist mèr auðsætt, að þegar allt af er verið að tala um, að skattar og álögur, eins og líka satt er, sè fullþúngar á okkur Íslendíngum, þá væri ekki rètt að hleypa öðrum eins piltum og ráðlausum óreglumönnum að því, að fara að leggja skatt á okkur. Eg segi leggja skatt á okkur, því hvað er það annað? er það ekki auðsætt, að þegar nú þess háttar menn bandlaust mega giptast, eru afleiðíngarnar þessar: þeir flosna upp innan skamms og lenda svo á sveitinni með hyski sitt allt, og það verður sveitin að ala.

Halldór Kr. Friðrikssøn: Eg hefi ekki getað sannfærzt af ræðum þeirra heiðruðu þíngmanna, sem hafa verið máli þessu meðmæltir, og verð því að styðja hinn háttvirta 2. konúngkjörna þíngmann í því, að skjóta því til hins heiðraða flutníngsmanns, hvort hann ekki vili taka bænarskrána aptur, nema þá, ef hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* vildi lofa því, að leggja innilega með málinu, sem eg reyndar eigi óska eptir, og kynni að geta lofað góðum undirtektum stjórnarinnar.

Jón Hjaltalín: Það er gamalt máltak, sem segir: »við uppsprettu skal á stemma«, og þetta eru spakmæli. Hèr er um að tala að stemma geigvænlega á, þar sem sveitarvandræðin eru. Eg er viss um, að þó 100 af hinum reyndustu hreppstjórum hèr á landi, og þeir eru þó þessu kunnugastir, væri hèr saman komnir, mundi að minnsta kosti hinir 99 játa það, að uppsprettan til sveitarvandræðanna er einmitt öreigagiptíngarnar. Þessa upprettu eigum vèr að stífla, og get eg því ekki annað en verið samdóma þíngmanni Rangvellínga í því, sem hann sagði, því þar var sannleiki í. Eg verð því að vera með því, að nefnd sè kosin, enda virðist mèr það næsta hart, ef mál þetta, sem var rætt til lykta á þínginu í hitt eð fyrra, ekki einu sinni nú skyldi mæta því meðlæti að verða nú rætt í nefnd hèr á þíngi.

Benedikt Sveinsson: Eg er nú lítið kunnugur þessu máli, sem eg heyri að menn hafa svo ólíkar skoðanir á. Eitt finnst mèr þó auðsætt, og það er það, að illa eigi við að hafa það í skopi, er það liggur svo mörgum skynsömum mönnum ríkt á hjarta. Eg held, að þingið gjörði rèttast í að setja nefnd í mál þetta, svo það yrði ítarlegar íhugað, því þó stjórnin hafi ekki tekið því vel, eins og það var úr garði gjört frá þinginu 1859, þá er það alls engi sönnun fyrir því, að málið geti ekki komizt í það horf, að það bæði vinni hylli stjórnarinnar, og ráði nokkra bót á þörfum þeim, sem vaka fyrir mönnum í fèlaginu.

Pètur Pètursson: Eg skal ekki verða langorður um þetta mál, því eg vildi einúngis benda á það, að bænarskrá þessi fer fram á annað en bænarskráin í hitt eð fyrra, þá var einúngis farið fram á, að banna *óreglumönnum og iðjuleysíngjum,* sem örsnauðir væri, giptíngar, en ekki fram á hitt, sem nú er farið fram á, að láta fátæktina eina vera þessu til fyrirstöðu. Málið er því að vísu nú, eins og það liggur fyrir, annað mál en 1859 var um að ræða, en þar eð eg ekki álít nefndina bundna við bænarskrána, en held, að hún geti breytt málinu í hendi sèr, eður þá þingið sjálft, þá vil eg vera því meðmæltur, að nefnd sè kosin í málinu, og það því fremur, sem eg verð að játa, að eg af ræðum hins háttvirta *konúngsfulltrúa* í hitt eð fyrra, sem þó opt sannfærði mig, ekki þá gat sannfærzt um hið rètta í hans skoðun á málinu, og stjórnin þó einmitt í auglýsíngu sinni, jafnframt og hún synjar þínginu um bón þess í þessu máli, skírskotar til þess, sem *konúngsfulltrúinn* hafi sagt.

Sveinn Skúlason: Það er hvorttveggja, að eg var á móti þessu máli, þegar það kom síðast fyrir hèr á þínginu, enda hefi eg síðan engar ástæður fundið til þess að breyta sannfæríngu minni í því efni, og hvað mál þetta snertir, eins og það nú liggur fyrir, þá vil eg því síður mæla því bót, sem þessi bænarskrá fer langtum lengra en sú í hitt eð fyrra; og maður hefir þó sèð, hvernig stjórnin þá tók í málið, nefnilega, að hún sinnti því alls ekki.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg vil svara hinum heiðarlega þingmanni Reykvíkínga því, að þó mikið væri rætt um þetta mál á síðasta þíngi, þá var það ekki nærri því nóg rætt, því eg sagði ykkur því viðvíkjandi ekki svo fallega sögu þá; en aðra ljótari get eg sagt ykkur núna. Eg ætla samt ekki að gjöra það nú þegar við

inngangsumræðuna; eg ætla að sjá fyrst, hvort mál þetta kemst í nokkrar umræður.

Ásgeir Einarsson: Ástæðan fyrir því, að þinginu ekki hafa borizt fleiri bænarskrár um þetta efni, er sú, að engi hefir getað sèð góðan og greiðan veg til þess að ráða úr þessu máli, sem til vandræða horfir, meðan ekki sveitastjórnarlögin eru komin í kríng, en engan veginn sú, að mönnum ekki liggi þetta ríkt á huga. Eg get því ekki verið mótmæltur nefnd í þessu máli, þó mèr að vísu þyki mikið undir því komið að vita, hvort eður hversu lengi hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* treysti sèr til að lengja þíngtímann, því mörg mál eru þegar komin fyrir, svo nóg er að starfa.

Indriði Gíslason: Eg get ekki verið máli þessu meðmæltur. Eg skal ekki vera að taka upp aptur það, sem búið er að tala um bænarskrána í hitt eð fyrra og undirtektir stjórnarinnar þá, en svo mikið er víst, að stjórnin ekki fèllst á bænarskrána þá, sem þó ekki fór nærri eins langt og sú, er nú liggur fyrir, og ef því stjórnin, eins og ráð má fyrir gjöra, einnig nú neitar bænarskrá, sem fer enn lengra, óttast eg fyrir bænarskrám að nýju frá landsmönnum, sem herða sig enn meir, hver veit nema seinast verði beðið um, að engi megi gipta sig. Eg verð því að vera því mótmæltur, að nefnd sè sett í málinu.

Björn Pètursson: Það er satt, sem hinn heiðraði 3. konúngkjörni sagði, að þessi bænarskrá fer nokkuð í aðra stefnu, en þíngið fór 1859. Þá var einkum leitazt við að tálma giptíngum óráðsmanna, óreglumanna og ónytjúnga, en bænarskráin vill tálma öreigagiptíngum. En þetta stendur samt í rauninni í sambandi hvað við annað, því fátæktin stafar optast af ráðleysi, óreglu og ónytjúngsskap. Sumir þíngmenn hafa mælt í móti nefnd, af því tíminn sè naumur. Það er nú, ef til vill, satt. Sumir, af því þeir efast um, að þessi bænarskrá geti fengið framgang, þegar stjórnin tók ekki betur undir bænarskrána frá síðasta þíngi, sem var svo hógvær. En eg hèlt, að menn væri orðnir því svo vanir, að stjórnin neiti, af því hún þykist ekki finna ástæðu til þess og þess, að menn mundu ekki kippa sèr upp við það. Reynslan hefir líka sýnt, að ýmislegt hefir fengið framgang, sem stjórnin hefir neitað með fyrsta, þegar þíngið hefir ekki látið sèr leiðast að halda því áfram. Eg get því ekki af þessari ástæðu álitið rètt að fella þetta mál, sem svo margir landsmenn álíta mikilsvarðanda, og jafnvel eitt af þeim mest áríðandi. Nefndin er ekki bundin við niðurlagsatriði bænar-

skráarinnar, þó hún væri sett, heldur einúngis við stefnuna, sem er, að tálma öreigagiptíngum með einhverjum hagkvæmum ákvörðunum, sem henni sjálfri gæti hugsazt. Þíngmaður Dalasýslu óttaðist, að bænarskrá kynni að koma til næsta þíngs, sem afbæði giptíngar með öllu, en eg get huggað hann með því, að þó svo yrði, þá getur hún ekki komið honum til skaða, nema ef hann yrði ekkjumaður, sem eg vona og óska að ekki verði. Eg vil nú óska, að *forseti* vildi nú þegar láta ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa, eður ekki.

Stefán Jónsson: Væri menn bundnir við niðurlagsatrin í bænarskránni, þá væri jafnvel embættismenn margir hverir útilokaðir frá að giptast, þar þeir ekki allir eiga þann fjárstofn, sem þar er krafizt, en hóf er bezt í hverjum hlut, þó aldrei nema svo sè ástæða til að takmarka öreiga eða öllu heldur óráðsmanna giptíngar. Eg held því, að það væri bezt að svo stöddu, að sleppa þessu máli, meðan ekki koma fleiri bænarskrár og ekki er betri tími fyrir þíngið, en nú er, til að íhuga og ræða þetta vandamál.

Jón Hjaltalín: Að því er það snertir, að stjórnin enga ástæðu hafi fundið til að skerast í þetta mál, finnst mèr einmitt vera einni ástæðunni meir fyrir þíngið til að reyna að finna ástæður og benda stjórninni á, og held eg, að hægt sè að finna þær, því eg held það liggi í augum uppi, að öll sveitarstjórn og fátækrastjórn er ómöguleg, meðan þessu fram vindur. Hvað hitt snertir, að svo fáar bænarskrár hafi komið frá landsmönnum, þá virðist mèr þetta næsta eðlilegt og það þegar af þeirri ástæðu, að mönnum ekki gat verið kunnugt um, hverju stjórnin mundi svara upp á bænarskrána frá þínginu 1859.

Forseti: Það er hvorttveggja, að ekki taka fleiri til máls, enda er til mín komin ósk 8 þíngmanna um, að inngangsumræðu þessari sè hætt; álít eg henni því lokið, og skal leyfa mèr að skjóta því til atkvæða, hvort nefnd skuli kjósa í málið eður ei.

Björn Pètursson: Eg óska nafnakalls.

Forseti: Nafnakall skal þá eptir ósk þíngmannsins verða viðhaft.

Var síðan atkvæða leitað með nafnakalli og sögðu:

„*já*“ þessir:	„*nei*“ sögðu:
Árni Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson,	Benedikt Þórðarson.
Benedikt Sveinsson.	Ásgeir Einarsson.

„já“ þessir:	*„nei“* sögðu:
Björn Pètursson.	Gísli Brynjúlfsson.
Guðmundur Brandsson,	Helgi G. Thórdersen.
Jón Hjaltalín.	Indriði Gíslason.
Jón Pètursson.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
Jón Sigurðsson frá Haugum.	Magnús Andrèsson.
Ólafur Jónsson.	Stefán Jónsson.
Páll Melsteð.	Sveinn Skúlason.
Páll Sigurðsson.	
Pètur Pètursson.	
Stefán Eiríksson.	

og þannig með 13 atkvæðum gegn 10 samþykkt, að nefnd skyldi kjósa.

Var síðan stúngið upp á bæði 3 og 5 manna nefnd, og 3 manna nefnd samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11, og í hana kosnir: *Jón Hjaltalín* með 13 atkv.
Benedikt Sveinsson — 9 —
Pètur Pètursson — 8 —

Forseti: Samkvæmt dagskránni er að vísu enn eitt mál eptir, nefnilega bænarskráin úr Snæfellsnessýslu um að breytt verði hýðingarhegningunni hèr á landi, en með því eg sè, að opt getur mikill eldur orðið úr litlum neista, en fundurinn orðinn nokkuð langur og aukaskrifararnir hafa ærið að vinna, afræð eg að fresta máli þessu til næsta fundar. Eg skal geta þess, að síðan á næsta fundi hefi eg fengið tilkynníngu um, að til formanns í nefndinni *um danska þýðingu þingræðnanna* væri kosinn þingmaður Borgfirðínga. Þá skal eg, eins og vant er, bera undir hið heiðraða þing, það er eg hefi gjört viðvíkjandi prentun þingtíðinda þessa alþingis, og í því skyni leyfa mèr að lesa upp brèf frá stiptsyfirvöldunum, er mèr barst á fundi í dag, áhrærandi þetta málefni:

»Þèr hafið, herra alþingisforseti, í brèfi yðar til vor frá 8. þ. m. óskað að semja við oss um prentun alþingistíðindanna fyrir þetta ár, og um leið að fá vitneskju um, með hverjum kostum þetta yrði fáanlegt; svo hafið þèr og áskilið, að prentuninni yrði hraðað þannig, að 70 arkir gæti orðið búnar við næstu árslok, og að atkvæðaskrár og þess konar, sem þingið þyrfti að láta prenta í þetta skipti, fengist prentað fyrir talsvert minni borgun en hingað til, og loks hafið þèr óskað þess, að allt verulegt, sem spursmál

gæti orðið um, út af prentun þingtíðindanna í þetta skipti, færi beinlínis milli yðar, sem alþingisforseta, og vor, sem yfirstjórnanda prentsmiðjunnar. Út af þessu skulum vèr ekki undanfella að gefa yður til þóknanlegrar vitundar, að vèr, hvað prentunarkostnaðinn snertir, ekki getum tekið að oss prentsmiðjunnar vegna (og það er einnig álit forstöðumannsins, sem vèr höfum borið málið undir) að láta prenta tíðindin, með 600 exemplara upplagi, fyrir minni borgun en að undanförnu, nefnil. 12 rd. fyrir prentun á hverri örk og 40 rd. fyrir ballann af pappírnum, en þar á móti viljum vèr eptir samkomulagi við forstöðumanninn láta prenta atkvæðaskrár og þess konar fyrir þingið í þetta skipti fyrir svo sanngjarna borgun sem unnt er, og fyrir talsvert minna en hingað til, hvað vèr þó álítum beinlínis afslátt, sèr í lagi með hliðsjón af því atriði, að prentsmiðjan er látin sitja fyrir prentun á öllu, sem þingið þarf að láta prenta, en að öðru leyti getum vèr ekki nákvæmara ákveðið borgunina, en einúngis lofað því, að hún skuli verða svo sanngjörn, sem framast er unnt.

Hvað þar næst það skilyrði snertir, að 70 arkir skuli vera fullbúnar af tíðindunum við árslokin, skulum vèr geta þess, að það að vísu með þeim vinnukröptum, sem prentsmiðjan hefir yfir að ráða, er nokkuð hæpið að lofa þessu fastlega, en því getum vèr lofað og lofum, að prentsmiðjan skuli gjöra sitt ítrasta til að fullnægja þessari kröfu, en þar til útheimtist þá bæði, að ekki standi á lestri prófarkanna, og að handritið sè greinilega skrifað, og að rèttrituninni til sjálfu sèr samkvæmt — en út af þessu varð, eins og yður er kunnugt, umkvörtun árið 1859, — og hvað loks snertir það skilyrði, að allt verulegt, er spursmál geti orðið um út af þeim prentunarsamníngi, sem hèr ræðir um, fari beinlínis milli yðar og vor, höfum vèr ekkert á móti því, að svo sè, ef yður þykir svo betur fara, og þessu samkvæmt höfum vèr skrifað forstöðumanni prentsmiðjunnar.

Íslands stiptamtshúsi og skrifstofu biskups, þann 11. júlí 1861.

Th. Jónasson, *H. G. Thordersen*“.
settur.

Forseti: Af brèfi þessu frá stiptsyfirvöldunum fá hinir heiðruðu þíngmenn sèð, að kostirnir ekki eru óaðgengilegri en vant er, því eg tel það sem sjálfsagt, að pappírinn verði eins góður og að undanförnu, og að því er loforðið um að flýta þíngtíðindunum snertir, þá er það að vísu ekki einskorðað við annað en það, að flýta

þeim sem mest megi, og í því verð eg að álíta að liggi beint loforð um, að prentsmiðjan ekki taki að sèr nein ný verk til prentunar, meðan stendur á prentun tíðindanna. Sè þingmenn því ekki á móti þessum kjörum, sem hèr eru boðin, mun eg ganga að þeim.

Guðmundur Brandsson: Aður en ákveðið er, hversu mikið eigi að leggja upp af alþingistíðindunum, þætti mèr fróðlegt að fá að vita, hvernig þau hafa selzt núna seinast.

Forseti: Það er sjálfsagt, að eg skal síðar skýra þinginu frá því, — og skal um leið skora á þingið að kjósa eður útvega útsölumenn að þingtíðindunum, *því eg segi fyrir mig, eg vil ekki* vinna það fyrir, að hafa útsöluna á hendi, hún lenti svona þegjandi á mèr í hitt eð fyrra, af því engi annar fekkst til þess.

Guðmundur Brandsson: Eg spurði um sölu tíðindanna engan veginn af hræðslu um, að hún ekki væri í lagi, heldur til hins, að geta komizt að, hvort upplagið þyrfti að vera 600 exemplör, eins og áður, eður það ætti að vera *minna*, svo tíðindin ekki lægi *og* fúnaði hèr niður, sem mèr finnst engum til lofs nè dýrðar.

Forseti: Eg skal geta þess, að af alþ.tíð. 1859 mun hafa selzt nál. 140 expl., eg man það eigi svona utanbókar, en eg hefi gjört stiptamtinu skriflega grein fyrir því, og eins hve mörg expl. eru afhent til hreppanna ókeypis samkvæmt ályktun þingsins 1859, eg ætla að þau væri orðin milli 70 og 80, en nokkrir hreppar hafa þar að auki pantað tíðindi, en hafa eigi látið vitja þeirra enn, en við vitum, að meir en 150 hreppar eru í landinu, og að þeim verður þó öllum að ætla sitt expl. hverjum. En að því er upplagið snertir, þá gjörir það minnst upp á kostnaðinn, hvort þau eru 100 fleiri eður færri en hin ákveðnu 600 expl. Það er varla nema pappírinn (*Guðmundur Brandsson:* Það var líka hann, *sem eg átti* við) — já, en hann munar minnstu.

Arnljótur Ólafsson: Mèr virðist nauðsyn á betri upplýsingum í þessu; mèr finnst nauðsyn á að vita, hvort menn ekki geti skaðað prentsmiðjuna með því að leggja svona hart að henni um prentunina, og í annan stað, hvort menn eigi siti mönnum þeim í ljósi, er vilja sækja til prentsmiðjunnar að prenta fyrir sig. Einnig vildi eg vita, hvernig nú er komið kaupum og sölu á þingtíðindunum. Þá vildi eg og mega óska þess, að ritnefnd sú, er kosin verður, gjöri betri skil en áður hefir gjört verið, því eg segi fyrir mig, að registrið t. a. m. á þingtíðindunum er svo úr garði gjört, að eg fyrir mitt

leyti lítið sem ekkert gagn hefi af því. Eg get eptir því í hæsta lagi fundið sjálf þingmálin, en meira ekki. Eg vildi því jafnvel stínga upp á því, að nefnd væri kosin til þess að íhuga allt þetta mál, og bera sig saman við *forseta,* áður ritnefnd verður kosin.

Forseti: Eg vona nefndin, sem kosin var í þessu efni 1857, gjöri skýra grein fyrir bókakaupunum o. s. frv., og það því femur, sem þetta var eigi gjört 1859, eins og þó hefir jafnan verið að undanförnu, og á þingið fulla heimtu á þessu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get sparað þinginu allt umstangið með að kjósa nefnd, því eg get upplýst atriði þetta þegar í stað.

Forseti: Eg held réttara væri að fresta því, þangað til ef nefnd væri sett.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er óþarfi, að nefnd sè sett, því eg get sagt frá málinu í fám orðum. Fyrir alla peningana, sem veittir voru 1857, voru keyptar bækur 1859, en af peningum þeim, sem voru veittir 1859, eru keyptar bækur fyrir hèr um bil 50 rd., og hefir sá nefndarmaðurinn, sem í Kaupmannahöfn er, staðið fyrir þessum bókakaupum, og einkum keypt framhaldið af ritum þeim, sem þegar var byrjað að kaupa. Eru því af þeim 100 rd., sem veittir voru, eptir 50 rd., sem sumpart eru í mínum vörzlum, sumpart hjá nefndarmanninum í Kaupmannahöfn, að öðru leyti er það sjálfsagt, að eg skal gefa þinginu sem fyrst nákvæmari skýrslu um þetta.

Forseti: Að því er bókakaupin snertir, virðist mèr sjálfsagt, að þingið fái yfirlit yfir þau, vissi, hvað keypt er, og hvað eptir er af peningunum óvarið til bókakaupa, og hjá hverjum þeir eru. En viðvíkjandi því, er þingmaður Borgfirðínga drap á um að nefnd yrði kosin, þá skal eg, ef hann er fastur á því, taka það inn á næstu dagskrá. Eg skal að öðru leyti sem fyrst hlutast um, að skýrslan um bókakaupin og útsölu þingtíðindanna 1857, sem ekki enn í dag er komin til forsetadæmisins, fáist, eins og eg líka vona engi fyrirstaða verði fyrir því frá hálfu hins heiðraða þingmanns Reykvíkínga, eptir því sem honum áðan fórust orð.

Þar eð dagskránni þannig var lokið, gat *forseti* ýmsra mála, er koma mundu fyrir á næsta fundi, sem hann ákvað til þess 13. júlí kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Tíundi fundur — 13. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynníngu um, að í nefndinni um *breytíng á fyrirkomulagi hins lærða skóla* væri hinn 3. konúngkjörni þíngmaður kosinn formaður, og þíngmaður Skagfirðínga skrifari; í nefndinni *um launahækkun amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu* væri þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu formaður, en þíngmaður Norður-Þíngeyínga skrifari; í nefndinni um *laun málaflutníngsmanna við landsyfirrèttinn* væri hinn 4. konúngkjörni þíngmaður formaður, og skrifari þíngmaður Snæfellínga; í nefndinni um *löggildíngu þeirra priggja staða til kauptúna* væri þíngmaður Austur-Skaptfellínga formaður, og þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu skrifari; að í nefndinni um að *jafna alþíngistollinum niður á hundraðatölu jarðanna eptir hinni nýju jarðabók* væri kosinn formaður þíngmaður Húnvetníngа, og skrifari þíngmaður Borgfirðínga.

Forseti: Á dagskránni standa fyrst 2 málefni, sem mèr virðast þannig vaxin, að eg sem *forseti* eigi að neyta þess rèttar, sem heimilaður er *forsetanum* og honum gjört að skyldu í alþ.tilskip. 49 gr. að vísa þeim beinlínis frá þíngi; þar er reyndar hvergi ráðgjört, að þau skuli koma á dagskrá, og að *forseti* beri það álit sitt undir þíngið, en vegna þess að það er í fyrsta skipti, sem svona vaxin mál hafa verið send alþíngi til meðferðar, þá vildi eg þó bera það undir hið háttvirta þíng, hvort *forseti* gjörði rètt í því, að vísa málum þessum frá þínginu. Ef þíngmenn nú skyldi álíta, að *forseti* hefði eigi rètt fyrir sèr í þessu, þá virðist mèr að þau yrði að koma aptur á dagskrá til inngangsumræðu að aðalefninu til og nefndarkosníngar á öðrum fundi og því get eg ekki í þetta skipti leyft umræður um annað en það, hvort eg sem *forseti* hafi gjört rètt í því, að vísa þeim frá þíngi. Bænarskrárnar hafa legið í lestrarsalnum og eru víst þíngmönnum kunnugar, svo eg finn það óþarft, að afhenda þær flutníngsmönnum eða að láta lesa þær upp allar að þessu sinni, heldur álít eg nægja, að eg lesi upp niðurlagsatriðin.

Las *forseti* því næst *niðurlagsatriði* bænarskrárinnar viðvíkjandi *verstöðu í Bolúngarvík* með 211 nöfnum undir, þannig hljóðandi:

1. Að eignarrèttur eigenda jarðanna Hóls og Meirihlíðar sè þannig takmarkaður, að engum hèr eptir verði bægt frá, að fá útmælda lóð til uppsáturs, búðar og saltkróarbyggíngar, sem eptir venju er álitið að sè nægilega stórt 6 faðmar á breidd og frá sjó til svo nefndrar Drymlu á lengd.
2. Að engum, hvorki eigendum eða öðrum, sè leyfilegt að hafa stærra stykki fyrir eina eða einfalda verbúð (fyrir eina skipshöfn) en það hèr nefnda.
3. Að útmæling fáist hjá sýslumanni, svo lengi 2 óvilhallir útnefndir menn álíta, að reitur sè til á þeim stað, sem útmælíngarbeiðandi óskar, frá Hólsá út að Stigahlíð.
4. Að engum leyfist hèr eptir að byggja nokkurt hús á óútmældri lóð, og þeim, sem nú þegar hafa byggt á óútmældu, sè gjört að skyldu, að flytja það burt, sè krafizt útmælíngar á þeim stað, hvar húsið er til hindrunar, móti fullu endurgjaldi fyrir færslukostnað frá útmælíngarbeiðenda hálfu.
5. Að eigendum Hóls og Meirihlíðar sè gjört að skyldu, að leggja til verkefni í veggi, nefnil. grjót, hnaus og mold á staðnum, samt ljá ristu til tvöfalds þaks, þar sem ekki skemmist tún, svo nálægt sem hægt er, og engan veginn fram á Meirihlíðardal, þetta allt í hvert skipti, sem búðir og saltkrær eru byggðar í fyrsta skipti, en 8. hvert ár ristu til eins þaks á hvorutveggja.
6. Að sèrhver, sem hefir fengið sèr eina lóð og tekið hana í sínar vörzlur með því að byggja á henni, megi nota lóðina á þann hátt, sem bezt hentar, samt að húsin með rètti til lóðarinnar megi ganga í kaupum og sölum manna í milli og í erfðir án mótmæla frá jarðeigenda hálfu.
7. Sá venjulegi tollur, sem verið hefir frá þeim tíma elztu menn muna til og sjálfsagt miklu lengur, viðhaldist, nefnil. af hverjum áttræðíng 6 frð. af reithertum vorfiski, af sexræðíng 5 frð. og þar eptir minni, ef minna skip ganga, árlega.
8. Þó lóðirnar ekki sè brúkaðar á hverju ári, skal nefndan toll samt greiða.
9. Þessa nefndu tolla ætti að mega taka lögtaki hjá hlutaðeigendum, sem ekki borga, áður vorvertíðin er á enda.

Forseti: Mèr getur ekki annað fundizt, en að umkvörtunarefni þetta heyri alls ekki undir alþíngi, jafneinstaklegt eignarrèttinda mál sem það er, heldur heyri það beinlínis undir dómstólana.

Benedikt Þórðarson: Þetta mál getur með engu móti heyrt undir alþíngi; eins og hinn háttvirti *forseti* hefir nú þegar bent þínginu á, þá er málið hreint dómsmál, og komið í það horf, því á næstliðnum vetri hefir eignarmaður Bolúngarvíkurmala, Magnús Árnason, fengið sýslumann Jón Thoroddsen til að taka að sèr málið sín vegna, og eptirlátið honum umráð eignarinnar, meðan á málinu stæði. Heyrt hefi eg og mælt, að mótpartarnir hafi líka reynt að fá mann fyrir sig, og það Jóhannes sýslumann Guðmundsson, en ekki fengið, og muni honum ekki litizt hafa vel á málsveg þeirra. Í bænarskránni byggja þeir líka umkvartanir sínar á miðlúngi sönnum grundvelli. Þeir segja meðal annars, að eigendurnir drottni þar svo yfir, að menn neyðist til að hrökkva þaðan burtu; þetta er ekki satt; þeir eru einlægt að fjölga, sem byggja þar verbúðir, og hrökkva ekki burtu. (*Forseti:* Eg verð að biðja þingmanninn að fara ekki langt út í þetta eða málið sjálft, en halda sèr til hins, sem eg tók áðan fram að væri nú fyrir til umræðu). Eg skal gjarna hætta að telja fleira, mèr er það nóg, að máli þessu verður hiklaust vísað frá þingi, eins og það á skilið.

Konúngsfulltrúi: Eg hlýt að vera þingsins heiðraða *forseta* samdóma í því, að þetta mál beri ekki undir þingið, heldur undir dómstólana. Þar hefir um lengra tíma verið ágreiningur út af verbúðum og vertollum milli eigenda Bolúngarvíkurmalar og prestsins í Vatnsfirði, því Vatnsfjarðarkirkja á eptir gömlu gjafabrèfi hálfa vertollana á Bolúngarvíkurmölum, og vilja hvorirtveggja eigendur malarinnar, Meirihlíðar og Hólsmenn, og presturinn í Vatnsfirði ráða mestu um tollana og búðirnar. Fyrir nokkrum árum sömdu þeir milli sín um málið, en ekki hefir síðan farið betur, því hvorirtveggju hafa skilið samninginn á sinn hátt, og hefir presturinn kvartað yfir því, að hann væri ofurliði borinn af Meirihlíðarmönnum, og að þeir á næstliðnum vetri hefði rifið niður verbúð á Bolúngarvíkurmöl, sem sýslumaður eptir hans undirlagi og samkvæmt sáttasamníngnum hefði lagt út þar á mölinni, og hefir hann beðið um gjafsókn til að höfða mál út af þessu og vertollunum yfir höfuð, og er að vísu ekki búið að svara prestinum út af þessu, en það verður gjört bið fyrsta. Málið er þannig komið í þá stefnu, sem í öllu tilliti er eðlilegast, því það er á leiðinni til dómstólanna. Það er nú að vísu hèr ekki spursmál um innbyrðis rèttindi Meirihlíðarmanna og prestsins í Vatnsfirði, heldur er hèr kvörtun yfir því, að eigendur Bolúngarvíkurmala beiti ójöfnuði við þá, sem

vili byggja á mölinni verbúðir, og fyrirmuni það með öllu móti, svo menn geti ekki komizt að, og vilja þeir því, að það verði tekin af þeim ráðin, og þeim settar vissar reglur, eða með öðrum orðum, þeir vilja skamta sèr sjálfir rètt sinn gegn jarðeigendunum, en eins og þetta gengur í berhögg við eignarrèttinn, eins er það auðsætt, að hlutaðeigendur, ef þeim þykir sèr órèttur gjörður, eiga að leita um það dómstólanna, og að slíkt mál með engu móti getur borið undir þingið, eins og *forseti* upphaflega tók fram, og verð eg því fastlega að mæia á móti því, að þingið taki mál þetta til meðferðar.

Sveinn Skúlason: Eg sè mèr ekki fært að halda bænarskrá þessari fram til nefndarkosningar, þó mèr sýnist eitt vera á móti því, að henni sè vísað frá þingi vegna þess að bún sè umkvörtun frá einstökum mönnum. Hún er það þó ekki að því leyti, að undir henni standa ekki færri en 211 manna nöfn úr 8 hreppum sýslunnar og þar að auki eru nokkrir af þeim, sem undir hana hafa skrifað, úr næstu sýslunum, og þá getur maður varla sagt, að svona margir menn sè einstakir menn; en þrátt fyrir það sýnist mèr rèttast, að henni sè vísað til dóms og laga.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst það ekki bjóða neinum svörum að vera að koma með slíkt inn á þingið; *forseti* hefir nóga ástæðu til þess að vísa þessu máli frá; menn eiga ekki að vera að eyða tímanum með því að vera að tala um slíkt, því það er ekki forsvaranlegt.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal ekki tala um efnið sjálft, heldur um meðferðina, um það, hvort *forseti* skuli upp á sitt eindæmi vísa málum frá þingi, eða að hann samkvæmt alþingistilskipuninni eigi fyrst að bera málin undir alþingi og þingið þá vísi þeim frá. Í 49. gr. alþ.tilsk. stendur, að *forseti* skuli „*sjá um* það, að þeim málum, sem ekki koma samkomunni við, vísist þangað, er þau eiga rèttilega heima“ og við þetta á að bera saman 77. gr. Á nú *forseti* upp á sitt eindæmi að vísa málunum frá, án þess að bera þau undir þingið, eða á hann að bera þau fyrst undir þingið, og þá er þingið hefir vísað þeim frá, að koma þeim þangað, er þau eiga að fara? Í 77. gr. segir, að alþingi geti vísað málum frá sèr eða tekið þau að sèr, eptir því sem á stendur. Eg skil þá 49. gr. þannig, að þegar þingið hefir ályktað að vísa skuli einhverju máli frá þingi, skuli *forseti* sjá um, að svo verði gjört, og að hann skuli koma því þangað, sem það á heima, en eg get ekki skilið greinina svo,

sem *forseti* megi upp á sitt eindæmi vísa málum frá þingi. Eg vakti einúngis máls á þessu, til þess að þingsköp vor ekki breyttist um það að vísa málum frá þingi, en hitt álít eg sè óefanda, að þessu máli eigi að vísa frá.

Forseti: Mèr finnst aðferð mín vera mjög nærri skoðun þingmanns Borgfirðínga og skilníngi á alþingistilskipuninni, en eg setti málin á dagskrána til þess að fá að heyra álit þingmanna um það, hvort aðferð mín í málinu væri rètt eður ekki.

Arnljótur Ólafsson: Eg álít það sè engan veginn á móti 49. og 77. gr. að setja slík mál sem þessi á dagskrá, því öll mál, sem til þingsins koma, eiga að koma á dagskrá, en eg talaði einúngis um það, *hvernig* vísa skuli málum fá þinginu samkvæmt alþingistilskipuninni, en það kann að vera, að minn skilníngur á þessum tveimur greinum sè skakkur, og óska eg því, að heyra skilníng þingsins á þeim.

Ásgeir Einarsson: Þingmaður Norður-Þingeyínga sagði áðan, að þetta væri ekki að álíta sem umkvörtun einstakra manna, af því svo margar væri undirskriptirnar og þeir því væri margir, sem kvörtuðu, en mèr er sama hvað margir kvarta; þegar þessir mörgu vilja seilast í eignarrètt einstakra manna, þá er málið privatmál eða einstaklegs eðlis, og heyrir ekki undir alþíngi, hvort sem þeir eru margir eða fáir, sem biðja. Það er líka auðsèð, að þetta mál heyrir beinlínis undir dómstólana.

Benedikt Sveinsson: Mál þetta sýnist mèr mjög einfalt, og hefir *forseti* að mínu áliti gjört rètt í því, að bera það undir þingið, hvort þeim skuli vísa frá þingi eður ekki, því í 49. gr., sem vitnar til 77. gr., eru auðsjáanlega meint málefni eður umkvartanir einstakra manna. En þessu máli álít eg að eigi að hrinda frá þingi af annari ástæðu, sumsè þeirri, að það er beinlínis dómsmál, og óska eg, að umræðurnar um það sè ekki lengdar meir.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Þó að þingið geti eptir alþingistilsk. 77. gr. tekið kvartanir einstakra manna, ef rèttur þeirra hefir verið sjáanlega brotinn, þá sè eg ekki, að hèr sè til alþíngis komnar nægar röksemdir fyrir því, að þessum mönnum hafi verið brýnn órèttur gjörður, og með því þingið hefir fengið nægilegt til að starfa, þá held eg sè ekki neinn sèrlegur skaði skeður, þó það hleypi þessu máli fram af sèr.

Forseti: Eg skal þá bera það undir atkvæði þingsins, hvort máli þessu skuli frá vísa samkvæmt 49. gr. og 77. gr. alþingistilskipunarinnar.

Síðan var það samþykkt með 22 atkvæðum, að máli þessu skyldi vísa frá þingi.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá næst bænarskrá frá *Hofstaða- og Flugumýrarsóknarmönnum* (með fylgiskjali) um að *brauðasameiníngin eptir konúngsúrsk. 25. sept. 1853 verði ekki framkvæmd*, með 60 nöfnum undirskrifuðum.

Því næst las *forseti* upp niðurlagsatriði hennar þannig hljóðandi:

1. Að hin umrædda, í konúngsúrsk. af 25. sept. 1853 leyfða brauðasamsteypíng verði ekki framkvæmd, og
2. Að engi brauðasundrúng nè samsteypíng megi framvegis ákveðast hèr á landi, nema áður sè fengið fullt samþykki viðkomandi kirkjusafnaða.

Forseti: Það kann að virðast, að það liggi ekki eins beint við, að frávísa þessu máli, af því að hèr er beðið um breytíngu á konúngsúrskurði, en mèr er kunnugt, að beiðendur muni þegar vera búnir að skrifa stjórninni og eins stiptsyfirvöldunum um þetta mál, og að stiptsyfirvöldin eru aptur búin að rita stjórninni álit sitt um málið, svo menn geta vonazt eptir, að það verði bráðum útkljáð af stjórninni, en það væri gott, ef bæði hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og eins hinn 2. konúngkjörni þíngmaður vildi betur skýra frá því, í hvaða horf mál þetta nú er komið, því þeir eru því kunnugastir.

Konúngsfulltrúi: Viðvíkjandi þessu máli, skal eg leyfa mèr að gefa þínginu fylgjandi upplýsíngar. Í fyrra sumar sendu Flugumýrar- og Hofstaðasóknarmenn stiptsyfirvöldunum eptirrit af bænarskrá til konúngs um það, að konúngsúrskurðurinn frá 25. sept. 1853 viðvíkjandi samsteypíngu þessa brauðs við Hóla- og Miklabæjarbrauð, yrði felldur úr gildi. Kváðust hlutaðeigendur senda stiptsyfirvöldunum eptirritið í því skyni, ef þau kynni að vilja skrifa stjórninni eitthvað út af málinu, en frumritið væri beinlínis sent stjórninni; stiptsyfirvöldin hugsuðu, að stjórnin mundi beiðast þeirra álits um málið, en þar sem hún gjörði það ekki, og Hólabrauðið losnaði, og presturinn í Hofstaðaþíngunum sótti um það með því skilyrði, að farið yrði eptir konúngsúrskurðinum, þótti stiptsyfirvöldunum rèttast að skrifa stjórninni til, að fá vissu *sína* um úrslit bænarskrárinnar. Af tilviljun fór brèf stiptsyfirvaldanna ekki fyrri en í vor, en það kom eigi að síður nógu snemma, því þegar það kom, var bænarskráin enn ókomin frá hlutaðeigendum; hún

kom fyrst þann 28. maí, er næst leið, þetta get eg fullyrt, því eg veit það með vissu.

Það er því eptirtektavert, þegar hlutaðeigendur eru að furða sig á og barma sèr yfir því, að svar stjórnarinnar eptir svo margar milliferðir sè enn ókomið. Það gat ómögulega verið komið, en kemur sjálfsagt með næstu gufuskipsferð.

Það sjá nú allir, að það á ekki við að hreifa málinu hèr á þingi, eptir því sem þannig er upplýst.

Viðvíkjandi því öðru atriði í bænarskránni, að engi brauðasamsteypíng eptirleiðis færi hèr fram, nema með fullu samþykki viðkomandi kirkjusafnaða, þá er það að mínu áliti eðlilegt, að leitað sè í slíkum málum álits safnaðanna, og man eg, að stiptsyfirvöldin gjörðu það, þegar spursmál varð um sameiníngu Undirfells og Grímstúngu brauða, en að senda út af þessu atriði bænarskrá til stjórnarinnar, get eg ekki álitið nauðsynlegt. Stiptsyfirvöldin munu taka þá bendíngu, sem hèr er gefin, til greina, eins og það er kunnugt, að öll sú breytíng á brauðum, sem hèr gjörist, er af styptsyfirvöldunum borin undir brauðamatsnefndina, og í henni sitja þeir menn, sem þekkja vel til um allt land, enda er mjög farið eptir hennar tillögum, og yfir höfuð verður það ekki með sanni sagt, að það sè hrapað að þess konar breytíngum, því þær eru ítarlega íhugaðar, áður en þeim er farið fram við stjórnina.

Helgi G. Thordersen: Eg stend að eins upp af því, að á mig var skorað að skýra frá, hvernig máli þessu væri nú komið, en eg hefi engu við það að bæta, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* nú skýrði frá; hann er málinu eins kunnugur eins og eg, og er eg öllu því samþykkur, er hann sagði, án þess að fara um það fleiri orðum að sinni.

Gísli Brynjúlfsson: Eg hafði áskilið mèr að mæla að minnsta kosti nokkur orð fram með þeirri bænarskrá viðvíkjandi sameiníngu brauða í Skagafirði, sem eg er flutníngsmaður að; og með því eg nú verð að skilja svo sem *forseti*, eins og eg líka álít rètt, með því að setja bænarskrána á dagskrá, hafi lagt það á vald þíngsins að ákveða, hvort hún skuli takast til greinar eður eigi, þá skal eg nú og leyfa mèr að tala lítið eitt málinu til upplýsíngar. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði áðan nokkuð frá því, hvernig híngað til hefði verið farið með málið og í hvert horf það nú væri komið, eptir því sem honum var kunnugt; og eg skal nú því líka, með leyfi þíngsins, segja söguna, eptir því sem mèr er kunnugt, og vona eg

þá, að eg geti bætt nokkrum upplýsíngum við það, sem hann hefir frá sagt. Mèr var í fyrra vor send bænarskrá frá mörgum sóknarmönnum í Hjaltastaðasókn öldúngis samhljóða því eptirriti, sem nú fylgir þessari bænarskrá sem fylgiskjal, er hèr hefir verið fram lögð og þíngmönnum því er kunnug. Beiðendur fálu mèr málið til meðferðar á þann hátt, sem eg áliti hentugastan, og lètu mig um leið vita, að samhljóða bænarskrá hefði verið send stiptsyfirvöldunum, svo eg varð að álíta, að það hefði verið aðalbænarskráin, og það því fremur, sem neðanáskriptina vantaði á það skjal, sem mèr var sent, og henni því ei beinlínis vísað í nokkurn vissan stað. Eg gat því ei öðruvísi að farið en að eg talaði strax við forstjóra hinnar íslenzku stjórnardeildar og gjörði honum málið kunnugt, og kom okkur þá saman um, að eg, eptir því sem haganlegast kynni að þykja, skyldi afhenda honum bænarskrána til meðferðar undir eins og málið kæmi frá stiptsyfirvöldunum; því um það efaðist hann ei hið allraminnsta, að það þá mundi koma frá þeim með hið allrafyrsta, og kvað ekkert mundu verða í því gjört, fyrr en það væri frá þeim komið. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir nú sagt frá því, hvernig á því stóð, að þetta þó ei varð, og trúi eg því þá víst, að það hafi að eins verið af tilviljan, að málið ekki komst frá stiptsyfirvöldunum fyrr en í vor, eins og eg ei efast um, að það þó hafi verið tilgangur þeirra að flýta fyrir því, sem mest þau gátu En það varð nú þó, sem sagt hefir verið, niðurstaðan, að það fór ei frá þeim til Hafnar fyrr en með póstskipinu í maí og var því að eins komið þangað, rètt áður en eg fór af stað til Íslands; og undir eins og eg því frètti þetta og forstöðumaður hinnar íslenzku stjórnardeildar líka eptir aftalinu hafði látið mig vita það, þá afhenti eg honum bænarskrána og skrifaði um leið eptir tilmælum hans neðan á bænarskrána og dálítið brèf með til dómsmálastjórnarinnar, því þá fyrst átti að fara að taka málið fyrir. — Og eg gjörði ei að eins þetta, heldur talaði eg og einnig við ráðherra kirkju- og kennslumálanna sjálfan, sem að endíngu á að ráða úrslitum málsins, og sagði honum frá því, eins og eg líka afhenti hinum háttvirta forstöðumanni hinnar íslenzku stjórnardeildar enn nokkur skjöl, sem eg áleit að gæti orðið því til upplýsíngar. Menn sjá því og, að nú er svo komið, að bráðum má búast við úrskurði stjórnarinnar, en hvort hann muni koma með næsta gufuskipi eða ei, það held eg þó megi álíta nokkuð efasamt; og eg get því ei annað sèð, en að enn megi vel vera tími fyrir þíngið til að segja

álit sitt um málið, svo stjórnin kynni að geta haft tillit til þess. Eg vildi því og helzt óska, að þingið nú ei þessa vegna vísaði málinu frá, heldur setti sèrstaka nefnd í því; og skal eg þá að eins leyfa mèr að benda mönnum til, að mèr finnst ekki heldur hin 49. og 71. gr. í alþingistilskipuninni eiga beinlínis við hèr, því bæði er hèr beðið um breytíngu á konúnglegum úrskurði, og svo geta menn ei heldur lengur sagt, að það komi frá einstökum mönnum, sem kemur frá heilum sóknum og kann að vera velferðarmál þeirra. En að öðru leyti skal eg ekki að svo stöddu fara lengra út í málið sjálft, fyrr en þingið er búið að segja annaðhvort af eða á, hvort það kemst að eða ekki, og að endíngu að eins taka það fram, að mèr yfir höfuð finnst það rètt regla, að stjórnin gjöri ei breytíngar á brauðaskipunum, án þess fyrst að leita álits viðkomandi sóknarmanna, og það sýnist að minnsta kosti að vera heldur viðurhlutamikið, að gjöra það þrátt fyrir mótmæli þeirra, nema fullgildar ástæður sè á hina höndina. Þetta álit vildi eg óska að þingið lèti í ljósi með því að setja nefnd, og þó þetta mál nú sè komið til úrslita á rèttum stað hjá stjórninni, bæði frá sóknarmönnum og stiptsyfirvöldunum, þá get eg þó hvergi fundið það bannað í alþingistilskipuninni, að þetta þíng, sem að eins er ráðgjafarþíng, megi ei líka láta álit sitt í ljósi við stjórnina um slík mál, þó svo langt sè komið, ef það getur haft von um að hafa nokkur áhrif á úrskurð hennar, og þess hefi eg áður getið, að það er engan veginn víst, að þetta sè enn of seint í þessu máli.

Konúngsfulltrúi: Út af því, sem hinn háttvirti þingmaður Skagfirðínga nú mælti, skal eg leyfa mèr að taka fram, að það er ekki rètt hermt, að stiptsyfirvöldunum væri sent frumritið af bænarskránni, þeim var einúngis sent eptirrit af henni, eins og sjálfsagt varð að vera með þeirri aðferð, sem hèr var við höfð. Þetta get eg sannað með hlutaðeiganda eigin brèfi, er þeir sendu stiptsyfirvöldunum eptirritið. Stiptsyfirvöldin þurftu í raun rèttri ekki að taka neitt tillit til bænarskrárinnar, því þau höfðu fyrir sèr konúngsúrskurð um, að Flugumýrarþíngin ætti að leggjast niður, þegar þau losnuðu, og nú var svo komið, eða öll líkindi til að svo yrði, en þau gjörðu það ei að síður af varkárni og með hliðsjón af beiðni hlutaðeiganda. Að málið ekki er komið í kríng, er engum að kenna, nema hlutaðeigendum sjálfum. Það liggur í augum uppi.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg álít það óheppilegt og óhentugt, og jafnvel ótilhlýðilegt, að vera að senda þau mál alþíngi

sem komin eru á gang annaðhvort til dómstóla- eða yfirvalda-úrskurðar, og ætlast til, að þingið fari að káfa ofan í þau, rètt í því að aðrir eru að útkljá þau. Eg held það sè nógur tíminn að senda þau þinginu, þegar menn sjá, hvernig þau hafa verið afgreidd, og sjá, um hvað menn þurfa að biðja.

Gísli Brynjúlfsson: Eg get með tilliti til þess, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nú sagði, að eins tekið það upp, sem eg áður hefi sagt, að forstöðumaður hinnar íslenzku stjórnardeildar sagði mèr sjálfur, að hann biði einmitt að eins eptir stiptsyfirvöldunum. Undir bænarskrána, sem mèr var send, vantaði, sem eg og hefi sagt, neðanáskriptina og eg gat því ei haft aðra aðferð, enn þá, sem eg einmitt eptir samkomulagi við forstöðumann hinnar íslenzku stjórnardeildar varð að álíta hina haganlegustu; hvort önnur hefði verið löglegri, veit eg ei, því eg er engi lagamaður, en það veit eg eitt, að sökum minnar aðferðar hefir ekkert dregizt og engu verið spillt. Eg skal því ei orðlengja þetta, en að eins enn biðja þingið að setja nefnd í málið sem fyrst.

Þar eð 10 þingmenn þá höfðu óskað þess, þegar hèr var komið umræðunni, að henni væri lokið, lèt *forseti* ganga til atkvæða um það, og var það samþykkt með 20 atkvæðum.

Þar næst var það, sömuleiðis með 20 atkvæðum, samþykkt, að máli þessu skyldi vísa frá meðferð á þingi.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *inngangsumræðu* bænarskrá úr Snæfellsnessýslu *um breytíngu á hýðíngarhegníngunni.* Flutníngsmaður hennar er þíngmaður Snæfellínga.

Var bænarskráin þá afhent flutníngsmanni.

Páll Melsteð: Eg skal leyfa mèr að lesa upp þessa bænarskrá; það tekur ekki langan tíma, því hún mun vera einhver hin stytzta bænarskrá, sem komið hefir til alþíngis. Hún er svo látandi:

»Á Þórnesfundi, þann 13. júnímánaðar 1861, var stúngið upp á því, að biðja hið heiðraða alþíngi, að frambera þá bæn fyrir stjórnina, að hýðíngarstraff yrði úr lögum numið, en í þess stað yrði ákveðið annað hæfilegt straff fyrir þau brot, er áður hafa varðað hýðíngu. Eptir að við undirskrifaðir, sem fundurinn hafði fengið málefni þetta til meðferðar, höfðum hugleitt og rætt það, kemur oss saman um að laga svo nefnda uppástúngu: að vèr biðjum alþíngi um að frambera þá bæn fyrir stjórnina, að breytt verði öllum hýðíngarströffum, sem ei varða meiri hegníngu en fjórum

sinnum fimm daga fangelsi upp á vatn og brauð eptir dönskum lögum í annað hæfilegt straff.

B. E. Guðmundsen. *Kr. Guðbrandsson.*

Samþykkt af fundinum,

S. Níelsson.

forseti".

Páll Melsteð: Þíngmenn hafa nú séð og heyrt, að menn vilja byggja gömlum siðameistara út úr landinu, og vona eg, að þíngið gefi málinu góðan gaum, og að nefnd verði sett í það.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki annað en ráðið þíngínu frá, að taka þessa bænarskrá til greina. Það lítur svo út, eins og hlutaðeigendur hafi ekki hugsað vel um málið, og sèr í lagi er það óljóst, hvernig þeir hafa hugsað sèr þá breytíngu, sem þeir biðja um.

Það verður ekki varið, að hýðíngarstraffið, viðhaft á fullorðnum, særir velsæmistilfinníngunа, en það er nú ekki auðvelt að setja annað straff í þess stað, enda er hýðíngarstraff nú orðið gamalt hèr í landi. Það er nokkuð undarlegt, þegar bænarskráin vill taka af hýðíngar fyrir allar minni háttar yfirsjónir, en halda þeim að öðru leyti. Eðlilegast væri, að taka hýðíngar af algjörlega, og því var líka með miklum atkvæðafjölda farið á flot, þegar verið var að búa undir tilskipunina frá 24. jan. 1838, en sú varð þó niðurstaðan, að menn gátu ekki fundið annað straff, er sett yrði í staðinn fyrir hýðíngarstraffið; því vatns og brauðs straff á hèr ekki við, og því verður ekki komið við hèr á landi, og það hefir hjá oss yfirgnæfandi annmarka. Bænarskráin vill heldur ekki koma á þessu straffi; hún veit ekki, hvað hún vill; en sá einasti vegur til að afmá hýðíngar fyrir minni yfirsjónir, og yfir höfuð til að útrýma þeim, væri sá, að koma upp hegníngarhúsum, en það er nú líka bundið miklum vandkvæðum, bæði hvað fyrirkomulag þeirra og stjórn snertir, og svo reyndist það líka með tukthúsið okkar, en eg skal ekki fjölyrða um þetta mál, eg vona, að þíngið vísi því frá, því það á ekki við, að taka þetta einstaka atriði í hegníngarlögunum fyrir.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg kemst nú ekki niður á meiníngunni í þessari bænarskrá, og eg veit ekki, hvernig Snæfellíngar hafa hugsað sèr hana; þeir vilja ekki hýðíngarstraffið, en setja ekkert í staðinn, þeir vilja þó víst eitthvert straff fyrir þjófnað og óknytti, sem þar er alltítt; skulu þeir þá vilja láta handhöggva, brennimerkja setja í gapastokk, eða hvað? eða skulu þeir vilja hafa vatns og brauðs fangelsi; þeir mega þá búa sig betur út með herbergi,

en þeir hafa gjört; það er ekki langt síðan eg var staddur á þeim stað sýslunnar, sem líklega hefði átt að vera þar til bezt lagaður, það var Stykkishólmur, og sagðist yfirvaldið ekki hafa herbergi til að setja inn eður trafala einn þrjót eina eður tvær nætur, þar til hann sansaðist eða yrði betur prófaður, og varð því að ginna hann til að vera þar undir umsjón, eins og í vinakynni. Eg held alþingi hafi nóg nauðsynlegri mál að afgreiða í þetta sinn, og sè bættur skaði Snæfellínga, þó hýðingarstraffið standi hjá þeim óbreytt til næsta þings.

Páll Melsteð: Eg vil ekki taka aptur bænarskrána, eg kann betur við fyrir hönd kjósenda minna, að þingið felli hana þá, ef því svo þóknast; en hins vegar skal eg ekki gefa tilefni til þess að lengja þingræðurnar, og vil því skjóta því til *forseta,* hvort honum sýnist ekki, að bezt sè að bera bænarskrá þessa nú þegar undir atkvæði þingmanna.

Páll Sigurðsson: Mèr sýnist það mikið efunarmál, hvort þingið á að taka þessa bænarskrá, því mèr sýnist ekki, að hýðingarhegningin verði af tekin eða því straffi breytt, nema menn fái þá einhverjar sèrlegar innrèttingar, svo sem arresthús, í staðinn, en það er bundið miklum kostnaði, sem landið ekki þolir nú sem stendur, og sýnist mèr því, að þingið eigi að fella þessa bænarskrá í þetta skipti, þó mèr ekki þyki vænt um hýðingarhegninguna sjálfa.

Jón Hjaltalín: Það er bágt, þegar þingmenn, sem einlægt eru að tala um að stytta þingtímann, gjöra sitt til þess að lengja hann, með því að flytja bænarskrár inn á þingið, sem þeim eru sendar frá kjósendum þeirra, og sem þeir ekki ætti að voga sèr að bjóða þinginu, en sem þeir ætti strax að senda til baka; það kemur ekki heldur að neinu gagni, þó þær sè bornar undir þingið, því það getur ekki verið þekkt fyrir að taka við öðru eins rugli og þessu.

Páll Melsteð: Eg vil aldrei fylgja þeirri reglu, að senda kjósendum mínum aptur bænarskrár þær, er þeir senda til mín, án þess að bera þær undir alþingi, því það væri að svíkja þá í tryggðum. Að öðru leyti held eg, að eg geti sagt með sanni, að eg lengi ekki þingræðurnar, og óska eg nú, að *forseti* láti ganga til atkvæða um bænarskrána.

Jón Pètursson: Eg er því samdóma í þessu máli, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði áðan, þó mèr sè illa við hýðingarstraffið sjálft, og ætla eg að eins að gjöra þá athugasemd, að hýð-

íngarhegníngin, þó hún að vísu sè gömul hèr á landi, er ekki komin upp í því sjálfu, því hún þekktist ekki og er ekki nefnd í hinum elztu lögum þess.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið.

Var síðan gengið til atkvæða og bænarskráin felld með 20 atkvæðum.

Forseti: Þá kemur, samkvæmt dagskránni, sömuleiðis *til inngangsumræðu,* bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu *um breytíng á tíma manntalspínganna þar í sýslu.* Flutníngsmaður er hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þíngeyínga.

Var bænarskráin síðan afhent flutníngsmanni.

Sveinn Skúlason: Eg vona, að mèr leyfist að lesa upp bænarskrána, hún er stutt og hljóðar þannig:

»Svo hagar til í Ísafjarðarsýslu, að bændur innan úr fjörðum og sveitum róa í útverum yzt til nesja frá því síðara part vetrar til messna, og þar yfir. Á þessu tímabili verða þeir að sækja manntalsþíng sín frá miðjum maí fram í júní, og virðist þetta vera óhentugur tími fyrir þá bændur, er róa í útverum, að verða að víkja frá afla svo langan veg og stundum vegna veðráttufars ómögulegt, hvað fegnir sem vildi.

Eins virðist það óhentugt tímabil fyrir sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu, að ferðast yfir svo langar og örðugar heiðar, sem opt um þann tíma eru snjóum huldar, þar að auki er sýslumanninum það tilfinnanlegur örðugleiki, og í mörgu óþægilegt, að bændur geta ekki komið á manntalsþíng, hvorki að greiða þegnskyldur nè heyra á upplesin lagaboð, eða koma fram með neinar áríðandi umkvartanir sínar, er þó þyrfti að fá úrslit.

Af framanskrifuðum ástæðum berum vèr mál þetta undir hið heiðraða alþíngi og biðjum það að semja bænarskrá til vors allramildasta konúngs því viðvíkjandi, að manntalsþíng í Ísafjarðarsýslu byri ekki fyrr en í miðjum júlí.

Á frjálsum fundi á Ísafirði, 22., 23. maí 1861.

Þ. Böðvarsson,
forseti".

Sveinn Skúlason: Eg vona, að þíngmenn álíti, að það sè æskilegt að fá þessu breytt, en eg veit ekki, hvort þessi breytíng get-

ur fengizt með öðru móti en í gegnum þingið, og óska eg því, að fá upplýsing um það.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg mæli með því, að nefnd sè sett í þetta mál; það er ekki langt, og þarf ekki að taka langan tíma frá þinginu, það er líka full nauðsyn á, að fá þessu breytt, því að vertíð byrjar fyrir vestan fyrir sumarmál og er ekki á enda fyrri en eptir Jónsmessu; ef því þeir, frá Ísafjarðardjúpi, sem eru til útróðurs í Bolúngarvík og öðrum veiðistöðum, ætti að fara til þings á þingstaði sína, yrði þeir að missa 3—4 daga frá róðrum; sama er að segja í vesturhluta sýslunnar, þó að verstöðurnar sè þar nær þingstöðunum, að þeir missa þó að minnsta kosti 2 daga úr, og er það mikið óhagræði, ef gæftir og fiskur er. Líka er það satt, sem stendur í bænarskránni, að það sè mjög mikið óhagræði fyrir sýslumann að ferðast á þing svo snemma, því í vestara hluta sýslunnar eru vondar heiðar yfir að fara, sem opt ekki eru færar fyrr en seinast í júnímánaði, og vona eg því að þingið gefi máli þessu góðan gaum.

Jón Hjaltalín: Mèr er það ekki ljóst, hvort ekki sè nóg að biðja sýslumann að halda þingið síðar; mèr finnst það líka nokkuð undarlegt, að það skuli vera beðið um að hafa þing á sláttarbyrjun. Ef að þingið nú fèllist á þetta og stjórnin samþykkti það, þá kynni að vera hætt við, að þeir, sem eru við slátt, á þeim tíma, sendi bænarskra til þingsins um að fá þessu breytt aptur. Eg veit ekki heldur, hvað margar undirskriptir eru undir þessari bænarskrá.

Sveinn Skúlason: Bænarskráin er undirskrifuð af *forseta* fundar þess, er haldinn var á Ísafirði.

Halldór Kr. Friðriksson: Þingtíminn er lögskipaður í maímánuði, og sýnist mèr það því ekki vera gott að stínga upp á því, að sýslumaður skuli brjóta sjálfur lögin með því að breyta þingtímanum.

Björn Pètursson: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvort beiðendur hafi ekki fyrst beðið stjórnina um að fá þessu breytt; ætli að það dygði ekki að fara þess beinlínis á leit við hana? Ef að svo yfirgnæfandi ástæður eru til breytíngarinnar, eins og beiðendur segja, þá ímynda eg mèr, að stjórnin mundi leyfa þessa undantekníng frá aðalreglunni, þegar hún væri búin að fá álit hlutaðeigandi yfirvalda.

Benedikt Sveinsson: Hinn vanalegi þíngtími er í maímánuði,

en eg man ekki betur, en að frá því sè gjörðar undantekníngar í lögunum sjálfum, sem eru byggðar á sèrstaklegu ásigkomulagi sýslnanna, sem undanteknar eru, og á meðal þeirra minnir mig að Ísafjarðarsýsla sè. Mèr sýnist það nokkuð undarlegt, að þíngið skuli vilja hafa tillit til sèrstaklegs ásigkomulags landsins í verzlunarmálum, en ekki í öðru eins máli og þessu. Mèr sýnist það einnig mjög varhugavert, að alþíngi stuðli sjálft að því, að ráðgjafar Danakonúngs skerði rètt þess, með því að stínga upp á því, að þeir gjöri út um löggjafarmál eða breyti gildandi lögum, eins og þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu stakk upp á. Mèr sýnist það líka vera augljós vottur þess, að ástæða muni vera fyrir breytíngu á þíngtímanum í Ísafjarðarsýslu, að Ísfirðíngar hafa heldur óskað að hafa hann um miðjan slátt, því það sýnir berlega, að beiðendurnir eru knúðir af sterkri nauðsyn, og gjöri þetta ekki að gamni sínu.

Forseti: Það er að heyra svo á sumum þíngmönnum, sem þeir álíti, að þetta mál sè ekki löggjafarmálefni. Til alþíngis 1845 kom, að mig minnir, frumvarp frá stjórninni, og var það þá gjört að lögum, að þíngtíminn skyldi vera frá miðjum maí til miðs júnímánaðar, en frá því var gjörð undantekníng með einstöku sýslur eða hreppa úr sýslum; þetta sýnir bezt, að málið er löggjafarmálefni, og að því verður ekki breytt nema í gegnum alþíngi.

Ásgeir Einarsson: Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hèlt, að sumir yrði, ef til vill, með þessari breytíngu, en sumir ekki; þetta getur vel verið, því sýslan er stór, að það sè ekki jafnnauðsynlegt fyrir alla að fá þessu breytt; en þegar þíngið er beðið breytíngar á þessu, verða menn að álíta, að þörf sè á breytíngunni, og verð eg því að vera með því, að nefnd sè kosin í þetta mál.

Benedikt Þórðarson: Mèr er það kunnugt, að sá lögboðni þíngtími er mjög óhentugur í Ísafjarðarsýslu; sýslan er stór og mjög torsótt yfirferðar og þar yfir marga firði og torfæra fjallvegi að fara, og geta fjöll þar verið lítt fær fram á sumar; eins er þessi þíngtími mjög óhentugur fyrir Barðastrandarsýslu, og mun eg koma fram með uppástúngu henni viðvíkjandi í líka átt, og verð eg því að mæla fram með nefnd í þessu máli.

Arnljótur Ólafsson: Eg er á móti nefnd í þessu máli, þó eg sè því ekki vanur, af því eg er hræddur um, að ef ein sýslan verður undan þegin hinni almennu reglu, þá muni hinar koma á eptir, og það hver á eptir annari, og biðja um hið sama, og held eg, að þetta geti því orðið orsök til þess að lengja þíngtíðindin. Mèr

getur og eigi skilizt, að bænarskráin sè Ísfirðingum hentug. Í Ísafjarðarsýslu eru að minnsta kosti bæði sveitamenn og sjómenn, og sveitamenn eru þar langt um fleiri. Það hlýtur nú að verða sveitamönnum í óhag, að fara á þing um sláttinn, þótt sjómönnum kynni að vera sá tími hentugri, en mèr sýnist ekki, að menn eigi að breyta þessu, þó það kunni að vera sjómönnum í hag, og ef menn breyta hèr, þá þarf líka að breyta í fleiri sýslum, því víða annarstaðar er ekki minna af sjómönnum, svo sem í Eyjafjarðarsýslu og Borgarfjarðarsýslu, og ætla eg, að það sè að minnsta kosti lengra á þingstaðina þar en hèr í Gullbringusýslu (*Halldór Kr. Friðriksson:* Nei); að minnsta kosti er þó í Borgarfjarðarsýslu lengra á þingstaðina (*Halldór Friðriksson:* Nei). Já, komið þið þá með kortið, svo menn geti mælt, hvað langt er á þingstaðina, því áður en menn geta fundið ástæðu til að kjósa nefnd í þetta mál, verða menn að bera saman vegalengdina til þingstaðanna í Ísafjarðarsýslu við vegalengdina til þingstaðanna í öðrum sýslum, og sjómannatöluna þar við sjómannatöluna annarstaðar; þetta verða menn að bera saman, en eptir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, get eg ei verið með nefnd. Þingmaður Reykvíkinga veit það víst, að meðan vorsamkomur voru hèr í fornöld, beiddu menn aldrei um undanþágu, svo menn viti; menn töldu það ekki eptir sèr þá, að fara sjálfir. Bændur eru heldur ekki skyldir til að fara sjálfir á þing, heldur geta þeir sent skilvísan mann fyrir sig; þó þeir sè sjálfir við sjóinn, þá er þó víst einhver vinnukonan heima, sem er svo til ára komin, að þeir geti sent hana í sinn stað. Áður en gengið er til atkvæða, vona eg að fá betri skýrslur um þetta mál.

Halldór Kr. Friðriksson: Það gjörir mèr illt, að eg skuli þurfa að svara þessu hjali þingmanns Borgfirðinga, því eg get ekki kallað það annað; þingmaðurinn veit víst af kortinu, hversu stórt Ísafjarðardjúp er hèr um bil, því það eru 5—6 vikur sjávar úr Bolúngarvík inn á Langadalsströndina, og sjá allir, hvílíkt óhagræði það er, að þurfa að sækja á þing svo langan veg, og eg get ekki ráðið til þess, að húsbændur sendi vinnukonu sína eða smala á þing til þess að heyra þar lög og rètt. Þingmaðurinn sýndi líka frábæran ókunnngleika til Ísafjarðarsýslu, því þar er ekki einn einasti bóndi, sem stundar svo landbúnaðinn, að hann sæki eigi jafnframt sjóinn; það eru einúngis gamalmenni, sem eigi sækja sjóinn, þegar þeir eru orðnir uppgefnir og duga ekki lengur til þess, og svo einstaka efnamenn. Það er miklum mun hægra fyrir Borg-

firðinga, að sækja þing um vertíðina, því þeir róa flestir heiman að frá sèr, og eiga því styttra á þingstaði sína. Eg vona, að allir, sem þekkja lítið eitt til Ísafjarðarsýslu, sjái, að þetta er mikill munur, og þingmaður Borgfirðinga getur líka sèð það, ef hann vill líta á kortið. Í Súgandafirði eru verstöðurnar reyndar í sveitinni, en í Önundarfirði er verstaðan utast við fjörðinn, svo að þeir, sem róa þar, verða þá að sleppa úr róðri, að minnsta kosti 2 dögum.

Jón Pètursson: Eg vil að eins benda á það, að sýslumönnum eru veittar sýslurnar frá fardögum til fardaga; þeir fá ekki tekjur sínar í þeim fardögunum, þegar þeir koma til sýslnanna, heldur um næstu fardaga eptir. Þegar nú fardagar eru í byrjun júnímánaðar, er mjög illt fyrir sýslumann að verða að bíða eptir tekjum sínum í 13 mánuði, ef leyft væri að halda þingin í miðjum júlímánuði. Það er nógu illt fyrir sýslumenn, að verða að bíða eptir launum sínum heilt ár, þó menn gjöri þeim það ekki verra, en er. Það er líka slæmt, að menn vita ekki álit sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og amtmannsins þar vestra um þetta málefni, því að því er manntalsþing snertir, þá er gjörð undantekníng frá hinni almennu reglu um þau með Ísafjarðarsýslu, því að manntalsþing eiga að byrja þar 5. maí, og skyldi það ekki vera eins gott fyrir sýslubúa, eins og það, sem beðið er um í bænarskránni? Þessi undantekníng hefir þó verið gjörð þar vegna einhverra sèrskildra ástæðna.

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta sem hinn 4. konúngkjörni þingmaður nú sagði, sýnist mèr alveg falla burtu, því það stendur rètt á sama hvort sýslumaður fær tekjurnar fyrst á árinu eða seinast á því (*Jón Pètursson:* Nei).

Forseti: Mèr virðist eigi betur en báðir hinir heiðruðu þingmenn fari nokkuð villt í þessu, því að engi sýlumaður bíður fremur en áður eptir tekjunum í 13 mánuði, þó að þessi breytíng yrði gjörð, sem hèr er stúngið upp á, og fær þær ekki heldur í byrjun ársins, því ef sýslumanninum, sem þar er núna, væri veitt önnur sýsla, þá ætti hann tekjurnar, sem inn koma á manntalsþíngunum á þessu vori eða sumri, en sá, sem veitt væri sýslan í hans stað, fær næstu árstekjur og bíður þá ekki eptir þeim í 13 mánuði fremur en vant er.

Jón Pètursson: Jú! t. d. ef sýslumanni væri veitt sýslan frá 6. júní eður frá fardögum 1862, þá ætti hann að fá tekjur sínar, eptir því sem nú er, fyrsta skipti í maí 1863, en fengi bænin fram-

gang, yrði hann hann að bíða eptir þeim þangað til í júlímánuði, næsta eptir, eður þangað til í júlí 1863.

Halldór Kr. Friðriksson: Það stendur á sama, það er nóg ástæða til að breyta þessum lögum, þegar vèr vitum, að vertíð er þar í sýslu frá því fyrir sumarmál þangað til eptir Jónsmessu, svo að menn þar þess vegna eru útilokaðir frá að sækja á þing.

Arnljótur Ólafsson: Eg þakka hinum heiðraða sessunaut mínum fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir gefið mèr, fyrst fyrir þá upplýsingu, að Ísfirðingar búi úti á Ísafjarðardjúpi, því það vissi eg ekki fyrri, og eg held, að það standi ekki í landaskipunarfræðinni hans, og svo fyrir þá upplýsingu, að allir Ísfirðingar eru sjómenn og engir heima, sem má trúa fyrir að fara á manntalsþingin fyrir bændur þar. Alltènd eru þó stúlkurnar heima, og þegar þær nú eru orðnar myndugar, þá sè eg ekkert á móti því að senda þær á manntalsþing.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Þegar talað er um að breyta viðteknum og gildandi lögum, þá virðist mèr að ætið þurfi gildar og góðar ástæður og mèr þykir það varlega gjöranda fyrir alþingi að hlaupa þegar eptir því, þó svona komi eitt hljóð svo að kalla frá stökum mönnum; mèr virðist, að bænarskrá þessi sè frá fiskimönnum eða sjómönnum, sem vilja nota vertíðina, en hvort að breytingin yrði þá í hag sýslumanni eða sveitabændum (því þá gæti þingin orðið um túnasláttinn), það á eg ekkert víst, fyrr en þessir koma fyrir sig orði, annars verður ekki að því gjört, þó þingin sè haldin á vertíð eður einhverri þeirri tíð, sem menn geta gjört sèr annað gagn, og þó að sjómenn úr verstöðum eigi 5—6 vikur sjóvar til þingstaðarins, eins og fulltrúi Reykjavíkur sagði, þá þykir mèr það ekki næg ástæða til að breyta lögum. Eg vil segja um Mýrasýslu, að þeir, sem róa þaðan á vorin, geta átt 5—6 vikur sjóvar heim til þinga, og þó hafa þeir ekki beðið um breytingu á þingatíðinni.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir það bágt, af því að Ísafjarðarsýsla er þingmannslaus í þetta skipti, að þeir menn skulí vera hèr á þingi, sem vilja, að þeir brjóti lögin, þegar þeir biðja um að fá þeim breytt, svo þeir ei þurfi að brjóta þau, og að bænarskrár þeirra verði fyrir háði og keskni, því eg get ekki kallað aðferð þingmanns Borgfirðinga annað í þessu máli. Eg þarf ekki kort yfir Ísafjarðarsýslu til þess að vita, — og eg veit, að hver þingmaður veit það án korts —, að Ísafjarðarsýsla er mjög sundurdreifð. Hinn 4.

konúngkjörni þingmaður sagði, að leyft væri að halda manntalsþíng í Ísafjarðarsýslu 5. maí, en það er búið að taka það fram, að þetta leyfi sè alveg ónóg, því bænarskráin tekur það einmitt fram sem annað aðalatriði, að vegir sè þar ófærir langt fram yfir þann tíma. Mèr sýnist þess vegna, að ef yfirvöldin ekki hafa leyfi til þess að breyta þessu, þá sè sjálfsagt að kjósa nefnd í málið. Eg veit líka til þess, að þíngum hefir verið skotið á frest í Siglufirði í Eyjafjarðarsýslu og eins norðast í Þíngeyjarsýslu, vegna þess að vegir hafa þar verið ófærir fram í júlímánuð. Ef undantekníng er gjörð frá hinum vanalega þíngtima, þá er eg sannfærður um, að slík undantekníng kemur sèr hvergi betur en í Ísafjarðarsýslu.

Jón Hjaltalín: Þrátt fyrir þær ástæður, sem eg hefi heyrt, verð eg að vera á sama máli og áður. Ætli að við komumst langt, ef við tökum margar slíkar bænarskrár? Eg get ekki skilið það, að það sè miklar hindranir á því að fara yfir Ísafjarðardjúp í maímánuði, ef engar hindranir eru í júlímánuði, og svo get eg ekki ímyndað mèr að það sè almennings ósk, að hafa þíngtímann heldur á bjargræðistímanum en á vertíðinni, þó þeir svo missi úr 3—4 daga, sem þeir, ef til vill, ekki geta róið á. Þíngmaður Norður-Þíngeyínga tók það fram, að þeir biði um þessa breytíngu, af því þeir vili ekki brjóta lögin, en eg efast um, að það sè öll lög, sem þeir vilja halda, að minnsta kosti er ekki langt síðan við heyrðum, að þeir vilja ónýta eignarrèttinn. Ef menn geta annarstaðar í landinu, þar sem örðugt er að ferðast, brúkað þann þíngtíma, sem hingað til hefir staðið, þá ætti þeir eins að geta það, og mèr finnst það hreint ófært að eyða tímanum með því að gegna tiktúrum og vömmum úr einstöku mönnum.

Stefán Jónsson: Þetta mál um manntalsþíngtímann var hèr fyrir þíngi 1845 sem frumvarp frá stjórninni, og var gjörð undantekníng frá hinni almennu reglu um þíngtímann með Skaptafellssýslur og eg ætla Vopnafjörð í Norður-Múlasýslu, að þíng skyldi ei halda þar fyrri en í júlímánuði, og eins með Ólafsfjörð og Siglufjörð í Eyjafirði; þessar undantekníngar hafa verið gjörðar eptir ósk sýslumanna til hægðar fyrir þá, vegna þess að þeir gátu opt ekki komizt á þíngstaðina, af því að vegir voru ófærir yfir fjallvegina, sem þar liggja, fram á sumar. Eg ímynda mèr, að það gæti eins verið þörf á að gjöra undantekníng frá hinni almennu reglu með Ísafjarðarsýslu, en hún hefir, ef til vill, orðið út undan, vegna þess að það hefir ekki verið hagur fyrir sýslumanninn, heldur fyrir

landsmenn sjálfa, að hafa þingtímann seinna, en landsmenn höfðu þá ekki átt neinn kost á að segja álit sitt hvorki um þetta nè annað. Aptur á móti er það einúngis örðugt fyrir sýslumanninn sjálfan, að sækja á þingstaðinn í Siglufirði í Eyjafjarðarsýslu, en ekki fyrir þá bændur, sem eiga að sækja þing þangað. Mèr sýnist það vera ísjárvert að hrinda bænarskrá, sem hefir talsverðar ástæður fyrir sèr, frá nefnd, þar sem menn hafa ástæðu til að halda að almenníngshagur sè undir kominn; að minnsta kosti vil eg að nefnd sè kosin í þetta mál, því af því, sem fram er komið, sýnist mèr full ástæða til þess að álíta, að það sè gjörð breytíng á þingtímanum í Ísafjarðarsýslu.

Páll Sigurðsson: Eptir því sem mál þetta er upplýst, sè eg ekki fulla nauðsyn á að taka það nú til nefndar.; mèr þykir það nokkuð undarlegt, að engi bænarskrá skuli hafa komið þaðan, síðan mál þetta var rætt á þíngi 1845, fyrr en nú, og er það því óhappalegra, sem þíngmaður þeirra er nú ekki á þíngi. Það getur verið, að víða sè þörf á að gjöra undantekníngar líkar þessari, sem hèr er beðið um, þar sem menn eru til sjóróðra langt frá heimili sínu eða þar sem vont er og erfitt að ferðast á vorin; en að því er Ísafjarðarsýslu snertir, hefi eg ekki fengið næga upplýsíng. Eg veit t. a. m. ekki, hvort margir eða fáir voru á þessum fundi á Ísafirði; má vera þeir hafi ekki verið margir, og þá sýnist mèr, að þíngið gjörði rèttast í þetta sinn, að skipta sèr ekki af þessu máli, því mèr sýnist ekki það geta gjört svo mikið til, þó þessu sè frestað til næsta þíngs; kynni það að vera betra fyrir málið sjálft, ef það þá yrði betur upplýst.

Þegar hèr var komið umræðunum, höfðu 12 þíngmenn beðið um, að umræðunum væri hætt, og bar *forseti* það þá undir atkvæði þíngmanna, og var það samþykkt með 19 atkvæðum.

Þar næst var það samþykkt með 12 atvæðum móti 11, að nefnd skyldi kjósa í málið, og stúngið upp á 3 manna nefnd, og þessir kosnir í nefndina:

Halldór Kr. Friðriksson með 19 atkv.
Sveinn Skúlason . . — 14 —
Benedikt Þórðarson . — 9 —

og var bænarskráin síðan afhent þíngmanni Reykvíkínga.

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður hefir tilkynnt mèr forföll sín, og er genginn af fundi.

Samkvæmt dagskránni liggur þá fyrir til *inngangsumræðu bæn-*

arskrá úr Rangárvallasýslu um að *skip, sem þaðan róa til fiska úti í Vestmannaeyjum, megi losast við að gjalda presti Vestmannaeyja ½ hlut í fiskitíund,* og skal eg biðja skrifarana að afhenda flutníngsmanni, þíngmanni Rangæínga, bænarskrána.

Páll Sigurðsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp þessa bænarskrá:

»Það er alkunnugt að í mörg undanfarin ár hefir verið goldin svo nefnd fiskitíund til prestsins á Vestmannaeyjum af skipum þeim, sem gengið hafa þar um vetrarvertíðartímann frá Rangárvallasýslu, og hefir við gengizt að skipta hálfum hlut í tèða tíund af skipi hverju, sem gengið hefir þar frá þessari sýslu samkvæmt því, sem prestar þar hafa gjört tilkall til; en hvert tilkall þeirra er í þessu efni upprunalega meira byggt á lögum en samníng, er oss sem ólöglærðum óljóst; en þau rèttindi, sem menn hèr frá sýslu að fornu báru upp sem þóknun frá prestum Vestmannaeyja sem tíundartakara tèðrar tíundar, eru nú algjörlega horfin, og það svo, að ómögulegt er, að vèr fáum jafngildi þess frá prestsins hlið, þar það var bæði hús og vergögn, sumsè fiskigarðar, sem algjörlega var hrifið af oss, þegar sú svo nefnda Tangaverzlun var stofnsett og byggð á Vestmannaeyjum, því þar voru aðalfiskigarðar landmanna, og leiðir af öllu þessu m. m., að skipum, sem þar hafa gengið frá þessari sýslu, höfum vèr nú á seinni árum ei getað komið þangað nema með afarkostnaði, því allir sjá, hvað þessi tíund er þúngbær og óvanaleg annarstaðar hèr á landi, að ekki einasta tíunda skip þessi hèr að fullu í Rangárvallasýslu og gjalda af þeim þar til allra stètta, eins og annarstaðar gjörist hèr á landi, heldur einnig gjalda svo háa fiskitíund af þeim á Vestmannaeyjum, sem hèr segir. Einnig er það í fylgi hèr af, þar vèr erum sviptir fiskigörðum þeim, sem næstir lágu sjó, og oss gafst færi á að nota til að herða á fisk vorn, að vèr síðan nauðugir höfum orðið að láta nærri hvern fisk, jafnfljótt og vèr höfum fært hann í land, inn í búðirnar þar oss til stórskaða, fyrir fjórða til fimmta part minna verð en annarstaðar gjörist hèr á landi, og lítur því út, eins og nú stendur, að sjómenn og skip frá þessari sýslu til Vestmannaeyja muni bráðum mjög fækka.

Vèr biðjum því vort heiðraða alþíngi að taka þetta mál til ítarlegrar íhugunar, og koma því til leiðar við hans hátign konúnginn, að hann með lagaboði aftaki með öllu framvegis, að goldin verði

fiskitíund til prestsins á Vestmannaeyjum af skipum þeim, sem ganga þar frá þessari sýslu til fiskiróðra.

Rangárvallasýslu í júnímánuði 1861".

(97 nöfn).

Páll Sigurðsson: Eg get verið því fáorðari um þetta mál, sem mèr, þó eg sè flutníngsmaður, satt að segja, ekki í alla staði líkar við það, sem bænarskráin fer fram á. Það er nefnilega aðalatriðið í bænarskránni, að menn losist við að greiða þenna hálfa hlut til prestsins á Vestmannaeyjum, en eg get ekki sèð, að því verði komið fyrir svona í fljótu bragði. Presturinn, sem nú er á Vestmannaeyjum, hefir þegar, með því að honum er veitt brauðið, öðlazt rètt til þeirra tekna, sem híngað til hafa við gengizt, og þenna rètt álít eg ekki þíngið geti frá honum tekið. En hitt þykir mèr athugavert, að biðjendur hafa eptir minni meiníngu við töluvert að styðjast, sem eg álít þess virði, að þíngið gefi því gaum. Það er nefnilega hverjum manni, sem þekkir til, fullkunnugt, að landmenn, sem róa til sjávar út í Vestmannaeyjum, engi vergögn hafa þar, og eiga í mestu bágindum með að þurka eður salta fisk sinn, en eptir Bessastaða-samþykktinni, 1. júlí 1555, veit eg ekki betur en presti, eður prestunum á eyjunni sè gjört að skyldu að leggja þeim »hús og vergögn eptir þeirra þörfum, svo hvorirtveggju«, eins og samþykktin orðar það, »gjöri öðrum nægju fyrir sínu«. Það vita nú allir kunnugir, að prestarnir og presturinn, sem núna er á eyjunni, ekki hafa gjört þetta, því það horfir til vandræða með landmennina, sem neyðast til að fleygja fiski sínum inn í búðina fyrir jafnvel hálfvirði af þessari orsök, því gömlu vergögnin, sem áður voru til, eru nú eyðilögð, með því að einmitt á þeim stað, sem þau voru áður, er nú búið að byggja og leyft að byggja verzlunarhús (hina svonefndu Tangabúð) svo nú má heita sem loku sè fyrir það skotið, að landmenn geti hert eður saltað fisk sinn, og þó þeir vili bera hann á bakinu langa leið upp á eyjuna, þá er hvergi friðhelgi fyrir hrossum eyjamanna, sem flest eru fiskætur, og eyjamönnum var áður stranglega til haldið af yfirvaldi eyjanna að sjá um, að þau ekki spillti afla eyjamanna, en nú er það eptirlit horfið. Eg get því ekki annað sagt, en að mèr virðist það athugavert fyrir þíngið, og heyra undir það, að íhuga, hvort ekki verði gjört við því að leggja svona skatt á landsmenn, sem þó, eins og eg áður hefi sagt, er bundinn við skyldur frá þess hlið, sem við honum tekur, án þess að líka sè eptir því gengið, að heimtumaður uppfylli sínar skyldur,

sem eg verð að álíta sè þær, að hann útvegi mönnum hús og vergögn samkvæmt Bessastaða-samþykktinni. Það er því einmitt þetta atriði, sem eg vona þingið vili taka til greina, og því setja nefnd í málið, mèr finnst það í sannleika þess vert, að því sè sá gaumur gefinn, að það þó að minnsta kosti fái að ræðast á þinginu.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki sagt með vissu, hvort mál þetta er löggjafarmál, eða þá heyri undir 77. gr. í alþingistilskipuninni, sem segir, að þingið skuli vísa frá sèr einstakra manna umkvörtunum. Að því er þessa Bessastaðasamþykkt snertir, sem, eptir því sem mèr skilst, mun vera komin til vits og ára, þar sem hún er yfir 300 ára gömul, þá veit eg nú samt ekki, hvort hún er samþykkt af konúngi og því geti heitið lög; en sè hitt, sè þar á móti samníngur milli einstakra manna um þetta efni, þá væri æskilegt, að flutníngsmaður upplýsti þingið um það, hver það er, sem hefir gjört samníngínn, því sè samníngur til, er það auðsætt, að þá er um samníngsrof að tala, en samníngsrof heyra ekki undir úrslit þingsins, heldur undir dómstólana, nema kann ske þingið upp á gamlan kunníngsskap vildi vísa máli þessu á aðra leið gegnum *forseta* sinn.

Árni Einarsson: Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um bænarskrána, einúngis vil eg geta þess, að mèr finnst hún ekki alls kostar sanngjörn, þar sem hún fer fram á að aftaka að öllu fiskitíund af landskipum; áður guldu landmenn heilan hlut af hverju skipi i tíund; en síðan um næstliðin aldamót eða nálægt þeim hafa þeir einúngis goldið hálfan hlut í tíund. Að því er fiskigörðum viðvíkur, þá veit eg ekki til, að prestar hafi haft þá fleiri, heldur en þeir sjálfir hafa þurft að brúka, en að garðar þeir, sem voru þar, sem Tangabúðin nú stendur, hafi heyrt prestinum til, heldur en að landmenn hafi byggt þá sjálfir, veit eg ekki, en hitt veit eg, að það er landmönnum sjálfum mest að kenna, að þeir ekki verka fiskinn til kaupstaðar, en hvorki prestur nè eyjamenn banni það.

Páll Sigurðsson: Eg skal leyfa mèr að svara hinum heiðraða þingmanni Gullbríngusýslu upp á það, er hann gat um Bessastaðasamþykktina, að eg álít það nóg, þegar hún er samþykkt af höfuðsmanninum, án þess stjórnin eða konúngur hafi mótmælt því. Að því er það snertir, sem hinn heiðraði þingmaður Vestmannaeyjasýslu sagði um fiskigarða, þá vil eg spyrja hann: eiga landmenn nokkra slíka, geta þeir fengið þá, nema þeir kaupi þá? Eg skal svara fyrir hann og segja nei! — En má eg spyrja: er nokk-

urt plass á eyjunni landmönnum frjálst til að setja vergögn sín á? Eg held ekki. Viðvikjandi því, er þingmaður Gullbríngusýslu sagði, að bænarskráin væri umkvörtun frá einstaka mönnum, þá verð eg að segja það, að þessa 77. grein í alþingistilskipuninni, um einstakra manna kvartanir, má teygja eins og hrátt skinn, ef í það er farið. Eg sem flutníngsmaður hefi álitið og álít mig skyldugan til að flytja bænarskrár frá kjósendum mínum, eg hefi hreinskilnislega lýst því yfir, hvað mèr þætti athugavert við bænarskrána, og ekki dregið úr göllum þeim, sem eg þykist hafa fundið á henni, þó menn kann ske heimti meira, get eg ekki látið meira í tè en þetta, að eg sem flutníngsmaður lýsi yfir álíti mínu um bænarskrá þá, sem eg hefi til meðferðar.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Mèr lízt svo á, að þessi bænarskrá muni eiga örðugt uppdráttar, þó ekki vili eg spilla fyrir henni, því þó að menn í fyrstunni mót tíundargjaldinu ætti þessi rèttindi, að hafa verkunarplássið, þá er það nú tapað og tómt mál að tala um það, þar búið er að taka það pláss til húsastæða; er svo ekki til neins að biðja um þau vergögn aptur, því það er ekki hægt, sem ekki verður, og ekki að taka þar skil, sem þau eru ekki til. En hitt, að fá aftekna preststíundina, það hefði eg hugsað að kynni að kosta nokkur orð, áður sú bæn yrði heyrð; stjórnin hefir ekki verið svo flumúsa á að afnema þá tolla, sem annars eru á komnir, og vill það sannast, sem karlinn sagði, þá allir voru að laspra veröldina fyrir það, að öllu færi aptur, sem í henni væri, ekki kannast eg við það, sagði hann, því ekki fer tollunum aptur, samt skal eg ekki gefa atkvæði á móti nefnd, ef flutníngsmaður vill halda þessari bænarskrá fram.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, verð eg að álíta inngangsumræðu þessari lokið og skjóta því til atkvæða þíngsins, hvort nefnd skuli kjósa í málinu eður ei.

Var síðan til atkvæða gengið, og fellt með 17 atkvæðum gegn 2, að nefnd yrði kosin.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrir til *inngangsumræðu* bænarskrá frá Vestmannaeyjum, um *að festugjaldið þar sè af tekið.* Skal eg biðja skrifarana að afhenda hana flutníngsmanni, þíngmanni Vestmannaeyja.

Árni Einarsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána:

»Ár 1859 sendum vèr bænarskrá til vors heiðraða alþingis um takmörkun eða lækkun á festugjaldi því, sem nú hefir hèr um alllangan tíma við gengizt, og fórum því þá fram, að þingið vildi beiðast þess af hans hátign konúnginum: að festa til konúngsjarða hèr á Vestmannaeyjum yrði framvegis ei tekin hærri en frá 10 til 20 rd. fyrir hverja heila jörð, eptir jarðarkostum, að sá ábúðarrèttur, sem ekkjur áður hafa haft, meðan þær ekki giptist á ný, mætti gilda fyrir lífstíð þeirra, hvort sem þær giptist eða ekki, og að engi jörð yrði svo byggð hèr af hinum konúnglega umboðshaldara, að sveitarstjórnin ekki væri tekin til ráðaneytis.

Hið heiðraða alþíngi tók þessa vora bænarskrá til meðferðar, og enda þó það ekki aðhylltist öll atriði hennar, þá hlynnti það að því, sem oss þótti mest um varða, nefnilega »að festugjald til konúngsjarða á Vestmannaeyjum yrði *með öllu* af tekið«, og vísaði málinu þannig vöxnu gegnum *forseta* þíngsins til hlutaðeigandi háyfirvalds; þótti oss þá betur áhorfast, en vèr höfðum við búizt, og hugðum, að nú þegar mundi öll jarðafesta vera af numin. En með því vèr ekki enn höfum fengið neina vitneskju um, hvort mál þetta er á enda kljáð eða ekki, enda þó oss sè kunnugt, að hið háa stiptamt hafi sent fyrirspurn til sýslumanns vors um áðurgreint festugjald, leyfum vèr oss að óska þess, að vort heiðraða alþíngi enn á ný vildi taka mál þetta til nákvæmari íhugunar og stuðla að því, að það verði sem fyrst til lykta leitt þannig:

> Að festugjald það til jarða og konúnglegra tómthúsa hèr á eyju, sem nú hefir um æði langan tíma við gengizt, verði með öllu af tekið.

Vestmannaeyjum, þann 12. júní 1861".

(41 nafn).

Árni Einarsson: Það sjá nú allir, vona eg, að við á Vestmannaeyjum eigum undir þröngum kostum að búa, þar sem festan er; eg skal ekki fjölyrða þetta, en einúngis taka sem dæmi, að eg hefi orðið að gefa til jarðar 50 rd. og að til jarðar hafa verið, og það fyrir skemmstu, gefnir 212 rd., og að út úr eyjunum eru nú farnir allt að 1800 rd. í festur eða tilgjafir til jarða þessi fáu ár síðan 1846, að festugjaldið fyrst komst á, og eru þetta blóðugir peníngar, sem líka um leið eru allri jarðrækt og framförum í búnaðarhætti til fyrirstöðu, því þar sem um fátæka menn er að tala, eins og hèr er, eru hverir 100 dalirnir mikið fè, sem hefði mátt verja,

og *hefði* betur verið varið til annars en þess, að rænast eptir lítilfjörlegum jarðarskæklum til ábúðarrèttar. Eg vona því, að þingið ekki kasti máli þessu frá sèr.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að gefa þínginu nokkrar upplýsíngar í þessu máli, áður en lengra er farið í það. Málið kom fyrir á seinasta þingi, og varð þar sú niðurstaða, að *forseti* skyldi bera það upp við hlutaðeiganda amtmann. Þetta gjörði hann einnig á næstliðnu sumri; leitaði þá amtið álits sýslumannsins á Vestmannaeyjum, og síðan er málið í vor, sem leið, sent stjórninni; að öðru leyti skal eg til upplýsíngar um festumálið og festugjaldið á Vestmannaeyjum geta þess, að fyrir árið 1847 var venjulegt að gjalda í festu 20 rd. af heilum jörðum, en 10 rd. af hálflendum og tómthúsum, og þetta fór bænarskráin, sem send var til þíngsins 1859, fram á, lengra fór hún ekki. Frá árinu 1847 til 1850 fóru fram festuuppboð, eptir brèfi rentukammersins frá 16. maí 1846. Á þeim árum komu á Vestmannaeyjum alls inn í festugjöldum 594 rd. 69 sk. Það er hèr um bil 150 rd. um árið. Hæsta festuboð var á því tímabili 130 rd. og gjörði það efnamaður, Magnús Austmann; hin boðin voru miklu lægri, en þau voru alls 9 á þessum 4 árum. Síðan 1850 er festuuppboðum samkvæmt ráðherrabrèfinu frá 23. maí 1850 hætt á Vestmannaeyjum; en sýslumaður, sem er umboðsmaður jarðanna, auglýsir það í hvert skipti, þegar einhver jörð losnar; fara menn svo heim til hans og fala jörðina með festugjaldi og sýslumaður byggir svo þeim, sem honum þykir bezt til fallinn, og stundum ef til vill þeim, sem bezt býður í jörðina.

Síðan þessi jarðabyggíngaraðferð komst á og þangað til í vor eða til þess 16. marzmánaðar, er næst leið, er komið inn í festugjaldi hèr um bil 1300 rd., eða hèr um bil 130 um árið; hæst festuboð hefir á þessu tímabili verið 106 rd., en venjulegast hefir það verið 20—30 rd., alls hafa á þessu árabili orðið 31 jarðaskipti. Af þessu má sjá, að hèr er ekki mikið í húfi, og að festugjald þetta ekki getur verið eyðileggjandi fyrir eyjarmenn, einkum þegar aðgætt er, að leigumálinn á jörðunum er mjög sanngjarn. Eg held eyjarmenn muni lítið græða á því, þó festurnar yrði teknar af, því eg er hræddur um, að afgjaldið mundi þá hækka meir en festunni svaraði, og það yrði þá árlega, en festugjaldið er ekki nema í eitt skipti. En það er nú búið að skrifa stjórninni um málið, og það var tekið fram, að þar sem málinu nú væri hreift og það af sjálf-

um sóknarpresti eyjarmanna, mundi það verða óvinsælt, ef festunum yrði haldið áfram, þegar það væri hvergi annarstaðar í landinu, að festa væri borguð, og að hèr væri einnig um lítilræði að gjöra, en um leið var bent á það, að hlutaðeigendur hefði ekki beðið um, að festan yrði algjörlega af tekin, heldur að hún yrði bundin við *maximum* og *minimum*, 10—20 rd. Þegar málið er komið þannig á veg, er auðsætt, að það á ekki við, að taka það fyrir hèr á þinginu í þetta skipti, og eg hlýt að ráða frá því, það líður ekki á löngu, að stjórnin leggi úrskurð sinn á málið.

Forseti: Eg skal einúngis leyfa mèr að gjöra þá athugasemd við ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, að það engan veginn var farið fram á það í brèfi *forseta*, á síðasta þingi, til stiptamtsins, að ákveðið væri *maximum* og *minimum* eður hið hæsta og lægsta festugjald, heldur hljóðar 1. niðurlagsatriði bænarskrárinnar úr Vestmannaeyjum til alþingis 1859 þannig: »að festugjald til konúngsjarða á Vestmannaeyjum, yrði *með öllu* af tekið«; þetta niðurlagsatriði bænarskrárinnar samþykkti þingið 1859, með miklum atkvæðamun, þ. e. 21 atkv. móti 4, og er það berlega tekið fram í brèfi *forsetans* til stiptamtsins. Hafi því stiptamtið, sem mál þetta var vísað til, farið í aðra átt við stjórnina, og borið fyrir því atkvæði alþingis, þá er það alls eigi á rèttum rökum byggt.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af orðum hins heiðraða *forseta* leyfa mèr að taka það fram, að það var, ef eg man rètt, beðið um það í bænarskránni frá 1859, að festugjaldið væri bundið við *maximum* og *minimum*, 10—20 rd. fyrir hverja jörð, og það stendur svo í bænarskránni, sem núna er borin upp á þinginu.

Forseti: það er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* nú sagði, er ekki heldur rètt.

Jón Pètursson: Mig minnir þetta kæmi fram á þinginu 1859, sem ágreiningsatkvæði hjá minna hluta nefndar þeirrar, er þingið kaus í málið, en þingið mun ekki hafa aðhyllzt það.

Forseti: Þetta er fullkomlega satt, en þingið aðhylltist ekki þetta breytingaratkvæði, en felldi það með 21 atkv. gegn 4.

Páll Sigurðsson: Það er þó vissulega satt, sem menn segja í daglegu tali, að margt fari öðruvísi en ætlað er, og sýnir það sig meðal annars á þessu máli, því þingið bjóst við, að stiptamtmaður mundi taka í það upp á þann hátt, sem þingið hafði bent á, en eptir ræðu hins núverandi *konúngsfulltrúa*, sem jafnframt er stiptamtmaður, að dæma, hefir stiptamtmaðurinn gengið í aðra

átt, en þingið stefndi, og er þetta eitt af þeim mörgu dæmum upp á, hvað krókóttar eru leiðirnar og örðugt fyrir okkur Íslendínga til að ná rètti vorum. Hvað sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* segir um, að hèr sè um lítilræði að gjöra, þori eg að fullyrða, að fyrir fátæklínga, eins og hèr ræðir um, er gjaldið ekki einúngis stórt, heldur jafnvel *fjarskalega* stórt, og þess utan er gjaldheimtunni svo illa hagað, að furðu gegnir, eða er það má ske nokkur aðferð, að stjórnin skuli jafnvel *sampykkja,* hvað þá *líða,* þessi pukurs-uppboð á jörðunum.

Konúngsfulltrúi hefir skýrt það með ræðu sinni, sem reynslan þegar var búin að sýna, að þessi uppboð eru verri en hin opinberu, sú síðari villan verri hinni fyrri. Það hefir verið kvartað yfir þessu úr Vestmannaeyjum, og það af góðum og gildum ástæðum, því um leið og þetta útarmar landsetana, eyðileggur það einnig jarðirnar. Landsetarnir rýja sig til að rænast eptir jarðarbyggíngunum, og koma svo bersnauðir að jörðunni, og *geta* engan sóma sýnt henni. Þegar jörðin smáskemmist, bilar atvinnustofn þeirra, því á henni *eiga* þeir og hafa *ætlað* sèr að lifa, þeir flosna upp, og sveitin verður að gjöra svo sel að taka við þeim og hyski þeirra, búið er það. En þrátt fyrir þetta, er eg nú hefi sagt, álít eg samt efamál, hvort *þíngið* eigi að taka mál þetta til meðferðar, eins og því nú er komið, þar sem það eptir skýrslu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* er komið langt á leið hjá stjórninni, sem eg vona með öllu aftaki þessi ranglátu festugjöld.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraða fulltrúa frá Rangárvallasýslu má ekki furða á því, þó stiptamtið ekki fyndi sig bært um upp á eigin hönd að afmá festugjaldið á Vestmannaeyjum. Það hlýtur og að hafa verið þíngsins meiníng, og meiníng hins heiðraða þíngmanns með, að stiptamtið, til hvers aðgjörða málinu gegnum *forseta* var vísað af þínginu, skyldi bera það undir stjórnina með tillögum sínum, þetta er búið, og það svo fljótt, sem kríngumstæðurnar leyfðu, en að málið ekki enn er komið í kríng, er eðlilegt, og hinn heiðraði þíngmaður getur ekki fyrir þá skuld sagt, að rètturinn sè hlutaðeigendum langsóttari hèr en í öðrum málum, eða að það hafi staðið á þessu máli lengur en eðlilegt er.

Jón Hjaltalín: Eg man eptir því, að mèr þóttu Vestmannaeyíngar sárt leiknir, þegar eg heyrði í hitt eð fyrra um festurnar þar, og hið sama finnst mèr enn.

En úr því málið, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir

skýrt frá, er komið til stjórnarinnar, álít eg ekki rètt, að þingið fari að fjalla um það upp á nýtt, og vil því fresta því, þangað til svar stjórnarinnar kemur, enda virðist mèr tíminn þá nógur, ef svarið ekki skyldi verða að vonum.

Benedikt Sveinsson: Að vísu munu fáir fúsari en eg til að játa, að festur sè vondar, að eg ekki tali um, þegar þær eru teknar svona, eins og mèr finnst, í hálfgerðu pukri, en þar mál þetta er komið eins langt og *konúngsfulltrúi* skýrði frá, álít eg ekki, að þingið að svo stöddu eigi að setja nefnd í málið, en þar eg á hinn bóginn ekki vil, að þingið felli málið, skal eg skora á hinn heiðraða flutníngsmann, að hann taki aptur bænarskrána.

Forseti: Eg vona, að engi hafi misskilið mig svo í þeim fáu orðum, er eg talaði áðan, að eg hafi ráðið til af eður á um það, hvort nefnd skyldi kjósa í málinu (Margir þíngmenn: Nei! nei!).

Árni Einarsson: Eg ekki meir en svo treystist til að taka aptur bænarskrána. Ástandið, eins og það er, er tilfinnanlegt fyrir okkur á Vestmannaeyjum, en engi veit, hvenær því lèttir af, ef ekki þingið tekur málið að sèr.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg held þó rèttara væri að taka bænarskrána aptur, en eiga hitt á hættu, að þingið eptir því sem nú er ástatt felldi hana.

Páll Sigurðsson: Einmitt af því eg er meðmæltur bænarskránni, legg eg það til, að hún sè tekin aptur af flutníngsmanni.

Árni Einarssan: Eg skal þá taka aptur bænarskrána, og það einmitt því fremur, sem allir hinir heiðruðu þíngmenn, er talað hafa í þessu máli, hafa verið því meðmæltir, og þakka eg þeim fyrir góðar undirtektir.

Forseti: Eg álít þá, að bænarskráin sè tekin aptur, en vona þíngtíðindin beri það með sèr, bæði af *hverri* ástæðu, og líka hitt, hvernig þingið hefir tekið undir mál þetta, og vona eg því þessi umræða á þíngi ekki spilli fyrir málinu.

Samkvæmt því, er eg gat um í gær, skal eg þá skora á hina heiðruðu þíngmenn að kjósa *ritnefndarmenn þíngtíðindanna,* og skal eg geta þess, að það er bæði lögum og venju samkvæmt að 2 sè kosnir, og skal eg því skora á þingið að kjósa 2 menn í ritnefnd.

Var síðan til atkvæða gengið og í ritnefndina kosnir þessir:

Páll Melsteð með 14 atkvæðum.

Pètur Pètursson — 12 ——.

Forseti: Dagskráin er þá á enda, og skal eg einúngis geta þess, að til mín eru komin þessi mál, sem lögð munu verða á lestrarsalinn.

1. Uppástúnga frá þíngmanni Reykjavíkurbæjar, um að þeir menn, sem eigi 100 *rd* í jörðu, fái þíngseturètt upp á sinn eiginn kostnað.
2. Bænarskrá frá 7 embættismönnum í Reykjavík, um launabót.
3. Beiðni 2 þíngmanna um að fá þóknun fyrir starfa sinn, er þeir hafi unnið í hjúamálanefndinni.

Síðan gat *forseti* ýmsra mála, er kæmi til meðferðar á næsta fundi, er hann ákvað til mánudags 15. júlí kl. 12 f. m.

Fundi slitið.

Ellefti fundur — 15. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Þó að Skeljavíkurmálið standi fyrst á dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu, ætla eg að hlaupa fram yfir það að sinni, og taka fyrst nr. 2 á dagskránni, nefndarálit um *konúnglegt álitsmál* áhrærandi útkomin *dönsk lagaboð 1859—60,* til *undirbúníngsumræðu. Framsögumaður* er hinn 4. konúngkjörni þíngmaður.

Var nefndarálitið síðan afhent *framsögumanni,* er las það upp þannig hljóðanda:

»Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss í nefnd til að segja álit vort um það, hvort nokkurt af lagaboðum þeim, er út hafa komið fyrir Danmörku árin 1859 og 1860 mundi vera þess vert, að alþíngi beiddi um, að gjört yrði gildandi hèr á landi, og því lagt fyrir næsta alþíngi. Vèr höfum nú lesið lagaboð þessi, og getum ekki álitið, að nokkurt af þeim sè þess eðlis, að alþíngið eigi að biðja um hið áðurnefnda.

Reykjavík, dag 11. júlím. 1861.

Jón Pètursson, formaðnr og framsögnm. *Páll Sigurðson.* *Páll Melsteð,* skrifari".

Framsögumaður (Jón Pètursson): Lagaboð þessi, sem hèr ræðir um, hafa legið á lestrarsalnum til eptirsjónar, svo eg vona, að þíngmenn, sem hafa lesið þau, verði á sama máli og nefndin

um það, að ekki eigi við eða þurfi að biðja konúng vorn að leggja neitt af þeim fyrir næsta þíng sem frumvarp. Eg skal að eins bæta því við, að stjórnin sjálf hefir í brèfi til hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* látið það álit sitt í ljósi, að henni sjálfri sýnist engi ástæða til að leggja neitt af lagaboðum þessum fyrir þíngið sem frumvarp.

Konúngsfulltrúi: Eg hlýt að vera samdóma hinum heiðraða *framsögumanni* í því, að ekkert af lagaboðum þeim, sem hèr ræðir um og lögð eru fyrir þíngið, geti átt við þetta land, hvorki eins og þau eru, nè með breytíngum.

Eg hefi að vísu látið leggja út á íslenzku nokkur lagaboð, sem hljóða um ríkisskuldabrèf og reglur þeim viðvíkjandi, en það var einúngis til hægðarauka fyrir einstöku þíngmenn, því eg verð að álíta, að slík lagaboð, sem gildandi fyrir alríkið, gildi einnig á Íslandi, að því leyti menn eiga hèr þess konar skuldabrèf, án þess þörf sè á að lögleiða slík lagaboð hèr á landi.

Framsögumaður: Eg skal að eins geta þess viðvíkjandi lagaboðinu um dönsk skuldabrèf, að það er auðvitað, að hver sá á Íslandi, sem vill eignast danskt skuldabrèf, verður að komast eptir því, hvaða reglum er fylgt í Danmörku með slík skuldabrèf, eins og t. a. m. ef svenskur maður kaupir danskt skuldabrèf, þá verður hann að kynna sèr það, hvaða reglur gilda í Danmörku með slík skuldabrèf, án þess að þessar reglur sè gjörðar að lögum í Svíaríki, og allt eins þurfa þær ekki að gjörast að lögum hèr. Ef menn hèr á landi skyldi og kaupa norsk eður svensk skuldabrèf, verða þeir í tilliti til þeirra, að vera háðir þeim reglum, sem þar gilda um þau, án þess þau lög þurfi eður verði gjörð hèr gildandi.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er undirbúníngsumræðu þessa máls lokið, og kemur þá, *til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu Skeljavíkurmálið. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður úr Strandasýslu. Prentaðar atkvæðaskrár vona eg að þíngmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: konúngl. frumvarp til opins brèfs um löggildíng verzlunarstaðar á Skeljavík við Steingrímsfjörð, o. s. frv.

(Nefnd: Á. Einarsson framsögumaður. I. Gíslason. P. Melsteð, skrifari).

1. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar,* (samþykkt af nefndinni): »Það skal frá 1. degi janúarm. 1862 vera fastakaupmönnum

heimilt, að setjast að og verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands, með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desembr. 1836. Einnig mega, frá ofangreindum degi, innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaboði og í verzlunarlögum 15. apríl 1854 3. gr.«

2. Niðurlagsuppástúnga *nefndarinnar:*
»Það skal frá 1. degi janúarmán. 1862 vera fastakaupmönnum og lausakaupmönnum heimilt, að verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands, og byggja þar eina eður fleiri fastar sölubúðir«.
3. Frumvarp stjórnarinnar:
»Það skal frá 1. degi janúarmánaðar 18 . . vera fastakaupmönnum heimilt að setjast að og verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands, með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desembermánaðar 1836, og eptir að búið er að byggja þar eina eður fleiri fastar sölubúðir, sem verzlað er í, þá mega einnig frá ofangreindum degi innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaboði og í lögunum 15. aprílm. 1854 3. gr.«
4. hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (Ásgeir Einarsson): Eg ætla nú ekki að tala langt í þetta skipti, því mèr sýndust þíngmenn síðast allir komnir á eina stefnu með það, að löggildíng Skeljavíkur til kauptúns ætti að fá framgang. Breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga hefir nefndin fallizt á, því henni þótti það gjöra lagaboðið skýrara. Eg gleymdi við undirbúníngsumræðuna að svara þíngmanninum úr Gullbríngusýslu upp á það, sem hann sagði, að bæði stjórnin og nefndin væri hrædd um, að ekki mundi verða byggð verzlunarhús í Skeljavík, og skal eg nú taka það skýrt fram, að eg er ekki hræddur um, að þar verði ekki byggt svo snemma, að verzlun gæti eptir frumvarpi stjórnarinnar leyfzt þar að vori, en það hefi eg sýnt, að á því liggur. En að því er það snertir, hver hafi byggt hús á Borðeyri, hvort það sè kaupmaður eða einhver annar, þá get eg sagt það, að sá, sem byggt hefir þar vænt hús, er Pètur Friðriksson (sonur ríks manns) og kvað hann vera búinn að innrètta hjá sèr laglega krambúð, hann hefir mikla lóð og kvað húsið hafa

verið falað af honum til kaups, en fèkkst ekki. Núna á suðurleið minni frètti eg, að hann ætlaði að sigla, ef til vill til þess að fá sèr vörur, þó eg viti það ekki, svo að það er all-líklegt, að ekki verði langt þangað til að þar verður föst verzlun. En um það, sem þingmaðurinn úr Suður-Múlasýslu sagði, að hætt væri við, að engi kaupstaður yrði í allri sýslunni, þá má nú heita að svo sè nú, þó Reykjarfjörður beri nafnið, en ef einn kaupstaður á að vera í þessari víðlendu sýslu, þá er hentugast fyrir alla sýsluna, að hann sè í Skeljavík, sem er um miðbik sýslunnar. Held eg svo, að eg þurfi ekki að tala meira í þessu máli, en fel það að eins atkvæðum þingsins.

Páll Melsteð: Þó eg væri einn af nefndarmönnum í þessu máli, tók eg samt ekki til máls við undirbúningsumræðuna, af því að *framsögumaður* gaf mönnum allar þær bendingar í málinu, sem mèr þóttu við þurfa, enda er hann færastur um það, því hann er þessu máli langkunnugastur og alþekktur að sanngirni og hyggindum. Eg álít nú, að mál þetta með þeirri umbót, sem það hefir fengið við breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga, sè komið í það horf, að stjórnin vel geti unað við það; breytingaratkvæðið er að öllu eins og frumvarp stjórnarinnar að byggingarskilyrðinu undanskildu. Ætla eg svo ekki að fara fleiri orðum um það, en fela að eins málið þinginu til beztu úrslita.

Magnús Andrèsson: Eg er ekki vanur að vera langorður um málin, en eg hefi annan vana, þann nefnilega, að lýsa því yfir á undan atkvæðagreiðslunni, hvernig eg muni greiða atkvæði í málunum, og skal eg nú gjöra það stuttlega í þessu máli. Þegar eg skoðaði fyrst frumvarp stjórnarinnar, fannst mèr þessi skilmáli, að á Skeljavík skyldi vera byggt eitt eða fleiri verzlunarhús, áður en verzlun yrði þar leyfð, vera nokkurs konar þvergirðingur fyrir því, að leyfa verzlun þar nokkurn tíma. Þegar eg aptur las niðurlagsatriði nefndarálitsins, þá var eitthvað í því, sem eg ekki gat fellt mig við, því það var eins og nefndin ætlaðist til, að lausakaupmönnum væri leyft að byggja sölubúðir á landi, en það gat eg ekki fellt mig við. Þess vegna líkaði mèr bezt breytingaratkvæði þingmanns Borgfirðinga; því með því er allt það fengið, sem hlutaðeigendur biðja um, og mun eg því gefa atkvæði mitt með því.

Konúngsfulltrúi: Eg tók það fram við undirbúningsumræðuna, að mèr þætti ráðlegast fyrir þingið að halda sèr við stjórnarfrumvarpið, sem ætlast til, að þá fyrst megi allir sigla upp Skelja-

vík, fastir og lausir kaupmenn, þegar búið væri að byggja þar verzlunarhús, því hið gagnstæða, eða það, sem nefndin færi fram á, kæmi í bága við opna brèfið frá 1854, um flutníngana; þessari skoðun verð eg halda fram, sem hinni eðlilegustu, og eg skal geta þess, þar sem því hefir verið hreift af nefndinni, að stjórnin hafi breytt skoðun sinni og búið sèr til nýja grundvallarreglu í þessu máli, að það ekki er svo í raun og veru, því stjórnin hefir vissulega, þegar hún hefir leyft að stofna ný kauptún hèr í landi, ætlazt til, að það yrði stofnuð föst verzlun á þeim stöðum, en þar sem hún er búin að sjá það, að þetta hefir ekki verið gjört, t. a. m. hvorki á Borðeyri nè á Þórshöfn, þá hefir hún nú tekið það skýrt fram, sem hún áður hafði eins og undirskilið og ætlazt til. Það er líka auðsætt, að þegar ekki er sett föst verzlun á slíkum stað, þá eru menn engu nær en áður, að því er snertir vörubyrgðirnar á veturna, sem er aðalaugnamiðið af stofnun nýrra kauptúna; úr hinu atriðinu, að hlutaðeigendur skuli geta átt hægra með að nálgast nauðsynjar þeirra, bætir opna brèfið um flutníngana, en það nær ekki nema til sumarsins, það gagnar ekki nema efnamönnunum, en hinum ekki.

Því atriði, að lausakaupmenn ekki komast að eptir frumvarpinu, fyrr en búið er að byggja á Skeljavík, er áður svarað.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að svara því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* nú sagði, því öllu því er svarað í nefndarálitinu, og er því óþarfi að taka það nú upp aptur. Mèr þykir það náttúrlegt, þó hann vili verja meiníngu stjórnarinnar, en mèr þykir það iskyggilegt fyrir málið, að *konúngsfulltrúi*, sem á að mæla fram með því við stjórnina, skuli vera svo ófrjálslegur í skoðun sinni á verzlunarmálefnum yfir höfuð, að hann heldur fram eins fast og hann getur rètti fastakaupmannanna, og vill ekki trúa því, að verzlunarleyfið á Borðeyri hafi orðið til mikils gagns fyrir marga, þó þar sè enn ekki nein föst verzlun, svo að eg get ei álitið annað, en að hann haldi, að það sè ekki eitt orð satt af því, sem eg segi. Til hvers eru tómu húsaskrokkarnir á Reykjarfirði? Þeir gjöra vissulega ekki eins mikið gagn, eins og lausakaupmennirnir, sem um sumartímann byrgja alla þá upp, sem til þeirra geta náð. Byrgðirnar á þeim gamla verzlunarstað Skagaströnd voru ekki betri en svo í vetur, að þeir, sem þar búa í kríng, hefði mátt deyja í sulti, hefði þeir ekki getað farið til Eyjafjarðar eptir korni í vetur; en til slíkra ferða gefst ekki opt eins góð veðrátta og í vetur.

Konúngsfulltrúi talaði um, að menn ætti að semja við kaupmenn um að senda vörur; við hverja á að semja? líklega kaupmanninn á Reykjarfirði, sem ekki hefir vörur til, þegar mest liggur á, eða við grössèra Knudtzon í Kaupmannahöfn, sem hefir sent skip til Steingrímsfjarðar til mikils góðs, þó nú sè verið að klaga verzlunarfulltrúa hans. Eg held, að hann sè of langt í burtu. Eg get ekki trúað því, að stjórnin sè svo ósanngjörn, ef þingið fellst á mál þetta í einu hljóði, að hún þá ekki gefi því gaum. Það er mikið talað um þetta opna brèf frá 1854, en það er ekki nóg í þessu efni, það er reynslan búin að sýna, þó það sè mikið gott og náðugt í sjálfu sèr. Eg vona nú, að stjórnin verði ekki bæði á móti reynslunni, móti amtmanni, sem var í Vesturumdæminu, sem allt af hefir mælt vel fram með þessu máli, og móti þinginu, því stjórninni eru fullvel kunn þau bágindi, sem gæti flotið af því, að neita löggildingu Skeljavíkur, en að öðru leyti get eg ekki verið að tyggja það upp aptur og aptur, sem eg er margbúinn að segja.

Konúngsfulltrúi: Eg skal þó leyfa mèr að segja hinum heiðraða *framsögumanni* frá því, að á næstliðnu hausti komu bændur úr Miðfirði, og eg trúi líka úr Hrútafirði, rètt við Borðeyri, hingað til kornkaupa, og þó var mikil verzlun í fyrra sumar á Borðeyri. Mundu þeir hafa þurft að fara hingað, ef föst verzlun hefði verið á Borðeyri? Þetta sannar mína skoðun á málinu. Það hefir enn fremur verið talað um, að Skeljavíkurkauptún mundi eyðileggja Kúvíkur. Það held eg ekki yrði, enda hefir þar allajafna verið lítil verzlun, því staðurinn liggur ekki vel við verzlun. En að Skeljavík geta sótt miklu fleiri, einkum úr Barðastrandar- og Dalasýslu, sem ekki geta sótt að Kúvíkum. Það er þetta atriði, sem er það helzta í málinu, og að þessu leyti er það víst æskilegt, að föst verzlun gæti komizt á við Skeljavík, því það væri mikill hagur fyrir þau hèruð, sem eg nefndi, einkum síðan verzlun lagðist niður í Flatey; eg efast heldur ekki um, að einhver verður til að byggja við Skeljavík, ef hún liggur vel við verzlun, og þar eru vörubyrgðir fyrir, og þá fæst allt sem um er beðið, þá geta allir verzlað á Skeljavík.

Framsögumaður: Af hverju kom það, að Miðfirðingar urðu að sækja mat suður hingað, öðru en því, að þeir höfðu reitt sig upp á Skagastrandarverzlunarstað, en brást hann? Húnvetningar vonuðu eptir skipi þangað í haust, og vissu ekki fyrr en í ótíma,

að það átti ekki að koma. Um hitt þarf eg ekki að tala, því menn þurfa ekki að hugsa til að geta kreist upp verzlunarstöðum, þar sem kaupmenn ekki vilja sjálfir verzla, og er bezt að láta verzlunina vera í upphafi sem frjálsasta, svo að kaupstaðirnir geti komið upp á þeim stöðum, sem hentugastir eru til verzlunar. Á Skeljavík hefir kaupmaður einn beðið um lóð, og verður þess ef til vill ekki langt að bíða, að þar verði byggt, þó það ef til vill ekki verði fyrir næsta vor.

Ólafur Jónsson: Eg hefi ekki fyrri tekið til máls í þessu máli, því mér hefir fundizt umræðurnar um það verða helzt til langar, og ganga nokkuð út fyrir sjálft efnið; það liggur nú ekki fyrir til umræðu, hvort það sé hagfellt að löggilda verzlunarstað á Skeljavík, því um það hefir þingið beðið áður, og stjórnin segir sjálf í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að hún fallist á það álit þingsins, að yfirgnæfandi ástæður sé fyrir því, að löggilt sé kauptún á Skeljavík, hér er því einúngis að ræða um, hvort sú ákvörðun, sem sett er í frumvarpið, að fyrst verði að byggja þar eina eður tvær fastar sölubúðir, sé hagfelld eður ekki. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta þessa ákvörðun sama sem blátt bann móti allri verzlun á Skeljavík, því mér finnst það nær því óhugsanlegt, að nokkur kaupmaður fari að byggja fastar sölubúðir á þeim stað, sem aldrei hefir verið verzlunarstaður, nema hann áður hafi verzlað þar sem lausakaupmaður, til að kynna sér plássið og vörubyrgðir í nálægum héruðum með fl. Ástæður þær, sem stjórnin hefir til fært, og *konúngsfulltrúinn* nú minntist á, að ekki sé enn farið að byggja á Borðeyri og Sauðárkrók, tala einmitt með þessari skoðun minni, að kaupmenn vili fyrst verzla nokkur ár sem lausakaupmenn á þeim stað, sem löggiltur er, áður en þeir ráðast í að byggja þar, en þetta er engi ástæða eða sönnun fyrir því, að ekki *verði* byggt á þessum stöðum, þegar kaupmenn eru svona nokkur ár búnir að verzla þar, og sjá, hvað mikil aðsóknin er; það mun líka sú raun á verða, að ekki líði héðan af mörg ár, þar til byggt verður á þessum stöðum, einkanlega á Borðeyri. Eg verð því fastlega að ráða þinginu til að aðhyllast þá breytíng, sem nefndin hefir gjört við frumvarp stjórnarinnar.

Páll Sigurðsson: Af því að þingmaður Húnvetninga tók einmitt það fram, sem eg vildi hafa sagt, get eg verið þess fáorðari, og skal að eins bæta því við það, sem hann sagði, að af því að Barðstrendíngar og Dalasýsla geta náð vel til verzlunar á Skeljavík, þá

er það ný ástæða með löggildíng Skeljavíkur og sýnir, að kaupstaður þar liggur betur til verzlunar en Reykjarfjarðarkaupstaður. Að öðru leyti fellst eg á varaatkvæði þingmanns Borgfirðínga.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg vildi leyfa mèr að tala fáein orð gegn ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*. Hann tók það fram, að það mundi frá fyrstu einatt hafa verið augnamið stjórnarinnar, að leyfa aldrei lausakaupmönnum uppsiglíngu eða verzlun á höfnum, fyrr en búið væri að byggja þar kaupstaðarhús; en eg man þó eitt dæmi, og það ekki svo langt frá, sem vitnar á móti þessu, það var t. a. m. þegar hèr á fyrsta alþíngi 1845 beðið um verzlunarleyfi á Krossvík á Akranesi, og stjórnin veitti það jafnskjótt til reynslu um 3 ár. Þegar sá tími var út runninn, var aptur 1849 beðið um, að leyfið mætti fram haldast, og stjórnin veitti það aptur með úrskurði 1850 enn um 3 ár, og án þess að binda það neitt því skilyrði, að þar væri byggt, og mig minnir, að í þeim úrskurði væri með skýrum orðum fram tekið, að utanlandslausakaupmenn mætti þá verzla þar líka. Eg held það sè því nýuppteknir útúrdúrar stjórnarinnar að vilja binda verzlunarleyfi lausakaupmanna við það, að höndlunarhús sè áður upp komin, og get eg ekki haldið, að hún verði föst á þeirri skoðun, þegar um hag landsmanna er að tefla á hina síðuna; eg ætla því ekki að hika mèr að gefa atkvæði mitt með nefndinni, eða rèttara sagt breytíngaratkvæði þíngmanns Borgarfjarðarsýslu.

Konúngsfulltrúi: Þíngmaðurinn frá Mýrasýslu hefir ekki munað eptir því, að hin eldri siglíngarleyfi til verzlunar á Krossvík voru einúngis veitt föstum kaupmönnum í Reykjavík og á Búðum, og víst er um það, að lausakaupmenn hafa aldrei siglt upp Krossvík til verzlunar.

Indriði Gíslason: Eg þarf ekki að tala margt, því eg er sannfærður um, að þíngið muni vera með máli þessu, en eg vil að eins til skilníngsauka taka dæmi upp á það, hversu óbrúkanda þetta byggíngarskilyrði er. Það er eins og einhver vildi fá að reyna eitthvert ónotað beitiland, til upprekstrar, og honum væri svarað: jú, þú getur fengið leyfi til þess, en þú verður að byggja þar bæ fyrst, og færa þangað alla búslóð þína. Allir sjá nú, hversu ósanngjarnt þetta er, og að vera að byggja mótbárur sínar á slíkum útúrdúrum, það er merkilegt; eg vona allir sjái, að slíkt ætti ekki að vera málinu til fyrirstöðu, og að vera að ræða um þá, er ekki til annars en að eyða tímanum; það er rètt eins

og nóg sè, þegar húsið er komið upp, en það er ekki nóg, það sýna dæmin, og það næstliðinn vetur, að á Skagaströnd og Hofsós voru engar nauðsynjar að fá, því þó kofi væri byggður þar, mundi það bæta lítið úr vöruskortinum. Vona eg því, að þingið verði með þessu máli.

Jón Hjaltalín: Eg get ekki verið þeim tveimur þingmönnum samdóma, er síðast töluðu, þó eg ekki sè vanur að halda með stjórninni í því, sem er á móti sannfæringu minni að sè rètt, en þegar stjórnin fer því fram, sem er samkvæmt lögunum, þá vil eg ekki, að menn sè að brigzla stjórninni um útúrdúra, því mèr sýnist, að ef stjórnin löggildir Skeljavík, eptir því sem beðið er um, þá er það hrein undantekníng frá lögunum. Breytíngaratkvæði þingmanns Borgfirðínga, sem er næst frumvarpinu, ætla eg því að aðhyllast af þeirri ástæðu, að mál þetta er nú í annað skipti fyrir þínginu, og er flutt með miklu kappi af þeim manni, sem er því mjög vel kunnugur, og sem eg ber mikla virðíngu fyrir sem rèttsýnum manni, og sem mèr því sýnist ísjárvert að vera á móti. Þingmaðurinn úr Strandasýslu talar ætíð eptir sannfæringu sinni, og fyrir það virði eg hann, og einmitt vegna þess, en ekki vegna þess, að eg álíti, að stjórnin hafi farið í útúrdúra, ætla eg að gefa atkvæði mitt með breytíngaratkvæði þingmanns Borgfirðínga.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

1. tölul. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* (samþykkt af nefndinni) — samþykkt með 22 atkvæðum.

Voru þá töluliðirnir 2 og 3 álitnir fallnir samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

4. tölul. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? — samþykkt með 22 atkvæðum.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *inngangsumræðu* uppástúnga þingmanns Reykvíkínga, *um að 100 hundraða jarðeigendur fái rètt til að sitja á alþíngi.* Uppástúngumaður er flutníngsmaður hennar.

Var uppástúngun þá afhent flutníngsmanni, er las hana upp þannig hljóðandi:

»Eptir hinum eldri kosníngarlögum var kosníngarrèttur og kjörgengi til alþíngis bundið mestmegnis við það, að menn væri

jarðeigendur, og samkvæmt þessum rètti þeirra, var kostnaður sá, er leiddi af alþingi, látinn lenda mestmegnis á þeim. Kosningarlögunum var nú breytt, svo jarðeigendur hafa nú engan meiri rètt til kosninga og kjörgengi en aðrir, en skyldan að bera alþingiskostnaðinn var samt látin hvíla á þeim, eins eptir sem áður. Það getur nú verið, að breytt hafi verið til hins betra með að rýmka um kosningarrèttinn og kjörgengina, eins og gjört var, en hitt virðist miður rètt, að láta mestan hluta byrðarinnar eptir sem áður hvíla á þeim, eða kostnaðinn, sem af þinginu leiðir.

Til þess nokkuð að bæta úr þessum ójöfnuði leyfi eg mèr að stínga upp á því, að hið heiðraða alþingi biði vorn allramildasta konúng, að sá viðbætir verði gjörður við kosningarlögin til alþingis, að allir þeir, er eigi 100 hndr. í jörðu, hafi rètt til, að sitja á alþinginu, ef þeir vilja, á sjálfra sín kostnað, þótt eigi sè þeir þjóðkjörnir, og njóti þar alls hins sama rèttar, og aðrir alþingismenn hafa.

Reykjavík, 12. dag júlím. 1861.

Halldór Kr. Friðriksson[a].

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vona, að eg muni ekki þurfa að mæla mikið fram með uppástúngu minni, því kostir hennar eru svo ljósir, að eg vona, að allir þíngmenn sjái þá. Eptir hinum fyrri kosningarlögum höfðu jarðeigendur einir kosningarrètt og kjörgengi, og því var það og eðlilegt og rètt, að þeir borgaði mestan hluta alþingiskostnaðarins; en þegar kosningarlögunum til alþingis var breytt, þá hefði líka átt að breyta lögunum um gjaldmáta alþingiskostnaðarins, þannig að allir þeir, sem hafa rètt til þíngsetu, hefði líka þá skyldu að gjalda kostnaðinn. Nú var þetta ekki gjört. Uppástúnga mín er nú tilraun til þess að bæta úr þessum ójöfnuði með því að hèr er þeim, sem mest gjalda til þíngsins, gefinn kostur á að sitja á þinginu. Uppástúngan hefir þann kost, að hún er frjálslynd, og því vona eg, að henni verði vel tekið af þessu frjálslynda þíngi, og vona eg, að þíngið gjöri það því fremur, sem uppástúngan bakar engum meiñ eða sviptir neinn rètti sínum. Því fleiri sem eru á alþíngi af heldri mönnum, því meira álit fær þíngið bæði hjá stjórninni og þjóðinni. Á hinn bóginn þurfa menn ekki að óttast, að þeir, sem gæti fengið þíngsetu-rètt, yrði svo margir, að þeir bæri þíngið ofurliða, því þeir einu munu nota sèr þenna rètt, sem láta sèr annt um þíngið og þjóðmálefni vor, og má það vera hugarhægð fyrir þíngmenn, að hafa

slíka menn á þingi með sèr, og þegar þingið verður þannig fjölmennara, kemur þjóðarvilinn ljósara fram. Ef menn nú samt skyldi óttast, að þeir yrði of margir, sem fengi þenna rètt, þá getur nefndin, sem yrði sett í þetta mál, breytt hundraðatölunni, eptir því sem henni þykir hentast, og þarf ekki að binda sig við hundraðið; eg get líka vel ímyndað mèr, að þó menn gæfi auðmönnum þenna rètt, þá muni ef til vill fáir nota hann, þegar til reynslunnar kemur; það getur, hvernig sem fer, ekki skemmt að gefa þenna rètt, því það kynni þó einhverir að koma, og gjöri eg helzt ráð fyrir, að það væri einmitt beztu bændur, og með þessu mundi menntunarkraptur þingsins aukast, því með velmeguninni fylgir yfir höfuð meiri menntun en með fátæktinni. Vona eg, að uppástúngu þessari verði tekið vel, og vil eg stínga upp á 3 manna nefnd.

Guðmundur Brandsson: Það mælir margt bæði með og mót þessari uppástúngu. Kosníngarlögin voru ekki gömul, þegar að því var fundið, að kosníngarrètturinn og kjörgengið væri bundið við fasteign; þjóðin vildi, að þessu væri breytt og því var breytt eptir tillögum alþíngis; síðan hefir engi kvartað yfir kosníngarlögunum, og hvaða ábyrgð hefir maður fyrir því, að þeir ríkari sè betri þíngmenn en þeir fátækari, eða að þeir muni bæta þjóðkjörnu þíngmennina upp, því eg get eins vel ímyndað mèr, að þeir, sem eiga 100 hndr. í jörðu, sè ómenntaðir maurapúkar, eins og góðir og menntaðir menn. Uppástúnga þessi er líka að eins frá einstökum manni, og sýnist mèr það því vera fjótfærni af þínginu, ef það gæfi henni gaum, áður en þjóðin hefir sagt um hana álit sitt. Tilgangur uppástúngunnar er að vísu góður, því hún vill auka álit þingsins, en hins vegar er óvíst, að þeim góða tilgangi verði náð, því eitt atkvæði með eða móti hverju máli getur bæði spillt og bætt. Það er satt, að alþíngistollurinn liggur þýngst á þeim, sem eiga margar jarðir, en það hefir verið talað um að leggja hann á fleiri gjaldstofna, og þetta vakir fyrir þjóðinni, það vita menn, og er eg því á móti þessari uppástúngu í þetta skipti, því mèr finnst vera nógur tími til að koma fram með hana, þegar alþíngi hefir fengið meira vald.

Magnús Andrèsson: Þíngmaður Reykvíkínga sagði, að það væri líkindi til þess, að hundrað hndr. mennirnir væri hæfilegastir til þíngsetu. Ef svo væri, þá ætti þjóðin að þekkja þá og kjósa þá til þíngsetu fremur öðrum, svo þeir ætti að geta komizt til þings, án þess að fá þenna rètt, sem hèr ræðir um. Þar sem vèr

nú ekki viljum eða höfum viljað binda þingseturèttinn við jarðeign, sýnist mèr það undarlegt, að vilja nú aptur binda hann við hana, eg get ekki betur sèð, en að vèr verðum sjálfum oss sundurleitir, ef vèr föllumst á þessa uppástúngu.

Stefán Eiríksson: Eg get nú að miklu leyti sleppt því, sem eg ætlaði að segja, því heldur sem eg í aðalefninu er samþykkur þeim, sem talað hafa; aðaltilgangur uppástúngunnar, eptir því sem mèr skilst hún, á að vera sá, að gefa mönnum frelsi, en eg get nú ekki sèð það frelsi í henni, því um leið og þingmanninum er gefinn þingseturèttur, þá á hann að borga þann skatt af þingsetunni, sem nemur kostnaðinum, þetta álít eg nú þann helzta galla við uppástúnguna, og ef farið væri að velta uppástúngunni fyrir sèr, mundi mega finna margt meira að henni, og því held eg sè bezt að fella hana, eður að minnsta kosti láta þetta mál bíða hinna seinni þinga, og sjá til, hvort bænarskrár um þetta efni koma úr hèruðunum.

Ásgeir Einarsson: Eg sè það, að uppástúngu þessari ætlar ekki að byrja vel, enda furðar mig ekki á því, þar sem um slík nýmæli er að gjöra. Mèr virðist þetta vera nokkurs konar tilraun til að koma hèr upp einhverju »Aristokrati«, og er það sjálfsagt, að það hefir sumum menntuðum þjóðum þótt gott, að eg taki sem dæmi Englendínga. En eins og mig ekki minnir betur, en að hinn háttvirti uppástúngumaður hafi ætíð verið meðmæltur sem frjálsustum kosníngarlögum, eins virðist mèr uppástúnga þessi koma nógu tímanlega, þar sem vèr ekki enn höfum fengið skattgjafarvaldið. Að öðru leyti finnst mèr ýmislegt athuganda við uppástúngu þessa, og er það þá fyrst það, að þó, ef til vill, öðrum þjóðum kunni að hafa reynzt þessi eður svipuð aðferð vel, er það þó auðsætt, að þó þessir menn, sem hèr ræðir um að gefa þingsetu, *gæti* orðið til hins mesta gagns, þá *geta* þeir líka orðið til ógagns, þeir *gæti,* ef til vill, dregið sinn taum of mikið. En að því er viðvíkur of frjálsum kosníngarlögum, þurfum við ekki að fara lengra en til Dana, og sjáum við þar, að þeir eru búnir að reyna sig og ofreyna á þessu, eða hvernig er komið? Er ekki komið að því hjá þeim, að þeir jafnvel hafa farið því á flot, að skerða eignarfrelsið, og neyða jarðeigendur til að selja eignir sínar *(Tvangsloven).* Vera kann það hafi vakað fyrir hinum heiðraða uppástúngumanni, að líkt gæti komið fyrir hèr, og hann því með uppástúngu sinni hafi viljað koma því til leiðar, að jarðeigendurnir fengi yfirgnæfandi atkvæði

á þingi, og gæti þannig tekið í taumana; en þá er aðgætanda, að þeir gæti orðið svo margir, að þingmennirnir hinir þjóðkjörnu gæti orðið undir þeim, og taki maður nú dæmi, renni augunum til liðinna þinga, munu víst finnast þau kappsmál, að þessir menn eina og alleina vegna þessa *eina* máls hefði sótt þingið, til að fá fram sína meiningu; eg skal ekki orðlengja þetta, en geta þess, að mèr datt í hug kláðamálið; mundi engi hafa hreift sig, ef uppástúngan þá hefði verið lög? eg held jú! Það er líka blátt áfram, að komi svo að segja engi af þessum mönnum til þings, eins og hinn háttvirti uppástúngumaður jafnvel virðist að vera að hugga þingið með, nú! þá er uppástúngan gagnslaus, þá nær hún ekki tilgangi sínum, sem er, að mèr skilst, að auka vinnukrapta þingsins, en ef, eins og eg þykist geta gjört ráð fyrir, margir sækti þing, eptir uppástúngunni, er, að eg held, hætt við, að þingmennirnir þjóðkjörnu yrði yfirstignir af þessum sjálfkjörnu, og væri þá þessir síðarnefndu eigingjarnir, færi, að eg held, miður en vel. Eg held aldrei ætti að vera fleiri af þessum mönnum á þingi en helmingur á móti þingmönnum þeim, er atkvæði greiða. Eg skal fúslega játa það, að mèr finnst uppástúngan í marga staði góð og frjálslega hugsuð, en þrátt fyrir það og þrátt fyrir, að eg vildi hún væri rædd ítarlega (mèr þykir hún þess verð), þá álít eg hún hefði gott af að bíða seinni tímanna, og að uppástúngumaður, þegar þingið er búið að ræða hana, nú ætti að taka hana aptur. Þingtíðindin bera þá með sèr umræðurnar, og geta því vakið athygli þjóðarinnar að þessu máli.

Halldór Kr. Friðriksson: Það voru einúngis fáein orð, sem eg vildi hafa talað, og er þá fyrst að svara hinum heiðraða þingmanni Gullbringusýslu upp á það, að hèr sè ekki fram kominn vili þjóðarinnar, en við getum alls ekki búizt við, að þjóðin láti svo vilja sinn í ljósi í öllu, og allrasízt í þessu máli. Hinn heiðraði þingmaður Árnesínga hafði beinlínis misskilið mig; eg hefi aldrei sagt, að *allajafna* væri jarðeigendur hæfastir til að vera þingmenn *(Magnús Andrèsson, Guðmundur Brandsson:* Jú!); nei! það hefi eg aldrei sagt, en hitt hefi eg sagt, að *vanalegast* fylgdi menntan með auðnum, að minnsta kosti er það almenn skoðun manna, og held eg við höfum dæmið fyrir okkur, þar sem þetta þing er, því flestir þeir, sem hèr eru af bændum saman komnir, munu þó vera með þeim betur efnuðu, og sýnir þetta um leið skoðun þjóðarinnar, sem hefir kosið þá, í þessu efni, en þó èg engan veginn vili lasta þingmenn,

það sè fjarri mèr, held eg þó, að eg gangi engum of nærri, þó eg haldi, að sumir af þeim, sem eptir uppástúngu minni gæti komizt inn á þíng, væri eins góðir þíngmenn og sumir þeir, sem nú sitja hèr, og þó eru þeir ekki kosnir til þíngs, og geta margar orsakir stuðlað að því, að þeir ná ekki þíngsetu. Eg skal taka til dæmis 2 menn, sem báðir eru jafnhæfir til þíngsetu, annar er ríkur og hinn fátækur; nú getur vel verið, að þeim ríka sè bægt frá af því, að hann er ekki kjósendunum eins kunnugur og hinn, því þeir, sem til þíngs kjósa, eru flestir frá þeim hèruðum, sem liggja næst kosníngastaðnum, og þeir taka þá þann, sem þeir þekkja beztan. Það er misskilníngur, að uppástúngan fari í gagnstæða átt við kosníngarlögin; hún vill ekki þrengja eða skerða þann kosníngarrètt, sem er; hún talar ekki um hann, en vill að eins gefa þeim þíngseturètt, sem ekki hafa hann eptir kosningarlögunum. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu talaði um, að komin væri uppástúnga um að dreifa kostnaðinum, en það er misskilníngur, því uppástúnga þíngmanns Húnvetníinga fer einúngis fram á það, að flytja alþíngistollsgjaldið frá afgjöldum jarðanna yfir á jarðahundruðin; hvort sem er, liggur þetta gjald eptir sem áður á jarðaeigendunum, og kemur mín uppástúnga því ekki í bága við hana. Þíngmaðurinn úr Austur-Skaptafellssýslu sagði, að þetta væri nýr skattur, sem á menn væri lagður, en það er engi skattur, því þeir, sem vilja nota þenna rètt, leggja útgjöld þau á sjálfa sig. Eg ímynda mèr, að þeir verði ekki margir, sem nota sèr þenna rètt, eða sem eigi 100 hndr. í jörðu, svo að þeir geti notið hans, og sízt svo margir, að þeir muni bera þíngið ofurliða, þó eg ekki viti það fyrir víst, og þó eitthvert mál kæmi fyrir á þínginu, sem menn vildi hafa þá í, þá er ekki alltènd hægt að ná í þá, þar sem þeir eru híngað og þangað út um allt landið.

Jón Hjaltalín: Þó að uppástúnga þessi sè frá vini mínum, get eg samt ekki verið með henni; mèr finnst stefna hennar nokkuð skrítin og fara beint á móti reynslu þjóðanna; það er ekki heldur ætíð samfara full pýngja og fullt höfuð. Um þetta spursmál hafa líka verið langar ræður á Englandi og Frakklandi og Þýzkalandi og hefir mörgum vitrum mönnum þar þótt ískyggilegt að binda þíngseturèttinn við eigur manna. Það kann að auka hjá mönnum lyst til þess að eignast fè, en í það er ekki mikið varið; það væri meira varið í það, ef menn gæti gefið þeim lyst til þess að gæta fengins fjár, því það, sem menn mest vantar hèr, eru ekki jarðirnar sjálfar, heldur að bæta þær. Eg held það sè svo bæði

erlendis og líka hèr, að þeir, sem ríkir eru, þykjast töluverðir karlar, og er eg hræddur um, að þeim muni þykja ef til vill sum þingmannasætin þunnskipuð á móti sèr. Það geta komið hèr fyrir fleiri mál en kláðamálið, sem vekja áhuga, og eg get sagt þingmanninum úr Strandasýslu, sem minntist á kláðamálið: hvernig mundi hafa farið, ef uppástúnga þessi hefði verið lög 1859? þá lifði hèr ekki ein einasta rolla af þeim 80,000 fjár, sem læknaðar eru. Aðalmáttarstólpi þingsins er, að menntunarkraptarnir aukist, en það er ekki sannað, að menntunin fylgi ætíð auð. Ef slíkir auðmenn hefði meiri rètt en þeir, sem hafa meiri menntun, t. a. m. sigldir menn og þeir, sem gengið hafa á prestaskólann, þá þykir mèr menntuninni gjört lágt undir höfði; eða skyldi ekki eiga að meta menntunina á við nokkur jarðarhundruð? Ef að uppástúnga þessi fengi framgang og þingmenn fjölgaði ef til vill um 20, kynni þetta líka að verða til þess, að þingræðurnar og þingtíðindin lengdist. Af þessum ástæðum og svo af því, að eg álít þessa uppástúngu ótímabæran burð, verð eg að vera á móti henni.

Guðmundur Brandsson: Þingmaður Reykvíkinga gjörði ráð fyrir því, að þar sem auður væri, væri líka menntun; eg held þá, að ef þessir auðmenn væri svo góð þingmannaefni, þá gæti menn kosið þá á þing, ef þeir álíta þá bezta til þess, og eru þeir þá ekki útilokaðir frá þingsetu. Hann sagði, að það sýndi sig hèr, að efnamenn hefði helzt verið kosnir til þessa þings, en það held eg sè nú upp og niður, og víst er um það, að ekki eru hèr nú utan 2 menn sem eiga 100 hndr. í jörðu, ef það þá er svo mikið, sem mèr er ekki fullljóst, en þó þeir sè góðir þingmenn, þá eru þó sumir hinir góðir þingmenn líka, sem minna eiga, og víst er um það, að þingmaður Reykvíkinga er t. a. m. fullgóður þingmaður, þó hann eigi ekki 100 hndr. í jörðu. Að því er alþingistollinn snertir, þá held eg, að hann hafi ekki tekið rètt eptir mèr, eg talaði ekki um uppástúngu þingmanns Húnvetninga, heldur um það, að það vekti fyrir þjóðinni, að fá kostnaðinn lagðan yfir á fleiri gjaldstofna. Ef uppástúnga þessi yrði nú samþykkt, þá gæti það orðið til þess, að á næsta þingi kæmi ný uppástúnga um, að þilskipaeigendur fengi sama rètt, og eins þeir, sem eru svo ríkir, að þeir eiga vissa peningaupphæð á vöxtum, og hvað yrði þá úr þinginu, ef allir þessir menn kæmist svona inn á það?

Björn Pètursson: Það er einmitt af sömu ástæðum, að eg er mótfallinn uppástúngunni, og vona, að hinn heiðraði uppá-

stúngumaður taki hana aptur, svo hvorki þingræðurnar lengist um of til helbers skaða og kostnaðar, einkum fyrir þessa miklu jarðeigendur, sem honum þykir svo vænt um, eða þingið neyðist til að skera uppástúnguna niður, ef til atkvæða væri gengið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að játa, að eg ekki skildi svo fullkomlega hinn háttvirta vin minn, hinn 5. konúngkjörna þingmann, enda var hann kominn út í önnur lönd, og mèr virtist rètt sem vildi hann útiloka lávarðana á Englandi úr málstofunni þar. Hver veit nema hann beri upp uppástúngu um það? Að öðru leyti get eg ekki, eins og sumir hèr hafa hreift, óttast það, að þeir verði svo margir, sem fái þingseturètt eptir uppástúngu minni, að hætt sè við því, að þjóðkjörnu þingmennirnir ekki komist upp fyrir moðreyk úr þeim. Á öllu Vesturlandi held eg ekki þeir yrði fleiri en svo sem 3—4 (*Jón Sigurðsson* frá Haugum: Jú, þeir eru fleiri); varla held eg það, og einn þeirra þekki eg og get gjarna nafngreint hann; það er Brynjúlfur Benediktsen; eg held engi þyrfti að amast við öðrum eins manni á þinginu, en óska margra slíkra góðra drengja, og því er nú t. a. m. ekki hann kosinn af Barðstrendíngum? Þessu er ekki gott að svara, því fyrir því geta verið ótal ástæður, sem hèr væri of langt að fara út í, en eptir minni uppástúngu gæti nú þó annar eins maður komizt á þingið, og eg er viss um það, ekki til ónýtis. Það er með öllu ranghermt upp á *mig*, og orð *mín* afbökuð, þegar menn segja, að eg hafi sagt, að menntun og ríkidæmi ætið fylgdist að, eg er svo margbúinn að segja það, og vona því eg ekki þurfi að tyggja það upp aptur, að eg einúngis hefi sagt, að menntunin *vanalega* fylgdi auðnum, mèr hefir aldrei dottið í hug að neita því, að ríkir menn gæti verið með öllu óhæfir til þingsetu, en eg held, að ekki þurfi að óttast, að margir af þeim fari að sækja þingið upp á sinn kostnað. Hinum heiðraða þingmanni Gullbríngusýslu þakka eg, sem skyldugt er, fyrir *Compliment* þau, er hann gaf mèr, en hvað hitt snertir, sem hann drap á, að afleiðíngarnar af uppástúngu minni, ef á hana yrði fallizt, yrði þær, að eigendur þiljuskipa og peníngamenn yrði líka teknir inn á þingið, þá held eg nú, að ekki sè að óttast það, að minnsta kosti ekki fyrr en búið væri að breyta reglunum um það, hvernig alþingistollurínn er lagður á, og væri þá allur dagur til stefnu.

Jón Pètursson: Mèr virðist nú uppástúnga þessi sanngjörn og í alla staði rèttlát. Við vitum allir, að á jarðareigendunum

hvílir skyldan að mestu leyti að standa alþingiskostnaðinn, og uppástúngan fer ekki fram á annað, en að veita þessum sömu mönnum, sem mest leggja á borð með þínginu, rètt til að taka þátt einnig í gjörðum þess. Það er hreinn og klár misskilníngur af hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu að blanda þessari uppástúngu nokkuð saman við kosníngarlögin til alþíngis, því hvað mikið sem þau kunna að hafa batnað við það, að rètturinn ekki lengur er bundinn við að eiga fasteign, kemur það ekki þessu máli við, hèr er engi að tala um að breyta kosníngarlögunum eður þrengja kosníngarrètt eður kjörgengi. Hann sagði, að uppástúngan væri frá einstökum manni; en þó svo sè, hvað gjörir það til? eða er nokkrum manni órèttur gjörr, þó uppástúngan yrði tekin? eg held ekki, eða halda menn, að þeir, sem eptir henni öðlaðist þíngsetu, mundu álasa þínginu fyrir það? það mundu þeir víst ekki gjöra. Þó menntun og auður í raun og veru sè sitt hvað, þá flýtur engan veginn þar af, að uppástúngan sè ekki eins góð fyrir því, eins og líka uppástúngumaður hefir sýnt. Að því er það snertir, að þíngið ekki hafi enn nægt vald, og uppástúngan því sè of snemma borin upp, þá skil eg þetta ekki; því hvernig getur það verið hættulegra, að þessir menn komi á þíngið og gefi stjórninni ráð, sem hún eigi þarf að fylgja fremur en hún sjálf vill eður sýnist rètt, en að þeir komi á þíngið, og gefi þar tillögur sínar, sem að nokkru leyti geti bundið stjórnina? Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þíngmaður Austur-Skaptafellssýslu sagði, þá hefir hann nú herfilega misskilið uppástúnguna, því hèr ræðir alls ekki um að leggja toll á menn, eða getur hann kallað, að tollur sè á hann lagður, þó hann, ef hann vill bregða sèr á aðra bæi, verði að gjöra það upp á sinn eiginn kostnað? og hèr er hið sama, hèr er engi skyldaður til að koma fremur en hann vill. Margir hafa hreift því, að óttast mundi þurfa, að svo margir kæmi á þíngið, ef uppástúngunni yrði framgengt, að þjóðkjörnu þíngmennirnir ekki kæmist upp fyrir moðreyk úr þeim, en eins og eg á annan bóginn ekki held ástæðu til að óttast þetta, sízt svo fljótt, eins kemur mèr það á hinn bóginn til hugar, að menn hafa kvartað yfir því, að ekki hèr á þínginu væri 2 málstofur, og væri þetta einmitt hin bezta ástæða fyrir að taka uppástúngunni, því hún yrði þá bezti og beinasti vegurinn til að greiða fyrir því, að þíngið með tímanum fengi 2 málstofur.

Indriði Gíslason: Það mun að vísu til lítils fyrir mig, að tala

um uppástúngu þessa, því eg verð að játa, að hún er svo háfleyg, áð eg skil hana ekki, enda vona eg það eigi sèr langan aldur, áður hún kemst fram. Það er mest talað um auð og menntun; það eru nú vissulega ágætir og ólastandi þingsetukostir, en eg held nú, að til sè líka aðrir kostir, sem vel eiga við í þeim efnum, sem er, að maðurinn sè vitur, göfuglyndur og sanngjarn, og væri auðurinn óyggjandi skilyrði fyrir þessum eiginlegleikum, þætti mèr uppástúngan góð. Það vita allir og uppástúngumaður líka, að það er allt annað, auðurinn og menntunin, að það er allt annað að vera ríkur, og hitt, að vera göfuglyndur, rèttlátur og sanngjarn. Það hefir að minnsta kosti verið sagt um landsmenn, að þeir væri fastir á fè sínu, og það kann að vera nokkuð til í því, en skyldi nú ekki þessir ríkismenn líka geta verið það, einkum þegar fyrir gæti komið þau mál, sem beinlínis snerta þeirra eigin „*Interesse*", eg tek til dæmis, ef skattalögin kæmi fyrir. Flutníngsmaður var að hugga þingið með því, að eptir uppástúngunni mundu svo fáir koma á þing, og taldi hann til einúngis 2 á öllu Vesturlandi; eg get þá hèr um bil fullyrt, að eg í einni einustu sýslu þekki 6—7, sem eptir uppástúngunni gæti náð þingsetu, enda get eg ekki betur sèð, en að þetta sè næstum því eins og að rífa uppástúnguna niður í öðru orðinu, því komi engi eður svo gott sem engi á þingið, er uppástúngan ónýt, en sè gagn í henni, þá er náttúrlega mest gagn í því, að sem flestir kæmi. Mèr virðist því uppástúnga þessi, svo vel og frjálslega sem hún er hugsuð, vera miður grunduð.

Jón Hjaltalín: Út af því, er hinn heiðraði uppástúngumaður og vinur minn talaði til mín um lávarða-málstofuna ensku, þá verð eg nú að segja það, að gjöri ekki uppástúnga hans meira gagn en sú málstofan, þá býð eg ekki fè við henni, að minnsta kosti gæti eg sýnt honum enska bók, sem eg hefi til, og er henni þar ekki hælt svo afarmikið sem gagnlegri og uppbyggilegri.

Það er enn eitt, sem baggar mèr frá að geta fylgt uppástúngunni fram, og það er það, að eg er ekki svo fróður í lögum, að eg viti, hvort uppástúngan geti ekki komið í bága við þau, sem vèr nú þegar höfum, og hvort ekki þyrfti svo að segja að umsteypa henni og okkur öllum, ef þessu ætti að verða framgengt, og væri því æskilegt, ef hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* mætti þóknast að skýra þetta fyrir þinginu.

Stefán Eiríksson: Mèr finnst nú ekki dæmi það, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður tók af bæjarleiðinni, vera sem

heppilegast, það er er þó sitt hvað að fara eina bæjarleið, og að fara úr fjarlægum stöðum hingað, og eg álít, eins og eg sagði áður, að í uppástúngunni sè ekki annað eins frelsi, eins og þingmaður þessi heldur, enda mun uppástúngan eiga erfitt uppdráttar.

Páll Sigurðsson: Í grundvelli sínum er uppástúnga þessi að vísu frjálslega hugsuð, en þó get eg ekki verið henni meðmæltur, mèr virðist hún fædd fyrir tímann, en ekki ítarlega grunduð, eða hefir hinum heiðraða uppástúngumanni ekki dottið í hug að spyrja sjálfan sig um, í hverju það liggi, að einmitt sá, sem á 100 hndr. í jörðu, skuli betur sjálfkjörinn til þings en hinn, sem einúngis á 40—50 hndr.? Hvað uppástúngumaður sagði, að þeir ríku gæti verið eins ópekktir af kjósendum og hinir, þá er þó einmitt hið gagnstæða það vanalega, því vant er að bera meir á þeim ríka, en á fátæklíngnum. Mèr virðist líka með öllu óhætt, þó málinu væri frestað, þangað til mennirnir sjálfir biðja um það; þá er tíminn nægur og nú hafa þeir, með því málinu þegar er hreift hèr, næga ástæðu til að halda því fram, ef þeir vilja. Það er auðvitað, að bæði menntun og efni eru hið nauðsynlegasta fyrir hverja þjóð, en eins og það er víst, að þetta tvennt ekki ætíð, og ekki nærri ætíð, fylgist að, eins vildi eg spyrja hinn heiðraða uppástúngumann um það, hvort hann hefir rekið nokkurn varnagla við því, ef nú t. a. m. þessi ríki maður ekki skyldi hafa óflekkað mannorð, eður vill hann má ske láta hann vera sjálfkjörinn fyrir því? Eg held það væri bezt að bíða, og lofa þjóðinni sjálfri að skoða þetta, en þar eð eg, eins og eg áður sagði, álít uppástúnguna svo frjálslega, vildi eg ekki, að hún yrði felld, heldur að uppástúngumaður tæki hana aptur, og skora eg nú á hann að gjöra það.

Forseti: Það er til mín komin ósk 13 þíngmanna um, að umræðunni sè lokið um þetta mál, og skal eg því leita atkvæða þíngsins um, hvort hætta skuli eður ei.

Var síðan til atkvæða gengið, og með 19 atkvæðum samþykkt, að þessari undirbúníngsumræðu skyldi hèr með lokið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg sè nú, hvernig muni reiða af fyrir þessari uppástúngu minni, og mèr þykir þíngmenn nógsamlega hafa lýst hugsunarhætti sínum í þessu. Það hafa verið taldir ýmsir gallar á uppástúngunni, en einkum sá, að hún sè of frjálslyndisleg, og vil eg því gjöra þínginu það til vilja, að taka hana aptur.

Forseti: Fyrst uppástúngumaður hefir tekið hana aptur, og

engi hinna heiðruðu þingmanna tekur að sèr þessa uppástúngu, þá álít eg hana úr sögunni, og að hún eigi geti til atkvæða komið.

Þá liggur fyrir, samkvæmt dagskránni, til *inngangsumræðu* og nefndarkosníngar *bænarskrá frá 7 embættismönnum í Reykjavík, um launabót,* og skal eg biðja skrifarana að afhenda hana flutníngsmanni, hinum heiðraða þingmanni Borgfirðínga.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal þá lesa upp bænarskrána:

»Háttvirtu þíngmenn!

Yður er öllum kunnugt, og flestum yðar eflaust í glöggu minni, að fyrir tveim árum, eða árið 1859, kom híngað til þíngsins frumvarp frá stjórninni, það er því fór fram, að bætt yrði laun embættismanna þeirra hèr á landi, er fá tekjur sínar úr ríkissjóði.

Frumvarp þetta var mjög kært oss embættismönnum, er það átti við, og það af ýmsum orsökum, en þó einkum af tveimur; fyrst af því, að nú þótti von, að bætast mundi hagur vor, er oss hafði lengi fundizt fullerfiðlegur, og vèr þekktum sjálfir bezt; í öðru lagi virtist oss frumvarp þetta vera nýr vottur um veglega jafnaðargirni ens þjóðelskaða konúngs vors, og ennar góðu stjórnar hans, og þótt sumir vor um allmörg ár hefði þótzt sakna eðlilegs jafnaðar milli vor hèr á landi og hollra þegna konúngs vors í öðrum hlutum ríkis hans, þótti nú sem úr þessu mundi rakna.

Málið kom fyrir þíng, og má heita, að allir tæki því tveim höndum; flestir mæltu með frumvarpinu, og vildu jafnvel bæta það, en svo gott sem engi varð til að mæla í móti því að höfuðefninu til. En þó mátti frumvarp þetta sæta þeirri meðferð, er varð svo gott sem til að ónýta það um enn óvissan tíma, og til að lengja vora þúngbæru bið, er sjálfum oss er kunnari og tilfinnanlegri en nokkrum öðrum manni, hve fróður og glöggsýnn sem hann er.

En hvað er það þá, sem varð til að ónýta frumvarp stjórnarinnar? Það var eigi andstæðilegur vili neins af enum heiðvirðu mönnum, er höfðu frumvarpið með höndum og um það ræddu, heldur eins konar hugsunarhvarfl að eins fárra þeirra, og einhvers konar ímyndaður hugarburður um einhverjar ríkar nytsemdarreglur fyrir land og lýð, en vèr ímyndum oss, að hèr hafi farið, sem optar, að menn halda fastara í regluna en það, er reglan á að styðja, og virðist oss, eins og mörgum enna háttvirtu þingmanna í hitt eð fyrra, sem varla hefði neinu getað verið til spillt, þó tekið hefði verið í frumvarp stjórnarinnar, sem beinast lá við, það er að segja

svo, að styrkja stjórnina eða leiðbeina henni í skoðun sinni á því, hvernig eðlilega og sanngjarnlega yrði bætt úr bráðri og brýnni þörf þjónustumanna landsins og konúngsins í þessum hluta ríkisins, og getum vèr eigi neitað því, að oss finnst sumum af þeim, er fastast hèldu fram skoðun meira hlutans í málinu, hafa farið líkt sem tvítuga óvitanum forðum; óvitinn sat á lækjarbakka hjá föður sínum; faðir óvitans svaf og hreifði sig í svefninum, og valt út í læk, og með því að maðurinn var hniginn á efra aldur, og heldur stirður, drukknaði hann í læknum, og var lækurinn þó eigi tiltakanlega djúpur. Óvitinn horfði á, hvað gjörðist í læknum, gekk síðan hægt og hægt heim að bæ, og sagði við móður sína: eg vildi eigi fara út í lækinn, mamma mín, af því að þú hafðir bannað mèr að væta mig í fæturna. Vèr viljum alls eigi minnast meinsamlega orða þeirra manna, er fastast fylgdu fram meira hlutanum, og þökkum vèr þeim miklu fremur fyrir þeirra góðgjarnlegu tillögur, en það er óefanleg ætlan vor, að meðferð þeirra á málinu og regluhapt það, er þeir ýmislega voru við flæktir, hafi valdið drætti þeim, er enn er orðinn á sanngjarnlegri launabót vorri, og að minnsta kosti í sumu tilliti óviðurkvæmilegri og óþolandi fjárhagskreppu margra vor.

Síðan í hitt eð fyrra hafa tveir af hinum heldri embættisbræðrum vorum fengið töluverða launaviðbót, og könnumst vèr við, að ástæður til þess eru gildar og góðar, en einmitt við þessa breytíng hefir þó munurinn og ójöfnuðurinn orðið enn berari og glöggvari en nokkru sinni áður. Nú hafa forstjórar almennra kennslustofnana nálega eins mikil laun, og yfirbiskup landsins alls, og eru þeir þó nær hálfu yngri embættismenn en hann; forstjóri yfirdómsins, sem og er eldri embættismaður en þessir skólamenn, hefir miklu minni laun en þeir. Kennarar við skólana, sem hafa beztu einkunnir fyrir nám sitt frá háskólanum, hafa mátt sitja hèr í 10 til 14 ár með 5, 6 og 7 hundruð dala laun, og sumir þó haft fjölskyldu fram að færa, þar sem samhliða embættismenn þeim í Danmörku hafa 1000 dali.

Hver verður afleiðíngin af þessu? Hjá embættismönnum kviknar einhvers konar óánægja yfir hag sínum, eigi að eins af því, að þeim finnst hagur sinn erfiðlegur, heldur og af því, að þeim finnst þeir vera ósanngirni beittir. Sumir hverfa frá embættum, er þeir hafa gegnt með elju og alúð, og leita annara embætta, eigi af því, að þeim hafi eigi geðjazt en fyrri staða

sín, eða af því, að þá fýsi meir til annarar stöðu, heldur gjöra þeir það bókstaflega til að firra sig og sína vandræðum, og reyna að leita sèr annars lífvænlegra bjargræðis; svo má latínuskólinn nú sjá á bak einum af sínum nýtustu máttarstólpum, og ætlum vèr, að óhætt sè að segja, að hann hverfi eigi hèðan af óbeit á stöðu sinni í sjálfri sèr, og að skólanum megi vera sár söknuður að slíkum manni.

Það hefir brytt á því hjá fáeinum mönnum, og óneitanlega einkum hjá sumum af hinni heiðvirðu bændastètt, að embættismenn ætti að bæta hag sinn með búskap og hafa bú sèr til fjárframdráttar. Þetta gæti víst verið gott í sumu tilliti; en löngum hefir þótt varhugavert fyrir mannlegan mátt, að tvískipta sèr eða margskipta, og margir hyggnir menn hafa heldur ráðið til, að menn gengi að einu en fleiru, og gengi að einu með alúð og atorku; eða ætli góðir búmenn kannist eigi við þá reglu?

Enn hefir það komið fram í umræðum fáeinna búandmanna í máli þessu, að embættismenn í Reykjavík haldi sig tigulega. En vèr þykjumst geta skotið því til atkvæða greindra og kunnugra manna, að þetta sè lítið annað en hugarburður einn, og enn viljum vèr biðja þá ena sömu ágætismenn, að gæta vel að, hvort það er eigi einmitt ein af meinsemdum vorrar háttvirtu og heiðarlegu bændastèttar, að hjá þeim verður, því miður of mörgum, vart við eins konar skort á fagurri húsasetníngu og hreinlegum bæjarbrag, og biðjum vèr góða menn að taka þetta alls eigi í brigzlisskyni af vorri hálfu, heldur að eins til bendíngar um eitt af því, er mönnum, er hèr hafa ferðazt frá öðrum menntuðum þjóðum, og viljað sýna landinu allan þann velvilja, er unnt hefir verið, hefir einna helzt þótt á bresta hjá oss.

Að svo mæltu viljum vèr biðja eð háttvirta þíng, að taka mál þetta enn af nýju til góðgjarnlegrar meðferðar, og fylgja því einlæglega fram í þá stefnu, er eð konúnglega frumvarp virtist að beina því, eða hèr um bil samkvæmt tillögum ens háttvirta minna hluta nefndarinnar. Vèr þykjumst þurfa einhverrar áheyrslu og hennar bráðrar, og þótt einhverjar bætur gæti þótt glæsilegri, en þær, er kostur var á eptir enu konúnglega frumvarpi, eða tillögum minna hlutans, þykja oss þessar síðarnefndu bætur betri en ekki,

og beiðumst þess að eins, að eitthvað verði gert oss til hagbóta og það bráðlega.

Reykjavík, 12. júlí 1861.

B. Gunnlögsen, yfirkennari. *S. Melsteð,* prestaskólakennari. *Ó. Pálsson,* dómkirkjuprestur. *J. Guðmundsson,* skólakennari.

J. Hjaltalín, landlæknir. *H. Kr. Friðriksson,* skólakennari. *G. Magnússon,* skólakennari".

Það er nú hvorttveggja, að mèr er það ekki lagið, að mæla fram með bænarskrám, enda held eg það sè óþarfi, þar sem um annað eins mál og þetta er að tala, sem eg held að allt þingið sè samhuga um í aðalmálinu, að minnsta kosti man eg ekki til, að hèr á þingi síðast, þegar þetta mál var rætt, heyrðist nokkur rödd móti því, að laun embættismanna hèr á landi væri of lítil, og þetta er einmitt aðalmálið, því eg vona, að engum detti í hug að vilja eyða öllu málinu með smáatriðum þess, svo sem því, að binda launamálið fast við fjárhagsaðskilnaðinn eður að þrátta um, hver upphæð launanna eigi að vera í tölum fyrir hvert embættið um sig. Nú þarf ekki að reka sig á sama skerið og áður, að eyða aðalmálinu með þessu og öðru eins, því nú liggur ekkert frumvarp fyrir frá stjórninni, nú er einúngis um að tala, að biðja um hæfilega launaviðbót, og gefa stjórninni þær bendíngar, sem mönnum þykja við eiga í þessu efni. Eg skal nú ekki orðlengja þetta meir, en einúngis stínga upp á, að 5 manna nefnd sè kosin í málinu.

Guðmundur Brandsson: Það fór þá eins og mig grunaði, að bænarskráin hèrna um daginn, sama efnis og þessi er, mundi draga dilk á eptir sèr, en þó nú þíngmenn hafi fullt í fangi og mikið sè að gjöra, væri það ósamkvæmni frá þíngsins hálfu, ef það hryndi máli þessu frá nefnd, enda er bænarskráin svo kurteis og hógvær, eins og við var að búast frá jafnmenntuðum mönnum; það væri í sannleika steinhjarta, sem ekki hrifist af henni; reyndar er eitt í henni, sem eg ekki skil, þar sem talað er um gamla manninn, sem valt sofandi í lækinn, og óvitann, sem þá labbaði heim til móður sinnar, en þetta getur nú komið til af sljóleik mínum, þegar talað er um svo háfleygt efni; eg veit, að hèr í Reykjavík eru bæði börn og gamalmenni, og lækur er hèr líka, en hvort það slys, sem bænarskráin nefnir, hefir viljað hèr til, það mega aðrir vita betur en eg, enda mun þetta varla eiga að þýðast bókstaflega. Þar sem sveigt er að meira hluta þíngsins í hitt eð fyrra fyrir það, hvernig hann tók í mál þetta, þá er slíkt ástæðulítið og með öllu óþarft,

og þar sem talað er um skort á fegurðartilfinníngu bænda fyrir góðri húsaskipan og hreinlegum heimilisbrag, þá verð eg að segja mönnum, að það, sem í þessu er hjá þeim ábótavant, kemur engan veginn af smekkleysi margra þeirra, heldur er það fátæktin, sem hèr stendur í vegi, svo þetta er líka óþörf sletta. En hvað um það, eg verð að vera með því, að nefnd sè kosin til að íhuga bænarskrána betur.

Magnús Andrèsson: Eg get ekki verið samdóma hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu í því, að bænarskráin sè svo hógværlega orðuð, enda sè eg líka, að hann hefir breytt þessari sinni meiníngu í seinna hluta ræðu sinnar, en um þetta skal eg ekki leyfa mèr að dæma, þar sem menn mèr betri hafa samið skjalið. Mèr virðist það sjálfsagt, að málið sè tekið til nefndar, þar sem hèr fyrir skemmstu var tekið til meðferðar mál sama efnis, frá 7 þíngmönnum um 1 embættismann, en nú eru það 7 embættismenn, sem gegnum 1 þíngmann beiðast launaviðbótar, og í því hefir flutníngsmaður rètt, að það vissulega er almennt álit þíngsins, að laun embættismanna þurfi umbóta við.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú einúngis upp til að óska þínginu til lukku með þessa bænarskrá. Eg að vísu stóð nú aldrei upp fyrir nefnd, þegar rædd var uppástúngan um launaviðbót handa amtmanninum í Norðuramtinu, því mig grunaði það, sem nú er fram komið, að sú uppástúnga drægi dilkinn á eptir sèr, og dilkurinn er nú kominn. Eg vil játa það, að það er mjög illt, að embættismennirnir skuli ekki geta haft viðunanleg laun, og eg játa það líka, að mèr þykir, að sumir af embættismönnum hèr hafa of lítil laun, en samt sem áður sè eg nú ekki, að þíngið geti tekið mál þetta fyrir upp á annan máta, en það gjörði 1859; við höfum enn engi fjárhagsráð, heldur en fyrri, og hvernig sem biðjendur bænarskrárinnar leggja út aðgjörðir þíngsins í hitt eð fyrra, þá fundust mèr aðgjörðir nefndarinnar skynsamar og vel hugsaðar, þar sem nefndin einmitt beiddi stjórnina að gjöra embættismennina hèr jafna við samkynja bræður þeirra í Danmörk.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg veit ekki, hvort það verður svo hægt að gegna þessari bænarskrá svo, að öllum þyki sèr gjört til hæfis. Hún gengur mest út á það, að veita þínginu ákúrur og setja ofan í við það fyrir meðferð sína á máli þessu í hitt eð fyrra, og það er ekki víst, að þíngið gangist svo míkið fyrir þessu, að

meiri hluti þess fari nú að breyta skoðun sinni og biðja um það sama, sem minni hlutinn vildi þá.

Aptur gengur yfir mig, að slík bænarskrá kemur nú frá hinum upplýstu embættismönnum; þeir hafa opt látið það klíngja hèr á þíngi, að það lýsti ókurteisi og væri rètt til að særa tilfinníngu stjórnarinnar, að ítreka eður biðja jafnskjótt um það aptur, sem hún væri nýbúin að neita um. Nú segir svo í hinni konúnglegu auglýsíngu, sem hèr kom nú til þíngsins, að ríkisþíngið hafi sýnt máli þessu mótspyrnu, og hafi það því orðið að falla, og af því eg hefi litla von um, að alþíngi, stjórnin eða ríkisþíngið, breyti neitt skoðun sinni við þessa bænarskrá, þá get eg ekki lagt til, að þíngið, sem nú hefir fengið nóg annað að starfa, fari að setja nefnd í þessu máli.

Jón Hjaltalín: Að vísu bjóst eg við þessari mótbáru, er nú kom fram hjá þíngmanni Mýramanna, en þó varla frá honum, sem ekki hefir látið það fæla sig frá að biðja stjórnina, þó hún hafi synjað einu sinni eða tvisvar, enda get eg ekki sagt, að stjórnin hafi synjað hèr í þessu, því það er einmitt fram komið, sem eg sagði hèr á síðasta þíngi, að það er meiri hlutinn, sem hefir eyðilagt þetta mál fyrir þínginu, og vili þíngið því ekki nú taka öðruvísi í málið en meiri hlutinn gjörði í hitt eð fyrra, segi eg fyrir mig, að betra held eg slètt skafið, en illa grafið, og kysi því heldur, að þíngið algjörlega felldi málið.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal einúngis geta þess, að það er misskilníngur, ef menn halda, að menn nú komist í mótsögn við þíngið 1859, þó beðið sè um launabót. Þá var allt öðru máli að gegna, þá lá frumvarp fyrir frá stjórninni, og þá greindi menn á, hvort það skyldi gjört að lögum eður eigi, og í annan stað, hvort launin skyldi ákveðin í tölum eður eigi, eður hversu há. Nú er eigi um þetta að ræða, heldur einúngis um hæfilega launabót, og þá kæmist menn sannarlega í mótsögn við þíngið 1859, ef menn vildi nú ekki biðja um launabótina, er þó allir vildu 1859.

Guðmundur Brandsson: Eg verð að vera á sömu meiníngu, sem þíngmaður Borgfirðínga, en mæla móti því, að nú þegar sè verið að tala um stefnuna, sem taka eigi í máli þessu, nefndin ræður henni með öllu og þíngið síðan; það er því mótsögn hjá hinum heiðraða þíngmanni Mýramanna, ef hann vildi binda sig við meira hlutann í hitt eð fyrra, en þó ekki ítreka málið við stjórn-

ina; þetta er einmitt ástæða fyrir menn til að ítreka þetta mál, svo stjórnin sjái, að þingið er ekki uppgefið á því.

Pètur Pètursson: Eg skal einúngis leyfa mèr að leiðrètta það, er hinn heiðraði þingmaður Mýramanna sagði, að stjórnin hefði synjað bænarskrá frá þinginu í hitt eð fyrra um launabót handa embættismönnum hèr á landi; því það var alls ekki stjórnin, er gjörði það, heldur fèkk ekki mál þetta framgang á ríkisþinginu, af því nefndin, sem þar var sett í máli þessu, sagði, að alþingi hefði ráðið frá að gjöra það að lögum, og var þetta notað sem ástæða, hvort það var með rèttu eða röngu. Nú er allt öðruvísi ástatt, nú liggur ekki fyrir neitt frumvarp frá stjórninni og getur því engi ágreiningur orðið um, hvort það skuli gjörast að lögum eða ei. Nú er spurningin einúngis þessi, hvort þingið álíti, að embættismönnum vorum sè þörf á að fá launaviðbót eður ei, og hvort þingið vili styðja málið með því að stuðla til, að það fái framgang.

Páll Sigurðsson: Eg get orðið því fáorðari, sem sumir hinir heiðruðu þingmenn hafa tekið það fram, sem eg einmitt ætlaði að mæla. Það voru að vísu margbreyttar skoðanir í þessu máli á síðasta þingi, en mèr finnst það ekki eiga við að tala margt um það núna, en úr því þingið 1859 lýsti því samhuga yfir, að þá væri þörf á launaviðbót, þá mun hún engu minni nú, og væri það ósamkvæmni af þinginu, ef það ekki kysi nefnd í máli þessu.

Stefán Jónsson: Eg þarf ekki að mæla með nefnd eða tala í þessu máli, því eg vil og vona, að nefnd verði kosin, og það hefði eg eins viljað, þó bænarskráin hefði verið $^3/_4$ styttri, en hún er.

Indriði Gíslason: Það mun þykja undarlegt, að eg stend upp til að mæla móti nefnd, en eg þykist sjá það, að embættismönnunum gengur bezt við stjórnina, þegar þeir fara til hennar um launaviðbótina svona 1 og 1. Hitt held eg sè ekki til neins, að þeir komi allir í einu, og sýna það dæmin bezt á rektor og fleirum; eg held það væri nú til þess að velta málinu í lækinn.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg vildi einúngis leiðrètta það, sem hinn heiðarlegi þingmaður Gullbríngusýslu misskildi eður rangherndi upp á mig áðan, að eg vildi rígbinda meira hluta þingsins við að halda sömu skoðun nú og á næsta þingi, en það var ekki, því eg vildi enga nefnd eða þingskoðun hafa á þessu máli nú, og hèlt það væri lítil von á, að málið græddi neitt við það, að fara nú að tefja þingið við það, því beiðendunum mundi verða bágt að

fyrirskrifa þinginu, að meiri hluti þess nú skuli verða á því, sem minni hlutinn vildi þá.

Páll Sigurðsson: Verði ekki kosin nefnd í þetta mál, þá er loku fyrir það skotið, að embættismennirnir geti komið bænarskránni þann veg, sem þeir vilja, nefnilega gegnum þingið; að öðru leyti held eg það geti ekki sagzt, að meiri hlutinn í hitt eð fyrra hafi eyðilagt málið, því stjórnin gekk að sönnu inn á hvorugt, hvorki meira eða minna hlutann í þessu máli, en aðalstefnu meira hlutans hefir hún þó miklu fremur aðhyllzt síðan.

Jón Hjaltalín: Maður þarf þó sannarlega ekki nema að lesa þingtíðindin dönsku til að sjá, að það er meiri hlutinn hèr á þingi, sem spillti fyrir þessu máli í hitt eð fyrra.

Stefán Jónsson: Ekki fór það svo í kláðamálinu, þar gekk þó stjórnin inn á minna hlutann og því er það engi ástæða.

Indriði Gíslason: Hafi meiri hluti þingsins í hitt eð fyrra spillt fyrir málinu, eins og hinn 5. konúngkjörni segir, þá held eg þingið ætti ekki að brenna sig á sama soðinu aptur núna.

Jón Hjaltalín: Allir eiga leiðrèttíng orða sinna, og jafnvel meiri hlutinn í hitt eð fyrra í launabótamálinu.

Ásgeir Einarsson: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði varaþingmaður Dalasýslu drap á, að það mundi spilla fyrir málinu, þá óttast eg það ekki, og vil því, að nefnd sè kosin í málinu.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari inngangsumræðu lokið, og skal því skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli kjósa í málinu eða ei.

Var síðan til atkvæða gengið, og með 20 atkvæðum samþykkt, að nefnd skyldi kjósa. Síðan var stúngið upp á 3 og 5 manna nefnd, og gengið til atkvæða, og með 19 atkvæðum samþykkt 5 manna nefnd; og voru þessir kosnir:

Guðmundur Brandsson . .	með	16 atkv.
Arnljótur Ólafsson . . .	—	14 —
Sveinn Skúlason	—	12 —
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum	—	12 —
Stefán Jónsson	—	11 —

Forseti: Eg skal þá biðja skrifarana að afhenda þingmanni Gullbringusýslu skjöl málsins.

Nú kemur þá eptir dagskránni *beiðni* frá yfirdómara *Jóni Pèturssyni* og málaflutningsmanni *Jóni Guðmundssyni*, um *að þeir fái þóknun fyrir starfa sinn í hjúalagamálanefndinni*, og að þingið

leggi til með henni og vísi henni til nefndanna, sem nú eru kosnar í frumvarpinu til hjúalaga, og laganna um lausamenn og húsmenn.

Eptir nokkrar umræður var það samþykkt, að þingið tæki bænina til greina, og stúngið upp á að kjósa sèrstaka þriggja manna nefnd í málið, atkvæða um það leitað, og sèrstök nefnd samþykkt með 12 atkv. móti 10, og í hana kosnir þessir:

Guðmundur Brandsson . með 12 atkv.
Pètur Pètursson . . . — 9 —
Páll Sigurðsson . . . — 9 —

Benedikt Sveinsson fèkk og 9 atkvæði, en var yngri að aldri, og voru skjölin afhent þingmanni Gullbríngusýslu, sem hafði flest atkvæði.

Forseti: Dagskráin er þá þrotin, og skal eg einúngis geta þess, að síðan á seinasta þingi hafa til mín komið 2 uppástúngur, önnur frá varaþingmanninum úr Barðastrandarsýslu, um að tími sá, sem lögákveðinn er um, nær manntalsþing skuli halda, verði lengdur fyrir þá sýslu, og hin frá þingmanni Rangvellínga og Dalasýslu, um að opið brèf 1. apríl 1861 um niðurjöfnun og greiðslu jarðamatskostnaðarins verði upphafið.

Síðan gat *forseti* ýmsra mála, er koma mundu á dagskrá til næsta fundar, sem hann ákvað til þriðjudags, 16. júlí kl. 11.

Fundi slitið.

Tólfti fundur — 16. júlí.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en vèr tökum til dagskráar, vildi eg leyfa mèr að snúa mèr til hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* og biðja um samþykki hans til að auka við einum aukaþingskrifara; bæði eru þingskriptir nú farnar töluvert að aukast, og svo hefir annar aukaskrifaranna sökum lasleika ekki fullkomlega getað fylgt sèr við skriptirnar; vildi eg því biðja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* um samþykki til, að eg kalli kand. Ísleif Gíslason inn sem aukaskrifara inn á þingið.

Konúngsfulltrúi: Frá minni hálfu getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að bætt sè við einum skrifara, þegar *forseti,* sem þekkir betur en eg til í þessu efni, álítur þess vera þörf.

Forseti: Þá vil eg skora á kand. Ísleif Gíslason að ganga til skrifarasætis.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til *álvktarumræðu* konúnglegt álitsmál *um, að hve miklu leyti þau ný lagaboð, er út komu í Danmörku árin 1859—60,* eigi að verða lögleidd á Íslandi. *Framsögumaður* er hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Það hefir engi útásetníng eða breytíngarkvæði verið gjört við niðurlagsatriði nefndarálitsins, og vona eg því, að þingið samþykki uppástúngu nefndarinnar; og samkvæmt því sem álit nefndarinnar fèll, álít eg þá heldur ekki, að menn eigi að semja neitt álitsskjal til konúngs um málið.

Forseti: Eg get ekki verið hinum heiðraða *framsögumanni* samdóma í því, að ekki eigi að rita konúngi álitsskjal um málið.

Framsögumaður: Það verður að vera á þingsins valdi, hvort það vill semja álitsskjal til konúngs um málið eður ekki, en eg fyrir mitt leyti álít það ekki eiga við.

Benedikt Sveinsson: Eg álít heldur ekki, að það eigi við, að rita álitsskjal um þetta mál; ef þingið vildi, að eitthvað af lagaboðunum yrði gjört gildanda þá væri það sjálfsagt; en nú, þegar ekkert af þeim er þess eðlis, að það verði ráðið til að löggilda það hèr, á að mínu áliti ekki heldur við, að rita konúngi álitsskjal um það.

Konúngsfulltrúi: Eg er samdóma því, sem hinn heiðraði *forseti* nú sagði. Þingið er beðið um að láta álit sitt í ljósi um lagaboð þau, sem fyrir það hafa verið lögð, og þetta álit sitt á það að gefa, og það breytir engu í þessu efni, þó þingið komi til þeirrar niðurstöðu, að engi af þessum lagaboðum geti átt við hèr á landi; álit þingsins hnígur þá einúngis að þessu.

Framsögumaður: Eg er alveg samdóma hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* í því, að það sè nauðsynlegt fyrir þingið, í gegnum *forseta* sinn að segja *konúngsfulltrúa,* hvaða úrslit málið hafi fengið á þinginu.

Forseti: Eg álít, að fara verði með þetta mál eins og hvert annað álitsmál, sem *konúngsfulltrúi* leggur fyrir þingið í umboði konúngs og stjórnarinnar; þingið verður að gjöra grein fyrir meðferð sinni á málinu og þeirri niðurstöðu, er það kemst að í áliti sínu, verður að svara; álít eg því sjálfsagt, að rita eigi álitsskjal um þetta mál, eins fyrir það, þó álit þingsins væri neitanda (»negativt«). Eg verð því að bera undir atkvæði þingsins, hvort alþingi

fallist á að rita konúungi álitsskjal um málið samkvæmt nefndarálitinu?

Var þá gengið til atkvæða og samþykkt með 20 atkv., að álitsskjal skyldi rita samkvæmt nefndarálitinu.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur því næst til *undirbúningsumræðu* konúnglegt álitsmál *um breytíng á tilsk. 18. febr. 1847, um fjárforráð ómyndugra. Framsögumaður* er hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður.

Var síðan málið afhent *framsögumanni,* er las nefndarálitið upp, svo hljóðanda:

»Hið heiðraða alþíngi kaus oss í nefnd, til að íhuga frumvarp stjórnarinnar til opins brèfs um breytíng á tilskipun 18. d. febrúarm. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi. Vèr höfum nú íhugað mál þetta á fundum með oss, og skulum nú skýra þínginu frá áliti voru í þessu efni.

Vèr getum nú eigi betur sèð, en að það var mjög óhagfellt fyrirkomulag, er áminnzt tilsk. 1847 þó virðist að hafa ætlazt til, að senda skyldi fè ómyndugra alstaðar úr landinu, hvað lítið sem væri, inn í jarðabókarsjóðinn, ef því ekki yrði komið út á leigu hjá mönnum á þann hátt, sem tilskipunin fyrir lagði; því það er þó auðsèð, að það verður að valda talsverðum kostnaði, að koma fènu hingað suður úr sveitum þeim, er langt liggja burtu, og líka er það samfara talsverðum örðugleika og óhægð, að ná þeim út aptur úr jarðabókarsjóðnum, ekki að tala um það, að flutníngurinn á fènu fram og aptur hlýtur ætíð að vera nokkurri hættu undirorpinn; þegar fèð er lítið, mun og optast mega koma því á leigu hjá mönnum í sveitinni móti nokkurri leigu, ef eigi er gengið of strangt eptir með veðið; og þetta fyrirkomulag hlýtur, auk annars, að vera langtum betra fyrir hinn ómynduga sjálfan, þar eð menn með því ekki einúngis geta komizt hjá öllum þeim annmörkum, sem samfara eru því, að koma fènu í jarðabókarsjóðinn og fyrr var getið, heldur geta menn þá smámsaman tekið af fènu eptir þörfum hans, en látið hitt standa á vöxtum á meðan, unz það þrýtur, ef það ekki getur hrokkið honum til framfæris. Vèr getum því ei annað en með öllu fallizt á frumvarpið í því, að breyta eigi tilskipuninni 1847 svoleiðis, að eigi verði tekið á vöxtu í jarðabókarsjóðinn fè ómyndugra undir 100 rd.; þar á móti álítum vèr fyrirkomulag það, er frumvarpið stíngur upp á, hvernig fara skuli með fè þetta, eng-

an veginn ákjósanlegt. Konúngleg skuldabréf eru hèr mjög sjaldgæf meðal manna, bæði er örðugleiki á, að ná leigunni, og því örðugra að fa ógildíngardóm á þau, ef þau glatast; verðlag á þeim mundi ætíð verða lágt og hvikult, því engi mundi vilja gefa jafnt við þeim sem peníngum, og deilur gæti hæglega risið út af því, þegar fjárhaldsmaðurinn ætti að skila af sèr fjárhaldinu, hvað hátt skyldi reikna þau hinum ómynduga. Hitt ráðið, sem frumvarpið kemur með, álítum vèr í vissu tilliti ekki öllu betra, því vèr sjáum enga ástæðu til, hví ekki megi lána fè út móti lægri leigu, en 3 af hundraði, ef menn ekki geta fengið þá leigu, en nægilegt veð í fasteign sè þó í boði, eður hvers vegna það sè betra fyrir hinn ómynduga, þá að láta fèð vera arðlaust, en fá eptir það til dæmis $2\frac{1}{2}$ % í leigu.

Annars álítum vèr, að mjög fáir muni verða til að vilja festa jarðir sínar fyrir svo litlu láni, sem ekki nemur 100 rd., og vèr höldum, að ef ekki mætti lána út þetta lítilræði, nema móti óbrigðulasta veði í fasteign, mundi fè þetta optast fá að liggja ávaxtarlaust fyrir hinn ómynduga; þar á mót er það mjög títt, að menn taki til láns lítilræði móti handseldu veði, eður gefi veð í lausum aurum fyrir því, sem þeir þá hafa sjálfir í sínum vörzlum, og getur þetta veð opt verið nægilega tryggjanda, þegar um lítilræði er að gjöra. Með þessu móti geta menn og lánað fèð út á hærri leigu, en 4 %, er menn ekki geta gjört móti veði í fasteign, og er þetta ekki lítill hagnaður fyrir hinn ómynduga. Ekki heldur fáum vèr sèð, hvers vegna ekki megi lána út móti veði peninga ómyndugra, ef þeir nemi minna en 25 rd., því það getur þó ekki verið meiníng frumvarpsins, að það fè skuli setjast á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, ef því eigi verður komið á vöxtu hjá einstökum mönnum gegn $3\frac{1}{2}$ % leigu, jafnvel þó það hafi verið haft á boðstólum á þann hátt, sem tilsk. 1847 fyrir leggur. Vèr skulum og geta þess að endíngu, að af því tilsk. 18. febrúar 1847 ekki hljóðar um fè opinberra stofnana, og fè þeirra ekki er boðið upp á þann hátt, sem þar er fyrir lagt um fè ómyndugra, hvernig það skuli bjóðast upp á leigu, eins og líka nokkuð aðrar reglur gilda um yfirfjárforráð þeirra, þá álítum vèr rèttast, að skipta lagaboðinu í 2 greinar, og láta hina fyrri hljóða um fè hinna ómyndugu manna, en hina síðari um fè opinberra stofnana. Forstöðumönnum þeirra hlýtur að vera leyfilegt, að koma því fè þeirra á leigu mót nægu veði í fasteign, sem er undir 100 rd., og jarðabókarsjóðurinn hvorki vill,

nè er skyldur til að taka á vöxtu, þó þeir ekki geti fengið svo háa leigu, er nemi 3½ % eður 3 %, og virðist því óþarfi, að geta þess í nýju lagaboði.

Af fyrtèðum ástæðum leyfum vèr oss, að stínga upp á þessum breytíngum í frumvarpinu:

Orðunum »og opinberra stofnana» sè sleppt; í stað orðanna: »nemur frá 25 rd. til« komi »ekki nemur«; orðin: »á leigu« breytist í: »á vöxtu«, og orðin: »fyrir rentu þá« í: »með þeirri leigu«. Endirinn: »leyft að slíkt fè — 3 af hundraði« falli burtu, og orðist þannig: »fjárhaldsmönnum þeirra leyft, að lána fèð út, með samþykki yfirfjárráðanda, mót nægu veði í fasteign eður lausafè, og þeirri leigu, er þeir á löglegan hátt hæsta geta fengið«.

Eptir þessari vorri uppástúngu ætti því fyrri hluti lagaboðsins að orðast þannig, og vera grein sèr:

1. gr.

Þegar fè ómyndugra, er ekki nemur 100 rd., hefir ekki orðið komið á vöxtu hjá einstökum mönnum með þeirri leigu, sem ákveðin er í tilsk. 18. febr. 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal fjárhaldsmönnum þeirra leyft, að lána fèð út með samþykki yfirfjárráðanda, móti nægu veði í fasteign eður lausafè, og þeirri leigu, er þeir á löglegan hátt hæsta geta fengið.

En seinni hlutinn, er vera ætti ný grein, orðast þannig:

2. gr.

Eins mega og forstöðumenn opinberra stofnana lána út fè þeirra, er ekki nemur 100 rd., mót nægu veði í lausafè, og leigu þeirri er þeir hæsta geta fengið.

Reykjavik 12. d. júlímán. 1861.

Benedikt Sveinsson, form. og framsögumaður. *Ásgeir Einarsson.* *Jón Pètursson,* skrifari".

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg álít nú mál þetta svo einfalt, að eg þurfi ekki að vera að skýra fyrir þíngmönnum breytíngar nefndarinnar. Nefndinni fannst, að skuldabrèfin, sem nefnd eru í frumvarpinu, væri mönnum í alla staði óhentug og óhæg. En nauðsynlegt væri, að lítil peníngaupphæð gæti verið á vöxtum, því opt verða menn hèr á Íslandi þurfandi fyrir penínga í þann og þann svipinn, og það opt ekki nema lítið fè í einu, og geta þá gefið fullt eins næga tryggíng fyrir láninu, þó þeir eigi gefi fast-

eignarveð, og á hinn bóginn hentar það bezt hinum ómyndugu og opinberu stofnunum, að leiguburður á fé þeirra, sem eigi er meira en þetta, sè sem greiðastur og sem minnstum erfiðleikum bundinn.

Guðmundur Brandsson: Mèr finnst hèr vera blandað saman 2 málum; frumvarpið miðar til að breyta tilsk. 18. febr. 1847 um fjárforráð ómyndugra; en 2. gr. í nefndarálitinu gengur út yfir stjórn opinberra sjóða, en í tèðri tilskipun er ekkert talað um slíkt, svo mèr þykir ekki eiga við að taka þessa seinni ákvörðun inn í lagaboð þetta. Menn hafa svo opt áður verið hèr að tala um að breyta þyrfti stjórn opinberra sjóða, og ráðgjört að biðja konúng um lagaboð þar að lútandi og gæti þessi seinni ákvörðun komizt þá þar að; en inn í þetta lagaboð finnst mèr hún alls eigi eiga.

Framsögumaður: Eg vil benda hinum heiðraða þingmanni á, að frumvarpið sjálft hefir einmitt gefið tilefni til þessa; því þar stendur: »þegar fè ómyndugra *og opinberra stofnana*“ etc. Eg vil ei bera á móti því, að þetta sè nokkuð ólíkt, og þess vegna hefir líka nefndin fremur aðgreint þetta seinna frá aðalmálinu, með því að setja það í grein sèr; en hins vegar vildi hún þó ei alveg fella það burt, þegar drepið var á það í frumvarpinu; en hèr er einúngis spurníngin um, hvort þingið álítur, að rèttara sè, eins og stjórnin hefir farið með það, eða nefndin, og er það á þingsins *valdi að* skera úr því.

Pètur Pètursson: Hèr er einúngis að tala um fè, sem ekki nemur 100 rd., það er að segja fè, sem er of lítið til þess að verða tekið á leigu í jarðabókarsjóðinn; það stendur á sama, hvort það er fè ómyndugra eða opinberra stofnana; spurníngin er ei um það. Eg er annars yfir höfuð samþykkur því, sem nefndin hefir farið fram á; einúngis vildi eg leita upplýsíngu um það, hvers vegna nefndin hefir gjört mun á fè ómyndugra og opinberra stofnana. Í þessu tilliti vildi eg, að bætt væri inn í 2. gr.: »á löglegan hátt«, eins og í 1. gr., og vil eg í þá stefnu áskilja mèr viðaukaatkvæði við greinina.

Framsögumaður: Það er ekki sama innihald í 1. og 2. gr. Það er tekið fram í nefndarálitinu, að nefndin hafi álitið leyfilegt eptir gildandi lögum, að forstöðumenn opinberra sjóða mætti lána fè þeirra út gegn fasteignarveði. En í 2. gr. er að eins bent á fè, sem lánað verður út gegn lausafjárveði; þess vegna stendur líka í greininni: »er þeir hæsta geta fengið«, því leiga gegn veði

í lausum aurum er óbundin að lögum; en það gildir ei um fasteignarveð.

Pètur Pètursson: Þetta finnst mèr vera mikið óheppilegt; ef eg hefi þess konar fè undir hendi, og leigi það út móti veði í lausafè, þá vil eg ei leigja það út nema eptir vissri reglu; annars gæti eg ei gefið fallkomið skilríki fyrir leigunni; eg vil því binda þessa leigu við hið sama, sem leiguna gegn fasteignarveði. Eg kann ei við það, að skuli mega leigja til dæmis einhverjum tómthúsmanni 50 rd. af einhverjum sjóð, og taka eptir þessari reglu ef til vill eina 10 rd. í leigu af þeim; því það er engi vissa fyrir, að eg gjöri grein fyrir svo hárri leigu.

Framsögumaður: Hinn heiðraði 2. konúngkjörni þingmaður hefir ei skilið þetta rètt; hèr stendur, að forstöðumenn *megi* lána, en ekki *sè skyldir* að lána. Ef menn binda hendur forstöðumannanna við vissa leiguupphæð, þá gjöra menn breyting á öðrum lögum, sem gilda í þessu efni; því rentan er frí, þegar ei er fasteignarveð. Eg ímynda mèr að forstöðumenn sjóðanna finni enga freistni hjá sèr, til að taka ósanngjarna leigu af því, er þeir lána út; en á hinn bóginn álít eg sanngjarnt, þótt þeir taki dálítið hærri leigu, þegar veðið er í lausum aurum.

Pètur Pètursson: Mèr getur ei betur skilizt, en að 2. gr. eptir þessu verði óþörf. Eg held, að eg hafi fullan rètt til, að lána út peninga prestaskólasjóðsins, sem stofnaður er af einstökum mönnum og er eign prestaskólans, móti lausafjárveði; en þá ætti að gjöra mun á sjóðum, sem einstakir menn hafa stofnað, og öðrum, sem sèrstakleg lög eru gefin um; en nú eru engi þess konar lög gefin út um prestaskólasjóðinn, nè heldur prestekknasjóðinn. Mín meining er því, að menn eigi að binda leiguna við vissa upphæð, einnig þegar veðið er í lausum aurum.

Jón Hjaltalín: Eg held nú, að það hafi vakað hið sama fyrir nefndinni, sem vakir fyrir mèr, og það gleður mig. En það er nú bágt, að synda á móti straumnum, þegar um peninga er að tala. Það var lengi sú skoðun drottnandi í Evrópu, að þá væri bezt farið með peningana, ef þeir væri brúkaðir sem minnst; en hún hefir þó aldrei náð fullum þroska, og er nú algjörlega farin að breytast hinum megin hafsins í Ameríku; þar hefir það sýnt sig, að því lausara sem fèð er bundið, því meir ávaxtast það mönnum til gagns; enda eru líka Ameríkumenn ótrúlega fúsir á að lána fè. Eg hefi lesið það í bók, sem heitir »die Kunst reich zu wer-

den«, að það komi opt menn til forstöðumanna sjóðanna þar og segi: Eg ætla að koma fram þessu og þessu fyrirtæki, og þarf á peningum að halda, en hefi ekkert til að láta í veð; þá segja forstöðumennirnir: »við þekkjum þig ekki; en farðu og fáðu vitnisburði um, að þú sért ærlegur maður, og þá skaltu fá peningana; en á meðan skulum við láta yfirlíta áform þitt«. Svona lána þeir út peninga, svo miklu gjaldi skiptir. Þetta, segir rithöfundur, er það, sem hefir fleytt Ameríku fram; enda sést ekkert land í veraldarsögunni líkt Ameríku í því, hve dæmalausum framförum hún hefir náð á stuttum tíma. Það skyldi gjöra mèr illt, ef 2. gr. nefndarálitsins yrði felld; vèr vitum, hve örðugt það er, að fá hèr peninga, og margur mesti dugnaðarmaðurinn fær engu til leiðar komið, af því þeir sitja með auðum höndum. Eg álít skyldu allra, sem geta, að lána sem mest; það kunna reyndar að tapast nokkur hundruð við það, en það vinnast líka margar þúsundir við það. Menn gjöra illa í, að vera að einblína á einn vissan hlut, menn stranda ekki sjaldan á þessari einblíningu, og sleppa því gagnlega; fèð hefir hèr opt legið óbrúkað, og mönnum hefir á fyrri tímum sumum þótt gaman að horfa á það á sunnudögum, þó það sè nú víst ekki lengur. Eg vil því samkvæmt þessu, að nefndarálitið fái framgang, eins og það er.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki verið á sama máli og hinn konúngkjörni þingmaður, sem nú mælti. Hèr ræðir einúngis um litlar peningasummur, sem ekki ná 100 rd., og það væri allt öðru máli að gegna, ef það væri um meira að gjöra eða spursmál um peningalán yfir höfuð. Eg verð að álíta stjórnarfrumvarpið vel úr garði gjört, og eg álít þá bendíngu, sem stjórnin hefir gefið, að koma þeim smásummum, sem ekki verður komið á vöxtu, í skuldabrèf, hljóðandi upp á 25 og 50 rd., og það var líka uppástúnga stiptamtmannsins, sem hèr var seinast. Það er hægt að fá þessi skuldabrèf til kaups, og þau eru mikið handhæg í meðferðinni; týnist þau, er einnig hægt að fá þau dæmd ógild, og það án kostnaðar, við hof- og staðarrèttinn í Kaupmannahöfn, sem er varnarþingið í þeim málum, eg hlýt því að mæla fram með þessari aðferð sem mjög hagfelldri. Að lána peninga móti lausafjárveði, álít eg hæpið, og naumast mundu þeir menn, sem hafa opinbert fè undir höndum, þora að eiga það undir, svo uppástúnga nefndarinnar í því tilliti verður þess vegna þýðingarlítil, ef ekki þýðingar laus. Þar sem stjórnarfrumvarpið að eins talar um summur frá

25—100 rd., kemur víst af því, að stjórnin hefir álitið, að þeim summum, sem ekki næði 25 rd., þyrfti að eyða til hlutaðeiganda smá-útgjalda, og það er líka eðlilegt að svo sè, en þar fyrir er hlutaðeigendum innanhandar að koma þeim á leigu, þegar svo á stendur. Yfir höfuð felli eg mig betur við stjórnarfrumvarpið en við álit nefndarinnar, og eg mæli því fram með því, að þingið aðhyllist það.

Framsögumaður: Eg get fallizt á það, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður hefði má ske gjört heldur mikið úr þessu; en mèr fannst nú hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* á hinn bóginn gjöra heldur lítið úr því. Ef menn vilja fylgja því, sem hann rèð til, að kaupa skuldabrèf, þá mega menn reyndar játa, að það er ekki svo mikill kostnaður eða umsvif fyrir menn hèrna í Reykjavík að kaupa þau, en það getur orðið býsna mikill kostnaður og umsvif fyrir menn upp til sveita, bæði með brèfaskriptir og fleira. Eins geta orðið ýms vandkvæði á ógildingu þeirra, sem viðkemur ekki yfirrètti, heldur Hof- og Stadsretten. Ef maður nú setur takmörkin við 25 rd., þá vil eg spyrja: hvort er betra, að eiga 24 rd. arðlausa, eða kaupa skuldabrèf fyrir 26 rdl.? ætli það sè ekki betra, að eiga 24 rdl. óbrúkaða? Nefndin vildi ei binda hendur forstöðumannanna, en leyfa þeim, að leigja fèð áreiðanlegum mönnum. Mèr virðist það undarlegt, að Íslendíngar skuli ei vera færir um að ávaxta sjálfir eins lítið fè og þetta; til hvers er að vera að gjöra sèr allt svo erfitt, með því að vera að liggja uppi á ríkissjóðnum með hvað eina? Eg álít, að fèð eigi að ávaxtast í landinu sjálfu og með sem minnstum umsvifum.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af orðum hins heiðraða *framsögumanns* leyfa mèr þá athugasemd, að það er einhver miskilníngur hjá honum, þegar hann var að tala um, að eg væri að ráða til þess að fara með allt til stjórnarinnar og ríkissjóðsins. Eg sagði einúngis, að það væri hagfellt að kaupa ríkisskuldabrèf fyrir þær smásummur, sem ekki yrði komið á leigu og sem þingið hafði kvartað yfir að ekki fengist, og því beðið stjórnina um að ráða bót á, og stjórnin hefir nú bent á að kaupa skuldabrèf, en það er ekki að taka ráðin af mönnum, því það er ekki skipað að kaupa þessi skuldabrèf, það er hverjum einum sjálfrátt. Eg get heldur ekki verið samdóma í því, að það sè eins mikið vandhæfi, eins og *framsögumaður* sagði, við þessi skuldabrèf, eg held þvert

á móti það sè ekkert vandhæfi og engi hætta við þau, því fjárhagur Danmerkur stendur á föstum fæti, eins og alkunnugt er.

Guðmundur Brandsson: Eg gat nú ekki sannfærzt af ræðu hins háttvirta *framsögumanns*, um að það væri gott og gilt að taka þessar tvær ákvarðanir inn í sama lagaboð, og mèr finnst það mögur ástæða, að það sè gjört í stjórnarfrumvarpinu, enda þó eg viti, að alþingi hafi áður að nokkru leyti gefið tilefni til þess að frumvarp þetta er svona úr garði gjört, og víst hefir stjórnin stundum rekið augun í minni ósamkvæmni hjá þinginu, en mèr virðist vera á þessu, samt held eg að þingið geti minnt hana á formgalla hjá sjálfri sèr bæði í þessu og fleiri málum, og ætti líka að gjöra það; ekki er hún allt af svo hlífin, ef hún getur eitthvað fundið að málum alþingis. Ræða hins háttvirta 5. konúngkjörna þingmanns þótti mèr nú að sumu leyti óþörf; hann var mikið að tala um, hve frjáls leigan væri í Ameríku og hve miklir peníngar væri þar í veltu, mikii tiltrú og miklar framfarir, en þessi frjálsa leiga hefir nú orsakað mestu peníngabyltíngar þar og víðar, og gjört marga stórkaupmenn gjaldþrota, hvað þá hina smærri. Þetta var ekki fyrir mörgum árum, og náðu afleiðíngar þess yfir mestan hluta Norðurálfunnar, svo við fengum einnig að nokkru leyti að súpa þar af seyðið. Menn geta bæði verið of varkárir í þessu efni og líka of óvarkárir, og eru nóg dæmi til, sem sannað geta hvorttveggja.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi minnast á það í ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, er hann sagði, að menn hefði kvartað um, að ómögulegt væri, að koma minna, en 100 rd. á leigu í hèruðum. En þetta kom af því, að þeir, sem höfðu umsjón yfir fènu, höfðu ei leyfi til, að lána það út móti lausafè. Nefndin vill lána á móti lausafè, af því fáir menn munu vilja festa jörð fyrir svo lítið; og eg álít, að menn geti fengið fulla tryggíng fyrir því, sem menn lána, þó veðið sè í lausum aurum; sjálfur hefi eg opt lánað út peníngа gegn lausafjárveði. Eg hefi opt verið við uppskriptir á dánarbúum, sem nærri hefir legið við uppflosnun, og þó hefir ekkert þeirra hlaupið minna, en 200 rd. Og það eru mýmörg dæmi þess, að þess konar lán gegn lausafjárveði geti orðið til mjög mikils gagns. Eg get tilfært eitt dæmi; í æsku minni hafði eg einu sinni safnað saman 26 rd.; þá kom maður til mín, sem ætlaði að fara að reisa bú, og bað mig að lána sèr þá gegn veði í lausafè, sem eg gjörði; og þetta játaði hann að hefði komið undir sig fótunum.

Ætli engi vildi taka til láns 30 — 40 rd. og kaupa fyrir kúgildi, þó hann ætti að borga 3 rd. í leigu? þetta ætti nú hver skynsamur bóndi að sjá, hvað þá heldur löglærðir menn.

Indriði Gíslason: Þeir voru áðan nokkuð sundurleitir hinir háttvirtu 3. og 5. konúngkjörnu þingmenn; en eg felli mig nú að miklu leyti við báða. Hinn 5. konúngkjörni talaði um frelsi í láni í Ameríku; þetta frelsi er nú mikið gott, og væri víst mjög nauðsynlegt hér á Íslandi; og það hefi eg sjálfur reynt og orðið að góðu. En mig vantar upplýsíngu um eitt; það er það, hvort Ameríkumenn hafi lánað fèð upp á takmarkalausa rentu; þar felli eg mig betur við hinn háttvirta 3. konúngkjörna þingmann. Eg vil, að rentan sè bundin, annars er eg hræddur um, að þetta verði að okri; og ef taka má svo lága og háa leigu sem vill, þá getur það orðið orsök til, að fyrirkomulagið verði ónýtt.

Framsögumaður: Eg get ei leitt alveg hjá mèr ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa*. Hann sagði, að það væri ósamkvæmni þingsins, að segja sitt í hvert skiptið um sama málið. Þá vil eg spyrja, til hvers er þá að vera að leggja málefnin fyrir þingið aptur og aptur, ef allt af á að segja hið sama um þau? En eg get nú ekki annað en drepið um leið á nokkra ósamkvæmni frá stjórninni; hún breytti tilsk. 1847 með ráðherrabrèfi 12. apríl 1855, án þess að leggja þessa breytíng fyrir þingið; en þetta mál heyrði þó undir þingið, og var ei reglulegt að breyta svofelldum lögum án þess tillagna. Þetta er ei svo að skilja, að eg sè að áfella stjórnina; en eg vil einúngis segja, að það er ei meiri ósamkvæmni af þinginu, að finna upp á þessu ráði. Eg vona, að hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu viti, að leiga af fè er í því tilliti, sem hèr ræðir um, óbundin að lögum; og vill hann breyta þeim? Það gæti orðið til skaða fyrir opinberar stofnanir, en hið gagnstæða yrði að okri; því forstöðumönnum þeirra er leyft, að lána út fè þeirra, en það er undir þeim sjálfum komið, að þeir ei misbrúki þetta leyfi; eg að mínu leyti er ei hræddur um, að það verði misbrúkað til ójafnaðar, og okur í lagalegum skilníngi, er ómögulegt, þar sem rentan er óbundin.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að mótmæla því, að hafi komið fram nokkur ósamkvæmni hjá stjórninni, að álíta tilsk. frá 18. febrúar 1847, viðvíkjandi því hvað stór upphæðin, sem gæti komizt á leigu í jarðabókarsjóðinn, ætti að vera, breytta með lögunum frá 28. marz 1855, og brèfi fjárhagsstjórnarinnar 12. apríl s. á.,

því það flaut af sjálfu sèr, að þau lög, sem í því tilliti voru gefin fyrir Danmörku fyrir ríkissjóðinn þar, yrði líka að gilda fyrir jarðabókarsjóðinn hèrna sem deild af ríkissjóðnum. Þetta áleit þingið líka sjálfsagt, og það gaf því tilefni til, að senda bænarskrá þá, sem það frumvarp, er nú er verið að ræða, er sprottið af.

Jón Hjaltalín: Eg vildi leyfa mèr nokkrar athugasemdir einkum út af ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa.* Meiníngin í orðum hans var þannig, að eg hefði getað skilið hana fyrir 30 árum, en ekki nú; hún er nefnilega sú, að setja allt fè í skuldabrèf, en þetta er beint á móti því, sem erfiðað hefir verið upp á í Danmörku í 20 ár; af því menn hafa sèð, að það er nauðsynlegt, að þeir, sem eitthvað vilja gjöra, geti fengið penínga, þá hafa menn farið að stofna sjóði og gjört þá sem öflugasta, svo að fèð gæti allt af verið í veltunni. Af þessu hafa margar þúsundir komizt upp; þetta princip er það nú, sem menn hafa verið að berjast fyrir. Nefndin vill nú lètta fyrir mönnum að fá penínga; menn hafa sagt, að summurnar væri litlar, en margir lækir gjöra stóra á. Maður af Akranesi lánaði hjá mèr í vetur 5 rd.; nokkru síðar kom hann til mín með þá, og kvaðst hafa unnið sèr inn á þeim 60 rd.; þess konar dæmi eru til í þúsundatali; því eigum vèr þá að gjöra oss afskekkta allri veraldarreynslu? Hinn heiðraði þingmaður Gullbríngusýslu var að tala um þessa peníngakrísis í Ameríku; það rèttist fljótt úr henni, og hún gjörði ekki svo mikinn skaða í Evrópu. Hún var svo undir komin, að Englendíngar, til að hefna sín á Ameríkumönnum, allt í einu heimtuðu af þeim stórt peníngalán, hèr um 10 mill. sterl. En þó gátu þeir ekki gjört þeim neinn verulegan hnekki. Öðru máli var að gegna með höndlunarkrísis; hún gjörði meira tjón hèr í Evrópu; en má eg spyrja? vill hinn heiðraði þingmaður Gullbríngusýslu láta alla verzlunarkeppni hætta fyrir það? Eg vil nú láta þessar litlu summur ávaxtast, því hèr gildir um eina mikilsverða grundvallarástæðu, »að gjöra mönnum lètt að fá penínga. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að eg hefði gjört of mikið úr þessu lánsfrelsi; eg gjörði hvorki of mikið nè lítið úr því, en vildi einúngis, að hinir litlu peníngar gjörði sem mest gagn.

Konúngsfulltrúi: Mig furðaði á því, hvernig hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður misskildi orð mín, hann sem er svo kunnugur alstaðar og fer í ræðum sínum um allan heim; hann sagði, að eg væri að ráða mönnum til að koma hverjum skildíngi, sem þeir ætti, í skuldabrèf, en það er hreinn misskilníngur, þó ekki

væri af öðru en því, að hèr ræðir að eins um smásummur, sem ekki verður komið á leigu, og þá mælti eg fram með því að koma þeim í skuldabrèf, einsog stjórnarfrumvarpið hafði bent á. Meira eður annað lá ekki í orðum mínum. Hèr er ekki verið að tala um peningameðferð yfir höfuð, heldur um smámuni; en að því hefir hinn heiðraði þingmaður ekki gætt, og því talaði hann um peningalán yfir höfuð að tala, en það liggur fyrir utan þetta mál. Eg er hinum heiðraða fulltrúa Gullbringusýslu samdóma í því, að það geti verið fullt svo hættulegt að fara of frjálslega að lánum, eins og hitt að fara að þeim mjög ófrjálslega, og eg held þingmaðurinn hafi haft rètt fyrir sèr í því, sem hann sagði um Ameríkumenn. Peningavandræðin, sem urðu fyrir nokkrum árum í Evrópu, voru vissulega mest sprottin af of miklu eða misbrúkuðu lánstrausti, og sama ætla eg muni hafa verið í Ameríku.

Arnljótur Ólafsson: Eg get nú ei annað, en verið samdóma nefndinni, og álít breytingar hennar horfa til góðs. Eg ætla, að menn sannfærist um það, er þeir gæta að tilgangi lagaboðsins, en hann er, að notkun fjár ómyndugra og opinberra stofnana sè sem arðmest fyrir sjóðina sjálfa, og þá, sem þurfa lánsins við. Munurinn á frumvarpinu og nefndarálitinu er auðsèður. Eptir frumvarpinu geta menn eigi fengið fè á leigu hèr á landi *nema gegn* veði í fasteign, því eptir tilsk. 18. febr. 1847 er eigi annað »lögmætt« veð en fasteign. Frumvarp stjórnarinnar nefnir einúngis ríkisskuldabrèf auk fasteignarveðsins, en nefndin tekur til »nægt veð« í öllum lausum aurum. Frumvarp stjórnarinnar gengur fram hjá hinni nýju löggjöf 27. maí 1859, sem gjörir leiguburð af peningum frjálsan, nema gegn veði í fasteign; nefndarfrumvarpið gefur því miklu auðveldari og yfirgripsmeiri lánsrètt, en frumvarpið. Annað er það, að þar sem stjórnarfrumvarpið nefnir að eins ríkisskuldabrèf, auk fasteignarveðsins, og þótt hún sjálfsagt gjöri það í góðum tilgangi, þá er það samt óhentugt fyrir landið, að benda á þetta sem eina úrræðið, sem það hlýtur að verða, þegar lán gegn veði í lausafè er fyrirmunað. Eg ætla, að veð í ríkisskuldabrèfum sè ekki áreiðanlegra eða vissara, en veð í lausum aurum. Þeir, sem muna, hve mikið þau fèllu í stríðinu 1849—51, vita, hvað reikul þau eru í rauninni. Það var og enda ekki trútt um, að þau væri farin að falla í vor, og hefði sjálfsagt fallið betur, ef stríðið hefði byrjað. Eg segi þetta eigi í því skyni, að fjárhagur Dana sè eigi á góðum fæti, en þegar ófriður kemur, falla ríkisskuldabrèfin í hverju landi, sem er, og það

í ríkjum, sem eru miklu voldugri en Danmörk. Í öðru lagi leiðir það af frumvarpi stjórnarinnar, að menn leiðast til að verja fé sínu utanlands, en eigi í landinu sjálfu. Nefndin aptur á móti bendir á veð í lausafé, og vill því halda fénu í landinu og láta verja því þar. Varzla fjárins er ein af uppsprettum auðsins, og það finnum vèr bezt sjálfir þá er vèr segjum: vèr getum eigi gjört það eður það, sem gagnlegt er, því vèr erum svo fátækir; sveitabændurnir geta ekki bætt jarðir sínar, sjávarbændurnir geta eigi aukið útveginn, allt vegna peningaleysis. Vèr verðum því að gjöra allt til þess að fá menn til þess að selja fé sitt á leigu hèr á landi, og það því fremur, sem það hefir verið næstum því eins og menn hafi eigi getað áður lánað á móti öðru, en landfógetabrèfum og ríkisskuldabrèfum. Brúkum því hið litla, sem vèr höfum, og setjum það á leigu hèr á landi, og eg segi yður það satt, að ef vèr hefðum helminginn af því fé, sem nú er á leigu í Danmörku frá mönnum hèr, og opinberum stofnunum, þá þyrftum vèr eigi að knýja á lán úr ríkissjóði jafnskjótt og harðnar í ári eður eitthvað mótdrægt ber að höndum. Vèr verðum að gæta þess, að lána og taka á leigu, er ekki annað, en að peningarnir fara frá þeim, sem ekki þarfnast þeirra, til þeirra, sem þurfa þeirra við; þeir fara úr vasa þess, sem eigi vill sjálfur verja þeim, til hinna, sem hefir það sèr til atvinnu og ábata að verja þeim til gagnlegra fyrirtækja. Látum oss eigi blæða það í augum, þótt leigan kunni að verða há, því ábatinn við vörzlu fjárins, eður það, sem vèr sjáum koma fram sem keppni í tilboði og eptirsókn á peningum (*„Concurrence“*), er það, sem ræður leiguburðinum rètt eins og kaupum og sölum manna á milli.

Nefndarfrumvarpið er því að mínu áliti miklu meiri kostum búið, en konúngsfrumvarpið, því nefndarfrumvarpið ryður landsmönnum nýja braut til að ávaxta fé sitt sem haganlegast og sjálfum sèr að sem mestum notum, þar sem það til tekur, að lána megi móti lausafjárveði, og þar að auk notast þá peningarnir og ávaxtast í landinu sjálfu. Eg hika því eigi við, að taka það fram yfir frumvarp stjórnarinnar.

Ólafur Jónsson: Mèr líkar nú yfir höfuð nefndarálitið vel; einúngis finnst mèr ekki seinni partur greinarinnar vel orðaður. Eg álít ekki rètt, að fjárhaldsmaðurinn skuli vera *skuldbundinn* til að leigja fèð út á móti þeirri leigu, sem hann getur fengið hæsta. Það getur komið svo fyrir, að fjárhaldsmaðurim vili heldur og hafi ástæður til að lána þessum fèð fyrir 4 rd., heldur en hinum fyrir

6—8 rd.; en þá kemur hann til að standa í töluverðri ábyrgð við hinn ómynduga. Eg veit ekki heldur, hvort það er svo æskilegt, að fara rètt eins og að minna menn á að sprengja sem mest upp leiguna. Þar á móti álít eg í alla staði gott, að lána fèð út móti lausafè, og vil eg í þessa stefnu bera fram breytíngaratkvæði, þannig að orðið »fasteign« sè fellt úr, og sömuleiðis: »er þeir etc.«, en í stað þess sè sett: »sem áskilin er í nefndri tilskipun«.

Framsögumaður: Eg vildi taka það fram viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði áðan, að eg skil eigi reglur þær, eptir hverjum hann álítur, að lög í Danmörku eigi að breyta lögum hèr á landi. Það heflr, ef til vill, átt sèr stað, að lög hèr á landi hafi verið álitin breytt, eins og hann fer fram á, en það er ekki regluleg breytíng; og ef öll almenn lagaboð í Danmörku væri gildandi hèr á landi, þá þyrftum vèr líklega ekki að vera að kvarta allt af um embættismannalaunin, því þá væri okkur þó líklega gjört jafnt undir höfði og þeim, sem lögin ná yfir í Danmörku, því það væri undarlegt, að lögin væri einúngis gildandi til óhags, en ekki þar sem þau eru til hagnaðar fyrir oss. Það er yfir höfuð að tala undarlegt, að almenn lög í Danmörku breyti „*local*"lögum hèr á landi, og það þó þau sè ekki þínglesin, og mèr finnst þetta vera að minnsta kosti mikilvæg ástæða fyrir oss, að hafa ekki meiri viðskipti við ríkissjóðinn, en vèr nauðsynlega þurfum. Mèr þykir það annars nokkuð kynlegt, að þegar liggur við hallæri í landinu, eins og nú er, þá skulum vèr vera að flýja með bænir til stjórnarinnar og biðja um lán, en vera þó að fleygja inn í ríkissjóðinn fè ómyndugra, sem gætl lánazt út til gagns fyrir landsmenn sjálfa; eg held, að það væri eðlilegra, að reyna heldur til að hjálpa mönnum í landinu sjálfu með því að lána þeim ómyndugra fè, en að demba því öllu í ríkissjóðinn. Annars tók hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga þetta svo vel fram, að eg þarf ei að fara um það fleiri orðum. Eg vildi benda hinum heiðraða þíngmanni Húnvetníinga á, að það er varúðarvert, að breyta lögunum 1859, og taka fastan rentufót, því það er ekki gott, að reka sig á nýtt og gott lagaboð, og breyta því út í bláinn. Hann var að tala um skuldbindíng; en það stendur hvergi í 1. gr., að það sè »skylda«, að lána fèð út, heldur að fjárhaldsmönuum sè »leyft« það. Að öðru leyti gleður það mig, að hann, svo vitur og skarpur maður, ekki hefir getað haft á móti öðru en því, að nefndin viðhafði orðin: »á löglegan hátt«; en auk þess sem hún áleit, að þetta ei gæti

valdið ásteytingu, hafði hún þessi orð, til að benda á, að rentufóturinn er að lögum bundinn, þegar veðið er tekið í fasteign.

Ásgeir Einarsson: Það hefir verið ágreiningur milli hins háttvirta *konúngsfulltrúa* og hins konúngkjörna varaþíngmanns um það, hvort ríkisgjaldalögin fyrir Danmörku væri hèr gildandi eður ekki. Ef þau eiga að gilda hèr, þá má ekki heldur leggja tolla á hèr á landi gagnstætt þeim lögum. Það er nú gaman að vita, hvor af þessum lögfróðu mönnum hefir á rèttu að standa; en þínginu mun þó ei blandast hugur um, hver skoðun þess hefir verið að undanförnu um þetta mál.

Konúngsfulltrúi: Eg sagði ekki, að dönsku fjárhagslögin væri gildandi einnig hèr á landi, en eg sagði, eða það var meiníng mín, að allar þær reglur, sem danska fjárhagsstjórnin gæfi út viðvíkjandi ríkissjóðnum, eins og t. a. m. með hvaða skilyrðum sjóðurinn tæki við fè á vöxtu fyrir ómynduga, yrði líka að gilda fyrir jarðabókarsjóðinn sem deild af ríkissjóðnum, og þetta hefir þíngið áður einnig viðurkennt.

Að því er það snertir að lána penínga móti lausafjárveði, getur í sjálfu sèr ekkert verið á móti því, en eg er hræddur um, að slíkt leyfi, verði þó þýðíngarlítið, að því leyti opinbera penínga snertir. Slík lán eru heldur ekki tíðkuð hèr í landi, eins og nú er komið, nú vilja allir hafa jarðarveð. Áður lánuðu menn hèr án þess að taka veð, enda talsvert, en það lánstraust er nú því miður horfið.

Ólafur Jónsson: Hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður sagði, að breytíngaratkvæði mitt væri gagnstætt lögunum, og sagði, að eptir nefndarálitinu væri mönnum ekki gjört að skyldu, að lána fèð út, heldur að eins leyft það; þetta er satt, en ef hann lánar fèð út, þá má hann eptir nefndarálitinu ekki lána það nema fyrir hæsta leigu, sem hann getur fengið.

Björn Pèturssón: Mèr líkar nú svo vel nefndarálitið, að eg vil láta ákvarðanir þess ná til meira en 100 rd., og allt að 200 rd. Það er óþarfi, eða rèttara að segja skaði, að láta fèð vera að ganga út úr landinu sjálfu til að ávaxtast, þegar landsmenn sjálfir þurfa þess með og vilja fá það á leigu gegn nægu og tryggu veði; þó veðið sè í lausafè, þá held eg, að engi hætta sè af því búin. Fjárráðendur mundu sjálfsagt lána þeim einum, sem þeir þættist *vissir* um að gæti borgað, og það því heldur, þegar um svo mikið fè væri að gjöra, að þeir gæti komið því á vöxtu í jarðabókarsjóðinn. Eg vil því í þessa stefnu áskilja mèr breytíngaratkvæði.

Jón Hjaltalín: Eg er nú öldúngis mótfallinn þeim af þíngmönnunum, sem hafa viljað láta leigumálann vera bundinn. Það hefir sýnt sig víða, að það, sem hefir hindrað framfarirnar, hefir verið, að »leiguupphæðin« hefir verið bundin. Mèr finnst því, að hver maður ætti að sjá, að það er betra, að hafa frjálsan leigumála til góðs, heldur en takmarkaðan til ills.

Forseti: Það er hvorttveggja, að ekki taka fleiri til máls, enda hafa margir þíngmanna þegar beðizt þess, að umræðunum væri hætt; álít eg því þessari undirbúníngsumræðu lokið.

Þá kemur, samkvæmt dagskránni, til *undirbúníngsumræðu* konúnglegt frumvarp *um illa meðferð á skepnum. Framsögumaður* er hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður.

Var nefndarálitið því næst afhent *framsögumanni,* er las það upp svo látanda:

»Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hèr undir, til að hugleiða og gefa álit vort um konúnglegt frumvarp til opins brèfs, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarm. 1857 um hegníng fyrir illa meðferð á skepnum. Höfum vèr á nefndarfundum íhugað þetta mál, og er álit vort um það svo látanda:

Eins og látið var í ljósi og viðurkennt á alþíngi 1859, er það ekki efunarmál, að full nauðsyn er á, að nýtt lagaboð komi út um áminnzt efni, þar sem ekkert lagaboð fyrr hefir verið um það hèr á landi, svo vèr vitum, og virðist oss, að frá frumvarpinu sè yfir höfuð að tala vel gengið; að eins skulum vèr geta þess, að þó menn kynni að álíta, að það mætti telja til harðýðgisfullrar og miskunarlausrar meðferðar á skepnum, þegar menn með grimmdarfullri hörku drepa skepnur sínar úr hor, þó þeir eigi fóður handa þeim, þá verðum vèr þó að ætla, að sá skilníngur á slíku lagaboði, sem þessu, ætti miður vel við, og að það væri rèttara, að álíta, að orðið »meðferð« að eins liti til brúkunarinnar; en með því þó þetta tilfelli, er vèr nú drápum á, án efa verðskuldar hegníng, og mun á hinn bóginn, því miður, ærið almennt hèr á landi, höfum vèr álitið, að nauðsynlegt væri, að það með berum orðum væri tekið fram, og ætlum vèr, að bezt færi á því, að þetta atriði væri gjört að grein út af fyrir sig; hljóðaði þá fyrri greinin um það, hvenær misþyrmíng og brúkun á skepnum væri hegníngarverð, en hin seinni, hvenær viðurgjörníngurinn við þær skyldi varða hegníngu.

Þó mjög margt mæli fram með því, að grimmdarfull harðýðgi geti á stundum verið slík, að hún ætti að afplánast með líkamlegri hegníngu, þá virðist oss þó, að menn í lögum þessum að eins ætti að láta hana sæta sekt og ber það einkum til þess, að lagaboð þetta á að innleiða hegníng hèr á landi fyrir þær yfirsjónir, sem hingað til ekki hafa verið álitnar hegníngarverðar; það er því nauðsynlegt, að lögin fremur sè mild, en hörð, meðan sú skoðun er að komast inn hjá hverjum einstökum, að þær sè saknæmar og hegníngarverðar; menn mega og búast við því, að brotin yrði langtum síður tilkynnt yfirvaldinu, ef hegníng sú væri lögð við þeim, er má ske hefði alþýðumanna dóm móti sèr, og loksins væri það ákjósanlegt í mörgu tilliti, að ekki þyrfti nauðsynlega að ganga dómur í öllum þeim málum, er rísa kynni hèr út af, heldur að hlutaðeigendur gæti komið bótum fyrir sig með samþykki yfirvaldsins, ef þeir vildi, án þess málið þyrfti að ganga til dóms, en þetta er að eins leyfilegt í þeim málum, sem ekki geta fallið út til hærri hegníngar en sekta, og væri því hèr óleyfilegt, ef afbrigði gegn lagaboði þessu einnig gæti varðað líkamlegri hegníngu. En af þessu virðist þá og fljóta, að bezt væri, að með mál þessi væri farið, sem opinber lögreglumál. Vèr höldum því, að endirinn á frumvarpinu »eður sæta — vandarhöggum« ætti að falla burt, og ný grein, sem yrði hin 3., ætti að bætast við, er hljóðaði um það, að með mál þessi ætti að fara sem opinber lögreglumál.

Af ofannefndum breytíngum leiðir það og, að vèr álítum, að sleppa ætti því í fyrirsögn lagaboðsins, að það lögleiddi hèr á landi lögin fyrir Danmörku 21. janúarm. 1857, því bæði er það, að vèr álítum, að lög þessi eigi alls ekki að lögleiða hèr, nema með áminnztum breytíngum, og svo sjáum vèr heldur ekki, hvaða nytsemi væri í því, þó lög þessi væri gjörð hèr gildandi, að geta þess, að þvílíkt lagaboð væri og í Danmörku, er það miklu fremur getur valdið misskilníngi og truflað meðvitund alþýðu um lögin, að miða við lög, sem hún ekki skilur. Lagaboðið á að koma út fyrir þetta land, og er jafngilt fyrir því, hvort áþekk lög gilda í Danmörku eður ekki. Sökum þess, að »alidýr« virðist fara betur, en »húsdýr«, höfum vèr valið hið fyrra orðið. Loksins virðist oss, að orðin í frumvarpinu »eður annara« ætti að breytast í »eður eigi«, því bæði er það hin eðlilega mótsetníng við orðin á undan »*eign hans*« og svo er og refsíngin við lögð vegna grimmdarinnar, en eigi vegna þess, að eignarrètturinn er brotinn.

Af fyrtèðum ástæðum leyfum vèr oss að stínga upp á þessum breytíngum:

Að fyrirsögn lagaboðsins orðist þannig:

Tilskipun um illa meðferð á skepnum á Íslandi. Orðið »húsdýr« breytist í »alidýr«; orðin: »eður annara« í »eður eigi«; endirinn: »eður sæta — vándarhöggum« falli burt, og ætti þá greinin að orðast þannig:

»Hver sem verður sekur að grimmdarfullri misþyrm»íngu á skepnum, einkum alidýrum, eður að annari harð»ýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort held»ur skepnurnar eru eign hans eður eigi, á eptir málavöxt»um, og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti, »eða ítrekað, að sektast allt að 50 rd.«.

Að þessar nýjar greinir bætist við:

2. gr.

Á sama hátt skal þeim hegnt, sem með grimmdarfullri hörku drepur fènað sinn úr hor, þó hann eigi fóður handa honum.

3. gr.

Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Reykjavík, 12. d. júlím. 1861.

Benedikt Sveinsson, form. og framsögum. *Jón Pètursson,* *Páll Sigurðson«.* skrifari.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Þetta mál er nú svo einfalt og þínginu kunnugt, að eg þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Það helzta, sem nefndinni þótti athugavert, var fyrst og fremst það, að henni þótti lagaboðið of þröngt; þess vegna bætti hún við nýrri ákvörðun, sem stendur hèr í grein sèr. Annað var það, að nefndinni þótti refsingin of hörð; þessi líkamlega refsíng er allt af, að mínu áliti, einskonar *„malum necessarium“*, og eg vil því ekki, að menn sè að innleiða hana, þar sem hjá henni verður komizt. Þriðja breytíngin, sem nefndin gjörði, var það, að henni fannst tilhlýðilegt, að mál þau, er risi út af yfirsjónum þeim, er hèr ræðir um, væri farið með sem opinber lögreglumál.

Guðmundur Brandsson: Það, sem verður að vera, viljugur skal hver bera, og svo má nú segja um þetta mál. Þegar lagaboð um það ásamt öðrum fleiri var lagt fyrir þíngið í hitt eð fyrra, þá

slysaðist inn á þingið bænarskrá frá nokkrum mönnum úr Múlasýslu um sama efni, annars hefði málinu víst engi gaumur verið gefinn. Eg álít nú enn, eins og þá, að lagaboð um þetta efni sè alveg óþarft; eg veit engi þau þrælmenni hèr á landi, að þau fari svo illa með skepnur sínar, að hegníng þurfi við að leggja með lagaboði, og getur það varla annað en sært tilfinníng margra, að nú er farið að gjöra ráð fyrir þessu. Stjórnfróðir menn hafa sagt, að það mundi varúðarvert, að leggja hegníng við ódrýgðum glæp, því það hveti menn til glæpsins. Þetta held eg eigi nú hèr við. En fyrst nú svona langt er komið, þá mun víst þykja ókurteist af þínginu, að vísa málinu frá, fyrst það gaf tilefni til þess í hitt eð fyrra, samt held eg það væri engi skaði. Nefndin hefir yfir höfuð bætt frumvarpið töluvert, en eitt vantar þó að taka fram, það er, hvort þær sektir, er falla, skuli renna. Það stendur að vísu í ástæðum frumvarpsins, að það sè auðvitað, að þær eigi að renna í viðkomanda sveitarsjóð; en frumvarpið er ekki í hvers manns hendi, til að sýna mönnum þetta, og þó hinum löglærðu sè og verði þetta fullkunnugt, þá held eg, að það væri betra, að það væri tekið fram í lagaboðinu sjálfu. Vill eigi nefndin bæta því við? Annars áskil eg mèr viðaukaatkvæði um það.

Framsögumaður: Hvað það snertir, er hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, þá getur nefndin ei gjört að því, hve margar eða fáar bænarskrár hafi verið sendar til alþíngis um málið, eða hvort það er þarflegt fyrir landið, eður eigi. En úr því þíngið hefir tekið málið að sèr, og sent bænarskrá um það áður til konúngs, og stjórnin sent frumvarp um það nú fyrir þíngið, þá er varhugavert að ónýta það. Viðvíkjandi þeirri mótbáru, sem þíngmaðurinn hreifði, að hèr væri verið að setja lög við ódrýgðum glæp, þá held eg að þetta sè misskilníngur einn; lagafrumvarp þetta gefur að eins almenna reglu um það, hvernig hegna eigi yfirsjónum þeim, er undir það heyra, og drýgðar verða, eptir að það er orðið að lögum, og þetta ætla eg að sè almennt einkenni á öllum hegníngarlögum. Þíngmanninum þætti víst líka heldur hart, að gefin væri lög fyrir því, sem búið er að drýgja, áður en hegníngin var við lögð. Viðvíkjandi því, hvort sektirnar skuli renna, þá datt nefndinni í hug, hvort ei mundi reglulegra, að bæta við ákvörðun um það, en hún áleit það þó ei nauðsynlegt, því hèr mundi verða fylgt hinni almennu reglu, að láta það renna inn í hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Konúngsfulltrúi: Mig furðaði á því, sem fulltrúi Gullbríngusýslu áðan lèt í ljósi, þar sem hann sagði lagafrumvarp þetta væri óþarft, eg held þvert á móti að það sè æskilegt, að það komi út fyrir þetta land, því það er víst um það, að meðferðin á skepnum hèr, það er að segja hirðíng og fóður, er miklu miður en skyldi; þíngmaðurinn þarf ekki annað en að sjá, hvernig farið er á vetrum með hestana hèrna í og við Reykjavík. Það er því gott og æskilegt, að það komist inn í meðvitund almennings, að skepnurnar líka eigi rètt á sèr, og að ill og miskunarlaus meðferð á þeim, sè lagabrot. Eg álít það því miður farið, ef þíngið skyldi ekki taka vel undir þetta lagaframvarp, sem er orðið til eptir þess ósk, og sem að öðru leyti er sómi fyrir þíngið að hafa beðið um.

Sveinn Skúlason: Eg álít nú nauðsynlegt, að þessi lög komist hèr á, og felli mig vel við breytíngar nefndarinnar; en eg vil að eins vekja athuga á orðinu »alidýr«; það finnst mèr ekki eiga við allar skepnur; hundar og kettir og útigangsdýr geta eigi kallazt alidýr; en yfir »húsdýr« eigum vèr víst ekkert gott orð, en ef það mætti standa, þá kysi eg það; en eg held að hjá báðum þessum orðum megi komast með því að sleppa »einkum alidýrum« úr; því mèr skilst ekki, hvers vegna maður á að fara betur með það dýrið, sem maður gjörir betur við. Eg held því, að það sè nóg að hafa »skepnum« í staðinn fyrir »einkum alidýrum«. Eins vil eg, að í 2. gr. sè breytt »fènað sinn« í »skepnur«, og »honum« í »þeim« í enda greinarinnar, því hundar og fuglar ætti þó að geta tekizt þar undir. Eg vil því í þessa stefnu áskilja mèr breytíngaratkvæði.

Stefán Eiríksson: Það er nú að vísu ekki mikið, sem eg ætladi að segja í þessu máli, því heldur sem eg er nefndinni samþykkur í öllum aðalatriðum hennar. Það að vísu sèst af stjórnarfrumvarpinu, að stjórnin í ástæðum sínum álítur ekki, að eigi að hegna fyrir það, þó einn eður annar missi í hori, eður af fóðurskorti, en eg álít nú, að nefndin hafi gjört rètt í að taka upp í nefndarálitið sèrstaka ákvörðun um þetta líka, en mèr finnst, að önnur greinin í nefndarálitinu þyrfti að fá þann viðauka, að eptir orðin, »þó hann eigi«, komi: »nægilegt«, því mèr finnst, að greinin með þessum viðauka verði síður misbrúkuð; þetta eru þá þær einu athugasemdir, sem eg ætla að gjöra við nefndarálitið.

Guðmundur Brandsson: Mèr þótti nú ekki fögur saga hins háttvirta *konúngsfulltrúa* um Reykjavík, þar sem hinir menntuðustu

menn landsins eru saman komnir, og sem víst ætti að geta haft mikil og góð áhrif á menn í kringum sig. Það ætti þá, ef til vill, að gefa þetta lagaboð út fyrir Reykjavík eina; því út um landið hefi eg ekki orðið var við eða heyrt getið um neina grimmdarfulla misþyrming á skepnum. Það er annars auðsèð á þessu lagaboði, að það er að miklu leyti sprottið af útlendri rót, og getur átt þar við, enda hefi eg heyrt, að þar væri hestar opt sprengdir fyrir vögnum og í námum, og má það heita grimmdarfull misþyrming, og lagaboðið getur því verið mjög þarft þar, þó það sè óþarft hèr. Hinn háttvirti *framsögumaður* misskildi mig áðan, þar sem eg talaði um hegníng fyrir óorðinn glæp, eg meinti þann glæp, sem ekki á sèr stað í þjóðartilfinníngunni, og þjóðin því alls eigi þekkir til.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal ekki tala mikið um málið sjálft, því eg er í engum efa um, og vona þíngið verði það ei heldur, að lagaboð þetta engan veginn er svo ónauðsynlegt, sem sumir sýnast að halda; mèr finnst í því koma mikil mannúð fram, og það hræðist eg alls ei, sem sagt hefir verið, að það heldur mundi gjöra skaða en gagn. En hitt er eg heldur í nokkrum efa um, hvort smábreytíngar þær, sem nefndin hefir stúngið upp á í stjórnarfrumvarpinu, í raun og veru sè svo miklar endurbætur, sem ætlað hefir verið; og eg held yfir höfuð, að það sè rètt regla, að gjöra sèr ei far um að breyta orðatiltækjunum í hinum konúnglegu frumvörpum fremur en nauðsyn ber. Þess vegna hafði eg og strax ásett mèr, að taka mèr breytíngaratkvæði við niðurlagsatriði nefndarinnar með tilliti til hins sama orðs, sem hinn háttvirti þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu nú gat um. Eg þykist nú skilja það, eins og hann, að nefndin muni hafa sett *„alidýr“* í staðinn fyrir *„húsdýr“*, af því hún hefir viljað forðast orð, sem hún áleit danskt; en eg verð þá að segja, að eg held hún hafi villzt í þessu, því eg skil ei betur, en að orðið sè einmitt góð íslenzka, eins og það líka auðsjáanlega verður að vera eptir samsetníngu sinni og uppruna, og eg treysti því, að eg geti fært þínginu nokkrar sönnur um þetta. Eg man ei betur en að eg einhverstaðar hafi sèð staðinn um afburði Sigurðar Fofnisbana í *Guðrúnarkviðu hinni fornu*, orðaðan svo, að hann hafi borið af Gjúka sonum, »sem hjörtur hábeinn af húsdýrum«, og skil eg þetta þá svo sem »húsdýr« sè hèr kölluð »tamin dýr«, en þó göfug, eins og t. a. m. hestar, í mótsetníngu við hinn villta og frjálsa hjört, »sem efri fer öllum dýrum, og horn glóa við himin sjálfan«. En þetta er einmitt að

minni hyggju hin rètta merking í orðinu, það eru »heimilisdýr«, þau dýr, sem eru í húsum hæf, þó þau ei æfinlega sè höfð þar, í mótsetningu við villidýr; og *„alidýr“*, þ. e. eldisdýr, yrði þá að eins nokkurs konar undirskiptíng meðal húsdýranna, það er að segja einkum þau dýr, sem menn helzt hafa ætlað til uppeldis sèr eða ala í einhverjum sèrstaklegum tilgangi, og svo held eg líka orðið hafi æfinlega verið haft í fornu máli; en sè nú svo, þá er það orð líka yfirgripsmeira, en hitt, og mætti þá ef til vill heldur valda misskilníngi í lagaboðinu. Eg skal nú reyndar fúslega viðurkenna, að þetta gjöri ei í raun og veru svo mikið til, en þá skil eg þó ei, til hvers er að breyta til frá stjórnarfrumvarpinu að nauðsynjalausu; og vili nú því ei nefndin sjálf fallast á uppástúngu mína, þá verð eg að áskilja mèr rètt til að gjöra það breytíngaratkvæði við 2. niðurlagsatriði hennar, að »húsdýrum« stjórnarinnar verði haldið, en »alidýrum« nefndarinnar sleppt.

Björn Pètursson: Eg er nú á sama máli og hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu, að mèr sýnist frumvarpið ætla að fyrirbyggja það, sem ekki á sèr stað, og vera því óþarft, nema kann ske fyrir Reykjavík. Eg veit það nú ekki, að nokkur maður eins og leiki sèr að »grimmdarfullri misþyrmíng« á skepnum eða drepi skepnur fyrir miskunarlausa harðýðgi að raunalausu; en menn drepa opt fè úr hor fyrir óframsýni, trassaskap og slóðaskap, en fyrir þetta tryggir ekki frumvarpið. Nú hefir nefndin viljað bæta úr með nýrri ákvörðun í 2. gr. En eg held nú, að þetta verði í rauninni þýðíngarlitið; því fáir eru það, sem drepa úr hor, ef þeir hafa hey; og svo geta þeir þá líka slegið skuldinni upp á fjárpestina, það er að segja lúngnaveiki og skitupest. Hún mun líka opt eiga mikinn þátt í hordauðanum, að minnsta kosti í Múlasýslum. En nefndin hefir gleymt þeim, sem vanrækja að útvega sèr fóður hjá öðrum, en gæti þó fengið það, og held eg, að ástæða væri til, að taka sèr viðaukaatkvæði í þá stefnu, því mèr finnst það vera sprottið af sama hugarfari og allt eins hegningarvert.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg er nú á sama máli og þíngmaður Gullbríngusýslu, að það hafi verið ófyrirsynju, að þetta mál komst hèr inn á þíngið 1859, og það var víst mest að kenna danska lagaboðinu, sem þá var lagt fyrir þíngið. Eg veit nú eigi til, að það eigi sèr hèr neinstaðar stað, sem talað er um í frumvarpinu; því sú skoðun er allajafna meir og meir að ryðja sèr til rúms hèr hjá almenníngi, að fara sem bezt með skepnur. En úr

því nú málinu er svona langt komið, geta menn ekki snúið vel aptur. Eg verð nú að játa það, að nefndin hefir reyndar bætt frumvarpið að mörgu leyti. Nefndin hefir í 2. greininni komið með nýmæli inn í lagafrumvarpið, sem eg er hræddur um að verði býsna örðugt að koma við meðal almennings. Þegar menn drepa fé úr hor, þá er það optast bundið svo mildandi kringumstæðum, að mjög tvísýnt er, að það nokkurn tíma geti varðað sektum, að minnsta kosti er því svona varið í þeim fáu tilfellum sem eg þekki af hordauða. Annars læt eg mér standa á sama um þessa laga-ákvörðun, hvort hún stendur eða fellur; eg ætla hana bæði óþarfa og þýðingarlausa.

Nefndin hefir nú í annari greininni lagt sektir við hordauða; en má eg spyrja: eru það ekki fleiri tilfelli en hordauði, sem hegningu ætti að sæta; eg tek til dæmis, ef menn láta kindur sínar ganga með kláða, þangað til þær velta út af, þá ætla eg það sé engu síður hegningarvert, en þó það dræpist úr hor. Vill nú nefndin ekki bæta við sig ákvörðun um, að þeir, sem láta fé ganga með kláða, fái einnig hæfilega hegning?

Framsögumaður: Viðvíkjandi orðinu »alidýr«, þá er eg að vísu ekki sá málfræðingur, að eg geti verið fast á móti, að í stað þess verði sett »húsdýr«, en eg held líka, að betur færi að hafa orðið skepnur, en orðið fénað, og áskil eg mér það breytingaratkvæði við 2. gr. Yfir höfuð vil eg, að lagaboðið verði svo lagað, að það verði sem mannúðlegast. Viðvíkjandi breytingaratkvæði þingmannsins frá Suður-Þingeyjarsýslu þá hefi eg ekkert á móti, að það má ske á sínum tíma verði gott úrræði, til að sjá, hvernig á að fara með fjárkláðann.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg stend nú upp að eins vegna athugasemdar hins heiðraða þingmanns frá Skagafjarðar- og Norður-Þingeyjarsýslu, og mótmæli eg alveg þeirri breytingu, að »húsdýr« sé haft fyrir »alidýr«; því alidýr er fornt og gott orð, og »alifuglar« er haft að mig minnir í Grágás um tamin dýr; þó það sé líka haft um skepnur, sem eru aldar til fitu, eins og »alikálfur«, þá er almenna merkingin þó til, og því má orðið hér vel hafa; »húsdýr«, ef það annars er haft í Guðrúnarkviðu, get eg alls eigi tekið í þeirri merkingu, sem þingmaður Skagfirðinga; það liggur í augum uppi, að »húsdýr« þar er haft um dýr, sem korka er komin í af inniverum í mótsetningu við hjörtinn; enda er orðið alls eigi íslenzkt, og er því með öllu óhafandi. Mótbárunum, sem komið hafa

móti nefndarálitinu, þarf eg eigi að svara, þær eru svo litlar, og nefndin mun taka það, sem bætir. En því verð eg alveg að mótmæla fyrir Reykjavíkur hönd, að hèr sè farið verr með skepnur en annarstaðar. Það er að vísu satt, að menn láta hèr hesta sína ganga úti á vetrum í fjörunni, en þeir hafa þó allt af meðfram hjúkrað þeim eptir mætti.

Jón Hjaltalín: Mèr virðist lítið varið í mótbárurnar, sem komið hafa fram í þessu máli. Hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu hèlt, að lagaboð í þessu efni væri óþarft, því menn færi hèr vel með skepnur sínar; þetta getur nú yfir höfuð verið satt; en athugavert er þó, ef að í heilli sýslu er farið svo að, að kindur eru krepptar svo saman, að hver kind sè að eins látin hafa 2 ferhyrningsfet til að liggja á, í staðinn fyrir 9. Það er vel farið, að hinn heiðraði þingmaður er svona trúgóður um meðferðina á skepnum; og veit eg þá, að hann trúir ekki á sálnaflakkið; því hjá þeim, sem trúin á það var drottnandi, var líka vel farið með skepnurnar eins og kunnugt er. Sama er nú að segja um mótbárur þingmannsins úr Suður-Múlasýslu; hann játaði, að fèð væri drepið úr hor, en álítur þó óþarft, að gefa lög um það. Sumir hafa látið þetta ná til kláðans; eg hefi nú ekkert á móti því; það væri víst miklu betra, að drekkja kindinni í einhvern pyttinn, ef hún væri eigi læknuð. Að því er niðurlagsatriði nefndarálitsins snertir, þá þykja mèr þau nú betri en frumvarpið; þó er, þykir mèr, ei nógu ljóst »einkum alidýrum«; lögfræðingurinn getur hèr komizt í villu um, hvað sè skepna og hvað alidýr; en hver er munurinn í þessu tilliti? hèr er því eins og það ætti að vera tvær hegningar; að öðru leyti er eg nú ekki svo vel að mèr í íslenzku, að eg geti dæmt um, hvort sè betra »alidýr« eða »húsdýr«, en hitt er augljóst, að í 2. gr. er betra, að hafa »skepnur« eða »alidýr«, heldur en »fènað«, því hin orðin yfirgripa meira. Að öðru leyti felli eg mig vel við niðurlagsatriðin, en ekki þætti mèr rangt, að tekið væri fram, að sektirnar rynni í sveitarsjóð.

Páll Sigurðsson: Mèr hefir heyrzt á sumum þingmönnum, að þeir álíti óþarft, að gefa út lagaboð í þessu máli. Mest furða eg mig, að hinn heiðraði þingmaður Suður-Múlasýslu skuli vera á móti því, því bænarskráin í hitt eð fyrra var þó einmitt úr annari Múlasýslunni; það hljóta að vera töluvert deildar meiningar þar um þetta mál eptir þessu. Nefndin í lagaboðamálinu hefði ekki í fyrra tekið lagaboðið til meðferðar á þingið, hefði ei komið bænarskráin

úr Múlasýslu, svo þeir, sem sömdu hana, hafa gefið tilefni til, að það komst nokkurn tíma inn á þingið. Hvað viðvíkur nefndarálitinu sjálfu, þá hafa nú litlar útásetningar komið út á það; það helzta hefir verið um »alidýr« og »húsdýr«, og eru meðnefndarmenn mínir nú færari til að svara því, en eg; eg álít þó »alidýr« betra, en »húsdýr«; »húsdýr« getur valdið eins misskilningi. Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um málið, en álít, eins og nú stendur, næga ástæðu til, að frumvarpið sè að lögum gjört. Vandasamast er með 2. gr., hvenær sektin á að miðast við harðýðgisfulla meðferð. Það er sjálfsagt, að opt getur það verið, að kindur drepist úr hor sökum hirðuleysis og slóðaskapar eigandans; en opt held eg líka, að veikindi og óþrif geti stuðlað til, en þetta getur ekki talizt til grimmdarfullrar meðferðar.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þótti nú strax ofboð vænt að heyra, að *framsögumaður* tók svo vel undir uppástúngu mína um orðabreytínguna. En hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga sagði, þá skal eg að eins svara því mjög stuttlega; hann hèlt, að »*húsdýr*« á hinum tilgreinda stað að eins væri dýr, er kyrkíngur eða »korka«, sem hann kallar það, væri kominn í; en það eru nú þvert á móti svo mikilvæg rök fyrir því, sem eg hèr ei vil nefna að svo stöddu, að skáldið gat með engu móti verið að tala um nokkur afstyrmi meðal dýranna, heldur einmitt um gögfug dýr, að eg get ei gert hinum háttvirta þíngmanni og kennara í íslenzku nokkuð betra í þessu máli, en að ímynda mèr, að hann hafi að eins verið að gjöra að gamni sínu, og þarf þá ei að svara þessu framar. Eg bæti því að eins við það, sem eg áðan sagði, að Rómverjar gjörðu einmitt sama muninn á dýrunum í orðum, sem eg áðan tók fram, að rètt mundi einnig í íslenzku máli: þeir höfðu »*animalia domestica*« *o: »húsdýr«* beinlínis í mótsetníngu við »*animalia fera*« *o: villidýr*. Eg vona því og, að nefndin láti ei truflast af mótbárunum, en haldi það eins fyrir því, sem *framsögumaður* áðan hèt, að hafa ei nokkuð á móti orðabreytíngunni.

Forseti: Það hafa 12 þíngmenn beðið um, að umræðum um þetta mál sè hætt, og vil eg því biðja þá þíngmenn að bera upp breytíngaratkvæði og viðaukaatkvæði, er þeir vildi hreifa, sem eigi eru þegar búnir að því.

Benedikt Þórðarson: Eg vil leyfa mèr, að bera fram viðaukaatkvæði þannig, að við 2. gr. sè bætt: »eða geti fengið það keypt

hjá öðrum«. Hvað orðunum »alidýr« og »húsdýr« viðvíkur, þá held eg, að sè bezt, að sleppa þeim, eins og þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu stakk upp á.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi og bera upp breytíngaratkvæði. Mèr datt í hug út af 2. gr. í nefndarálitinu, að þar sem talað er um, að fè drepist úr hor, þó eigandinn hafi nóg hey, þá er líkt á komið, þegar eigandinn er orðinn heylaus, því eg held, að skepnunni sè sama, að drepast úr hor, hvort heldur maðurinn hefir hey, eða er heylaus af ráðleysi. Í þessa stefnu vil eg því áskilja mèr breytíngaratkvæði, í þá stefnu, að við slíku liggi sektir, ef heyleysið orsakast af því, að eigandi fènaðarins hafi orðið heylaus af óráðþægni við sveitarstjórnina.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þíngmaður Barðstrendínga tók sèr breytíngaratkvæði um, þá vil eg taka það fram, að nefndinni datt í hug, að bæta við 2. gr. »eða gæti keypt það hjá öðrum«; en hún fèll þó frá því aptur; því hún vildi varast allt, sem gæti gjört lagaboðið of hart og óvinsælt í almennings augum.

Magnús Andrèsson: Eg vildi taka mèr það breytíngaratkvæði, að orðunum: »einkum alidýrum« sè sleppt; eg sakna einkis, þó því sè sleppt, og eg held, að greinin láti allt í ljósi, sem hún á að láta í ljós, þó það sè þar ekki.

Síðan bar *forseti* undir atkvæði þíngsins, hvort umræðunum skyldi lokið, og var það samþykkt með 18 atkv.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *inngángsumræðu,* uppástúnga þíngmanns Barðstrendínga um, *hvenær manntalsþíng megi hafa þar í sýslu.*

Var uppástúngan síðan afhent uppástúngumanni, er las hana upp þannig hljóðandi:

»Síðan opið kanselíbrèf frá 30. marz 1843 viðvíkjandi því tímabili, á hverju manntalsþíngin á Íslandi eiga að haldast, hefir margopt orðið reynd á því í Barðastrandarsýslu, að manntalsþíng þar hafa ekki vandræðalaust orðið haldin innan fyrir þá sýslu lögákveðins tíma, nefnilega: útgöngu júnímánaðar. Orsökin til þessa hafa þá verið torfærir fjallvegir og líka hitt, að bændur sækja til vers yfir langa og torfæra sjóvegi, einkum þeir sunnan fyrir Látrabjarg, en þótt vertíð optar sè lokið innan og um útgöngu júnímánaðar, þá dvelst mönnum opt heimkoman fram í júlímánuð; því ekki er

það utan í logni eða hagfelldri veðurstöðu og með sjóarföllum, að Látraröst og Rauðasandsflói er fær á opnum skipum. Til þess að ekki geti leitt vandræði eður lögbrot af því, að manntalsþingum í Barðastrandarsýslu skuli lokið innan júnímánaðarloka, óska eg, að hið heiðraða alþingi fram beri þá bæn fyrir hans hátign konúnginn:

> Að hann mildilegast vildi leyfa, að sektalaust væri, þótt manntalsþingum í Barðastrandarsýslu ekki verði lokið fyrr en fyrir útgöngu júlímánaðar.

Reykjavík, 14. júlí 1861.

Benedikt Þórðarson«.

Benedikt Þórðarson: Eg ætlast ekki til, að uppástúnga þessi verði nú rædd eða sèrstök nefnd í hana kosin, en óska að eins, að henni verði vísað til nefndar þeirrar, sem sett var til að segja álit sitt um bænarskrá samkynja efnis úr Ísafjarðarsýslu.

Forseti: Fyrst engi mótmælir því, að þingið taki uppástúngu þessa til meðferðar, nè hinu, að henni verði vísað til nefndarinnar, er uppástúngumaður benti á, álít eg það samþykkt af þinginu.

Var uppástúngan þá afhent þingmanni Norður-Þingeyinga, formanni nefndarinnar.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *inngangsumræðu* uppástúnga frá 2 þingmönnum *um að numið verði úr gildi opið brèf 1. apríl 1861 um endurgjald jarðamatskostnaðarins.*

Var uppástúngan síðan afhent öðrum uppástúngumanninum, þingmanni Rangæinga, er las hana upp þannig hljóðandi:

»Það er kunnugt, að stjórnin lagði fyrir alþingi 1859 frumvarp til opins brèfs, um það að endurgjalda skyldi jarðamatskostnaðinn af öllum jörðum í landinu, án þess þó að ákveða neina upphæð, sem þó eptir ástæðum frumvarpsins var talin 8,360 rd. 82 sk. og rèð þingið frá að samþykkja frumvarpið af þeim ástæðum, að kostnaður sá, sem leitt hefði af jarðamatinu 1849 og 1850, væri annars eðlis en sá, er leiddi af hinni konúnglegu Reykjavíkurnefnd, sem og þeir 150 rd., sem tilfærðir voru við reikníngsstörf jarðabókarinnar, án þess sá kostnaður væri borinn undir þingið, og ekki heldur fram lagðir neinir reikníngar, og fannst þinginu einúngis vera umtalsmál að jafna 5720 rd. 92 sk. og rèð því frá, að frumvarpið yrði samþykkt að svo komnu.

En þrátt fyrir þetta álit og tillögur alþingis, og grundvallarreglur þær, sem stjórnin lýsti yfir með ráðstöfunum sínum, er

fylgdu opnu brèfi 18. júlí 1848, leggur hún nú jarðamatskostnaðinn á öll jarðarhundruð í landinu án undantekningar, og ákveður, að hann greiðist á 2 árum, og þetta áður en að hafa borið þessa álögu undir þingið, eða leitað álits þess um, hvernig hún skyldi greiðast, sem vèr ætlum þvert a móti 1. grein alþingistilskipunarinnar og tilskipunar af 28. maí 1831.

Vèr leyfum oss því að biðja hið heiðraða alþingi, að íhuga mál þetta, og rita hans hátign konúnginum allraþegnsamlegasta bænarskrá um:

> Að opið brèf af 1. apríl 1861 falli úr gildi, en að hann leggi mál þetta fyrir alþingi á lögskipaðan hátt, samkvæmt 1. grein alþingistilskipunarinnar og tilskipunar af 28. maí 1831. Áður en ákveðið er, hvernig jarðamatskostnaðurinn skuli greiðast.

Reykjavík, 14. júlí 1861.

Páll Sigurðsson. Indriði Gíslason".

Páll Sigurðsson: Þessi uppástúnga er að inntakinu mjög ljós, svo eg ætla mèr ekki að tala margt henni til útskýringar, fyrri en eg heyri, hvað þingmenn segja um hana. Okkur gekk það til að koma með þessa uppástúngu, að okkur sýndist aðferð stjórnarinnar í þessu máli nokkuð óvanaleg. Þingið rèð stjórninni til þess 1859, að löggildingu jarðamatsins yrði frestað, en stjórnin hefir ekki fallizt á það. Nú sýnist mèr það athugavert, að þó stjórnin löggilti jarðabókina, að hún skyldi gjöra jarðamatskostnaðarfrumvarpið að lögum nú þegar, þrátt fyrir það, þó þingið 1859 rèði frá því, og það af svo gildum ástæðum, 1, að stjórnin þá viðurkenndi, að allur kostnaður endurmatsins ekki væri inn kominn, og lagði fram enga reikninga, og sáu menn því ekki rèttilega upphæð kostnaðarins, og svo álitu menn nokkuð af kostnaði þeim, er stóð einasta í ástæðum frumvarpsins, skrifstofukostnað. Að stjórnin skuli nú jafna niður jarðamatskostnaðinum á allar jarðir í landinu, og leggja slíkt ekki fyrir þingið, er á móti þeim grundvallarreglum laganna, sem hingað til hefir verið fylgt t. a. m. þegar talað var um það, hvort Gyðingar skyldi hafa leyfi til að setjast hèr að; þingið rèð þá fyrst á móti því, en stjórnin lagði frumvarp um það aptur fyrir þingið, og rèð þinginu til þess að samþykkja það, og þá aðhylltist þingið það. Þetta var rètt og þjóðlegt og allt önnur aðferð, en hèr hefir verið við höfð. Í uppástúngunni eru teknar fram ástæðurnar fyrir uppá-

stúngunni, og skal eg því ekki vera fjölorðari, en óska að eins, að nefnd sè sett í málið.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki verið meðmæltur nefnd í þessu máli, eins og það liggur fyrir; bænarskráin, sem lesin var upp, er að mínu áliti byggð á röngum ástæðum, þar sem hún fer því fram, að málið hafi ekki verið borið undir þingið. Það var borið upp á seinasta þingi af stjórninni, samkvæmt tilsk. frá 1848 og konúngsúrskurðunum frá 18. maí 1855 og 27. maí 1857, og málið var rætt af þinginu í heild sinni, en það var sjálfsagt, að þingið ekki vildi reikna til jarðamatskostnaðarins annan kostnað, en þann, sem leiddi af undir- og yfirmatinu; kostnaðinn, sem leiddi af Reykjavíkurnefndinni m. m., kallaði þingið þar á móti skrifstofukostnað, sem ekki gæti talizt með jarðamatskostnaðinum, en það er auðsætt, að þessi skoðun ekki er rètt, því hvortveggi kostnaðurinn stendur í nánasta innbyrðissambandi, enda hafði þingið sjálft aðhyllzt þá skoðun, að setja nefnd til að lagfæra misfellurnar á jarðamatinu, og með því gengizt undir, að landið skyldi greiða nefndarkostnaðinn. Þetta leiðir líka beinlínis af tilsk. frá 27. maí 1848 § 5 og § 7, og einkum sèst það af seinni greininni (§ 7), að það, sem menn hèr kalla skrifstofukostnað, á að telja með jarðamatskostnaðinum, og er þetta engum efa bundið. Þá er fundið að því, að stjórnin hafi, að því er borgun jarðamatskostnaðarins snertir, brugðið frá reglunni, sem hún hafi sett fyrir borgun alþingiskostnaðarins. Þessa tilbreytíng hefir stjórnin fullkomlega rèttlætt í ástæðunum fyrir frumvarpinu, sem lagt var fram á seinasta þingi. Það er eins eðlilegt, og það er rèttlátt, að allar jarðir landsins borgi kostnaðinn, fyrst þær hafa allar verið metnar; það er sjálfsagt, að prestarnir verða eptir þessu að borga fyrir kirkjujarðirnar og prestsetrin, en eg get ekki álitið annað, en að það sè í alla staði rètt, og kostnaðurinn er þá heldur ekki tilfinnanlegur, því hann er ekki nema 9 sk. af hundraði í eitt einasta skipti.

Að öðru leyti hlýtur það að vera þinginu frjálst að bera fram bæn sína um það, að það, sem hèr er kallaður skrifstofukostnaður við jarðamatið, gangi frá, en eg held, að stjórnin muni varla finna ástæðu til að gjöra þenna greinarmun, og eg get heldur ekki skilið, að þingið geti fyrir landsins hönd farið því fram eða skorazt undan að greiða þann kostnað, sem hèr er umtalsefni.

Indriði Gíslason: Þrátt fyrir ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* hefi eg ekki breytt hugarfari mínu með tilliti til þessa máls.

Eg vona, að þingmenn sjái, að hèr er ekki farið fram á annað, en að opið brèf 1. apríl 1861 sè úr lögum numið, vegna þess að í tilskipuninni frá 7. maí 1848 um jarðamatið er ekki gjört ráð fyrir öðrum kostnaði en þeim, sem yrði við sjálft jarðamatið 1849 og 1850. Til þessa tók nefnd sú einnig tillit, sem sett var í þetta mál 1859 og sagði, að hún gæti ekki sèð, að í tilsk. 1848 væri meint einnig til skrifstofukostnaðarins í íslenzku stjórnardeildinni, og þess kostnaðar, sem Reykjavíkur-jarðamatsnefndin jók, og rèð hún því frá að gjöra frumvarpið að lögum. Önnur ástæðan fyrir að taka þetta opna brèf úr lögum er sú, að stjórnin ákveður, að jafna skuli öllum þessum jarðamatskostnaði niður á 2 árum, sem er gagnstætt grundvallarreglu þeirri, er stjórnin sjálf hefir sett í ástæðunum fyrir opnu brèfi 18. júlí 1848, því gjaldi, sem menn ekki eru sannfærðir um að menn eigi að bera, og hefir ekkert tillit til harðæris þess, er nú er í landinu. Þriðja ástæðan er sú, að stjórnin hefir lagt nýjan skatt á nýjan gjaldstofn, án þess að hafa fengið tillögur alþingis um það á lögskipaðan hátt, hvernig þessum skatti skuli niður jafna; stjórnin hefir ekki leitað álits alþingis um það, hvort leggja skuli þenna kostnað á þau jarðahundruð, sem eru undan þegin alþingisgjaldinu, og er þetta að voru áliti þvert á móti 1. gr. alþingistilskipunarinnar og tilsk. 28. maí 1831. Eg vona, að þingið gæti vandlega rèttar síns í þessu máli, því það er engan veginn þýðingarlaust.

Konúngsfulltrúi: Það er satt, sem þingmaður Dalasýslu sagði, að tilskipunin frá 1848 ekki gjörir ráð fyrir öðrum jarðamatskostnaði en þeim, sem leiddi af undir- og yfirmati jarðanna árin 1849—1850, því stjórnina gat ekki grunað það, að jarðamatið, þegar það væri búið, mundi þurfa lagfæringar og leiðrèttingar frá rótum, ef það ætti að geta orðið viðunanda, en þegar svona fór, og þingið sá, að engi önnur úrræði voru til að halda lífi í jarðamatinu, þá bað það um nefnd manna til þess að lagfæra gallana. Þetta gat engi sèð fyrir, og því varð ekki gjört ráð fyrir þessu í 1848, en í apríl í vor, þegar lagaboðið um borgun jarðamatskostnaðarins kom út, þá var orðið öðru máli að gegna. Þá vissu menn, hvað jarðamatið, að meðtöldum nefndarkostnaðinum, hafði kostað, og þá náði grundvallarreglan í tilsk. frá 1848 að, og henni hefir stjórnin líka fylgt.

Það er, eins og eg er búinn að taka fram, ekki rètt hermt, að stjórnin hafi ekki borið málið upp á þinginu, því hún gjörði

það á seinasta þingi 1859; eins hefir stjórnin fullkomlega réttlætt, að hún leggur kostnaðinn á allar jarðir landsins. Það kann vel að vera, að borgun jarðamatskostnaðarins, skipt að eins niður á 2 ár, sé, eins og nú stendur hagur landsins, allt of tilfinnanleg, en þá getur þingið beðið um breytíng á því, þannig, að kostnaðinum sé skipt niður á fleiri ár, og eg efast ekki um, að stjórnin mundi taka vel undir það, þegar hún fengi ástæður fyrir því, en að aðgreina jarðamats- og nefndarkostnaðinn, verð eg að álíta frá þingsins hlið ekki geti átt sér stað með gildum ástæðum.

Guðmundur Brandsson: Þegar mál þetta var rætt hér í hitt eð fyrra. og þingið réð, að svo stöddu, frá löggildíngu frumvarpsins í því, þá var sú ástæða færð fyrir frestuninni á endurgjaldinu, að jarðamatið sjálft væri ekki lögleitt; til þess nú að þessi ástæða væri ekki lengur endurgjaldinu til fyrirstöðu, hefir stjórnin hlaupið í að lögleiða jarðamatið nokkru fyrri en alþíngi réð til, og þar með ætlað sér að hrinda mótbárum þingsins. Þrátt fyrir ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* verð eg að álíta bæði kostnaðinn í íslenzku stjórnardeildinni og eins við Reykjavíkurnefndina, svo sem skrifstofukostnað, alveg óskyldan hinum öðrum kostnaði jarðamatsins; því þó þingið fèllist á það, að Reykjavíkurnefndin væri sett, þá var það samt konúngleg nefnd, því að *konúngsfulltrúi* valdi sjálfur 2 í nefndina eptir beinni konúngsskipun, en alþíngi einn á sama hátt, og þegar maður skoðar þessa nefnd í sambandi við skattanefndina, sem Bardenfleth setti hèr 1845 að konúngsboði, þá eru þessar nefndir mjög líkar, og fengu þeir, sem í þeirri nefnd sátu, þóknun fyrir starfa sinn úr ríkissjóði; skyldugleikinn sýnist mèr augljós milli beggja nefndanna, því báðar höfðu þær til meðferðar málefni, er Íslandi voru viðkomandi, og það mjög nátengd, þar sem annað var um skattana, en hitt um stofn þann eða mælikvarða, sem skattarnir að nokkru leyti áttu að miðast við; en stjórnin hefir samt tekið í málum þessum ýmislega stefnu með því að vilja leggja kostnaðinn við aðra nefndina á landsmenn, en gjalda kostnað hinnar nefndarinnar af ríkissjóði. Lagasafnið, sem nú er verið að gefa út, er fyrir Ísland, og borgast samt kostnaðurinn við það úr ríkissjóði; þess vegna finnst mèr líka eðlilegt, að bæði kostnaðurinn af Reykjavíkurnefndinni, og eins skrifstofukostnaðurinn í íslenzku stjórnardeildinni sé borgaður af ríkissjóðnum.

Jón Pètursson: Mèr sýnist, að ef þessi kostnaður á að leggjast á jarðirnar, þá eigi hann samkvæmt tilsk. 1. apríl 1861 að

leggjast á nýju hundruðin. Eg get nú ekki neitað því, að eg held, að það hefði verið betra fyrir stjórnina, að bera frumvarpið til þessara laga á ný undir þingið, áður en hún gaf lögin út, svo að þingið hefði getað látið meiningu sína í ljós um það, og ef til vill skýrt það dálítið. Eg skil nú t. a. m. ekki 2. greinina fyllilega, en það er vonanda, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* geti skýrt hana fyrir mèr; þar stendur: »Gjald þetta skal eigandi hverrar jarðar skyldur að greiða, eða, ef hann ekki sjálfur býr á jörðinni, ábúandi hennar, en hann skal eiga rètt á, að fá það endurgoldið af eiganda«. Nú vita menn, að það eru margar jarðir, sem menn ekki eiga, t. a. m. lènskirkjujarðir presta. Eiga nú prestarnir að borga kostnað þenna af beneficiis sínum og endurgjalda hann leiguliðunum á kirkjujörðunum? Eða skyldi hið opinbera ætla sèr að borga þetta fyrir prestana? Eptir orðanna hljóðan ætti það að gjöra það, því það er eigandi prestsetranna og lènskirknajarðanna. Sama er að segja um lènsjarðir lækna: ætlar hið opinbera að borga fyrir þær? því ekki eiga læknarnir þær, þó þeir hafi þær að lèni. Auk þessa hvíla á sumum jörðum tollar til hins opinbera, og jarðir þessar voru metnar með tilliti þessara tolla svoleiðis, að matið á þeim var látið hækka vegna þeirra, því tollar þessir voru skoðaðir af jarðamatsnefndinni sem önnur gjöld, er greiðast af jörðunum, en jörðin væri því betri í sjálfu sèr, því meiri afgjöld, sem hún þyldi; það kæmi eigi málinu við, til hvers tollar þessir rynni, því jörðin væri í sjálfu sèr hin sama fyrir því; þegar stjórnin setti hundraðatal á jarðirnar, mundi hún sjá um það, að hundruð þau í jörðinni, er bæri tollinn (það er að segja, sá partur af jarðarverðinu, sem tollurinn væri 4% leiga af), yrði svo aðskilin frá hinum hundruðunum, að nýir tollar eigi yrði lagðir á þau. Þessir tollar eru nú prestmata, bænhústollur, og ef til vill fleiri tollar. Ef nú eigendur þessara jarða ætti að gjalda allan þenna toll, sem hèr ræðir um, af þeim, þá gyldi þeir toll af tolli, úr því hann er lagður á öll hundruðin í þessum jörðum; en þetta hefir stjórnin aldrei getað meint, því það er gagnstætt allri rèttsyni, að leggja tolla á útgjöld manna. En á þá presturinn að borga toll af þessum jarðahundruðum, sem forrenta prestmötuna, af því að hann tekur við henni? eður hið opinbera? Hvorki presturinn nè hið opinbera kann þó að eiga jörðina. Þetta er nú allt miður ljóst í lagaboðinu.

Indriði Gíslason: Þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að stjórnin ekki hefði getað gjört ráð fyrir kostnaðinum, sem leiddi

af hinni konúnglegu Reykjavíkurnefnd og skrifstofustörfunum. Þá er það nú einúngis til að mæla fram með nefnd í málinu, því það held eg ljóslega sýna, að málið hafi ekki verið of vel íhugað, áður en oss er gjört að skyldu að borga þetta; en að öðru leyti get eg ekki annað en glaðzt yfir því, að heyra *konúngsfulltrúann* heldur mæla með en mót því, að nefnd sè sett.

Konúngsfulltrúi: Það er, eins og eg er búinn að taka fram, ekki rètt ályktað, að þar sem ekki hafi verið gjört ráð fyrir nefndarkostnaðinum, sem hèr ræðir um, í tilsk. frá 1848, þá eigi landið ekki að borga hann; tilskipunin tekur þó fram, að landið eigi að borga þenna kostnað, þegar matinu sè lokið til fulls, en að kostnaðurinn fyrir fram skuli greiddur úr jarðabókarsjóðnum, og þar sem nefndarkostnaðurinn er ein grein af jarðamatskostnaðinum, heyrir hann líka undir aðalregluna. Það, sem þingmaðurinn úr Gullbringusýslu tók fram, að ekki hefði landið borgað kostnaðinn af ýmsum nefndum, sem hèr hefði verið settar, t. a. m. ekki af skattanefndinni, á hèr ekki skylt við, því þær nefndir voru öðruvísi undirkomnar; þingið bað sjálft um nefndina, sem leiðrètti jarðamatið. Þar sem hinn konúngkjörni 4. þingmaður vakti máls á því, hvort kirkjujarðir og lènsjarðir ætti að borga jarðamatskostnaðinn, og tók fram, að hlutaðeigendur ekki væri eigendur þeirra, og gat þess líka, að það væri ekki rètt að leggja kostnaðinn á jarðadýrleikann, skal eg geta þess, að það er sjálfsagt, að prestarnir og aðrir, sem hafa lènsjarðir, eru sem *usufructuarii* skyldir til að greiða þenna kostnað að tiltölu, og það er í eðli sínu, að þeir gjöri það, enda er hèr um lítilræði að gjöra. Það atriði, að prestsmata er greidd af einstökum jörðum, álít eg að hafi verið tekið til greina við sjálft jarðamatið, svo að það geti ekki fyrir þá skuld verið neitt á móti því, að leggja kostnaðinn á þær jarðir eptir hundraðatali þeirra.

Arnljótur Ólafsson: Það er eitt atriði, sem ekki hefir verið tekið fram, sem eg nú vildi vekja athygli þingsins á. Hvernig er þetta opna brèf frá 1. apríl 1861 til komið? 1859 lagði stjórnin fyrir þingið frumvarp til þessa opna brèfs, en hvernig var þetta frumvarp? Það var mjög líkt opna brèfinu, sem nú er orðið að lögum, nema að þar er einn verulegur mismunur, og það var, að í frumvarpinu var upphæð jarðamatskostnaðarins ekki til tekin. Frumvarpið var í rauninni ekki annað en skuldakrafa um kostnaðinn við jarðamatið; en eg vil spyrja lögfróða menn og aðra, sem þekkja skuldabrèf, hvort maður getur heimtað skuld af manni, með

því að segja: eg á hjá þèr »að upphæð« —, en svo kemur engi upphæð, — hèr eru reyndar 8 púnktar og komma að auki? Ætli hann geti heimtað skuld sína með 8 púnktum og einni kommu, eða með öðru eins eyðublaði eins og frumvarpið var? Þvílik skuldakrafa getur ekki verið gild milli einstakra manna og líklega því síður, þegar stjórnin á í hlut, því ef vèr nú segðum, að vèr skyldum borga 1 sk. fyrir hvern púnkt, og bæta einum skildíng við fyrir kommuna, þá er eg hræddur um, að stjórninni þætti það lítið, en meira hefir hún þó eigi sett upp. En nú kynni einhver að segja, að það sè öðru máli að gegna, þegar stjórnin eigi í hlut, en þá vil eg leyfa mèr að skírskota til tilsk. 28. maí 1831, sem alþingistilskipunin er byggð á, þar sem konúngur lofar að gjöra ekkert að lögum, sem snertir mannrètt og eigna, nè leggja nýja skatta á landið, án þess að bera það áður undir þíngið. Hefir nú stjórnin fullnægt þessu? Eg segi nei! og þá getur hún ekki gjört þetta að lögum, án þess að leggja það fyrir þíngið áður. Hversu lítið sem stjórnin gjörir úr alþíngi, þá má hún ekki taka frá því þann rètt, sem hún hefir sjálf gefið því. Þetta lagaboð er því sett beint ofan í rètt alþíngis og móti skuldbindíngu konúngs við þíngið. Hinn mildasti vegur, sem þíngið því getur farið í þessu máli er því sá, að senda konúngi bænarskrá, og biðja hann um að aftaka þetta lagaboð, og setja annað í staðinn, og fer þá þíngið ekki þann veg, sem það getur farið eptir hinum strangasta rètti, þann veg að lýsa yfir því, að rètti alþíngis sè misboðið.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði þíngmaður Borgarfjarðarsýslu leitaðist við að færa rök að því, að stjórnin hefði brotið lög á landinu í meðferð þessa máls, en ástæður hans fyrir því voru miklu veikari, en eg gat búizt við af honum, sem er vanur að geta fundið orðum sínum góðan stað; hann fór þeim orðum um frumvarp stjórnarinnar um jarðamatskostnaðinn, sem fremur líktust gamni, en það á ekki við í svo alvarlegu efni. Eg hlýt að álíta, að frumvarp stjórnarinnar bæði hafi verið hæfilega úr garði gjört, og löglega borið upp fyrir þínginu, og mótmæli því fastlega, að stjórnin hafi í þessu máli brotið lög á þínginu eða misboðið eptir alþíngistilskipuninni og tilskip. frá 28. maí 1831 rètti þíngsins.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vildi leyfa mèr að leita upplýsínga um þetta opna brèf frá 1. apríl 1861. Í 1. gr. stendur, að kostnaðinum af jarðamatinu skuli jafna niður á allar jarðir í landinu, og þá sjálfsagt líka bæði konúngsjarðir og kirkjujarðir

og einnig lènsjarðir presta; en í 2. gr. stendur: »Gjald þetta skal eigandi hverrar jarðar skyldur að greiða«. Hver á nú að greiða gjald þetta fyrir hinar opinberu eignir? t. a. m. fyrir lènsjarðir presta o. s. frv., ekki geta prestarnir gjört það sjálfir eptir þessu, því þeir eru ekki eigendur lènsjarðanna, eða skyldi sú vera meiníngin, að jarðeigendur einir skuli greiða þetta gjald? Þegar á allt er litið, finnst mèr hèr í einhver ósamkvæmni, sem eg ekki skil í.

Arnljótur Ólafsson: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir ekki skilið mig rètt, og er það líklega af því, að eg hefi talað ógreinilega; þar sem eg talaði um púnktana og kommurnar, þá var það ekki til þess að gjöra gys að stjórninni, heldur var meiníng mín, að þar sem í 1. gr. frumvarpsins stendur: »kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands að upphæð« — og svo koma 8 púnktar og ein komma — að upphæð skuldakröfunnar væri ekki neitt. Þetta eyðublað hefir verið lagt fyrir þíngið, en ekki upphæð kostnaðarins við jarðamatið, og þess vegna rèð eg þínginu til að senda bænarskrá til konúngs, og biðja hann að apturkalla þessi lög, sem er hinn mildasti vegur í þessu máli; en eg rèð ekki til að fara hinn veginn, þó þíngið hefði fullan rètt til þess að fara hann.

Benedikt Sveinsson: Eg held, að athugasemd þíngmanns Borgfirðínga, þó búníngur hennar væri miður heppilegur, bendi á mikilsvert atriði. Auk annars gat eg ekki fellt mig við, að kalla frumvarp stjórnarinnar skuldakröfu. Eg vil að eins leyfa mèr að benda á, að eptir tilsk. frá 28. maí 1831 er því eptir minni meiníngu heitið, að það skuli borið undir álit alþíngis fyrir fram, er gjöra á breytíng á sköttum hèr á landi eður leggja tolla á landsmenn, og með þessu álít eg aptur meint ekki að eins það atriði, hvort leggja eigi tollinn á, heldur einnig, hvernig það skuli gjört, og hversu hár hann eigi að vera. Eg get nú ekki neitað því, að mèr sýnist töluvert vafamál, hvort þessari ákvörðun tilsk. 28. maí 1831 sè fullnægt í þessu máli. Eg verð að vera á því, að þíngið hafi rètt til að setja nefnd og senda bænarskrá til konúngs. Eg vildi sízt verða til þess að álasa stjórninni, en mèr finnst á hinn bóginn, að það sè fyrirgefanlegt, þó þíngið láti í ljósi í allraþegnsamlegastri bænarskrá skilníng sinn á tilskipun 28. maí 1831.

Forseti: Það hafa margir þíngmenn beðið um, að þíngræðunum nú sè lokið, en ef uppástúngumaður eða aðrir þíngmenn, sem hafa beðið um orðið, skyldu vilja segja það í sem fæstum

orðum, sem þeim liggur helzt á hjarta, ætla eg samt ekki að meina það.

Indriði Gíslason: Það gleður mig, að geta verið samdóma hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* í því, að stjórninni hafi ekki verið hægt að fara lengra 1859, en að púnktunum og kommunni, því hún segir sjálf í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að engar skýrslur hafi verið komnar um endurmatið á Akureyri, Ísafirði og námunum í Þíneyjarsýslu, og er þetta vottur þess, að mál þetta er ekki of vel grundað; það sèst ekki heldur af neinu, að hún viti enn í dag, hversu hár jarðamatskostnaðurinn er.

Jón Hjaltalín: Eg held, að það sè full ástæða til, að tekin sè nefnd í þetta mál, en það mundi særa mig mikið, ef konúngur væri sjálfur meiddur af þínginu eða honum kennt um þetta, því það er víst ekki honum að kenna. Eins stendur víst á með læknamálið, það er ekki konúnginum að kenna, að því gengur ekki betur, því ef hann vissi, hvílík nauðsyn hèr er á læknaskóla og spítala, er eg viss um, að það fengist, en það er opt mikið undir því komið, hvernig málin liggja fyrir, og hvernig mælt er með þeim, þegar þau leggjast fyrir hans hátign konúnginn, því sjálfur getur hann eigi sèð allt, það sjá allir. Ef ráðgjafinn skyldi fara í aðra átt en þingið, gefur hann ástæðu fyrir því, og efast eg jafnvel um, að það sè ráðlegt að láta þetta órætt hèr á þingi, heldur ef til vill fara þess á leit, að þessi lög sè umbreytt eða af tekin, og eins er það rangt að gjöra ráðgjafanum getsakir, en að minnsta kosti vil eg nefnd í málið, því þá fá menn þó að heyra, hvern veg á því stendur, og hvort nokkuð er um að vera.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari inngangsumræðu lokið.

Var þá gengið til atkvæða um það, hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt með 22 atkvæðum.

Síðan var stúngið bæði upp á 5 manna nefnd og 3 manna nefnd, og 5 manna nefnd samþykkt með 18 atkvæðum, og síðan í nefndina kosnir:

Arnljótur Ólafsson með 20 atkv.
Páll Sigurðsson . — 17 —
Indriði Gíslason . — 16 —
Benedikt Sveinsson — 14 —
Jón Hjaltalín . . — 12 —

Var uppástúngan síðan afhent þingmanni Borgfirðinga.

Forseti: Dagskráin er þá á enda og ekki frekara til umræðu; eg óska, að þingmenn komi með breytingaratkvæði þau, sem þeir hafa áskilið sèr, til mín fyrir kl. 9 e. m. í dag.

Ákvað *forseti* því næst dagskrá til næsta dags, og ákvað fund til morguns hins 17. júlí kl. 11.

Fundi slitið.

Þrettándi fundur — 17. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynníng um, að í *læknamálinu* er hinn 5. konúngkjörni þingmaður kosinn formaður, og þingmaður Norður-Þingeyínga skrifari.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúníngsumræðu* málið *um að aftaka hina dönsku þýðíng þingtíðindanna.* Eg vona, að þingmenn hafi hin prentuðu niðurlagsatriði fyrir sèr. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga.

Var nefndarálitið síðan afhent *framsögumanni,* er las það upp þannig hljóðanda:

»Alþíngi hefir kosið oss í nefnd til að segja álit vort um uppástúngu frá þingmanni Borgfirðínga þess efnis, að þýðíngin danska á þingræðunum yrði af tekin, og er nú álit vort á þessa leið:

Forsetinn á síðasta þíngi sótti um til stjórnarinnar, að mega sleppa þýðíngu þíngbókarinnar, þá er búið var að snúa 23 fundum hinum fyrstu; stjórnin tók þessu vel og kvað »ekkert því til fyrirstöðu«, og getur því nefndin ekki ætlað annað, en að stjórnin muni fúslega veita alþíngi þá bæn sína, að þýðíngin sè af tekin. Vèr vitum til þess, að hèr er svo ástatt, að það er næsta örðugt, og á stundum jafnvel ómögulegt, að fá nógu marga menn, sem bæði hafi nægan tíma, og sè vel leiknir í því, að snúa þingtíðindunum á dönsku, og fer þá svo, að annaðtveggja verður að taka fleiri til að þýða, en vel sè færir, eður þá að þýðíngin dregst svo lengi, að málin geta eigi komizt til stjórnarinnar í tækan tíma og tefur það auðsjáanlega mjög svo fyrir síðustu afgreiðslu málanna. Hins vegar hlýtur nefndin að álíta, að þessi ákvörðun í niðurlagi 43. gr. alþíngistilsk., er hèr ræðir um, sè orðin óþörf, síðan íslenzka stjórn-

ardeildin var sett á stofn, þótt hún væri studd á góðum rökum, þá er alþingistilskipunin var gefin, og mun þetta hafa valdið því, að stjórnin tók tilmælum *forseta* svo ljúflega sem áður er mælt. Vèr viljum enn geta þess, að nú fyrir nokkrum árum síðan er íslenzka kennd við háskólann, og íslenzka er einkum síðan stunduð með miklum áhuga í Danmörku, svo að ætla má, að þegar fram líða stundir, muni enda ráðgjafarnir verða vel færir í íslenzku.

Af ástæðum þessum leyfir nefndin sèr, að ráða hinu heiðraða þingi til að senda konúngi vorum bænarskrá þess efnis:

1. Að síðasta málsgrein 43. gr. alþingistilsk. svo hljóðandi: »Sömuleiðis á ein af — cancelliis«, verði af tekin.
2. Að þingið biði *forseta* að rita stjórninni þá bæn, að eigi þurfi að þýða þingræðurnar í þetta skipti.

Reykjavík, 12. júlí 1861.

Arnljótur Ólafsson, Jón Sigurðsson. Magnús Andrèsson“
formaður og framsögumaður.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg vona bæði, að umræðurnar verði ekki langar, og líka, að þingið muni fallast á uppástúngu nefndarinnar og ætla eg svo ekki sjálfur að lengja þingræðurnar um sinn.

Konúngsfulltrúi: Eins og eg leyfði mèr að taka fram við undirbúníngsumræðu þessa máls, getur að vísu ekki verið neitt á móti því, að þingið sendi bænarskrá um þetta mál, en eg tók það líka fram, að það mundi verða látið koma landinu til reiknings á eptir, það sem þýðingin danska kostaði, þó þessi kostnaður ekki yrði nema 300 dalir; því það er ekki að ætlast til þess, að íslenzka stjórnardeildin veri endurgjaldslaust skrifstofupeníngum sínum, sem munu vera miðaðir við þau venjulegu útgjöld til þessa starfa, sem að öðru leyti líka útheimtir talsverðan tíma, og tekur hann frá öðrum störfum; og að vísu mundi til þess þurfa æðra samþykki, og þá kemur spursmálið fyrir um, hver rèttilega eigi að borga kostnaðinn. Það er engi veruleg ástæða fyrir því, að sleppa dönsku þýðingunni af þinggjörðunum, að forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar er Íslendíngur, því þýðingin er ekki fyrir hann, heldur fyrir hlutaðeiganda ráðgjafa, sem ekki er að ætlast til að kunni íslenzku. Þeir komast fyrst sem eldri menn í ráðherrastöðu, og fá, sem slíkir, ekki tómstundir til að læra málið, og eg drap á það um daginn, að innanríkisráðherrann, sem er afbragðs gáfu-

maður, hefði sagt í vetur, er leið, að hann hefði gefizt upp við að læra íslenzku.

Það er satt, að hlutaðeigandi ráðgjafi leyfði fyrir bænastað *forseta,* að sleppa þýðingunni af seinni hluta tíðindanna fyrir árið 1859, en það var af sérstökum ástæðum, sem *forseti* tók fram í bréfi sínu, en þar af verður ekki ályktað, að það fáist, að þýðingu alþingisgjörðanna verði algjörlega sleppt eptirleiðis, þó það fengist í þetta eina skipti af litlum hluta þeirra, og allrasízt, að það fáist ókeypis. Eg hlýt því að ráða þinginu frá að senda bænarskrá í málinu, því eg er hræddur um, að sá kostnaður, sem leiddi af dönsku þýðingunni erlendis, sem vissulega yrði öllu meiri þar en hèr, mundi verða reiknaður landinu sem alþingiskostnaður, og það virðist mèr einnig í eðli sínu.

Páll Melsteð: Eg ætla að gjöra litla athugasemd. Í 43. gr. alþingistilskipunarinnar, er hljóðar um útleggingu tíðindanna, stendur allt annað hægra megin en vinstra megin, annað í dönskunni en í íslenzkunni; í dönskunni stendur: »ligesom der ogsaa af Forsamlingsprotocollerne bliver at indsende en af Althingets Præsident og Secretairer verificeret dansk Oversættelse til Vort danske Cancellie«, en í íslenzkunni stendur: »sömuleiðis á ein af alþingisins *forseta* og skrifurum fullgilt dönsk útlegging að sendast til vors danska canselíis«. Í útleggingunni segir ekki, *af hverju* útleggingin eigi að vera. Orðinu »Forsamlingsprotocollerne« er sleppt. Samkvæmt þessu er eg óviss um, hvort það nokkurn tíma hefir þurft að leggja út þingræðurnar, heldur að eins þingskjölin og álitsskjölin, og sè sú meiningin, þá er um minna að gjöra, því með »Forsamlingsprotocollerne« eru varla meintar ræðurnar, heldur að eins gjörðabók þingsins. Að öðru leyti er eg uppástúngunni meðmæltur, og ætla að gefa henni atkvæði mitt, því mèr finnst hún mjög eðlileg, eptir því sem löggjöf vorri nú er komið, og mèr þótti vænt um, að hún var borin upp.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að svara fyrst athugasemd þingmanns Snæfellínga. Það getur verið, að það sè satt, sem hann segir, að minnsta kosti er íslenzka greinin ekki eins nákvæm og hin danska; en rètt á undan í sömu grein segir, að útleggja skuli á dönsku *álitsskjölin,* og svo er á eptir beðið um útleggingu á einhverju öðru, sem eptir dönskunni á að vera gjörðabók þingsins, en eptir því sem nú á stendur, verður það líklega að vera þingræðurnar. Öllum gjörðum þingsins má skipta í tvennt: 1,

bænarskrár, frumvörp, nefndarálit og álitsskjöl, og 2, allar umræðurnar um málin. En það má líka skipta þeim öðruvísi, það er að segja 1, bænarskrár, frumvörp, uppástúngur og nefndarálit og umræður, og 2, úrslit málanna eða bænarskrár og álitsskjöl til konúngs, og virðist mèr þessi skiptíng vera nær alþíngistilskipuninni.

Þar sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að kostnaðurinn mundi eins lenda á landinu eptir sem áður, þó íslenzka stjórnardeildin lèti útleggja þíngtíðindin, þá er það ætlun mín, að það verði ekki, heldur muni skrifstofan álíta það sitt verk, og endurgjalda það með fè því, sem ætlað er þar til skrifstofustarfa, án þess að gjöra landinu reikníng fyrir þeim kostnaði. Íslenzka stjórnardeildin hreifði því ekki heldur í vetur, að fá kostnaðinn við útleggíngu seinna hluta þíngtíðindanna endurgoldinn, og var það þó meir en helmíngur allrar þíngbókarinnar. Það var búið að snúa 23 fundum, en ef mig minnir rètt, voru fundírnir 42 alls; en nú verða menn að gæta þess, að fundirnir voru miklu lengri síðara hluta þíngsins. Þegar nú þetta ekki var lagt á landið, þá ætla eg að það verði ekki gjört framvegis, þótt allar þíngræðurnar verði útlagðar í hinni íslenzku stjórnardeild, og því vona eg einnig, að bæn alþíngis um að útleggíngu þíngræðnanna verði sleppt, verði uppfyllt. En nefndin hafði aðrar ástæður fyrir uppástúngu sinni en kostnaðinn, sem henni þótti svo lítilfjörleg ástæða, að hún gat hennar eigi, og vona eg, að þessar ástæður nefndarinnar standi á föstum fæti. Eg þykist líka vita, að íslenzka stjórnardeildin muni vilja gjöra svo lítið fyrir íslenzkuna, og að eins og þíngið ekki hefir verið svo smásmuglegt, að reikna stjórninni útleggíngar af frumvörpum, sem stundum hafa verið send híngað óútlögð, eins veit eg að stjórnin verði ekki smásmuglegri við þíngið og reikni ekki landinu útleggíng þíngræðnanna handa ráðgjöfum konúngsins.

Jón Hjaltalín: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvort álitsskjölin eigi ekki að sendast á dönsku (*Arnljótur Ólafsson:* Jú!). Eg spurði að því, af því mèr þótti undarlegt, ef álitsskjölin hefði átt að sendast frá þínginu, án þess að útleggíng þeirra væri staðfest af *forseta* þíngsins.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr út af því, sem hinn heiðraði *framsögumaður* nú sagði, þá athugasemd, að hin íslenzka stjórnardeild yrði sjálfsagt neydd til, að óska viðbótar við þá skrifstofupeníngа, sem henni eru lagðir (þeir munu varla vera svo ríflegir), ef hún ætti að taka að sèr að snúa alþíngisgjörðunum á

dönsku, og þá mundi spursmálið koma í hreifing um, hvort ekki væri átæða til að heimta endurgjald af landinu fyrir þann kostnað, sem af þýðingunni leiddi, og niðurstaðan mundi verða sú, er eg hefi getið til.

Að *konúngsfulltrúi* hefir stundum látið þýða ýmislegt, sem lagt hefir verið fyrir þingið á íslenzku, og það verið borgað af stjórninni, kemur ekki þessu máli við. Því borgun til *konúngsfulltrúans* á ekkert skylt við alþingiskostnaðinn, því hann er borgaður úr ríkissjóðnum.

Ásgeir Einarsson: Mèr sýnast vera tvískiptar meiningar um það, hvar kostnaðurinn muni lenda fyrir þýðingina, en má eg spyrja: er nokkru bætt við sýslumenn, þó þeim aukist skriptir eða fá hreppstjórar meiri laun, þó skriptir þeirra aukist árlega? Ætli að hreppstjórar hafi fengið mikið fyrir kláðaskýrslurnar sínar, sem þeir urðu aptur og aptur að búa til í vetur yfir allt land, og sem sýslumenn áttu að draga saman í aðalskýrslu og senda amtmönnum, auk þess að skrifa með þeim langa rollu til hvers hreppstjóra? Ætli að skrifstofulaun þessara manna hafi verið bætt mikið fyrir það, þó skriptirnar hafi aukizt árlega? Eg held, að það gangi svo miklir skrifstofupeníngar til íslenzku stjórnardeildarinnar, að hún gæti þolað að fá dálítinn viðbæti af skriptum, til þess að vinna fyrir skrifstofupeníngum sínum, nema ef á að leggja skrifstofukostnað íslenzku stjórnardeildarinnar á landið, eins og farið var með skrifstofukostnaðinn við jarðamatið, sem þó var í stjórnarinnar þarfir. *Konúngsfulltrúi* sagði, að ráðherrann hefði gefizt upp við að læra íslenzkuna, en mèr sýnist, að eptir því hefði hann ekki getað orðið íslenzkur embættismaður, því þeir eiga að kunna íslenzku, og þykir mèr það þá nokkuð ískyggilegt, að þvílíkir menn skuli hafa á hendi æðstu stjórn allra Íslands málefna, og held eg, að ekki sè hægt að hafa mikla tiltrú til þeirra, því þeir hlyti þá að vera harðla ókunnugir íslenzkum málum. Mèr sýnist það eitthvað undarlegt, að maður skuli verða að leggja ráðgjafa íslenzku málanna á hnè sèr, og leggja út fyrir honum hinn íslenzka texta lagaboðanna, þegar konúngur skrifar undir hann; mèr sýnist því, að menn gæti heimtað það af ráðgjafanum, að hann kynni íslenzku. Eg kann ekki við það, að virðíng þess máls sè skert, sem allar þjóðir eru nú farnar að hafa í mestu metum, og eg vil, að rutt sè sem fyrst burt öllum tálmunum þess, að mál vort fái þá virðíng, sem það verðskuldar. Það er þó sannlega hart, að einn maður (af því hann kann ekki ís-

lenzku) skuli vera slíku til fyrirstöðu, þegar konúngurinn sjálfur, skrifar undir íslenzku lagaboðin. Eg verð að játa það, að ef landinu væri gjört að skyldu að borga kostnaðinn við útleggíng þingbókarinnar, þá sýnist mèr ekkert vera unnið með því, að útleggíngin sè heldur gjörð í Danmörku en hèr; þetta skiptir þó minnstu. En eg vil láta þetta atvik aðalmálsins vera eitt spor til þess að að fá það fram, að öll mál milli Íslands og Danmerkur, og ekki sízt milli þingsins og stjórnarinnar fari fram á íslenzku.

Magnús Andrèsson: Mèr heyrðist *konúngsfulltrúi* mæla á móti bænarskrá til konúngs af annari ástæðu en nefndin hafði tekið fram. Nefndin áleit, að senda ætti konúngi bænarskrá um, að hætt væri að útleggja hèr þingræðurnar, af þeim ástæðum, að svo bágt væri að fá menn til þess, sem væri færir um það, og að drátturinn á útleggíngunni stæði fyrir fljótri afgreiðslu málanna, en hún talaði ekki um kostnaðinn, sem við það kynni að sparast, því hún áleit minna í hann varið, en *konúngsfulltrúi* tilfærði kostnaðinn sem ástæðu á móti bænarskrá til konúngs, því hann hèlt, að kostnaðurinn mundi verða lagður eins á landið, þó útleggíngin væri gjörð þar; en við vitum ekki, hvort stjórnin álítur þýðíngina nauðsynlega og það hefir *konúngsfulltrúi* ekki heldur fullyrt, og þó svo færi, að ræðurnar yrði þýddar þar og kostnaðurinn lagður á oss, þá er það ekki verra en er, en eg vona, að stjórnin reikni oss ekki þann kostnað, þar hún tók svo vel bæn *forseta* um, að ekki þyrfti að þýða hèr síðara hluta þingtíðindanna í fyrra, og sagði, að því væri ekkert til fyrirstöðu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að vera meðmæltur uppástúngu þessari, því mèr sýnist það eðlilegt, að þingið sè ekki að snúa á dönsku þingræðunum handa hinni íslenzku stjórnardeild, sem hefir íslenzkan forstöðumann og íslenzka skrifara, því eg get ekki sèð, að útleggja þurfi þingræðurnar vegna ráðherrans, því hann mun hafa svo mikið að lesa annað, að hann les víst aldrei þingræður hèðan, heldur lætur sèr nægja, að því er íslenzku málin snertir, það sem forstöðumaður íslenzku stjórnardeildarinnar segir honum um þau, og ef það skyldi koma fyrir, að hann vildi sjá ræður um eitthvert mál, þá er hægt fyrir hann að fá útleggíng af þeim í hinni íslenzku stjórnardeild. Þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* var að vorkenna ráðgjafanum að læra íslenzku, þá er mèr það kunnugt, eins og eg tók fram við inngangsumræðu þessa máls, að Monrad hætti ekki við að læra ís-

lenzku af því að hann treysti sèr ekki til þess, heldur af hinu, að 1½ mánuði eptir að hann var byrjaður að læra hana, varð hann prestur á Lálandi og var þar síðan, og hafði ekkert tækifæri til þess að fá tilsögn í henni, og bjóst þá ekki heldur við því að verða ráðgjafi. Eg veit líka dæmi til þess, að embættismenn í Danmörku, sem hafa fengizt við íslenzk málefni, hafa álitið það skyldu sína og nauðsyn fyrir sig, að læra íslenzku, því *Algreen Ussing* var ekki fyrr orðinn *Generalprocurör* en hann fór að læra íslenzku til þess að geta lesið þau lög á íslenzku, sem hann átti að búa til; mèr finnst það ekki heldur nein ofætlun, þó menn heimti það, að ráðgjafi íslenzku málanna kunni íslenzku.

Pètur Pètursson: Eg hefi það á móti uppástúngu þessari, að hún gjörir mun á álitsskjölunum og þíngræðunum, þar sem hún fer því fram, að álitsskjölin sè útlögð, en ekki þíngræðurnar, en við þenna mismun vildi þíngið ekki kannast, þegar það á dögunum ekki vildi, að hætt skyldi að prenta þíngræðurnar. Það er eins og þíngið, ef það samþykkir uppástúnguna, álíti, að þíngræðurnar sè þess ekki verðar, að þeim sè snúið á dönsku, heldur sè álitsskjölin að eins verðug þess. Eg áleit nú ekki neina sèrlega nauðsyn á því að prenta þíngræðurnar, og játa, að ræður þíngmanna eru í sjálfu sèr ekki eins markverðar og álitsskjölin, en úr því þíngið áleit það sèrlega nauðsynlegt að prenta þíngræðurnar, sýnist mèr það ekki geta álitið þær óverðugar þess, að þeim verði snúið á dönsku, og vil eg því ekki svipta þíngið þeim rètti, sem það nú hefir til þess að láta snúa þeim á dönsku. Þegar líka þíngræðurnar ekki eru útlagðar, getur stjórnin ekki vitað, hvort Ásgeir Einarsson, Arnljótur Ólafsson eða Pètur Pètursson hefir haldið beztu ræðuna á þínginu, og getur þá ekki beðið um að fá hana útlagða. Vèr vinnum ekkert með því, að útleggíngunni sè sleppt, nema ef til vill það, að ýmsar ástæður fyrir málunum, sem koma fram í þíngræðunum, missast úr dönsku þýðíngunni, svo þau verða þar ekki sèð í heild sinni; vèr vinnum líka ef til vill 300 rd., en það er ekki einka-ástæðan fyrir uppástúngunni. Eg læt það ósagt, hvort ráðherrann skilur íslenzku eður hann skilur hana ekki, en vèr eigum það á hættu, ef útleggíngunni er sleppt, að hann missi af þeim verulegu ástæðum fyrir málunum, sem eru í þíngræðunum og ekki standa í álitsskjölunum, því hann hefir þá ekki þá upphvatníng til þess að kynna sèr þær, sem hann nú hefir. Mèr finnst því ekkert unnið við uppástúnguna, eins og hún er hèr

löguð, en ef stúngið hefði verið upp á, að allri þýðingu væri sleppt, þá hefði menn getað skilið uppástúnguna, og þá hefði eg átt hægra með að gefa henni annaðhvort já eða nei, en þetta veit eg eigi hvað eg á að segja um, því mèr sýnist það hvorki heilt nè hálft.

Gísli Brynjúlfsson: Það er nú svo fjarri því, að eg álíti það nokkurn skaða, þó hinni dönsku þýðingu á þingræðunum sè sleppt, að eg mundi jafnvel ei, eins og eg opt hefi áður sagt, álita það nokkurn óhag, heldur miklu fremur gagn, þó sjálfum þingræðunum yrði alveg sleppt úr alþingistíðindunum. En hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni sagði, að það væri ósamkvæmni að sleppa þýðingu ræðnanna, en halda þó þýðingu álitsskjalanna, þá skal eg þó leyfa mèr að benda á, að þetta sýnist að eins svo, en er það þó ei í raun og veru; því þess ber að gæta, að álitsskjölin eru einmitt ætluð til þess frá þinginu, að þau verði beinlínis lögð fyrir konúng sjálfan, þar sem þó þingræðurnar að eins ætti að vera einstökum stjórnarherrum til upplýsingar eða gamans, auk þess að það á og enn hèr við, sem opt hefir verið tekið fram, að í álitsskjölunum er einmitt fólgið allt hið verulegasta efni málanna, sem þeim verður sjálfsagt að gjöra kunnugt, er ráða eiga síðustu úrslitum þeirra. Og með tilliti til þess, sem talað hefir verið um kostnaðinn, þá skal eg að eins geta þess, að það er ei sagt, að menn þurfi að vera að hugsa svo mjög um hann eða sjá fyrir því, hvernig hann skuli gjalda, því eg get vel ímyndað mèr, að sú verði niðurstaðan, ef þingið er leyst frá þýðingunni, að þessi hin danska þýðing falli þá alveg burt af sjálfu sèr. Eg held, að það sè fullkomlega satt, sem sagt hefir verið, að stjórnarherrarnir í Kaupmannahöfn muni hafa annað að gjöra en að lesa ræður þingmanna hèr í salnum, og eg efast því stórlega um, að þeir muni verða svo fíknir í að sjá þær, að þeir endilega heimti þýðing af þeim handa sjálfum sèr; og mèr finnast þeir líka gjöra langt of lítið úr hinni íslenzku stjórnardeild, sem ímynda sèr ei, að forstöðumaður hennar sè fullkomlega fær um, að skýra hverjum einstökum ráðgjafa til hlítar frá öllu því, sem fram hefir farið á þingi og málinu mætti verða til upplýsingar, ef þessa þarf með. Að endíngu skal eg að eins geta þess með tilliti til þess, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði við inngangsumræðuna og nú aptur, að kirkju- og kennslu-stjórnarráðgjafinn, sem það er alkunnugt um, að hann er einhver hinn mesti gáfumaður í Danmörk, hefði sagt það á ríkisþinginu danska, að hann hefði orðið að gefast upp við

íslenzku, af því hún væri svo örðugt mál — þá er það að vísu öldúngis víst, að ráðgjafinn sagði þetta þar á þínginu vetrinn, sem leið. En, þar sem *konúngsfulltrúi* vildi leiða af því, að líklegt væri, að íslenzka því aldrei yrði almennt kennd í Danmörku, þá er hitt þó miklu sannara, að það tækifæri, sem hann sagði orðin við, og sá blær, sem á þeim var, þegar hann bar þau fram — því hann sagði þetta í nokkurkonar spaugi — sýnir miklu heldur einmitt, að sú hugsun er allt af að verða almennari og almennari í Danmörku, að þess tíma muni nú ei langt að bíða, að íslenzka muni verða almennt kennd í skólum þar eins og gríska og latína, og eins og nú þegar hefir verið gjört um nokkurn tíma í Noregi, Svo stóð á — og eg get sagt þínginu frá þessu, af því það hittist einmitt svo á, að eg var þá við staddur á ríkisþínginu — að þingmaðurinn frá Borgundarhólmi spurði kennsluráðgjafann að því, hvort hann ætlaði ei að sjá svo til, að íslenzka sem fyrst yrði gerð að kennslugrein í hinum lærðu skólum, og fór hann um það mörgum fögrum orðum, hve nauðsynlegt þetta væri. Ráðgjafinn svaraði honum þá, sem eðlilegt var, að þetta mál væri svo yfirgripsmikið, þar sem ræddi um svo mikla breytíng á lögskipuðum lærdómi í skólum, að hann gæti ekki gefið neitt loforð að svo stöddu; hann tók það þá fram, sem satt er, að íslenzka væri ekki lètt mál að læra, og hann bætti því og við, en að nokkru leyti í spaugi, að hann vissi þetta, því hann hefði sjálfur reynt það, byrjað að læra íslenzku, en gefizt upp við. En höfuðástæða hans var þó æfinlega sú, að það væri ómögulegt að auka kennsluna í skólunum að svo stöddu og án þess að breyta þá til með aðrar greinir, og það því síður sem menn nú einmitt í Danmörku — eins og oss líka er kunnugt hèr í landi — væri að kvarta yfir því, að piltum væri heldur ofþýngt í skólum, en hitt; og þó lauk hann ræðu sinni með því að lofa að taka málið nákvæmlega til íhugunar og vita svo, hvað gjört yrði í þá stefnu. Menn sjá því, að það er satt, sem eg sagði, að svar ráðherrans og öll fyrirspurnin á þínginu heldur er sönnun með því en mót, að þess þurfi nú ei, ef til vill, að verða svo lengi að bíða, að lærðir menn í Danmörku almennt muni skilja íslenzku; og eg held því, að nefndin hafi gjört öldúngis rètt í að drepa á þetta einnig sem nokkura ástæðu, svo eg verð heldur að þakka henni fyrir það. Eg bæti því líka við, að það er ei að eins í Danmörku, að slík skoðun nú er farin að verða almenn, að íslenzka eður hið forna mál vort og Norðurlanda sè nauðsynleg undirstaða til al-

mennrar, að minnsta kosti norrænnar menntunar, heldur á og hið sama sèr einnig stað í Svíþjóðu; og í Noregi hefi eg áður sagt að þetta er þegar á komið. En um öll Norðurlönd verð eg og að álíta, að þetta sè í raun og veru öldúngis sjálfsagt, og að því er öðrum löndum viðvíkur, þá mun jafnvel sá tími koma, að lík skoðun mun ryðja sèr til rúms þar; því menn eru nú þegar farnir að skilja það á Þýzkalandi, Frakklandi og Englandi, þeim löndum, sem nú sem stendur eru í broddi allrar menntunar í heiminum og miklu fremri en Norðurlönd nú, að það sè engan veginn einhlítt að þekkja að eins til hinnar fornu menntunar og mála. Alheimsmenntun öll er á tvennu byggð, því sem að sunnan kom og því sem að norðan kom, og hver sem að eins þekkir aðra hliðina, en ei hina, getur aldrei náð hinni rèttu undirstöðu í þekkíngu sinni eða lærdómi; en nú er hið forna mál vort og þær bókmenntir, sem því fylgja, einmitt hin helzta og bezta uppsprettulind, sem þekking má fá úr um hina fornu og upprunalegu menntun, sem einu sinni rèð fyrir norðan Alpafjöll, eins og gríska og latínan er það fyrir sunnan — og því er það sannfæríng mín, að að því muni reka, að íslenzka muni allt af meir og meir verða álitin nauðsynleg til verulegs fróðleiks öllum menntuðum löndum, ei að eins á Norðurlöndum. Eg tek það því og upp aptur, að eg held einmitt, að nefndin hafi gjört öldúngis rètt í því, að búast við, að þeir mundu allt af fara fjölgandi, sem lærði íslenzku, að minnsta kosti í Danmörku og á Norðurlöndum, og eg held þíngið gjörði einnig rèttast í að hafa sömu skoðunina.

Jón Hjaltalín: Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður sagði áðan, að það væri ekki sagt, að ráðherrann skildi íslenzku, og held eg, að menn verði þó að álíta, að hann skili hana eins og ýmsir aðrir nú í Danmörku. Hann hefir skrifað undir íslenzka textann á auglýsíngunni til alþíngis, sè eg; eru því líkur til, að hann sè voru máli eigi ókunnugur, enda eru nú margir í Danmörku, sem þykir það vert að læra okkar gamla móðurmál, sem, eins og allir vita, er undirrót »skandinavisku« túngumálanna. Að öðru leyti vona eg, að umræðurnar verði stuttar um þetta mál.

Framsögumaður: Þíngmaður Skagfirðínga og nokkrir aðrir þíngmenn hafa tekið af mèr það ómak að svara ýmsu af því, sem sagt hefir verið á móti nefndarálitinu, en af því eg hefi svo mikla virðíng bæði fyrir hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* og hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni, vil eg svara þeim í stuttu máli.

Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að kostnaðurinn við útleggíng hinna dönsku frumvarpa hèr hefði ekki lent á alþíngi, heldur hefði *konúngsfulltrúi* borgað hann sjálfur. Það mun satt vera, að stjórnin hefir ekki ætlazt til þess, og eg veit ekki nema það sè satt, að landið hafi ekki borið þenna kostnað, en það, sem eg hafði fyrir mèr, er það, að eg hefi sèð í jarðabókarsjóðsreikníngunum, að kostnaður þessi er þar lagður saman við annan alþíngiskostnað, en hvort honum hefir verið jafnað niður á landið eða ekki, veit eg eigi. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður tilfærði tvær ástæður á móti uppástúngu nefndarinnar, og fyrsta ástæðan var það, að það væri fremur rèttarskerðíng alþíngis, ef hætt væri við hina dönsku þýðíng þíngræðnanna, vegna þess að danska ráðgjafanum gæfist þá ekki færi á að sjá, hverir eru beztir ræðumenn hèr á þíngi, en ráðgjafinn þarf þó ekki annað en að fara upp í hina íslenzku stjórnardeild og segja: Eg hefi heyrt, að til sè orðfær maður á þíngi Íslendínga, mèr þætti gaman að sjá ræður hans, eða: Eg þekki mann einn, sem situr á alþíngi, og þætti mèr gaman að heyra, hversu málsnjall hann er, og hverjar tillögur hans eru í þessu máli, og vil eg því gjarna fá útleggíng af ræðu hans, og er eg þá viss um, að íslenzka stjórnardeildin lætur þegar leggja þessa ræðu út handa honum. Ef ráðherrann vill fá einhverjar ræður út lagðar, þá getur hann undir eins fengið það hjá íslenzku stjórnardeildinni, einúngis fær hann ekki þær ræður, sem hann hirðir ekki um, og mundi eigi líta í, hvort sem væri, og því er þetta engi rèttarskerðíng fyrir ræðumennina. Hin ástæðan var sú, að uppástúngan væri hvorki heil nè hálf. Hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður veit, að það stendur honum frítt fyrir að bera upp breytíngaratkvæði við uppástúngu nefndarinnar, svo hún verði heil, en nefndin vildi ekki fara svo langt, af því henni fannst betra, að álitsskjölin, eins og áður, yrði send í staðfestri útleggíngu af *forseta* fyrir hönd *konúngsfulltrúa* til konúngs vors. Nefndinni fannst vera allur munur á því, sem stílað er til konúngs og hinu, sem ætlað er stjórninni, og því fór hún eptir skiptíngu þeirri, sem gjör er í alþíngistilskipuninni. Þetta var ástæða nefndarinnar, en að því er málið sjálft snertir, þá ber eg það traust til stjórnarinnar, að hún veiti alþíngi þessa bæn; það er ef til vill oftraust, en eg kann betur við, að þíngið og einkum hinn bæstvirti *konúngsfulltrúi* beri ætíð gott traust til stjórnarinnar, eg kann ekki við það, að þegar eitt mál er annars á góðum rökum byggt, að verið

sè að verja stjórnina einúngis fyrir 300 rd. útgjöldum, sem eg ætla að hún teli ekki eptir sèr að borga, heldur álíti miklu fremur skyldu sína að borga, því íslenzka stjórnardeildin hefir að ætlun minni næga skrifstofupeninga og nóg af mönnum, sem eru enda betur færir en hinir færustu menn, sem hèr er kostur á til þess, að þeim öllum ólöstuðum, að snúa þingræðunum á dönsku, og skal eg einúngis benda til þess, að íslenzka stjórnardeildin hefir nú gjört athugasemdir við dönsku útleggíngina á nokkrum frumvörpum frá þínginu, og var hún þó eptir færa menn, og er það vottur þess, að stjórnardeildin muni vera fær um að láta útleggja þau sjálf betur en vèr.

Stefán Jónsson: Eg ætla mèr að vera með þessari uppástúngu, þess var áðan getið, að það væri ósamkvæmni af þínginu, að vilja halda áfram prentun þingræðnanna, en sleppa því að þýða þær á dönsku, en eg get ekki sèð að svo sè, því að ástæða þingsins fyrir því, að halda áfram að prenta þingræðurnar, var sú, að gefa kjósendum kost á að þekkja þingmenn sína og tillögur þeirra, en á því ríður stjórninni ekki á þann hátt, sem kjósendunum, og því er það að mínu áliti engi ósamkvæmni af þínginu.

Pètur Pètursson: Í tilefni af því, sem þingmaður Borgfirðínga sagði áðan, að ef ráðgjafinn þekkti einhvern mann hèr á þingi, og vildi sjá ræðu eptir hann, þá gæti hann farið til íslenzku stjórnardeildarinnar og beðið hana um útleggíng, skal eg geta þess, að mèr gekk ekki það til að vera á móti uppástúngu nefndarinnar, að eg óskaði, að honum gæfist færi á að lesa mínar ræður, heldur gekk mèr það til, að eg er hræddur um, að í þingræðunum kunni stundum að vera ástæður fyrir málunum, sem ekki eru í álitsskjölunum, því ef álitsskjölin væri svo fullkomin, að upp í þau væri teknar allar þær ástæður fyrir málunum, sem komið hafa fram í ræðum þingmanna, skyldi eg ekki vera á móti uppástúngunni. Eg segi ekki þetta, af því eg sè að tala máli stjórnarinnar, því eg get ekki sèð, hvað henni gæti gengið til að synja um þessa bæn alþíngis, en eg gjöri ekki ráð fyrir, að stjórnarherrann af forvitni uppáleggi hinni íslenzku stjórnardeild að láta útleggja þingræðurnar, heldur vili hann af verulegum áhuga á málunum, að það sè gjört; ef hann þá skyldi ekki græða mikið á fyrsta málinu, sem hann fengi útlagt, kynni hann þá ef til vill að láta hætta við að útleggja meira.

Guðmundur Brandsson: Mèr finnst vera kominn nokkur á-

greiníngur milli hins 3. konúngkjörna þíngmanns og *framsögumanns* út af þessum dönsku þýðíngum, sem verið er að tala um. Mèr finnst nú nefndin hafa mikið til síns máls, og sýnist mèr, að 43. gr. alþíngistilskipunarinnar hafi gefið tilefni til þess, þar sem sagt er í henni, að útleggíngin af álitsskjölunum eigi að fara til konúngs, en önnur útleggíngin til hins danska kanselíis. Mèr finnst nú nokkur munur á þessu; fyrst er nú það, að þetta kanselí er ekki lengur til, en önnur stjórn komin í þess stað, og svo sýnist mèr það ekki eiga illa við, þó nokkru meira sè haft við konúng vorn, heldur en stjórn hans; á því ríður líka mest, að álitsskjölin fari svo hèr frá þínginu, að hann sjálfur geti skilið þau, og að þau komi fyrir hann óafbökuð. Það er líka nokkuð í greininni, sem eg hefi steytt mig á, þar sem stendur, að danska þýðíngin af álitsskjölunum eigi að vera samþykkt af alþíngismönnum og fullgilt af *forseta,* því eg veit ekki til, að þessari ákvörðun hafi nokkurn tíma verið fylgt eða að álitsskjölin hafi í danskri útleggíngu verið borin upp undir samþykki þíngsins, og er líka sú ákvörðun nokkuð óhentug, því það gæti orðið löng bið fyrir þíngmenn að bíða eptir því, að búið væri að þýða á dönsku öll álitsskjölin, sem þíngið vanalega samþykkir í einni bendu síðustu dagana, og svo eru ekki heldur allir þíngmenn, sem skilja dönsku, og finnst mèr því, að þessi kafli greinarinnar sè við venjuna að nokkru leyti genginn úr gildi.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til *undirbúníngsumræðu* málið um *launaviðbót amtmannsins í Norður- Austurumdæmi Íslands. Framsögumaður* er hinn háttvirti þíngmaður Eyjafjarðarsýslu.

Var síðan málið afhent *framsögumanni,* er las nefndarálitið upp, svo látanda:

»Hið virðulega þíng hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um uppástúngu frá nokkrum þíngmönnum, um að hækkuð verði laun amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu.

Eptir að hafa vandlega íhugað þetta mál, leyfum vèr oss að segja um það álit vort á þessa leið:

Hinu virðulega þíngi er það nú fullkunnugt, að frumvarp til launabóta fyrir ýmsa embættismenn hèr á landi, var lagt fyrir hið síðasta alþíngi 1859 af hendi stjórnarinnar, og hversu fúslega þíngið

þá viðurkenndi, að brýna nauðsyn bæri til þess að bæta kjör allra þeirra embættismanna, er hafa laun sín úr ríkissjóði, og fylgdi því þess vegna fastlega fram við stjórnina, að hún veitti þessum embættismönnum, að svo miklu leyti sem mögulegt væri, jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku. Þingið færði að voru áliti fullar röksemdir fyrir þessari bæn sinni til stjórnariunar, enda virðist það liggja í augum uppi, meðan fjárbagur Danmerkur og þessa lands er alveg óaðskilinn, að þá eigi embættismenn beggja landanna að búa við hin sömu kjör, því vèr getum ekki betur sèð, en að embættismönnum sè eins dýrt að lifa hèr og í Danmörku, að Kaupmannahöfn einni undanskilinni, einkum nú á hinum síðustu bágu fjárfellis- og harðærisárum, sem gjörir á allar lundir langtum kostnaðarmeira fyrir embættismanninn að framfæra sig og sína svo sómasamlega sem staða hans útheimtir.

Það mun því hafa verið móti von alls þorra manna hèr á landi, er vèr nú sjáum af hinni konúnglegu auglýsingu til þessa árs alþingis, að þetta mál hefir enn engan framgang fengið. Oss virðist það næsta undarlegt, að málið skuli hafa mætt mótspyrnum á hinu danska ríkisþingi, þar sem það þó var eptir tillögum ríkisþingsins, að málið var lagt fyrir alþingi; og ríkisþingið gat þó ljóslega sèð af tillögum alþingis, að það var svo langt frá að það yrði ríkisþinginu samdóma um að launauppástúngur hins konúnglega frumvarps væri of háar eptir þörfum og kröfum embættismanna hèr, að það miklu fremur fèllst á þá skoðan, að launin ætti að vera og yrði að vera hin sömu fyrir samkynja embættismenn í báðum löndunum.

Þó að stjórnin hafi nú því miður sökum mótspyrnu ríkisþingsins, ekki getað hrundið þessu mikilvæga málefni í lag, sjáum vèr þó, og verðum þakklátlega að viðurkenna, að hún á annan hátt og sèrstaklega hefir útvegað einstökum mönnum launastyrk, sem hafa mikilsáríðandi og vandasöm embætti á hendi, svo sem forstöðumanni prestaskólans og skólameistaranum við lærða skólann í Reykjavík, og er því vonanda, að hún muni framvegis smámsaman reyna til að bæta laun embættismanna hèr á landi, þar sem helzt virðist nauðsyn til bera.

Þegar vèr snúum oss nú til hins sèrstaklega málefnis, er hið virðulega þing hefir falið oss að segja álit vort um, þá verðum vèr að játa, að fá eður engi embætti eru lakar launuð, en amtmannaembættin hèr á landi, í samanburði við hin vandasömu og yfirgripsmiklu störf, er undir þessi embætti heyra, víðáttu umdæm-

anna og hinn afarmikla kostnað, er embættisfærsla amtmannanna hefir í för með sèr, sè hún vel af hendi leyst, því það er alkunnugt, þegar laun handa amtmönnum hèr einúngis eru 1700 ríkisdalir, að ekki allfáar hinar betri sýslur gefa af sèr betri laun sýslumönnum, en amtmenn hafa, og liggur þó í augum uppi, að amtmannaembættunum ætti eptir eðli sínu að fylgja hærri laun, og að slíkt verður hin mesta ósanngirni, þegar eins stendur á og hèr, að launin standa einlægt í stað og hækka ekki eptir langa og duglega forstöðu embættisins.

Ef vèr lítum einúngis til Norður- og Austuramtsins, þá er það hið langstærsta og fjölmennasta umdæmi á landinu og fjarska örðugt yfirferðar frá Strandasýslu í Vesturumdæminu til Austur-Skaptafellssýslu í Suðurumdæminu.

Amtmaður Havstein hefir nú með einstakri alúð og framúrskaranda dugnaði veitt þessu embætti forstöðu í 10—12 ár, og þar sem hann hefir orðið svo lengi að búa við hin áðurnefndu litlu laun, en á ekki sjálfur neinar þær eignir, er hann getur lifað af, má nærri geta, að honum veitir ár frá ári örðugra, að komast af, þar sem allt gjörist æ dýrara og dýrara, en launin hin sömu.

Af framangreindum ástæðum ráðum vèr alþíngi til, að bera þá bæn fram fyrir vorn milda konúng:

> Að hann mildilega vili hlutast svo til, að laun amtmannsins í Norður- og Austurumdæmi Íslands verði sem allrafyrst hæfilega aukin, samkvæmt stöðu hans og embættisdugnaði.

Reykjavík, 13. júlí 1861.

Jón Sigurðsson, formaður. *Stefán Jónsson,* framsögumaður. *Sveinn Skúlason.*

Arnljótur Ólafsson. Guðmundur Brandsson“.

Framsögumaður (Stefán Jónsson): Af því máli þessu var, þegar uppástúngan kom fram á þínginu, svo ljúflega tekið af þíngmönnum, og nefndarálitið fer í sömu stefnu og uppástúngan, þá býst eg ei við löngum umræðum um þetta mál, og því síður nokkurri mótspyrnu af þíngsins hálfu; hèr eru líka svo margir, sem þekkja til ekki að eins um þann mann, sem hèr er um að tala, heldur og fleiri, sem líkt er á komið fyrir. Eg ætta því ei að tala meir, fyrr en eg heyri, hvernig ræður þíngmanna falla; en mèr finnst nefndarálitið svo ljóst, að eg held, að það þurfi ei útskýríngar við.

Jón Hjaltalín: Mèr finnast nú mikið góðar og gildar þær ástæður, sem nefndarálitið færir. Eg vildi að eins vekja athygli á því, hvort ekki mundi betra, að tiltaka vissa summu; því eg ímynda mèr, að uppástúngumenn láti sèr þó ekki nægja með hvað sem vera skal; eg vildi því stínga upp á, að »hæfilega« væri breytt í: »að minnsta kosti til einhverrar ákveðinnar upphæðar«.

Konúngsfulltrúi: Eg tek ekki til máls í því skyni, að mæla á móti þeirri uppástúngu, sem hèr liggur fyrir, því eg álít hana öllu fremur á góðum rökum byggða, og að sá maður, sem hlut á að máli, bæði þurfi með og eigi það skilið, að laun hans yrði bætt. En eg vil einúngis leyfa mèr að leiða þíngsins athuga að því, að mèr þykir það í formlegu tilliti hafa miður farið, að þessi uppástúnga, sem heyrir inn undir launamálið í heild sinni, skyldi verða svona einfara, og ekki verða samferða bænarskrá þeirri, sem vitanlega kemur fram á þínginu um að bæta kjör íslenzkra embættismanna, sem hafa laun sín úr ríkissjóðnum; mèr þykir það einhvern veginn óviðkunnanlegt, að senda sèrstaka bænarskrá um einn mann, um leið og þíngið sendir til stjórnarinnar almenna bænarskrá, eða að minnsta kosti fyrir marga aðra embættismenn, sem eins er ástatt með. Eðlilegast hefði verið að taka málið fyrir í heild sinni, og senda í því einúngis eina bænarskrá.

Þá skal eg einnig leyfa mèr að taka fram, að mèr skilst ekki betur, en að nefndin aðhyllist þá skoðun, sem hún segir sè líka skoðun stjórnarinnar, að rèttast sè að bæta smátt og smátt laun einstakra embættismanna, en ekki allra í einu; hinir geti beðið vatnsins hræringar, þeir komi með, þó seinna sè. Þetta get eg með engu móti aðhyllzt, því hin almenna þörf hlutaðeigandi embættismanna er viðurkennd, þeir eiga því allir jafna heimtu á því að komast að. Það getur verið, að það frá stjórnarinnar sjónarmiði sè gild ástæða fyrir því, að taka einstöku embættismenn fram og veita þeim launaviðbót; eg skal ekkert fara inn í það; en þau dæmi, sem til greind eru því til sönnunar, að stjórnin hafi þessa skoðun, sanna það nú reyndar ekki, en hvort sem er, álít eg, að frá þíngsins sjónarmiði sè þessi skoðun ekki rètt, því síður sem þíngið er búið áður að viðurkenna, að þörfin sè almenn.

Benedikt Sveinsson: Eg er nú samþykkur hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* í því, að það var mjög óheppilegt, að láta málið ganga fram svona sèrstakt og orða það sèrstakt; eg er mjög hræddur um, að það kunni að spilla ekki að eins fyrir þessu máli sèr-

staklega, heldur og einkum fyrir því aðalmáli, sem það stendur í svo nánu sambandi við, það er fjárhagsmálinu. Orðið »smámsaman« á hèr víst ekki við; með því er ráðgjörður lengri tími, sem verið sè smátt og smátt að bæta við einstaka embættismenn launum, og í þessum lengra tíma liggur aptur jafnlangur dráttur á veitíngu fjárhagsaðskilnaðarins. Að öðru leyti álít eg þó, að þíngið ekki hafi fylgt málinu svo fram, að skaði þurfi að verða að; því eg ímynda mèr, að þíngið geti lagfært málið í hendi sèr, svo að jöfnuður komist á. Eg er nú á sama máli, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi,* og 5. konúngkjörni þíngmaður, að það verði að tiltaka vissa launaupphæð, en þannig, að það sè miðað við kjör samkynja embættismanna í Danmörku, og áskil eg mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að málið hefði eigi átt að ganga fram svona sèrstaklega, þá er seint að tala um það núna, það er komið sem komið er, svo sú athugasemd er ótímabær. En viðvíkjandi því, hvernig nefndin tók í það, sem stjórnin nú sýnist vera byrjuð á, þá getur nú verið, að það sè ekki eins laglega og gætilega orðað, eins og sumir hefði viljað; en eg get samt ekki haldið, að það í minnsta máta geti spillt þessu máli. Menn vonast eptir stjórnarbót; en það getur þó verið, að hún dragist nú nokkuð, svo stjórnin gæti, áður en hún er komin á, verið búin að hjálpa nokkrum *(Benedikt Sveinsson:* því ekki öllum?); það getur líka vel verið öllum, hendur stjórnarinnar eru ekki bundnar í því efni af nefndinni það allraminnsta. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni og fleiri hafa viljað tiltaka vissa dalatölu, en nefndin vildi nú fara varlega í það; svo kom það líka af góðu trausti til stjórnarinnar, að hún muni ei verða naumgjöful; og verið getur, að hún yrði rífari, og þá gæti nefndin haft af hlutaðeiganda, með því að biðja um minna; þetta var álit nefndarinnar, og eg tel óvíst, að henni snúist hugur í því efni.

Sveinn Skúlason: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það hefði ei verið rètt, að fara svona sèrstaklega með málið, þá verð eg að taka það fram, að úr því að nefndinni var falið málið sem einstaklegt, þá varð hún að fara svo með það; og þó hið sèrstaka sè tekið, þá þarf það ei að koma í bága við hið almenna. Þó að nefndin hefði orðið »smámsaman«, þá er hún ekki þar fyrir að draga úr því, að þeir fái launaviðbót;

þó sótt sè um viðbót fyrir einn mann, þarf það ei að spilla fyrir málinu yfir höfuð; við sjáum, að það hefir ei orðið til fyrirstöðu með þá 2, sem fengið hafa viðbótina. Það er yfir höfuð bót í máli, að nokkrir fái launaviðbót, en nauðsynlegt, að allir fái hana.

Benedikt Sveinsson: Menn hafa ei skilið mig rètt; eg sè ekki ofsjónum yfir, þó reyndari og eldri embættismaður fái launaviðbót, nei; eg gæti þess vegna beðið. En þingmenn verða að gæta að, að fylgja rèttum grundvallarástæðum í hverju sem er, en ekki neinum sèrstaklegum ástæðum. Þegar nefnd var sett í þetta mál, kom það til umræðu hèr á þingi, hvort þetta mál skyldi skoðast sem sèrstakt mál, eða í sameiningu við annað skylt mál, sem mig minnir að *forseti* tæki fram að bráðum mundi koma fyrir. Þá var og rætt um, hvort rèttara væri, að kjósa nefnd þegar, eða láta það bíða, þangað til nefnd væri kosin í hitt málið. Eg var nú með því, að nefnd væri þegar kosin í það, en mèr gat ekki betur skilizt af öllu því, sem fram fór, en að nefndin ætti að hinkra við með þetta mál, þangað til málinu í sinni heild yrði til hennar vísað, en hvað á þessi flýtir þá að þýða? Eg vona nú, að menn láti sèr annt um, að ráða þessu máli sem rèttast og ærlegast til lykta. Eg vil styðja málið, en það er ekki rètt, að taka einn fram yfir annan. Eg get stutt það gagnvart mèr, sem sèrlegt mál, en ekki gagnvart öllum öðrum; menn verða að gá að því, að aldur og embættisreynsla verður þó eitthvert gildi að hafa í þessu efni, og þá verður spurningin vissulega um fleiri en einn. Orðið »smámsaman« getur þingið ekki brúkað; það vill, að fjárhagsrètturinn fáist sem fyrst; þess vegna má það ekki láta neitt sjást, sem lýsi því, að því sè ekki alvara með það. Eg tek það upp aptur, að eg segi þetta ekki til að fella málið; því það er í sjálfu sèr allrar meðmælingar vert; en það verður, sem sagt, að vera byggt á almennum rèttlætiskröfum, en ekki einstökum ástæðum.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr sýnist helzt líta út fyrir, að máli þessu ætli að ganga lakar núna, en hèrna um daginn. Eg skil ekki vel skoðun hins háttvirta konúngkjörna varaþingmanns á málinu; eptir sem mèr skildust orð hans, þá gjörir hann uppástúngumönnum ekki sem rèttastar getsakir; uppástúngumönnum gekk aldrei það til, að þeir ætli að sitja öðrum embættismönnum í ljósi fyrir launabót, og því er fullkomlega lýst yfir í uppástúngunni. Það var líka ekkert óeðlilegt af uppástúngumönnum, að taka þenna mann einan fram, því þeir vissu, að hinir embættismennirnir, sem þiggja

laun sín úr ríkissjóði, sumpart hafa setu á þinginu, sumpart eru í og kringum Reykjavík, og hafa því bæði tækifæri til og nægan áhuga á að kveðja sjálfir þurftar sinnar í því efni, sem hèr ræðir um; enda er nú, sem við vitum, uppástúnga eða bænarskrá um það efni komin inn á þingið, og nefndin hafði ekkert á móti, að því máli væri einnig vísað til hennar; en nú var valin sèrstök nefnd í málið, eptir þingsins eigin ályktan; og sjá því allir, að þetta síðara launamál kemur þessari nefnd alls ekkert við, og henni bar ekki að hafa nokkurt tillit til þessarar uppástúngu Reykjavíkur-embættismannanna, og því voru óþarfar bendíngar hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns um »rètta og ærlega meðferð á máli þessu«; og eg verð enn fremur alveg að mótmæla því, að nokkuð hjá nefndinni lýsi því, að hún vili sitja öðrum embættismönnum í ljósi fyrir launaviðbót. Eg fyrir mitt leyti er á því sama, sem 1859, að embættismenn hèr eigi að hafa jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku, eins og nú er orðið með þessa 2 menn, nefnilega rektor lærða skólans og forstöðumann prestaskólans, sem þegar hafa fengið viðbót í launum sínum.

Forseti: Eg verð að benda hinum háttvirta konúngkjörna varaþíngmanni á, að það er ekki rètt hermt, er hann kvað *mig* hafa sagt það, í inngangsumræðu þessa máls, að uppástúnga mundi í vændum um líkt efni og það, er hèr liggur fyrir. En þíngmaður Borgfirðínga gat að mig minnir um það, um það leyti nefnd skyldi kjósa í málið, að hann hefði í hyggju að koma með uppástúngu sama efnis, er mundi verða yfirgripsmeiri en þessi. Skildist mèr þá svo, að þíngmenn væri á því, að hafa nefndina heldur fjölmennari, svo að þessari ráðgerðu síðari uppástúngu yrði vísað til hennar; en sjálfur átti eg engan hlut að þessu. Uppástúngan í málinu, sem hèr liggur fyrir, kom til mín 11. júlí og var þá lögð á lestrarsalinn, tekin á dagskrá daginn eptir, 12. júlí, og þá kosin nefndin. En um morguninn. 14. júlí, kom til mín hin uppástúngan, en hún var ekki frá þíngmanni Borgfirðínga; og var að eins falin honum til flutnings, heldur frá 7 embættismönnum hèr í Reykjavík. Þetta er samkvæmt gjörðabók þíngsins, og getur því hinn konúngkjörni varaþíngmaður ekki með neinu móti bendlað mig sem *forseta* við það, sem honum kann að þykja hèr að orðið.

Benedikt Sveinsson: Það getur verið, að eg muni ekki rètt; en eg hafði líka þann fyrirvara í ræðu minni áðan. Eg áfelli ei nefndina, en eg man eigi betur, en að talað hafi verið um, að vísa

síðari uppástúngunni til fyrri nefndarinnar. *Eg* vildi að eins benda á meðferð málsins í sjálfu sèr, og má engi misvirða það við mig, þó eg um það segi *meiníng mína* og sannfæríng hreint og beint.

Pètur Pètursson: Eg veit eigi betur, en að sömu mennirnir sè í síðari nefndinni, sem í hinni fyrri, og þá held eg nú að allt geti jafnazt. Eg gat nú hvergi tekið þá meiníng út úr nefnðaráálitinu, að það vildi, að launaviðbótin við hina ýmsu embættismenn yrði *smámsaman;* það stendur ekki heldur í niðurlagsatriðum nefndarálitsins, og þarf því ekki heldur að standa í bænarskránni til konúngs. Nefndin hefir meint, að fyrst stjórnin væri búin að bæta við 2, kynni hún eins að bæta við hinn 3., en hefir ekki mælt á móti öðrum. Eg fellst því á nefndarálitið kann ske með breytíngaratkvæði í þá átt, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni benti til.

Guðmundur Brandsson: Eg tók það fram þegar við inngangsumræðuna, að mèr þætti þetta málefni nokkuð einstaklegt. En eg held nú, að þeir, sem ekki hafa enn fengið launaviðbótina, megi nú þakka þessum Norðlendíngum fyrir, að þeir riðu á vaðið, þeir voru hèr nógu harðir á sprettinum, eins og vant er; við Sunnlendíngarnir förum allt hægra, og er illt, ef embættismenn vorir gjalda þess til lengdar. En ekki þarf að ásaka nefndina fyrir það, þó hún hafi verið fljót með álitsskjal sitt, og þar að auki eru nú sömu mennirnir í seinni nefndinni sem í hinni voru, svo að það gefur góðar vonir um greið úrslit seinni uppástúngunnar líka, sem er lík þeirri fyrri að innihaldi. Hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður talaði um, að betra mundi að hafa töluna ákveðna; en eg held nú, að árangurinn verði lítill af því; eg held stjórnin hafi hvorki farið eptir tölum meira nè minna hlutans í hitt eð fyrra. Aðalatriðið er, að embættismennirnir þurfi viðbótar við laun *sín*, og það sem fyrst.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi leyfa mèr að gefa upplýsíng um, hvernig málið er vaxið; því eg held, að mótbárurnar gegn nefndarálitinu hafi helzt komið af ókunnugleika. Það var satt, að eg ráðgjörði á fundi, þegar málið kom fyrst til umræðu, að koma með uppástúngu, er væri yfirgripsmeiri, en þessi er, og stakk því upp á, að nefndin væri kosin stór. Nú kom eg ekki með uppástúnguna næsta dag, eins og eg hafði ráðgjört; eg kom reyndar aldrei með uppástúngu, heldur með bænarskrá frá nokkrum embættismönnum hèr í bænum, sem mèr var falin til flutníngs; en hún kom svo seint, að nefndarálitið um uppástúnguna í þessu máli

var þegar fullsamið, svo mèr datt ekki í hug, að skjóta því til þeirrar nefndar. En nú hefir þingið kosið þá hina sömu menn í seinna málið, og eg veit, að það hefir gjört það af því, að það álítur þá bezt færa til þess. Það á því ekki við, að drótta því að nefndinni, að hún hafi verið hlutdræg (*Benedikt Sveinsson:* Það var ekki mín meiníng). Það veit eg líka. Hinn háttvirti þingmaður Gullbríngusýslu hafði rètt að mæla í því, að Norðlendíngar hefði verið sprettharðir í að koma með uppástúnguna, en þeir voru líka sprettharðir með nefndarálitið, og mèr finnst, að þeim verði ekki legið á hálsi fyrir það. En þeim hefir aptur á móti verið borið það á brýn, sem er gagnstætt spretthörkunni, að þeir hafi einúngis ráðizt í að bera fram einstakan mann, en eigi þókzt færir um, að bera fram alla. En þetta er nú sprottið af eintómri hæversku. Þeir hafa sèð, að stjórnin híngað til hefir tekið einn og einn fyrir, og hafa því viljað binda sig aptan í taglið á stjórninni — eg bið fyrirgefníngar —, og nefndina grunaði alls eigi, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* skyldi hafa á móti því, að hún vildi dansa eptir stjórnarinnar pípu. Hver veit nema nefndin verði nú svo spretthörð, að hún þori að biðja um hið sama fyrir hina embættismennina. Eg vil því, að málið gangi fram sèrstakt; og þegar menn gæta þess, að kann ske engi embættismaður hafi nú um nokkur ár verið svo óvinsæll af stjórninni, en undir eins jafnvinsæll af allri alþýðu manna, eins og amtmaður Havstein, þá álít eg, að málið því fremur eigi að ganga fram sèrstakt, þegar engum öðrum er órèttur gjörr.

Sveinn Skúlason: Það er nú búið að taka það fram af hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyínga, sem eg vildi segja, nefnilega, að fyrst að nefndin einu sinni var kosin, þá var rètt fyrir hana að gjöra það sem fyrst, sem gjöra átti. Þegar eg er kosinn í nefnd, þá veit eg ekki betur, en að það sè *löglegast* og *ærlegast* fyrir mig að flýta störfum nefndarinnar.

Jón Pètursson: Eg kann nú ekki við það í ástæðunum fyrir nefndarálitinu, að stjórnin muni *smámsaman* veita hinum embættismönnunum launaviðbót; nefndin ætlast þá eigi til, að stjórnin gjöri það nú þegar. Það hefir þá tekizt óhappalega til að kjósa sömu nefndina í seinni uppástúnguna eður bænina, sem kom frá skólakennurunum, ef hún ætlaðist til, að stjórnin veitti þeim viðbótina smámsaman, en þessum eina manni nú þegar; nefndin kæmist þá í beinlínis mótsögn við sjálfa sig; en þetta má nú sjálfsagt

laga í álitsskjalinu, og sleppa þar alveg þessu orði »smámsaman«, eður láta þar ekki þessa skoðun fram koma.

Framsögumaður: Það er mikið, hvað þetta eina orð: »smámsaman«, hefir valdið miklum ásteytíngi; en það voru nú ekki nema 2 menntaðir menn í nefndinni, svo að nefndarálitið er ef til vill ekki eins laglega orðað, eins og þar sem margir menntaðir menn eru saman í verki, svo það er eðlilegt, þó þá sè betur samið, en það kemur ekki af illvilja, heldur af aðgæzluleysi, og verða menn að vorkenna það mönnum af bændastèttinni, þó fleiri missmíði verði á hjá þeim en menntuðum mönnum. Annars held eg nú, að það gjöri lítið til um þetta eina orð, það mætti verða langt og leiðinlegt, ef menn vildi vera að elta hvert einasta orð, sem eitthvað mætti finna að. Það hefir enn verið sagt, að betra væri að hafa dalatöluna ákveðna; eg svaraði því nú áðan; en eg vil bæta því við, að þegar menn tiltaka summur, þá koma allt af fram ótal breytíngaratkvæði, svo að allt verður einn grautur, og stjórnin hlýtur að álíta, að engi föst skoðun sè til hjá þíngmönnum um málið. Eg álít því enn, að bezt sè, að tiltaka ekki vissa upphæð, heldur bera það traust til stjórnarinnar, að hún muni ekki verða smátæk, þegar hún fer að rífka launin á annað borð.

Jón Hjaltalín: Eg tók það fram hèr á þíngi 1859, að sanngirni, rèttur og jafnrètti mundi verða lètt í vasanum fyrir okkur embættismönnunum. Eins held eg að sè nú með hæfilegleikana okkar, þegar farið er að meta þá hinum megin við pollinn. Eg vil að minnsta kosti ráða nefndinni til, að slíta sèr ekki út á að lýsa þeim; eg þekki þá svo vel, sem við eigum við. Alþíngi er búið að reka sig á það, hvernig fer, þegar það er óákvarðað, það sem það biður um; það er bezt að biðja einbeitt. Það, sem stjórnin kann að álíta hæfilegt fyrir Havstein, kann öðrum að þykja óhæfilegt; það er því bezt að tiltaka eitthvað víst, en vera ekki að gefa þeim undir fótinn með neinum vífilengjum; það gæti svo farið, að þeir fyndi upp á, að nota sèr þær.

Jón Pètursson: Ef þíngið ekki nú tiltekur neina vissa tölu, þá er eg hræddur um, að stjórnin mundi leggja fyrir næsta alþíngi þá spurníng, hvað há launin ætti að vera; þetta yrði því auðsjáanlega til að tefja mikið fyrir málinu, og vil eg því mæla með, að talan sè ákveðin.

Páll Melsteð: Eg er líka á því, að talan eigi að vera ákveðin, og yfir höfuð að tala fellst eg á nefndarálitið. En eg vildi

einúngis tala um 5 síðustu orðin í niðurlagi nefndarálitsins, hvort eigi mætti fella þau burt í álitsskjalinu. Mèr finnast þau aðgæzluverð og óviðfelldin eptir mínum smekk, en hann getur nú, ef til vill, verið rangur. En ef þessum orðum verður eigi sleppt í álitsskjali þingsins til konúngs, og ef ekki koma aðrir með breytíngaratkvæði um þau, þá vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði í þessa stefnu.

Pètur Pètursson: Mèr þykir nú ísjárvert að tiltaka ekki neina vissa tölu, og vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu. En viðvíkjandi orðinu »smámsaman«, þá vil eg taka það fram, að eg held ei, að það hafi verið meiníng nefndarinnar, að stjórnin tæki einn og einn á ári til að bæta við, því nefndin vill sjálfsagt fjárhagsaðskilnaðinn. En ef þetta gengi nú í ein 20 ár, þá yrði ekkert af honum, því svo lengi sem stjórnin hefir rètt til að veita embættismönnum hèr laun, þá hefir hún líka fjárhag vorn í hendi sèr.

Ólafur Jónsson: Eg veit, að það stendur til, að 2 uppástúngur komi fyrir um sama efni og þessi; í aðra þessa uppástúngu eða bænarskrá er kosin nefnd, og eru í henni sömu nefndarmenn og í þessari, sem nú er til umræðu; hin uppástúngan, eða bænarskráin frá dómendunum við landsyfirrèttinn, þykir mèr nú líklegt að verði afhent sömu nefnd til meðferðar. Nú fer önnur af þessum bænarskrám í nokkuð aðra stefnu, en þessi, nefnil. biður um jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku. Ef nú yrði niðurstaðan, að nefndin biði þar um jafnrètti eða þá vissa dalatölu, þá þykir mèr undarlegt, að biðja svona fyrir þenna eina mann, því það mætti þá sýnast sem okkur þætti hann ekki vera verðugur fyrir jafnrètti, eins og hinir aðrir. Eg vil því áskilja mèr viðaukaatkvæði á þessa leið: »og með fullkomnu tilliti til launa samkynja embættismanna í Danmörku«.

Páll Sigurðsson: Hinn háttvirti 5. konúngkjörni var að hrósa sèr af forspá sinni, þegar hann heföi spáð, að uppástúnga meira hlutans 1859 mundi ei hjálpa. Eg ætla þá líka að hrósa mèr af því, að eg var líka forspár um minna hlutann í hitt eð fyrra, að honum ekki mundi reiða betur af hjá stjórninni, og sú spá mín hefir rætzt. Það er enn tvísýnt, hver aðferðin er betri. En fyrst svona fór nú bæði fyrir meira og minna hlutanum, þá hefði líklegast verið betra fyrir þingið, að samþykkja frumvarpið þá, eins og það var (*Pètur Pètursson:* Einmitt!). Ætli nú fari ekki eins enn? ætli tölurnar verði ei ósamhljóða? Það væri gaman að vita, hvort hinir einstöku embættismenn, sem sótt hafa um og fengið

launaviðbót, hafa tiltekið tölur. Sè svo, þá er ástæða fyrir þingið að gjöra eins. En ef það er ekki, sem eg efa, þá er það er ekki heldur vert fyrir þingið. En yfir höfuð að tala, þá aðhylltist ríkisþingið engu fremur minna en meira hlutann.

Forseti: Það er komin ósk frá 8 þingmönnum, að umræðunum sè hætt, og skal eg leita atkvæða þingsins um það.

Var síðan gengið til atkvæða, og samþykkt með 21 atkv., að umræðunum skyldi lokið.

Forseti: Eg álít þá þessari undirbúningsumræðu hèr með lokið. Eg skal geta 3 uppástúngna, sem mèr hafa borizt:

1. frá þingmanni Reykvíkinga og Gullbringusýslu *um manntalsgjald.*
2. frá 4. konúngkjörna og hinum konúngkjörna varaþingmanni *um launabót.*
3. frá þingmanni Rangæinga *um kollektusjóðinn.*

Þessar uppástúngur verða lagðar fram á lestrarsalinn.

Síðan ákvað *forseti* dagskrá til næsta fundar, og ákvað fund til á morgun, 18. d. júlímán. kl. 11.

Fundi slitið.

Fjórtándi fundur — 18. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til *álvktarumræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt frumvarp* til opins brèfs *um hegníng fyrir illa meðferð á skepnum. Framsögumaður* er hinn konúngkjörni varaþingmaður. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona, að allir þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: konúngl. frumvarp til opins brèfs, *um hegníng fyrir illa meðferð á skepnum.*

1. *Nefndin:* 1. uppástúnguatriði:

   1. Að fyrirsögn lagaboðsins orðist þannig:

   Tilskipun um illa meðferð á skepnum á Íslandi.

2. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar,* við 1. gr. nefndarinnar: Að orðin: *„einkum alidýr“,* falli burt.
3. Breytíngaratkvæði *B. Þórðarsonar, G. Brynjúlfssonar* og *Sv. Skúlasonar* við 1. gr. nefndarinnar:

Að í staðinn fyrir orðin: »einkum alidýrum«, verði sett: *„einkum húsdýrum“*.

4. *Nefndin* (2. niðurlagsatriði), 1. gr.:
»Hver sem verður sekur að grimmdarfullri misþyrmingu á skepnum, einkum alidýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður eigi, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti, eður ítrekað, að sektast allt að 50 rd.«
5. Viðaukaatkvæði *Guðmundar Brandssonar* við nefndarinnar 1. gr.:
Að við enda fyrstu greinar bætist: sem falli í fátækrasjóð, þar sem brotið er framið.
6. Breytíngaratkvæði *Sv. Skúlasonar* við nefndarinnar 2. gr.:
Að fyrir orðin: »fènað sinn«, verði sett: *„skepnur“*, og fyrir orðið: »honum« (í enda gr.) verði sett: *„þeim“*.
7. *Nefndin* (3. niðurlagsatriði), 2. gr.:
»Á sama hátt skal þeim hegnt, sem með grimmdarfullri hörku drepur fènað sinn úr hor, þó hann eigi fóður handa honum.
8. Viðaukaatkvæði *St. Eiríkssonar* við 2. grein:
Að eptir orðin: »þó hann eigi«, verði sett: *„nægilegt“*.
9. Viðaukaatkvæði *B. Péturssonar* við enda 2. greinar:
Að eptir orðin: »eigi fóður«, verði bætt: *„eða geti átt kost á því hjá öðrum“*.
10. Viðaukaatkvæði *B. Þórðarsonar* við enda 2. greinar:
„eða geti fengið það keypt hjá öðrum“.
11. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar* við enda 2. gr.:
»Og hverjum þeim, sem stofnar kvikfènaði sínum í fyrirsjáanlegan hordauða, af ráðlauslegri ásetníngu gegn ráðum viðkomandi sveitarstjórnar«.
12. *Nefndin* (3. niðurlagsatriði), 3. gr.:
»Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.
13. *Frumvarp stjórnarinnar:*
»Hver sem verður sekur að grimmdarlegri misþyrmingu á skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður annara, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að

sektast allt að 50 ríkisdölum, eður sæta líkamlegri hegníngu allt að 20 vandarhöggum«.

14. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg vona, að þíngmönnum sè svo kunnugt nefndarálitið, að eg geti verið því fáorðari um málið sjálft, en við uppástúngu nefndarinnar eru komin ýms breytíngar- og viðaukaatkvæði, sem eg skal minnast lítið eitt á. Þíngmaður Árnesínga hefir þá gjört það breytíngaratkvæði við 1. gr. nefndarinnar, að orðin: »einkum alidýr«, falli burt, og væri eg ekki í móti því í sjálfu sèr, ef eg væri ekki hræddur um, að greinin yrði allt önnur, ef þessi orð verða felld alveg burt, því í greininni er gjörður munur á grimmdarfullri misþyrmíngu og miskunarlausri meðferð. Þetta síðara lítur til brúkunar hinna tömdu dýra og á því ei vel við, að hafa þá ákvörðun um öll dýr, svo það er mjög hætt við því, ef þessi orð yrði felld burt, að meiníngu yrði raskað, og henni vil eg ekki breyta. Næsta breytíngaratkvæðið um það að setja »einkum húsdýrum« í staðinn fyrir »einkum alidýrum« í 1. gr. nefndarinnar, sè eg ekki að bæti neitt, því eg held eptir þeim upplýsíngum, sem eg hefi fengið um þessi orð, að »alidýr« sè það orð, sem hèr á við og sem kemur fyrir í fornmálinu um tamdar skepnur, sem eru undir manns hendi, en orðið *húsdýr* mun varla vera til í fornmálinu, og ímynda eg mèr ekki, að þíngmönnum sè kærara danska orðið, en hið íslenzka, svo að þeir vili aðhyllast þetta breytíngaratkvæði; aptur mun orðið alidýr vera brúkað sumstaðar í landinu og alþýða fljótt geta vanið sig við það. Viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, að sektirnar skuli falla í fátækrasjóð, þar sem brotið er framið, þykir mèr ekki heppilegt, því það gjörir málið flóknara og rúglíngslegra, og er einnig á móti almennum reglum; reglan mun vera sú, að sektirnar ganga í þann fátækrasjóð, hvar maðurinn er tekinn fyrir og verður sannur að sök, en hinu er ómögulegt að framfylgja, t. a. m. þegar maður verður uppvís að því, að hafa framið slíkt brot í fleiri stöðum, þá ætti að skipta sektunum eptir viðaukaatkvæðinu milli allra þeirra hreppa fátækrasjóða, sem brotin eru framin í. Einn maður getur líka framið brotið á ferð í gegnum fleiri sveitir, og getur þá orðið erfitt að afgjöra, í hverrar sveitar sjóð sektirnar eiga að falla. Það er líka óþarfi að taka það fram, að gjaldið eigi að falla í fátækrasjóð, því það stendur í öðrum ákvörðunum. Breytíngaratkvæði

þingmannsins úr Norður-Þingeyjarsýslu við 2. gr. undir tölulið 6. hefir nefndin fallizt á, af því henni fannst sú breytíng, að hafa »skepnur« í staðinn fyrir »fènað«, vera góð; en viðaukaatkvæði þingmanns Austur-Skaptfellínga, að bæta »nægilegt« inn í greinina á undan »fóður«, gjörir ei annað en vekja efasemi á rèttum skilníngi lagaboðsins, því þegar greinin er orðuð, eins og nefndin hefir gjört, »þó hann eigi fóður handa honum«, þá er auðvitað, að meiníngin er, að fóðrið hafi verið svo mikið, að eigandinn hafi getað bjargað skepnum sínum frá hordauða. Orðið »nægilegt« þýðir þá alls ekkert, nema ef það væri að gefa bendíng um að drepa mætti úr hor, ef fóðríð væri lítið, svo að þessi viðbætir verður ekki til annars en að gjöra lagaboðið lengra og vafníngsmeira, án þess að taka fram neitt annað en það, sem liggur í hlutarins eðli. Þá kemur viðaukaatkvæði þingmannsins úr Suður-Múlasýslu um, að eptir »eigi fóður« verði bætt »eða geti átt kost á því hjá öðrum«, og þykir mèr mjög varúðarvert fyrir þíngið að fallast á það, því það getur orðið vafníngssamt og umsvifamikið að sanna, að hann hafi átt kost á fóðri eður ekki, og hvað á hann að hafa farið langt til þess að leita fyrir sèr með að fá fóður til nágranna sinna? Í næstu sveitir? Eða næstu sýslur? Og fyrir hvaða verð? Ef nú svo stæði á, að þeir, sem hey ætti, væri mjög sárir á því, eins og opt ber við, og vildi ekki láta það nema með afarverði, ætti þá þeim manni, sem ekki vildi ganga að því að kaupa heyið fyrir geysiverð, að verða gefið það að sök, og hann þess vegna sektaður? Jú, samkvæmt þessum viðauka á hann að sektast, og þá gjörir viðaukinn lagaboðið harðara, því það neyðir menn til að kaupa hey, með hvaða verði sem það fæst, og auk þessa getur það orðið erfitt og umsvifamikið að sanna, að hann hafi átt kost á fóðrinu hjá öðrum. Þá er næst viðaukaatkvæði þingmanns Barðstrendínga, og er það mjög líkt því, sem eg seinast talaði um, hefir líka galla, en er að eins dálítið þrengra; þá kemur undir 11. tölulið viðaukaatkvæði þingmannsins úr Strandasýslu, er vill láta sömu sekt ná einnig til þeirra, er á móti ráðum sveitastjórnarinnar stofnar fènaði sínum í hordauða; það getur verið æskilegt, því neita eg ekki, að þeir, sem ekki eru góðir búmenn, fari að ráðum sveitastjórnarinnar, en mèr sýnist heldur en ekki vafasamt, hvort sveitastjórnin eigi að hafa svo mikið vald yfir einstökum mönnum eða eignum þeirra, eða binda svo hendur hans, að hann annaðhvort verði að fara að ráðum sveitastjórnarinnar eða þá að sæta

hegníngu. Þessi ákvörðun kæmi að öðru leyti lagaboði þessu ekki við, en ætti að eiga heima, þar sem gefnar væri reglur um góðan búnað, ætla það yrði annars ekki nokkuð örðugt fyrir sveitastjórnina, að meta það fyrir fram, hversu mikið fé sá og sá gæti sett á hey sín, því það, sem er nægilegt í góðum vetri, er of lítið, ef harður vetur kemur, og útigangur er svo nauðsynlegur á Íslandi, að ekki verður hjá honum komizt. Yfir höfuð álít eg, eins og eg tók fram við undirbúníngsumræðuna, að uppástúngur nefndarinnar sè betri en frumvarpsgreinin, því frumvarpið finnst mèr of hart og svo finnst mèr það óviðkunnanlegt að gjöra það að jústízmáli, sem að eins lýtur að góðri reglu í mannfèlaginu.

Ólafur Jónsson: Eg ætla að eins stuttlega að skoða breytíngar nefndarinnar á frumvarpinu: Fyrst hefir nefndin breytt orðinu »grimmdarlegri« í »grimmdarfullri«; þetta þykir mèr óveruleg breytíng og óþörf, því bæði orðin innibinda hið sama í sèr, og eg get ekki sèð, í hverju orð það, sem nefndin hefir valið, er betra. Þar næst hefir nefndin sett orðið »alidýr« í stað orðsins »húsdýr« í frumvarpinu, og hefir verið mikil þráttan um þessi orð milli lærðu mannanna, og skal eg ekki segja um það, hver þeirra hafi rèttara fyrir sèr, en það er mín meiníng, að »húsdýr« sè íslenzkt eins og hitt, að minnsta kosti er það nú, þar sem eg þekki til, brúkað meir í daglegu tali, og finnst mèr því þessi breytíng einnig óþörf. Þar næst hefir nefndin »eign hans eður eigi« þar sem í frumvarpinu stendur »eign hans eður annara«; þessi breytíng þykir mèr einnig óþörf. Svo hefir nefndin fellt úr seinasta kafla frumvarpsgreinarinnar, og veit eg ekki, hvort það er æskilegt, því það gæti í ýmsum tilfellum verið gott, að hafa þessa ákvörðun um líkamlega hegníng. Nú hefir nefndin aptur bætt við nýrri grein og við hana eru gjörð mörg breytíngaratkvæði; þessa nýju grein álít eg óþarfa, því mèr finnst, að ákvörðun sú, sem í henni er, sè í frumvarpsgrein stjórnarinnar, því mèr finnst það liggja í orðunum »harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð«, því undir þessa ákvörðun getur t. a. m. það heyrt, ef einhver rekur skepnur sínar, sem koma heim að bæ, út á gaddinn, þegar hann á nóg hey, og þær svo verða að drepast af hjargarleysi. 3. greinin um það, að öll mál, sem rísa af þessu lagaboði, skuli farið með sem opinber þögreglumál, er ef til vill þörf og ef til vill líka ekki þörf; um það skal eg ekki þrátta, en yfir höfuð sýnist mèr, að nefndin hafi ekkert bætt frumvarp stjórnarinnar, og mèr sýnast breytíngarat-

kvæðin ekki heldur vera til neinna bóta, og ætla eg því að gefa atkvæði mitt með stjórnarfrumvarpinu eins og það var og er, en hvorki með greinum nefndarinnar nè breytíngaratkvæðunum við þær.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg hefi ekki lengt þíngræðurnar í þessu máli, heldur hefi eg setið og hlýtt á ræður manna fyrst við undirbúníngsumræðuna alla, og svo nú, því mèr hefir virzt, að hèr sè ekki svo gott við að gjöra, að tilganginum verði fallega náð, eptir því sem málið liggur núna fyrir. Það er víst, að tilgangurinn þessa málefnis er góður, og það er nauðsyn að innræta þjóðinni það hugarfar, að skepnurnar eigi guð yfir sèr, og það sè ekki saklaust, að fara illa með þær, og það er nauðsynlegt, að það sè lög til um það, og að það sè sèð fyrir því, að rètti skepnanna verði haldið uppi, en hvort sem þetta er nú ónauðsynlegt eða þá nauðsynlegt og fallegt, eins og margir hafa viðurkennt, þá held eg að löggjöfin í þessu efni verði jafnfátæk eptir sem áður fyrir þetta, sem enn er komið í þessum lagatilbúníngi, því svo ófullkomið sem stjórnarfrumvarpið er, þá virðist mèr, að nefndarálitið sè þó hálfu verra, því það gjörir málefnið allt flækjulegra og grautarlegra, svo bágt mun verða að fella lagasektir fyrir þessi illvirki eptir því. Frumvarpið leggur þó við hýðíngarrefsíng, þegar ekki verði komið útlátum við, nú vil eg segja, að það er sjaldnast, að það sè nokkrir dugandismenn eða þeir, sem nokkurs sè um komnir eða megnugir, sem gjöra sig seka í vondri meðferð á skepnum. Það verða helzt til þess heimskíngjafautar, sóðar eða klaufar eða gapadrengir; þessir held eg hafi ekki til 50 rd. summur að láta úti, og eg held skepnurnar verði jafnrèttlausar, hvernig sem með þær er farið, ef ekki má slá í þessa pilta, þegar þeir kvelja þær. Eg held það verði optast bágt, að sakfella húsbóndann, þó undirhafendur, sem fara með skepnurnar, skemmi þær eða drepi, t. a. m. þeir, sem fara með hestana, kunni ekki að leggja á þá, og drepmeiði þá svo, eður láti of þúngt á þá, og sligi þá, eður gapist á þeim og berì þá, þar til þeir springi, eður asni þeim út í ófærur; þetta ætti þó ekki refsíngarlaust að líðast, en þessir karlar, sem svona illa breyta, munu sjaldnast hafa fè úti að láta, og *hana nú,* þá er taflslok að refsa þeim, þegar ekki má hýða þá. Sama er að segja um sauðfèð, það eru optast smalarnir, sem mestu ráða um meðferð þess, og hagar víða svo til, að húsbóndinn getur ómögulega sèð yfir það, ef þeir eru svo lagaðir, að þeir arga á það hundum í grimmd og láta þá rífa það, eða þeir eru svo svikulir, að þeir láta það

liggja mannlaust saman úti á fönnum og klaka, í hörkum og harðviðrum, eður í forugum húsum framan af vetrunum; verður svo fèð svo illa tilhaft, að það drepst, þegar vorar, þó bæði sè fóður til og því sè gefið. Sumir húsbændur róa, þegar út á líður, og verða að fela öðrum á hendur að hirða skepnur, og ef þeir svíkjast um það, og skepnurnar drepast þess vegna úr hor, þá held eg sè bágt að sekta húsbóndann fyrir það, en ekki eru tekin skil hjá hinum, sem ekkert hafa, nema svikin, þegar ekki má refsa þeim. Það er borið fyrir, að það sè of hörð lög um þetta, að hafa refsingina í þeim; það særi of mikið velsæmistilfinníng manna. En hvað á við? bletta þessir karlar sig ekki sjálfir? *Nú,* ef ekki má bletta þá fyrir þessa og þvílíka athöfn, þá held eg, að skepnur hafi litla vernd af þessum lagatilbúníngi; þá er nú eitt spursmálið fyrir mèr; hver á nú að taka upp eða höfða þessi mál, t. a. m. þegar maður fer illa með skepnur sjálfs sín? Á lögreglustjórnin að gjöra það? Ef svo er, þá held eg þyrfti að fylgja lagaboðinu eitthvert aðhald eða aðvörunarorð, að lögreglustjórarnir væri skyldugir að vaka yfir, að þessar yfirsjónir færi ekki átölulaust fram; annars held eg, að hver skepna mætti líða bótalaust það, sem á hana væri lagt, því fáir mundu gjörast til að taka upp rètt þeirra; öll þessi breytíngaratkvæði álit eg þýðíngarlítil, og eg álít litla lagavernd fyrir skepnur í öllu þessu, sem komið er. Eg held, að stjórnarfrumvarpið sè þó skást, ef það fengist nú eptir allt saman, að það væri tekið óbreytt.

Framsögumaður: Eg held, að þíngmaður Mýramanna hafi bæði misskilið stjórnarfrumvarpið og nefndarálitið, því það er auðvitað, að það er ekki hægt að búa til lagaboð, sem nær yfir aðra en þá, sem breyta á móti lögunum; það er satt, að það eru helzt trassarnir, sem sæta hegníngu fyrir þvílik brot, sem hèr er talað um, en það getur þó verið, að aðrir gjöri sig seka í þeim, en þetta sama má segja um öll lög, t. a. m. lög um þjófnað ganga einúngis út yfir þjófana, og þíngmaðurinn getur víst varla fundið það að þeim, að þau ná ekki til ráðvandra manna, sem ekki gjöra sig seka í þjófnaði. Það er misskilníngur, að þetta sè ekki hegníng að sekta menn, því eg veit ekki betur, en að sú sekt, sem fer í opinberan sjóð, sè hegníng. Það eru líka til ákvarðanir um það, að sá, sem ekki geti borgað sekt þá, sem hann er dæmdur í, skuli sæta líkamlegri refsíngu; ef að þíngmaður Mýramanna hefði vitað þetta, þá hefði hann getað sparað sèr mikið af ræðu sinni; eg gat

þess að öðru leyti áður, að nefndinni þótti lagaboðið, eins og hún stakk upp á að það skyldi vera, nógu hart; auk þessa er líkamleg hegníng orðin óvinsæl hèr á landi, og þegar hún því ekki er beinlínis nauðsynleg, sýnist mèr hún eigi ekki að vera í nýju lagaboði, sem ákveður hegníng fyrir það, sem mönnum jafnvel ekki er svo ljóst að sè í sjálfu sèr hegníngarvert. Þá sagði þíngmaðurinn líka, að engi ákvörðun væri um það, hver ætti að taka þessi mál upp, en þetta er ekki rètt, því það stendur í 3. gr., að með mál þau, er rísa af þessu lagaboði, skuli fara sem opinber lögreglumál; mótmæli hans ná þá yfir öll lögreglumál, því með mál þessi gilda allar þær reglur, sem gilda um öll opinber lögreglumál, og það er bein skylda lögreglustjórans, að vaka yfir lögreglunni, og mun mega treysta henni eins vel í þessum málum sem öðrum. Álítur þíngmaðurinn annars ekki líklegt, ef únglíngur eða vinnumaður gjörir húsbónda sínum skaða með því að misþyrma eða fara illa með skepnur hans, að húsbóndinn þegi ekki yfir því? Því, sem þíngmaður Húnvetníinga sagði, vil eg ekki svara með öðru en því, að vísa honum til nefndarálitsins, því þar er öllu því, sem hann sagði, svarað greinilega.

Stefán Eiríksson: Nefndin hefir nú ekki getað fallizt á viðauka minn við aðra grein, heldur en neitt af breytíngar- eða viðaukaatkvæðum á þessari atkvæðaskrá, en mèr getur þó ekki betur fundizt, en að 2. gr. nefndarinnar yrði fyrir það sama síður misbrúkuð. Eg vil nú tiltaka, eins og hèr er alltítt á Íslandi, að harðindi dynja yfir stundum um miðjan vetur, stundum með aðventubyrjun, og það er alvenja í Múlasýslum, og því eru menn opt komnir í þrot með hey um sumarmál, en eptir þann tíma missa þeir helzt úr hor, sem missa á annað borð, og þá á nú eptir annari grein nefndarinnar að sekta þá, af því þeir urðu fóðurþrota; það er ekki langt á að minnast, að í fyrra vor drapst einmitt fènaður hèr, af því menn höfðu ekki fóður til fardaga, og af þessum ástæðum álít eg orðið »nægilegt« nauðsynlegt til að fyrirbyggja málsupptekt, svo eg get ekki verið nefndinni samdóma, að orðið nægilegt leiði frekar af sèr rannsókn, heldur en orðin »ef hann á«, því þau einmitt, þegar þau standa ein sèr, gefa tilefni til umfangsmikilla rannsókna og gjörræðis.

Magnús Andrèsson: Eg ætla ekki að tala mikið fyrir breytíngaratkvæði mínu, því *framsögumaður* sagðist ekki hafa mikið á móti því, en það, sem mèr gekk til að koma fram með það, var það, að eg var hræddur um, að það mundi valda misskilníngi,

hvort sem menn hèldi orðinu »húsdýr«, eða hefði orðið »alidýr«; hvort þessara orða sè betri íslenzka, skal eg ekki segja, því eg er engi málfræðingur, en mèr fundust bæði orðin óþörf, hvort sem menn aðhylltist stjórnarfrumvarpið eða uppástúngu nefndarinnar, og engu tapað, þó maður sleppti þeim, en það getur verið, að orðaskipunin verði ekki góð, ef maður sleppir þeim, þó eg ekki sjái það, og stendur mèr þá á sama, þó breytíngaratkvæði mitt falli, það er á þíngsins valdi, hvað það gjörir við það, en bæði orðin eru lítið þekkt hjá alþýðu, og er hætt við, að þau verði bæði misskilin. Um hin breytíngaratkvæðin og viðaukaatkvæðin ætla eg mèr ekki að tala; þeir munu tala fyrir þeim, sem þau eiga. En eg mun greiða atkvæði fyrir þeim eptir beztu sannfæríngu, eins og eg gjöri í hverju máli sem er.

Páll Melsteð: Eg sè, að nefndin í 1. tölulið hefir kallað lög þessi *„tilskipun* um illa meðferð á skepnum», og felli eg mig betur við þá breytíng og þá fyrirsögn, en fyrirsögn lagaboðsins í stjórnarfrumvarpinu; að kalla lög »opið brèf« hefir aldrei látið vel í eyrum mínum; eg kynni reyndar bezt við, að öll lög væri kölluð lög, en menn eru að líkindum ekki komnir hèr svo langt enn, að því verði við komið. Þá vildi eg minnast lítið eitt á orðin »alidýr« og »húsdýr« og stendur mèr hartnær á sama, hvort þeirra menn hafa; »alidýr« kemur að vísu fyrir í fornum bókum, en mun sjaldnast haft í daglegu máli, »húsdýr» kemur ekki fyrir í fornum bókum, en er haft í daglegu máli, og virðist mèr ekkert móti því að hafa seinna orðið; íslenzkan er ekki dautt mál, heldur lifir hún á vörum þjóðarinnar; svo finnst mèr líka aðgætanda, að mörg orð eru höfð í íslenzku, og er góð íslenzka, sem orðið »hús« er haft í samsetníngu, t. a. m. húsfreyja, húsbóndi, húsmaður o. fl.; virðist mèr því þetta orð »húsdýr« sè allgott orð, og eins gott og þau. Að öðru leyti þykir mèr vænt um, að þetta lagaboð kemur út. Eg ætla að gefa atkvæði mitt með uppástúngum nefndarinnar.

Björn Pètursson: Við undirbúníngsumræðu þessa máls skildist mèr ekki betur, en að hinn heiðraði sessunautur minn, þíngmaður Rangæínga, vildi gjöra orð mín tortryggileg, þar þau virtist gagnstæð bænarskránni frá Þínghöfðafundi til alþíngis 1859, sem þó hafði gefið að nokkru leyti tilefni til frumvarpsins, en þetta er tómur misskilníngur hans. Eg verð að *ímynda* mèr — því eg átti engan þátt í tilbúníngi bænarskrárinnar — að bænarskráin hafi viljað fyrirbyggja þá illu meðferð, sem *á sèr stað,* en ekki þá illu með-

ferð, sem *ekki á sèr stað;* eg hefi játað, eins og hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður sagði við undirbúníngsumræðu þessa máls, að sú illa meðferð ætti sèr stað, að menn dræpi stundum skepnur sínar úr húngri og hor fyrir óframsýni og slóðaskap, en alls eigi önnur. Frumvarpið girðir ekki fyrir þetta, því menn geta eptir sem áður, þó það yrði að lögum, drepið skepnur sínar úr hor að ósekju. Nefndin lætur vilja bæta úr þessu með 2. grein sinni; eg segi, að hún látist vilja gjöra það, því hún gjörir það ekki til hlítar, því hún leyfir öllum að drepa úr hor nema þeim einum, sem *eiga* fóður; en þessi ákvörðun getur verið misskilníngi undirorpin, auk þess að hún nær svo skammt, því það getur vel verið, að sá, sem hefir drepið fjölda fjár síns úr hor, eigi þó eptir á endanum einn eða tvo bagga af heyi. Nefndin vill ekki aðhyllast viðaukaatkvæði þíngmanns Austur-Skaptfellínga, sem þó skýrir meiníng hennar, hafi hún nokkur verið, og kann vera það ætli þá að sannast á henni, að hverjum þyki sinn fugl fagur, og að henni þyki þessi fugl sinn svo fagur, að hún vili ekki aðhyllast neitt annað en sínar eigin uppástúngur. Viðaukaatkvæði mitt var sprottið af því, að eg vildi, að sá, sem á kost á því, að fá fóður hjá öðrum handa skepnum sínum, en tímir ekki eða skeytir ekki um að kaupa, eða nennir ekki að sækja það, ef til vill til næsta bæjar, sætti sömu hegníngu og hinn, sem á fóður, því mèr sýnist lýsa sèr sama hugarfar hjá báðum, og eg sè engan mun á þeim, nema þann, að annar þarf, ef til vill, að fara eina eða tvær bæjarleiðir eptir fóðrinu; en það ætti ekki að gjöra þann mun, að annar verði sektaður og annar ekki. Ef nefndin ekki vill aðhyllast neitt af breytingar- og viðauka-atkvæðunum, þá vil eg fyrir mitt leyti miklu heldur gefa atkvæði mitt fyrir stjórnarfrumvarpinu.

Guðmundur Brandsson: Eg hèlt það frá upphafi, að því betur sem mál þetta væri skoðað, því fleiri annmarka mundu menn finna á því, og sýnist mèr, að ræður þíngmanns Mýramanna og þíngmannsins úr Suður-Múlasýslu sanni það, því þeir hafa þó sýnt nokkra galla á því, og sè eg ekki, að nein not verði hvorki að frumvarpi stjórnarinnar nè uppástúngum nefndarinnar, því það má teygja svo ákvarðanirnar út í allar æsar. Það geta t. a. m. verið margar meiníngar um það, hvað sè grimmdarfull misþyrmíng eða miskunarlaus meðferð á skepnum. Á sá maður, sem nokkrar skepnur drepast hjá, af því að hann sjálfur er fóðurlaus, en veður svo vont og vegir svo vondir, að hann getur ekki nálgazt það ann-

arstaðar frá, þó það sè þar, að sæta sektum, eða ef hross drepast hjá honum á heiðum, þar sem ekki verður til þeirra náð vegna snjóþyngsla og illviðra, þó hann hafi nóg fóður heima fyrir? Ekki getur mèr sýnzt það, og svona held eg að verði margar undantekníngarnar frá þessum lögum. *Framsögumaður* mælti á móti viðaukaatkvæði mínu og tók til dæmis, þegar maður á ferð meiddi hest, að þá yrði bágt að segja, hvar það hefði gjörzt; hann vildi, að lögreglustjórinn í því hèraði, þar sem maðurinn ætti heima, skyldi hafa gát á, að lögum þessum væri hlýtt í því að fara vel með skepnur, og ef út af því bæri, þá taka málið upp, en eg vil spyrja hann: hver er þessi lögreglustjórn? Eru það hreppstjórarnir? Og hvernig getur hann ætlazt til þess, að þeir geti haft gát á slíku; þeir vita ef til vill ekki af því, og fá aldrei að vita það, því menn geta þó ekki ætlazt til þess, að lögreglustjórinn eða hreppstjórarnir fari í allar ferðir með öllum mönnum í umdæmi þeirra; mèr finnst því, að eins og hann gat fundið margt að viðaukaatkvæði mínu, eins megi finna margt að uppástúngu nefndarinnar eða því, að sektirnar falli í hreppssjóðinn, þar sem hinn brotlegi á heimili, því ef t. a. m. maður austan úr Skaptafellssýslu misþyrmir hesti hèr í Reykjavík, veit lögreglustjórinn í Skaptafellssýslu ef til vill aldrei neitt af því, svo maðurinn þess vegna sleppur sektalaus. Eg veit líka, að þegar sáttargjörð er haldin í einhverju máli, þá rennur það fè, sem annarhvor málspartanna lætur úti til fátækra, inn í þann fátækrasjóð, þar sem sáttargjörðin er haldin, þó sá, sem úti lætur, eigi þar ekki heimili. Eins erú þjófnaðarmál tekin þar fyrir, sem þjófnaðurinn er framinn, eins og líka arður gripsins fellur inn í þann hrepp, þar sem gripurinn er tíundaður, þó hann sè eign annars manns í öðrum hreppi en þess, er hann tíundar, eins vildi eg nú, að sektirnar fyrir áminnzt lagabrot fèlli í fátækrasjóð hreppsins, þar sem brotið væri framið. En mèr skal ekki falla það sárt, þó viðaukaatkvæði mitt falli eða gangi í dauðann, og þá vildi eg helzt, að allt hitt færi sömu leiðina, því mèr finnst það allt saman vera rèttkjörinn dauðans matur. *(Björn Pètursson:* Vel sagt, rètt). Þetta lagaboð er reyndar getið af þínginu í fyrstunni, svo að skyldurækni þess skyldi vera það eina, sem bindraði það frá að drepa sitt eigið fóstur.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af því, sem hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu nú sagði, og sem laut að því, að frumvarp stjórnarinnar um hegníng fyrir illa meðferð á skepnum væri bæði

ónauðsynlegt og óhafanda fyrir þá skuld, að það mætti fara í kríng um það, geta þess, að sá annmarki er á öllum lögum, að það má fara í kríng um þau. Orð frumvarpsins eru að öðru leyti svo ljós, að eg get ekki skilið, að nokkur maður þurfi að misskilja þau, því allir vita vissulega, hvað liggur í orðunum »grimmdarleg misþyrmíng« og »miskunarlaus meðferð«. Þar sem gefin er almenn regla um eitthvert efni, er það að vísu opt vandasamt, að heimfæra þau einstöku tilfelli undir aðalregluna, en reglan er eins góð og gild fyrir það; dómarinn á hèr að gjöra þetta, og hann verður opt að dæma eptir álitum. Að lagaboðið sè óþarft, get eg ekki viðurkennt, það er þvert á móti nauðsynlegt, því þó skepnum sè hèr ekki ofboðið með vinnu, þá er þó opt farið illa með þær hvað fóður og hirðíng snertir. Það er gott, að það komist inn í meðvitund manna, að skepnurnar eigi rètt á sèr, og að því styður þetta lagaboð, og þíngið getur vissulega verið þekkt að því, að hafa beðið stjórnina um að leggja það fyrir þíngið.

Sveinn Skúlason: Eg ætla nú að byrja á byrjuninni eða sjálfum titlinum, og finnst mèr hann þá hafa skemmzt hjá nefndinni; hann heitir þar: »tilskipun um illa meðferð á skepnum«, en í stjórnarfrumvarpinu »um hegníngu fyrir illa meðferð á skepnum«: eg vildi, að orðunum »hegníngu fyrir« hefði verið haldið, og svo kann eg ekki við þetta orð »tilskipun«, því ef litið er til merkíngar þessa orðs, þá má skilja titilinn svo, eins og í lagaboðinu væri skipað fyrir um, hvernig illa eigi að fara með skepnur, og vona eg því, að titill nefndarinnar verði felldur. Eg get ekki fallizt á breytíngaratkvæði þíngmanns Árnesínga, því mèr finnst »einkum« eiga að standa og svo annaðhvort »alidýr« eða »húsdýr«, og sèr í lagi á að halda orðinu »einkum«, vegna þess að maður verður að gjöra mun á því, hvað saknæmt sè í illri meðferð á skepnum; mèr finnst það t. a. m. hvorki sè eða eigi að vera eins saknæmt, þó skytta kreisti hvolp við greni til þess að laða tóuna, svo hún verði skotin, eins og ef menn misþyrma einhverju húsdýri; mèr finnst þörf á að brýna fyrir mönnum, að þeir hafi meiri skyldur við húsdýrin en við önnur dýr. Þá kemur breytíngaratkvæðið, sem eg á til þriðjúnga, og sè eg, að nefndin hefir brugðizt mèr með að fallast á það, eins og *framsögumaður* lofaði í hennar nafni við undirbúníngsumræðu. Eg vil hafa orðið »húsdýr« en ekki »alidýr«, því þó húsdýr sè ekki gamalt orð og finnist ekki í fornum bókum, þá er það miklu skiljanlegra en hitt, og finnst mèr betra að hafa það

orðið, sem betur skilst, og svo er eg ekki viss um, nema að húsdýr sè eins gamalt og gott orð, því þó *framsögumaður* hafi borið sig saman við ýmsa menn um þetta, þá geta verið ýmsir lestrarmátar í Eddu, nú er þetta orð orðið vanalegt (*Halldór Kr. Friðriksson:* Misskilníngur!). Getur verið. Það er satt, sem þíngmaður Húnvetníngа tók fram áðan, að breytíngin á »grimmdarlegri« í »grimmdarfullri« var óþörf. Mèr fannst það vel tekið fram af þíngmanninum úr Austur-Skaptafellssýslu, að orðið »nægilegt« væri nauðsynlegt, því menn mega ekki drepa fènað úr hor, þegar fóður er fyrir hendi. En það getur verið vandi að dæma um þetta, hvenær fóðrið sè nægilegt, og verður slíkt að vera komið undir álitum dómarans, eins er viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Suður-Múlasýslu ekki óþarft, en eg held, að það þurfi ekki að standa nein ákvörðun um það í lögunum því dómarinn á að dæma um það, hvort þær mildandi kríngumstæður sè fyrir hendi í hvert skipti, að brotið sè ekki saknæmt. Ekki get eg fallizt á viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu um að gefa sveitastjórninni þetta mikla vald; þó að reglan sè góð, að sveitastjórnin megi setja ofan í við ráðleysíngja, þá er ekki gott fyrir sveitastjórnina að vera viss í sinni sök, og svo er hætt við, að þetta vald muni verða misbrúkað.

Jón Hjaltalín: Mèr finnast ræðurnar um þetta mál vera orðnar langar, eg hèlt þær mundu ekki verða það, því þegar eg sá nefndarálitið og niðurlagsatriðin, datt mèr í hug »sá kló, sem kunni«. Nefndarálitið er gott, og það hefir líka lögfræðíngur samið það; það er auðsèð og ræðurnar benda á það, að vèr munum verða lengi að því að búa til lög, sem stærri eru en þetta, ef menn ætla sèr að toga og teygja hverja setníng í það óendanlega; þetta er hægt að gjöra í hverju máli sem er, því það er varla sú setníng til, að ekki megi teygja hana í allar áttir, eptir því sem skilníngur, þekking og menntun manna er, og vèr verðum að gæta að því, þegar vèr gefum lög, að vèr getum ekkert gjört, sem ekki má að finna. Eg get nú ekki betur sèð, en að nefndarálitið taki betur fram meiníng lagaboðsins en frumvarpið. Um breytíngaratkvæðin ætla eg ekki að tala, því þau styðjast ekki við góð rök. Þíngmaður Mýramanna sagði, að þetta lagaboð væri óþarft, af því að það næði ekki til annara en fanta, sem ekki gæti borgað sektina, en það er ekki sannað, að allir fantar sè fátækir. Hann sagði líka, að hann vissi ekki, hver ætti að vaka yfir, að slík brot yrði ekki framin að ósekju, og er það merkilegt, þegar hann veit, að

þau mál eru lögreglumál, sem hèr af rísa, og að lögreglustjórar eru þó til. Mèr þótti lítið varið í hrós það, sem þingmaður Snæfellínga gaf nágranna sínum, því það er hægt að fara í kríng um öll lög, og ef við ættum að bíða eptir því, að það yrði ekki gjört, er eg hræddur um, að við fengjum aldrei nein lög. Eg hefi af umræðunum enn meir sannfærzt um það, að nefndin hefir tekið betur fram stefnu lagaboðsins en frumvarp stjórnarinnar, enda er það og satt, er eg sagði áðan: »sá kló, sem kunni«, þar sem 2 lagamenn hafa hèr um fjatlað. Menn hafa verið að rífast um, hvort væri rèttara að hafa »alidýr» eða »húsdýr«, og læt eg aðra um það, en eg er eins ánægður með nefndarinnar orð eins og hitt. Breytíngaratkvæðin gjöra lagaboðið lengra og má margt um það segja til og frá, eg sleppi þeim öllum, og held mèr til nefndarinnar.

Framsögumaður: Þingmaðurinn úr Suður-Múlasýslu var að eltast við viðaukaatkvæði sitt, en eg saknaði þess, að hann sá sig ekki færan um að gefa bendíng um, hvernig hann hugsaði sèr að brúka þá reglu, sem hann gaf. Það er líka undarleg aðferð að vilja sannfæra menn um, að það sè betra, sem maður sjálfur stíngur upp á, með því að sýna gallana á annara uppástúngum, einkum þegar hver og einn verður að sjá, að samkynja gallar á enn hærra stigi eru á manns eigin verkum, og það á sannarlega heima hjá viðaukaatkvæði þingmannsins. Hann sagði reyndar, að nágranni hans hefði *má ske* boðið honum fóður, en mèr sýnist það undarlegt, þegar menn eru að gefa lög, að hafa ekki aðra ástæðu fyrir þeim en *má ske*. Svo tók þingmaðurinn undir sig tröllahlaup eitthvert frá nefndarálitinu til stjórnarfrumvarpsins, eg kalla það tröllahlaup, því það var óeðlilegt vegna þess, að nefndarálitið er þó nær hugsun hans. Nefndin tók fram skýlaust, að það væri saknæmt, sem henni þótti efasamt hvort heyrði eptir stjórnarfrumvarpinu undir illa meðferð á skepnum, og var það nauðsynlegt, því menn mega ekki heimfæra undir slíkt lagaboð sem þetta annað en það, sem tekið er með berum orðum fram í því. Eg vildi annars gjarna vita, eptir hvaða hugsanasambandi þingmaðurinn rauk frá nefndarálitinu til stjórnarfrumvarpsins, af því að nefndin ekki vildi fallast á viðaukaatkvæði hans. Að því er það snertir, sem þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði áðan um sektirnar, þá vakti það fyrir nefndinni, að taka ekki inn í þetta lagaboð neitt það, sem almennar reglur væri til um, því ef menn ætti að gjöra það við hvert eitt lagaboð, þá yrði það, þó

það væri lítið í sjálfu sèr, heil bók, og er eg þá hræddur um, að það yrði ofvaxið kröptum þessa þings, að búa til lög með því lagi. Ef því allar almennar reglur ætti að takast inn í þetta litla lagaboð, er eg hræddur um, að það yrði heldur en ekki mikilfengt og mikilfengara en svo, að eg vildi nokkuð við það fást. Þingmaðurinn úr Norður-Þingeyjarsýslu vildi breyta fyrirsögn nefndarinnar og bæta inn í hana »um hegníng fyrir« og líkaði betur fyrirsögn stjórnarinnar, en eg held, að fyrirsögn stjórnarinnar sè ekkert axarskapt, en af því hann er skáld og fjörugur í huga, þá vildi hann gjöra titilinn hlægilegan með orðinu »tilskipun«, en mèr finnst, að tilskipun sè bezta orðið, og mèr sýnist óþarfi að hafa orðið »hegníng« í fyrirsögn lagaboðsins, því lagaboðið tiltekur ekki einúngis hegníngina, heldur líka skilyrðin fyrir hegníngunni *(Sveinn Skúlason:* Þess vegna hvorttveggja). Það er satt, en mèr finnst ekki þurfa að taka það fram, án þess þó eg vili neita því, að það hefði farið eins vel á því, að fyrirsögnin hefði verið eins og hann tók fram. Eg er nú orðinn aiveg sannfærður um, að *alidýr* er íslenzkt orð og að *húsdýr* er danska, og hefi eg svo góð og gild rök fyrir mèr, að eg vil heldur hafa *alidýr,* en það er sjálfsagt, að þingið ræður, hvort orðanna það aðhyllist.

Indriði Gíslason: Eg skal nú ekki tala langt núna; það er ekki gustuk; það hafa orðið svo langar umræður um það. Fyrst, þegar þetta mál kom fyrir þingið 1859, þá fannst mèr það óþarft að fara að gefa lög út um þetta efni; eg var líka hræddur um þá, og er enn, að lítið muni verða breytt eptir þeim, þó þau komi. En úr því nú svona langt er komið, þá held eg verði ekki annað betra gjört, en að samþykkja breytíngar nefndarinnar. Frumvarpið sjálft er nú að vísu gott yfir höfuð; en mèr finnst það allt of strangt, að tiltaka hýðíngarrefsíng fyrir þvílíkt smáafbrot, sem þar að auk ef til vill geta verið óviljaverk. Eg vil því gefa atkvæði mitt með nefndarálitinu, en sleppa öllum breytíngar- og viðaukaatkvæðum; því sum þeirra er eg nú hræddur um að komi fremur af fordild, og til að eyða tímanum, heldur en til gagns. Nefndin hefir farið í svo ljósa stefnu sem auðið er, og vil eg því halda mèr til hennar.

Ásgeir Einarsson: Eg er nú hræddur um, að þegar meiníngarnar eru svona tvískiptar á þínginu, þá muni ekki meiníngamunurinn og misskilníngurinn verða minni meðal alþýðu um þetta efni, og þess vegna held eg, að ekki væri óþarft, að einhver kæmi

með eitthvað, sem gæti skýrt málið. Það er aðgætanda, að þetta áformaða lagaboð snertir marga hina einföldustu menn á landinu. Sumum kann nú að þykja lítið varið í þetta umtalaða orð »alidýr«; það ríður þó á, þegar dæmt er í þessum málum, að ákveðið sé, að hvaða takmarki þetta eigi að ná. Þegar eg skoða nú þetta orð, detta mèr tvær skoðanir í hug á þýðingu þess: fyrst, eins og til dæmis í eldishestur og alikálfur, sama sem alinn til fitu eða slátturs; aptur eru önnur dýr, sem lifa á lakara fóðri, en eru þó hirt, og alin á fóðri. Það hefir verið talað um, hvort útigangsdýr heyri hèr undir; það skal eg nú láta ósagt, en yfir höfuð verður dómarinn að skera úr, hvort hin illa meðferð er sprottin af hirðuleysi, eða ásetningi. Það hefir verið stúngið upp á, að sleppa báðum orðunum »húsdýr« og »alidýr«, og setja í staðinn: »skepnur«; en eg verð nú að segja um það, að eg legg mikla þýðíng í orð Dr. Mynsters, og hann segir, að skepna sè allt það sem skapað er, og þá yrði það nú töluvert yfirgripsminna, en hèr er ætlazt til; en þó maður taki það nú ekki í svo viðri merkíngu, heldur um allt það, sem tilfinníng hefir, svo það getur særzt við harða meðferð, þá held eg nú að mönnum verði býsna vandfarið. Um hin breytíngar- og viðaukaatkvæðin ætla eg nú ei að tala, en að eins minnast lítið eitt á viðaukaatkvæði mitt undir tölulið 11.; það hefir nú orðið fyrir býsna hörðum dómi, meðan ekkert var þó mælt með því til gyllíngar; eg komst nú ekki að við undirbúníngsumræðuna, til að mæla neitt með því, nema snöggvast til að skjóta því inn. Hinum háttvirta *framsögumanni* þótti nú ísjárvert, að gefa sveitastjórninni svo mikið vald, að hún mætti skerast í, þegar fè væri drepið úr hor; þetta getur nú vel verið; en reynslan sýnir þó, að menn áður hafa gengið lengra í þessu efni, þó ei hafi verið nein lagaboð fyrir því; því margir, sem hèr eru viðstaddir, muna líklega, að meðan Bjarni Thórarensen var amtmaður í Norðurumdæminu, voru settar nefndir, til að setja á hjá fólki á haustin. Ef nú þíngið ekki vill gefa sveitastjórninni vald til þess, að skerast í, ef fè er drepið úr hor, þá vil eg spyrja það að, hvort það vili gefa sveitastjórninni vald til að banna öreigum hjónaband, hvernig sem á kann að standa. Einn þíngmanna sagði, að viðaukaatkvæði mitt mundi fremur horið upp af fordild en til gagns; en þá verð eg nú að segja, að margir hafa nú komið fram með fleiri uppástúngur hèr á þíngi, heldur en eg, og þó að þetta sè mín meiníng og sannfæríng og eg álíti, að það geti orðið til góðs, þá álít eg mig samt skyldugan, að gefa

mig undir álit þingsins, ef engi sèr þetta annar en eg, og vil eg því biðja þá, sem eptir eiga að tala, að láta í ljósi álit sitt um það. En ef viðaukaatkvæði mitt er fellt, vil eg þó heldur halda mèr til frumvarpsins, því það er yfirgripsmeira en nefndarálitið.

Jón Pètursson: Eg ímynda mèr nú, að þingið ekki felli lagaboðið, úr því það einu sinni fór að taka það til meðferðar 1859, og sendi álitsskjal um það til konúngs þá, og vildi þá fá lög um þetta málefni; því það væri beinlínis mótsögn. Mèr þykir það mjög undarlegt, að heyra af *alþingismönnum,* að þeir skuli ekki vita, að sektir eiga að afplánast með hýðingu, þegar hlutaðeigandi ekki getur borgað sektina. Eins þykir mèr það mjög merkilegt, að alþingismenn og það hreppstjórar skuli eigi vita, hvernig opinber lögreglumál eiga að höfðast. Hinn heiðraði þingmaður Mýramanna tók það fram, að það væri varla ómaksins vert, að vera að eyða tíma við svo lítilsvert frumvarp sem þetta, en eg verð þá að segja honum, að það er aumt, að vera að eyða tíma til þvílíkrar ræðu, sem hann hèlt. Menn hafa sagt, að það mætti teygja stjórnarfrumvarpið og uppástúngur nefndarinnar út í allar æsar; því margar gæti verið meiningar um, hvað væri grimmdarfull meðferð á skepnum; mèr finnst það nú ekki eiga við, að vera að fetta fíngur út í þetta; því hver sem skilur, hvað »grimmd« þýðir, hann skilur líka, hvað »grimmdarfull meðferð« er; annað er, ef menn eru svo sljóvir, að menn skilja ekki, hvað »grimmd« er, en eg gjöri ekki ráð fyrir neinum dómara svo sljóvum. Það eina, sem nefndinni og stjórnarfrumvarpinn bar á milli, var, að nefndin vildi aftaka hina líkamlegu refsíng, og ástæður hennar voru þær, að bæði er þetta brot ekki svo stórt í sjálfu sèr, og er líka af alþýðu ekki álitið hegníngarvert, og af því er þá auðsèð, að hegníngin verður að vera sem linust, meðan sú skoðun er að komast inn í þjóðarmeðvitundina, að þetta brot sè í raun og veru hegníngarvert, líka verða menn langtum fúsari á, að tilkynna brotin yfirvaldinu, því linari sem hegníngin er, og því minna sem hún er gagnstæð skoðunarhætti manna. Einnig þótti nefndinni betra, að menn gæti komið fyrir sig fjárbótum, svo að ekki þyrfti að vera að höfða mál í hvert skipti, sem brotið væri framið, en það hefði óumflýjanlega þurft, hefði líkamleg hegníng líka verið lögð við á þann hátt, sem gjört er í frumvarpi stjórnarinnar. Eptir nefndarinnar uppástúngu geta því hlutaðeigendur borgað þegar sekt, ef þeir vilja, og sloppið hjá allri málsókn, einúngis að hún sè boðin hæfileg, svo amtmaður geti

samþykkt hana, eins og hinn seki ef til vill má selja amtmanni á vald, að ákveða sektina sjálfum; en eptir frumvarpinu hlýtur dómur að falla í málinu, en við það verður málið langtum umsvifa- og kostnaðarmeira. Þetta var nú aðalbreytíngin, sem nefndin gjörði á frumvarpinu; en viðauki nefndarinnar í 3. gr. er beinlínis afleiðíng af þessari skoðun og því, að nefndin sleppti hinni líkamlegu refsíngu. Ef þíngmenn því vilja hafa hegníngina lina, og málin umsvifa- og kostnaðarlítil, þá ætti þíngmenn að fallast á breytíngar nefndarinnar; en ef þeir vilja hafa hana harða, og ekki horfa í, þó talsverður kostnaður falli á hinn seka, þá á frumvarpið. Eg vil enn taka það fram, að ef ákvörðuninni um líkamlega hegníng er haldið, þá getur svo komið fyrir, að dómarinn verði, til að geta leitt málið til lykta með dómi, að halda rannsókn í því, ef til vill í einum 3 eða 4 þínghám, og það getur þó orðið æði tilfinnanlegur kostnaður, sem af því leiðir, og það þó hèr sè ekki nema um smáyfirsjónir að gjöra. Nú vil eg þá snúa mèr að hinum einstöku atriðum á atkvæðaskránni. Þá er nú fyrst að tala um fyrirsögnina »Tilskipun um illa meðferð á skepnum á Íslandi«; það getur nú verið, eins og þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu tók fram, að betur ætti við, að segja: »tilskipun um hegníng fyrir illa etc.«; en það er ekki nóg; tilskipunin er um meira eptir uppástúngu nefndarinnar en hegníngina, hún er líka um það, hvernig með þau mál skuli fara, sem af þessu leiða; hinn heiðraði þíngmaður hefði líklegast ekki hneykslazt á, ef fyrirsögnin hefði verið: »Tilskipun um Dyrplageri«. Nefndinni þótti óviðkunnanlegt, að hafa fyrirsögnina þannig, sem stóð í frumvarpinu: »opið brèf, sem lögleiðir á Íslandi lög í Danmörku fyrir illa meðferð á skepnum«; bæði átti nú þetta ekki við úr því frumvarpi stjórnarinnar var breytt af nefndinni, og henni fannst líka menn hèr á landi ekki þurfa að vita, að lög um þetta væri gildandi í Danmörku, því lagaboðið ynni engu meiri helgi við það; og loksins á í lagaboðinu sjálfu að standa allt, sem menn þurfa að vita um þetta efni, og þá á ekki við að vera að vitna í dönsk lög, sem menn hafa hèr ekki, og ekki þurfa að þekkja. Yfir höfuð finnst mèr því fyrirsögnin hafa unnið við breytíng nefndarinnar, einkum ef þíngið fellst á uppástúngur nefndarinnar. Hvað 2. breytíngaratkvæðinu viðvíkur, þá mætti menn nú, ef orðið »alidýr« eða »húsdýr« væri misskilníngi undirorpið, gjarna fallast á þetta breytíngaratkvæði, en mèr finnst þess ekki þörf; orðið »alidýr« kemur bæði fyrir í Guðbrands- og Þorláksbiflíu, og eg veit, að þíngmenn

þekkja og elska biflíuna, svo að þeir steyta sig ekki á því í lögum, sem kemur fyrir í biflíustílnum, auk þess, sem þetta orð er haft í þessari þýðingu í gömlu íslenzku lögunum. Að því er breytíngaratkvæði þingmanns Gullbríngusýslu snertir, þá held eg nú, að það geti ekki átt við; það getur verið, að brotin, sem eitt mál er um, hafi verið í ýmsum hreppum framin, og ef að nú sektin fyrir þau öll, sem dómurinn ákvæði undir einu, ætti að skiptast millum hreppanna, þá gæti svo farið, að ekki yrði mikið, sem fèlli til hvers hreppsins fyrir sig, auk þess, sem engi, ef til vill, gæti vitað eður sagt stundum, í hverjum hrepp brotið væri drýgt. Þar á mót er sjálfsagt, að sektin falli til sjóðs þess hrepps, þar sem sá seki á heima, þó brotin hafi verið drýgð af honum í ýmsum hreppum. Breytíngaratkvæðið undir tölulið 6. álít eg mikið gott, og held, að nefndarálitið batnaði við það, ef það væri aðhyllzt. Að því er nú snertir breytíng nefndarinnar á frumvarpinu undir tölul. 7., þá getur þingið fellt það, ef því svo sýnist, því það getur vel verið, að ekki liggi annað í því, en í stjórnarfrumvarpinu; en nefndinni fannst þetta ljósara, og þar að auk hafa margir þíngmenn játað, að þetta væri það tilfelli, sem optast kæmi fyrir, og því er helzt þörf á, að ákvörðunin því viðvíkjandi sè sem ljósust. En þar á mót er spursmál um, hvort eigi mætti sleppa endanum á 2. gr.: »þó hann eigi fóður handa honum«, þó ekki hafi nú komið fram neitt breytíngaratkvæði um það; því það á yfir höfuð að taka sig fram, að hegníngin er fyrir grimmdina eður mannvonzkuna, sem liggur í gjörðinni. Þá leiddi nú af sjálfu sèr aptur, að öll viðaukaatkvæðin við þessa grein fèlli. En eptir því sem þau nú eru, þá finnst mèr þau nú lítið bæta, heldur draga athygli manna frá því, að áherzlan liggur á »grimmdinni«. Eg get heldur ekki fallizt á viðaukaatkvæðin undir 9. og 10. tölulið. Eptir þeim verður það að sannast, að maður hafi getað fengið fóður hjá öðrum; en til þessa yrði dómarinn að yfirheyra alla bændur í sveitinni, og það yrði töluverðum örðugleikum og kostnaði bundið. Þess vegna, þó hugsunin í þessum viðaukaatkvæðum sè góð, þá verða þau til að gjöra málið langt um of umsvifamikið. Í viðaukaatkvæðinu undir tölulið 11. er nú líka víst góð hugsun; en þar er nú auðsèð, að alveg er sleppt hugsuninni um, að refsíngin er fyrir »grimmdarfulla meðferð«; þar er grundvöllurinn ráðleysi og óhlýðni við sveitastjórn; það er því óviðkomanda þessu lagaboði, en ætti inn undir það lagaboð, sem ákvæði refsíng fyrir óráðþægni við sveita-

stjórn. Þingið ræður nú, hvað það tekur af þessu; en eins og eg sagði áðan, ef þingið vill hafa hegníngina lina og mál þau umsvifalítil, er út af þessum brotum rísa, þá er því bezt að samþykkja nefndarálitið; en ef það vill hafa hana harðari, og horfir ekki í, þó mál þessi verði umsvifameiri, þá stjórnarfrumvarpið.

Stefán Jónsson: Eg get nú ekki ímyndað mèr að nefndaráliti þessu verði hrundið, því mèr hafa fundizt mótbárurnar, sem á móti því hafa komið, harðla lèttvægar. Eg ætla nú ekki að tala um nauðsynina á, að gefin sè út lagaboð um þetta efni; hún er nú ef til vill ekki svo mikil; en allt um það, fyrst það er nú komið svona langt, þá vil eg, að lagfæríngar nefndarinnar sè samþykktar. Það getur þó verið, að þetta lagaboð verði ei alveg árangurslaust; það kann að komast svo inn í meðvitund manna, að menn bruki meiri varúð við skepnur sínar eptir en áður, þegar þeir vita, að slík hegníng, sem hèr ræðir um, liggur við, enda þó aldrei komi til hegníngar. Það hefir verið mest talað um »alidýr« og »húsdýr«; mèr stendur á sama, hvort orðið er haft, og eg held alþýða taki orðin í líkri merkíngu; eptir mínum skilníngi eru alidýr öll þau dýr, sem uppeldi hafa fengið undir manna umsjón og með manna hjálp, hvort sem þau eru alin meir eða minna, og eins húsdýr. Eg vil því fallast á nefndarálitið, en ekki þau breytíngaratkvæði, sem við það hafa verið gjörð.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr þykja nú öll þessi breytíngaratkvæði, sem gjörð hafa verið við nefndarálitið, freista mín til nýrrar uppástúngu, að hætta að setja nefndir í nokkurt mál, heldur leggja málin á lestrarsalinn og lofa hverjum einum að koma með uppástúngur um breytíngar; breytíngaratkvæðin yrði líklega ekki öllu fleiri, þó engi nefnd væri. Eg vil engan veginn gjöra þíngmönnum þær getsakir, að þeir sè að bera fram þessi breytíngaratkvæði til að sýna sig, eða til fordildar einnar, en það lítur þó svo út, og optast eru þau ekki annað, en ómerkilegar orðabreytíngar. Eg held, að það sè nú auðvitað, að þegar svo vandvirkir menn hafa setið í nefndum, eins og þeir, sem verið hafa í þessari nefnd, og menn eins vel að sèr, þá sè nefndarálitið í öllu svo vel vandað sem bezt verður; enda vil eg í öllu halda mèr til þess. Að því er snertir »alidýr« og »húsdýr«, þá hefi eg nú, síðan undirbúníngsumræðan var, fengið tækifæri til að kynna mèr það. »Alidýr« kemur fyrir í Stjórn; þar stendur: »Skapaði hann á þeima degi upp á jörðina þrenn kvikenda kyn; eitt er *alidýr*, þat sem vèr köllum búsmala, annat skrið-

kvikendi, þriðja önnur ferfætt kvikendi sem villidýr«. Þetta dæmi sýnir ljóslega, hvað alidýr þýðir. *Björn Halldórsson* þekkir alidýr og alifugl; alifugla kallar hann *„aves domesticæ“ Husfugle, tamme Fugle,* og er auðsèð, að þar er átt við hvern þann fugl, sem er undir manna höndum. Auk þess kemur fyrir *„alibjörn“* í Grágás og Jónsbók. Eg hefi nú glöggvað mig á dæmi því, sem hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga tilfærði um daginn til styrkingar máli sínu. Eg hefi nú ekki lesið þau handrit af Sæmundar-Eddu, sem hann sjálfsagt hefir haft tækifæri til að kynna sèr; en í 2 síðustu útgáfunum stendur ekki »húsdýrum«, heldur »hvössum dýrum«. Dr *Svb. Egilsson,* sem hefir samið orðabók yfir skáldskaparmálið, þekkir ekki orðið »húsdýr«, *Björn Halldórsson* ekki heldur, og eg er hræddur um, að það sè misskilningur af þingmönnum, að þetta orð sè algengt uppi í sveitum, og ef það er, þá hefir það fyrst á síðari öldum slæðzt inn úr dönskum lagaboðum· En mig furðaði á hinum háttvirta þingmanni Snæfellinga, að hann, sem annars er svo lipur í að rita íslenzku, skyldi mæla slíku orði bót; eg þekki ekkert orð, þar sem *„hús“* er samsett við önnur orð, svo, að það tákni það sem tamið er, eða mótsett því, sem ekki er undir manna höndum *(Sveinn Skúlason:* Húshestur). Nei, það er sama sem *eldishestur,* sem allt af er í húsi; en ekki mótsett *viltur hestur (Jón Sigurðsson* frá Haugum: *Húskarl [!!!]).* það getur þó ekki verið mótsett »viltur karl«. Hinn háttvirti þingmaður frá Norður-Þingeyjarsýslu kunni ekki við »tilskipun« í nafni lagaboðsins; en það kemur víst af því, að hann hefir gleymt, hvað tilskipun þýðir. Tilskipun er regla fyrir, hvernig að skuli fara í einhverju; þá tilskipun um illa meðferð á skepnum sama sem: reglur fyrir, hvernig að á að fara, þegar illa er farið með skepnur.

Gísli Brynjúlfsson: Eg segi það satt, að eg hefði helzt ei viljað auka umræðurnar um þetta mál meir, en komið er, því mèr finnast þær nú vera farnar að verða nógu langar; en eg er að nokkru leyti nauðbeygður, þar sem eg þó á eitt lítið breytingaratkvæði á atkvæðaskránni, sem mèr sýnist svo sem menn búist við að eg reyni þó eitthvað að verja. Fyrst hafa verið hèr nokkurs konar dylgjur í salnum um, að það mundi ei vera alls kostar rètt, sem eg seinast sagði viðvíkjandi orðinu »húsdyr« í stjórnarfrumvarpinu, að það mundi vera góð og gild íslenzka, og eg hefði því haft nóga ástæðu til þess að standa fyrr upp; en eg skal fúslega játa það, að eg hefi verið að bíða eptir hinum háttvirta þingmanni

Reykvíkinga, sem fyrst bar mótmælin fram við undirbúningsumræðuna, til þess að sjá, hvort hann mundi nú ei og bera það berlega fram, sem aðrir að eins hafa verið að dylgja um, því annars hefði eg orðið að nefna það sjálfur, og svo svipta hann því tækifæri, sem eg alls ei vildi svipta hann, til þess einu sinni að koma fram með verulega mótbáru. En áður en eg fer lengra út í þetta, verð eg þó að geta nokkurra annara greina, sem nefndar hafa verið hèr í salnum og að nokkru leyti koma breytíngaratkvæðunum við, bæði mínu og annara. Það hefir verið sagt, að það líti svo út, sem mörg af þessum breytíngaratkvæðum hefði að eins verið gjörð af »fordild«, eða til þess að sýna sig, en eg verð beinlínis að mótmæla þessu að því er mèr viðvíkur, og eg efast ei um, að hið sama á sèr stað um hina aðra háttvirtu þíngmenn, sem breytíngaratkvæði eiga á skránni. Hið einasta, sem kom mèr til að taka mèr breytíngaratkvæði, var að eins það, að eg hefi gjört mèr að reglu, og eg held líka það sè rètt regla, að breyta ei orðatiltækjum í konúnglegum frumvörpum nema að eins þar sem það er óumflýjanlega nauðsynlegt meiníngarinnar vegna; og eg get yfir höfuð að tala með engu móti skilið, hvernig nokkrum getur komið til hugar að kalla það fordild, þó einhver stíngi upp á að halda orðum stjórnarfrumvarpsins, en sleppa breytíngum nefndarinnar, eins og eg t. a. m. hefi gjört. Eg vil spyrja hina heiðruðu þíngmenn, hvort menn gæti þá ei eins vel snúið þessu við, og sagt, að nefnin sjálf hefði ýmsar af þessum smáu orðabreytíngum, sem eg fyrir mitt leyti sè ekkert gagn að, eins og t. a. m. *„grimmdarfullri“* fyrir *„grimmdarlegri“* o. s. frv. — eg vil spyrja, hvort menn gæti nú ei eins vel sagt að nefndin hefði að eins verið að breyta þessu af tómri fordild? Mèr skal að vísu ei detta í hug, að segja þetta, því eg efast ei um hún hefir að eins breytt eptir sannfæríngu sinni til batnaðar, þó mèr finnist ei æfinlega svo, en eg segi þetta að eins, af því menn eiga ei að dæma einn harðara en annan í hinni sömu sök, og eg vildi því yfir höfuð, að menn forðaðist að hafa slík orð hèr í salnum ástæðulaust. Að því er nú að öðru leyti atkvæðaskránni viðvíkur, þá er strax fyrirsögn nefndarinnar svo löguð, að eg get með engu móti fellt mig við hana; en hinn háttvirti þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu tók það svo vel fram, sem eg annars ætlaði mèr að drepa á, að slík fyrirsögn væri nokkuð skrítilega tvíræð, svo eg þarf ei að orðlengja um þetta, en tek það að eins upp, að eg kann með engu móti við að kalla lagaboð til

að verja illri meðferð á skepnum: *tilskipun um illa meðferð, o. s. frv.* Yfir höfuð eru margar breytíngar nefndarinnar, að mèr finnst, nokkuð óverulegar, og eg vildi því helzt halda mèr sem mest við frumvarpið að eg get; en með því nefndin þó hefir stúngið upp á, að sleppa ákvörðuninni um líkamlega hegníng í frumvarpinu og *framsögumaður* svo vel, að eg ei segi svo lögspaklega, hefir varið það, að rètt sè að setja ei í upphafi of harðar hegníngar við afbrotum, sem enn er óvíst að almennt sè álitin svo í meðvitund alþýðu — þá verð eg þó að fallast á þetta, og finnst mèr þá viðaukaatkvæðið undir staflið 5. koma þar einkar vel við í frumvarpinu, þar sem hitt er fellt úr. Þetta er því og að kalla má hið einasta breytíngar- og viðaukaatkvæði á skránni, sem eg get fallizt á, því hitt annað finnst mèr flestallt óverulegt, og hvorki gjöra til nè frá, svo eg skal nú ei heldur tala lengur um það, en snúa mèr nú strax að orðinu »húsdýr« í stjórnarfrumvarpinu, sem eg nú og ásamt tveimur öðrum heiðruðum þíngmönnum hefi gjört að breytíngaratkvæði mínu við uppástúngu nefndarinnar. Eg sagði það þá seinast, að mig minnti ei betur, en eg einhverstaðar hefði sèð Guðrúnarkviðu hina fornu ritaða svo, að þetta orð kæmi þar fyrir, og eg tek það hèr upp aptur; en eg bæti því nú við, að það er öldúngis satt, sem hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga sagði áðan, að svo stendur eigi í útgáfunum nè hinum elztu og beztu handritum, því þau hafa »hvössum dýrum«, og því tók eg líka strax svo linlega til orða, að mig minnti að eins, að eg hefði sèð hitt í pappírshandritum, og mig minnir nú ei betur enn. Eg furðaði mig því og stórlega á því við undirbúníngsumræðuna, að hinn háttvirti þíngmaður, sem er svo fróður í íslenzku, skyldi ei strax taka eptir þessu, heldur veita orðinu svo bráðar viðtökur, að hann að eins var að streitast við að koma inn í það merkíngu, sem það aldrei eptir samanhenginu gat haft; eg mundi vel eptir orðunum *„hvössum dýrum“*, þegar eg sagði hitt, og það var einmitt þess vegna, að eg var svo viss um, að skáldið aldrei hefði verið að bera hinn »hábeina hjört« saman við önnur en göfug dýr, en alls ei, sem þíngmaðurinn þá sagði, við dýr, sem kyrkíngur væri kominn í, eins og menn nú líka munu geta sèð, að eg hafði rètt í þessu. Það var aldrei tilgangur minn, og eg vildi manna sízt leiða þíngið á villistigu með tilliti til þess, hvað sè forn íslenzka eða eigi, og eg mundi því sjálfur fyrr hafa sagt því greinilega um orðamun þenna, ef eg hefði ei allt af verið að bíða, til þess þó heldur að

lofa hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga að gjöra það, og átta sig á orðunum; en það hèlt eg æfinlega mèr væri óhætt, og það held eg enn, að bera fram minni mitt eitt, þó það væri að eins byggt á hinum yngri og óvissari handritum af þeim hinum mörgu, sem til eru af Eddukvæðunum, þar sem ræðir um orð eins og »húsdýr«. Því þess bið eg menn að minnast, að það var ei aðalástæða mín, að orðið kæmi fyrir í fornu kvæði, heldur miklu fremur hitt, að það væri auðsjáanlega eptir uppruna sínum og eðli svo norrænt orð, að það yrði nú og að vera mjög leyfileg íslenzka. Mèr hefir því og þótt mjög svo vænt um að heyra marga menn hèr á þinginu, sem nú eru miklu kunnugri í sveitum en eg, samsinna mèr í því, að orðið sè enn alkunnugt alþýðu landsmanna og hverju barni skiljanlegt, því neitun hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga, gildir ekkert móti þessu, og eg held líka það sè hægt að sýna það og sanna, að orðið verði að vera öldúngis rètt íslenzka. Til þessa þarf ei annað, en gá að því, hvað orðið eiginlega verður að merkja, og er þá, eins og eg í fyrra skiptið tók fram, auðsjáanlegt, að það eins hjá oss eins og hjá Rómverjum er haft um þau dýr, sem í mótsetníngu við villidýr eru í húsum *hæf* eptir eðli sínu, og þurfa þau þó ei æfinlega að vera *höfð* í húsum fyrir því, svo dæmið um hestana, er aldrei kæmi í hús, sem hinn háttvirti þingmaður tók til, sannar því ekkert móti þessu. En sè nú svo, þá er og auðsætt, að *„húsdýr“* eru eiginlega hið sama sem »heimilisdýr«, svo *„hús“* verður hèr í merkíngunni *„heimili“*, en þá þarf heldur ei annað en sýna, að slík samsetníng finnst í íslenzku máli, og er það mjög hægt, því hvað merkir t. a. m. »húsmóðir« eða »húsfreyja« annað en »heimilismóðir« eða »heimilisfreyja«, þ. e. heimilisdrottníng? Eg held því og, að eg þurfi ei að færa fleiri dæmi upp á það, að samsetníngin sè rètt og leyfileg í íslenzku; og hvað því viðvíkur, sem þingmaður Reykvíkínga sagði enn, að *„húsdýr“* fyndist ei í orðabókum, þá sannar það minna en ekkert, því við vitum, að í þær, sem enn eru til, vantar svo mörg og miklu fleiri orð, bæði forn og ný. En þá er eptir að tala um »alidýr«. Eg hefi aldrei neitað því, að það væri gott og gamalt orð, en eg hefi að eins sagt, að það væri yfirgripsminna en hitt, og því síður hafanda í lagaboðinu, ef hjá misskilníngi ætti að komast, og eg verð nú enn að þakka hinum háttvirta þingmanni Reykvíkínga fyrir það, að hann hefir svo vel stutt þessa meiníng mína; hann færði til eitt dæmi úr »Stjórn«, sem, eins og alkunnugt er, er forn út-

leggíng af biflíunni eða rèttara sagt biflíusaga, og var þar sagt, að »alidýr« væri hið sama sem »búsmali«. En þetta er beinlínis sönnun fyrir því, sem eg hefi sagt, því »búsmali« er engan veginn haft um öll þau dýr, sem tamin eru eður sem vèr nú megum kalla »húsdýr«, heldur að eins um nokkur af þeim, og engum mundi t. a. m. detta í hug að telja hunda og ketti með »búsmala«, þó þeir auðsjáanlega sè »húsdýr«; það liggur yfir höfuð í eðli orðsins, þar sem «smali« óefað á eitthvað skylt við »smár« og »smælki«, að það hefir upprunalega einkum verið haft um smáfènað að eins, er alinn var til bús, og því mætti t. a. m. vel telja »aligæsir» eða »heimgæsir« með »búsmala«, en eg veit ei einu sinni, hvort fornmenn nokkurn tíma hafa talið *kýr,* og það er alveg víst, að *hestar* hafi aldrei verið taldir með »búsmala«. Eg held því og, að eg þurfi nú engar frekari sönnur að færa fyrir því, að það er rètt, sem eg hefi sagt; orðið »húsdýr« er enn haft í íslenzku, og eg efast ei um, að það sè fornt mál, hvort sem það svo finnst í bókum eða ei, svo þeir, sem þrátt fyrir það segja það óíslenzkt, þeir ætti að minnsta kosti eptir hinni gömlu reglu, *„affirmanti“* o. s. frv., að færa sönnur á mál sitt. Og hverjar eru nú þá sannanir þeirra? Þær að eins, að orðið finnist líka enn í dönsku; rètt eins og ekki mörg orð geti verið til samtíða bæði í dönsku og íslenzku. En eg vil mikillega biðja þingmenn að láta ei slíkt villa sig, því eg gæti þess utan, ef eg vildi og það ætti hèr við, fært ótal dæmi til upp á það, að sumt af því, sem ýmsir málfræðíngar nú álíta dönskuslettur, í raun og veru er góð og gömul norræna. Eða, til þess þó að koma með eitt dæmi, hvað mundi hinn háttvirti þingmaður segja, ef eg nú færi að uppástanda við hann, að hið alkunna danska orðatiltæki *(„hele) Natten igjennem“*, væri líka forn og góð íslenzka, þó það sè nú ei haft? Hann mundi að líkindum, og eg þori jafnvel að segja, vissulega neita. Og þó er það satt, sem eg segi, því Arnór jarlaskáld, sem bæði var Íslendíngur og eitthvert hið ágætasta fornskáld — hann kvað um jarla í Orkneyjum — segir svo í einni vísu sinni:

Rökkur öndurt bað randir
reggbúss saman leggja,
rógskýja hèlt rýgja
regni *haustnótt gegnum.*

Hèr segir hann, að orrustan hafi staðið *gegnum* (alla) haustnóttina, og má eg nú spyrja: Mun hann ei hafa kunnað forna íslenzku?

En eg skal ei vera að orðlengja þetta, og að endíngu að eins biðja þíngmenn að láta sig ei blekkja af misskilinni málvendni, sem því miður opt að eins er byggð á ónógum fróðleik. Tilgangur minn var upprunalega að eins að sýna mönnum fram á, að það hefði ei þurft að breyta orðinu »húsdýr« í frumvarpinu, af því það væri ei nógu góð íslenzka, því eg vil, sem eg hefi sagt, sem fæstar óþarfabreytíngar í þeim skjölum, og eg hefði því og viljað tala sem fæst um svo lítilvægt atriði. En eg hefi nú verið neyddur til að svara, og eg vona því, að menn afsaki mig; haldið »húsdýrunum«, en látið »alidýrin» falla.

Framsögumaður: Af því hinn háttvirti þíngmaður Skagfirðínga bryddi á fyrirsögninni; þá vil eg tala nokkur orð um það. Eg man nú ei eptir, að hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þíngeyjínga vildi fella nefndarálitið *(Sveinn Skúlason:* Jú). Þá sleppur hann hjá því að heyra það, sem eg ætlaði að segja honum. Eg vil að eins vekja athygli á því, að þó menn haldi stjórnarfrumvarpinu, þá verður fyrirsögnin alveg röng; eg vona þó, að Íslendíngar vili ei afbiðja íslenzka textann; en með því að vísa til dansks lagaboðs bendum vèr til, að vèr metum eigi íslenzka textann mikils *(Sveinn Skúlason:* Eg fer eptir atkvæðaskránni). Já, það er satt, það stendur öðruvísi á henni, en í nefndarálitinu, og kemur sjálfsagt til af misritun. En yfir höfuð finnst mèr rangt, að vísa til dansks lagaboðs, nema það eigi að gilda *(Sveinn Skúlason:* Satt). Eg skal að öðru leyti benda hinum heiðraða þíngmanni með tilliti til fyrirsagnar lagaboðsins, sem nefndin stíngur upp á, til fyrirsagnar á dönsku lagaboði, til að sýna, að það er ekkert axarskapt, þó ekki sè nefnd hegníngin; hún hljóðar svona: *Frd. om de Forbrydelser, hvorved andre angribes paa Legeme og Frihed;* mèr þykir eðlilegt, þó hegníngin sè ei tekin hèr inn í fyrirsögnina, en játa þó, að hitt hefði farið eins vel. Hvað málið snertir yfirhöfuð, þá vona eg, að þíngmenn vili, að þettað lagaboð eigi sem bezt við þarfir og ásigkomulag landsins; eg held, að í þessu efni verði affarasælast, að hegníngin sè ákveðin lin og reglurnar einfaldar, og þetta finnst mèr nú að nefndinni hafi heppnazt.

Sveinn Skúlason: Eg vildi spyrja hinn háttvirta *forseta,* hvort maður, ef gefin eru atkvæði á móti titlinum í nefndarálitinu, samþykkir þá eigi fyrirsögn frumvarpsins, eins og hún stendur á atkvæðaskránni.

Forseti: Eg sè eigi betur en svo verði, en eg held, að það

gjöri minnst til, þó að fyrirsögnin, sem upp á er stúngið, yrði felld og önnur þætti viðfelldnari; því þá mætti taka hana fram í álitsskjalinu til konúngs, þó að hún gæti eigi orðið að niðurlagsatriði, af því hún varð eigi borin upp til atkvæða, eins og stendur á atkvæðaskránni.

Páll Sigurðsson: Eg hefi nú hlýtt á ræður manna í þessu máli. Eg var nú einn af nefndarmönnum, og eg held, að þegar um löggjöf er að tala, og einkum í samanburði við meðnefndarmenn mína megi eg játa, að eg er minnstur postulanna. Eg hefi nú ekki getað sannfærzt um, að breytíngaratkvæðin hafi bætt nefndina að neinu. Eg vil nú fyrst gá að upptökum málsins. Það kom nú hèr fyrst inn á þíngið í hitt eð fyrra, bæði sökum þess að lagaboð frá stjórninni þess efnis var lagt fyrir þíngið, en þó hefði það nú víst ekki verið tekið til greina, hefði ekki bænarskrá um sama efni komið frá einu hèraði landsins; og þó hinn heiðraði sessunautur minn sè mótfallinn málinu nú, þá var þessi bænarskrá einmitt frá Múlasýslu. Eg ætla nú eigi að fara út í breytíngaratkvæðin, en halda mèr einúngis við aðalstefnu málsins. Í fornum lögum er nú lítið ákveðið um þetta efni, nema í Jónsbók um meðferð á skepnum annara, en hvergi talað um meðferð á sínum eigin skepnum. Þíngið áleit nú í hitt eð fyrra, að lagaboð þyrfti í þessu efni. En eg var nú tregur til að taka þetta mál til meðferðar, og það er líka svo guði fyrir þakkanda, að það eru fá tilfelli, að lögum þurfi að beita í þessu efni. Nefndin gekk nú út frá því, að hafa lagaboðið sem vægast, meðan það væri að komast inn í þjóðarmeðvitundina; en mèr finnst, að þau af breytíngaratkvæðunum, sem ekki eru tóm orðabreytíng, heldur hafi hert lagaboðið en linað, eins og t. d. viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Austur-Skaptafellssýslu. Það hefir nú verið talað mikið um orðin »alidýr« og »húsdýr« bæði af málfræðíngum og fornfræðíngum. Eg ætla nú ekki að fara langt út í það, en vil að eins geta þess, að eg man ekki betur, en að standi í gömlum lögum: »ala skal kálfa í 3 nætur áður skornir sè;« ala held eg hèr geti varla verið sama sem að fita, heldur sama sem að láta lifa, færa fram, mótsett að láta deyja; þetta hefir nú verið skoðun þeirra tíma á orðinu ala. Eg fyrir mitt leyti kann nú allt eins vel við »húsdýr«. Hvað viðaukaatkvæði hins háttvirta þíngmanns frá Strandasýslu snertir, þá er það nú í sjálfu sèr mikilsvert; en nefndin gat ekki álitið ráðlegt, að taka það, því sveitastjórnin er neðsti liðurinn af valdstjórninni;

og vald hennar hefir að nokkru leyti verið takmarkað í þessu efni nefnil. að svo miklu leyti, sem það skerti eignarrètt manna. Nefndinni þótti nú óviðkunnanlegt, að fara að gefa henni aptur það vald, sem hún nýlega hafði misst. Þegar sú ákvörðun var tekin úr lögum, að taka með valdi hey bænda, ef ekki vildi selja, og leggja verð fyrir. Eg held nú, að fyrir almenníngi verði nefndarálitsins breytíngar skiljanlegri, en frumvarpið. Þíngið ræður nú, hvernig það greiðir atkvæði; en mál þetta er yfirgripsmikið og vandasamt, svo eg vildi tala um það sem almennast, en fara lítið út í hin einstöku atriði.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari álykturumræðu lokið, og skal eg þá biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða og fèllu þau á þessa leið:

1. *Nefndin (1. uppástúnguatriði),* samþykkt með 15 atkv. gegn 6.
2. *Breytíngaratkvæði Magnúsar Andrèssonar:* fellt með 21 atkv.
3. *Breytíngaratkvæði Benedikts Þórðarsonar, Gísla Brynjúlfssonar* og *Sveins Skúlasonar* samþykkt með 10 atkv. gegn 8.
4. *Nefndin (2. niðurlagsatr.), 1. gr.* með áorðinni breytíngu þannig hljóðandi:
   »Hver sem verður sekur að grimmdarfullri misþyrmíngu á »skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og »miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru »eign hans eður eigi, á eptir málavöxtum og eptir því, hvort »brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 rd.« samþykkt með 18 atkv.
5. *Viðaukaatkvæði Guðmundar Brandssonar við nefndarinnar 1. gr.* fellt með 11 atkv. gegn 9.
6. *Breytíngaratkvæði Sveins Skúlasonar við nefndarinnar 2. gr.* samþykkt með 19 atkv.
7. *Nefndin (3. niðurlagsatriði),* 2. gr. með áorðnum breytíngum svo hljóðandi:
   »Á sama hátt skal þeim hegnt, sem með grimmdarfullri hörku »drepur skepnur úr hor, þó hann eigi fóður handa þeim«. samþykkt með 17 atkv. gegn 2.
8. *Viðaukaatkvæði Stefáns Eiríkssonar við 2. gr.* fellt með 13 atkv. gegn 6.
9. *Viðaukaatkvæði Björns Pèturssonar við enda 2. gr.* fellt með 16 atkv. gegn 2.

10. *Viðaukaatkvæði Benedikts Þórðarsonar við enda 2. gr.* fallið með tölul. 9.
11. *Viðaukaatkvæði Ásgeirs Einarssonar* við enda 2. g.

Við þessa grein var óskað nafnakalls og það samþykkt, og fór það þannig:

já (sögðu):	nei (sögðu):
Ásgeir Einarsson.	Sveinn Skúlason.
Helgi G. Thordersen.	Benedikt Þórðarson.
	Árni Einarsson.
	Arnljótur Ólafsson.
	Benedikt Sveinsson.
	Björn Pètursson.
	Gísli Brynjúlfsson.
	Guðmundur Brandsson.
	Halldór Kr. Friðriksson.
	Indriði Gíslason.
	Jón Ijaltalín.
	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson frá Gautl.
	Jón Sigurðsson frá Haugum.
	Magnús Andrèsson.
	Ólafur Jónsson.
	Páll Melsteð.
	Páll Sigurðsson.
	Pètur Pètursson..
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.

Var það þannig fellt með 21 atkv. gegn 2.

12. *Nefndin (3. niðurlagsatriði), 3. gr.* samþykkt með 20 atkvæðum.
13. Frumvarp stjórnarinnar álitið fallið samkvæmt atkv.greiðslunni.
14. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt með 19 atkv.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu *konúnglegt álitsmál* um *breytíng á tilskipan 18. febrúar 1847* og skal eg biðja skrifarana að afhenda það *framsögumanni* hinum háttvirta konúngkjörna varaþíngmanni.

Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona eg, að allir þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: konúngl. frumv. til opins brèfs um breytíng á tilskipun 18. febrúar 1847, *um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.*

1. Breytíngaratkvæði *B. Pèturssonar:*
   Við 1. gr. nefndarinnar:
   Að í stað: »100 rd.«, verði sett: „*200rd.*“
2. *Nefndin:* (1. uppástúnguatr.) 1. gr.
   Þegar fè ómyndugra, er ekki nemur 100 rd., hefir ekki orðið komið á vöxtu hjá einstökum mönnum með þeirri leigu, sem ákveðin er í tilsk. 18. febr 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal fjárhaldsmönnum þeirra leyft, að lána fèð út með samþykki yfirfjárráðanda móti nægu veði í fasteign eður lausafè og þeirri leigu, er þeir á löglegan hátt hæsta geta fengið.
3. Breytíngaratkvæði *B. Pèturssonar:*
   Við 2. gr. nefndarinnar:
   að í stað »100 rd.«, verði sett: »200 rd.«
4. *Nefndin:* (2. uppást. atr.) 2. gr.
   Eins mega og forstöðumenn opinberra stofnana lána út fè þeirra, er ekki nemur 100 rd., mót nægu veði í lausafè og leigu þeirri, er þeir hæsta geta fengið.
5. *Frumvarp stjórnarinnar:*
   Þegar fè ómyndugra og opinberra stofnana, er nemur frá 25 rd. til 100 rd., hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir rentu þá, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúarm. 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal leyft, að slíkt fè sè ávaxtað á þann hátt, að annaðhvort sè fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabrèf, eða að það sè lánað einstökum mönnum mót lögmætu veði, fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði.
6. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg get verið því fáorðari sem mál þetta var ítarlegar rætt við undirbúníngsumræðuna. Eg skal einúngis geta þess, að viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns Suður-Múlasýslu, sem finnst hèr á atkvæðaskránni undir tölulið 1., að mèr virðist það liggja fyrir utan málið sjálft; það snertir einúngis upphæðina, og svo held eg líka, þar

sem um lausafjárveð er að tala, væri bezt fyrst að reyna, hvernig nú og fari um hið minna; það er og allur dagur til stefnu með það að rýmka fyrir lausafjárveðinu. Að öðru leyti virðist mèr lagaboð þetta hafa yfir sèr góðan blæ og vera samsvarandi þörfum vorum.

Forseti: Eg skal vekja máls á því við hinn heiðraða *framsögumann,* að hann gat um, að hann vildi stínga upp á breytíngu á fyrirsögn lagaboðsins.

Framsögumaður: Það er öldúngis satt! og vona eg, að þessi breytíng, sem einúngis er orðabreytíng ekki komi of seint. Eg vildi þá í stað fyrirsagnarinnar, sem áður var, orða fyrirsögnina þannig: »Tilskipan fyrir Ísland um leiguburð af fè ómyndugra og »opinberra stofnana, er ekki nemur 100 rd.«, og skal eg skjóta því til hins háttvirta *forseta,* hvort þessi orðabreytíng sè of seint upp borin.

Forseti: Eg get ekkert sèð því til fyrirstöðu, þar sem þetta einúngis er orðabreytíng, enda hefir þetta viðgengizt á fyrri þíngum.

Björn Pètursson: Eg skal nú ekki láta það ásannast á mèr, að mèr þyki svo vænt um fuglinn minn, sem situr á fyrstu grein atkvæðaskrárinnar, að eg vegna hans vili fara að deila við nefndina eður þíngið. Eg er, eins og eg lèt í ljósi við undirbúníngsumræðu þessa máls, nefndinni með öllu samdóma í stefnu þeirri, sem hún hefir tekið. Eg vildi einúngis ganga ofurlítið lengra en bún. Eg vildi gefa forstöðumönnum opinberra stofnana og fjárráðendum ómyndugra leyfi til að lána út móti lausafjárveði allt að 200 rd., því það er hægt að fá tryggjanda lausafjárveð fyrir ekki meira fè. Tilgangur minn var og sá, að gjöra mönnum hægra fyrir að fá peníngalán og brúka þá sèr til gagns heima í sveitum, því þetta er *nauðsynlegt.* En hitt er *ónauðsynlegt* og *ógagnlegt,* að auka ríkissjóðnum óþarfan kostnað, sem leiðir af því að gjalda vexti af fè ómyndugra.

En fyrst hinn heiðraði *framsögumaður,* sem er lögfræðíngur, segir, að ákvörðun sú, sem breytíngaratkvæði mitt fer fram á, ekki eigi við í þessu frumvarpi, þá er eg fús til að taka það aptur, því eg efa alls eigi, að hann segi þetta satt.

Konúngsfulltrúi: Mèr þykir það vel farið, að þíngmaðurinn tók breytíngaratkvæði sitt aptur, því það átti ekki við, og hefði orðið að gjöra breytíng í tilgangi stjórnarfrumvarpsins, sem er sá, að ráða bót á þeim umkvörtunum, sem voru yfir því, að smá-

summur, sem ekki náðu 100 ríkisdölum, ekki kæmist á leigu, og eg er því þess vegna öldúngis samdóma, að þetta breytíngaratkvæði ekki gæti komizt að.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari álykt-arumræðu lokið, og skal eg, áður til atkvæða er gengið, leyfa mèr að spyrja hinn heiðraða þíngmann Suður-Múlasýslu, hvort breytíngar-atkvæði hans er aptur kallað. *(Björn Pèturssón:* Jú!). Eg skal þá biðja þíngið að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðann til atkvæða gengið og fèllu atkvæði þannig:

A. Uppástúnga *framsögumanns* um breytta fyrirsögn lagaboðsins, þannig hljóðandi:
Tilskipun fyrir Ísland, um leiguburð á fè ómyndugra og opinberra stiptana, sem ekki nemur 100 rd., samþykkt með 21 atkv.

Þar næst, samkvæmt atkvæðaskránni:

1. Breytíngaratkvæði *Björns Pèturssonar,* fellur burtu sem aptur tekið.
2. Nefndin: 1. gr.: samþykkt í einu hljóði.
3. Breytíngaratkvæði *Björns Pèturssonar,* fellur burt sem aptur tekið af honum sjálfum.
4. Nefndin: 2. gr. samþykkt með 21 atkvæði.
5. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt með 22 atkvæðum.

Forseti: Þar eð svo áliðið er á tímann í dag, treystist eg ekki til að fylgja dagskránni og taka til umræðu hallærismálið, því eg get ímyndað mèr, að nokkuð langar umræður spinnist út af því, en vil taka til inngangsumræðu uppástúngu þíngmanns Rangvellínga um *kollektusjóðinn* í von um að sú uppástúnga valdi eigi löngum umræðum, og bið eg skrifarana að afhenda hana flutníngsmanni.

Páll Sigurðsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána; hún hljóðar þannig:

»Eins og öllum er kunnugt, hefir frá 3 næst undangengnum alþíngum gengið allraþegnsamlegust bænarskrá til konúngs, áhrærandi kollektusjóðinn, sem safnaðist af fríviljugu samskotafè í löndum og ríkjum Danakonúngs, samkvæmt 2 konúnglegum leyfisbrèfum 10. des. 1783 og 15. júlí 1785, og var tilgangur sjóðsins nákvæmara ákveðinn með 2 öðrum konúngsúrskurðum 29. marz og

18. október 1786, er hinn síðarnefndi úrskurður segir þar að auki með berum orðum, að fè þetta sè »deponerad«, þ. e. sè *geymslufè* í konúngssjóði, og »skuli af því fè greiða 4% vexti árlega frá þeim degi, að fènu sè þangað til geymslu komið« (fra den dag de derudi ere deponerede). Konúngsúrskurðurinn 28. maí 1800 leyfði nú reyndar, að verja *ávöxtum* þessa sjóðs til strandmælinga hèr á landi, og konúngsúrskurður 9. marz 1804 ákvað þetta nákvæmara, er hann ákvað, að ekki mætti verja til þess meira en 1700 ríkisd., en bannaði með berum orðum að skerða innstæðu sjóðsins, heldur skyldi það allt, er meira þyrfti en þessa 1700 rd., árlega til tèðra strandmælinga, greiða úr ríkissjóði.

Þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir alþingis bæði til *konúngsfulltrúa* í umræðum málsins á þingi, og til stjórnarinnar í bænarskrám sínum til konúngsins, hefir stjórnin eigi látið uppi neinn yngri konúngsúrskurð en þessa, er eg síðast nefndi, þá er hafi heimilað þáverandi stjórnarráðum konúngsins: Finantscolllegio og rentukammeri, að skerða höfuðstól kollektusjóðsins, hvorki til strandmælinganna hèr á landi, nè annars, er lægi alveg fyrir utan það augnamið hans, sem var upphaflega ákveðið fyrir stofnun og samskotum fjárins 10. desembr. 1783 og 15. júlí 1785, og síðar var ítarlegar staðfestur með konúngsúrskurðinum 18. okt. 1786.

Allt um það er auðráðið af skýrslu þeirri, er *konúngsfulltrúi* á alþingi 1845 gaf þinginu um þetta mál, að einmitt rentukammer og »Finantscollegium« hafa alveg upp á sitt eigið eindæmi, og þvert á móti konúngsúrskurðunum 1800 og 1804 varið feikimiklu af sjálfri innstæðu sjóðsins, auk vaxtanna, sem konúngsúrskurðirnir þó einúngis heimiluðu, til strandmælinganna hèr á landi, því í tèðri skýrslu *konúngsfulltrúans* 1845 segir, að til þeirra hafi verið varið samtals . . . . . 84,111 rd. (alþ.tíð. 1845, bls. 80).

En þar eð strandmælingum þessum var alveg lokið hèr árið 1816, þá mátti aldrei verja til þeirra samkvæmt konúngsúrskurði 1804 nema 1700 rd. árlega, eður samt. 27,200 —
og hefir eptir skýrslum *konúngsfulltrúans* þannig verið varið af þessu fè . . . . . 56,911 —
fram yfir það, sem konúngsúrskurður af 9. marz 1804 heimilaði.

Það sèst nú enn fremur af tèðri skýrslu *konúngsfulltrúans* 1845, að stjórnarráðunum, er eg fyrr nefndi, hefir ekki borið saman um útgjöldin eða eptirstöðvar sjóðsins, þegar konúngur skipaði

að gjöra yfir það glöggva skilagrein, og á það var nafni komið 1836, og skökkuðu þeir reikningar stjórnarráðanna ísín á milli um rúmar 13,000 dala, og hefði hèr verið kallað eitthvað hárugt, þó minni mismunur hefði verið.

En þó að konúngsúrsk. 25. júlí 1844 — en hann er sá eini úrskurður, er menn vita til að konúngar vorir hafi út gefið um þetta mál, eptir það úrsk. 9. marz 1804 kom út, — hafi lagt samþykkt á hinn rífara reikníng rentukammersins, er þó segir kollektusjóðinn að eins 28,049 rd., og þegar jafnframt er litið til þeirrar upphæðar sjóðsins, er stjórnin sjálf gjörði alþíngi Íslendínga grein fyrir, með skýrum reikníngum 1797, en eptir þeim reikníngum var upphæð sjóðsins þá 47,822 rd. 54 sk., þá er auðsætt, hve fjarskalega hafi verið gengið á sjálfan höfuðstólinn, en hitt er vart efunarmál, að stjórnarráð þessi hafa ekki lagt jafnframt konúngsúrskurðina frá 1800 og 1804 fyrir hinn rèttvísa og ágæta konúng Kristján hinn 8., eða skírskotað til þeirra, því hefði svo verið, þá mundi hann ekki hafa lagt samþykki sitt á þessa ráðsmennsku þeirra, er var þvert í móti skýlausu konúngsboði.

Alþíngi hefir nú þrisvar að undanförnu hreift þessu máli og á ýmsan veg, en eigi náð áheyrn konúngsins. Spursmálið er: Á nú alþíngi Íslendínga að hætta við svo búið, eða ítreka enn þegnlegar bænir sínar, í öruggu trausti þess, að vor mildi og rèttvísi konúngur líti fremur á skýlausan rètt vorn, eins í þessu máli sem öðru, og láti prófa það nákvæmara frá fyrstu undirstöðu, með fullu tilliti til konúngsúrskurðanna 18. okt. 1786, 28. maí 1800 og 9. marz 1804, og til reikninganna, sem rentukammerið auglýsti fyrir alþíngi Íslendínga 1797.

Þessari rèttlátu kröfu Íslendínga mun vor allramildasti konúngur eigi synja, og sè nú í ráði að setja nefnd hinna beztu manna í Danmerkurríki til þess að leggja ráð á um fjárhagsaðskilnað Danmerkur og Íslands, þá virðist það einkar vel til fallið, að henni væri jafnframt falin þessi rannsókn. Álit hennar og niðurstaða, um hinar sönnu og rèttu eptirstöðvar sjóðsins, ætti því næst að leggjast undir hið æðsta löggjafarvald konúngsveldisins, eins og verða mun með aðrar tillögur nefndarinnar, og efa eg eigi, að yrði málið þannig, byggt á nákvæmum rannsóknum og gildum rökum, lagt undir atkvæði hinna dönsku bræðra vorra á ríkisdeginum eður í ríkisráðinu, þá mundu þeir sízt vilja draga ríkissjóðnum eða Dönum það fè, sem skýlausir konúngsúrskurðir segja að hann eigi

ekki, heldur sè það geymslufè, og fríviljugt samskotafè í ákveðnum tilgangi Íslandi til viðreisnar.

Eg vona því, að hið heiðraða alþingi taki mál þetta enn af nýju til ítarlegrar íhugunar og löglegrar meðferðar, seti í það nefnd, og riti konúngi bænarskrá þess efnis:

»Að konúngur skipi svo fyrir, að nefnd þeirri, sem sett verður til þess, að hafa til meðferðar fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur, verði falið að rannsaka stjórn og meðferð kollektusjóðins frá árslokum 1797 með fullu tilliti til konúngsúrskurðanna 18. okt. 1786, 28. maí 1800, og 9. marz 1804, en það mál verði síðan lagt undir atkvæði ríkisdagsins í Danmörku og úrskurð konúngs«.

Reykjavík, 17. d. júlím. 1861.

Páll Sigurðson«.

Eg skal nú ekki tala mikið með uppástúngu þessari, þinginu er efnið fullkunnugt, því það var svo margt tekið fram á síðasta og undanförnum þíngum um þetta mál, að það væri að tyggja það upp aptur, ef eg færi að ræða það út í æsar. Það, sem nú í þetta sinni hefir knúð mig til að bera þessa bænarskrá fram fyrir hið heiðraða alþingi enn af nýju, er það, að eg hefi heyrt, að það eigi, kann vera það sè þegar búið, að setja nefnd hinna beztu drengja í Danaveldi til að rannsaka reikninga Íslands, og segja álit sitt um fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur; þess vegna verð eg að álíta vel til fallið að biðja vorn allramildasta konúng að fela þessari sömu nefnd, að rannsaka frá rótum reikninga kollektusjóðsins, sem vèr ekki höfum fengið næg skil fyrir. Þessara orsaka vegna finn eg fulla ástæðu til, að nefnd verði sett í málinu enn af nýju, eg skal svo ekki orðlengja þetta meir.

Konúngsfulltrúi: Þó eg reyndar gangi að því vísu, að þingið muni gefa máli þessu góðan gaum, því það hefir allt af mætt bezta byr hèr á þinginu, leyfi eg mèr þó að ráða frá því, að það sè tekið í nefnd; því það er af auglýsingu konúngs vors til þingsins auðsætt, að það getur engi árangur orðið af því nú að hreifa málinu við stjórnina, og það lítur heldur ekki vel út frá þingsins hálfu.

Það er mildast sagt ótilbærileg getgáta hjá uppástúngumanni, að hlutaðeiganda stjórnarráð hafi dulið konúng verulegra atriða í málinu, þegar hann lagði á það sinn allramildasta úrskurð. Hafi nokkru reiksingsmáli verið algjörlega ráðið til lykta, þá er það þetta

mál, þar sem því er ráðið til lykta af konúngi sjálfum, og það einvöldum konúngi. Það er að vísu mildara form, sem uppástúngumaður fer fram á í þetta skipti, en það á þó að gjöra reikninginn upp af nýju, eins og engi úrskurður lægi fyrir. Eg leyfi mèr því að ítreka það, að eg álít það ekki sæma þínginu að hreifa málinu, eins og það nú liggur fyrir, og það rètt í sömu andránni, sem þingið hefir fengið tilkynning um það frá sjálfum konúngi, að bæn þess ekki hafi getað orðið til greina tekin; eg ítreka það því aptur, að þingið eigi ekki að taka þessa uppástúngu til greina.

Páll Sigurðsson: Mig furðar engan veginn á því, þó *konúngsfulltrúinn* haldi hönd fyrir höfuð stjórnarinnar, eins og hann er vanur. Hann sagði það væri athugavert, að rita konúngi bænarskrá um þetta efni, ef þingið vildi halda sóma sínum. Hann er líka Íslendíngur, og eg vil spyrja, hvort það ekki fremur skerðir sóma þingsins, að hirða ekki framar um þetta mál, heldur láta lenda við þenna síðasta konúngsúrskurð, sem þó einasta er skotið fyrir oss sem loku. Er þá ekki sá rètti tími til að fara þessu á flot núna, þegar á að fara að aðskilja fjárhag landanna? Það er ekki okkur að kenna, þó stjórnin ekki gjöri neitt, ef við gjörum okkar til. Mèr finnst það engi skortur á hæversku, þó við þegnsamlega berum bænir vorar fram fyrir konúng vorn, sízt þegar þörfin er eins mikil og hún er nú.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari inngangsumræðu lokið. Eg skal þá bera það undir atkvæði þingsins, hvort kjósa skuli nefnd í málið.

Síðan var gengið til atkvæða og urðu 19 atkvæði með nefnd.

Var síðan stúngið upp á 3 manna nefnd, og í hana kosnir:

Páll Sigurðsson . . með 20 atkv.
Arnljótur Ólafsson . — 10 —
Gísli Brynjúlfsson . — 8 —

Síðan voru skjölin afhent þingmanni Rangvellínga, sem hafði flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til *inngangsumræðu* bænarskrá um *launabót handa yfirdómendunum,* og skal eg biðja skrifara afhenda hinum 4. konúngkjörna þingmanni bænarskrána, í þeirri von að umræðurnar verði ekki langar.

Jón Pètursson: Eg skal þá lesa upp bænarskrána:

»Oss mun óhætt að fullyrða, að þegar landsyfirrètturinn hèr á

landi var stofnsettur, voru laun þau, er meðlimum hans voru veitt, hèr um bil hin sömu, og þau, er ákveðin voru fyrir meðlimi yfirrèttа þeirra, er um síðustu aldamót einnig voru stofnsettir í Danmörku. Var það og eðlilegt, þar yfirdómurinn hèr á landi var í öðru tilliti settur jafnhliða yfirrèttunum í Danmörku. Síðan hefir stjórnin smámsaman verið að bæta laun yfirdómendanna í Danmörku, og einkum seinustu árin, eins og laun allra embættismanna þar, sem launaðir eru úr ríkissjóðnum. Á hinn bóginn hafa laun þeirra embættismanna hèr á landi, sem launaðir eru úr sjóði þessum, yfir höfuð að tala lítið sem ekkert verið bætt, svo að laun hinna íslenzku og dönsku embættismanna eru orðin svo ólík, að öllum fjarska og furðu gegnir, og á það sèr ekki hvað sízt stað um laun dómendanna í yfirdóminum, að þau eru orðin heldur en ekki aptur úr launum dómendanna í yfirrèttunum í Danmörku, án þess þó að sèn verði nein ástæða fremur nú, en í fyrstu, til þess, að láta þenna íslenzka dómstól standa á baki hinna dönsku að því er launin snertir, þar sem þó staða hans að öðru leyti gagnvart yfirdómunum í Danmörku er hin sama og í öndverðu, og fáum mun geta fundizt það eðlilegt, að justitiarius í landsyfirrèttinum hèr á landi, sem nú er búinn að vera í rèttinum meira en 20 ár, skuli, að því er laun snertir, nú vera verr farinn en yngsti dómari í yfirrèttinum í Vebjörgum, svo það gæti verið freistni fyrir hann, að sækja um embætti það, þegar hann er búinn að þjóna konunginum og ættjörðu sinni jafnlangan tíma.

Launamismunur sá, er vèr nú gátum um, getur ekki annað en orðið enn tilfinnanlegri við það, að tveir embættismenn hèr á landi hafa nú fengið jafnhá laun og samhliða embættismenn í Danmörku. En á hinn bóginn þykjumst vèr mega gleðja oss við, að einmitt þessar aðgjörðir stjórnarinnar beri órækan vott þess, að hún álíti bæði rèttlátt og sanngjarnt, að bæta eigi laun hinna annara embættismanna hèr á landi samkvæmt þessari grundvallarreglu, og það því fremur, sem meiri hluti hins heiðraða alþingis í hitt eð fyrra einmitt var á sömu skoðuninni, að embættismenn hèr á landi, er launaðir væri úr ríkissjóðnum, ætti að hafa jafnhá laun og tilsvarandi embættismenn hafa í Danmörku, eins og ríkisdagurinn líka virðist auðsjáanlega að hafa hallazt til sömu skoðunar og meiri hluti alþingisins, þó hann felldi málið af annari ástæðu, en alþingið hafði búizt við, eins og líka ríkisdagurinn í fyrra samþykkti, að

tveimur embættismönnum hèr á landi, eins og vèr áður gátum um, væri veitt jafnhá laun og tilsvarandi embættismönnum í Danmörku.

Samkvæmt þessu leyfum vèr oss, að biðja hið heiðraða alþingi um, að það sendi hans hátign konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að laun dómendanna í yfirdóminum hèr á landi verði sett jöfn launum þeim, sem dómendurnir í yfirdóminum í Vebjörgum hafa, þannig að justitiarii laun verði ákveðin 3000 rd., og að hann á hverjum 3 ára fresti fái 200 rd. viðbót, allt þar til laun hans verða 3600 rd., og að laun assessoranna verði ákveðin 1600 rd. og launaviðbót fyrir hver 3 ár 200 rd., unz laun þeirra eru orðin 2,400 rd.

Reykjavík, dag 16. Júlímán. 1861.

Jón Pètursson. Benedikt Sveinsson.

Eg skal ekki mæla með þessari bænarskrá, því eg vona, að þingið annaðhvort seti nefnd í málinu, eða vísi því til nefndar þeirrar, sem þegar er búið að setja í líku málefni.

Guðmundur Brandsson: Eg álít sjálfsagt, að vísa þessari bænarskrá til nefndarinnar, er falið var að íhuga bænarskrána frá hinum 7 embættismönnum hèr í Reykjavík, því þó þessi bænarskrá fari í nokkuð aðra stefnu, þá er hún þó líks efnis; eptir því sem þessi bænarskrá var orðuð á einum stað, þá skil eg nú ekki, hvernig það getur aukið óánægju embættismanna, þó aðrir fái launaviðbót, eða þó stjórnin sè góðgjörn. Sízt álít eg, að hinn heiðraði 4. konúngkjörni þingmaður ætti að vera rangeygður, þótt forstöðumaður prestaskólans hafi fengið launaviðbót. Annars finnst mèr einhver sá blær á þessari bænarskrá, og eins á bænarskránni frá hinum embættismönnunum, að ef við alþýðumennirnir kæmum með eitthvað þess háttar, þá mundi það, ef til vill, verða lagt misjafnt út fyrir okkur.

Jón Pètursson: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að það, sem tekið er fram í bænarskránni, eru almennar setníngar. Að undantekníngar sè óvinsælar, þegar um laun er að gjöra, er víst, eins og það ætíð er óvinsælt, að gjöra sèr manna mun, en það er ekki vegna mannanna, sem fyrir náðinni verða, að þær eru óvinsælar, embættin komast við þetta í öfugt álit hvert við annað, og eins að nokkru leyti embættismennirnir, sem að þeim þjóna. Þeim embættismönnum, sem eru sèrlega framúrskarandi í stöðu sinni á að launa með titlum og heiðursmerkjum; eins er mönnum ástundum veitt *Gratialer* eður persónulegar launaviðbætur, en þvílíkt hefir engi áhrif á þau laun, sem embættunum fylgja.

Það, að stjórnin hefir veitt einstökum mönnum launaviðbót, og bætt tekjur þessara embætta um leið, sýnir, að henni er um málið hugað, og í trausti þess leyfum vèr oss að biðja þingið að fara þessu á flot við stjórnina, sem í bónarbrèfi okkar stendur. Því verður heldur ekki neitað, að það virðist mjög fráleitt, að rektor hèr við skólann skuli hafa jafnhá laun og samkynja embættismenn í Danmörku, en að landsyfirrèttirinn skuli vera allt öðruvísi launaður, en landsyfirrèttir þar; eg held, að þingið víst ekki finni, hverjar ástæður geti verið til þessa.

Benedikt Sveinsson: Mèr þykir mikið slæmt, að hinn heiðraði þingmaður úr Gullbringusýslu skuli hafa misskilið uppástungurna, því það er ekki sú meining í orðum hennar, sem hann lagði í þau. Það er engan veginn af öfundsýki að þessi bænarskrá er sprottin, að minnsta kosti get eg ekki fundið það neinstaðar í orðum hennar, og eg vona svo góðs, að bændur ekki gjöri sèr far um að misskilja okkur embættismennina. En það er víst, og það vona eg allir verði að játa, að ef það er óviðurkvæmilegt, að munur sè á launum embættismanna í Danmörku og samhliða embættismanna hèr, þá er enn óeðlilegra, að munur sè á launum embættismanna hèr sín á milli.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari inngangsumræðu lokið. Eg hefi ekki heyrt neinn þingmanna hafa á móti því, að vísa þessu máli til nefndarinnar, er sett var til að ræða um bænarskrána frá þeim 7 embættismönnum í Reykjavík um launabót, en skal þó leyfa mèr að bera það undir atkvæði þingsins.

Var það þá samþykkt í einu hljóði, og bænarskráin afhent formanni nefndarinnar, þingmanninum í Gullbringusýslu.

Forseti: Það er þá ekki meira til umræðu á þessum fundi. Eg skal geta þess, að mèr hafa borizt síðan í gær 3 bænarskrár. 1. frá Hraungerðishrepp um fjárkláðann; 2. frá varaþingmanni Dalasýslu um, að amtmaðurinn í Norðuramtinu og Vesturamtinu fái vald til að ráða fjárkláðanum til lykta; 3. frá þingmanni Rangvellinga, um að konúngur taki skjalavörð *Jón Sigurðsson* sèr til ráðaneytis til að skipa æðstu embættin á Íslandi.

Síðan greindi *forseti* frá málefnum þeim, er tekin yrði á dagskrá til næsta fundar, og ákvað fund til næsta dags kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Fimmtándi fundur — 19. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti gat þess, að í málinu um *launabót embættismanna* væri þingmaðurinn úr Gullbringusýslu kosinn formaður og þingmaður Norðurþingeyinga skrifari, og í nefndinni um *breytíng á verzlunarlögunum og löggilding Seyðisfjarðar til aðalkauptúns* væri þingmaðurinn úr Suður-Múlasýslu kosinn formaður, og skrifari þingmaður Reykvíkinga.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu *hallærismálið*. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Snæfellinga. Niðurlagsatriði nefndarálitsins hefi eg látið prenta, og vona eg, að hinir heiðruðu þingmenn hafi þau fyrir sér.

Var nefndarálitið þá afhent *framsögumanni*, er las það upp, þannig hljóðanda:

»Alþingi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um það, hvað nú sé tiltækilegast til að afstýra harðæri því, sem á sumum stöðum bersýnilega vofir yfir Íslandi, og skulum vèr nú leyfa oss að gjöra það á þessa leið:

Til þingsins hafa komið tvö skjöl lútandi að þessu efni, *annað* er bænarskrá frá sýslufundi Skagfirðinga, er þeir hèldu um næstliðna fardaga; *hitt* er uppástúnga frá þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu. Hið fyrra skjalið biður um 50000 rd. lán fyrir allt landið af kollektusjóðnum, til að afstýra hallæri; hið síðara biður um nægan peningastyrk handa íbúum Kjósar- og Gullbringusýslu, til þess þeir geti keypt kornbjörg fyrir og frelsazt frá yfirvofanda hungurdauða. Vèr leyfum oss fyrst að minnast í fám orðum á bænarskrá Skagfirðinga, og þar næst viljum vèr nema staðar við uppástúnguna frá þingmanni Gullbringusýslu, og virða fyrir oss málefnið allt í heild sinni.

Hvað nú hina áminnztu bænarskrá úr Skagafirði snertir, þá þykir oss það eigi alls kostar hentugt fyrir þingið, að leggja hana beinlínis til grundvallar fyrir skoðun sinni á málinu; því þó að vèr fúslega viðurkennum, að hún vissulega komi málinu í hið rètta horf, þar sem hún tekur tilefni af stjórnarbrèfinu frá 29. sept. 1860, til þess að fara því fram, að Íslendingar framvegis í harðærisárum einkum leiti styrks hjá sjálfum sèr, og að eins til bráðabyrgða biði

stjórnina um peningalán (handa sveitasjóðunum), þegar þess er brýn nauðsyn, þá er hún þó á hinn bóginn svo yfirgripsmikil og svo almenns efnis, þar sem hún yfir höfuð talar um allt landið, þegar svo kunni undir að bera, og upphæð þess styrks, sem hún stingur upp á, að þingið reyni nú að fá handa landinu í einu, svo stórkostleg, að vèr getum eigi álitið það til nokkurs verulegs gagns, að fara nú slíku á flot við stjórnina. Það er að vísu satt, að engi sjóður má sýnast betur til þess fallinn, en einmitt »kollektusjóðurinn« gamli, sem upprunalega var stofnaður til að verja Ísland húngurdauða, að honum nú einnig sè varið á sama hátt, að svo miklu leyti sem unnt er, og vèr erum því heldur eigi mótfallnir, að benda nú stjórninni einnig á hinn svonefnda »styrktarsjóð«, eins og þessi sjóður nú almennt er kallaður, sem það fè, er eðlilegast megi þykja að veita þeim sveitum peningalán úr, er þess kunna nú að þurfa, og vèr síðan munum tilgreina nákvæmara. En þá sjáum vèr þó nú ekki nokkra ástæðu til þess að vera að biðja um þá upphæð, sem bænarskráin fer fram á að svo stöddu og meðan, sem betur fer, enn ekki er nokkur orsök til þess að halda, að einu sinni $^1/_6$ þessa fjár þurfi að hafa til sveitaþarfa; og því síður finnst oss ástæða til að vera nú í þessu máli að hreifa við »kollektusjóðnum« í þeirri mynd, sem hann eptir strangasta reikningi kynni að geta fundizt í; og vèr höfum því heldur viljað ráða þinginu til, að hafa nú sem stendur að eins tillit til þeirra hèraða og sýslna, sem oss hafa borizt skýrslur um, eða á annan hátt er kunnugt, að brýn nauðsyn beri til að styrkja nú strax með peningaláni.

Vèr verðum að álíta, að í þessu máli sè það nú eina og aðalatriðið, *að verja, og það nú í bráð, þau byggðarlög við harðrètti og húngurdauða, sem fjárfæð og fiskileysi hafa stofnað í augljós vandræði og svo að segja opinn dauða.* En hver eru þá þau byggðarlög, sem harðærið þjakar mest, og hættan vofir helzt yfir? Eptir því, sem vèr nefndarmenn þekkjum til, og þingmenn úr ýmsum hèruðum landsins hafa skýrt oss frá, verðum vèr að álíta, að það einkum sè nokkrar sjávarsveitir í Sunnlendíngafjórðúngi, sem báglegast eru staddar, og það eru nálega allir hreppar í Gullbríngu- og Kjósarsýslu, og nokkrar sveitir í Borgarfjarðarsýslu. Þessi byggðarlög lifa mestmegnis af sjávaraflanum, svo ef hann bregzt, þá bregzt þeirra helzti og svo að segja einasti atvinnuvegur. Næstliðið ár, 1860, var frá upphafi til enda eitt með bágari fiskiárum sunnanlands, svo þar mátti ekki mikið áherða til þess, að velmeg-

un þessara sveita kæmist á fallanda fót; en nú er það kunnugt, að vetrarvertíðin síðasta misheppnaðist svo gjörsamlega, ekki í einni, heldur í öllum veiðistöðum við Faxaflóa, svo að í tíð þeirra manna, sem nú lifa, hefir ekki slíkt almennt fiskileysi átt sèr stað á vetrarvertíð hèr syðra. Nefndin hlýtur því að gefa sèrlegan gaum uppástúngu þingmannsins fyrir Gullbríngu- og Kjósarsýslu, er biður um fjárstyrk til kornkaupa handa íbúum þessara sýslna. Það er hægt að tilgreina fjölda búenda í Kjósar-, Gullbríngu- og Borgarfjarðarsýslu, sem ekki hafa eignazt yfir 50 fiska hlut, margir enn þá minna, og sumir ekki meira, en þeir höfðu daglega sèr og sínum til fæðis. Vèr vitum dæmi til þess, að fiskileysið í vetur kreppti svo að mörgum mönnum hèr sunnanlands, að þeir lètu jafnvel fötin utan af sèr til að kaupa mat fyrir og verjast húngri. Og þegar satt skal segja, þá er fólk hèr við sjávarsíðuna mjög víða orðið svo fátækt, að það getur varla hulið sig fyrir nekt. Ofan á þessa dæmafáu vetrarvertíð bættist víða í Gullbríngusýslu heldur lakleg vorvertíð, því bæði er það, að í vor hefir nálega ekkert aflazt af þorskfiski, heldur eintóm ýsa, fremur smá og ódrjúg, svo að eitt hundrað af henni harðri vegur naumast hálfvætt, og svo vitum vèr til, að menn hafa látið þenna litla afla því nær allan af hendi til sveitabóndans fyrir skinnavöru og vaðmál, til að hylja sig, og geta komizt út á sjóinn; en matbjörg er víða hvar engi til á bæjum, nema hvað menn við og við kunna að afla úr sjónum. Í kaupstöðum fær nú sjávarbóndinn því nær ekkert, af því hann hefir ekkert fyrir að gefa; situr í stórskuldum við kaupmenn, og má með sanni segja um þá, að þeir hafa í vetur lánað bændum meira en þeir máttu og gátu, sumir hverir. Af þessu aflaleysi hefir eðlilega leitt, að sigling hefir komið mjög lítil til kaupstaðanna, kornbyrgðir eru þar mjög litlar, því kaupmenn hafa, sem ekki er láanda, sent skip sín til annara landsfjórðúnga, til að afla þar vörunnar; fái þeir ekki þar vöruna, fá þeir hana hvergi, og þá eru þeir illa staddir. Það er sýnilegur vottur um verzlunarástandið hèr syðra, að í byrjun þessa mánaðar, þegar verzlun á að vera sem blómlegust, sást ekki eitt einasta kaupskip í öllum 3 verzlunarstöðum sunnan við Faxaflóa, Keflavík, Hafnarfirði og Reykjavík; öll þau hafskip, sem hèr sáust þá, var eitt frakkneskt herskip á Reykjavíkurhöfn, sem vissulega ekki kom í þeim erindum híngað, að færa oss matvæli í harðrèttinu.

Þegar litið er yfir Gullbríngusýslu, þá er ástandið þannig: að

Rosmhvalanes-Vatnsleysustrandar- og Álptaneshreppar eru skuldum vafðir og mathjargarlitlir, og geta eigi lifað, þegar haustar að, nema þeir fái hjálp; Grindavíkur- og Seltjarnarneshreppar eru nokkru betur á vegi staddir, þó engan veginn sjálfbjarga undir veturinn, en Hafnahreppur ætlum vèr mundi af komast, ef hinir fátæku, sem þangað leita sèr hjálpar úr öðrum sveitum, smáeyddi ekki matvælum Hafnamanna. Í Kjósarsýslu er það einúngis Kjósarhreppur, sem nokkurn veginn er á vegi staddur, af því þar er helzt um skepnur og landbúnað að tala, en Kjalarneshreppur og Mosfellssveit eru mjög báglega stödd, og þó heyskapur gengi allvel nú í sumar, þá þurfa bændur í þeim tveimur sveitum nokkurn styrk undir veturinn, en gangi heyskapur illa, sem allt er undir veðurátt og nýtíngu komið, þá er öll Kjósarsýsla í veði, og þarf mikla hjálp, áður en veturinn dettur á. Þannig er að voru áliti ástandið í Kjósar- og Gullbríngusýslu svo bágborið, að íbúar þeirra þurfa bráðrar hjálpar við, eigi þeir ekki að verða húngurmorða á komanda vetri, og álítum vèr eptir nákvæma umhugsun, þegar litið er til fólksfjöldans, að eigi nægi minna en 5000 rd. styrkur. Nefndinni er að vísu kunnugt, að fyrir skemmstu hefir verið beðið um miklu meira styrk til þessara sýslna, en vèr nú gjörum, en nefndin tiltekur hèr hið allraminnsta sem henni þykir fært, af því hún vill, að hin mesta sparsemi sè við höfð, og af því hún sèr fram á það, að því frekara sem lánið er, því erfiðara mun verða um endurgjaldið.

Þegar vèr nú þar næst lítum yfir stærra svæði, hljótum vèr að geta þess, að oss er kunnugt, að hinn neðri hluti Borgarfjarðarsýslu, einkum Akraneshreppur, og að nokkru leyti Mela- og Leirársveit, Skilmanna- og Strandarhreppar eru mjög báglega staddir, sökum fiskileysis og fjárfæðar, eins og hinar lakari sveitir í Gullbríngu- og Kjósarsýslu; og til undirskrifaðs þíngmanns Borgarfjarðarsýslu hafa komið brèf og bænir í þá átt, að hann bæri fram á þínginu þarfir þeirra um hjálp til að kaupa fyrir matbjörg, allt að 285 tunnum korns, eður jafnviði þeirra í peníngum. Vèr höfum allir orðið á einu máli um það, að brýn nauðsyn sè til, að þessum hluta Borgarfjarðarsýslu verði bráðlega veitt hjálp, en vèr álítum, að þeim sè borgið, ef þeir fá um 1500 rd. styrk til að kaupa matbjörg fyrir, er skiptist þannig: að Akraneshreppur fái 100 tunnur eður 900 rd., Leirár- og Melasveit 25 tunnur eða 225 rd., Strandarhreppur jafnmikið, en Skilmannahreppur 20 tunnur eður 180 rd.,

það er samtals 1530 rd. Hvað aðrar sýslur snertir, þá hefir til þingsins engi bænarskrá eða umkvörtun enn komið þaðan um yfirvofanda harðæri, svo vèr höfum ekki beinlínis ástæðu eða köllun að svo komnu, að beiðast styrks fyrir þeirra hönd, jafnvel þó oss sè kunnugt, að bæði í Árnes-, Mýra- og Snæfellsnessýslum hafi verið fyrir skemmstu og sè enn þann dag í dag fremur hart á meðal manna; einkum á þetta sèr þó stað í Snæfellsnessýslu, en þar eð vèr vitum til, að þar muni kornbyrgðir geymdar, því nær 500 tunnur, er sendar voru eptir stjórnarinnar tilhlutun, haustið 1860, komu fyrst í vor sem leið til Stykkishólms, og ætlaðar eru bágstöddum heimilum, þá dirfumst vèr eigi að leggja það til, að þeirri sýslu verði styrkur veittur að sinni til frekari kornkaupa; hið sama er að segja um Árnesinga og Mýramenn, að vèr leiðum hjá oss, að beiðast hjálpar fyrir þeirra hönd, þó oss reyndar sè kunnugt, að mörg heimili í þeim 2 sýslum hafi í vetur, sem leið, gjört menn út til sjávar, suður í veiðistöður Gullbringusýslu, og fyrir þá sök beðið skaða af fiskileysinu.

Af framantöldum ástæðum leyfir nefndin sèr að stínga upp á því, að alþingi sendi hans hátign konúnginum bænarskrá þess efnis:

Að stjórnin hlutist til, að nú í sumar verði veitt leigulaust peningalán, allt að 7,000 rd. til að kaupa kornvöru fyrir, handa þeim sveitum í Borgarfjarðar-, Kjósar- og Gullbringusýslum, sem bágstaddastar eru, og að fjárlán þetta megi endurgjalda á 5 ára tímabili.

Reykjavík, 15. júlí 1861.

Gísli Brynjúlfsson. formaður. *Guðmundur Brandsson.* *Páll Melsteð* skrifari og framsögum.

Ólafur Jónsson. *Arnljótur Ólafsson*".

Framsögumaður (Páll Melsteð): Þingmenn hafa nú sèð og heyrt nefndarálitið, og þeir þekkja líka skjöl þau, er nefndinni voru fengin til undirstöðu og voru það tvær bænarskrár, önnur úr Skagafjarðarsýslu, sem nefndinni virtist að vera nokkuð almenn, og hafa meira tillit til alls landsins, og hin úr Gullbringusýslu, og er í nefndarálitinu gjörð grein fyrir, að hve miklu leyti nefndin hefir tekið bænarskrár þessar til greina, og ætla eg svo ekki að fara fleirí orðum um mál þetta að sinni, en vona, að þingið gefi því góðan gaum, því það er mjög áríðanda mál, og er ekkert ofhermt af því, sem sagt er í nefndarálitinu um ástandið hèr sunnanlands,

því hèr er að tala um, að afstýra húngurdauða manna, og vona eg, að fátt verði talað, en mikið gjört í þessu máli.

Konúngsfulltrúi: Mèr geðjast vel að nefndarálitinu, því það fer með stillíngu í málið, og nefndin biður ekki um meira, en hún heldur að verði minnst komizt af með. Það sem eg því vildi benda á, er það, að nefndin hefir ekki í niðurlagsatriðunum bent á, hvaðan lánið ætti að taka; en eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna, að það væri líklegast, að leita lánsins úr kollektusjóðnum, því lítil líkindi væri fyrir því, að lánið mundi fást úr ríkissjóðnum. Nefndin segist ekki heldur vera þessu mótstæð, svo það er víst meiníng hennar að biðja um lánið úr þessum sjóði; í þessa stefnu vil eg ráða þínginu að fara, ef því, sem ekki er um að efast, er annt um málið, og að því geti orðið framkvæmt.

Björn Pètursson: Það er eðlilegt, að nefndin hefir ekki sjálfkrafa beðið um styrk stjórnarinnar fyrir fleiri sýslur, en beðið hafa ásjár og meðmælis þíngsins, og það er líka eðlilegt, að þingmaður Borgfirðínga hefir komizt að með sína sýslu, því að hann var einn í nefndinni, og þess vegna er ekki ástæða til að hallmæla nefndinni fyrir það, þó hún hafi gleymt að spyrja þíngmenn um ástandið í hinum öðrum sýslum landsins. Það gæti samt ef til vill verið umtalsmál, hvort hún hefði ekki átt að hafa meira tillit til bænarskrárinnar úr Skagafjarðarsýslu, sem biður um 50,000 rd. styrk úr kollektusjóðnum. Eg hefi reyndar ekki verið beðinn um það, að Múlasýslur fengi fjárstyrk, en þó verð eg að segja það, að ástandið þar er nú mjög bágborið, þar sem fjárstofninn, aðalbjargræði Múlasýslu, er svo mjög genginn til þurðar, eins og þíngmönnum víst er kunnugt. Þess vegna finn eg það skyldu mína, að áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá stefnu, að þíngið leggi til þess við stjórnina, að hún veiti að láni með hæfilegum fresti nokkurt fè hlutaðeigandi sýslumönnum til umráða og útbýtíngar eptir hreppanna þörfum undir umsjón amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu, jafnskjótt og þess yrði á leit farið af hlutaðeigendum.

Jón Hjaltalín: Þó mèr að vísu geðist vel að þessu nefndaráliti, ætla eg þó að gjöra breytingaratkvæði við það, vegna þess mèr finnst nefndin fara fram á of lítið, þar sem hún einúngis fer fram á, að 7000 rd. fáist, þar sem þó tjón það, sem þessi bugt ein hefir liðið af fiskileysinu, er metið allt að 200,000 rd.; eg ætla því að bera upp það breytíngaratkvæði, að í minnsta lagi sè beðið

um 10,000 rd. Einnig verð eg að vera hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* samdóma í því, að taka þurfi til, hvaðan menn búist við láninu, og sè eg ekki, að á annan sjóð sè að benda en á kollektusjóðinn, sem einatt hefir verið nefndur hèr á þíngi, og finnst mèr það vera og geta verið laust við alla spurníng um reikníngana fyrir þeim sjóð.

Magnús Andrèsson: Eg stend mestpart upp vegna þess, að Árnessýsla var nefnd í áliti nefndarinnar, en ekki af því, að ekki mèr eins og víst flestum öðrum hafi runnið til rifja, þegar upp var lesin skýrslan um bágindin hèr syðra, og um leið og eg finn til þessa og kenni í brjósti um þá, sem undir búa, get eg þó þakkað guði fyrir, að ekki er eins aumt ástandið í Árnessýslu, þó bágt sè. Það mun nú að vísu mikið vera vertíðinni að kenna, hversu bágborið ástandið er hèr syðra, en það þyrfti þó varla að valda þvílíkum bágindum öllum sveitunum í Kjósarsýslu, þó vertíðin misheppnaðist, því þar hefir verið við haldið sauðfè með lækníngum, svo þær spár, sem bæði hafa heyrzt í ræðum og ritum, að húngur og manndauði mundi fyrst og fremst heimsækja þær sveitirnar, sem skorið hefði niður fè sitt, ætla ekki að rætast. Það kann nú að vísu að virðast skeytíngarleysi frá minni hálfu, að eg ekki ber fram kjördæmi mitt einnig á bænarörmunum, en mèr gengur tvennt til þess, fyrst og fremst það, að þó þessu væri hreift á hèraðsfundi, var þó ekki stúngið upp á því eður farið fram á beinlínis að kvabba um hjálp frá stjórninni, heldur bara upp á það, að sendar yrði kornbyrgðir til Eyrarbakka, og þar næst af því, að ef bærilega árar í sumar og vel heyjast, álít eg ekki, að til stórvandræða horfist fyrir okkur, ef korn er fáanlegt, enda virðist mèr ekki gustuk að fara að hlaupa í kapp við jafnbágstaddar sveitir og hèr lítur út fyrir að sè, og það því síður sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður jafnvel álítur beðið um of lítið. Mèr kemur einúngis eitt atriði til hugar, nefnilega þetta: hvort hèr skyldi vera sparað, eins og vera bæri, hvort ekki of mikið gengi til óþarflegra kaffi- og ölfangakaupa; eg get þessa engan veginn til að gera hèr neinum getsakir, en drep bara á það svona hins vegar, því það vita allir, að þegar húngur og hallæri er fyrir dyrum, þá ríður á að gæta sín við óþarfri eyðslusemi.

Framsögumaður: Það gladdi mig mjög, hvernig hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók undir nefndarálitið, og álít eg, að það væri æskilegt, að þíngið aðhyllist þá skoðun hans, þar sem hann bendir til, hvaðan taka skuli fèð. Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þíng-

maður Suður-Múlasýslu sagði, verð eg að finna það eðlilegt, þó hann minntist á sitt kjördæmi, en við, sem í nefndinni vorum, gátum ekki smíðað úr öðru efni en því, sem fyrir okkur var lagt. Hvað breytíngaratkvæði hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns snertir, hlýtur það einnig að gleðja nefndina, hvernig hann hefir tekið undir málið; en það gekk nefndinni til, þegar hún ekki fór fram á meira, en 7000 rd. lán, að hún vildi fara varlega, í þeirri von, að þá fengist bónin heldur, og þóttist þess utan vera svo kunnug mannlegu eðli, að hún síður bjóst við, að sparað yrði sem mest væri mögulegt, ef nóg væri fyrir, þar sem þetta fremur yrði gjört, ef ekki væri beðið um svo mikla hjálp, að menn gæti komizt af með hana eina, og legði menn svo árar í bát og reyndi ekki til að bjarga sèr sjálfir, eins og þeir gæti bezt. Í nefndinni var ekkert talað um útbýtíngina, því nefndinni fannst ríða mest á því, að matbjörgin fengist hingað fyrir haustið, því ef það yrði ekki, var hún hrædd um, að fólkið yrði dautt úr húngri, áður en hjálpin kæmi. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu og eg þekkjum bezt allra þíngmanna, hvernig ástandið er í Gullbríngusýslu, því við höfum ferðazt um hana alla, og við segjum satt frá og ofhermum ekki, hversu bágt ástandið er. Þíngmaður Árnesínga var að bera saman Árnessýslu og Gullbríngu- og Kjósarsýslu (*Magnús Andrèsson:* Kjósarsýslu), jæja! Í Kjósarsýslu er hagur mjög margra heimila miklu meir kominn undir sjávaraflanum, en í Árnessýslu, enda er hèr nú aðalspurníngin um íbúa Gullbríngusýslu, og hinn heiðraði þíngmaður verður að gæta þess, að tómthúsmannaflokkurinn er ekki nærri eins stór í Árnessýslu, sem í Gullbríngusýslu. Tómthúsmenn lifa eingöngu á sjónum, og hafa lítið sem ekkert af sauðfè eða fjárkláða að segja, hvenær sem sjórinn bregzt þeim, þá er þeirra búskapur á förum; nú hefir sjávarafli fremur verið lítill undanfarin ár, en algjörlega brugðizt næstliðna vertíð, og því eru þeir nú í dauðanum. Það eru þessir tómthúsmenn, sem vandræðunum valda, og sem við berum nú helzt fyrir brjósti.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr þá athugasemd út af því, sem þíngmaður Árnessýslu nú sagði, að það á ekki við, að bera Árnessýslu saman við Gullbríngusýslu, það er ólíku saman að jafna. Árnessýsla á talsvert fè í sveitarsjóðunum, sem stendur á vöxtum í jarðabókarsjóðnum. Sveitarsjóðirnir, sem voru í Gullbríngusýslu, eru þar á móti gjöreyddir í þessum bágu árum. Það er líka í Árnessýslu allt öðruvísi háttað með landbúnað, og ekki allt komið

undir fiskiaflanum, eins og í Gullbríngusýslu. Það er ekki heldur beðið um neinn styrk handa þessari sýslu í nefndarálitinu, því þíngmaðurinn þaðan hefir sjálfur sagt, að hann hafi átt tal við kaupmanninn á Eyrarbakka um að sjá fyrir því, að verzlunin þar yrði til vetrarins byrg af kornvörum, sem hann hefir víst ætlazt til yrði keyptar fyrir sveitarsjóðanna penínga, sem til eru.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla mèr ekki að fara inn í ástæður nefndarálitsins, en verð að segja hið sama og hinn 5. konúngkjörni þíngmaður, að eg er ekki ánægður með niðurlagsatriðin. Eg veit til þess, að sumir hrepparnir í Gullbríngusýslu hafa skrifað stjórninni til í gegnum stiptamtmann, og beðið hana um hjálp; hver meðmæli stiptamtmaður hefir gefið bæn þeirra, veit eg ekki, en eg vona, að þau hafi verið góð. Hversu mikið hver einn hreppur hefir beðið um, veit eg ekki, en það veit eg, að Seltjarnarneshreppur bað um 2000 rd. lán, og eigi hinir hrepparnir í sýslunni að fá á borð við það eða ef þeir þurfa þess, þá er eg hræddur um, að 5000 rd. verði næsta lítið handa þeim. Haustvertíðina var ofur aflalítið, vetrarvertíðin var, eins og allir vita, og vorvertíðin ekki nærri góð; og eg veit, að Reykvíkíngar einir hafa 14000—18000 rd. minni tekjur í ár en að undanförnu í meðalfiskiári. Vèr vitum það, að þeir, sem við sjó búa, hafa hvorki penínga eða aðrar þær eigur, sem þeir geti losað sig við til að kaupa fyrir matbjörg, þegar atvinnuvegur þeirra bregzt. Þeirra eina eign er sjávarútvegurinn, sem þeir ekki mega fremur missa en iðnaðarmaðurinn má missa smíðatól sín, og þess vegna þurfa þeir að fá meira styrk en sveitabóndinn, því missi þeir sjávarútbúnað sinn, geta þeir ekki haldið áfram atvinnuvegi sínum. Í bænarskránum til stiptamtsins mun upphæðin, sem hver hreppur áleit sig að þurfa, hafa verið talsvert hærri en það, sem þeir geta fengið eptir uppástúngu nefndarinnar, og þó að þíngmaður Snæfellínga og þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu álíti þá upphæð, sem nefndin tiltekur, nóga, og sè ástæðum manna hèr kunnugir, þá er þó hver sínum hnútum kunnugastur, og þeir, sem hafa skrifað bænarskrárnar, eru víst eins kunnugir og þeir; eg veit til þess, að bænarskrá var send frá Álptaneshrepp, og að þar þarf mikils við, en hvort upphæðin var tiltekin í bænarskránni, veit eg ekki; en ef þeir ekki hafa tiltekið upphæðina, vil eg, að þeir fái að tiltölu við það fè, sem aðrir hreppar hafa beðið um, og vil eg áskilja mèr að gjöra breytíngaratkvæði við niðurlagsatriði nefndarálitsins í þá stefnu, sem eg nú hefi talað.

Guðmundur Brandsson: Eg finn mèr skylt að þakka hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* og eins hinum 5. konúngkjörna þíngmanni og þíngmanni Reykvíkínga fyrir það, hvernig þeir hafa tekið í þetta mál, því nefndin slær ekki hendinni í móti slíku, heldur tekur til þakka allar góðar bendíngar frá þíngmönnum, er miða til þess að koma máli þessu í sem bezt horf. Þíngmaður Reykvíkínga vill, að hrepparnir, sem ekki hafa til tekið neina upphæð í bænarskrám sínum, er þeir sendu í vor til sýslumannsins í Gullbríngusýslu, fái að tiltölu við þá, sem hafa til tekið hana; þó eg viti það ekki með vissu, þá held eg, að hrepparnir hafi ekki til tekið upphæðina með vissum tölum, en það má bæði sýslumanninum og stiptamtmanninum vera kunnugt um; en eg veit, að nefndin hefir ekki rasað fyrir ráð fram með tölur sínar, með því að hafa þær of háar, því meðan málið var til meðferðar í nefndinni, átti eg tal við menn bæði úr Álptaneshreppi, Rosmhvalaneshreppi og mínum hreppi um það, hversu mikla hjálp þessir hreppar mundu þurfa, og eptir þeim upplýsíngum, sem vèr þannig fengum í nefndinni, miðuðum vèr tölurnar, og svo eptir okkar eigin kunnugleika á ástandinu, en það er satt, að upphæðin má ekki vera minni, en hún er til tekin af nefndinni, því það er það minnsta, sem menn geta komizt af með, ef sumarið verður gott og haustvertíðin góð. Það er líka alveg rètt og satt, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það má ekki bera Árnessýslu saman við Gullbríngusýslu, því hèr eru engir sveitarsjóðir til, eins og þar; hèr er ekkert nema skuldir; mèr er það t. a. m. kunnugt, að Álptaneshreppur skuldar í kaupstað 2000 rd., og eins veit eg, að Rosmhvalanes- og Strandarhreppar eru í skuld; en um hina hreppana veit eg ekki. Í Gullbríngusýslu eru líka flestir tómthúsmenn, eða þó þeir sumir að nafninu til eigi að heita grashúsmenn og sè þess vegna látnir vera í bændatölu, af því þeir hafa gras fyrir eina kú, og hafa sumir þeirra allt að 10 manns í heimili, þá geta allir getið nærri, að þetta dregur þá lítið á leið, því það er búið að kljúfa svo og parta í sundur jarðirnar hèrna, að engi þessara hefir neitt verulegt af þeim til að styðjast við. Í fyrra bað Rosmhvalaneshreppur um, að fá 300 rd. lán frá stjórninni með 5 ára endurgjaldsfresti, og fekk hann það; en hversu miklu fremur ætli að hann þurfi nú ekki að fá lán, eptir sem vertíðaraflinn brást þar, eins og annarstaðar? Þíngmaður Árnesínga gat þess til, að ástandið hèrna væri orðið svo vont, af því að menn byggi svo illa og sparaði svo lítið við sig, en hvort það er nú satt eða ekki, þá

veit hann líka, að það er of seint að gefa mönnum góð búskaparráð, þegar þeir eru komnir í dauðann, og það kann að vera, að það sè víðar en í Gullbríngusýslu, að menn ekki spari við sig allan óþarfann, að minnsta kosti veit eg til, að kramsölumenn hafa farið með klyfjaða hesta af ýmsu tægi austur í Árnessýslu, og komið aptur með tóma hestana, svo einhverir hafa þar orðið til að kaupa þetta af þeim. Sá dauði, sem hèr er, er hvorki að kenna lækníngum á sauðfè nè kláðanum í því, og er óþarfi að blanda því þar saman við. Hèr er líka allt öðruvsi ástatt með sauðfènað, en í Árnessýslu, þar höfðu menn á undan kláðanum mikinn fjárstofn, og bjuggu að því lengi, sem þeir þá skáru niður, og nú hafa þeir fengið mikið kúabú, og fèð er farið að koma upp aptur hjá þeim. Í Mosfellsssveit, þó henni væri áðan líkt við sveitirnar í Árnessýslu, er allt öðruvísi ástatt, því þar gjöra bændur ekki að eins menn út til sjóróðra, heldur kosta þeir líka til báta-útgjörðar, og er þeim það því tilfinnanlegra, þegar hvorugt þetta heppnast, og þekkja sjávarbændur vel til þess tjóns, sem menn bíða við það. Þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu fór fram á það, að stjórnin sendi fè til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu, sem hann mætti útbýta til Múlasýslnanna, ef á þyrfti að halda; mèr fannst þíngmaðurinn vera nokkuð óviss í þessu öllu, og uppástúnga þessi heldur óákveðin, og veit eg ekki, hvort stjórnin mundi verða svo tilleiðanleg að senda penínga til vara, sem ætti að liggja má ske rentulausir hjá amtmanni, ef engi þyrfti þeirra með. Að því er snertir útbýting fjárins, þá hefir nefndin ekki tekið það fram, hvernig henni skyldi haga, en það kom þó til tals í nefndinni; hún hèlt, að fèð mundi verða sent eða ávísað stiptamtmanni, er aptur sendi það sýslumanninum í Gullbríngu- og Borgarfjarðarsýslum, sem þá aptur mundi útbýta því í sameiníngu með sveitastjórnunum í sýslum þessum. Að minnsta kosti mun stjórnin senda stiptamtmanni fèð, af því að hann hefir skrifað henni um þetta mál áður, og þá verða honum víst engi vandræði úr að ráðstafa því.

Arnljótur Ólafsson: Það gleður mig, að þíngmenn hafa tekið vel undir nefndarálitið, því það, sem menn fara í aðra átt en nefndin, miðar til þess að auka tillagið, en eg held, að þeir þíngmenn, sem það vilja gjöra, þó þeim gangi gott eitt til, hafi þó aðra skoðun í þessu máli en nefndin. Nefndin vildi biðja um það minnsta, sem mögulegt væri, svo að því hægra væri bæði að fá það, sem beðið er um, og að borga það aptur. Nefndin var hrædd um, að

ef menn gæti fengið mikið, mundu þeir biðja um mikið, án þess að hugsa um það, að að skuldadögunum kæmi; menn mega ekki einúngis hugsa um að geta fengið kornið, heldur einnig um það, hvort menn geti borgað það aptur. Vèr megum ekki að eins vera brjóstgóðir, heldur verðum vèr einnig að vera forsjálir; vèr megum því eigi biðja um nema hið minnsta, er menn við þurfa. Eg get líka fært til dæmi til þess, að menn hafa komizt af með minna en menn hèldu, af því þeir hafa ekki getað fengið það, sem þeir báðu um. Amtmaðurinn í Vesturamtinu bað í fyrra um 500 tunnur af korni handa Snæfellsnessýslu, og það var sagt, að ef þeir fengi ekki þetta, mundi fólkið deyja þar umvörpum. Skip, sem sent var með kornið frá Kaupmannahöfn, hraktist inn í Noreg og komst kornið því ekki til Snæfellínga fyrr en í vor, tók sýslumaður þá kornið til geymslu handa þeim að vetri. Eg hefi ekki heyrt getið um, að neinn maður hafi dáið þar úr hor, sem betur fer, og Snæfellíngar eru nú betur farnir, en ef þeir hefði fengið kornið fyrr, því þá hefði þeir verið búnir að eta það upp, og væri nú í skuld um þessar 500 tunnur, en nú eiga þeir þær óeyddar. Úr Borgarfjarðarsýslu var mèr send skýrsla um, að þar mundi þurfa samtals 285 tunnur. Þessa upphæð setti eg niður um helmíng eptir að hafa borið mig saman við kunnuga menn í kjördæmi mínu; eg dró frá alla efstu hreppana í sýslunni, nefnil. Reykholtshrepp, sem á í sjóði nokkurt fè, Andakílshrepp, sem að öllu samtöldu er allvel staddur, Lundareykjadalinn, og þó Skorradalshreppur sè bágstaddastur af þessum, sleppti eg honum samt.

Þíngmaður Snæfellínga bað um 5000 rd. fyrir Gullbríngusýslu, og ráðgjörði eg þá, að biðja um 2000 rd. fyrir Borgarfjarðarsýslu, og þannig fengum vèr þessa 7000 rd. upphæð, en svo lækkaði eg enn upphæðina fyrir Borgarfjarðarsýslu um 500 rd., og er þannig beðið um 500 rd. meira, en menn í rauninni ætlast til að þurfi. Ef nú skyldi fiskast vel í haust, er sjávarsveitunum engi háski búinn, og vil eg því heldur, að upphæðin sè færð niður en upp, og að hún sè sett 6000 rd. í staðinn fyrir 7000 rd.; því ef Gullbríngusýsla fengi 4,500 rd., þá eru það rèttar 500 tunnur, og vona eg, að það sè nóg; eg vona, að þeir sè ekki svo margir, sem ekki geta bjargað sjálfum sèr, að þeir deyi, ef 500 tunnur fást af mat. Eg veit reyndar, að þeir geta etið meira, en þeir geta heldur ekki borgað eins mikið og þeir geta etið, því þeir geta ekki borgað það á 10 eða 20 árum, sem þeir geta etið á einu ári, eg vil að eins

biðja um svo mikið, að þeir líði ekki húngursnauð, sem bágast eiga, en eg vii ekki biðja, til þess að þeir geti lifað eptir munni og maga. Eg veit líka, að Húnvetníngar sjá eptir því enn í dag, að þeir þutu til að biðja um kornið hèrna um árið; þeir heyrðu getið um, að komið væri eitthvert gjafakorn, og hvern mann langaði þá til að ná í dálítið af því, lögðu svo ullina sína inn í kaupstaðinn fyrir kram, og ef til vill líka brennivín, en þegar þeir á eptir fengu kornið og heyrðu, að það ætti að borgast, þá iðruðust þeir eptir allt saman.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg verð nú að játa það, að þessi barlómstrumba, sem barin er hèr á þínginu, lætur víst ekki eins vel í eyrunum á mèr eins og sumum öðrum þíngmönnum; það er nú satt, að það er bágt að þurfa að svelta, en hitt er engu síður bágt, að sjá engan annan útveg en þann, að fleygja sèr í miskunarfaðm stjórnarinnar; það er aumt, ef það er satt, sem sagt er, að menn eptir einnar vertíðar fiskileysi eru reknir svo upp á sker, að engi ráð eru önnur fyrir hendi, en að biðja stjórnina um hjálp og peníngaián; og til hvers er nú þetta lán? og hver líkindi eru til það verði nokkurn tíma endurgoldið? Þíngmaður Gullbríngusýslu sagði það áðan, að einn hreppur stæði hèr í 2000 rd. skuld, aðrir sögðu, að menn væri farnir að selja af sèr fötin fyrir lífsbjörg; og til hvers er nú að biðja um lán handa slíkum? hver líkindi eru til þeir komist nokkurn tíma frá því? Eg vil nú benda þíngmönnum á það, einkum þíngmanni Gullbríngusýslu, að það er ekki einhlítt, að hlaupa í hvert skipti til stjórnarinnar, þegar harðindi og matarskort ber að höndum; *menn* verða fyrst og fremst að reyna til að bjarga sèr sjálfir, og bjarga hverir öðrum með fèlagsskap og öflugum samtökum; menn mega ekki leggja árar í bát, og láta svo rekast fyrir vindinum, hvert sem rekast vill. Þíngmaður Árnesínga fór nú getum um það, af hverjum orsökum það væri, að Gullbríngu og Kjósarsýslur væri nú verr farnar en önnur hèruð landsins; eg skal nú ekkert segja um það, og verð að játa, að eg er of ókunnugur til að fella um það rèttlátan dóm; en hvað sem svo í þessu er, þá getur ástandið hèr ekki annað en vakið grun um, að eitthvað sè bognara hèr en annarstaðar með reglusemi og sparnað. Hèr verður þó ekki kennt um niðurskurði, eins og almennt er vant að berja við, því hèr kvað allt af hafa verið læknað, og þó ætlar sú að verða raunin á, að þau hèruð, hvar allt var skorið niður, eru nú betur stödd en hin, þar sem allt af var

við haft lækníngakákið. Eins og eg hefi þá tekið fram, get eg alls ekki fellt mig vel við þetta mál yfir höfuð að tala, en af þeim uppástúngum, sem fram eru komnar, felli eg mig bezt við nefndarinnar, og verð að gefa mig svo fanginn undir hlýðni trúarinnar, að hún hafi farið þann veginn, sem beztur var og hèr átti við eptir kríngumstæðunum.

Pètur Pètursson: Eptir þeirri þekkíngu, sem eg hefi á máli þessu, er eg alveg samdóma nefndarálitinu, og held eg ekki, að þar sè orðum aukið um vandræði þau, sem vofa yfir höfðum manna. *Framsögumaður* sagði, að nefndin hefði haft fyrir augum að haga þannig uppástúngum sínum, að sem mest tryggíng yrði fyrir því, að lánið fengist, og þess vegna fèllst hann á, að bezt mundi vera að biðja um það úr kollektusjóðnum, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* benti á; en eg vil þá spyrja, hvort ekki mundi betra, að orðið »leigulaust« í uppástúngu nefndarinnar fèlli burtu, því eg gjöri ráð fyrir, að stjórnin mundi verða fúsari á að lána fèð, ef það fengist lögleg leiga af því, en að hún hikaði sèr ef til vill við að lána það leigulaust. En að hinu leytinu finnst mèr 5 ára endurgjaldstíminn of stuttur, því menn eiga það mikið á hættu, hvort menn geta endurgoldið það á stuttum tíma, því engi veit, hvernig fiskast og hvenær menn geta borgað fèð aptur, en af því eg veit, að meiníng manna er alvarleg með að borga lánið aptur, þá vil eg leyfa mèr að stínga upp á öðrum endurgjaldsmáta, þannig að 1000 rd. endurgjaldist árlega af láni þessu, þangað til það er búið að greiða það allt; verður þá allur endurgjaldstíminn 7 ár eptir þeirri upphæð lánsins, sem nefndin hefir til tekið, og ætla eg, að það sè ekki ógjörníngur fyrir svo margar sveitir að borga 1000 rd. á ári, þangað til lánið er greitt, og ímynda eg mèr, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að sveitirnar borgaði meira eitt árið og minna hitt árið, eptir því hvernig fiskaðist og í ári lèti, því eg er viss um, að stjórnin mundi ekki fara í svo smásmuglegan reikníng með það. En af því að eg álít, að 7000 rd. sè það minnsta, sem menn ætti að tiltaka, en uppástúngan getur skilizt svo, að það sè það mesta, sem menn biði um, þá vildi eg, að það væri orðað þannig, að í sumar yrði veitt að minnsta kosti 7000 rd. lán. Í þessa stefnu, sem eg nú hefi talað, skal eg áskilja mèr breytíngaratkvæði, sem eg þá orða nákvæmara síðar, og mun senda hinum háttvirta *forseta.*

Jón Hjaltalín: Eg skal leyfa mèr að gjöra litla athugasemd,

því mèr finnast ástæðurnar fyrir hinu bága ástandi hèr ekki vera teknar vel fram. Aðalástæðan er sú, að menn hafa misst hèr, eptir því sem eg hefi komizt að hjá kaupmönnum, 200,000 rd. í allri inntekt, og er það $^1/_5$ af allri landsins Production. Þessu hafa þeir tapað við fiskileysið, sem mest lifa af sjónum; aðalatvinnuvegur þeirra er þvínær alveg gjöreyddur; og því finnst mèr, að hèr hafi fram komið ósanngjörn og ósæmileg orð í salnum, sem eg óska að ekki hefði verið töluð, því þau geta ekki verið vel meint, og geta ei annað en vakið óþægilega tilfinníng í brjósti Sunnlendínga. Ástæðan fyrir því, að 7000 rd. lán er að mínu áliti of lítið, er sú, að fólkstalan hefir nú á hinum síðustu árum aukizt við sjóinn talsvert og er það ein af hinum mörgu sorglegu afleiðíngum niðurskurðarins, að menn hafa flutt sig burtu úr sveitinni og sezt niður við sjóinn, lokkaðir af þeim góðu aflaárum, sem voru hèr 1857 1858 og 1859; þegar harðna tók í sveitinni, þustu menn til sjávarins, og menn geta sèð á þessu, að ástandið hefir ekki verið gott í Norðurlandi. því þaðan komu margir híngað suður til sjóróðra svo mötulausir, að þeir hefði ekki getað lifað, hefði þeir ekki verið fæddir hèr; það getur verið, að mönnum þyki þetta svo lítið, að það sè ekki teljanda, en þegar menn gæta að því, að 3000 manns bætast við á fæði hjá Sunnlendíngum, þá er það því tilfinnanlegra, sem minni matvara er til í kaupstöðunum; en það er ekki að eins sjómannatalan á vertíðunum, sem hefir aukizt, heldur hefir fólkstalan hèr einnig aukizt meir en annarstaðar á landinu, því víða út um landið hefir þó að eins 29. hver maður dáið; en hèr í Reykjavík hefir dáið 35. hver maður, og þó er fólkstalan að aukast, en sumstaðar fyrir norðan og austan hefir dáið 10. hver maður og þar hefir fólkið fækkað, og allir vita, að þeir, sem dauðir eru, þurfa ekki að borða; að svona margir hafi dáið, get eg sannað með tölum, sem eg er hræddur um að verði harðar að hrekja. Þíngmaður Árnesínga var mikið að tala um sældina hjá þeim, sem niður hefði skorið, en það er bezt að spyrja kaupmanninn á Eyrarbakka að því; honum er það bezt kunnugt, í hvaða hreppum ástandið nú er bezt. Þíngmaður Suður-Þíngeyínga sagði, að það væri aumt, að Sunnlendíngar skyldi vera svona aumir eptir eitt einasta ár, en það er ekki eptir eitt, heldur *tvö* ár, því í fyrra aflaðist 5000 skpd. minna, en vant var, og nú í ár 10—12000 skpd. minna. Nú vil eg spyrja, hvaða partur Íslands, hversu digurmannlega sem hann lætur, mundi geta þolað þvílíkt tjón, án þess að þurfa hjálp-

ar við? Eg held, að það þurfi ekki að bera Sunnlendíngum á brýn meiri eyðslusemi en öðrum, sèr í lagi þegar hèr er orðinn atvinnuskortur. Það er gleðilegt, ef ástandið er eins gott í sveitinni og þíngmaðurinn sagði, en hver veit nema þeir sè komnir upp á nokkuð spánýtt í þíngeyjarsýslunni núna, já, hver veit nema þeir sè komnir upp á að borða homöopathiskt, eins og þeir lækna homöopathiskt, og þá gæti það orðið skiljanlegt, að 10. hver maður deyr í sveitunum þar sumstaðar. Þó menn drekki mikið kaffi hèrna við sjóinn, þá er það afsakanlegt, þar sem tómthúsmennirnir hafa hvorki mjólk nè aðra vökvun opt og tíðum, og eg er hræddur um, að þíngmaður Árnesínga geti ekki vel forsvarað sýslubúa sína fyrir því, að þeir drekki ekki brennivín þar á við aðrar sýslur, og er það ekki betra, en að drekka kaffi. Eg vona nú, að þíngið hafi einkum tillit til þess, að fólksfjöldinn hefir aukizt svo mjög hèr við sjóinn, því þegar að kreppti fyrir norðan, hrökluðust margir, eins og eg sagði nýlega, suður híngað, og eru menn nú að skila úr fóðrunum. Það er eðlilegt, að menn leiti bjargarinnar, þar sem hún er, og það er ekki heldur neinn nýr siður, að menn fari úr sveitinni til sjávarins, þegar í henni harðnar, því þessi siður er gamall; en það er dæmi upp á það, að það muni líka hafa kreppt að Norðlíngum; eg veit til, að það var sendur nýlega norður heill hópur af úngum Norðlendíngum, sem höfðu verið hèr 2—3 ár og gátu ekki bjargast hèr. Eg vona líka, að þíngið hafi tillit til þess óbærilega skaða, sem menn hafa liðið hër við Faxaflóann, og sem eg er sannfærður um að engi partur landsins hefði getað þolað, og vona eg, að menn finni ekki, að 10,000 rd. sè of mikið til hjálpar fyrir menn, sem hafa misst allt að 200,000, rd.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki verið þíngmanni Borgfirðínga samdóma í því, að nefndin hafi beðið um of mikið, því mèr finnst hún hafa beðið um of lítið. Eg get ekki sèð neitt tjón að því, að biðja um meir til lífsbjargar bágstöddum mönnum, en þeir kunna að komast af með í vetur, svo að það sè til, ef á þarf að halda, því það er auðvitað, að einhver stjórn verður höfð á útbýtíngunni, og sè eg ekkert á móti því, að stjórnin leyfði, að útbýtt væri meira fè, ef á þyrfti að halda; það þarf ekki að útbýta meira fyrir því, en þarf, en ef þetta fè ekki hrökkur til, þá er seint að hlaupa til Kaupmannahafnar um hávetur; það skyldi þá vera, að ísalög væri svo mikil að ríða mætti, og held eg þó, að langur yrði vegurinn; þó að þetta fè sè nóg, ef vel fiskast í haust, þá er

ekki víst, að það fiskist í haust, og það er óforsjállegt, að ætlast til, að eitthvert happ vili til, og menn eiga heldur að gjöra ráð fyrir því lakara, en því betra. Þó að Snæfellingar ekki sè búnir að eta upp þessar 500 tunnur af mat, sem þeir fengu í vor, þá er það ekki satt, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að þeir hefði þeim mun minni skuldir, því þeir hafa orðið að taka annað eins lán til þess að geta lifað, og eru nú orðnir í skuld um verð þessara 500 tunna (*Arnljótur Ólafsson:* Nei). Jú, það getur eigi annað verið, þeir hljóta að vera orðnir skuldugir um þeirra „*valuta*". Þingmaður Suður-Þingeyinga gat ei skilið það, að þessi sýsla væri svo bágstödd eptir eina vertíð, en haustvertíðin var líka vond, og vorvertíðin ekki nærri góð. Eg vil nú spyrja þingmanninn, hvort hann haldi, að nokkur sá hreppur sè til í landinu, sem ekki kæmist í bágindi, ef hann missti $^3/_4$ fènaðarins úr tómum hor á vordegi. Að missa þannig fè, er fyrir sveitabóndann hið sama, og fyrir sjávarbóndann að fiskafli bregðist að mestu. Það er seint að tala um samtök við þá menn, sem eru komnir í dauðann, og sem menn þurfa að bjarga nú þegar á þessu ári, að not verði að því. Eyðslusemina hèr fyrir sunnan ætla eg hvorki að lofa eða lasta, en eg held, að hún sè víðar en hèr eða í Gullbríngusýslu; að minnsta kosti hefi eg sèð, að sveitamenn geta tekið sèr í staupinu rètt eins og hver annar, þegar þeir koma hingað til sjóróðra; en það finnst mèr náttúrlegt, að þeir menn, sem að mestu lifa á fiski, drekki meira af kaffi en sveitamenn, sem hafa mjólkina. Eg vona, að þingmenn sjái, að það er allt öðruvísi ástatt hèr en í sveitinni, og að 7000 rd. lán er það minnsta, sem menn geta komizt af með, og eg þekki hèr svo til, að eg veit, að þeir, sem kallaðir eru bjargálna menn, eru ekki betur staddir en svo, að þeir hafa ekkert til að kaupa lífsbjörg fyrir, og fá ekki lán hjá kaupmönnum; hin einu úrræði, sem þeir hafa, ef þeim ekki er hjálpað með láni, er að selja útveg sinn, en það sjá allir, að það leiðir ekki til annars en að gjöra þá jafnauma þeim aumustu.

Guðmundur Brandsson: Eg lái ekki þingmanni Suður-Þingeyinga, þó hann hreifði efasömum spurningum, því það kemur af ókunnugleika hans til ástandsins hèr syðra, en hann má ekki miða ástandið hèrna við sjóinn við eitt kjördæmi, og eg vona líka, að hann láti sannfærast af þeim upplýsingum, sem ýmsir þingmenn hafa gefið í þessu máli, einkum af upplýsingum hins 5. konungkjörna þingmanns, og held eg, að hann geti vel gjört það, því hann

er svo skynsamur og sanngjarn maður. Hann hèlt, að eitthvað yrði að koma til þess, að ástandið væri svo slæmt hèrna, og er það rètt; orsakir eru nógar, því menn gjöra það ekki að gamni sínu að synda í skuldum. Þingmaður Reykvíkinga tók það nú fram, að vetrarvertíðin seinasta og haustvertíðin hefði verið mjög aflalitlar, og er það satt; vetrarvertíðin í hitt eð fyrra var góð, en þar á undan voru 3 fiskitregðu-vertíðir, þá aflaðist lítið, og menn misstu net sín í stormum og óveðrum, og eg gæti rakið lengra aðdragandann að þessari hágu tíð, en bæði yrði það of langt og svo mun þess ekki þurfa, því eg vona, að þingmenn allir álíti, að ekki sè beðið um hjálp án þarfa. Þingmaður Reykvíkinga sannaði, að það væri það sama fyrir sveitabóndann að missa fè sitt og fyrir sjávarbóndann að fá ekki fisk úr sjó, en eg álít, að tapið sè meira fyrir sjávarbóndann, því bóndinn hefir þó arðinn af ullinni, þó fèð drepist úr hor, en sjávarmaðurinn hefir engan arð af því, sem hann ekki hefir fiskað, en hefir skemmt til ónýtis sjávarútveg sinn. En eg lái meira þingmanni Borgfirðinga, sem er maður vel að sèr í hagfræði og stjórnfræði, hvernig hann hefir tekið í þetta mál, en hann er ef til vill ekki hagfræðingur í því smáa; hann veit vissulega ekki, hvað Snæfellingar sumir hafa lagt sèr til munns til þess að verja sig húngurdauða, en það veit hann, að menn hafa áður á Íslandi lagt sèr það til munns, sem hvorki hann eða eg vildum óska, að við þyrftum að hafa okkur til viðurlífs.

Ólafur Jónsson: Eg vil leyfa mèr að svara því litla, sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður sagði áðan; hann sagði, að hann vildi óska, að sum þau orð hefði ei verið töluð, sem töluð hefði verið hèr í dag, því þau gjörði ekki annað en hleypa spenníng í menn, en hann hefði þá sjálfur átt að gæta að því, að tala ekki þau orð sjálfur, er hleypti í menn spenníngi. Hann sagði, að það væri eitt af þeim happalegu afleiðíngum af niðurskurðinum, að fólk að norðan og vestan hefði flykkzt að sjónum, svo þúsundum skipti. Hann veit það nú sjálfur, að í Vesturamtinu fram fór engi skurður, nema á fáum bæjum, og í Norðuramtinu var skorið að eins í Húnavatnssýslu, og mótmæli eg því alveg sem ósönnu, að fólk þaðan hafi flykkzt suður að sjó. Að því er það snertir, að Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla hafi orðið að fá 1400 tunnur af mat að láni, þá verð eg að geta þess, að Húnvetníngar báðu ekki um að fá þetta korn að láni; þeir báðu stjórnina að sjá um, að korn yrði flutt til kaupstaðanna, svo þeir gæti fengið það þar til kaups, ef á

þyrfti að halda; af því nú að þeir fengu þetta korn að láni, tóku þeir það og hleyptu sèr þannig í meiri skuldir, en þeir annars hefði hleypt sèr í. Þingmaðurinn úr Suður-Þingeyjarsýslu sagði, að það væri hin aumustu úrræði fyrir Sunnlendínga að fá þetta lán, en eg held að það sè það ekki, því það er ekkert aumt úrræði að biðja um lán, þegar maður þarf þess með. Það væri þó enn aumara, ef þeir bæði um að gefa sèr, eins og hann stakk upp á. Nefndin var í vafa um, hvort 7000 rd. væri nóg, og er það auðsjáanlega komið undir því, hvernig aflast í vetur, og vil eg því, að upphæðin sè hækkuð. Hinn 3. konúngkjörni þingmaður stakk upp á, að menn fengi þetta lán móti rentu, og að endurgjaldstíminn væri þá lengdur, og verð eg að vera því samþykkur, því eg held, að það sè betra, en þó maður fái það rentulaust, þegar maður á að borga það á skemmra tíma.

Gísli Brynjúlfsson: Það er alkunnugt orðatiltæki, sem líka opt hefir reynzt satt, að þeir sè sælir, sem rati meðalhófið, og mèr þykir vænt um, að eg held þetta ætli nú líka að sannast á nefndinni, sem mèr og hlotnaðist sá sómi að vera í. Það hefir heyrzt hèr í salnum, að sumum þykir hún hafa farið of langt, en sumum aptur of stutt, og eg verð því að álykta af þessu, að hún muni einmitt hafa hitt hið rètta. Eg segi ei með þessu, að eg kunni ei að vera tilleiðanlegur til að víkja nokkuð frá því, sem nefndin hefir stúngið upp á, og t. a. m. hækka upphæð lánsins, ef mèr þykja nægar ástæður koma fram fyrir því, en þó lofa eg því ei að svo stöddu. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu hèlt, að nefndin hefði átt, frekara en hún hefir gjört, að leita upplýsínga um ástandið í öðrum hèruðum landsins hjá hinum kunnugustu þingmönnum, þá kann að vísu nokkuð að vera satt í því, að gott hefði verið að fá slíkar upplýsíngar fleiri; en þá verð eg þó og að segja honum það, að þeim þingmönnum, sem var svo annt um kjördæmi sín í þessu tilliti, hefði þá eins mátt detta í hug að snúa sèr að nefndinni af sjálfum sèr, því hún gat ei verið að eltast við hvern einstakan. Eg vona og, að menn muni einmitt virða það við nefndina, að hún hèlt sèr vel að eins við það verkefni, sem henni var fengið af þínginu, en það voru ekki nema tvær bænarskrár: sú úr Skagafirði, sem vissulega hreifði málinu í rètta stefnu með því að eins að biðja um lán, en að öðru leyti var svo almenn, að hún varð ei lögð til grundvallar fyrir nokkurri einstaklegri styrktarbón, og sú úr Gullbríngusýslu, sem við því einkum urðum að

byggja á. Það var enn og rètt í bænarskránni úr Skagafirði, að hún nefndi þann sjóð, sem rèttast væri að taka lánið úr, og þó vèr ei tækjum þetta beinlínis upp í niðurlagsatriðin, þá hefir þó nógsamlega verið bent á það í nefndarálitinu, en vèr ályktuðum sem svo, að það væri ef til vill að binda stjórnina að tiltaka beinlínis einhvern vissan sjóð í bæninni sjálfri, og því slepptum vèr því. En þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* nú þó heldur, að þetta ei sè svo, þá fer því fjarri, að eg fyrir mitt leyti hafi nokkuð á móti að tilnefna einmitt »kollektu«- eða rèttara »styrktarsjóðinn«, og áskil eg mèr því rètt til þess, að koma mèr saman um þetta við meðnefndarmenn mína, eða að öðrum kosti gjöra það breytíngaratkvæði einn — og eg bæti því við, með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni stakk upp á, að sleppa út orðinu »leigulaust«, að mèr finnst þá líka minni ástæða til þessa, ef fèð er lánað einmitt úr styrktarsjóðnum, sem þó upprunalega að eins var ætlaður til að veita fátækum hjálp, og sjálfsagt leigulaust. Að öðru leyti vona eg, að úr þeim ágreiníngi verði ekki mikið í verkinu, sem komið hefir fram í þessu máli milli Sunnlendínga og Norðlendínga, því eg held að eins menn hafi misskilið orð hins háttvirta þíngmanns Suður-Þíngeyínga. Það hefir lengi brunnið við fyrir norðan, síðan Guðmundur ríki var á dögum, að menn eru þar stórlátir og vilja heldur gefa en þiggja; eg skildi því orð hins háttvirta þíngmanns að eins svo, að hann vildi ei, að Íslendíngar færi að biðja fyrr en í seinustu lög, en ei svo, að Norðlendíngar væri að hælast um yfir Sunnlendíngum, því eg efast ei um, að þeir muni einmitt verða manna fúsastir á að hjálpa, ef þeir geta, og þegar verulega þarf á að halda.

Páll Sigurðsson: Eg verð að vera þeim breytíngum samþykkur, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður ætlar að gjöra við uppástúngu nefndarinnar, því ef beðið er um fè þetta af kollektusjóðnum, þá er hann stofnaður með konúngsúrskurðum og árlegum rentum, og þegar einn partur landsins biður um lán úr honum leigulaust, þá er það það sama, sem hinir partar landsins láni fèð rentulaust, og veit eg ekki einu sinni, hvort stjórnin gæti gjört það án samþykkis Íslendínga. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að ástandið hèrna væri orsakað af niðurskurðinum, en því mótmæli eg hreint fyrir hönd Rangæínga, því eg veit, að sjávarmennirnir hafa fengið margan góðan bitann þaðan þau árin, sem þar var skorið niður, því fjölda miklum var fargað hingað

suður, og held eg, að þeir hafi hèrna haft ábata af niðurskurðinum, en ekki skaða, þó það sjái nú lítinn stað, því margt fè var rekið hingað suður og selt, en matur kom ekki mikill austur í staðinn, svo það hefir ekki enn sannazt spádómur hans um afleiðingarnar af niðurskurðinum, en það er eins og forsjónin hafi stjórnað því svo, að einmitt það pláss, þar sem hefir verið eytt mestu fè til lækninga og fèð á að gefa margfaldan arð, þarf fyrst af öllum hjálpar við. Mèr þykir það nokkuð undarlegt, þegar menn heyra, að margir hreppar hèr hafa verið stórskuldugir á undan fiskileysinu í vetur, en aptur hrepparnir í Rangárvallasýslu, þar sem fèð var skorið niður, eru ekki stórskuldugir og ástandið þar þannig, að eg held, að þeir beri ekki enn jafnhátt betlitrumbuna, eins og hèr er gjört kríng um sjálfa lækníngastjórnina; en reynslan sker bezt úr þessu máli, og vèr skulum láta hana dæma. Að öðru leyti ætla eg að vera meðmæltur uppástúngum nefndarinnar, af því eg veit, að nú muni ekki vera kvartað að óþörfu, en barlómurinn í hitt eð fyrra var óþarfur, eins og eg sagði þá, en hvað rentuna og endurgjaldstímann snertir, ætla eg að halla mèr að breytíngaratkvæði hins 3. konúngkjörna þíngmanns.

Björn Pètursson: Eptir því, sem þíngmenn hafa talað og einkum þíngmaður Gullbríngusýslu, sem að líkindum mun vera einna kunnugastur hèrna í sýslunni, held eg, að ekki sè vanþörf á breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna, og það því síður, ef svo miklu færri hafa dáið hèr í allópathíunnar aðallandi, en annarstaðar á landinu, og einkum hinu hömöopathiska umdæmi, því það er auðvitað, að því færri sem deyja, því fleiri eru til að eta. En mig furðaði mikillega á þíngmanni Gullbríngusýslu, sem annars er svo sannsýnn og góðgjarn maður, og sem nú sjálfur hefir svo knálega barið barlómstrumbuna, skuli amast við öllum öðrum þurfandi og ekki vilja lofa þeim að snerta hana. Hann efaðist um, að stjórnin mundi fara að senda penínga hingað upp á »von og óvon«, og er það mjög líklegt; en eg hefi aldrei til þess ætlazt. Eg sagðist ekki fyrirfram geta vitað, hvernig nú kynni að ára, eða hvort Múlasýslur kynni að komast af án fjárstyrks. Þess vegna gjörði eg ráð fyrir að orða viðaukaatkvæðið á þá leið: »þegar þess yrði farið á leit«, og eg má fullvissa hann um, að það verður ekki gjört fyrr en í fulla hnefana. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að því meira korn sem hingað væri flutt, því meira væri etið! Það er mikið líklegt, en eg verð að minna hann á, að eg ekki hefi

beðið um korn, heldur hefi eg ráðgjört að biðja um peníngalán, ef á þyrfti að halda, og þeir verða þó að minnsta kosti ekki beinlínis etnir. Eg hefi hugsað mèr, að þeir yrði brúkaðir til að koma fótum undir búnaðinn, svo menn kæmist sem fyrst úr húngurbugðunni, og eg get ekki verið þeim þíngmönnum samdóma, sem álíta það »neyðarúrræði«, að leita styrks úr styrktarsjóði landsins, þegar á þarf að halda, því eg veit ekki betur, en að hann sè til þess ætlaður. Eins og mèr þykir það ljótt að vola um skör fram, eins þykir mèr og hitt ljótt, að monta, eður þykjast meiri en maður er.

Stefán Jónsson: Eg verð að játa, að eg hafði ímyndað mèr ástandið hèr allt á annan veg, en nú kemur fram, eg hèlt nefnil., að þær sveitir hèr, sem hafa sauðfènað og einkum þær, sem liggja næst Reykjavik, væri bezt staddar, af því þær hafa átt hægast með lækníngarnar á fènu, svo sem er Gullbríngu- og Kjósarsýsla, og jafnvel sumir hreppar í Borgarfjarðarsýslu; þessir hafa verið næstir aðaluppsprettu lækníngarina, og hafa fengið allt það nauðsynlega, sem þar að lýtur bæði meðul og annað, og allt gefins, og eins og áður hefir verið sagt hèr í salnum af merkum manni, að þeir hefði, margir hverir, fengið hvert viðvik við sínar eigin skepnur vel borgað. Það hefir líka einhver fengið skildíng af þeim 30 til 40,000 rd., sem stjórnin hefir útvegað til kláðalækníngа; en það hefir líklega, eins og máltækið segir, »orðið ódrjúgur innborinn eyrir«. Af því svo mikið hefir verið gjört orð á bæði í sumum ritum og skýrslum, að arður af læknuðu fè væri svo *margfaldur* við það, sem hann er af því fè, sem aldrei hefir veikzt af fjárkláðanum, þá hèlt eg, að ástand þessara sveita væri ágætt, já jafnvel glæsilegt; en mèr heyrist nú allt annað. Eg vil nú gjarna trúa því, sem kunnugir og áreiðanlegir menn segja um þetta bágborna ástand.

Aptur hèlt eg þar á mót, að sjávarhrepparnir hèr syðra, sem aldrei eiga, eða hafa átt, sauðfè, og hafa því ekki getað notið hins *fjarskalega* arðs af læknaða fènu, mundu vera sár-bágstaddir, því það er eðlilegt, þar sem þeim hefir að mestu leyti brugðizt sinn aðalatvinnuvegur, sjávaraflinn. Eg vil nú gjarna mæla með nefndarálitinu, að þessum mönnum sè bjargað, eins og farið er fram á, því það er sárt að vita til þess, að fólk falli úr húngri; einúngis vil eg bera upp breytíngaratkvæði um rentugjaldið, að það greiðist árlega, og getur það ef til vill komizt inn í breytíngaratkvæði hins þriðja konúngkjörna þíngmanns. Áður en eg skilst algjörlega við þetta mál, vil eg drepa á eina ástæðu í ræðu hins háttvirta 5. kon-

úngkjörna þíngmanns, þar sem hann var að bera saman Suðurland og Norðurland, og sagði, að miklu fleiri hefði dáið á Norðurlandi en Suðurlandi undanfarin ár, og að þeir æti ekki mat, sem dauðir væri; hann segir þetta öldúngis satt; en eg get líka frætt hann á því, að um leið og þeir hætti að lifa, þá hætti þeir að vinna; en eg skil ekki, að það sè nokkru mannfèlagi til viðreisnar og heilla að margir deyi, eg hefi vitað það vera talið eitt með mestu bágindum, þegar sóttir og manndauði ganga, hvort sem er yfir allt land eða ýmsar sveitir, og það eru opt einhver mestu hrepps-vandræði, þegar húsfeður eða foreldrar deyja frá fjölskyldu og eptirskilja úng og munaðarlaus börn.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skyldi ekki hafa staðið upp til að lengja þíngræðurnar að þessu sinni, ef að nokkrir þíngmenn hefði ekki misskilið ræðu mína áðan; svo að eg þess vegna neyðist til að leiðrètta þá. Hinn heiðraði sessunautur minn, þíngmaður Húnvetníinga, fann sèr það til, að eg hefði sagt, að nefndin hefði valið hin aumustu úrræði í þessu máli, en það fer fjarri, að eg hafi nokkru sinni hugsað, enn síður talað svona; eg er miklu heldur á því, að nefndin hafi valið hið skásta, sem fyrir hendi var; en hitt sagði eg, og segi enn, að þessi *úrræði,* að fleygja sèr í fang stjórnarinnar, eru hin aumustu *úrræði* fyrir Sunnlendínga, sem orðið geta, og eg vil nú spyrja hið heiðraða þíng að því, hvort Sunnlendíngum, eða rèttara sagt innbúum Gullbríngu- og Kjósarsýslu, er nú borgið með þessu láni, sem þíngið ætlar að útvega þeim hjá stjórninni; eg held alls ekki; það er betra en ekki í bráð, en alls ekki til frambúðar; og ef fiskileysið helzt, þá má biðja árlega um lán; þó ætlast menn til, að þessir þurfalíngar borgi árlega nokkuð af láninu, og hver líkindi eru til, að slíkt geti orðið framgengt? Eg held því, að þíngið hefði gjört enn betur og rèttara, hefði það beðið stjórnina beinlínis að gefa þetta; eða beðið hana að forsorga þessa veslínga, þar til þeir gæti sjálfir farið að fæða sig. Hinum 5. konúngkjörna þíngmanni þótti eg ærið sjálfbyrgíngslegur fyrir okkur Norðlendínga, og var að tala um sældarlífið, sem við lifðum þar; það er nú satt, að eg hefi aldrei lagt það í vana minn, að vera að segja hallæris- eða húngurssögur að norðan hèr á þíngi, það hafa nógir orðið til að vita þær samt, og ekki minnst hann sjálfur; en hitt er ekki rètt hermt, að eg hafi nokkurn tíma talið okkur lifa sældarlífi fyrir norðan. Eg get miklu fremur sagt hinum heiðraða þíngmanni það, að í sumum hèruð-

um nyrðra hafa verið hin mestu bágindi að undanförnu, t. a. m. í Múlasýslum og víðar, en menn hafa ekki að heldur getað kosið sèr þau kjör, að flýja til stjórnarinnar; það getur vel verið það verði, áður en lýkur þessum harðæriskafla, en hitt er víst, að menn munu reyna til að bjarga sèr, meðan mögulegt er. Hann sagði þingmaðurinn, að sjóvarbændur hèr við Faxaflóa mundu til jafnaðar hafa misst hèr um bil $^3/_4$ af meðalafla sínum næstl. vetur; þetta er nú að vísu mikill hnekkir, en eg get líka sagt honum það, að í sumum sveitum norðurfrá mun mega fullyrða, að næstl. 2 ár hafi menn ekki haft stórt yfir helmingsarð af fènaði sínum, og sumstaðar ef til vill minna, og þó þetta sè reyndar ekki eins voðalegur hnekkir, eins og þingmönnum segist frá að sè hèr syðra, þá munar þó um minna. Hann hèlt við þingeyingar værum farnir að borða eptir reglum homöopatha, eins og við notuðum lækningar þeirra; þetta getur nú vel verið, sem hann segir þingmaðurinn; en þá vil eg ráða honum það ráð, að læra sem fyrst af okkur, að borða homöopathikst, svo hann geti aptur kennt það út frá sèr hèr syðra; því eptir sem honum segist sjálfum frá, þá hafa Sunnlendingar miklu meiri þörf fyrir þessa kunnáttu en við norðurfrá. Og eg held það væri einnig hæst nauðsynlegt fyrir hinn heiðraða þingmann, að fara að viðhafa homöopathiskar lækningar hèr í sínu læknisumdæmi, svo menn ekki þurfi að fara norður í land, rètt undan handarjaðrinum á honum til að leita sèr lækninga hjá homöopöthum, því slíkar ferðir hljóta að gjöra sitt til, að eyða hinum litlu efnum þeirra Sunnlendinga, sem norður leita. Þingmaður Reykvíkinga kom með það dæmi sínu máli til styrkingar, að sá sjávarbóndi, sem missti $^3/_4$ af ársafla sínum, þá væri hann ekki betur staddur en sá bóndi í sveit, sem missti $^3/_4$ af fè sínu. Þetta dæmi ætla eg sè mjög öfugt og óheppið, því allir hljóta að sjá, að hinn mesti munur er á því, að missa *arðinn* af *stofninum* eða *stofninn sjálfan;* missi sveitabóndinn stofninn sjálfan, þá getur hann ekki rètt við fyrri en eptir mörg ár, nema hann sè ríkur maður af öðrum efnum, þar sem, þó hann missi eitt ár nokkuð af arðinum, t. a. m. heyskapur bregðist og fè verði gagnslítið, þá rèttir hann þegar við aptur; sama er að segja um sjávarbóndann, þó ein vertíð bregðist, heldur hann samt stofninum nefnil. sjávarútgjörðinni, og getur því undir eins rètt sig við aptur, þegar afli gefst; þetta ætla eg sè svo ljóst sem nokkur hlutur getur verið. Hafi eg skilið þingmanninn úr Gullbringusýslu rètt, þá skildist mèr af orð-

um hans, eins og eg og sumir þingmenn aðrir mundi ekki trúa því, hvað bágt væri í sumum sveitum hèr syðra; þetta er hreinn misskilningur hjá þingmanninum; eg trúi vel sögu hans og annara í þessu efni, og dettur ekki í hug að rengja hana með einu orði.

Arnljótur Ólafsson: Það var vegna breytíngaratkvæðanna, sem fram eru komin, að eg ætlaði mèr að segja fáein orð, þó það að vísu sè næstum því óþarfi. En eg skal samt minna hinn heiðraða þingmann Gullbríngusýslu á enn eitt dæmi, og það er þetta, að fyrir skemmstu útvegaði stiptamtmaður eptir beiðni Gullbríngusýslu 1000 tunnur af korni, þetta gekk nú vel, og þær komu, en þegar til átti að taka, vildi engi hafa kornið, og ekki var úthlutað meira en 97 tunnum, og það sem enn er verra, að ekki er 1 einasti skildíngur af andvirði þessu enn borgaður; þá gengu þeir, sem harðast börðu sèr, frá öllu, þegar til borgunarinnar kom, en hefði ef til vill viljað þigga gefíns. Mèr virðist það ekki heldur árennilegt að vera að lána þeim hreppum, sem þegar, að sögn, eru í 2000 rd. skuld, og er eg óviss um, að stjórninni þyki það aðgengilegt, og geti menn á Íslandi ekki bjargazt við sjóinn, þá held eg næstum því ástæða væri til að stínga upp á, að þeir flytti á heiðarnar á Jótlandi.

Sè það, sem eg ekki efast um, satt, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður sagði um öll þau ósköp af fólki, sem ætti að hafa streymt híngað í sjávarplássin, þá er svo sem auðvitað, því allir eður því nær allir þeir, sem koma til útróðra eru vinnufærir menn, að slíkir menn hafa orðið hèr til mikils gagns, að minnsta kosti finnst mönnum svo fyrir norðan, að gagn sè að kaupafólki, sem þar kemur, og ætti því þessi aðstreyming hèr að hafa haft hagnað í för með sèr. Hinn sami heiðraði þingmaður gat um, að menn hèr kríngum Faxaflóa, er sækja til Reykjavíkur, mundu hafa beðið 200,000 rd. skaða, eður sem hann orðaði það misst 2 tunnur gulls, af fiskileysinu. Það kann nú að vísu að vera svo, því enn er eg ekki búinn að sjá greinilegan reikníng fyrir þessu, en eptir skýrslum þeim, er kaupmenn sjálfir hafa gefið, hefir öll fiskiverzlun hèr í flóanum mjög sjaldan farið fram úr 200,000 rd., og er eg því hræddur um, að eitthvað sè bogið við þenna reikníng.

Indriði Gíslason: Hinn 5. konúngkjörni talaði mikið um það, að sjómenn úr niðurskurðarsveitunum hefði komið suður hópum saman til þess að íþyngja mönnum hèr á Suðurlandi. Eg hèlt þó,

ef eg hefi tekið rètt eptir, að hallærið á Suðurlandi væri sprottið mest af fiskileysinu núna, en ekki af því þótt sjóróðrarmenn kæmi suður fyrir mörgum árum síðan, enda er það optast vant að vera svo, að þó þeir komi mötulausir, þá muni þeir borga það, sem þeir fá, og er það nýtt, ef þeim er gefið mikið hèr á Suðurlandi; svo koma þeir eins mikið í þarfir Sunnlendínga og sínar, til þess þeir geti haldið út útvegum sínum.

En annaðtveggja er það, að það hefir ekki verið feitt að sleikja hjá lækníngamönnum á Suðurlandi eða öðrum kosti, hafi þeir verið svo farsælir, sem látið er, vegna lækninganna, þá hefði þá ekki þurft að muna hvert smáræðið.

Forseti: Að vísu er til mín komin ósk 13 þíngmanna um, að umræðunum sè lokið nú þegar, en hafi þíngmenn bein breytíngar- eða viðaukaatkvæði að bera upp, álít eg það þeim heimilt fyrir því.

Benedikt Sveinsson: Að vísu felli eg mig allvel við nefndina, en get þó ekki dulizt þess, að mèr virðist sem menn hèr næstum því hafi misst sjónar á eðli málsins út af orðahnippíngum, og verð eg því að bera upp það viðaukaatkvæði mitt, sem eg áskil mèr betur að orða síðar, er stefnir í þá átt, að landsmönnum yfir höfuð sè gefinn kostur á að fá lán móti vöxtum; eg get ekki sèð það geti skaðað, en engi veit nema einhvern tíma þyrfti til þess að taka.

Páll Melsteð: Eg verð að áskilja nefndinni rètt til að tala sig betur saman út af þessu.

Ásgeir Einarsson: Þar mèr virðist það næstum því ótilhlýðilegt, að eg ekki skuli standa upp í máli þessu, ætla eg fyrir hönd míns kjördæmis að fylgja breytíngaratkvæði hins heiðraða konúngkjörna varaþíngmanns.

Forseti: Fyrst að eigi hreifa fleiri þíngmenn breytíngaratatkvæðum og ekki taka fleiri til máls, þá álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið.

Samkvæmt dagskránni kemur þá næst til *ályktarumræðu* og *atkvæðagreiðslu* málið um *launabót amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Eyjafjarðarsýslu. Eg skal taka það fram, að breytíngaratkvæði hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns er hèr ekki á atkvæðaskránni, en af því það er yfirgripsmest, verður það fyrst borið fram við atkvæðagreiðsluna, en þetta breytíngaratkvæði barst mèr ekki fyrr en

atkvæðaskráin var alprentuð, og vona eg, að allir þingmenn hafi hana fyrir sèr, og bæti inn í hana tèðu breytíngaratkvæði.

(Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar:*

»Að amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu fái í laun 2,600 rd., og 200 rd. viðbót á hverjum 3 árum, unz komin eru 3,600 rd.«.)

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: þegnleg uppástúnga *um launabót handa amtmanninum í Norður- og Austurumdæminu.*

1. Breytíngaratkvæði *J. Hjaltalíns* og *P. Pèturssonar* við uppástúngu nefndarinnar:

   Að konúngur mildilegast vili veita amtmanninum í Norður- og Austurumdæminu að minnsta kosti þá launaviðbót, sem ákveðin var fyrir þenna embættismann í frumvarpi stjórnarinnar um launabót íslenzkra embættismanna, er hún lagði fyrir alþíngi 1859.

2. Breytíngaratkvæði *P. Melsteðs* við uppástúngu nefndarinnar:

   Að orðin: *„samkvæmt stöðu hans og embættisdugnaði“*, verði úr felld.

3. *Nefndin* (uppástúnguatriðið):

   Að hann (ɔ: konúngurinn) mildilegast vili hlutast svo til, að laun amtmannsins í Norður- og Austurumdæmi Íslands verði sem allrafyrst hæfilega aukin samkvæmt stöðu hans og embættisdugnaði.

4. Viðaukaatkvæði *Ólafs Jónssonar:*

   Að við endann á uppástúngu nefndarinnar bætist:
   og með fullkomnu tilliti til samkynja embættismanna í Danmörku.

5. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (Stefán Jónsson): Eg skal nú að eins tala lítið eitt um þau fáu breytíngar- og viðaukaatkvæði, sem komið hafa við nefndarálitið. Það er þá fyrst breytíngaratkvæði hins konúngkjörna varaþíngmanns, sem ekki er á atkvæðaskránni; nefndin viðurkennir að vísu, að það er gjört í góðum tilgangi, en hún gat þó eigi séð ástæður til að fallast á það; hún vildi eigi stínga beinlínis upp á svo miklu, og óttaðist fyrir, að þá fengist ef til vill ekkert, nefndin vildi fara sem gætilegast og vildi fyrir engan mun spilla málinu með því að verða of stórtæk. Ekki gat nefndin heldur fallizt á

breytíngaratkvæðið undir tölul. 1. Sama var að segja um breytíngaratkvæðið undir 2. Eptir embættisstöðunni verða þó launin að fara; og mèr finnst, að orðið »embættisdugnaður« geti ekki valdið neinu hneyksli; nefndin hefir ekki og vildi ekki með því sýna hinn minnsta virðíngarskort fyrir dugnaði annara embættismanna. Aptur á mót fèllst nefndin á, að viðaukaatkvæðinu undir 4. væri bætt við, af því henni virtist það heldur geta verið málinu til stuðnings. Eg skal svo ekki tala fleira, fyrr en eg heyri, hvernig ræður manna falla.

Jón Hjaltalín: Mèr fannst nú eiga bezt við það breytíngaratkvæði, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður bar upp um daginn, og sem eg þá þegar tók að mèr; eg held, að það eigi bezt við, að þíngið haldi sèr til þess frumvarps, sem stjórnin lagði fyrir þíngið 1859; eg held við embættismennirnir mættum þakka fyrir, ef það frumvarp væri orðið að lögum. En ef þetta breytíngaratkvæði nú fellur, þá ætla eg þó ei að halla mèr að uppástúnguatriði nefndarinnar, heldur að viðaukaatkvæðinu undir tölul. 4. Eg held, að það sè bezt, að biðja um það, sem maður vill fá, sem nákvæmast og mest ákvarðað. Þetta »hæfilega« eða hæfilegleiki og sanngirni og þess konar er eins og hrátt skinn, og því gjöri eg nú öllu saman lítið úr. Eg skal svo ekki tala meir um þetta mál, en óska að eins, að það fái sem beztan framgang.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú leitt þetta mál þegjandi fram hjá mèr til þessa, en úr því það er nú komið svona langt, ætla eg að láta þínginu í ljósi, fyrir hverju eg muni gefa atkvæði á þessari atkvæðaskrá. Eg ætla nú ekki að tala um breytíngaratkvæðin annað en það, að eg gef atkvæði mitt móti þeim öllum, en þar á móti felli eg mig vel við niðurlagsatriði nefndarinnar, einkum þessi orð: »samkvæmt stöðu hans og embættisdugnaði«, því hver ætti að þekkja embættisdugnað embættismanna, ef ekki stjórnin, og álít eg það mjög sanngjarnt að launa þeim þar eptir, að minnsta kosti get eg ekki skilið, að þíngmenn þekki betur hvern einstakan embættismann en stjórnin, og þó nú að embættismennirnir sumir á þessu þíngi hafi optsinnis álasað meira hlutanum frá í hitt eð fyrra, þá hefir þó stjórnin tekið síðan tillit til 2 embættismanna vorra með launabót, og eg kann henni miklar þakkir fyrir það, að hún hafði þar í broddi fylkíngar forstöðumann prestaskólans, því það var ekki einúngis samkvæmt ósk flestra þíngmanna í hitt eð fyrra, heldur allra landsmanna, og þar hún (stjórnin) hefir nú launað 2 embætt-

ismönnum eptir áliti meira hlutans 1859, þá mun hún ætla að framhalda hinu sama við hina aðra embættismenn sína. Hvað því viðvíkur, sem hèr hefir fram komið, að það væri betra að biðja stjórnina um ákveðnar tölur, þá get eg nú ekki verið á því máli, og það gæti einmitt orðið til skaða fyrir embættismanninn, því stjórnin, þegar hún er látin sjálfráð um upphæðina, kynni hún vilja hafa launin hærri en tölur þær, er þingið samþykkir, svo eg álít það ekki nema til að binda hendur stjórnarinnar að fara öðru vísi að, en eg hefi nú bent á.

Ólafur Jónsson: Eg skal nú ekki mæla langt fyrir viðaukaatkvæði; mínu eg sagði við undirbúningsumræðuna, að eg mundi falla frá því, ef nefndin tæki það ekki. Eg gjörði viðaukaatkvæðið vegna uppástúngna þeirra, sem eg vissi að von var á, og hugsaði eg, að sú nefnd, sem þar í væri sett, kynni að fara í aðra stefnu, en þessi nefnd, og ef til vill biðja um jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku, og það kunni eg ekki við, þegar um lík mál var að gjöra, að biðja um jafnrètti fyrir suma en ekki fyrir alla. Þingið á nú að mínu áliti að fara í sömu stefnu og áður, og biðja um jafnrètti, því rètt til jafnrèttis höfum vèr, svo lengi sem fjárhagurinn er ekki aðskilinn. En ef beðið er um vissar tilteknar tölur, þá sýnist mèr sem þingið sè búið að sleppa allri jafnrèttistilfinningu.

Benedikt Sveinsson: Hinn háttvirti *framsögumaður* tók það fram, að nefndin hefði ei viljað taka breytíngatkvæði mitt, af því hún hefði verið hrædd um, að stjórnin mundi ekki veita svo mikið, og beiðendur gjöra sig ánægða með, þó minna væri; hinn háttvirti *framsögumaður* treystir því ei, að stjórnin veiti svo mikla viðbót; þetta er næsta óeðilegt; breytíngaratkvæðið fer fram á, að amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu fái sömu laun og amtmenn í Danmörku; þetta byggist aptur á þeirri rèttlætissetníngu, að þegar einn er settur jafn öðrum að einu leyti, þá eigi hann líka að vera það að öðru leyti. Eg held, að amtmennirnir hèr sè sömu skilyrðum bundnir til að komast í sín embætti, sem amtmenn í Danmörku, og embættið sè jafnörðugt hèr og þar, og að því er amtmann Havstein sèrstaklega snertir, þá verða víst allir að játa, að hann hafi átt í örðugri og vandasamri stöðu að standa ekki sízt á seinni árum. Eg skil því ei, hvað er á móti því, að honum sè launað eins og amtmönnum í Danmörku, eg get ei sannfærzt um, að það sè rangt, og hefi eg þó íhugað málið nákvæmlega; þessi

regla er líka viðurkennd í öllum menntuðum löndum í heiminum. Ef menn segja, að menn treysti ekki réttlæti stjórnarinnar, þá er það illa farið, einkum af þessu þingi, sem á að treysta því, að um það, sem það ber réttilega og með ástæðum fram fyrir konúnginn og stjórnina, muni það fá góða áheyrn. Önnur ástæðan, sem knýr mig til að fylgja fast fram breytíngaratkvæði mínu, er öll *Politik* þessa þings. Það er verið að tala um jafnrètti. Hvað er jafnrètti? Ekkert annað í þessu máli, en hin sama peníngaupphæð. Eg sè nú ekki, hvað verður fengið út úr viðaukaatkvæðinu undir nr. 4; sem mig minnir að hinum háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanni þætti svo ákveðið; eg held, að það megi nú teygja úr því á *alla* vegu, svo launin geta eptir því bæði verið *meiri, minni* og *jöfn*, og þetta er þó óneitanlega sú mesta þensla, sem hugsanleg er í þessu; hún nær eins yfir hið minnsta eins og hið mesta. Hinn heiðraði þíngmaður Húnavatnssýslu talar um jafnrètti, en vill ei hafa tölur. En eg vil spyrja: Hver mælir þetta jafnrètti? Jafnrèttið er einmitt fólgið í sömu tölum, og hvorki meira nè minna. Það er nauðsynlegt, þegar þíngið kemur með einhverjar kröfur, að það gjöri það skýrt og greinilega, annars er hætt við, að því á eptir verði slett því í nasir, að það hafi ei vitað, hvað það beiddi um. Þriðja ástæða mín er nú alveg persónuleg; þíngmenn sumir misskildu mig svo um daginn, að eg vildi fella málið; en eg þykist nú með breytíngaratkvæði mínu sýna, að eg fremur vil styðja það en fella. Hvað því viðvíkur, sem hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að verið gæti, að hið minna fengist ekki, ef beðið væri um hið meira, þá er það alveg rangt, því hið meira innibindur í sèr það minna, en ekki öfugt.

Framsögumaður: Eg vil skýra betur, hvers vegna nefndinni ekki fannst tilefni til, að tiltaka neitt víst um upphæðina. Uppástúnga þessi er gjörð þannig, að amtmaður Havstein vissi ei af henni; hann er nú fjarlægur, svo menn geta ekki heyrt hans meiníng um málið, en það er öðru máli að gegna um embættismenn hèr, sem eiga hlut að máli. Nefndin treystir því, eins og eg hefi sagt, stjórninni til að auka laun hans, svo hæfilegt sè eða viðunanda. En þegar hina konúngkjörnu menn greinir nú svo mjög á um jafnrèttið; eins og sjá mátti af breytíngaratkvæðunum, sem komu á næsta þíngi í sama máli, þá er von, að þeir, sem ókunnugir eru embættislaunum í Danmörku, eins og eg viðurkenni að eg er, veiklist í trúnni um það, hvað hèr á bezt við. Eg meinti áðan,

að uppástúngumennirnir mundu fyrir Havsteins hönd taka á móti minna, en breytíngaratkvæði hins konúngkjörna varaþíngmanns fer fram á, ef það fengist. En eg get eigi sèð, að stjórninni sè ofvaxið, að sjá jafnrèttið, þó þíngið sè ekki að benda henni á það með tölum.

Pètur Pètursson: Eg á nú eitt breytíngaratkvæði á atkvæðaskránni, og gekk mèr það til að bera það upp, að eg kunni ei við að tiltaka enga vissa tölu, og þá þekkti eg eigi aðra sanngjarnari, nè aðra, sem þessu þíngi var kunnugt um að stjórnin hefði viðurkennt sem hæfilega, en þá sem var í frumvarpinu, sem lagt var fyrir þíngið 1859; en það kemur hvorki í stríð við breytíngaratkvæði hins konúngkjörna varaþíngmanns nè nefndarinnar uppástúnguatriði, nè heldur viðaukaatkvæðið undir 4. tölulið, og útilokar ekkert þeirra; hèr er að eins til tekið hið minnsta, en það útilokar ekki hið meira. Að því er uppástúnguatriði nefndarinnar snertir, þá kann eg ekki við, að tiltaka ekki vissa upphæð; eg skoða þetta ekki eins og neina ölmusugjöf; þá á við að biðja um ótiltekið. Að »konúngur hlutist til um«, álít eg ekki heppilega orðað; konúnginn eiga menn beinlínis að biðja að veita. Þessi viðbót »samkvæmt stöðu hans og embættisdugnaði« held eg mætti missa sig; það verður fremur til að setja málið *„paa Spidsen“* sem menn segja. En einmitt sú aðferð þíngsins, að taka Havstein amtmann einan sèr og bera hann fram, það er viðurkenníng um dugnað hans; en að fleygja því svona beinlínis í stjórnina, held eg að gæti spillt, einkum ef stjórnin skyldi ei vera á sömu skoðun um það. Mèr gekk það til, að eg hefi einlægan vilja á að styðja það, að hann gæti fengið einhverja launaviðbót, því eg ber mikla virðíng fyrir honum, og óska að málið fái sem beztan framgang.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Áður en eg vogast til að aðhyllast breytíngaratkvæði hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns, þá vildi eg leita nokkurra upplýsínga; eg get ekki dulið það, að mèr þykir launaupphæðin, sem breytíngaratkvæðið fer fram á, vera býsna frek, og ef maður er svo ósvífinn að biðja um það, sem ekki getur staðizt, þá held eg það verði fremur til að spilla en bata fyrir málefninu. Hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður hefir nú skýrt oss svo frá, að þessi launaupphæð, sem hèr er farið fram á, sè sú sama, sem amtmenn hafi í Danmörku, en þá vil eg spyrja: Er þá ekki öll þeirra embættis fasta inntekt innifalin í þessum launum þeirra? Eg meina jú, og nú vil eg spyrja: Er ekki enn, eins

og hefir verið, að Norðuramtmaðurinn hafi höfuðbólið Friðriksgáfu leigulaust í viðbót við launin sín (margir: Jú); *nú*, þar eg meina, að amtmenn erlendis hafi enga búgarða þess leiðis, það er að segja, leigulaust, þá virðist mèr, að breytíngaratkvæði hins háttvirta konúngkjörna þíngmanns heimti hærri laun fyrir Norðuramtmanninn, en amtmenn fá þar heima í Danmörku, og hefir það þó verið híngað til álitið tilhlýðilegt og ánægjanlegt, að embættin hèr á þessu fátæka landi væri heldur fátækari, heldur en þar heima, sem allt er ríkulegra. Eg hika því við að fylgja þessari uppástúngu, og halla mèr heldur að nefndarinnar, því eg held hún fari rèttasta veginn, sèrdeilis þegar við hana bætist breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns Húnvetníngа.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki vera fjölorður um þetta mál, en einúngis lýsa yfir því, að eg hallast helzt að breytíngaratkvæðinu nr. 1 á atkvæðaskránni, því það fer í þá stefnu, sem stjórnin fór í frumvarpinu, sem lagt var fyrir ríkisþíngið 1859. Það fer að vísu ekki fram því svo kallaða jafnrètti í tölum, sem hèr er verið að tala um, en það fer fram á launaviðbót, sem eg álít, ef hún fengist, viðunanlega. Þegar meta skal jafnrètti, kemur margt til greina, staðurinn, sem embættismaðurinn býr á, starf hans, annir og embættisstaða. Þannig launar stjórnin sendiherrum sínum misjafnt, eptir stöðu þeirra og eptir því, hvað dýrt er að lifa, þar sem þeir eru; þannig launaði hún og dómurunum í vestindiska landsyfirrèttinum miklu betur en dómendunum í landsyfirrèttinum í Danmörku; því verður heldur ekki neitað, að það er dýrara að lifa í Kaupmannahöfn og eg held líka í Viborg, en það er hèr, þó það sè orðið mjög dýrt og kostnaðarsamt, t. a. m. er húsaleiga víst miklu hærri þar en hèr. Stjórnin veitir íslenzkum embættismönnum naumast sömu laun, sem í Danmörku, og ríkisþíngið samþykkir það trauðlega. Þetta sást bezt, þegar launamálið hèðan var lagt fram í ríkisþínginu; þínginu þótti launin of há, og heimtaði að stjórnin legði málið fyrir alþíngi. Hèr gengu menn í 2 sveitir; minni hlutinn fór eptir stjórnarfrumvarpinu, en rifkaði það þó á sínum stöðum, sem stjórninni þótti enda um of. Meiri hlutinn hèlt þar á móti fram bókstaflegu jafnrètti, en hvað varð niðurstaðan? Hún varð sú, að ekkert varð úr neinu, sem víst hefði orðið allt annað, ef þíngið hefði haldið sèr við stjórnarfrumvarpið, enda þó það jafnframt hefði lýst því yfir, að launin reyndar væri of lítil. En auk þess setti

meiri hlutinn málið í samband við fjárhagsaðskilnaðinn og vildi heldur ekki, að launin yrði fast ákveðin með lögum, allt þetta steypti málinu. Eptir því sem þannig er til greint, ætla eg það hyggilegast að fara í þá stefnu, sem breytíngaratkvæðið nr. 1. á atkvæðaskránni bendir til. Eg treysti því, að stjórnin, þó hún ekki veiti oss það margnefnda talnajafnrètti, muni hún þó í ákvörðun launanna fyrir íslenzku embættismennina hafa hæfilegt tillit til embættismanna í Danmörku, sem eru í sömu stöðu, og launin þannig verða vel viðunanleg.

Arnljótur Ólafsson: Þegar eg nú lít á mannanöfnin á atkvæðaskránni, þykir mèr nefndin vera komin í gott »Selskab«, þar sem hinir mestu ágætismenn þíngsins hafa gjört breytíngaratkvæði; en þegar eg lít á efnið í þessum breytíngaratkvæðum, held eg menn verði þess varir, að ekki er sem bezt *„Forstaaelse“* á milli þeirra; einn biður um svo mikið, annar um svo lítið, en nefndin er nú mitt á milli beggja, og hangir svona eins og milli himins og jarðar. Hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður biður um ákveðna upphæð og hana háa, en hinir um hina minnstu launaviðbót, sem komið hefir til umræðu, en það er konúngsfrumvarpið 1859. Eg vil nú láta launin verða meiri en svo, en þó þykir mèr hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður býsna heimtufrekur; hann dregur ekki neitt af, og segir ekki: að mesta kosti þessa upphæð, heldur: annaðhvort þetta eða ekkert (*Benedikt Sveinsson:* Nei). Jú, þegar maður biður um eitthvað tíltekið, þá biður maður um það og *ekkert* annað. En hví fór hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður eigi lengra í jafnrèttinu og sagði: Stjórnin hefir opt talið okkur með nýlendum sínum, látum oss nú sjá, hvort hún vill standa við það, færum því tölurnar upp eptir því, sem borgað er samkynja embættismönnum í nýlendum Dana í Vestureyjum? Hefði þetta bragð tekizt, þá var vel veitt, og að minnsta kosti var það grikkur. Að því er nú jafnrèttinu vikvíkur, þá er það satt, að það er, eptir því sem nú er fjárhagssamband Íslands og Danmerkur, fólgið í því, að hin sama töluupphæð á launum sè hèr sem þar. En þetta tölujafnrètti er nú fyrst nýlega komið á í Danmörku. En eg fyrir mitt leyti álít nú, að embættismenn hèr sè jafnrèttháir samkynja embættismönnum í Danmörku, þó þeir hafi dalnum minna í laun, því samband stjórnarinnar við embættismanninn er þó þannig, að stjórnin segir: Hèrna eru laun, brauð eða kaka; ef þú nú vilt ná í það, þá verðurðu að ganga í skóla, læra og taka examen, og

síðan taka að þèr embætti með öllum þeim veg og vanda, sem því fylgir, og því hljóta launin að fara eptir öllum þessum atvikum.

Að því er nú viðvíkur 1. breytíngaratkvæðinu á atkvæðaskránni, þá ímynda eg mèr, að uppástúngumennirnir hafi ei meint frumvarpið, sem lagt var fyrir þíngið 1859, heldur það, sem stjórnin lagði fyrir ríkisþíngið 1860 (*Pètur Pètursson:* Nei). En fyrst að nú ríkisstjórnin hefir síðar ákveðið hærri laun, en þau, sem til voru tekin í frumvarpinu 1859, þá finnst mèr, að ekki siti á mönnum, að fara sem lengst niður, heldur halda sèr til síðustu orða stjórnarinnar sjálfrar. Viðvíkjandi 2. breytíngaratkvæðinu, þá get eg nú ei fallizt á það; eg vil ekki, að nefndinni verði brugðið um, að uppástúnguatriði hennar sè óákveðin; en það er einmitt þau orð, er gjöra hana ákveðna, sem hèr er stúngið upp á að sleppa. Hinum háttvirta sessunaut mínum, sem er svo góður í málinu, hefir líklega ekki þótt það fallegt orð að tarna »staða«, en nefndin meinti með því embættisstöðu, ekki annað; en hitt skil eg eigi, hví hann hefir móti orðinu »embættisdugnaði«. Hann er þó sjálfur embættismaður, og veit, hve mikils dugnaðurinn er metinn. Nefndin hugsaði nú sem svo, að þegar embættisdugnaðurinn mælir með manni til að fá annað betra embætti, þá mundi dugnaðurinn verða líka tekinn til greina, þegar bæta ætti laun manns í sama embættinu. Í viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Húnavatnssýslu eru nú mikið falleg þessi orð »með fullkomnu tilliti til« (*Benedikt Sveinsson:* Það er dönsk hugsun). Það getur verið, að orðið tillit sè betra í líkamlegri þýðíngu, en það er þó líka notanda í andlegri merkíngu. Eg lýsi því þess vegna yfir, að eg er með uppástúnguatriði nefndarinnar og viðaukaatkvæði þíngmanns Húnvetníinga.

Björn Pètursson: Eg vildi nú tala fátt eitt um breytíngaratriði þau, sem fram hafa komið við uppástúnguatriði nefndarinnar. Að því er þá fyrst snertir breytíngaratkvæði hins konúngkjörna varaþíngmanns, þá veit eg nú, að honum hefir gengið gott til, en eg er hræddur um, að það spilli einúngis fyrir viðkomandi. Nr. 1 á atkvæðaskránni er nú auðsjáanlega sprottið af hræðslu, að stjórnin muni fara eins að og fyrr, nefnilega neita um uppfylling bænarinnar undir því sama yfirskyni, sem fyrr; en eg held nú, að það megi geta um þetta breytíngaratkvæði í álitsskjalinu, svo að stjórnin geti sèð, hvað menn hafa hugsað *allraminnst,* þó það ekki sè í niðurlagsatriðunum. Að því er 2. breytíngaratkvæðið snertir, þá er eg því nú fremur meðmæltur; eg held, að þessi viðbætir í end-

anum gjöri, ef til vill, ei annað, en spilla. Engi er ef til vill fúsari á að játa embættisdugnað amtmannsins í Norður- og Austuramtinu en eg, því eg þekki hann mikið vel. En allir vita, að amtmaður Havstein hefir fremur verið olnbogabarn stjórnarinnar nú á seinni tíð, og allir vita líka orsökina, og ef embættisdugnaður hefir einmitt valdið ónáð stjórnarinnar, þá er líklegt, að hann ekki verði honum til meðmælis. Við viðaukaatkvæðið undir 4. felli eg mig vel; eg held stjórninni líki betur, að beðið sè um, að hafa tillit til samkynja embættismanna, en að heimta jafnrètti við þá.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg játa, að eg hefði heldur óskað, að þetta mál hefði orðið samferða hinu málinu um líkt efni, því ef þetta mál eigi fer vel úr hendi fyrir þinginu, þá er þar með spillt fyrir öllu málinu, og það veit eg þó að er gagnstætt ósk þingmanna. Eg skal ekki bera á móti því, að fyrst að þingið 1859 bað um jafnrètti, þá er ósamkvæmni af því, að gjöra það ekki líka 1861, einkum þegar það sèr, að stjórnin hefir yfirgefið frumvarp sitt frá 1859 með breytingunum í frumvarpinu 1860, sem það lagði fyrir ríkisþingið, og nú hefir hún enn fremur yfirgefið það, er hún hefir gengið inn á jafnrèttisuppástúnguna; og það hefir hún sýnt með því, að veita þessum 2 embættismönnum, sem hèr hafa fengið viðbót, jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku, því forstöðumaður prestaskólans er settur jafnhliða rektorum; stjórnin hefir því með þessu bent þinginu á þá stefnu, sem það á að taka; eg fellst því alveg á breytingaratkvæði hins háttvirta konúngkjörna varaþingmanns. Þar sem þingmaður Mýramanna sagði, að amtmaðurinn í Norðuramtinu hefði leigulaust íbúðarhús, þá vil eg segja honum, að það hafa amtmenn í Danmörku líka. Hèr er ekki verið að tala um jafnrètti í tölum, eða einúngis á pappírnum, heldur í peningum, það er að segja, hvað embættið gefur mikið af sèr. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðínga hèlt, að stjórnin mundi ei ganga á bak orða sinna; hún er búin að því, með því að breyta hinni fyrstu uppástúngu sinni. Þingið ræður nú, hvernig það gefur atkvæði, eg fellst á þetta breytingaratkvæði, en engi hinna.

Guðmundur Brandsson: Það er nú engi furða, þó nefndin ákvæði eigi neina vissa tölu; uppástúngumenn höfðu eigi borið sig saman við Havstein amtmann, og vissu því eigi hans meiníngu, en þekktu þörfina, og því þótti þeim bezt, að láta stjórnina ráða, og treysta því, að hún veitti honum nægilega launaviðbót; og með þessari trú gengum við hinir inn í nefndina. Það er nú sitt að

hverju af breytíngaratkvæðunum; breytíngaratkvæði hins konúngkjörna varaþíngmanns gengur hærra, en minni hluti þíngsins í hitt eð fyrra; en breytíngaratkvæði hinna tveggja konúngkjörnu þíngmanna eru fyrir neðan þær launatölur, sem þá komu fram á þínginu. Það er nú varla heimtanda, að nefndin geti gengið inn á þetta, sem er svona hvað á móti öðru, og þó í hinu launamálinu yrði tiltekin tala, sem engi getur núna sagt neitt um, þá getur þessi nppástúnga vel samrýmzt við það, og ræðurnar út af þessu hafa því að mestu verið óþarfar, því þessi 2 mál þurfa alls eigi að ríða í bága hvort við annað, ef vel er farið með þau bæði.

Jón Pèturssou Eg býst nú ei við, að geta talið þínginu hughvarf, svo það fallist á uppástúngu hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns, sem þó er sú eina rètta, og sú eina, sem þíngið ætti að fara fram á. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* mælti á móti henni, líklega af því, að hann hèlt hún væri á móti skoðun stjórnarinnar og hèlt fram uppástúngu hins 3. og 5. konúngkjörnu þíngmanna, án efa af því þeirra uppástúnga mun vera samkvæmari skoðun hennar; en hann vantar alveg víst skýrslur til að geta byggt á nokkurn órækan dóm um það, að stjórnin nú líti svo á mál þetta, sem hún gjörði 1859; menn hafa þvert á móti sterkustu líkur fyrir hinu gagnstæða; nú í ár 1861 eru komin út ný lög um laun embættismanna í Danmörku, sem eru byggð á allt öðrum grundvallarreglum, en áður, sumsè þeim, að allir samkynja embættismenn eigi að launast jafnt; og á hverju vita nú menn, að stjórnin muni ei vilja brúka sömu grundvallarregluna hèr, einkum fyrst hún hefir veitt þeim 2 embættismönnum hèr á landi, sem fengið hafa launaviðbót síðan 1859, launaviðbót einmitt eptir þeirri reglu. Allir vita, að rektor nú hefir fengið sömu laun og rektorar í Danmörku, og viðbót á hverjum 3 árum, en ekki 5, eins og mig minnir væri í frumvarpinu 1859. Forstöðumanni prestaskólans er ef til vill ekki launað eins og staða hans útheimtir; en þetta embætti er ekki til í Danmörku; það varð annaðhvort að setja hann við hliðina á prófessórum þar, sem kynni að vera rèttara, eða þá við hliðina á rektórum, og það hefir stjórnin gjört. Þetta kemur nú saman við skoðun alþíngis 1859, að allir embættismenn hèr á landi eigi að launast jafnt og samkynja embættismenn í Danmörku; úr því embættismaðurinn kemst í eina stöðu, þá á hann að fá þau laun, er stöðunni fylgja, en það á ei við, að vera að mæla út, hvort eigi megi spara fáeina dali, af því ódýrara sè að lifa á einum stað, en

öðrum; þetta seinna var sú regla, sem stjórnin áður fylgdi í að ákveða laun embættismanna, en er nú alveg búin að yfirgefa hana. Þar sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* kom með það dæmi, að stjórnin launaði ójafnt sendiherrunum við hinar ýmsu hirðir, þá á þessi líking alls eigi við, og má ei draga ályktun af því til þess, hvernig launa eigi embættismönnum hèr á landi. Stjórnin verður í hinu að fara eptir því, sem stjórnin í því og því landi launar embættismönnum sínum, og eptir því, hvernig aðrar hirðir launa samkynja embættismönnum sínum þar. Eg veit nú eigi, eptir hverju jafnrètti á að mælast, þegar um laun er að ræða, ef ekki eptir tölum, og jafnrètti í launum er í því fólgið, að dalatalan sè hin sama hjá samkynja embættismönnum. Eg er ekki svo góður reikníngsmaður, að eg geti reiknað það út eptir öðru, og þykist eg þó vera eins góður í reikníngi og aðrir hèr í salnum; en mèr þætti gaman að sjá það dæmi fallega leyst eður almennar reglur gefnar fyrir því, að menn geti haft jafnrètti í launum, þó launin sè mismunandi. Það var nú áheyrileg ástæða, sem þíngmaður Mýramanna kom með, að amtmaðurinn í Norðuramtinu hefði leigulaust íbúðarhús og bújörð; en amtmenn i Danmörku hafa líka hús til íbúðar og bújarðir; þeir gjalda reyndar eptir þær, en arðurinn af þeim er margfalt meiri en eptirgjaldið, svo að þó amtmaðurinn í Norðuramtinu þurfi ei að gjalda eptir, þá held eg að það jafnist nú upp og hinir sè í þessu allt eins vel farnir. Það var nú alveg rètt, sem hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga tók fram, að þetta jafnrètti millum samkynja embættismanna er fyrst nýlega komið á í Danmörku, en þar af flýtur ekki, að það megi ekki og komast hèr á nú, eður fyrr en að 100 árum liðnum. Meiri hluti alþíngis kom með jafnrèttisuppástúnguna í hitt eð fyrra, sumsè, að embættismönnum hèr væri launað eins og samkynja embættismönnum í Danmörku, en hún var felld á ríkisdeginum, ekki af því að beðið var um jafnrètti, heldur af því, að beðið var um, að þetta ekki væri gjört að lögum. Mèr sýnist nú mikið í allt þetta varið, fyrst og fremst, að ný lög síðan 1859 eru komin út fyrir Danmörku, er segja, að samkynja embættismenn þar skuli hafa sömu laun; og í annan stað, að nú er þegar hèr búið að hækka laun 2 embættismanna eptir þessari sömu grundvallarreglu, því þetta er órækur vottur um skoðun stjórnarinnar og ríkisdagsins nú um það, að samkynja embættismenn hèr á landi og í Danmörku eigi að launast jafnt. Og loksins gekk meiri hluti alþíngis í hitt eð fyrra inn

á jafnrèttið; þess vegna getur það nú ekki gjört annað en farið því sama fram, því, eins og eg sagði, ríkisdagurinn felldi ei uppástúngu þess, af því beðið væri um jafnrètti, heldur af því beðið var um, að það væri ekki að lögum gjört. Það hefir verið talað um, að embættismenn í nýlendum Dana í Vesturheimi hefði hærri laun, en embættismenn í Danmörku sjálfri; en því þurfa embættismenn hèr fyrir það að hafa lægri laun? Eiga þeir endilega að hafa lægri laun, til þess að við skulum geta skoðazt sem nýlenda? Að því er nú snertir breytíngaratkvæðin, þá held eg, að uppástúngumenn 1. breytíngaratkvæðisins muni ekki halda því fram; því hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga tók greinilega fram, að stjórnin lagði fyrir ríkisþíngið 1860 frumvarp um laun embættismanna hèr, og að laun amtmanna voru þar til tekin hærri, en í frumvarpinu 1859; og þegar stjórnin sjálf þannig seinna hefir lýst yfir því, að hún vill gefa amtmanninum í Norðuramtinu hærri laun, en hún þá vildi, þá getur þíngið ekki verið þekkt fyrir, að biðja um minna. Eg held nú, að nefndarinnar uppástúngur megi teygja í allar áttir; þetta »hæfilega« eptir hverju á að meta það? »eptir stöðu hans« segir nefndin, en hvað meinar hún með því? Er það í samanburði við samkynja embættismenn í Danmörku? eða við samkynja embættismenn í Vesturheimi? eða við samkynja embættismenn í einhverjum öðrum löndum, og þá hvar? Því má ekki ákveða þetta með tölum, fara eptir hinum nýjustu grundvallarreglum stjórnarinnar? eg skil það ekki. Nefndin vill, að það líka skuli ákveðast »samkvæmt embættisdugnaði hans«; þetta álít eg nú hreint óhafanda; því það á að veita honum launaviðbót samkvæmt því, sem samkynja embættismenn hafa í Danmörku, en ekki eptir dugnaði; dugnaðurinn á að hefja menn til eins embættis frá öðru, og á því að takast til greina við embættaveitingar, en alls eigi við launaviðbót. Ef stjórnin vill launa dugnað í einhverju vissu embætti, hefir hún önnur úrræði; hún hefir bæði titla og orður, til að launa dugnaðarmönnum með; en eg sè ei, hver endalokin yrði, ef menn ætlaði að fara að reikna dugnað og hæfilegleika út í tölum, og þetta vill nefndin láta stjórnina gjöra, sem hún þó sjálf og víst engi getur. Þá er nú þetta viðaukaatkvæði »fullkomnu tilliti til«; er ekki nóg að hafa »tilliti til?« Eptir hverju á þetta »fullkomna tillit« að metast *(Arnljótur Ólafsson:* Eptir ófullkomnu). Það lá að. Eg held loksins, að þó menn biði um launahækkunina eptir breytíngaratkvæði hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns, þá sè ekki þar með loku fyrir skotið,

að stjórnin geti hækkað laun amtmannsins í Norðurumdæminu fyrir því frá því sem þau nú eru, ef hún annars ekki vill veita honum þau laun, sem samkynja embættismenn hafa í Danmörku.

Konúngsfulltrúi: Út af því, sem hinn 4. konúngkjörni þingmaður nú sagði, skal eg leyfa mèr að tala fáein orð, en fyrirfram skal eg taka það fram, að mèr þætti það miður farið, ef þingið færi nú að skiptast í flokka, því þá fer að líkindum eins og það fór seinast, það verður árángurslaust; þar næst skal eg út af því, sem hinn sami heiðraði þingmaður sagði, að stjórnin hefði nú sýnt það, er hún hefði nú veitt rektor skólans og forstöðumanni prestaskólans sömu laun og embættismönnum þessum eru veitt í Danmörku, að hún vildi láta embættismennina á Íslandi njóta fulls jafnrèttis, taka það fram, að þessi ályktun er engan veginn áreiðanleg, því það er alkunnugt, að rektor hafði, þegar hann fór hingað, fengið loforð um að fá sömu laun og rektorar í Danmörku; þetta efndi stjórnin við hann og bætti honum enda upp fyrir árin, sem liðin voru, en úr því þetta var orðið, þá gat stjórnin ekki látið vera að rífka laun forstöðumanns prestaskólans að því skapi, því þessir tveir embættismenn eru settir samhliða. Það verður því ekki ályktað af þessu, að stjórnin sè búin að breyta skoðun sinni á málinu, frá því er áður var, og að hún ætli að láta íslenzku embættismennina, sem hafa laun sín úr ríkissjóðnum, fá sömu laun og embættismenn í líkri eða sömu stöðu í Danmörku.

Það sem hinn heiðraði þingmaður sagði, að það væri ómögulegt að ákveða jafnrètti milli embættismanna nema með jöfnum tölum, get eg ekki skilið að sè rètt, því það má ákveða hlutfallið, eptir þeim sèrstaklegu kringumstæðum á hverjum stað. Að þingið þurfi að halda sömu skoðun, sem það hafði á málinu á seinasta þingi, er heldur ekki rètt, það getur breytt henni og á að breyta henni, ef það sèr fram á, að skoðun þess ekki hefir verið rètt, og að það, með því að halda áfram í sömu stefnu, ekki getur náð tilgangi sínum, en það eru ekki líkindi til, að það nái honum í þessu máli með því að halda fram fyllsta talna-jafnrètti, en eg skal ekki orðlengja þetta fremur, en einúngis leiða athuga þingsins að því, að það er brýn nauðsyn á því, að meiníngar þingmanna verði hèr ekki á sundrúngu, því ef svo yrði, er eg hræddur um, að ekkert verði úr neinu, og það mætti heita illa farið.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er nú reyndar engi furða, þó bændur fari að sundla í máli þessu, þegar sjálfir hinir kon-

únglegu embættismenn hafa svo mjög gagnstæðar skoðanir hver öðrum á því. Hinn 5. konúngkjörni þingmaður og hinn konúngkjörni varaþingmaður vilja nú ekkert annað en beint og blátt jafnrètti við embættismenn í Danmörku, en hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og aðrir þeir embættismenn, sem talað hafa í þessu máli, og sem einnig þiggja laun sín úr ríkissjóði, þeir virðast gjöra sig ánægða með mikið minna; svo hafa hèr komið uppástúngur inn á þingið um launabót, sem fara í allt aðra átt. Það liggur nú svo sem í augum uppi, að þessar sundurleitu skoðanir sjálfra embættismannanna hljóta að spilla mjög svo fyrir málinu, og valda því ef til vill, að það aldrei fær framgang. Eg held því, að nefndin hafi farið hinn eina og rètta veg, sem fyrir hendi var, þar sem hún hefir í ástæðum sínum fylgt fast fram jafnrèttinu, en í niðurlagsatriðunum ekki ákveðið neina vissa tölu fyrir launaviðbót handa amtmanninum í Norður- og Austurumdæminu, heldur falið rèttlæti stjórnarinnar að meta hana; á þessu hefir nú að vísu hinn konúugkjörni varaþingmaður hneykslazt, og ætlar hann, að þetta verði málinu til falls, en nú vil eg spyrja hann: Hvernig getur hann ætlazt til, að við bændur vitum þetta jafnrètti í tölum? Það mundi nú að vísu hægt að útvega sèr eður fá upplýsíngar um laun amtmanna í Danmörku, og eptir því skapa amtmönnum hèr jafnrètti; en hversu ómögulegt verður þetta ekki, þegar ræða skal um skólakennara hèr og alla þá trossu af embættismönnum, sem menn eru að bera hèr fram á bænarörmunum? hver er svo vitur, að hann geti metið hæfilegt jafnrètti handa þessum mönnum? og þó nú væri farið að skapa einhverjar tölur um þetta jafnrètti, eins og gjört var á þínginu 1859, þá er nú svo sem auðvitað, að ótal breytíngaratkvæði koma við þessar tölur, eins og þá einn vill hafa þetta, annar hitt o. s. frv.; og hverju er nú stjórnin nær? hvað getur hún byggt á slíkum uppástúngum? Eg held henni verði fullt eins hægt, að veita embættismönnum hèr fullt jafnrètti, ef hún vill svo, þó þessa margbreyttu töluliði vanti. Eða hverjar uppástúngur og hverja töluliði hafði hún fyrir sèr, þegar hún veitti forstöðumanni prestaskólans og rektor við hinn lærða skóla launaviðbótina? Eg ætla engar; og sýnir þetta dæmi ljóslega, að stjórnin bæði *getur* metið og *vill* meta jafnrèttið, þegar hún á annað borð fellst á það að veita launaviðbótina.

Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður gat ekki fellt sig við þau orð í niðurlagsatriðum nefndarinnar »samkvæmt stöðu hans

og embættisdugnaði«; eg skil nú ekkert í hver ástæða er til að hneykslast á þessum orðum; með stöðu amtmannsins meinti nefndin embættisstöðu hans, sem allir verða að játa að er einhver hin erfiðasta á landi hèr, og var því ástæða til að taka sèrstakt tillit til hennar; sama er að segja um embættisdugnað hans, sem allir hljóta að viðurkenna; og geti þingið sannfært stjórnina um það, þá hlýtur það að hafa hin beztu áhrif á málið, því maður verður að gjöra ráð fyrir hinni sömu rèttlætistilfinníngu hjá stjórninni, eins og hverjum einstökum, að verður er verkamaðurinn launanna, og að því duglegri sem embættismaðurinn er, því betur og því fyrr muni hún bæta laun hans. Það er því alveg ástæðulaust, eins og fyrr hefir sagt verið, að drótta því að nefndinni, að hún hafi eins og ætlað sèr að setja amtmann Havstein upp yfir alla aðra embættismenn á landinu, hún hefir miklu fremur lýst yfir því, að hún vill unna þeim þeirra launa og þess frama, sem þeir mest geta fengið.

Magnús Andrèsson: Það er nú fátt og einfalt, sem eg ætlaði að segja. Það er ein hugmynd, sem vakir fyrir mèr, að mèr finnst, að þeir, sem ei fella sig við nefndarálitið, ætli stjórninni of lítið, að hún þekki ei embættismenn sína svo, að hún geti sett þá við hlið samkynja embættismönnum í Danmörku, án þess að þegnarnir þurfi að vera að brýna það fyrir henni með tilteknum tölum. Eg styrktist líka í þessu af því, sem tekið var fram um hina 2 embættismenn, sem þegar hafa fengið launaviðbót; eg held, að stjórninni geti farizt eins vel við fleiri; eg get ei sannfærzt um, að þessar tölur sè nauðsynlegar; eg vona, að stjórnin án þess seti sjálf jafnrètti; eg veit ei, á hvaða tröppu hver embættismaður er, og það er varla von, að bændamenn viti það. Eg vil því gefa atkvæði með uppástúnguatriði nefndarinnar og viðaukaatkvæði þíngmanns Húnvetníinga.

Framsögumaður: Það er nú búið að svara öllum þeim mótbárum, sem fram hafa komið, og eg ímynda mèr, að engum, sem hèlt fram uppástúnguatriðum nefndarinnar áður, hafi talizt hughvarf við þær. Eg held, að stjórninni verði engi vandræði úr því, sem einstakur maður treystir sèr til að reikna. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni sagði, að stjórnin borgaði dugnað í einu embætti með titlum, þá held eg nú, að þeir verði býsna lèttir í vasa í hörðu árunum, og þó þeir kunni að þykja góðir í góðum árum, þá munu þeir þó heldur rýra en auka embættislaunin, því

til er nafnbótaskattur. En ef eg vissi, að einhverjum væri þènt með því, að fá titil, þá skyldi eg vera fúsastur manna til, að koma því inn í nefndarálitið í því almenna launamáli embættismannanna hèrna í Vík, sem fá laun sín úr ríkissjóðnum. Að öðru leyti vona eg nú, að farið verði að greiða atkvæði um þetta mál.

Ásgeir Einarsson: Af því eg var í meira hlutanum í þessu máli 1859, þá vil eg svara hinum háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanni, þar sem hann sagði, að breytíngaratkvæðið undir nr. 0, því á atkvæðaskránni er það ekki, þó það sè borið upp áður en nr. 1, færi í sömu stefnu og meiri hlutinn í hitt eð fyrra; eg verð að segja honum, að meiri hlutinn í hitt eð fyrra alls eigi vildi hafa vissar tilteknar tölur. Eg verð nú að segja um þetta mál, ef það fær ei góðan framgang: »Þín ólukka kemur af þèr sjálfri, Ísrael«; það er að kenna sundrúngunni á þínginu (ekki milli bænda, heldur milli embættismanna sjálfra), ef illa fer, og eg held, að betra hefði verið, að fara styttra, ef allir hefði verið samhuga og samráða. Hinn 4. konúngkjörni sagði, að nýtt lagaboð væri komið í Danmörku um jafnrètti embættismanna; því voru þá ekki embættismennirnir hèr líka teknir strax upp í lagaboðið, það er að segja þeir, sem fá laun úr ríkissjóði, eru þeir þá fyrir utan ríkið? Eg vil spyrja: Er ekki rètt, að þeir fái uppbót frá þeim degi, sem lögin eru gefin út? líkt og rektor fèkk launauppbótina, eða því kröfðu þeir ekki þessa jafnrèttis? Eg álít yfir höfuð, að menn eigi að fara svo að í þessu máli, að viðkomandi verði að sem mestum notum, en ekki brúka stífni í orðum eða atkvæðum.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þíngmenn að ganga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu atkvæðin þannig:

1. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar,* fellt með 17 atkvæðum gegn 5.
2. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* og *Pèturs Pèturssonar* við uppástúngu nefndarinnar, fellt með 18 atkv. gegn 2.
3. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs* við uppástúngu nefndarinnar, fellt með 15 atkv. gegn 3.
4. *Nefndin* (uppástúnguatriði) óbreytt, samþykkt í einu hljóði með nafnakalli.
5. Viðaukaatkvæði *Ólafs Jónssonar,* samþykkt með 17 atkv. Nafnakall var við haft; en 6 þíngmenn gáfu ei atkvæði, nl.

Halldór Kr. Friðriksson.
Benedikt Sveinsson.
Gísli Brynjúlfsson.
Helgi G. Thordersen.
Jón Hjaltalín.
Pètur Pètursson.

6. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Dagskránni er enn ekki nærri lokið, en mjög liðið á þingtíma, svo eg sè ei annað ráð, en að ljúka við dagskrána á kveldfundi; því ýmsar kringumstæður meina nokkrum þingmönnum að sækja fund á morgun. Eg mun því semja nýja dagskrá, og ákveð svo fund til í kveld kl. 6.

Fundi slitið.

Sextándi fundur — 19. júlí.

(Kveldfundur).

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Aður en tekið er til dagskráarinnar, skal eg leyfa mèr að lesa upp allraþegnsamlegast álitsskjal þingsins til konúngs í lagaboðamálinu, og bera undir samþykki þingsins.

Var síðan álitsskjalið lesið upp og samþykkt, svo hljóðanda:

»Til konúngs.

Fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir þing þetta lagaboð þau, er út hafa komið fyrir Danmörku árin 1859 og 1860, svo þinginu gæti gefizt kostur á að íhuga, að hverju leyti lagaboð þessi væri þess eðlis, að þau yrði gjörð gildandi hèr á landi.

Þingið kaus 3 manna nefnd til að íhuga mál þetta, var það síðan á lögboðinn hátt rætt á þinginu, og komst það samhuga til þeirrar niðurstöðu, að ekkert af lagaboðum þessum væri þess eðlis, að þinginu bæri að biðja yðar konúnglegu hátign um, allramildilegast að láta leggja það sem lagafrumvarp fyrir næsta þing, samkvæmt allrahæstum úrskurði 6. janúar þ. á., og kom þinginu ásamt um með 19 atkv., að rita yðar hátign þetta sitt allraþegnsamlegasta álit.

Reykjavík, 19. júlí 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Jón Pètursson“.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *ályktarumræðu* og *atkvæðagreiðslu* málið um, að síðasta málsgrein í 43. gr. alþingistilsk. verði feild úr gildi, eða *að dönsk þýðing þingræðnanna verði af tekin. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga; eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona að allir þingmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: þegnleg uppástúnga um *að danska þýðingin á þingræðunum verði af tekin.*

Uppástúnguatriði *nefndarinnar:*

1. Að síðasta málsgrein 43. gr. alþingistilsk., svo hljóðandi: »Sömuleiðis á ein af — kansellíis«, verði af tekin.
2. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá um þetta atriði?
3. Að þingið biði *forseta* að rita stjórninni þá bæn, að eigi þurfi að þýða þingræðurnar í þetta skipti.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Þar eð ekkert nýtt kom fram í síðustu umræðu um þetta mál, og hún var mjög stutt, finn eg enga ástæðu til að tala með því að svo stöddu.

Pètur Pètursson: Eg vildi einúngis leita upplýsíngar hjá hinni heiðruðu nefnd um það, hvað á að gjöra við nefndarálitin, hvort þau þá ekki heldur eigi að þýðast, þegar þýðíng þingræðnanna fellur burtu? því álitsskjölin er gjört ráð fyrir að verði þýdd.

Framsögumaður: Þó tilskipanin í þessu efni ekki sè sem ljósust, var það meiníng nefndarinnar, að nefndarálitin yrði þýdd að minnsta kosti í þetta skiptið; en einúngis fellt burt að þýða þingræðurnar.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, álít eg ályktarumræðu þessari lokið, og skal biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan til atkvæða gengið samkvæmt atkvæðaskrá, og

Töluliður 1. samþykktur með 18 atkv. gegn 2.
—— 2. —— — 16 — — 2.
—— 3. —— í einu hljóði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *inngangsumræðu* og ef til vill nefndarkosníngar uppástúnga þingmanns Reykjavíkurbæjar og þingmanns Gullbríngusýslu, *um að breytt sè gjaldmáta þeim, er í Gullbríngusýslu og Reykjavíkurbæ* sè við hafður við *manntalsþíngsgjöld,* og skal eg biðja skrifarana að afhenda málið þingmanni Reykjavíkurbæjar.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástúngunu upp:

»Svo er mál með vexti eins og flestum þingmönnum mun kunnugt, að gjaldskylda íbúa Gullbríngusýslu og Reykjavíkur er í ýmsu frábrugðin frá því, sem er annarstaðar hèr á landi, og álögurnar meiri, svo sem er um gjaftollinn. Hvað ósanngjarnast virðist oss þó það, er sömu gjöldin eru greidd hèr í Gullbríngusýslu og Reykjavík eptir öðrum og harðari mælikvarða en annarstaðar á landi, svo sem er um konúngstíund, og í Reykjavík einnig fátækratíund, og skattinn. Þessi gjöld vitum við eigi betur til en greidd sè alstaðar um land eptir meðalverði allra meðalverða í kapitulstaxta, en í Gullbríngusýslu og Reykjavík eptir harðfisksverði, en verð hans hefir, eins og öllum mun kunnugt, talsvert yfirstigið meðalverð allra meðalverða um hin síðustu ár hèr á Suðurlandi, og munar það nú í ár $4^1/_2$ sk. á hverri alin. Þessi gjaldmáti verður því óvinsælli, sem við ætlum að engi lagastaður muni vera fyrir honum og sem t. a. m. tíund til prests og kirkju og fátækra um alla Gullbríngusýslu er goldin eptir lægra verði.

Sökum þessa leyfum við oss, að skora á hið heiðraða alþíngi, að það sendi vorum allramildasta konúngi bænarskrá um:

> Að hann mildilegast vili afnema þenna ójöfnuð, og skipa svo fyrir, að gjöld þessi verði hèr eptir greidd, á sama hátt og annarstaðar, eptir meðalverði allra meðalverða.

Reykjavík, 17. júlí 1861.

Halldór Kr. Friðriksson. Guðmundur Brandsson“.

Eg vona eg þurfi ekki að fara mörgum orðum um þessa uppástúngu, þar eg vona allir sè mèr samdóma í því, að betra sè að hafa hinn sama gjaldmáta alstaðar um landið í sama gjaldinu, og að það er eitthvað skrítið, að Gullbríngusýsla og Reykjavíkurbær skuli einúngis vera undanþegnar þeirri reglu, sem gildir um allt land; það kann reyndar að vera sprottið af fáfræði hjá okkur uppástúngumönnunum, sem hvorugur er lögfróður, að við ekki þykjumst vita nein bein lög fyrir þessum gjaldheimtumáta. Í tilskipun 13. júní 1787 er reyndar í 2. gr. leyft, að afgjald jarða megi lúkast í hörðum fiski og hin gjöldin einnig, en þetta er einúngis *leyft*, en ekki boð, og það *leyfi* einúngis fyrst um sinn í 2 eða 3 ár, en virðist nú vera orðið að föstum vana. Reyndar kynni menn að geta álitið, að þetta væri nú með öllu afnumið við tilskipan 17. júlí 1817,

sem leyfir, að þar sem ekki öðruvísi sè fast ákveðið, megi borgun vera í peningum, en við sjáum nú samt, hvernig gengur enn, enda er það eðlilegt, þó sýslumenn hafi haldið fram þessum gjaldheimtumáta, og það því fremur sem harðfiskur vanalegast er einhver sá varningur, sem er í hæstu verði eptir kapítulstaxta. Svona var það 1818, þegar hinn elzti kapítulstaxti, að mig minnir, kom út; þá var meðalalin 56 skild., í nafnverði, en harðfiskurinn 76 sk., og nú er þó $4\frac{1}{2}$ sk. munur á hverri alin, sem harðfiskur er í hærra verði. Og er nú því gjaldendum vorkunn, þar sem munurinn ekki er svo lítill, og sömuleiðis er gjaldtakendum vorkunn, þó þeir tæki við, meðan gjaldendur rèttu að þeim.

Fleira skal eg ekki að sinni tala um þetta mál, sem eg nú fel þínginu í þeirri von, að umræður um það verði *hæfilegar,* og í því kosin 3 manna nefnd.

Konúngsfulltrúi: Þessi uppástúnga er að vísu nokkuð smáleg, en eg vil þó ekki mæla á móti því, að henni sè hreift, því hún fer ekki fram á annað en það, sem er fullkomlega í eðli sínu, og sem er regla um öll opinber gjöld hèr í landi; en reyndar held eg það sè óvíst, hvort hlutaðeigendur hafi hagnað af þessu eða ekki, því fiskverðið gengur upp og niður. Það stóð nokkuð líkt á með preststíundina, hún var eptir stiptsyfirvalda úrskurði frá 1814 lengi vel borguð eptir meðalverði á ullu og smjöri, en því er nú breytt í meðalverð verðlagsskráar eptir bænarskrá alþíngis frá 1849. Upphaflega held eg borgunin í fiski hafi átt að vera hlutaðeigendum í hag, þó hún ekki sè það nú; þeim var líka vilnað í með leigurnar, að mega borga þær með 92 sk., og svo er enn. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr að láta í ljósi, að eg held það mundi nægja að biðja *forseta* um að skrifa hlutaðeiganda amtmanni um málið, og biðja hann að bera það upp við hlutaðeiganda stjórnarherra.

Guðmundur Brandsson: Við ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* hefi eg enn meira styrkzt í þeirri meiníngu, er eg áður hafði, að engi lög væri til fyrir þessum gjaldheimtumáta, sem hèr ræðir um; því væri það lög, hefði hann ekki getað ráðið þínginu til að vísa málinu gegnum *forseta* sinn, því það er ekki vegurinn til að fá gömul lög af numin. Að því er hitt snertir, er hinn sami hæstvirti herra gat um, viðvíkjandi eptirgjöf á leignagjaldinu í Gullbríngusýslu, þá er nú það að vísu satt, að svo er, en vilnun þessi, eða hvað eg á að kalla það, kemur æði-strjált og misjafnt niður og hefir litla þýðíng, þar sem jafnfáir konúngslandsetar eru og í

Gullbríngusýslu, því flestar konúngsjarðir þar eru nú orðnar bænda-eign. Venja þessi með harðfisksgjaldið, sem fyrst hefir komizt á út úr því, að fólk ekki gat borgað öðruvís en í hörðum fiski, er nú orðin að föstum vana, og vona eg þó hèr að vísu sè nokkuð öðru máli að gegna, en með gjaftollinn um árið, að beiðnin fáist, hvern veginn sem gengið er; samt hefir þessi gjaftollur ætíð þótt ranglátur, og sýndi það sig hèr á þínginu 1853, þegar 20 atkvæði urðu fyrir því, að hann yrði goldinn hèr eptir sömu reglum og annarstaðar á landinu. Eg kynni nú samt betur við, að nefnd yrði kosin í málinu, og hinn vanalegi þíngvegur við hafður, heldur en nú þegar að vísa málinu í gegnum *forseta* þíngsins.

Magnús Andrèsson: Eg skal nú þegar lýsa yfir því, að eg mun styðja mál þetta, því eg vil ætíð samkvæmni og jafnrètti, að minnsta kosti milli gjaldþegnanna, því það er skrítið, að svona sèrstakur gjaldmáti hefir læðzt inn í eina sýslu, það er eins og eitthvað svipað þessum góða samlagníngarskatti, sem um var talað á þínginu 1859. Þetta, sem leiðist svona inn án laga, er af einhverjum rangindum sprottið í byrjuninni, og á ekki að standast, enda tók þíngmaður Gullbríngusyslu það fram, að einúngis hefði fengist leyfi til þessa gjaldmáta fyrst um sinn um fá ár, og er mjög mikill munur á því og hinu, ef það væri lögboðið.

Ásgeir Einarsson: Því fremur sem mönnum kemur saman um, að þetta ekki sè lög, því fremur virðist mèr að þíngið ætti að aðhyllast þann veginn, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* benti á, nefnilega að vísa málinu gegnum *forseta* sinn til stjórnarinnar, og þessu mun eg framfylgja.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal nú lofa hinum lögfróðu mönnum að skera úr því, hver þessara tveggja vega sè hinn rètti, þó eg reyndar álíti rèttara, að málið gengi gegnum þíngið, en gegnum *forseta.* Venja þessi, sem nú er orðin að föstum vana, er þannig upp komin fyrst, að 1787 rètt eptir harðindin miklu, var það *leyft* að gjalda í hörðum fiski, af því gjaldendur engan annan eyri höfðu til. Það sem *konúngsfulltrúinn* gat um, að vilnað væri hèr landsetum í, að því er smjörgjaldið snertir, þá kemur þetta fyrst og fremst einúngis konúngslandsetunum til góða, en þeir eru fáir, en ekki allri sýslunni, og í annan stað er engi ástæða móti því, að af numinn verði þessi gjaldheimtumáti, sem hvergi annarstaðar í landinu á sèr stað.

Jón Pètursson: Eg er öldúngis samdóma *konúngsfulltrúa* og

þingmanni Strandasýslu í því, að þingið ekki eigi að senda konúngi bænarskrá um, að nema það úr lögum, sem ekki eru lög, því sè þetta ekki lög, sem óvíst er hvort sè, að gjaldþegnar sè skyldir til að greiða þinggjöld sín í fiski eður í peníngum eptir verðlagi hans í verðlagsskránni, hafa menn rètt til að kvarta yfir embættismönnunum, sem heimta gjöld, án þess það sè lögum samkvæmt; en það er allt annað mál. Eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, er þetta *leyft* gjaldþegnum þessum, en ekki *skipað,* að gjalda svona, eg álít því óþarfa að setja nefnd í málinu.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg er nú uppástúngumanni öldúngis samdóma, að sami gjaldmáti ætti alstaðar að vera, en eg held samt, að uppástúnga þessi sè hèr miður þörf, og mig furðar á því, að hún skuli koma frá þessum þíngmanni núna, sem nýskeð hafði gjört þá uppástúngu, að engi bænarskrá væri tekin inn á þíngið eptir hálfnaðan þíngtíma, nema hún væri því mikilvægari. Eg held, að ef það eru engi lög (eins og flutníngsmaður sagði), fyrir þessum gjaldmáta, sem hèr í sýslu er brúkaður, þá þurfi alþíngi ekki að fara að biðja um lög, til að aftaka það, sem ekki er til. Eg held það sè þá heldur hinn veginn, að biðja dómstólana eða þá yfirvöldin, að gjöra svo vel og laga það. Annars veit eg nú ekki, — ef uppástúnga þessi er sprottin af því, að núna í ár fiskaðist lítið, og fiskverðið er því ofur hátt, — hvort það er svo forsjállegt, að fara að biðja breytíngar á gjaldreglunni, því verið getur, að fiskist vel hitt árið og fiskur verði þá nægur og í lágu verði. Slíkt gengur upp og niður, og gæti þá verið, að kæmi aptur bænarskrá að mega gjalda eptir fiskverði. Eg man svo langt, að fiskur var svo nægur, að það þótti sú versta gjaldvara, og sýslumenn færðust undan að taka hann, og þar af mun sprottið þetta leyfi, sem Gullbríngusýslubúar hafa fengið til þessa gjaldmáta, að þeir þá hafa álitið sèr það lèttast að gjalda í fiski eða fiskverði.

Guðmundur Brandsson: Eg verð innilega að þakka mínum heiðraða sessunaut (þíngmanni Mýramanna) fyrir heilræði þau og búreglur, sem hann nú síðast gaf mèr; mèr veitir ekki af. En að því er það snertir, að fiskur hafi verið svo óútgengilegur stundum, að óttast þurfi, að hann falli svo í verði, að hann ei verði gjaldgeng vara, og þess vegna megi óttast jafnvel það, að nýjar bænarskrár komi, sem biði um aptur að mega borga í hörðum fiski, þá bið eg hann hjartanlega, að hann vili lofa okkur uppástúngumönnunum að sjá um það, því það mun í okkar ábyrgð. Að því

er hitt snertir, er hinn sami heiðraði þingmaður gat um, að þetta væri móti uppástúngu þeirri, er einmitt eg sjálfur hefði borið upp um það að taka ekki við bænarskrám eða uppástúngum, eptir að $^1/_2$ þingtíminn væri liðinn, nema því að eins að $^3/_4$ af þingmönnum fèllist á það, þá er það nú fyrst og fremst ekki sýnt eður sannað, að ekki $^3/_4$ partar þingsins fallist á þessa fyrirliggjandi uppástúngu mína, og fyrir það annað get eg minnt hann á það, ef hann ekki man það, að þessi fyrri uppástúnga mín var felld af þinginu, og er því nú dáin og, fyrir þetta þing að minnsta kosti, greptruð, svo hún, eins og hún annars liggur fyrir utan fyririiggjandi uppástúngu, er máli þessu í alla staði óviðkomandi. Hèr er heldur ekki verið að tala um, hvort skaði rísi af gjaldmátanum eður ei, hèr er einúngis verið að tala um, hvaða almenn regla eigi að gilda, og um það, hvort ekki eður hvort eigi að kjósa nefnd. Hver vegurinn sè rèttari, sá að leita gegnum *forseta*, eður hinn, að leita gegnum þingið, er eg að vísu efablandinn í, en þó þessi vani, sem orðinn er í gjaldgreiðslunni, ekki sè lög, þá held eg ekki veiti af að fá hann afnuminn með lögum, eður hvernig hefir farið með samlagníngarskattinn góða, sem menn opt hafa getið hèr á þingi í þessum umræðum, eru ef til vill lög fyrir honum? Eg veit það ekki, og væri því fyrir mig, sem ófróðan í lögum, og ef til vill fleiri, fýsilegt, ef hinir háttvirtu löglærðu þingmenn vildi kveða upp álit sitt um þetta, og um það, hvort ekki sumum sýslumönnum mundi hafa verið skipað að taka samlagníngarskattinn, hvort sem það var samkvæmt lögum eða ekki, og sama er að segja um harðfisksgjaldið; þeir sem verið hafa sýslumenn í Gullbríngusýslu, mega vita þetta, Af þessu og öðru eins sèr maður nú, hvernig *óvaninn* getur læðzt inn og orðið að *vana*, og má eg spyrja: Er ekki hèr eins ástatt? og á þetta að líðast? eg held *ekki;* eg kysi því helzt, að nefnd væri sett í málinu, svo það gæti gengið vanaveginn.

Stefán Eiríksson: Væri nú ekki liðið svo á þingtímann eins og nú er, og þingið hefir nú víst fengið ærið mikið verkefni, þá álít eg þó, að uppástúngu þessari sè gaumur gefandi. Það er annars undarleg óvenja, sem hèr smeygir sèr inn í Gullbríngusýslu, í henni byrjaði óvenjan með samlagníngarskattinn, og nú kemur það upp, að þessi þegnskylduvenja sè orðin ærið gömul, því eptir tilskipuninni, sem hinn háttvirti þingmaður Reykjavíkur las upp áðan, af 1787, þá er nú venja þessi orðin 74 ára. Mig

furðar nú annars á, hvað Gullbríngusýslubúar eru seinir á sèr að útrýma þessum óvenjum. Eg veit þó ekki til, að nokkurstaðar um land sè manntalsþingsgjöid greidd öðruvísi en eptir meðalverði alira meðalverða. Það hefir verið talað um að vísa þessu máli fyrir dómstólana. Það get eg nú ekki álitið hagræði fyrir hlutaðeigendur. Svo hefir einnig verið talað um að vísa því til hlutaðeiganda yfirvalds, og það er nú ef til vill bezt, enda þó sannfæring mín sè, að kjósa ætti nefnd í málið, og að það gengi lagaveg gegnum þingið til konúngs.

Páll Sigurðsson: Það mun víst engan furða á því, þó eg sè samdóma því, að jafnrètti eigi sèr stað; eg þykist ætíð hafa verið á þeirri meiníngu. En hitt er aptur spurníngin, hvern veg skuli ganga, og verð eg þá fyrir mitt leyti að vera á móti því, að sá vegurinn sè valinn að fara þessa á leit gegnum þíngið, því fyrir það fyrsta sjáum við, hvað samlagníngarskattinum gekk, við það að fara þenna veg, og fyrir það annað finnst mèr, að úr því menn ekki álíti þetta lög, sè rètti og beinasti og einasti vegurinn sá, að fara dómsveginn, að hann sè örðugur, hèr í landi og mörgum vandræðum bundinn og ærnum kostnaði fyrir einfaldan almúga, einkum þegar málið þarf að ganga fyrir æðri dómstóla, ef ekki þá fengist frí málsfærsla; en þó verð eg að álíta þessa aðferð oss hollari. Af hinni aðferðinni hefi eg enn lítinn gróða sèð, og það mun fara líkt nú, að *stjórnin* mun ekki gjöra mikið við þetta mál.

Ásgeir Einarsson: Að vísu er ekki þörf á, að eg tali í máli þessu frekara, því hinn heiðraði þíngmaður Rangvellínga hefir tekið fram það er eg vildi sagt hafa, að menn ekki hafa enn grætt mjög mikið á meðferðinni um samlagníngarskattinn, og sè eg því ekki önnur úrræði en einmitt þau, sem þegar hefir verið hreift, annaðhvort að vísa málinu gegnum *forseta* til stjórnarinnar, eður þá að vísa því til dómstólanna.

Magnús Andrèsson: Eg skal einúngis bæta því við það, er eg áðan sagði, þegar eg lýsti yfir því, að eg mundi styðja þetta mál, að eg verð að álíta þann veginn rèttara, að leita yfirvaldanna gegnum forsetann, úr því engi, eins og mèr virðist á umræðunum, álítur þetta vera lög.

Halldór Kr. Friðriksson: Þó eg reyndar í aðalefninu sè hinum heiðraða þíngmanni Rangvellínga samdóma, kemst eg þó að annari niðurstöðu.

Einmitt af því þessi gjaldheimtumáti, sem hèr ræðir um, ekki

er lög, einmitt af þeirri ástæðu vildi eg biðja um hrein og skýr lög. Það leit annars svo út, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður ekki væri viss um gjaldmátann hèr í Reykjavík, og er það skrítið, þar sem hann tíundar sjálfur, og borgar, að eg held, eptir harðfiskverði, nema hitt sè, sem eg ekki veit til, að honum sè vilnað í.

Jón Pètursson: Eg skal leyfa mèr að minna hið heiðraða þíng á lagaboð 18. marz 1853, sem þingið mun þekkja, þar það er sprottið af tillögum flestra þeirra þingmanna, er nú sitja hèr, og veit eg satt að segja ekki, hvort þeir vilja, að önnur lög skuli gilda um konúngstíund, en um prests og kirkjutíund, að minnsta kosti held eg, að þeir sumir álíti, að tíundarreglugjörðin frá 1782 verði og að gilda um konúngstíundina, og til dæmis að hesturinn því til konúngstíundar eigi nú ekki að teljast lengur sem eitt hundrað; samt hljóðar reglugjörðin að eins um þá hluti tíundarinnar, sem falla til prests og kirkju; það sýnist og að vera eðlilegt, að sá gjaldmáti, sem gildir um 2 hluta tíundarinnar eður helming hennar, einnig gildi um hinn helmínginn; eg segi því fyrir mig, að eg álít eðlilegast og rèttast að framfylgja því, er *konúngsfulltrúi* stakk upp á, að vísa málinu á sinn rètta stað gegnum *forseta* sinn.

Guðmundur Brandsson: Þó að aldrei nema nefnd væri kosin í málinu, mætti eins fyrir því senda það gegnum *forsetann;* þetta hefir áður verið gjört hèr á þingi, en ef nefnd fjallar um málið, upplýsist það þó ætíð betur, en þó það sè rætt svona á einum fundi. Tilskipanin frá 18. marz 1853 er að vísu runnin af rótum alþíngis, en hún skipar engan veginn að gjalda presti og kirkju eptir harðfisksverði, heldur leyfir hún það, eptir því sem eg, og eg held flestir aðrir skili hana. Þar sem enn allt stendur við hið gamla með þetta harðfisksgjald hèr í sýslu, virðist mèr því meiri ástæða til að breyta þessu, og vildi því að nefnd yrði kosin í málið.

Jón Hjaltalín: Eg verð að vera öldúngis samdóma hinum heiðraða þingmanni Gullbríngusýslu, er nú settist, í því, að máli þessu ekki sè bægt frá nefnd. Út í lagastaði skal eg ekki vera að fara, það er hvorttveggja, að eg ekki er júristi, og því kynni að hætta við að ruglast í þeim. En hvað það snertir, að við á þínginu ef til vill höfum nóg og jafnvel of mikið að gjöra, þá sè eg ekki annað ráð við því, en að við herðum okkur þess meir.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg tók það skýrt fram áðan, að eg var samþykkur því, að sami gjaldmáti ætti alstaðar að við-

gangast, þó eg hèldi, að alþingi þyrfti ekki að fara að skerast í þetta, þar það líka hefði nú annað nóg að starfa; en víst er það, að ekki er ófyrirsynju sú aðvörun, sem þingmaður Austur-Skaptafellssýslu gjörði, að betra sè, að goldinn sè varhugi við, að ekki nái nýjar óvenjur að komast inn eður festa fót hèr í Gullbríngusýslu, því margt kemur hèr fyrst upp, og streymir svo út um landið, eins og t. a. m. samlagníngarskatturinn og fjárkláðinn, o. fl.; vil eg því gjarna fylgja að því, að hèr sè jafnskjótt komið í veginn fyrir, að ný rangindi læðist inn, en eptir þeim máta, sem bezt og beinast á við.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi einúngis snúa þeirri spurníngu til hins háttvirta *forseta,* hvort hann ekki álítur, að rèttast væri, að kosin væri nefnd, og þingið síðan vísaði málinu gegnum *forseta* til hlutaðeiganda, svo að það því væri rèttast að kjósa nefnd nú þegar.

Forseti: Spurníngu þessari skal eg þegar svara, að eg sjálfsagt álít það rèttara í forminu, ef nefnd yrði kosin, og hún svo, ef henni svo sýndist, vísaði málinu gegnum alþingis*forsetann.*

Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg inngangsumræðu þessari lokið, og skal því leita atkvæða um þær 3 uppástúngur, er upp hafa verið bornar og liggja fyrir, nefnilega:

1. Hvort vísa skuli málinu frá sem dómsmáli.
2. Hvort vísa skuli málinu gegnum alþingis*forsetann*, án þess að kjósa nefnd, og
3. Hvort nefnd skuli kjósa í málinu.

Var síðan til atkvæða gengið, og uppástúngan tölul. 1. felld með 13 atkv. gegn 6, en uppástúngan tölul. 2. samþykkt með 12 atkv. gegn 8, og uppástúngan tölul. 3. þannig burt fallin.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til meðferðar bænarskrá úr Hraungerðishrepp, *um að engi niðurskurður verði látinn eiga sèr stað;* mèr hefir verið afhent hún af hinum 5. konúngkjörna þingmanni; og eg álít, að rèttast sè að vísa henni til nefndarinnar, er þegar er sett í fjárkláðamálinu (*Jón Hjaltalín:* Já). Eg vil þá biðja skrifarana að afhenda hinum konúngkjörna varaþingmanni, sem er formaður nefndarinnar, bænarskrána. Eg skal geta þess, að eg hefi fengið í hendur 4 aðrar bænarskrár, sama efnis.

Þá kemur til inngangsumræðu uppástúnga varaþingmanns Dala-

sýslu, um *að amtmennirnir nyrðra og vestra fái einnig hèr á Suðurlandi vald til að ráða fjárkláðanum til lykta.*

Var uppástúngan afhent varaþíngmanni Dalasýslu, er las hana upp, svo látandi:

»Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að fjárkláði sá, sem fluttist hingað í land sumarið 1855, er — þrátt fyrir hinn mikla fjárstyrk stjórnarinnar, og ötular framkvæmdir bæði hinna konúnglegu erindsreka og yfirvaldanna á Suðurlandi, — enn óupprættur, og að allir verða að játa, hversu brýn nauðsyn beri til að fá þessum vogesti út rýmt úr landinu, en nú sem stendur engar líkur til þess, að framkvæmdarvald hinna konúnglegu erindsreka hafi lengur nein gagnleg áhrif á málið, þar sem að líkindum er á enda vald þeirra til ráðstöfunar í málinu, svo og, að hin svo kallaða kláðanefnd hèr í Reykjavík hefir sagt af sèr öllum afskiptum í máli þessu. Og vegna þess að nú vantar bæði fjárstyrk og framkvæmdarvald hèr á landi, sem svo óumflýjanlega nauðsynlegt má virðast í öðru eins velferðarmáli landsins sem þetta er, svo leyfi eg mèr hèr með að bera upp þá uppástúngu fyrir hið heiðraða alþíngi, að það taki mál þetta til meðferðar þannig:

> Að það riti hans hátign konúnginum allraþegnsamlegasta bænarskrá, um að amtmaðurinn, sem nú er settur í Vesturamtinu, og amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu fái sem allrafyrst fullkomið vald, til að ráða fjárkláðamálinu á Suðurlandi til lykta.

Reykjavík, 17. júlí 1861.

Indriði Gíslason".

Indriði Gíslason: Èg býst nú reyndar ekki við öðru, en uppástúngu þessarí muni nú ekki af sumum verða tekið tveim höndum, og því hneykslast eg nú reyndar ekkert á af þeim, sem allt af hafa verið gagnstæðir mèr í skoðun sinni á þessu máli, og er varla að búast við öðru, en þeir þykist enn óáttaviltir, en það kæmi mèr undarlegar fyrir, ef þeir, sem allt af hafa verið á sömu skoðun, og uppástúngan fer fram á, skyldi nú ekki geta aðhyllzt hana; og yrði svo, er það á móti von minni. Þegar mèr kom uppástúngan til hugar, vakti fyrir mèr fyrst og fremst ráðherrabrèfið af 30. sept. 1857, og það, sem fram hefir farið í málinu síðan; eptir því brèfi tóku amtmennirnir sèr vald, en sinn upp á hvern máta, svo sinn fór í hverja áttina; nú fórst þessum mönnum, sem uppástúngan

tilgreinir, svo happalega, að þeir á skömmum tíma upprættu kláðann, og ráku hann af höndum sèr, án þess að eyða einum einasta skildíng af stjórnarinnar fè, þar sem með hinni stefnunni, sem tekin var á Suðurlandi, hefir verið eytt ógrynni af fè stjórnarinnar, en allt að vettugi, auk sveitarsjóða og alls annars, og það er, sem eg vona, að engi góðgjarn geti álitið, að yfirvöldunum á Suðurlandi sè nein niðrun gjör með uppástúngunni, því það má hátíðlega játa það, að það hefir verið unnið af kappi og dugnaði að lækníngunum, en það er annað mál að sýna kapp og dugnað, og annað, að hann beri góðan ávöxt, því margur vinnur baki brotnu og blessast ei, og svo má segja um lækníngarnar, en engi held eg neiti því, að flest hefir átt við að hafa, til að hafa fram lækníngarnar með dugnaði, svo sem t. a. m. þegar stiptsyfirvöldin skrifuðu prófföstunum 9. desember 1858 og skipuðu þeim að tilhalda prestunum að baða úr keitu, og halda sóknarbændunum til þess líka, en hvað um gildir, kláðinn er enn óupprættur, hvort sem það hefir komið til af því, að því hefir ekki verið hlýtt, eða þá, að keitan hefir ekki verið nógu stæk, það veit eg ekki. Þegar við nú berum saman þessar yfirvalda framkvæmdir, nefnilega að norðan, vestan og sunnanlands, hver getur þá annað en borið betra traust til þeirra, sem framkvæmt hafa, samkvæmt vilja og þörfum landsmanna, án þess að eyða einum skildíng til ónýtis, eða hinna, sem heita má að allt hafi unnið forgefins. Sè nú svo, að einhver geti vísað mèr á einhvern, sem hefir sèrstakt vald, til að ráða þessu sèrstaka máli til lykta, eptir þar til gefnum skýlausum ákvörðuðum lögum, þá skal eg fúslega taka uppástúnguna aptur, en sè það ekki, eða verði henni ekki vísað til kláðanefndarinnar, verður hún heldur að falla.

Jón Hjaltalín: Eg er svo ósköp skilníngsdaufur. Eg skil ekki, hvort menn tala alvöru eða spaug. Þegar menn tala alvöru, þá held eg stundum það sè spaug, og þegar menn spauga, þá held eg það sè ramma alvara.

Hafi þíngmaður Dalasýslu talað alvöru, þá verð eg að áskilja mèr, að koma fram með aðra uppástúngu á morgun. Hafi hann þar á mót spaugað, þá hefir það farizt sannarlega klaufalega fyrir honum, að koma orðum að spaugi sínu. Þeir eru ekki nema *tveir* amtmennirnir í Vestur- og Norðurumdæminu, skyldi ekki vera bezt að bæta þeim þriðja við; »allt er, þá þrennt er«, segir máltækið, og gömlu Rómverjar voru vanir í lífsháska og mjög vandasömum

málefnum að kjósa *þrjá* menn til forræðis, og voru þeir kallaðir *þrímenníngar (triumviri)*. Hann verður þó að muna eptir því, að á síðasta þíngi var hann meðmæltur því, að amtmenn fengi aðstoðarmenn sèr til hjálpar. Eg vil leyfa mèr að benda á það, hver sá *þriði* maður ætti að vera, er amtmennirnir ætti að fá sèr til aðstoðar, og skal eg í stuttu máli lýsa honum. Hann ætti að vera norðlenzkur að ætt, búsettur á landamærum Norður- og Vesturamtsins, meðalmaður á hæð, herðabreiður, hetjulegur, en lotinn í herðum og svarthærður (— *Forseti:* Eg verð að biðja hinn háttvirta þíngmann, að beinast ekki að einstökum mönnum, og að hafa við alvöru í ræðu sinni). — Eg skal þá gjöra það. Loksins ætti hann að vera kunnur að því, að hann væri maður, sem gæti vel staðið upp í hárinu á amtmönnunum. Þetta er nú raunar spaug. En uppástúngan, sem eg ætla að koma með á morgun, skal vera fullkomin alvara.

Ólafur Jónsson: Mèr heyrðist það á þíngmanni Dalasýslu, að hann væri samþykkur því, að uppástúngunni væri vísað til kláðamálsnefndarinnar. Eg óska, að þegar verði gengið til atkvæða og ekki lengdar umræðurnar.

Indriði Gíslason: Eg gjörði mig ánægðan með það, en nú hafa risið mótmæli móti því frá hinum heiðraða 5. konúngkjörna þíngmanni. Eg ætla ekki að svara því, sem hann sagði, það er ekki svaravert, en það verð eg þó að segja honum, að ekki gat eg lært það af honum í hitt eð fyrra, að koma með uppástúngur í spaugi.

Guðmundur Brandsson: Eg held það hefði verið óþarfi fyrir hinn heiðraða varaþíngmann Dalasýslu, að koma núna með þá löngu ræðu, er hann hèlt fyrst í þessu máli, því eg held einmitt, að ræða hans hafi orðið til þess, að espa geðsmuni hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns; annars held eg engi mótmæli hefði orðið. Mèr sýnist ekki vert, að lengja þíngræðurnar um þetta mál, og vil því skjóta því til hins háttvirta *forseta,* hvort hann ekki vili nú þegar láta ganga til atkvæða.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg verð að taka svo uppástúngu þíngmanns Dalamanna, að hún væri alvara, en þyrfti ekki að vera neitt spaug, því mèr virðist, að kláðamálið megi vera fullalvarlegt, því fjárkláðinn og afleiðíngar hans hafa dregið af gamanið, og geta enn dregið af spaugið, ef allt er látið ráða sèr sjálft; nú hefir það heyrzt hèr, að kláðanefndin hafi afsagt að hafa lengur afskipti af

því máli, og þessu hefir ekki verið mótmælt; geta menn þá ekki gizkað sèr til, að stiptamtmaður, og yfirvöld hèr sunnanlands fari sömu götuna á eptir kláðanefndinni, og gefist upp við kláðamálið líka, það hefir þó ekki veitt af, þó það hafi verið höfð af því afskipti, og það er ekki svo vel frá því gengið, að það þurfi ekki að hafa af því afskipti enn framvegis, og það með fullri alvöru Eg man svo langt, að hèr á þíngi 1857 var mál þetta rætt með fullri alvöru, og læknìngamennirnir þóttust hafa ráð þess í hendi sèr, sögðu það mætti gjöra fljótt og vel við það mál, svo ein af greinum þeim, sem kom út á prenti frá þeim flokki, hljóðaði svo, að annaðhvort skyldi fèð, kláðafèð, verða læknað eða dautt fyrir næstu veturnætur; það varð samt ekki af þessu í framkvæmdinni, svo að eptir 2 ár, nefnilega á þíngi 1859, var kláðinn hèr syðra enn í blóma sínum og alvarlegum þíngræðum, þá voru samt ekki til sparaðir viðburðir og áhöld til að útrýma honum; þá voru nóg meðul, nógir læknar, innlendir og útlendir, nógir skoðunar- og tilsjónarmenn, og nóg fè, og erindsrekar frá stjórninni með nógu valdi og kunnáttu að skipa fyrir öllu saman, og stiptamtmaður og yfirvöld fylgdu nú fast eptir framkvæmdinni, og nú átti að duga, svo þíngið þorði nú að bera fram þá ósk, að ef kláðinn yrði ekki algjörlega upprættur haustið 1860, skyldi alþíngi 1861 fá fullt vald til að gjöra allar ráðstafanir í þessu efni. Ekkert af þessu er nú enn fram komið; fjárkláðinn er enn til og óupprættur, og alþingi hefir ekki fengið meira vald en áður í því efni, en kláðanefndin er uppgefin. Þetta sýnist mèr nú samt ekki duga, því það má þó segja, að þessi umsjón og aðfarir hafa verkað það, að kláðanum hefir verið haldið í skefjum, og bældur svo niður, að tjón hans hefir ekki víðar út brotizt; aptur má nú ganga að hinu vísu, að sè nú látnar hendur í hnè síga og hætt allri umsjón á þessu máli, gýs tjónið bráðum upp einhverstaðar, og útbreiðist þá fyrirstöðulaust, og þá er illa farið. Það má því vera full alvara, að menn óski eptir, að einhverir góðir menn haldi fram fyrirskipunum og umsjón í þessu málefni, og ekki má með öllu lá mönnum, þó þeir nefni þá til, sem þeir hafa bezt traust til, og það vita menn, að amtmennirnir í Norður- og Vesturömtunum voru ekki svona lengi að tvínóna við að útrýma kláðanum úr sínum umdæmum; þó það ef til vill þyki ekki svo formlegt, að nefna þá hèr, til að stjórna þessu líka í Suðuramtinu.

Konúngsfulltrúi: Eg þarf ekki að vera margorður um þessa

uppástúngu, eins og hún liggur fyrir, því eg get ekki annað en ráðið uppástúngumanni til að taka hana aptur, því fari þingið og gefi henni gaum, vekur það nýja misklíð og sundurlyndi milli hlutaðeigandi yfirvalda, enda skil eg ekki, hvernig uppástúngumaður hugsar sèr það geti staðizt með því stjórnarfyrirkomulagi, sem nú er, þegar hann fer fram á það, að leggja Suðuramtið undir umráð hinna amtmanna í því optnefnda kláðamáli. Af þessu yrði að leiða nýjar misklíðir, í staðinn fyrir að allir ætti að leggjast á eitt. Uppástúngumaður og þingmaður Mýrasýslu þykjast ekki vita til þess, að yfirvöldin skipti sèr neitt af kláðamálinu hèr syðra. Þetta lýsir að minnsta kosti því, að þeir þekkja ekki til málsins, það hafa verið höfð öll þau afskipti af málinu hingað til, sem unnt var, og að öðru leyti veit eg ekki til að hèr sè nú nokkurstaðar kláði á fè. Það er mögulegt hann kunni að koma upp aptur, en þó svo yrði, mundi verða hægt að yfirbuga hann, ef menn að eins vildi hjálpast að því eins rækilega, eins og sumir menn hafa alið á óeiningu og flokkadráttum í málinu hingað til.

Forseti: Uppástúngumaður hefir gjört sig ánægðan með, að vísa málinu til nefndarinnar í fjárkláðamálinu, það hefir engi mælt á móti því, eða stúngið upp á sèrstakri nefnd.

Jón Hjaltalín: Ef uppástúngumaður ekki *strax* vill taka uppástúnguna aptur, þá neyðir það mig til að koma með aðra uppástúngu, sem verður lengri en hans, og lengir ef til vill þingræðurnar töluvert. (*Forseti:* Þingmaðurinn veit það, að hann ekki má beita hótyrðum á þingi, það stríðir móti góðri þingreglu. En annars veit hann og, að honum er heimilt að koma fram með uppástúngur, ef hann vill, og þarf ekki að áskilja það s v o n a í öðru máli).

Indriði Gíslason: Eg óska nafnakalls.

Jón Hjaltalín: Eg líka.

Forseti: Mèr sýnist þess ekki þurfa, og vil eg biðja þingmenn greiða atkvæði um, hvort vísa skuli uppástúngunni til fjárkláðamálsnefndarinnar, eða ekki.

Voru síðan atkvæði greidd, og það feilt með 12 atkvæðum gegn 5, að vísa málinu til nefndarinnar.

Forseti: Bænarskráin er þá felld, því engi hefir stúngið upp á sèrstakri nefnd.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngangsumræðu bænarskrá þingmanns Rangvellinga, um *að konúngur vor* mildilegast

vili taka herra *Jón Sigurðsson* alþingismann í Kaupmannahöfn sèr til ráðaneytis, *til þess að koma á betri landstjórn á Íslandi,* o. s. frv.

Var uppástúngan síðan afhent uppástúngumanni, þíngmanni Rangvellínga, og las hann hana upp, svo hljóðandi:

»Það er öllum kunnugt, að stiptamtmannsembættið yfir Íslandi ásamt með amtmannsembættinu í Suðuramtinu hefir nú staðið laust í meira en ár, síðan stiptamtmanni greifa Trampe var veitt annað embætti í Danmörku. Þá er það líka orðið hljóðbært, að engi hafi sótt um þetta æðsta embætti landsins nema einn, og að þessi sami og eini maður hafi apturkallað bænarbrèfið.

Mèr getur nú ekki sýnzt betur, en að hèr horfi til mestu vandræða í þessu efni, og eg vona, að flestir verði að líta svo á málið. Það er nú sjálfsagt, að eins er farið með þetta embætti eins og önnur, þegar svona kemur fyrir, að einhver og einhver er fenginn til að þjóna því, meðan það stendur autt, og hvað lengi sem það stendur autt, og sjálfsagt er um það, að til þess er tekinn sá, sem þykir bezt fær til af þeim, sem eru fáanlegir. En það vita allir, að sá, sem er settur í svona embætti um óákveðinn tíma, mun sjaldnast ávinna eins mikið traust hjá þeim, sem hann er yfirboðinn, eins og ef hann væri virkilegur embættismaður þess embættis; ábyrgð hans er í öllu tilliti miklu minni og lausari, enda er þá miklu fremur skirrzt við að beita sèr eins við undirmennina í eptirliti og aðhaldi og hverju öðru sem er, og til snarprar og öruggrar embættisforstöðu miðar, eða að menn þykist hafa eins beina skyldu til þess og hvatir, eins og ef maðurinn hefir embættið með konúnglegri veitíngu. Þetta liggur í hlutarins eðli, og kemur líka fram í þeim almennum grundvallarreglum, er hver góð stjórn vakir yfir og fylgir fram af fremsta megni; hún gjörir sèr hið ítrasta far um, að skipa öll embætti sín *föstum* embættismönnum sem fyrst hún getur, en gengur jafnan á snið við hin vandræðin, svo sem henni er framast unnt, að skipa þau *settum* embættismönnum, og sízt um langan tíma eða árum saman.

Eg skal ekki orðlengja þetta frekara; sè þessi skoðun mín rètt á málinu, þá getur engi borið á móti því, að þess æðra og umfangsmeira sem embættið er, þess hæpnara og ískyggilegra er það, að verða að sjá fram á, að það verði, ef til vill, ekki öðruvísi skipað árum saman, heldur en með *settum* embættismönnum.

Eg get ekki ímyndað mèr annað, en að þar sem hèr er að ræða um sem fastasta og öruggasta forstöðu hins æðsta og langvandasamasta embættis hèr í landi, er svona virðist komið, og amtmannsembættið í Vesturamtinu þar að auki orðið laust, þá geti ekki hið heiðraða alþíngi leitt það hjá sèr, og eigi látið slíta þessu þíngi svo, að eigi sè reynt að hreifa málinu, og að koma sèr niður á einhverjum úrræðum, til þess að sjá æðstu stjórn landsins betur borgið, þótt eigi yrði nema til bráðabyrgðar, eða eigi annað en eindregin yfirlýsíng til konúngs og stjórnar hans af hendi alþíngis.

En vandi er úr vöndu að ráða, segir máltækið, og svo mun hèr mega þykja. Engi dregur í efa landsföðurlegan áhuga vors allramildasta konúngs fyrir góðri stjórn og forstöðu hinna æðri og lægri embætta þessa lands; en allir þekkja hina miklu fjarlægð þess frá veldisstóli konúngs vors, og það, hve almennt og í ótalmörgum velferðarmálum vorum að kennir þekkíngarskorts í hinu danska ráðaneyti hans á því, hvað bezt henti högum vorum á ýmsan veg, eptir því sem tímar og kríngumstæður breytast, bæði hèr í landi og fyrir utan oss. Veldur þetta því, að margt fer hèr miður í lagi, bæði í embættisstjórn og öðru, bæði að framkvæmdum, eptirliti og aðhaldi, og öðru því, er oss nauðsynjar mest, og til verulegra framfara vorra og heilla má horfa.

Að öllu þessu virðist nú opið og beint tilefni og full nauðsyn fyrir lýðfulltrúa Íslendínga að venda alvarlegu og eindregnu athygli; skal eg ekki benda á margbrotin ráð eða djúpsett, heldur leyfi eg mèr að venda athygli hins heiðraða alþíngis að því, að fyrr hefir líkt að borið, er lýðurinn hèr á landi hefir eigi borið fullt traust til, að ráðaneyti konúngsins væri einhlítt til þess, að ráða úr almennum vandræðum vorum, hefir lýst yfir því við konúnginn og beðist ásjár og bót á ráðna, en konúngur veitt því mildilega áheyrn. Svo var um aldamótin 1600—1700, er konúngi barst ávarp frá almenníngi hèr á landi og umkvörtun yfir ýmsu, er færi aflaga í stjórn landsins; var þá jafnframt borið sig upp undan rèttaróvissu og yfirgangi, er færi í vöxt í landstjórn og embættisstjórn, undan regluleysi, vanrækt og gjörræði einstakra nafngreindra embættismanna, en þess farið á leit, að konúngur tæki sèr til ráðaneytis, til þess að ráða úr öllum slíkum vandræðum, einhvern þann mann, er landsmenn kysi til þess og bæri almennt traust til, og skyldi það vera á kostnað landsmanna að öllu. Þetta samþykkti konúng-

ur að öllu leyti með allrahæstum úrskurði í marz árið 1703 (Ísl. lagasafn I, bls. 595), enda varð það og framgengt á ýmsan veg, sbr. kgsbr. 18. maí 1703, § 5, sbr. einnig erindisbr. 22. maí 1702.

Eg þarf ekki að minna þingið á það, að við eigum í Danmörku þann mann, sem allir Íslendíngar, æðri sem lægri, bera hið fyllsta traust til, eigi síður utanþíngsmenn, en þíngmenn sjálfir, bæði til drengskapar hans og föðurlandsástar, til þekkíngar hans á högum þessa lands, á öllu ásigkomulagi voru og landsrèttindum, bæði að fornu og nýju. Konúngur vor og stjórn hans hefir eigi síður en vèr yfirlýst trausti sínu á honum með hinu konúnglega erindisbrèfi 27. maí 1859. Ef að alþíngi vildi einhuga biðja konúng vorn þeirri þegnsamlegri bæn, að vèr mættum fela honum að bera öll mál vor upp fyrir konúng, og leggja honum ráð og tillögur með að fá hinni æðstu embættisstjórn landsins tryggara og fastara fyrirkomulag, annaðhvort til bráðabyrgðar, eða til langframa, og ef konúngur vor vildi það allramildilegast samþykkja fyrir eindregnar bænir alþíngis, þá verð eg að álíta þessu aðalmáli voru svo vel á veg komið og svo vel borgið, sem nú mun verða á kosið, og eigi virðist mèr þíngið megi láta það undir höfuð leggjast, að reyna þenna veginn, með þeim knýjandi nauðsynjum, er nú liggja opnar fyrir.

Eg leyfi mèr því að skora á hið heiðraða alþíngi að taka mál þetta til grandgæfilegrar íhugunar og meðferðar á löglegan hátt, og rita síðan konúngi þegnlega bænarskrá þess efnis:

> Að konúngur mildilegast taki sèr þegar í haust eða vetur til ráðaneytis skjalavörð og alþíngismann Jón Sigurðsson í Kaupmannahöfn, til þess að koma hèr fyrir fastri og traustri landstjórn, eður til að skipa hin æðstu embætti landsins, sem nú eru laus, öruggum og vel hæfum mönnum.
>
> Reykjavík, 17. júlí 1861.
>
> *Páll Sigurðsson*“.

Páll Sigurðson: Eg býst við, að það muni þykja djúpt tekið í árinni af mèr bónda, og eg játa, að það víst í mörgu falli og, ef til vill, í öllu tilliti er mèr ofvaxið og yfir mitt hæfi, að dæma um þetta. En eg hafði þó tilknýjandi ástæður, til að bera þessa uppástúngu fram fyrir hið heiðraða þíng. Eg hefi velt fyrir mèr ásigkomulagi þessa lands að fornu og nýju. Vèr vitum allir, hversu hættulegt það er fyrir velferð lands og lýðs, þegar hin æðsta stjórn hvers lands, sem er, er á reiki, og ekki situr öflugur

stjórnari við stýrið, einkum þegar mikil vandamál koma fyrir, eins og einkum nú nokkra undanfarna tíð hefir átt sèr stað. Vèr sitjum hèr á kostnað landa vorra, og ræðum þau mál, er varða velferð lands og lýðs, og sem vèr allir óskum að verði vel af hendi leyst. Þegar vèr svo höfum rætt málin hèr á þingi, þá sendum vèr þau að sönnu til konúngs vors, en ásamt honum stendur fyrir Íslands málefnum *danskur* ráðgjafi. Eg vil nú engan veginn efa vizku ráðherrans, eða að hann ekki vili þessu landi vel; en það er aðgætanda, að hann á að standa hinu danska þjóðþingi ábyrgð fyrir stjórn sinni; en þá ekki eðlilegt, að hann verði að gefa sig allan við stjórnarmálefnum Dana. Eg vil þá spyrja: Eru þá ekki líkindi til, að vèr Íslendíngar verðum á hakanum, og það er sannreynt, að við opt fáum mál þau, er mestu varðar, óafgjörð. Allir þekkja hvernig læknamálinu hefir reitt af ár eptir ár; hefir þó nú á þessum 2 síðustu þíngum verið ötull forvígismaður í því máli, þar sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður er, og þekkir hann vel, hvernig því máli er varið. Það er og víst, að þingið og landsmenn hafa trúlega fylgt honum. Ráðherrann segist vilja lugsa sig um, en hafa það öðruvísi, en þingið vill, og það er líklega af því, að hann þykist hafa betur vit á því. Það sjá allir, að þetta má ekki við svo búið standa til langframa. Bæði þíngmönnum og allri hinni íslenzku þjóð er mjög kunnugt, hversu stjórnarráðstafanir hèr í amtinu í fjárkláðamálinu hafa verið á reiki, hver skipunin gjörð gagnstæð annari, og sumar ómögulegar, og hlýtur þetta að hafa hinar skaðlegustu afleiðíngar fyrir heill þjóðarinnar, eins og reynslan er búin að sýna í þessu efni. Þetta hlýtur að hafa hina skaðlegustu verkan á alla stjórnarathöfn í landinu, og eg skal nefna dæmi, sem ekki er fjarska djúpt. Síðan hreppstjórarnir fóru að fara frá, þegar þeir gátu losnað, þá fóru líka allar framkvæmdir sveitarstjórnarinnar að verða reikulli og afskiptaminni. Hvað ætli eigi sèr þá stað um hin æðri embætti og æðstu landstjórn?

Bænarskráin kann að þykja koma fram í nöturlegum búníngi, og það er von, þegar lítt menntaður bóndi hefir samið hana, en kjarninn er meira virði en hýðið, og eg vil biðja þíngmenn að athuga hann. Eg óska því, að nefnd verði sett í málið, og eg stíng upp á 5 manna nefnd.

Konúngsfulltrúi: Hvað síðara hlutann af þessari uppástúngu snertir, skal eg leyfa mèr að láta hinu heiðraða þíngi í ljósi, að eg mundi naumast geta tekið á móti bænarskrá frá þínginu, sem

færi í sömu stefnu og þessi uppástúnga; þetta vil eg biðja þingið vel að athuga. Það er nefnilega stúngið upp á því, að biðja konúng vorn um að taka sèr nafngreindan mann fyrir ráðgjafa til þess að veita embættin hèrna, og til þess að gjöra aðrar ráðstafanir, en slík beiðni stríðir á móti ríkisskipuninni, auk þess sem ástæðurnar og allur blærinn á uppástúngunni eru þess eðlis, að þingið má vara sig á því, að láta leiðast af þeim. Það er engi efi á því, að stjórnin muni bráðum veita embætti þau, sem nú eru hèr laus, og skipa þau þeim mönnum, sem þar til eru hæfir, en að öðrn leyti hlýtur það opt að koma fyrir bæði hèr og þar, að það þurfi að setja menn í millibili til að gegna embættunum. Það hefir borið við í Danmörku, að þar hafa gegnt háum embættum settir embættismenn, og það um lengra tíma, t. a. m. stiptamtmannsembættinu á Fjóni í 2 eða 3 ár, en það er sjálfsagt, að það er munur á mönnum, en það getur gilt bæði um setta og virkilega embættismenn; að öðru leyti heyrir embættaveitíng vissulega ekki undir þingið. Eg ítreka það aptur, að þingið á að taka varlega í annað eins mál og þetta er, og eg tek það fram, að ef það gefur því nokkurn gaum, þá ætti að vísa því til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu; eg skal fyrir mitt leyti ekki vera því mótfallinn, en sèrstakri nefnd mótmæli eg fastlega.

Forseti: Eg finn mèr skylt eptir stöðu minni hèr á þingi, að svara hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* fáeinum orðum. Það er mikið þakkarvert, þegar *konúngsfulltrúi* vill leiðbeina þinginu, ef það virðist ætla að hallast að röngum vegi. Eg get hvorki með þessa uppástúngu nè aðrar miðað það við blæinn á sjálfri henni, hvort þingið á að taka hana til meðferðar eða ekki; þegar það skal meta, þá er einúngis að líta á, hvort það er gott og rètt grundvallarregla, sem uppástúngan fer fram á, og hvort það sè nauðsynlegt og þinginu samboðið, að framfylgja henni. En sá blær, sem kann að vera óviðfelldinn á uppástúngu, og ósamboðinn þinginu, hann hverfur í meðferð uppástúngunnar bæði í nefnd og á þingi; og eg veit eigi til, að blærinn hafi nokkuru sinni orðið greiðri og sómasamlegri meðferð mála hèr til fyrirstöðu. Álitsskjölin til konúngs hafa aldrei, það eg til veit, haft þann blæ, að þau þar fyrir hafi orðið ræk. Það er ekki langt, síðan þinginu barst bænarskrá frá merkum mönnum, frá 7 embættismönnum hèr í Reykjavík; þingið tók hana til meðferðar, og hefir víst engum dottið í hug að rita álitsskjalið til konúngs með sama blæ, sömu orða-

tiltækjum, eins og höfð eru í þessari bænarskrá. *Konúngsfulltrúi* sagði í ræðu sinni, að málið væri svo umboðslegs eðlis, að þingið ætti ekki að fjalla um það. Eg get ekki skilið, að þetta mál sé svo umboðslegt, að þingið megi ekki rita bænarskrá til konúngs um það, að aðalefninu til, því 1. gr. alþ.tilsk. heimilar þinginu bænarrètt, eins um »ráðstafanir« eigi síður en um lög; og í mörgum bænarskrám til konúngs um stjórnarbótarmálið frá undanförnum þingum hefir áþekkt atriði verið tekið fram, og stjórnin aldrei hneykslazt á því. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að uppástúngan vili taka fram fyrir hendur á konúnginum, þá er það ef til vill satt, að svo hefði verið, ef því hefði verið farið fram, að konúngur gjörði þenna nafngreinda mann að föstum ráðgjafa, en eg tók svo eptir, að þar væri einúngis farið því fram, að konúngur tæki hann sèr *„til ráðaneytis“* í sèrstaklegu tilliti og sèrstaklegu málefni, og þar er þó mikill munur á. Hefði t. d. þingið 1857 beðið um, að konúngur kveddi og sendi hingað erindsreka í fjárkláðamálinu, með sama valdi og hinir konúnglegu erindsrekar 1859 höfðu, og þó að þingið hefði jafnframt stúngið upp á mönnunum, þá skil eg ekki, að neinn *konúngsfulltrúi,* og sízt þessi háttvirti *konúngsfulltrúi,* sem nú er, hefði viljað meina það eða lagt þinginu það til lýta. Og eg skil ekki, að vald konúngs eða stjórnar hans, hafi raskazt í nokkuru við konúngsbrèf erindsrekanna í fjárkláðamálinu, þó að það veitti þeim eins mikið vald í því máli eins og sjálfum ráðgjöfum konúngsins. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* virtist að leggja mesta áherzlu á, að farið væri fram á, að fá þenna nafngreinda mann fyrir algjörlegan ráðgjafa, en þetta er að vísu eintómur misskilningur, því hèr er einúngis beðið um ráðaneyti í sèrstöku málefni. En eg tek það upp aptur, að eg þakka *konúngsfulltrúanum* fyrir mannúðlegar leiðbeiníngar hans i þessu máli, en eg vil ekki, að hvorki blær nè orðaskipun á þessari uppástúngu heldur en öðrum blekki þingið eða ráði úrslitum til að fella hana, þegar hún fer góðri grundvallarreglu fram; og mèr þykir mikið illa takast, ef þinginu skyldi farast svo óhönduglega að hafa þetta mál til meðferðar fremur en öll önnur, og semja bænarskrána til konúngs, að hvorki hún nè málið yrði frambærilegt fyrir stjórnina.

Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg umræðunum lokið.

Þá lètu nokkrir þingmenn það álit sitt í ljósi, að ef vísa ætti

málinu til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, þá hlyti að rísa út af því fleiri umræður, og fèllst *forseti* á það.

Jón Hjaltalín: Uppástúngan kemur að mínu áliti í bága við það fyrirkomulag, sem er í ríkinu, og mèr sýnist því ekki rètt að setja nýja nefnd í hana, heldur virðist mèr hitt rèttara, að vísa henni til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, og vil því fá að heyra álit nefndarmannanna í henni um það.

Ásgeir Einarsson: Ef eg hefi skilið uppástúnguna rètt, þá virðist mèr sama að vísa henni til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, og fella hana, og er annaðhvort að gjöra, að taka hana til greina eða ekki. Ef atriðið í bænarskránni getur samrýmzt við stjórnarbótarmálið, þá að vísa því til þeirrar nefndar; nú er ekki svo, því uppástúngunni þarf að verða fyrr framgengt, eigi hún nokkuð að þýða; því sýnist mèr, að bezt sè að setja nýja nefnd, því þetta er sèrstakt atriði.

Páll Sigurðsson: Heldur vil eg fyrir mitt leyti óska, að sèrstök nefnd verði sett í málið, því hver veit nema stjórnarbótarmálið kunni að dragast lengi enn; það hefir getað dregizt hingað til, en eg vona, að þó vèr Íslendíngar segjum með hógværum orðum vorum allramildasta konúngi frá því, er oss finnst bráð nauðsyn til að lagfæríngar þyrfti til bráðabyrgðar í stjórn þessa lands, þá muni hann taka það til nákvæmrar íhugunar og gjöra þær ráðstafanir, er hans vísdómi sýnast bezt henta fyrir velgengni þessa lands.

Ásgeir Einarsson: En vona, að nefndin fari fram með allri hógværð og stillíngu í málinu, ef hún á annað borð verður kosin.

Stefán Eiríksson: Eg verð nú að vera á því, að það verði að kjósa sèrstaka nefnd í þetta mál; allir vita, að stjórnarbótarmálið er nú búið að standa yfir í 13 ár, og ef það nú stendur yfir í önnur 13 ár til, þá get eg nú skilið, að mál verði að skipa þessi embætti, sem nú standa í auðn.

Magnús Andrèsson: Mèr sýnist málið vera alveg sèrstaks eðlis, og þess vegna þarf að mínu áliti sèrstaka nefnd í því.

Arnljótur Ólafsson: Af því búið er að stínga upp á því, að þessu máli verði vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, þá skal eg sem formaður þessarar nefndar leyfa mèr að geta þess, sem nefndin getur gjört í þessu máli. Eg vona, að meðnefndarmenn mínir sè mèr samdóma í því, að vèr getum ómögulega gefið stjórninni hvorki hèr á landi nè íslenzku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn þann vitnisburð, sem henni er gefinn í uppástúngunni. Vèr

getum ekki heldur lagt sömu þýðíng í lagastaðinn af 1703, er tilnefndur er í bænarskránni. Það er ekki rètt hermt, sem segir í uppástúngunni, að Íslendíngar byði fè, heldur var það gjört að skilyrði í rentukamrinu, að Íslendíngar borgaði þessum fulltrúa sínum, og því mun það hafa farizt fyrir. Að því er að öðru leyti snertir hina íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn, þá held eg óhætt að fullyrða, að hún sè eins góð, og enda miklu betri, en þessi eini maður, er átti að leggja á ráð, en átti þó ekki að eiga við »konúng«, heldur við »konúng í sínu ráðaneyti«. Líka er það annað atriði, sem nefndin ekki getur tekið til greina; hún veit ekki til, að nokkrum konúngi í nokkru landi í heiminum, þar sem stjórnarlög eru, hafi verið bent á neinn tiltekinn mann, er hann hafi verið beðinn að taka sèr til ráðaneytis, og því getur nefndin eigi beðið konúng vorn að taka tilnefndan mann til ráðgjafa, hversu ágætur sem hann annars er. *Forseti* sagði, að í bænarskránni væri ekki farið fram á, að biðja um ráðgjafa í »öllum málum«, heldur að eins í »einstökum«, en í hvaða málum? í embættaveitíngamálum, og það er þó þau síztu mál, sem ætti að biðja konúng um að leggja undir ráðgjafa, því það er að biðja hann að afsala sèr konúngsrètti sínum, því alstaðar eru það stjórnarlög, er eg til veit, að konúngar megi kjósa ráðgjafa og veita embætti. Eg held því, að nefndin geti ekki tekið *einn staf* í allri uppástúngunni til greina, og vil eg því biðja þíngið að koma henni ekki til þessarar nefndar.

Jón Hjaltalín: Það var einmitt þess vegna, að eg vildi fá upplýsíngar. Eg áleit ekki gjörlegt að taka hana, sízt setja sèrstaka nefnd; ef hún væri tekin til nefndar, þá yrði sú nefnd að hafa ljósa hugmynd um alla hennar agnúa. En eptir því sem hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga sagði, þá held eg, að sú nefnd, sem sett er í stjórnarbótarmálinu, gæti lítið við hana gjört, og þess vegna fell eg alveg frá, að hún sè í nefnd tekin.

Páll Sigurðsson: Hinn heiðraði þíngmaður úr Borgarfjarðarsýslu sagði, að það væri dæmalaust, að vísa konúngi svona á sèrstakan mann. Það er ekki, því Íslendíngar sendu árið 1520 bænarskrá til konúngs, um að fá Vigfús Erlendsson á Hlíðarenda fyrir forráðamann (*Arnljótur Ólafsson:* Já, hirðstjóra, en ekki ráðgjafa). Þetta er ekki til að taka ráðin af konúnginum, hann er beðinn um að taka þenna mann sèr til ráðaneytis, en að það væri Íslendíngur til bráðabyrgðar. Að þessi bæn sè móti því, sem á að vera, getur

verið, en það er mèr óskiljanlegt, að vèr höfum ekki bænarrètt í þessu efni.

Benedikt Sveinsson: Eg skal ekki vera mjög langorður. Eg skal einúngis leyfa mèr að geta þess, að það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, er sannarlega á góðum rökum byggt, og það, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga sagði, er og satt í sjálfu sèr. En eg er ekki sannfærður um, að það sè nein óhæfa að vísa uppástúngu þessari til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, úr því að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sýndi þá miklu mannúð, eg kalla það *„mannúð“*, að leyfa það. Eg held og, að það kynni að mega takast að færa hana úr þeim óheppilega búníngi, sem hún hefir, og ífæra hana öðrum, ef uppástúngumaður ekki hefir á móti því.

Páll Sigurðsson: Eg vil, eins og áður, biðja þingið að gá að *kjarnanum,* en ekki *hýðinu.* Eg hefi ekkert á móti því, að uppástúngan ummyndist, en ef hún þolir að ummyndast, svo að nefndin í stjórnarbótarmálinu geti gefið henni gaum, þá skil eg ekki, hvers vegna sèrstök nefnd ekki getur það; þess vegna óska eg sèrstakrar nefndar.

Jón Hjaltalín: Það hræðir mig ætíð mikið, þegar lagamenn hafa á móti búníngnum á einhverri uppástúngu; eg efast því ekki um, að það sè ískyggilegt að taka þessa uppástúngu til nefndar, þó *konúngsfulltrúi* af hreinskilni og góðmennsku sinni leyfði að vísa henni til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, og verð eg því að standa upp á móti því, að hún verði tekin í nokkra nefnd.

Ásgeir Einarsson: Eg held nú, að það megi segja, að Heródes skjálfi og öll Jerúsalem með honum. Það þótti ekki vera neinn háski á ferðum í hitt eð fyrra, að þingið setti upp á stjórnina alla ábyrgð fjárkláðamálsins, og stjórnin hefir nú sagt, að slíkt hafi verið með öllu ástæðulaust, enda hefir ekki komið neitt út af þessu, en þá þótti þingmanni Borgfirðínga þetta sjálfsagt, eins og það kæmi frá löggjafarþingi. Nú er kominn svo mikill ótti yfir hann og fleiri, að biðja um það, sem uppástúngan fer fram á, þó þingið skoði sig sem ráðgjafaþing, sem hafi einúngis bænarrètt, og er hrætt við ofanígjöf frá stjórninni. Það er þó aldrei annað en konúngur segir »nei«, og það höfum við fengið fyrr; uppástúngan sýnir einúngis, að Íslendíngar hafa mikið traust til Jóns Sigurðssonar, og stjórnin og konúngur hafa sýnt það líka, það sýndi hún með því að gjöra hann að erindsreka sínum í fjárkláðamálinu í hitt eð fyrra, og nú er sagt hann hafi verið valinn í fjárskilnaðarnefndina,

svo mèr sýnist þetta ekki vera slíkt ódæði, að það sè ekki talanda, enda getur nefnd, sem kosin yrði, breytt uppástúngunni. Að því er það snertir að vísa uppástúngunni til stjórnarbótarnefndarinnar þá hefir þíngmaður Borgfirðínga, sýnt, hvaða erindi hún á þangað, því hann hefir ekki að eins fært hana nú þegar úr skyrtunni, heldur og húðflett hana. Hvers hún á að gjalda, læt eg ósagt. Hinn konúngkjörni varaþíngmaður er þó ekki eins hræddur, því hann vill heldur, að henni sè vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, en fella hana gjörsamlega.

Benedikt Sveinsson: Eg er mótfallinn sèrstakri nefnd, en á móti hinu sè eg ekkert, eins og eg hefi áður sagt.

Pètur Pètursson: Eg er alveg mótfallinn hvorutveggja, bæði sèrstakri nefnd, og eins hinu, að málinu sè vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu. Mèr sýnist uppástúngan lýsa vantrausti bæði á hinum setta stiptamtmanni, forstöðumanni íslenzku stjórnardeildarinnar, ráðgjöfunum og jafnvel konúngi sjálfum. Eg skil ekki, hvernig þíngið getur, ef það vill halda sóma sínum, tekið á móti þessari uppástúngu. Sem einn í stjórnarbótarmálsnefndinni er eg harðlega mótfallinn því, að henni verði vísað þangað, eins og formaður hennar, þíngmaður Borgfirðínga. Eg ber mikla virðíng fyrir herra Jóni Sigurðssyni, og ber mikið traust til hans, en á hinn bóginn álít eg það mjög illa takast til fyrir hann, ef uppástúngan fengi framgang, og það kynni að verða álitið, að hann ætti nokkuð í henni, sem eg er öldúngis viss um að ekki er, því það setti ómaklega blett á hans siðferðislega *Character.*

Ólafur Jónsson: Eg held, að þessi uppástúnga ætli að eiga erfitt uppdráttar. Eg vil einúngis geta þess með tilliti til þeirra, sem eru í stjórnarbótarnefndinni, að eg álít, að þeir geti ekki bannað þínginu að vísa uppástúngunni þangað, ef því svo sýnist, og það því síður sem einn af nefndarmönnum er ekki mótfallinn því, og *konúngsfulltrúi* hefir leyft það; hitt er annað mál, að hvað miklu leyti nefndin finnur ástæðu til að taka uppástúnguna til greina. Eg er hræddur um, að uppástúngan falli, ef á að kjósa sèrstaka nefnd, og vil eg því, að henni sè vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu.

Indriði Gíslason: Eg get ekki annað en undrast yfir öðrum eins nýjúngum, eins og því, að það skuli eiga að vera komið undir náð einstakra manna, hvort uppástúngurnar verði teknar eða fái framgang. Eg fyrir mitt leyti óska sèrstakrar nefndar.

Páll Sigurðsson: Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti *varaforseti* sagði, skal eg leyfa mèr að geta þess, að mín hugmynd er ekki sú, að vantreysta neinum *embættismanni* sèrstaklega, heldur hinu, að fyrirskipanir og framkvæmdir og allt eptirlit með embættisfærslu í þeim lægri embættum verði reikulla og sljórra, þegar þau æðstu eru lengi laus. Þessu til sönnunar er kláðamálssagan. Þióðin gefur eins miklar gætur að embættunum, eins og embættismönnunum.

Arnljótur Ólafsson: Þingmaður Strandasýslu talaði um hræðslu hjá þingmönnum. Ekki get eg sagt, að eg sè hræddur. En hitt skil eg mikið vel, að þingið muni, að það er ráðgjafaþing, þegar það á að fara að stínga upp á ráðgjafa. Orð hins háttvirta konúngkjörna varaþingmanns eru ætíð merk, og því vil eg vita, hvað í þeim liggur; hann sagði svo opt »með leyfi *konúngsfulltrúa*“. Meinar hann með því, að *konúngsfulltrúi* vili samþykkja nefndarálitið, þótt í því væri beðið um nafngreindan mann til ráðgjafa, eða að hann hafi bent þinginu til rèttrar meðferðar á málinu? Þetta vil eg biðja hann að skýra fyrir mèr. Eg er samþykkur því, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni sagði. Það getur ekki verið umtalsmál, að taka neitt orð upp í nefndarálitið, nema ef það væri „*ráðgjafi*“, en ekki að benda á neinn nafngreindan mann til ráðgjafa. Eg ætla þó, að nefndin fari ekki einu sinni svo langt inn í sèrstök atriði.

Benedikt Sveinsson: Mèr þykir það mikið slæmt, ef eg er orðinn svo myrkur í máli mínu, að jafnskarpur maður og þingmaður Borgfirðínga ekki skilur, hvað eg fer með. Spurníngin er einúngis um, hvort það geti staðizt með sóma þingsins, að vísa málinu til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, ef uppástúngumaður leyfir henni að fara með málið, eptir því sem hún vill. Eg sè ekkert á móti þessu. Eg vona, að hinn heiðraði fulltrúi Borgfirðínga skili nú orð *mín* og að hann að öðru leyti ekki ætli mèr það, að eg vili nota leyfi *konúngsfulltrúa* til að binda hendur hans síðar meir.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla að eins að tala fá orð. Þingmaður Borgfirðínga sagði, að nefndin mundi ekki fara að biðja um ráðgjafa, þetta hefir þó borið við á þingi, og eg sè enga ástæðu til að fara aptur á bak.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið. Þingmaður Húnvetníinga hefir tekið upp uppástúngu

hins 5. konúngkjörna þíngmanns, og skal eg fyrst bera undir atkvæði þíngsins, hvort taka skuli málið til greina.

Benedikt Sveinsson: Eg get ekki gefið atkvæði þannig, og álít, að það eigi fyrst að ganga til atkvæða um sèrstaka nefnd.

Indriði Gíslason: Eg bið um nafnakall, fyrst eg fèkk það eigi áðan.

Var þá gengið til atkvæða með nafnakalli um það, hvort setja skyldi sèrstaka nefnd í málið, og fèllu atkvæði þannig:

Já (sögðu):	Nei (sögðu):
Árni Einarsson.	Benedikt Þórðarson.
Ásgeir Einarsson.	Sveinn Skúlason.
Indriði Gíslason.	Björn Pètursson.
Jón Sigurðsson frá Haugum.	Benedikt Sveinsson.
Magnús Andrèsson.	Arnljótur Ólafsson.
Páll Sigurðsson.	Gísli Brynjúlfsson.
Stefán Eiríksson.	Guðmundur Brandsson.
Stefán Jónsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
	Helgi G. Thordersen.
	Jón Hjaltalín.
	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson frá Gautlönd.
	Ólafur Jónsson.
	Páll Melsteð.
	Pètur Pètursson.

Þannig var það fellt, að sèrstök nefnd væri kosin í málið, með 15 atkv. gegn 8, og tók þá uppástúngumaður uppástúnguna aptur.

Forseti gat málefna þeirra, er tekin yrði fyrir á næsta fundi, og koma mundu á næstu dagskrá, og ákvað fund 22. júlí kl. 12.

Fundi slitið.

Seytjándi fundur — 22. júlí.

Allir á fundi, nema 5. konúngkjörni, sem brèflega hafði tilkynnt *forseta,* frá Eyrarbakka, að hann gæti ekki mætt á fundi í dag, og þíngmaður Snæfellínga, sem sökum snögglegra forfalla, er fyrir hann komu, ekki heldur gat mætt.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskrárinnar, vil eg leyfa mèr

að biðja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* að gefa samþykki sitt til, að 4. aukaskrifari innanþíngs verði tekinn, því þíngstörfin taka nú mjög að aukast sökum nefndarálita, sem farin eru að koma; hefi eg í því skyni talað við kand. Eyjólf Jónsson.

Konúngsfulltrúi: Frá minni hálfu er því ekkert til fyrirstöðu að aukið verði við einum skrifara, þegar hinn háttvirti *forseti* mælir fram með því sem nauðsynlegu í þíngsins þarfir.

Forseti: Eg skal þá biðja kand. Eyjólf Jónsson að gánga til aukaskrifarasætis.

Samkvæmt dagskránni hefir þá hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* orðið.

Konúngsfulltrúi: Þessu næst skal eg leyfa mèr samkvæmt því, er segir í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis í þetta skipti II, tölulið 12, að gefa hinu heiðraða alþíngi nokkrar ítarlegri upplýsíngar um það mál, sem þar ræðir um, nefnilega um skatt af samanlagðri fasteign og lausafè.

Stjórnin álítur þá fyrst og fremst, að þar sem alþíngi fari því fram, að skatt eptir Jónsbókarlögum rètt skildum beri einúngis að greiða af lausafè, og að svo hafi skatturinn verið hèr greiddur svo öldum skipti, en að samlagníngarskattur fyrst hafi farið að tíðkast á seinni tímum, sè ekki alls kostar rètt skoðun, og að *konúngsfulltrúinn* hafi einnig í álitsskjali sínu um málið talið það efa undirorpið, hvort sá skilníngur á Jónsbókarlögum, sem þíngið hafi aðhyllzt viðvíkjandi því, hvernig skatt ætti að taka, hefði við gildar ástæður að styðjast, og að það, ef vel væri leitað, mundi koma upp úr kafinu, að þessi samlagníngarskattur væri í mörgum sýslum miklu eldri, en þíngið ætlaði, og eins ætlar stjórnin, eptir þeim upplýsíngum, sem fyrir hendi eru, að þíngið fari of langt, þegar það fari því fram, að samlagníngarskatturinn hafi fyrst rutt sèr til rúms á seinni árum, og styður hún álit sitt í því efni við það, að rentukammerið hafi þegar árið 1823 út af fyrirspurn hlutaðeiganda sýslumanns í Gullbríngusýslu skrifað stiptamtmanninum, að skatt mætti taka í Gullbríngusýslu eptir þeim reglum, sem híngað til hefði verið fylgt í því efni, nefnilega af fasteign og lausafè samanlögðu; svo hafi rentukammerið og nokkru eptir út af því, að farið var í ýmsum sýslum misjafnt að í skatttökunni og samlagníngarskattur tekinn sumstaðar, sumstaðar ekki, beðið amtmennina með brèfi frá 1. september 1827 um álit þeirra um það, hvort ástæða væri til að biðja um authentiska skýríng af löggjöfinni um skatt-

skylduna, en að álitsskjöl þeirra og sýslumannanna, nema amtmannsins í Vesturamtinu, hefði öll lotið að því, að það væri rètt að leggja fasteign og lausafè saman til skattgjalds, en hvað venjuna í ýmsum sýslum snerti, hefði álitsskjölin öll verið samhljóða í því, að fasteign og lausafè væri lagt saman til þess að reikna út skattinn, og sýslumennirnir hefði fullyrt, að það hefði gengizt við að reikna skattinn svona í manna minni eða svo lengi sem menn myndi til, einúngis hefði reglurnar verið á nokkurri sundrúngu um það, hvernig ætti að reikna fasteignina með til skattgjalds, þar sem sumstaðar ekki hefði verið talin þar með jarðeign, sem ekki náði 5 hndr., sumstaðar aptur ekki sú, sem ekki náði 8 hndr., og aptur sumstaðar ekki önnur en sú, sem náði fullum 10 hndr.

Þegar rentukammerið var búið að fá þessar skýrslur um málið, skrifaði það amtmönnunum 28. apr. 1832 meðal annars það, að eptir þeim fengnu upplýsíngum riði minna á því, hvern skilníng menn legði í þær eldri ákvarðanir um skatttökuna, því þó það kynni að vera frá lagaþýðíngarinnar hlið yfirgnæfandi ástæða til að miða skattskylduna einúngis við lausafè, væri þó á hinn bóginn næstum í öllu landinu komin á lengri eða skemmri venja fyrir gagnstæðri skoðun, og þar sem löng venja hefði mikla þýðíng yfir höfuð, yrði hún einkum að hafa hana hèr, þar sem spursmál væri um lög, sem orðin væri 500 ára gömul, og þess vegna yrði rentukammerið að ætla, að sú venja, sem komin væri á í hverri sýslu, og lengi hefði við gengizt þar um skattatökuna, ætti að svo komnu að standa óbrjáluð, en (rentukammerið) skipaði þó amtmönnunum að halda strengilega vörð á því, að á þessu yrði engi breytíng gjaldþegnunum í óhag.

Þessu samkvæmt svaraði rentukammerið í brèfum frá 4. ágúst 1838 og 15. ágúst 1840 sýslumönnunum í Ísafjarðar- og Þíngeyjarsýslum, að þar skyldi fara um skatt-töku eptir því sem áður hefði þar gengizt við, og þessu líkan úrskurð gaf hlutaðeigandi stjórnarherra í brèfi frá 16. maí 1850 og 30. apr. 1855 sýslumönnunum í Barðastrandar- og Gullbríngusýslu upp á fyrirspurn þeirra áhrærandi samlagníngarskattinn.

Stjórnin hyggur því, samkvæmt því sem nú var talið, að það megi ætla, að það sè langt síðan að það hafi farið að tíðkast, að leggja fasteign og lausafè saman til skattgreiðslu, án þess það þó verði sagt með vissu, að hvað miklu leyti þessari reglu kunni að hafa verið stöðugt fylgt í einhverri sýslu, þar sem skatturinn rann

inn hjá sýslumönnum sem ein grein af embættislaunum þeirra, en að það þar á móti muni mega fullyrða, að ólíkum reglum hafi verið fylgt í því, hvernig fasteign og lausafè var lagt saman til skattgjalds.

Þegar svona væri ástatt, hefir stjórninni þótt það áhorfsmál, að aðhyllast beinlínis uppástúngu alþíngis, að því leyti hún fer fram á það, að stjórnin skuli ákveða, hvenær full og föst venja sè fyrir skattheimtunni, sem yfir er kvartað, er það sjálfsagt liggi næst við, að dómstólarnir skeri úr slíku spursmáli. Stjórninni þykir það að vísu óheppilegt, að þær ákvarðanir, sem snerta skattheimtuna, eru svo óljósar, að enda hina lögfróðu menn landsins greini á um það, hvernig þær sè rèttast þýddar, en á þessu verði ekki ráðin bót, nema með nýju lagaboði, en að gefa nýtt lagaboð um þessa einstöku grein í skattamálinu, álítur stjórnin á hinn bóginn ekki tiltækilegt, þar sem það sè viðurkennt, að hin íslenzku skattalög þurfi umbótar frá rótum, og þar til sè nú lagður grundvöllurinn með hinu nýja jarðamati, en hin nýju skattalög gæti að öðru leyti ekki, eins og alþíngi virðist að hafa hugsað sèr málið, sleppt fasteigninni frá hluttöku í skattgreiðslunni, því enda þótt menn vildi þýða Jónsbókar lög um þegnskyldu þannig, að fasteignin sè undan þegin skattskyldunni, sè þó venjan búin að benda á það, að það hefir ekki þótt sanngjarnt, að svo væri, og það geti því ekki verið efi á því, að hin nýju skattalög muni leggja skatt á fasteignina, og þar sem þessi nýju skattalög geti álitizt í vændum, þykir stjórninni á meðan ísjárvert að gjöra breytíng í því, sem nú er, er það ef til vildi kynni að leiða af sèr halla fyrir ríkissjóðinn, sem yrði að bæta hlutaðeigandi embættismönnum upp þann halla, sem þeir yrði fyrir út af þeirri breytíngu, og á hinn bóginn mundi það verða óvinsælt, ef sú almenna ákvörðun yrði gefin, að fasteignin einnig skyldi taka sinn þátt í skattgreiðslunni, meðan þessu máli ekki er búið að ráða til lykta fyrir allt landið.

En að því leyti sem það kynni að eiga sèr stað, eins og alþíngi hafa farizt orð, að einstöku sýslumenn væri farnir að færa sig í skattheimtunni, að því leyti samlagsskattinn snertir, meira upp á markið en híngað til, hefir stjórnin út af bænarskrá þíngsins fundið ástæðu til að láta brýna fyrir sýslumönnunum, að þeir ætti að fara eptir þeim ákvörðunum, sem um það efni væri á ýmsum tímum gengnar út frá stjórninni, einkum í brèfi rentukammersins frá 28. apr. 1832, og skal eg geta þess, að þetta brèf sama ár er með

umburðarbrèfi stiptamtsins birt öllum sýslumönnum í Suðuramtinu í júlímánuði næst á eptir, eins og líka ráðherrabrèfið í vor, sem leið, er birt sýslumönnunum hèr í amtinu til eptirbreytni.

Þingmaður Rángvellínga ætlaði að hreifa umræðum út af þessari skýrslu *konúngsfulltrúa,* en *forseti* tók þar fram í og kvað engar umræður mega verða um þetta mál, nema ef einhver uppástúnga kæmi þar að lútandi.

Forseti: Samkvæmt dagskránni koma þá til inngangsumræðu 4 bænarskrár nefnilega úr Gaulverjabæjar-, Stokkseyrar-, Sandvíkur-, og Ölveshreppum, *um að niðurskurður verði ekki við hafður.* Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður afhenti mèr þær, og hafði verið beðinn að vera flutníngsmaður þeirra, en hann skrifaði mèr í brèfinu, er eg gat fyrr, að hann gjörði sig ánægðan með, að þeim væri vísað til nefndarinnar, er þegar er sett í kláðamálinu, og ef þíngmenn ekki hafa á móti því, mun eg vísa þeim til þeirrar nefndar. Fyrst engi mótmæli koma, skal eg biðja skrifarana, að afhenda bænarskrárnar formanninum í þessari nefnd, hinum konúngkjörna varaþíngmanni.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til *ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu hallærismálið. Framsögumaðurinn* í þessu máli, þíngmaður Snæfellínga er forfallaður, en hefir beðið þíngmann Gullbríngusýslu, að gegna framsögustörfum fyrir sig, og vil eg því biðja, að afhenda honum málið. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá og vona eg, að þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: þegnleg uppástúnga um *harðæri* á Íslandi árið 1861.

1. Breytíngaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar:*

   Að eptir orðin (í uppástúnguatriði nefndarinnar): »leigulaust peníngalán«, bætist inn í: *„af styrktarsjóðnum“.*

2. Breytíngar-viðaukaatkvæði *Pèturs Pèturssonar:*

   Að á eptir orðið »veitt« (eða «veitist») verði bætt *„úr kollektusjóðnum“.*

3. Breytíngaratkvæði *Halldórs Kr. Friðrikssonar:*

   Að íbúum Gullbríngu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu mildilegast veitist um hin næstu 2 ár kostur á peníngaláni, að minnsta kosti 10000 rd., er stiptamtmaður útbluti sveitarstjórum hvers hrepps, en þeir aptur þurfandi sveitarbúum, og standi sveitirnar eða sjóðir þeirra í ábyrgð

fyrir fènu. Fè þetta greiðist með 8% árlegu afdragi að leigunni meðtaldri, unz lánið er endurborgað að fullu.

4. Breytíngaratkvæði *Pèturs Pèturssonar:*
   Að úr uppástúngu nefndarinnar verði úr fellt orðið: »leigulaust«.
5. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns:*
   Að 7000 rd. verði breytt í að minnsta kosti 10,000 rd., sem endurborgist á 10 árum.
6. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar:*
   Að upphæðin 7000 rd. breytist í 6000 rd. þannig, að Gullbríngu- og Kjósarsýsla fái 4500 rd.
7. Breytíngaratkvæði *Pèturs Pèturssonar:*
   Að fyrir orðið »allt að« verði sett: *„að minnsta kosti“.*
8. *Nefndin*, uppástúnguatriði:
   Að stjórnin hlutist til, að nú í sumar verði veitt leigulaust peníngalán, allt að 7000 rd., til að kaupa kornvöru fyrir handa þeim sveitum í Borgarfjarðar, Kjósar og Gullbríngusýslum, sem bágstaddastar eru, og að fjárlán þetta megi endurgjalda á 5 ára tímabili.
9. Viðaukaatkvæði *Benedikts Sveinssonar:*
   Að við niðurlagsatriði nefndarálitsins bætist: »og að hans konúnglega hátign enn fremur allramildilegast veiti sveitunum á Íslandi yfir höfuð, eptir þörfum, kost á að fá 2 hin næstu ár allt að 18000 rd. úr hinum svo kallaða styrktarsjóði Íslands mót 4 rd. vöxtum af hverjum 100 rd. og ábyrgð sveitanna eður sveitasjóðanna, og að hverjum hinna 3 amtmanna verði gefið vald til að úthluta í sínu amti $^1/_3$ hluta af þessu láni, er endurborgist árlega með 5 % auk vaxtanna, unz lánið er aptur greitt að fullu«.
10. Viðaukaatkvæði *Bjarnar Pèturssonar:*
    Að stjórnin einnig veiti hinum öðrum sýslum landsins, sem bágstaddastar eru, kost á láni úr kollektusjóðnum gegn lagavöxtum með hæfilegum gjaldfresti, þegar þess yrði farið á leit af hlutaðeiganda amtmanni.
11. Viðaukaatkvæði *Pèturs Pèturssonar:*
    Að við endann á uppástúngu nefndarinnar verði bætt: »Og að fjárlán þetta megi þannig endurgjalda, að 1000 rd. sè goldnir á ári með 4 % rentu, þangað til lánið er alveg greitt«.

12. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Framsögumaður (Guðmundur Brandsson): Það hafa nú komið fram býsna mörg breytíngaratkvæði, og veit eg nú ekki, hvert af þeim er bezt eða lakast; sum fara styttra, en nefndaruppástúnguatriðið, en sum lengra. Það er nú fyrst breytíngaratkvæði þíngmanns Skagfirðínga; það kann eg ekki vel við, af því það er ekki til tekið með berum orðum, af hvaða styrktarsjóð það átti að vera, sem beðið var um; það hefði þurft að tiltaka styrktarsjóð Íslands; þess vegna felli eg mig betur við næsta breytíngaratkvæði, því allir þekkja kollektusjóðinn; og eg hefi ekkert á móti, að því sè skotið inn í uppástúnguatriði nefndarinnar, því þínginu er vissara að tiltaka einhvern nafnkunnan sjóð, sem bæði konúngur og stjórn hans bera góð kennsl á, og nú getur það vísað á þenna sjóð, sem er þjóðarinnar eign. Ekki get eg fellt mig við breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga; eg er hræddum um, að það geti misskilizt. 4. breytíngaratkvæðið verð eg að fallast á; því mèr finnst landsbúum ekki vera verra að eiga fèð á leigu hjá landsbræðrum sínum, heldur en hjá stjórninni, svo eg vil, að því sè haldið. Breytíngaratkvæðið undir 5. tölulið er nú mikið gott í sjálfu sèr, og gjörir rýmra sviðið með borgunina, því það er hægra, að borga 10000 rd. á 10 árum, en 7000 á 5 árum, 6. breytíngaratkvæðið gengur nú í mótsetta stefnu, og get eg því ekki gengið inn á það. Eg felli mig nú dável við 7. breytíngaratkvæðið, en það er breytíng á nefndarálitinu, og ef gengið er inn á 5. breytíngaratkvæðið, fellur þetta af sjálfu sèr. 9. breytíngaratkvæðinu vil eg nú ekki neitt hafa á móti, því eg vil ekki leggja á móti öðrum sveitum, að þær geti fengið styrk, ef á liggur, og sama er að segja um það 10. En þar á mót þykir mèr varúðarvert, að samþykkja 11. viðaukaatkvæðið; því það getur viljað til fiskileysisár, þegar menn ekki geta borgað nærri 1000 rd., en aptur getur maður borgað ef til vill meira en tvöfalt annað ár; eg vil því ekki nefna, hve mikið skuli gjalda á ári, og felli mig því betur við 5. breytíngaratkvæðið. Eg skal svo ekki orðlengja þetta, fyrr en eg heyri ræður þíngmanna.

Benedikt Þórðarson: Þíngmaður Gullbríngusýslu hefir nú farið ljósum orðum um atkvæðaskrána; og lýst því yfir, að hann kunni betur við nafnið kollektusjóður en styrktarsjóður; það getur nú vel verið, að þetta sè rètt álitið, en þó líkar mèr betur, að

nefndur væri styrktarsjóður, því eg er hræddur um, að »kollektusjóðsnafnið láti nú ekki jafnvel í eyrum Dana eins og styrktarsjóðsnafnið, er þeir sjálfir hafa gefið kollektusjóðsleifunum. Eg felli mig hèr bezt við nefndaruppástúnguna undir tölulið 8, með því að atkvæðinu undir tölul. 5 væri samrýmt við það«. Með nefndaruppástúngunni er það fengið, að Gullbríngusýslu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu verði hjálpað. 9. og 10. breytíngaratkvæðið fara að vísu í sömu stefnu, og það er mikið náttúrlegt, að með þau hafi verið komið, því fleiri hèruð landsins en hèr syðra geta auðveldlega þurft hjálpar við. Að því er hið fyrra áhrærir, þá ákveður það vissa tölu, en óvíst er, hvort minna eða meira þurfi, og því halla eg mèr heldur að seinna atkvæðinu tölul. 10, og gef því atkvæði mitt, því þar er beðið um nóg, einúngis að hjálpin fáist, eptir því mikil eða lítil, sem þörfin krefur; það er og nóg, að amtmenn eigi frjálst að biðja um þetta, og að þeir síðan úthluti því á sem skynsamastan og beztan hátt; ekki tekur til nema þurfi.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki fara mörgum orðum um þau mörgu breytíngaratkvæði, sem standa hèr á atkvæðaskránni; eg felli mig við fæst af þeim, og reyndar engi, en felli mig bezt við nefndarálitið, því eg álít það fari rèttan meðalveg, því það fer ekki fram á meira, en álitið er ítrast verði komizt af með, og það álít eg rètt. Menn geta að vísu brúkað meira, og þyrfti þess enda með, en það kemur að skuldadögunum, og þá er eg hræddur um, að allt verði þýngra, og að vísu gengur og ógreiðlega með endurborgun hins lánsins, sem veitt var 1859, það voru þó í allt ekki nema 1000 ríkisdalir, en ekkert er enn búið að borga af því láni, og einn hreppur hefir beðið um að gefa sèr upp alla skuldina, sem þó að eins var rúmar 20 tunnur af rúgi. Eg er hræddur um, að líkt mundi fara hèr, einkum ef lánið yrði meira en um er beðið í nefndarálitinu. Eg er sannfærður um, að stjórnin gefur málinu allan þann gaum, sem unnt er, einkum þegar hún er sannfærð um, að gildar ástæður eru fyrir því, sem um er beðið.

Breytíngaratkvæðið nr. 3 get eg með engu móti aðhyllzt, það yrði því til fyrirstöðu, að öðrum yrði hjálpað úr styrktarsjóðnum, sem lægi á styrk, því peníngarnir væri fastir. Eg segi þetta eigi í þeirri veru, að eg vili draga úr þeim styrk, sem menn gæti fengið, heldur til þess, að koma málinu í það horf, að von geti verið um bænheyrslu; það gildir hèr, eins og optar, að *omne nimium*

nocet, að maður með því að biðja um of mikið, fær ef til vill ekkert. Þetta vil eg biðja hið heiðraða þing vel að athuga, þar sem því er svo annt um, að málinu geti orðið sem bezt framkvæmt.

Páll Sigurðsson: Eg er nú líkrar meiningar og *konúngsfulltrúi,* að þar sem Gullbringusýsla hefir ekki enn getað borgað þessa 1000 rd. skuld, þá er því síður að búast við, að hún muni fljótt geta borgað þetta nýja lán. Eg get því ekki fallizt á þau breytíngaratkvæði, sem fara því fram, að lánið sè hærra en það, sem nefndin hefir til tekið. Mèr finnst nefndarálitið yfir höfuð mikið sanngjarnt, því það fer því fram, að lánið sè sem minnst, en þó nægur styrkur til að halda lífinu í mönnum hèr kríngum Faxaflóa. Á 2. breytíngaratkvæðið get eg ekki fallizt; það er það sama, sem landsmenn leigi út fè sitt leigulaust, því sjóðurinn er þó eign landsins, og það því síður sem Rosmhvalaneshreppur hefir fengið nokkur næstliðin ár 80 rd. styrk af jafnaðarsjóð Suðuramtsins; eg veit nú ekki, hvort það á að vera lán eða sveitartillag frá amtinu, ekki heldur hvað lengi það tillag skuli haldast, eða hver lagaheimild er fyrir því, að leggja þess háttar útsvör á amtsbúa, svo eg álít þann hrepp þiggja af sveit Suðuramtsins; eg felli mig því ei við þau breytíngaratkvæði, sem ganga lengra en nefndin. Helzt kann eg að gefa atkvæði fyrir breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Suður-Múlasýslu; það getur verið víðar bágt en hèr, og eg sè ekkert á móti, að þíngið bæði um, að aðrar sýslur mætti eiga kost á láni, ef þær þyrfti með. Eptir þessu munu atkvæði mín falla í þessu máli.

Magnús Andrèsson: Eg vil líka gjöra grein fyrir því, hvernig atkvæði mín muni falla. Hèr eru nú 2 breytíngaratkvæði, af hverjum annað vill biðja um lánið »úr styrktarsjóðnum«, annað »úr kollektusjóðnum«. Eg felli mig nú betur við hið síðara; eg er ekki svo bræddur um, að þetta nafn láti svo illa í eyrum stjórnarinnar, hún hefir heyrt það svo opt nefnt. Eg get ekki fellt mig við 3. breytíngaratkvæðið; eg skil ei í, hvernig borgunin ætti að vera eptir því; hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók það ljóslega fram, að ef fresturinn væri svona langur, þá gæti sjóðurinn eptir nokkurn tíma ef til vill verið svo á þrotum, að menn gæti ei fengið hjálp úr honum, þó meira lægi á en nú. Eg felli mig mikið vel við, að »leigulaust« verði sleppt úr, eg held að betra væri, að árlegir hæfilegir vextir væri af láninu, því með því eina móti getur þó sjóðurinn haldist við, og allt landið á hann jafnt. Ekki get eg fellt mig við

5. breytíngaratkvæðið, eg held skuldin verði nóg samt, ekki heldur við 6., því lánið verður þó að vera svo mikið, að úr bráðustu þörfinni verði bætt. Af þessum 2 viðaukaatkvæðum undir 9. og 10. tölulið felli eg mig betur við hið síðara, hið 9. er vel meint, en lánið er þar til tekið í tölum; en eg held, að nóg sè, þegar bænin fer fram á, að hjálp fáist, ef með þurfi, og amtmennirnir óski þess. Eg gef því atkvæði með uppástúngu nefndarinnar með þeim viðaukum, er nú hefi eg tekið fram.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal nú ekki tala langt með breytíngaratkvæði mínu, þíngið ræður, hvort það biður um ofmikið eða of lítið. Eg skýrði þínginu seinast frá, hvað til að mynda Reykjavík hefði misst mikið við þetta fiskileysi í ár, að tómthúsmenn hèr hafa haft 16—20,00 rd. skaða, og eins mun vera að tiltölu í hinum hreppunum. Þegar menn gá að þessu, held eg það verði ljóst, að hèr þarf hjálpar við. Það má nærri geta, hvernig almenníngur er staddur, þegar flestir geta ekki borgað svo mikið sem danskan tvískildíng af fyrri skuldum sínum, og kaupmenn geta ei átt svo miklar skuldir úti og því síður lánað af nýju; þetta held eg sè nú ástæða fremur til að hækka lánið en lækka. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri ástæða á móti því, að biðja um lán, að menn hefði eigi getað borgað þetta gamla 1000 rd. lán; en þá vil eg segja, að þetta er það sama sem að segja: það er bezt að lofa þeim að deyja. Líf margra þúsunda manna liggur við og það er þó meira varið í það, en nokkur hundruð dali. Þar sem hinn heiðraði *framsögumaður* talaði um, að sèr gæti ei skilizt, að lánið ætti að standa opið í 2 ár, þá vil eg taka það fram, að tilætlunin var sú, að svo framarlega sem Gullbríngu- og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla ekki þyrfti alls lánsins með þetta ár, þá ætti þær kost á, að fá afganginn næsta ár; þær kunna ef til vill að komast af með nokkuð af láninu þetta ár, ef vel fiskast, en þá er ekki skaði, þó þær ætti von á láni næsta ár, ef illa tækist til. Gjaldtíminn fannst mèr eiga að vera sem lengstur, því þá þurfa þær ekki að borga nema rúman helming á ári á móti því, sem nefndin stakk upp á. En stjórninni má standa á sama, hvort hún hefir peníngana í styrktarsjóðnum eða hjá einstökum mönnum á vöxtum *(Magnús Andrèsson:* Nei); jú, nema hún og einkum landsmenn ætti heldur að vilja, að fèð væri á leigu í landinu sjálfu. Mèr er nú sama, hvort beðið er um lánið úr »styrktarsjóðnum« eða »kollektusjóðnum«, þó kann eg betur við,

að hann sè nefndur því nafni, sem stjórnin hefir sjálf skipað fyrir að hann skyldi kallast, og sem hann nú hefir.

Ólafur Jónsson: Eg var nú einn í nefndinni, og stakk þá upp á, að lánið væri 7000 rd.; en síðan hefi eg nú kynnzt ástandinu betur, svo eg er nú í vafa um, hvort eg eigi ekki heldur að gefa atkvæði fyrir 5. breytíngaratkvæðinu, sem stíngur upp á 10,000 rd.; það er sjálfsagt, að 7000 rd. geta nægt, ef verðíðin í vetur verður góð og vel fiskast; en ef hún yrði nú bág, þá er ekki lengi eytt 7000 rd., og eg held því, að ekki spillti til, að biðja um 10,000 rd. Eg get ekki verið með 3. breytíngaratkvæðinu; þar er talað um 2 ár; en það á alls eigi við, að tala um ókomna tíma; ef menn gjörði það, þá gæti eins allar hinar sýslurnar farið að biðja um styrk nú, því að það getur þó allt af komið fyrir, að bágindi komi fyrir, hver sýslan sem er, og getur það eins komið upp á, eptir að þessi næstu 2 ár væri liðin; en nú á einasta að ráða fram úr þeim bágindum, sem upp á eru fallin, og fyrirbyggja húngurdauða, þar sem hann er að óttast, ef ekkert er að gjört. Helzt vil eg gefa atkvæði með 5. breytíngaratkvæðinu; þar er gjört ráð fyrir, að skuldin verði borguð á 10 árum, og það held eg sè haganlegt, að fresturinn sè lengri. Mèr hefir því dottið í hug, hvort 11. viðaukaatkvæðið gæti eigi samrýmzt þessu breytíngaratkvæði, svo að ef lánið væri 10,000 rd., þá væri borgaðir 1000 rd. á hverju ári í 10 ár.

Benedikt Sveinsson: Eg skal nú ekki tala margt með viðaukaatkvæði mínu undir 9. tölulið; en mèr þykir það undarlegt, að þeir, sem vilja ganga inn á sum hinna breytíngaratkvæðanna, er innibindast í viðaukaatkvæði mínu, skuli ekki vilja fallast á það. Með mínu viðaukaatkvæði vinnst t. a. m. nær því það sama, sem með breytíngaratkvæðinu undir 5. tölulið, nema hvað eg verð að álíta það einmitt bæði rèttara og sanngjarnara, að sveitirnar í Suðuramtinu yfir höfuð fái það eptir þörfum, sem farið er fram á meira en það, sem nefndin hefir stúngið upp á, því þær sveitir, sem nefndin ber fyrir brjósti sèr, eru ekki útilokaðar fyrir það, ef þær þrátt fyrir þenna styrk verða framvegis þær bágstöddustu. Á hinn bóginn þykir mèr kynlegt, ef þíngið ekki vill leggja það til, að hin ömtin fái hjálp líka, ef þau þurfa á að halda. Eg verð að geta þess viðvíkjandi því, að sumum þíngmönnum þykir borgunarfresturinn of langur, að þetta fè er þó ekkert *„Driftskapital“*, sem menn ætla að græða á, heldur er það einúngis ætlað til að hjálpa nauðstödd-

um mönnum; það er því nauðsynlegt, að hafa frestinn sem lengstan, og þó viðaukaatkvæðið undir 10. tölulið sè líks innihalds og mitt, þá held eg það sè þó ekki eins gott, einkum að því sem gjaldfrestinn snertir; hver á að meta þenna »hæfilega gjaldfrest«? Eg held, að þetta viðaukaatkvæði hafi í eptirdragi ýmsar skriptir og króka-vafníngа; en hjálpin þarf að koma strax, þegar hennar þarf. Eptir minni uppástúngu geta amtmennirnir að öðru leyti haldið í taumana, og komizt hjá að lána fèð út, nema bráða nauðsyn beri til. Þeir geta og yfir höfuð verið forsjálir með lánið, úr því það á að standa mönnum opið í 2 ár.

Björn Pètursson: Eg ímynda mèr nú, að þíngmenn furði sig ekki á, þó eg standi upp í þessu máli, úr því eg eignaðist þenna króga með nefndarálitinu. Það er nú sjálfsagt, að eg fellst á 2. og 4. breytíngaratkvæðið, því þau koma saman við mitt; og eg er ekki ófús á, að fallast á það 6.; fyrst ekki er meira til tekið, þá þarf líklega ekki meira við; það er ekki gott, að taka meira að láni, en þarf, því allt af kemur þó að skuldadögunum; en ef það upplýstist, að meira þyrfti með, þá væri eg líka með, að um meira væri beðið. En eg ímynda mèr nú, að hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga sè nú ástandinu svo kunnugur, að hann hafi getað lagað sig eptir því í uppástúngunni; en eg verð að játa, að eg er því svo ókunnugur, að eg get ekki karpað um það. Eg fellst nú sjálfsagt á nefndaruppástúnguna, þegar bætt er inn í, hvaðan fèð á að taka, nefnilega úr kollektusjóðnum, svo að stjórnin sè ekki í vafa um, hvaðan það eigi að takast, og eins að fellt sè úr orðið »leigulaust«. Ef leigu skal gjalda, þá tekur engi meira lán, en hann þarf með, en annars kunna menn að leiðast til, að taka meira til láns, en menn *nauðsynlega* þurfa. Hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður mælti nú mikið fram með viðaukaatkvæði sínu, og það er nú eðlilegt; en eg get þó ekki fallizt á það, því fyrst er það, að eg veit ekki til, að svo mikið fè sè til í styrktarsjóðnum, er svari 18,000 rd. Eptir alþíngistíðindunum 1845 voru þá í sjóðnum 12,665 rd. 24 sk., og þá held eg sè nú ekki til neins að biðja nú um 18,000 rd. Annað var það, að hann biður um, að $^1/_3$ af þessum 18,000 rd. verði úthutað í hverju amti, hvort sem við þarf eða ekki. Hann vill þó víst ekki, að menn sè neyddir til að taka til láns? Hann fann að »hæfilegum gjaldfresti« í uppástúngu minni; eg held nú, að eptir því geti gjaldfresturinn verið eins langur, eins og eptir uppástúngu hans. Eg ætlaðist til, að beiðendur og stjórnin kæmi sèr saman um gjaldfrestinn, eptir

því sem bezt hentaði, eins og venjulegt er, þegar lán eru tekin. Hann felldi sig ei við þessi orð »þegar þess væri farið á leit af hlutaðeiganda amtmanni«. Hvað þykir honum að því? Eg skil það ekki. Stjórnin lánar, ef amtmennirnir sýna og sanna, að lánsins þurfi með; annars verður lánið ei tekið; því engi tekur peninga að láni, nema hann þurfi þeirra með, einkum þegar vexti skal greiða. Eg vona yfir höfuð, að þeir, sem mæla fram með því, að þessar sýslur, sem hèr ræðir um, fái styrk, mæli ekki á móti hinum, ef þær kynni að þurfa styrks við.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal að eins leyfa mèr að geta þess með tilliti til míns breytíngaratkvæðis, að í því stendur ranglega *„af“*, þar sem ætti að vera *„úr“*, og vona eg hinn háttvirti *forseti* leyfi enn þessa litlu orðabreytíng. En hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti núverandi *framsögumaður* og meðnefndarmaður minn sagði, að hann gæti ei gefið breytíngaratkvæðinu atkvæði sitt, af því þar stæði ei »styrktarsjóð Íslands«, þá kann það að vísu að vera satt, að þetta hefði verið greinilegra, en þó held eg ei það geti orðið nokkrum efa undirorpið, hver styrktarsjóður sè meintur, þó allt standi eins og nú. Hinn háttvirti þíngmaður Reykvikínga tók það og svo vel fram, að eg þarf ei að vera að taka það upp aptur, að eiginlega er nafnið »styrktarsjóður« hið einasta nafn, sem stjórnin getur viðurkennt og viðurkennir; »kollektusjóðurinn« er, enn sem komið er, ekki annað en nokkurs konar spurníng, sem við sleppum ei fyrir því, þó við komum honum ei inn í hverja bænarskrá til konúngs, og sem því síður er ástæða til að hreifa við í þessu máli, sem hann annars og mun verða sèrstaklega tekinn til greina hèr á þínginu. Eg held því og, að nafn hans muni heldur spilla fyrir en bæta í þessu máli, og eg vildi því heldur, að menn nefndi »styrktarsjóðinn«, sem eg hefi stúngið upp á, þó eg að öðru leyti fúslega viðurkenni, að þetta sè í rauninni ekki annað en lítilsverður orðamunur, sem hvorki ætti að gjöra til nè frá, ef rètt væri í allt farið. Um breytíngaratkvæðin á atkvæðaskránni ætla eg að eins að segja það, að eg skal að minnsta kosti ekki vera móti tölul. 5, þó eg segi ei þar með, að eg sè honum alveg meðmæltur.

Arnljótur Ólafsson: Eg á lítið breytíngaratkvæði á atkvæðaskránni hèrna, og þó ef til vill ekki sè mikið við það, þá má þó segja um það, að það er hógvært og af hjarta lítillátt, og þó að mèr heyrist, að þínginu muni ekki geðjast að því, gleður það mig, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og þíngmaður Suður-Múlasýslu mæltu

því liðsyrði. Breytíngaratkvæðið er byggt á því, að það sè rèttast og hyggilegast að biðja um sem minnst; það er aðgætanda, að hèr er ekki beðið um fè til nytsamra fyrirtækja, svo sem til að hjálpa upp einhverjum atvinnuvegi, heldur til þess að forða mönnum við húngursdauða, og eru það neyðarúrræði að biðja um fjárlán til þess. Kristin skylda býður oss reyndar að sjá um, að bræður vorir deyi ekki úr húngri, en eg held, að það sè góð regla að fara sem stytzt í slíka hjálp, og að varast að ausa út fè af rangskildum brjóstgæðum. Á atkvæðaskránni sè eg að stúngið er upp á að fá fèð að láni úr þremur ýmislegum sjóðum, kollektusjóðnum, styrktarsjóðnum, og svo stíngur nefndin upp á einhverjum óákveðnum sjóði, sem sjálfsagt verður þá að vera ríkissjóðurinn. Mèr sýnist nú betra að biðja um lánið úr styrktarsjóðnum, en kollektusjóðnum, nema ef menn vilja með þessu benda á það, að kollektusjóðurinn sè enn til (*Páll Sigurðsson:* Jú!); en ef stjórnin segir, að hann sè dauður, hvað þá? Vèr þekkjum allir konúngsúrskurðinn frá 1844, sem eg vil ekki segja að hafi drepið kollektusjóðinn, en sem gaf honum nafnið styrktarsjóður, þó að hann geti miklu síður heitið styrktarsjóður en kollektusjóðurinn, af því að fèð í honum er miklu minna, en það var í kollektusjóðnum. Ef nú stjórnin segir, að kollektusjóðurinn sè ekki til, þá getur hún ekki veitt okkur þetta lán, þegar vèr biðjum um það úr sjóði, sem ekki er til, og svo getur stjórnin hugsað sem svo. Ef þið ekki fáið það úr þessum sjóði, þá gefið þið líklega ekki um það. Nefndin vildi ekki tiltaka sjóðinn, en hafði ekkert á móti að fá lánið úr styrktarsjóðnum, ef það fengist ekki úr ríkissjóðnum, og nefndin vildi að eins minnast á það í álitsskjalinu til konúngs, og ef það fengist ekki úr ríkissjóðnum, mætti taka það úr styrktarsjóðnum. Mèr sýnist það ísjárvert, að fallast á breytíngaratkvæði hins 3. konúngkjörna þíngmanns, að orðið »leigulaust« skuli falla burtu, ef beðið verður um 18,000 rd. eptir viðaukaatkvæðinu undir tölul. 9, eða 10,000 rd. eins og stúngið er upp á undir 3. tölulið; því ef stjórnin nú veitir 18,000 rd. lán með 4% leigu og sveitirnar svo ekki vilja brúka það, af því að þær geta fengið það hjá öðrum með eins góðum kjörum hèr eður þær þykjast eigi þurfa þess, hvernig fer þá? Það kunna að verða brúkaðir svo sem 2000 rd.; hver á þá að borga vextina af þessu fè, meðan það er á leiðinni úr ríkissjóðnum til amtmannanna og meðan hreppstjórarnir eru að skrifast á við amtmennina um það, hvort þeir þurfi nokkuð eða ekkert

og svo þangað til amtmennirnir eru aptur búnir að koma fénu í sjóðinn; það er hvergi gjört ráð fyrir neinu slíku og því sýnist mèr það ísjárvert að biðja um mikið fè með leigu; mèr virðist, að menn eigi annaðhvort að biðja um fèð *leigulaust* úr styrktarsjóðnum um fá ár, og hafa það þá ríflegra, eða þá að biðja um það með leigu, og taka þá sem minnst til. Eg ætla ekki að berjast mikið fyrir breytíngaratkvæði mínu; það er nokkuð sèrstakt á atkvæðaskránni, þar sem það fer fram á, að upphæð lánsins sè mínkuð, en hin breytíngaratkvæðin fara fram á að hækka hana, en eg vil þó taka það enn fram, að mismunurinn á því og þeirri upphæð, sem nefndin hugsaði sèr, er ekki meiri en 500 rd. Að því sem snertir gjaldfrestinn, þá stakk nefndin upp á 5 ára fresti; undir 11. tölulið er stúngið upp á, að hann sè eins mörg ár og beðið er um margar þúsundir dala, og verður hann þá 10 ár, ef breytíngaratkvæðið undir 5. tölulið yrði samþykkt, og líka getur hann orðið allt að 20 árum, ef 9. töluliður verður samþykktur; þessi gjaldfrestur þykir mèr of langur, og mèr sýnist það því undarlegra að biðja um þetta mikla lán með löngum fresti, sem lítið lán ekki hefir enn verið borgað aptur, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat um áðan.

Pètur Pètursson: Mèr sýnist, að öll breytíngaratkvæðin vili styrkja mál þetta, þó sum fari lengra og sum styttra, en mèr sýnast breytíngaratkvæði mín vera næst nefndinni, og ætla eg að minnast lítið eitt á þau, án þess eg vili mæla fram með þeim af neinu kappi, því eg vil einúngis, að þíngið gjöri það í þessu máli, sem hollast er fyrir það og rèttast, svo að vel verði ráðið úr neyð þeirri, sem fyrir höndum er, og skal eg að eins leyfa mèr að minnast á nokkur atriði. Menn hafa gjört mismun á styrktarsjóðnum og kollektusjóðnum, en eg álít, að þetta sè tvö nöfn á sama sjóðnum, af hverjum annað bendir á, hvernig sjóðurinn er til orðinn, en hitt, til hvers eigi að verja honum; mèr stendur á sama, hvort orðið haft er, svo að ef eg hefði vitað af hinu breytíngaratkvæðinu, þá hefði eg ekki komið með mitt. Þar sem þíngmaður Borgfirðínga sagði, að kollektusjóðurinn mundi vera dauður, þá hefir það víst verið spaug, því það er ekki lengra síðan en í fyrra mánuðinum, að konúngur nefnir sjálfur sjóðinn í auglýsíngunni til þíngsins og er þar ekki getið um dauða hans, en þíngmaðurinn hefir ef til vill frètt látið hans síðan, ef til vill með enska hrossakaupmanninum? (*Arnljótur Ólafsson:* Eða með frèttafleyginum). Það getur ekki

verið, því hann er ekki kominn á enn; það er bezt að sleppa spaugi í svo alvarlegu máli; stjórnin þekkir orðið og veit, að meint er með því kollektufèð með *mjölbótapeningunum*, og eg er ekkert hræddur um, að það muni láta illa í eyrum stjórnarinnar, því hún hefir heyrt sjóð þenna svo opt nefndan með því nafni. *Framsögumaður* sagði, að sèr líkaði betur breytíngaratkvæðið undir 5. tölulið, en viðaukaatkvæði mitt undir 11. tölulið, af því að í því fyrra væri til tekið, að allt lánið skyldi borgast á 10 árum, án þess að til sè tekið, hversu mikið skuli borga á ári, en í því síðara, að borga skuli 1,000 rd. á ári, en eg tók það þegar fram við undirbúníngsumræðuna, að stjórnin mundi vera fús á að laga sig eptir því, hvernig hèr stæði á fyrir mönnum og ganga ekki hart eptir láninu í fiskileysisári, sem upp á kynni að koma eða þegar sèrstaklegar kríngumstæður gerði mönnum það ómögulegt að borga fulla 1,000rd. eitt árið. Ef þingið ekki fellst á viðaukaatkvæði mitt undir 11. tölulið, þá verður það ekki ákveðið, hvort lánið skuli vera leigulaust eða með leigu, en það sýnist mèr vera ónákvæmni, sem þingið geti ekki verið þekkt fyrir. Eg efast ekki um, að þingið fallist á að sleppa orðinu »leigulaust« úr uppástúngu nefndarinnar, því ef beðið er um lánið úr kollektusjóðnum, ætti það ekki að vera leigulaust; mèr sýnist það líka nóg velgjörð að lána fátæklíngum, sem nú lifa, úr sjóðnum, þó fátæklíngar síðari tíma missi ekki leiguna af fè þessu, sem líka er ætlað þeim. Eg kann vel við viðaukaatkvæðin undir 9. og 10. tölulið; mèr er það að sönnu ókunnugt, hversu mikið fè er nú í sjóði þessum, en þó ætla eg, að það muni hrökkva til að veita það lán, sem fram á er farið undir 9. tölulið. Mèr finnst allt vera komið undir því, að ekki sè beðið um of mikið eða of lítið, og að niðurlagsatriði bænarskrárinnar til konúngs sè svo heppilega orðuð, að ekkert geti þess vegna orðið málinu til fyrirstöðu. Hversu mikið fè muni þurfa, get eg ekki sagt með vissu, en mèr sýnist það vissara að biðja að minnsta kosti um 7,000 rd., því ef menn halda uppástúngu nefndarinnar »allt að 7,000 rd.«, þá eru 7,000 rd. *maximum* þess, sem beðið er um, en eg held, að það sè það minnsta, sem menn geta komizt af með; eg er hræddur um, að reikníngurinn úr Borgarfjarðarsýslu sè of lágur, og er eg þó ekki með því, að beðið sè um meira en þarf, en vèr verðum að biðja um svo mikið, að það nægi, því að betra er heima setið, en illa farið, ef hjálpin þrátt fyrir tillögur vorar skyldi verða ónóg.

Stefán Jónsson: Eg ætla að tala lítið um viðaukaatkvæðin

undir 9. og 10. tölulið; mèr finnst ekki viðaukaatkvæðið undir 10. tölulið hafa neina kosti fram yfir það, sem stendur undir 9. tölulið. Það er ekki meiningin, að stjórnin sendi fèð fyrri en amtmennirnir biðja um það, en þeir munu ekki biðja um það án orsaka; ef árferðið er gott, þarf lánsins ekki, en ef bágindi upp á falla, þá geta menn, ef þeir eiga vissa von á þessu láni, fengið lánaðan mat hjá kaupmönnum, þó peningarnir sè ekki við höndina, upp á það fè, sem amtmaður þá skrifar eptir frá stjórninni; en ef menn ekki geta átt von á þessu láni, er hætt við, að kaupmenn vili ekki og geti ekki lánað mat, þó þeir hafi hann, upp á óvissu; en það er ekkert gagn af peningunum, nema kornmatur sè til í kaupstöðunum, því annars geta menn dáið með peningana í vasanum. Mèr finnst viðaukaatkvæðið undir 9. tölulið fullt eins viðunanlegt og það, sem stendur undir 10. tölulið, því hið síðara er meir óákveðið, en á að innibinda hið sama í sèr og hitt. Að því er endurgjaldsfrestinn snertir, þá taka menn með þökkum að hafa hann sem lengstan, því sè hann ekki langur, getur hjálpin orðið miklu óþægilegri.

Sveinn Skúlason: Eg ætla helzt að halla mèr að nefndinni, því eg vil ekki, að það sè til tekið, úr hvaða sjóði lánið skuli veitast, einkum þar eð nöfnin virðast geta valdið misskilningi, og þó að stjórnin í auglýsingunni til þingsins nefni kollektusjóðinn, þá er auðsèð, að stjórnin viðurkennir hann ekki, og þá er eins og vèr sèum að biðja um lánið af styrktarsjóðnum, en hann vitum við að er ekki eins styrkur og hinn, heldur næsta óstyrkur, og því vil eg, að sjóðurinn sè ekki til tekinn í niðurlagsatriðunum. Að því er upphæðina snertir, ætla eg mèr að halda mèr til breytingaratkvæðis þingmanns Borgfirðinga, því eg held, að það, sem þar er farið fram á, muni nægja, og get eg ekki, eins og hinn 3. konungkjörni þingmaður, álitið, að ekkert sè betra en 6,000 rd., því það deyja þó þeim mun færri, sem 6,000 rd. geta haldið lífinu í; reyndar er ekki gott að ákveða upphæðina, en fyrst að 1,000 rd. lán, sem tekið hefir verið, er enn ekki borgað, þá finnst mèr vera ástæða til að biðja nú um sem minnst lán, því einhvern tíma kemur að gjalddaganum. Þingmaður Suður-Múlasýslu misskildi áðan bæði viðaukaatkvæði hins konungkjörna varaþingmanns og eins ræðu hans, því hann hèlt hann væri á móti því, að lánið væri að eins notað, þegar þess yrði farið á leit af hlutaðeiganda amtmanni, því í viðaukaatkvæði hins konungkjörna varaþingmanns er það tekið skýrt fram, að það skuli vera notað »eptir þörfum«, og það sýnir

bezt, misskilníng þíngmannsins, að hann svaraði sjálfum sèr móti sjálfum sèr einmitt með því, sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður hafði tekið fram; það er líka auðvitað, að þegar menn eiga að borga rentu af láninu, þá nota menn það ekki fyrr en í fulla hnefana; en breytíngaratkvæðið undir 4. tölulið vil eg að komist að, svo að það sjáist, að vèr viljum endurgjalda lánið á sínum tíma, en ekki eta upp og eyða fènu án endurgjalds.

Jón Pètursson: Eg ætla að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, og finnst mèr þá fyrst nauðsynlegt að taka til, úr hvaða sjóði menn óska lánsins; og finnst mèr það einmitt eigi að vera úr styrktarsjóði landsins; eg held að standi á sama, hvort menn biðja um það úr styrktarsjóðnum eða kollektusjóðnum, því stjórnin skilur, hvað meint er, hvort nafnið sem menn hafa, og mun ekki fetta fíngur út í það, því að málið er svo mikilsvert. Svo er eg líka með því, að vextir sè borgaðir af láninu, því að það er velgjörníngur að lána fè, þó vextir sè af því borgaðir; en mèr finnst 5 ára gjaldfresturinn of lítill; það eru sjávarhrepparnir, sem eru bágstaddastir, og ef sjávaraflinn bregzt í þessi 5 ár, hvernig eiga þeir þá að geta borgað lánið? Aukaútsvör þeirra verða afarhá, þeir eiga að borga vexti og nokkurn hluta aptur árlega af láninu, veita þurfamönnum viðurhald og eptir nýju vegabótalögunum er það ekki lítið, sem þeir eiga að borga til vegabóta, því sjávarhrepparnir eru mannmargir og verða því að borga mörg dagsverk í peníngum; það er því mikið, sem mælir með löngum gjaldfresti, en það er hreinn ógjörníngur að hafa gjaldfrestinn stuttan. Eg hefi litla meiníng um, hversu hátt lánið þurfi að vera, en ætla í því tilliti að hnýta mèr aptan í þá, sem kunnugastir eru. Mèr finnst, að mikil sanngirni lýsi sèr í viðaukaatkvæðinu undir 9. tölulið, af því að það vill, að fleiri hlutir landsins, ef á þarf að halda, geti orðið lánsins aðnjótandi; einúngis finnst mèr, að það hefði verið betra, að það hefði verið sem sèrstakt niðurlagsatriði, og þá lítið eitt lagað.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú setið um hríð og hlýtt á ræður þíngmanna, og finnst mèr því miður, að ræður manna vera á nokkurri sundrúngu, og því held eg, að tiltækilegast sè að aðhyllast uppástúngur nefndarinnar, og því er eg þeim samþykkur, sem ætla að greiða atkvæði sitt þannig. Eg játa það að vísu, að það er góð meiníng í viðaukaatkvæði hins heiðraða þíngmanns frá Suður-Múlasýslu undir tölulið 10, og eg veit, að Múlasýslurnar eru ef til vill bágstaddar, en úr því nú að ekki hafa komið bænir um styrk

annarstaðar frá kjördæmum en þessum, sem nefndin hefir tekið tillit til, þá finn eg enga ástæðu til að betla á stjórninni um meira lán, en menn geta að eins minnst komizt af með. Kjósendurnir vita þó, að þingmaðurinn ætlar til þings, svo þeim er innan handar, að biðja þingmanninn að bera sig fram á bænarörmum fyrir stjórnina, en úr því þeir nú ekki hafa gjört það, þá finnst mèr, að þingið ekki heldur eigi að fara slíku á flot; um breytíngaratkvæðin ætla eg lítið að tala, nema það að eg gef atkvæði mitt fyrir tölul. 4., og ef til vill tölulið 2.

Framsögumaður: Eg hefi fáu við það að bæta, sem eg hefi sagt og heyrt aðra segja, því mèr finnst þvert á móti því, sem þingmaðurinn úr Austur-Skaptafellssýslu sagði; mèr sýnist allir vera á sömu stefnu, af því að allir vilja beina máli þessu í sem bezt horf. Sumir vilja, að beðið sè um sem minnst og hafa sem ástæðu fyrir því, að þetta eina þúsund, sem lánað hefir verið hèr í Suðuramtið, sè enn óborgað, en þetta er ekki rètt hugsað, nema ef það skyldi vera óborgað, af því að menn hafa ekki viljað borga, en það getur mèr ekki dottið í hug, því ef menn skyldi ekki hafa getað borgað, þá sýnir það, að þörf er á hjálpinni. Þeir eru hræddir um, að það muni verða brúkað í óhófi, ef meira fæst, en þeir brúka ekki óhófið, sem ef til vill eru dauðir í húngri, af því að hjálpin var of lítil, og það vitum vèr, að sá búmaðurinn er álitinn betri, sem byrgir sig upp, en hinn, sem ekki hugsar nema fyrir næsta málinu, og verð eg því heldur að hallast að þeim, sem vilja taka ríflega til. Þingmaður Reykvíkínga vildi síður hafa orðið »úr kollektusjóðnum« en »úr styrktarsjóðnum«, og þótti mèr það undarlegt, því honum mun þó kunnugt þetta fyrra nafn, hvað orðið er af mjölbótapeníngunum, má honum vera fullljóst ekki síður en öðrum; hann hefir líklega káfað ofan í einhverja mjöltunnuna, þegar hann átti við skólareikníngana hèrna um árið, sem komu frá stjórninni eptir að þetta hús, sem vèr sitjum í, var byggt, því mjölbótapeníngarnir gengu upp í þann kostnað eptir stjórnarinnar reikníngi. Þegar menn nú gæta að því, hvað mikið muni koma á hvern mann, ef menn fá þann styrk, sem nefndin fer fram á, þá er það hèr um bil 1 skeppa á mann eða 1 tunna á heimili með 8 manns í; menn sjá líka, að það er undradjúp í milli 7000 rd. og 200,000 rd., sem er upphæðin af tapi því, sem menn hafa beðið af fiskileysinu, og sjá þá allir, að ekki er um of mikið beðið, enda þótt tap þetta komi víðar niður, en í þeim tveimur sýslum, sem mest

hafa við það liðið, og eru þess vegna bágstaddastar. Meðnefndarmenn mínir vildu halda orðinu »leigulaust«, en stjórnin á ekki með að veita leigulaust lán af kollektusjóðnum, og eg veit, að þingið muni ekki fallast á að halda því fram. Þingmaður Norður-Þingeyinga vildi hafa það ótiltekið, úr hvaða sjóði lánið skyldi taka, en ef vèr ættum að fá það úr ríkissjóðnum, verður það að ganga gegnum ríkisdaginn, eg er og hræddur um, að menn muni verða orðnir langeygðir eptir hjálpinni, ef menn eiga að bíða eptir henni, þangað til búið er að slíta ríkisdeginum, og geta þá margir verið dánir úr húngri, en eg vona, að mál þetta fái happasæl afdrif, af því að allir þingmenn eru því meðmæltir.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg geta þess, að mèr sýnist, að hvort sem breytingaratkvæðið undir 1. eða 2. tölulið verður samþykkt, þá eigi það orðið, sem samþykkt verður, að setjast inn í þá grein, sem þingið samþykkir og orðið á við, og þar sem hinn 4. konúngkjörni sagði, að hann kynni betur við, að ef viðaukaatkvæðið undir 9. tölulið væri samþykkt, þá yrði það grein sèr, þá getur það vel orðið, því það er ekki að álíta öðruvísi en sem orðabreyting, sem þingið áður hefir leyft sèr að gjöra á eptir atkvæðagreiðslunni. Skal eg svo biðja hina heiðruðu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Breytingaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar,* fellt með 15 atkvæðum gegn 4.
2. Breytingaratkvæði *Pèturs Pèturssonar,* samþykkt með 13 atkv. gegn 5.
3. Breytingaratkvæði *Halldórs Kr. Friðrikssonar,* fellt með 15 atkv. gegn 1.
4. Breytingaratkvæði *Pèturs Pèturssonar,* samþykkt með 18 atkv. gegn 2.
5. Breytingaratkvæði *Jóns Hjaltalíns,* fellt með 12 atkv. gegn 4.
6. Breytingaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar,* fellt með 13 atkv. gegn 3.
7. Breytingaratkvæði *Pèturs Pèturssonar.*

Við þetta atkvæði var haft nafnakall, og fèllu atkvæði þannig:

»já« sögðu;	»nei« sögðu:
Benedikt Þórðarson.	Arnljótur Ólafsson.
Sveinn Skúlason.	Gísli Brynjúlfsson.

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Árni Einarsson.	Helgi G. Thordersen.
Ásgeir Einarsson.	Indriði Gíslason.
Benedikt Sveinsson.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
Guðmundur Brandsson.	Páll Sigurðsson.
Jón Pètursson.	Stefán Eiríksson.
Jón Sigurðssan frá Haugum.	
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Jónsson.	
Halldór Kr. Friðriksson.	
Pètur Pètursson.	
Stefán Jónsson.	

Einn þingmaður (*Björn Pètursson*) greiddi ekki atkvæði, og 2 (*Jón Hjaltalín* og *Páll Melsteð*) voru fjarverandi.

Var breytingaratkvæðið þannig samþykkt með 13 atkv. gegn 7.

Síðan var borinn upp 11. töluliður, af því í honum þótti liggja nokkurs konar breyting á uppástungu nefndarinnar, samþykktur með 17 atkv. gegn 1.

8. *Nefndin:* Uppástúnguatriði með áorðnum breytingum svo hljóðanda:

»Að stjórnin hlutist til, að nú í sumar verði veitt úr kol»lektusjóðnum peningalán, að minnsta kosti 7000 rd. til að »kaupa kornvöru fyrir handa þeim sveitum í Borgarfjarðar-, »Kjósar- og Gullbringusýslum, sem bágstaddastar eru, og að »fjárlán þetta megi þannig endurgjalda, að 1000 rd. sè goldnir »á ári með 4% rentu, þangað til lánið er alveg greitt«, samþykkt í einu hljóði.

9. Viðaukaatkvæði *Benedikts Sveinssonar.*

Um það óskaði uppástúngumaður nafnakalls, og var það veitt, og fèllu atkvæði þannig:

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Ásgeir Einarsson.	Benedikt Þórðarson.
Benedikt Sveinsson.	Sveinn Skúlason.
Guðmundur Brandsson.	Árni Einarsson.
Helgi G. Thordersen.	Arnljótur Ólafsson.
Jón Pètursson.	Björn Pètursson.
Jón Sigurðsson frá Haugum.	Gísli Brynjúlfsson.
Páll Sigurðsson.	Indriði Gíslason.
Pètur Pètursson.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Stefán Jónsson.	Magnús Andrèsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Ólafur Jónsson.
	Stefán Eiríksson.

2 þingmenn (*Jón Hjaltalín* og *Páll Melsteð*) voru fjarverandi. Var það þannig fellt með 11 atkv. gegn 10.

10. Viðaukaatkvæði *Bjarnar Pèturssonar* samþykkt með 10 atkv. gegn 8.

12. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, samþykkt með 18 atkv.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til *undirbúníngsumræðu konúnglegt álitsmál* um *spítalahlutina á Vestmannaeyjum.*

Var nefndarálitið afhent *framsögumanni,* þingmanni Rangæínga, er las það upp, svo hljóðanda:

»Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, er hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að segja álit vort í konúnglegu álitsmáli, um spítalahlutina á Vestmanneyjum, einkum um það, hvort rèttara muni, að láta þessa hospítalshluti ganga inn í læknasjóð þann, er stiptaður er með konúnglegum úrskurði af 12. ágúst 1848, eður að þeir, eins og venja hefir verið hingað til, samkvæmt konúnglegum úrskurði af 20. febr. 1750, megi renna inn í fátækrasjóð eyjanna.

Eins og sjá má af meðfylgjandi skjölum, hefir þetta mál verið meðhöndlað af viðkomandi embættismönnum, einkum af stiptamtinu og sýslumanni á Vestmannaeyjum, einkum eptir að alþíngi árið 1857 hafði stúngið upp á því, og farið því fram í bænarskrá þíngsins, að þessir hospítalshlutir yrði lagðir til læknasjóðsins, sem stiptaður er af spítalatekjunum samkvæmt fyrrgreindum konúngsúrskurði af 12. ágúst 1848.

Nefndin getur ekki sèð, að álitsskjöl þau, er sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir gefið í þessu máli þann 4. ágúst 1859 og sem einmitt miða til þess að ónýta álit alþíngis í hinni ofangreindu bænarskrá þess til konúngs vors af 10. ágúst 1857, sè á neinum gildum rökum byggð, því eins og það er auðsætt, að Vestmannaeyjar nú, að því er læknahjálpina snertir, kosta að rèttu hlutfalli eptir fólsktölu hið opinbera langtum meira en nokkur annar hluti lands þessa, þá er það af þessari einu ástæðu auðsèð, að Vestmanneyíngar hafa enga sanngirnislega kröfu til þess að sleppa fyrir

þeim á öllu landinu lögboðna hospítalshlut, sem nú er lagður til að efla læknahjálpina yfir höfuð; af þessari sömu ástæðu finnum vèr og engar gildar mótbárur í brèfi stiptamtsins af 3. febrúar 1860 til dómsmálastjórnarinnar, hvar í hið háa stiptamt fyrst færir rök fram með uppástúngu alþíngis, hverjar það sjálft verður að játa að sè gildar, þegar málið sè skoðað eins og það liggur fyrir, jafnvel þótt það í enda brèfsins komi til þess niðurlags, að allt sè látið standa í stað. Nefndin verður því að álíta, að Vestmanneyíngum sè engi órèttur gjör, þótt hospitalshlutirnir þar sè látnir renna í þann hèr umgetna læknasjóð, sem ætlaður er til að efla, svo jafnt sem verður, læknahjálpina á öllu landinu, sem frekast er unnt, eptir þeim efnum og ástæðum, sem fyrir hendi eru; einúngis vill hún geta þess, að það mesta, sem krafizt yrði af hálfu eyjabúa með nokkurri sangirni, virðist það, að hin núverandi ljósmóðir þar, hèldi svo sem 30 ríkisdölum, sem henni nú eru lagðir af þessum hospítalshlutum, fyrst um sinn, þar til hið opinbera sèr henni borgið á annan hátt, og til þess að þetta geti átt sèr stað, án þess að hospítalshutirnir af fiski skerðist hèr við, frá hinum almenna læknasjóð, hefir nefndin álitið, að hospítalshlutur sá, er fellur af fuglatekjunni, muni, ef vel er á haldið, nægja til þessara ljósmóðursútgjalda.

Samkvæmt þessu stíngur nefndin upp á, að alþíngi fallist á:

1. Að hospítalshlutirnir á Vestannaeyjum bæði af fugli og fiski hèr eptir renni inn í hinn almenna læknasjóð, er stiptaður er með konúngsúrskurði af 12. ágúst 1848, en að konúngsúrskurður af 20. febrúar 1750, viðvíkjandi þessum hlutum verði úr lögum numinn.
2. Að hin núverandi ljósmóðir á Vestmannaeyjum, sem nú hefir laun af fátækrasjóðnum, megi fyrst um sinn, þar til hið opinbera sèr henni borgið, njóta ágóða þess af fuglaveiðinni, sem annars ætti að renna inn í læknasjóðinn.

Reykjavík, 16. júlí 1861.

Páll Sigurðsson, formaður og framsögumaður. *Jón Hjaltalín.*

Með tilliti til míns ágreiníngsálits,
Árni Einarsson.

Eg undirskrifaður, *Árni Einarsson,* minni hluti nefndarinnar, get þó ekki verið hinum heiðraða meira hluta samdóma í þessu, og það af þeirri ástæðu, að ef spítalahlutirnir bæði af fugli og fiski,

væri teknir frá sveitarsjóð Vestmannaeyja, væri sveitin svipt aðalhjálp þeirri, sem hún hefir til framfæris og lífsbjargar svo mörgum fátæklingum; það er því af þessari ástæðu, en ekki af því eg ekki áliti stefnu nefndarinnar rètta í sjálfri sèr, að eg leyfi mèr að frambera fyrir hið heiðraða þing það ágreiningsáiit mitt:

Að það megi allt standa við það, sem verið hefir, hvað snertir spítalahlut, af fugli og fiski á Vestmannaeyjum.

En skyldi hið heiðraða þing ekki geta aðhyllzt þetta, þá til vara:

Að þingið fresti aðgjörðum sínum í þessu máli, þangað til Vestmannaeyingar gæti haft ráðrúm til að sjá sveitinni borgið með öðru móti.

Árni Einarsson«.

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Eg skal ekki fara mörgum orðum um málið að þessu sinni; það er þingmönnum kunnugt síðan á þingi 1857. Þá þótti rèttast, að spítalahlutir allir gengi í þann sjóð, er verja skyldi til þess að koma á betri læknaskipun. Vestmanneyingar bera fyrir sig konúngsúrskurð frá 1750, er leyfir að spítalahlutirnir í Vestmannaeyjum gangi til Vestmanneyinga sjálfra. En það er aðgætanda, að þá stóð öðruvísi á, þá var engi læknir, þá fengu þeir að halda hospítalshlutunum móti því, að þeir sjálfir forsorguðu þá holdsveiku, er þar væri á eyjunum, en ætti rètt til að forsorgast á hospítalinu, því það þótti erfiðleikum undirorpið að koma þeim þangað, þó það sè litlum mun erfiðara, að koma holdsveikum frá Eyjum til hospítalsíns en úr eystra hluta Rangárvallasýslu. Nú er öðru máli að gegna, nú er þar læknir, sem margar sýslur landsins, hvað þá hreppa, vantar. Að því leyti eru þeir betur komnir en allir aðrir partar landsins. Þeir hafa líka allmikinn sveitarsjóð, og væri ekki ólíklegt, að þeir gæti fætt fátæklínga sína eins vel og aðrir, þó þeir ekki hafi þar fátækratíund.

Nefndin hefir ekki fengið neinar upplýsingar um, hvernig ljósmóðir á eyjunum hefir með fyrstu fengið þau laun, er nú er sagt hún hafi, nefnilega 30 dali árlega af hospítalshlutunum. Nefndin hefir þó viljað láta hana halda þessum launum, eða þeim parti af hospítalshlutnum, fuglahlutnum fyrst um sinn. Eg skal ekki tala fleira að sinni, það er kunnugt, hvernig þingið tók í málið 1857.

Helgi G. Thordersen: Það kann að þykja ólíklegt, að eg mæli nú með minna hluta nefndarinnar, sem fer þó í aðra átt, en þingið fór 1857, en í aðalreglunni skal eg þó ekki fara frá þeirri stefnu,

sem eg hafði 1857, þó eg nú kunni að hafa fengið nákvæmari upplýsíngar, er að nokkru leyti hafa breytt skoðun minni. Eg vil einúngis leyfa mèr að geta þess, að eg óska þíngið sýni alla mannúð. Þessi sveit hefir enga tíund, fólk er þar mjög fátækt, fremur en má ske nokkurstaðar annarstaðar. Þar er verzlunareinokun. Eyjan liggur í reginhafi, þar eru ýmsar torfærur, sem vèr, sem erum á fastalandinu, ekki höfum af að segja, og því eigum vèr hægt með að koma mörgu því fram, sem þeim er ómögulegt. Þeir eru þó hold af voru holdi, og blóð af voru blóði, þeir eru bræður vorir og vèr hljótum að hafa tillit til þeirra gagns, með allri mögulegri mannúð og sanngirni; mèr finnst það eiga að vera svo í tilliti til bræðra vorra, sem eru afskekktir, og geta ekki notið sömu hlunninda og vèr. Eg vona að þíngmenn taki tillit til þessa. Eg álít, og vil skjóta því til lagamanna, að það sè mjög varúðarvert, að breyta svo gamalli venju, sem hèr er um að tala og er heimiluð með konúngsúrskurði sökum sèrstakra kríngumstæðna. Eru ekki okkar beztu lög upphaflega byggð á venju? Þegar *venjan* er orðin löng og engi hefir mótmælt henni, þá liggur það í meðvitund mannsins, að þetta eigi að vera *lög*. Eg skal lýsa því yfir, til að lengja ekki umræðurnar, að eg ætla að hallast að áliti minna hlutans, og er með því, að málinu verði frestað, þangað til Vestmannaeyíngar geti sèð ráð til að bjarga sveitinni. Þó eg sè forstöðumaður spítalasjóðsins, þá verð eg þó að tala eptir því sem samvizka mín býður mèr.

Konúngsfulltrúi: Hið heiðraða þíng fer víst nærri um það, að eg muni fremur með minna en meira hluta nefndarinnar, því eg hefi, eins og þíngið veit, haft tilefni til að láta álit mitt í ljósi um málið, og gjört það í þessa stefnu. Eg er enn á sömu skoðun, eg viðurkenni, að nefndin og þíngið hafi í forminu rètt fyrir sèr, að vilja heimfæra spítalahlutina á Vestmannaeyjum undir aðalregluna, en eg hefi álitið, og álít það enn, að þær sèrstaklegu kríngumstæður, sem eiga sèr stað á Vestmannaeyjum, rèttlæti undantekníngu frá reglunni. Eyjarnar eru afskekktar mjög, það verður opt, svo löngum tíma skiptir, ekki komizt milli lands og eyja, og eyjabúar eru í raun rèttri neyddir til að spila upp á sínar eigin spýtur. Það er sjálfsagt, að lækninum á eyjunum er borgað úr ríkissjóðnum, en ljósmóðurinni, sem vegna ginklofans, sem þar gengur á úngbörnunum, með engu móti má án vera, er launað af spítalahlutunum; þar að auki er svo til ætlað, að ef svo skyldi at-

vikast, að það kæmi upp almenn *epidemi* á eyjunum, að fæðingarstofnunin, sem þar er, taki til starfa, og að kostnaðinn þar af skuli að nokkru leyti borga af spítalahlutunum, sem hlaupa árlega um og yfir 60—70 ríkisdali. Þá kemur líka til greina, að eyjabúar, sem eiga að lifa af þeim svipula sjávarafla, varla geta misst þessar litlu tekjur, án þess það yrði þeim mjög tilfinnanlegt; læknasjóðinn þar á móti munar lítið um tekjurnar, sem hann fengi á þenna hátt. Að sanngirni mæli fram með þessari skoðun, það er tekið skýrt fram af þeim háæruverðuga 2. konúngkjörna þingmanni, og eg skal bæta því við, að efnahagur eyjabúa er mjög í apturför, og að vísu er það fé, sem þeir áttu í fátækrasjóðnum, mjög svo eytt á seinni árum, og að þar, eins og nú stendur, eru hin mestu sveitarþyngsli, og loks skal eg leyfa mér að benda á það atriði, að Vestmannaeyjar hafa skýran konúngsúrskurð fyrir sér um að mega njóta spítalahlutanna, en það hafa engi önnur sveitarfèlög, og þeim er því full vorkun, þó þeir vili halda því, sem þeir hafa konúnglega heimild fyrir.

Guðmundur Brandsson: Þrátt fyrir ræður hins háttvirta *konúngsfulltrúa* og hins 2. konúngkjörna þingmanns, þá get eg ekki sannfærzt um, að spítalahlutirnir eigi ekki að renna í læknasjóðinn, og eg get ekki sèð ástæður til undantekníngar hèr. Að við sèum betur farnir en Vestmanneyíngar, er mótsögn við það, sem kunnugur maður hefir sagt mèr, sem sjálfur átti heima í Vestmannaeyjum, nefnilega, að engi, sem »nennti að rètta handlegginn frá síðunni, þyrfti að vera svangur þar«. Þó það sè eyja, þá er þar kaupstaður og að því er verzlunareinokunina snertir, er hinn hæstvirti 2. konúngkjörni þingmaður nefndi, þá er þar þó núna miklu betra verð á matvöru, en hèr og víðast annarstaðar. Viðvíkjandi spítalahlutunum og venjunni með þá á eyjum þessum, þá held eg að gömul venja geti breyzt, einkum þegar reynslan sýnir, að það er nauðsynlegt að breyta henni, og því lengur sem þessi venja hefir haldizt, því fremur sýnist mèr að það eigi að breyta henni, þegar hún að öðru leyti er ósanngjörn. Eg veit ekki betur, en að spítalasjóðurinn tilheyri öllu landinu, og eg verð því að álíta, að það sè rangt að borga þessari ljósmóður á Vestmannaeyjum úr honum, hún er þó ekki fyrir allt landið. Auk þessa á Vestmannaeyjahreppur nokkur hundruð rd. í sjóði hèr, Gullbríngusýsla á engan sjóð; af því má ráða, að Vestmannaeyjar sè vel farnar, og því minni ástæða finnst mèr til að gjöra hèr undantekn-

íng. Það kann nú einhver að segja, að spítalasjóðinn muni ekkert um þetta, þetta gæti fleiri sagt, hver fyrir sinn hrepp, og þá er eg hræddur um, að það þætti muna um það, ef sèrhver hreppur, sem geldur til þessa sjóðs, ætti að fá sjálfur, það sem hann þannig geldur. Mig furðar ekki á því, þó *konúngsfulltrúi* haldi með þessu, því hann hefir áður haldið líku fram við stjórnina og enda farið líku á flot fyrir annan hrepp, en hún vildi ekki sinna því, af því það væri mótsögn við spítalalögin. Þíngmenn geta nú af þessu sèð, hvaða álit eg hefi á málinu, og hvernig eg muni greiða atkvæði.

Stefán Jónsson: Eg er nú ókunnugur í Vestmannaeyjum; en mèr heyrðist um daginn, að þeir væri nógu vel staddir, þegar talað var um festuna; ef þá ekki munar um festuna, þá held eg þeir geti misst spítalahlutina. Mèr sýndist eðlilegra, að festugjaldið væri af tekið, en þeir borgaði hverjum það, sem þeir væri um skyldugir. Það væri ef til vill gjörlegra að sleppa þessu, þangað til hitt málið kemur fyrir. Að það sè erfiðleiki, að vera *tíundarfrí,* þá er það eins mikill kostur; má ekki einu gilda, hvort það heitir fátækratíund eða aukaútsvar?

Árni Einarsson: Eg finn mèr skylt að þakka hinum háæruverðuga 2. konúngkjörna þíngmanni, sömuleiðis hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir undirtekt þeirra í þessu máli. Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um viðaukaatkvæði mitt; því eg vona, að hinir heiðruðu þíngmenn sjái, þeir sem nokkra sannsýnistilfinníng hafa, hversu tilfinnanlegt það er fyrir sveitarsjóð Vestmannaeyja, að missa svona allt í einu þá einustu aðalinntekt, sem hann hefir, án þess eyjamönnum gefist kostur á að fá honum borgið á annan hátt, sem varla mun vera mögulegt, þar sem svo margir fátæklíngar eru, sem árlega njóta styrks af sveitarsjóðnum.

Það hefir verið farið fram á, að hann hafi átt 1600 rd. á vöxtum í jarðabókarsjóðnum; þar af er búið að eyða 1000 rd. bæði til þínghúsbyggíngar, vegabóta og 300 rd. hafa verið lánaðir fátækum fyrir korn, sem eptir fjögra ára tímabil ekki er, það eg til veit, endurgoldið, og verður líklega aldrei. Eg þarf ekki að fara fleiri orðum um það að sinni, því það hafa aðrir langtum betur tekið það fram, sem eg ætlaði að segja, heldur en eg hefði gjört; einasta vil eg geta þess, sem sagt var með aflabrögð þar, að einn maður hefði lagt inn skippund af lundafiðri, en það er aðgætanda, að þetta er sá langmesti, og það er ekki víst, að sá minnsti hafi

einu sinni 1 lpnd., auk heldur meira, þó þessi eini maður, sem skarar svo langt fram úr öðrum, hafi svona mikið.

Guðmundur Brandsson: Eg er með öllu samþykkur hinum heiðraða þingmanni Vestmannaeyja, að við í Gullbríngusýslu sèum verr farnir, en þeir í Vestmannaeyjum, og þó biðjum við ekki um undanþágu frá spítalahlutunum. Eg held við þættumst góðir, ef við hefðum sjóð, sem við gætum tekið til, til að lána fátækum úr 300 rd., þá þættumst við nú menn. Það, sem hann sagði, styrkti mig í minni meiníngu.

Framsögumaður: Þíngmaður Gullbríngusýslu hefir tekið fram, það, sem eg vildi sagt hafa, og skal eg því vera stuttorður. *Konúngsfulltrúi* var 1857 á sömu stefnu og meiri hluti nefndarinnar núna, og hinn 2. konúngkjörni þíngmaður gaf þeirri stefnu atkvæði sitt *(Helgi G. Thordersen:* Eg man það). Eyjamenn eru víst ekki svo fátækir, því þar er gott að vera, þar er bezta fiskiver á landinu, þar er fugltekja, lundi og fýll. Og mèr hefir verið sagt, að 1 maður þar hafi nú fyrir skömmu verið búinn að leggja inn í kaupstað á annað skpd. af fiðri; hinir hafa þá víst að tiltölu þessa verzlunarvöru eptir því hvað dugnaðurinn er mikill. Þíngmaður Vestmannaeyja sagði þeir hefði tekið fè úr sveitarsjóði til vegabóta; þær eru nú víst ekki miklar þar; eg hefi sèð þær, þær þurfa þar litlar. Eg trúi líka þeir hafi byggt þínghús á kostnað sveitarsjóðsins. Það mega aðrir hreppar gjöra á sinn eigin kostnað, án þess að brúka þar til sveitasjóði sína. Það er eðlilegt þó þeir vili sleppa hjá útgjöldum, en eg sè ekki ástæðu til að gjöra undantekníng með þá í þessu efni, því eg álít þá öllu betur farna en aðra, og sè því ekki ástæðu til að heimta minna af þeim.

Konúngsfulltrúi: Framsögumaður misskildi orð mín, er hann bar upp á mig, að eg hefði sagt, að nefndin hefði farið skakkt í málið, því eg sagði þvert á móti, að hún hefði í forminu rètt fyrir sèr, en að þær sèrstöku kríngumstæður á Vestmannaeyjum rèttlætti undantekníng frá aðalreglunni, og það ætti að líta á þessar kríngumstæður, en það hefði meiri hluti nefndarinnar ekki gjört. Þíngmaður Gullbríngusýslu fór mörgum orðum til sönnunar því gagnstæða, en eg gat ekki sannfærzt af þeim. Hann minntist líka á, að einn ónefndur hreppur hefði átt að fá styrk úr spítalasjóðnum, en stjórnin hefði neitað því; þetta er satt, það var Rosmhvalaneshreppur, en þó þetta ekki fengist, hefir stjórnin í huga að bæta úr því á annan hátt. Þíngmaðurinn frá Eyjafjarðarsýslu sagði, að

Vestmanneyíngar mundu þola að missa spítalahlutina, þegar festuuppboðunum hætti þar, en þar eru engi festuuppboð; það, sem boðið er í jörðina, er boðið sýslumanni undir hendinni heima hjá honum, en að öðru leyti veit eg ekki, hvað festurnar koma þessu máli við.

Eg verð að halda því fram, að Vestmanneyíngar eru háðir margs konar annmörkum, sem hvergi annarstaðar eiga sèr stað, og sem búið er að taka skýrt fram af þeim 2. konúngkjörna þíngmanni; að þeir eru mjög fátækir og geta því ekki þolað að missa þá inntekt, sem þeir hafa af spítalahlutunum, og yrði við það að komast í enn meiri vandræði, því sveitarþýngsli á eyjnnum eru mjög mikil og þúngbær greiðendum, og fátækrasjóðurinn er á seinustu árum mjög genginn til þurðar.

Þessa vil eg biðja þíngið að gæta, og eg vona það finni, að sanngirni sè fyrir því, að gjöra hèr undantekníng frá aðalreglunni, sem eg að öðru leyti játa að þíngið hafi ástæðu til að halda fram í formlegu tilliti.

Framsögumaður: Konúngsfulltrúi er að tala um sèrstakar ástæður, en mèr finnst hann ekki koma með þær. Viðvíkjandi yfirsetukonunni, þá hefir meiri hluti nefndarinnar slakað þar til, að hún fái að halda launum sínum fyrst um sinn, án þess þó að geta sèð ástæðu til að taka hana fram yfir aðrar lærðar yfirsetukonur. Þær hafa þó margar ekki nema 2 rd. til launa, en mega fæða sig af eigin handafla; hvers vegna á að taka eina fyrir og borga henni úr sameiginlegum sjóði, þar sem þó Vestmannaeyjabúar hafa meiri eða margbreyttari aflaföng en aðrir sjávarbúar hèr? en þá er engi ástæða til að veita þeim undanþágu frá þessu tillagi, og þó þetta sè lítið fè, þá munar um, þó minna sè.

Magnús Andrèsson: Það kemur víst öllum saman um, að brýn nauðsyn sè til læknasjóðs, og því álít eg að sè áríðanda að halda spítalahlutunum saman. Að þessir 30 dalir sè lítilræði kann að vera satt, en þeir eru þó leiga af 1700 dölum. Að öðru leyti held eg að eyjamönnum sè lítil vorkun, því það er víst, að sögn manna, að Vestmannaeyjar sè hið lífvænlegasta pláss á landinu. Ástæðan, er var 1750 til að gefa þeim eptir spítalahlutina, er nú horfin, því nú eru þeir búnir að fá stöðugan lækni. Eg held, að Suðurnesjum sè meiri vorkun, þar eru fleiri holdsveikir menn, en annarstaðar, þar er eymd og volæði o. s. frv.

Helgi G. Thordersen: Eg vil leyfa mèr að svara hinum heiðr-

aða þingmanni úr Rangárvallasýslu, er hann kvartaði um, að verið væri að tala um undantekningar, en ekki kæmi ástæður. Í áliti meira hlutans eru og undantekningar, hann hefir sjálfur gjört undantekningar. Hver sem til þekkir, verður að gleðjast yfir því, að yfirsetukonan í Vestmannaeyjum hefir þessi laun, því síðan hún kom þangað hefir hún getað stemmt stigu fyrir hinum geigvænlega barnadauða, er þar var áður svo eyðileggjandi; menn mega sannarlega gleðjast yfir því, að þeir, sem að slíku þjóna, fái laun; það er því að mínu áliti ekki mannúðlegt að vilja svipta hana sínum launum; þó meiri hlutinn að vísu þarna hafi miklu meir en eg og þeir, sem styðja minna hlutann, gjört sig sekan í ósamkvæmni þeirri, sem þingmaður Rangvellinga bar mèr á brýn.

Jón Pètursson: Hvað stefnu meira hlutans snertir, þá álít eg hana öldúngis rètta, en eg vil þó mæla með minna hlutanum. Mèr sýnist það vera ósamkvæmni, ef þingið í sömu andránni og það biður um styrk handa sumum hreppum hèr syðra fer að vilja taka frá einum það fè, sem hann í langan tíma hefir haft þurfamönnum sínum til framfæris, og það í þessu harðæri, eg vil því, að það verði látið standa við sama fyrst um sinn, sem verið hefir.

Pètur Pètursson: Eg er nú reyndar ekki sjálfur kunnugur á Vestmannaeyjum, en af afspurn veit eg þó nokkuð. Það er álit mitt, að stefna meira hlutans sè í sjálfri sèr fullkomlega rètt; en mèr virðist, að eðli málsins sè nokkuð sèrstaklegt, og því geti undantekningar hèr átt sèr stað. Mèr finnst mikið mæla fyrir því, að rjúfa ekki þessa löngu venju allt í einu, eg held það væri mjög tilfinnanlegt fyrir eyjabúa. Eg verð því að halda mèr til varauppástúngu minna hlutans, er mèr ekki sýnist svipta læknasjóðinn neinum rètti. Skyldi nú þingið vilja taka beina ákvörðun, þá langar mig til að fá hjá kunnugum mönnum upplýsíngar um landskipin, eða skipin, sem koma frá meginlandinu út í eyjarnar til róðra. Það er þó býsna mikill munur á því, hvort eyjamenn fá að njóta sjálfsafla síns, en missa spítalahlutinn af hinum skipunum, eða missa alla spítalahluti; og væri það þá til að miðla málum, að úrskurðurinn af 20. febr. 1750 yrði þannig úr lögum numinn, að spítalahlutir af landskipunum rynni í læknasjóðinn, en eyjamenn hèldi sínum eigin spítalahlutum. Eg þori þó ekki að hafa neina meiníng um það að svo komnu.

Arnljótur Ólafsson: Eg get ekki neitað því, að eg er samdóma varaágreiníngsáliti minna hlutans um að Vestmanneyíngar

hafi rètt á því að fá frest til þess að koma ár sinni fyrir borð. Þegar þessi almenni læknasjóður, spítalasjóðurinn, fyrst komst á, var hann ekki móti hagnaði neinna einstakra, en hèr er um allt annað að tala í þessu máli, því hèr er öðrum megin sèrstök stofnun, þar sem fátækrasjóður Vestmannaeyja á hlut að máli og um er talað að svipta hann rèttindum iöglegum, sem hann hefir haft um langan aldur. Hèr stendur einstakleg stofnan á móti hinu almenna, og er í slíkum tilfellum víst allt af siður að gefa frest, að minnsta kosti get eg tekið sem dæmi það, að þegar hèrna um árið í Danmörku var átt við gildin fornu eður „*Laugsvæsenet*", þá var settur nokkurra ára frestur, en hitt þykir mèr vanta hjá minna hlutanum, að ekki er til tekinn viss áratími. Að því er meira hlutann snertir, virðist mèr sem hann ætli tekjurnar af fuglaveiðinni til ljósmóðurlauna, en það er nú fyrst, að eg ekki veit, hvort þær hrökkva til, enda veit eg ekki með vissu, hvort læknasjóðurinn hefir rètta krófu til fuglaveiðar-afgjaldsins. Eptir Bessastaðasamþykkt, þó gömul sè, virðist þetta ekki vera, og ef því þetta afgjald hefir og með rèttu á að tilfalla sveitinni, hefir meiri hlutinn að vísu ekkert gefið undan læknasjóðnum, sem hann átti, en hann hefir þá ekki heldur krófu til þessa afgjalds. Því sem menn eru að veifa hèr, að læknisembætti sè til á Vestmannaeyjum, virðist mèr næsta lítið í varið, þegar engi er í því læknirinn. Einnig hafa menn til fært sem ástæðu, að Vestmanneyíngar enga tíund þyrfti að gjalda til fátækra, en svo mikið er þó víst, að þeir gjalda tíund, og sè hún nú eins stór þessi eina, sem þeir gjalda, eins og allar hinar 4, þá sè eg ekki, að hèr sè nein ástæða, því tíundin á Vestmannaeyjum er sama og hin gamla norska tíund, sem þar komst á, er eyjarnar voru gefnar múnklífinu í Björgvin. Aðalmálið er viðurkenníngin um, að læknasjóðurinn eigi með rèttu að fá þetta gjald, en á hinn bóginn á sveitin, eins og eg áður sagði, ekki einúngis rètt, heldur jafnvel lagakrófu á því, að fá frest til að koma ár sinni fyrir borð; eg mun því fara í líka stefnu og minni hluti nefndarinnar, nema hvað eg kann að vilja koma fram með það breytíngaratkvæði, að viss áratími sè til tekinn.

Björn Pètursson: Eg má játa, eins og hinn 3. konúngkjörni, að eg er mjög lítið kunnugur Vestmannaeyjum, og get þess vegna ekki talað nema um hina almennu hlið málsins. Eg hlýt að viðurkenna, eins og allir þíngmenn, sem talað hafa, að *princip* nefndarinnar sè alveg rètt, að það sè strangasta rètti samkvæmt, að spítalahlutir

á Vestmannaeyjum falli í sama sjóð og spítalahlutir á öllu landinu. En eg vil biðja þingmenn að gæta þess, að *summum jus summa injuria,* þ. e. *strangasti rèttur* getur verið *mesti órèttur.* Nefndin sjálf hefir og viðurkennt þetta, því hún hefir slakað til í 2. uppástúngu sinni. Eg get ekki betur séð, en að minni hluti nefndarinnar hafi mikið til síns máls: konúngsúrskurð frá 1750, 110 ára gamla venju og þörfina, sem kvað vera mikil á eyjunum; og það er *sanngjarnt* að minnsta kosti að taka nokkuð meira tillit til þessa, en meiri hluti nefndarinnar hefir gjört. Eg hefi heyrt, að á eyjunum væri 500 manns og 100 sveitarómagár. Það held eg þætti fremur bágborið ástand til sveita, ef $^1/_5$ sveitarmanna væri ómagar. Samt get eg ekki fallizt á aðaluppástúngu minna hlutans, og ekki heldur alveg á varauppástúnguna, því tíminn er með öllu óákveðinn, og vil eg því áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að spítalahlutirnir á Vestmannaeyjum falli í hinn almenna læknasjóð að 4—5 árum liðnum.

Framsögumaður: Viðvíkjandi fyrirspurn hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns, um hve mörg landskip mundi ganga í eyjunum, get eg upplýst, að þau vanalega eru frá 10—15 að tölu, og hefir allt af spítalahluturinn af þeim runnið inn í Vestmannaeyjasveitarsjóð, og er þó eptir úrskurðinum frá 1750 óvíst, hvort þetta er rètt. Að því er snertir það, er hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga skírskotaði til Bessastaða-samþykktarinnar gömlu um afgjaldið af fuglveiðinni til spítalans, þá vona eg, að hann muni, að það var vèfengt hèr á þíngi ekki alls fyrir löngu, hvort hún væri lög, og gilti hún ekki, þegar um það mál var að ræða, er þá lá fyrir, en hvað sem því líður, held eg sè til lagaboð, sem skipi fyrir að gjalda hlut af fugli og hákalli til hospítala, en það lögboðna gjald þeirra á nú að leggjast í þenna almenna læknasjóð. Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þíngmaður Suður-Múlasýslu gat um ómegðina, þá er hann fróðari þar um en eg, ef hann segir þar svo marga sveitarómaga; en gæti hann að því, að fátækrasjóður Vestmannaeyja á hèr um bil 500 rd. á vöxtum í konúngssjóð. Vestmannaeyjar standa líka töluvert betur að í ár, en flestir aðrir, þar sem kornvaran hjá þeim er með vægara verði en annarstaðar. Að því er undantekníng þá snertir, sem nefndin hefir gjört um yfirsetukonuna, þá er hún engi mótsögn, og það því síður sem nefndin hefir tekið það fram, að þetta að eins stæði fyrst um sinn, þangað til stjórnin sæi yfirsetukonunni borgið.

Guðmundur Brandsson: Mèr virðist mál þetta heldur en ekki

komið í hreifing hèr á þinginu, en vona þó, að þingið verði sjálfu sèr svo samkvæmt, að það ekki verði á annari stefnu en í hitt eð fyrra. Þingmaður Suður-Múlasýslu fræddi menn um ómegðina á Vestmannaeyjum, og helð eg engum hafi blöskrað það, þó ⅕ hver væri ómagi, þegar talin eru öll börn og gamalmenni *(Björn Pètursson:* Eg meinti sveitarómaga). Það eru ekki þeir einir, sem meint er til, heldur allir ómagar, og að því er læknaleysið snertir, þá held eg megi nú kvarta yfir því víðar, en hitt er svo sem auðsèð, að sè Vestmannaeyjum sleppt frá því að gjalda spítalahlutina, koma bænarskrár úr öllum áttum um hið sama, allir v i l j a víst hafa það í sinn sveitarsjóð, en sjái þingið þá fyrir, að betur fari. Eg vona því, að það ekki breyti stefnu þeirri, sem það tók 1857.

Ásgeir Einarsson: Það er nú búið að tala svo margt og mikið í þessu máli, að eg get verið þess fáorðari. Eg er búinn að heyra margar mótbárur móti nefndarálitinu, flestar ef ekki allar veikar, en þó enga jafnöfuga og ástæðu hins 4. konúngkjörna þingmanns, þar sem hann sagði, að það væri ósamkvæmni af þinginu að halda fram stefnu þeirri, sem það einu sinni hefir tekið. Eptir því sem eg sem ókunnugur hefi getað komizt næst af umræðum þingmanna í máli þessu, þá er sveitin á Vestmannaeyjum fremur vel standandi, þar sem hún á fè á vöxtum, en margar og flestar aðrar sveitir eru skuldugar. Enda virðist mèr í þessu máli vera aðalástæðan sú, hverri grundvallarstefnu eigi að fylgja um læknasjóðsins tekjur, og læknasjóðurinn er almennur sjóður. Menn hafa getið hèr um, að á Vestmannaeyjum væri verzlunareinokun, eg skil það ekki, þar sem þessi staður þó er einn af þeim 6, sem framandi skip mega verzla fyrst á, þegar að landi koma. Að minnsta kosti er þessi og aðrar eins ástæður svo óljósar fyrir ókunnuga menn, að það ætti ekki að vera að koma fram með þær. Einasta ástæðan, ef nokkur er, sem mèr finnst hafa komið fram, er sú, að eyjarnar fái ráðrúm til að sjá sèr borgið, en þá líkar mèr ekki aptur hitt, að ekki skuli vera til tekinn viss fastur áratími, svo sem 2—3 ára tími. Mèr þótti vera nokkuð hart tekið á þingmanni Eyfirðínga fyrir það, að hann gat um festugjöldin á Vestmannaeyjum, en mèr finnst það eiga ofboð vel við í þessu máli, því eins og eg vil eyjabúar í þessu sè undir sömu lögum og aðrir landsmenn, eins vil eg einnig, að þeir sè það að því, er læknasjóðinn snertir. Að því er blessaða venjuna snertir, hefi eg aldrei verið svo ástfanginn í henni, að eg ætli að láta hana ráða atkvæði mínu.

Jón Pèturssson: Eg bjóst ekki við öðru en þessu af þingmanni Strandasýslu eður að hann mæti það öðruvísi en vettugi, þó þingið kæmist í mótsögn við sjálft sig, en skal bara svara honum því, að hann getur þó víst skilið, að sú sveit ekki muni standa sig fjarska vel, sem á fám árum hefir orðið að eyða 900 rd. af höfuðstól sínum.

Ásgeir Einarsson: Skyldi allt það fè hafa verið brúkað til nauðsynlegra útgjalda handa þurfamönnum sveitarinnar?

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst nú, að fyrst Vestmanneyingar í 110 ár hafa notið þessara hlunninda fram yfir aðra landsmenn, eigi þeir ekki að njóta þeirra framar, heldur eigi allt að renna í sama sjóðinn — læknasjóðinn. Það væri miklu nær, ef reynslan sýndi þörf á því, þá að hlaupa undir bagga með þeim á annan hátt. En þar eð eg á hinn bóginn verð að álíta það sanngjarnt, að þeir fái frest, fyrr en gjald þetta er af þeim tekið, áskil eg mèr breytíngaratkvæði í þá átt, sem eg síðar mun orða nákvæmara.

Sveinn Skúlason: Menn mun ef til vill furða á því, að eg ekki tek sem mannúðlegast í mál þetta, en þó verður það svo að vera, því eg ætla jafnvel að vera á móti 2. niðurlagsatriði nefndarinnar um ljósmóðurlaunin. Sè þörf á henni, og hún jafndugleg og menn segja, þá geta háyfirvöldin útvegað henni hæfileg laun úr ríkissjóði, og ætti það ekki að veita mjög örðugt, þar sem svo sèrstaklega á stendur eins og þar, að hún er svo ómissandi vegna hinnar háskalegu ginklofaveiki. Ljósmæðrum hèr í Reykjavík er líka launað úr ríkissjóði, þó þess þurfi miklu síður. Eg verð því móti meira hlutanum í þessu. Það má þá af þessu geta nærri, hvernig eg taki undir uppástúngu minna hlutans og það því fremur sem þetta »ráðrúm«, sem þar er farið fram á, er svo óákveðið með öllu, að hætt er við að eyjamenn gæti teygt tímann eins og enski maðurinn, sem sat hjá skeggrakara og búið var að bera í sápuna, þegar skuldaheimtumaður hans kom að og krafði hann skuldar. »Eg fæ þó víst frest«, sagði skuldaþrjóturinn, »þangað til búið er að raka mig«. »Það er sjálfsagt«, svaraði hinn. »Gott er það, sagði hinn skyldugi, eg bið ykkur að minnast þess, piltar«, stóð upp, þurkaði framan úr sèr sápuna, gekk á burt og, svo segir sagan, lèt aldrei síðan raka sig.

Hvað það snertir, að sveitin á Vestmannaeyjum hafi brúkað svo mikla peninga, þá kann það að vísu að vera satt, en til hvers eru þeir brúkaðir? til þinghússbyggíngar og til vegabóta mesti

partur; það sýnir, að sveitin hefir nóg fé, og jafnvel varla veit, hvað hún á af því að gjöra.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg verð nú einn af þeim, sem eptir því sem eg heyri og mèr virðast kríngumstæðurnar, ekki get vorkennt Vestmanneyíngum að standa undir hinni almennu reglu með að leggja til opinberra þarfa að sínu leyti, því þar sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður færði barlóm sínum til ástæðu með efnaleysi þeirra, að þeir hefði nú á næstu árum eytt 900 rd. af fátækrasjóði sínum, þá vil eg einmitt þvert á móti álíta, að hann hafi þar fram fært þá beztu ástæðu fyrir góðum efnahag þeirra, að þeir voru svo ríkir að geta brúkað þarna 900 rd. sjóð til þarfa sinna og til að velta af sèr ýmsum skyldukvöðum, því það er upplýst af þíngræðunum áður, að þeir hafa brúkað þetta fé til að bæta vegi og byggja heiðarlegt þínghús. Eg trúi, að hinir landsmenn hèrna megi vera svo góðir að bæta þessum skylduverkum á sig, þó þeir bæði gjaldi spítalahluti og annist fátæka, þar að auki hafa þeir nú ekki eytt öllum þessum 900 rd., því fulltrúi þeirra sagði, að þeir hefði lánað út 300 rd., og er það þá ekki eytt, heldur geymt, sem þeir eiga í láni hjá góðum mönnum, og ef þeir eiga svo 700 rd. eptir á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, þá eru þeir ekki svo fátækir, að þeir geti ekki eins og aðrir lagt spítalahlutina til læknasjóðsins; þeir ætti líka að leggja sinn skerf þangað með góðu geði, þar þeir eru búnir að ná því og hafa nú sem fengið í hendi sèr, sem hinir mega mæna eptir og eiga undir von að fá nokkurn tíma, nefnilega læknishjálpina, þar hjá þeim er búið að stipta læknisembætti, og þeir hafa fengið svo góða ljósmóður, að ginklofinn og barnadauðinn er horfinn í burt úr eyjunum. Þetta ætti að örva þá til að leggja sinn skerf til læknastiptunarinnar, en ekki til að skjótast undan skyldum sínum í því efni. Þar sem verið er að tala um að gefa þeim frest eða ráðrúm að útsjá sínum fátækum framfærslustyrk á annan hátt, þá get eg ekki kallað slíkt annað en vöflur og undanbrögð til að eyða máli þessu og rèttindum þess, því hvaða uppfinníng ætli þeir brúki til að forsorga sína fátæku aðra en þá, sem vanaleg er um allt land, að það verði á hverju ári að jafnast á þá eptir efnum og ástæðum, og held eg, að ekki þurfi langt ráðrúm, eður tímabil til að uppfinna þenna gjaldmáta. Eg held, að hver sveitarstjórn, og eins í Vestmannaeyjum, hafi þann máta vísan í hendinni heima hjá sèr, og þó þar sè engi fátækra tíundin, þá held eg, eins og þíngmaður Eyfirðínga

sagði, að þá megi gilda einu, hvað sveitar tillagið heitir, hvort það heitir tíund eða útsvar. Þar sem þingmaðurinn frá Suður-Múlasýslu vildi telja það til þyngsla, að á eyjunum væri 5. hver maður ómagi, þá held eg hann hafi borið fram ástæðu á móti því, sem hann vildi tildra fram, því eg held það sè fáar sveitir, og eg held varla nokkur ein, sem $^4/_5$ partar fóiks sè vinnanda fólk (*Björn Péturssón:* það eru 100 sveitarómagar á eyjunum). Nei, því er mótmælt, og það af þingmanninum þaðan; það eru því 100 ómagar í allt á eyjunum, og kalia eg það ekki mikið; þar þar eru 500 manns.

Ásgeir Einarsson: þrátt fyrir það, að eyddir eru 900 rd. úr sveitarsjóðnum, eru, eptir því sem *konúngsfulltrúi* skýrði frá, enn þá óeyddir 500 rd.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið. Að vísu er samkvæmt dagskránni enn þá 1 mál eptir, en þar eð svo er áliðið dags, ræð eg af að fresta málinu til næsta fundar, og það því fremur, sem til mín eru komnar 2 bænarskrár til konúngs.

Las síðan *forseti* upp bænarskrá til konúngs.

1. Í álitsmálinu *um illa meðferð á skepnum:*

»Til konúngs.

Eitt af lagafrumvörpum þeim, er fulltrúi yðar konúnglegu hátignar lagði nú fyrir þing þetta, var »frumvarp til opins brèfs, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarmán. 1857 um hegníng fyrir illa meðferð á skepnum«. Til að íhuga lagafrumvarp þetta kaus þingið 3 manna nefnd, ræddi það síðan á lögskipaðan hátt á 2 aðalfundum, og skal það nú þegnsamlegast leyfa sèr að skýra frá áliti sínu um það.

Þingið álítur nauðsyn til bera, að út komi lagaboð um áminnzt efni, því þó þvílíkar yfirsjónir sè víst hèr á landi mjög sjaldgæfar, munu þær þó stöku sinnum hafa átt sèr stað; en hèr á landi hafa engi lög áður verið gefin um það efni.

Það er fyllilega víst, að svo getur meðferð og misþyrmíng á skepnum verið grimmdarfull og ómanneskjuleg, að hún verðskuldi líkamlega hegníng, eins og ákveðið er í frumvarpinu, og því var þingið líka á því í hitt hið fyrra, að þá refsíng ætti og að viðhafa jafnhliða sektunum; en þinginu hefir síðar gefizt kostur á að kynna sèr betur hugsunarháttu manna hèr á landi um þetta efni, og verður það því að ráða frá, að afbrot þessi sè látin geta valdið

hærri hegníngu, en sektum. Lögin hèr á landi hafa híngað til ekki lagt neina hegníng við þessum brotum, eins og fyrr er á minnzt, og að almennings áliti eru þau eigi heldur hegníngarverð. Það virðist því með öllu nauðsynlegt, að hin nýju lög um þetta efni sè mjög mild, meðan sá hugsunarháttur er að innrætast þjóðinni, að þessi brot verðskuldi hegníng, og eins, að framgangsmátinn til að útkljá mál þessi verði sem allraeinfaldastur og kostnaðarminnstur, svo að hinn seki geti komið bótum fyrir sig, og málið þannig fallið niður, án þess dómur þurfi að ganga í því, en til þessa útheimtist, samkvæmt tilsk. 24. janúar 1838, 10. gr., að málið eigi geti fallið út til hærri hegníngar en sekta; menn verða og því fúsari á að tilkynna yfirvaldinu brotin, því minna sem lögin fara gegn alþýðuskapi.

Með fram af þessari skoðan og þar refsíngin eigi ætti að vera önnur en sektir, áleit þíngið að bezt væri að fara með mál þessi sem opinber lögreglumál.

Þó það gjarna kunni að mega telja til harðýðgisfullrar og miskunarlausrar meðferðar á skepnum, þegar menn með grimmdarfullri hörku drepa skepnur úr hor, og frumvarpið þannig rètt skilið næði til þessa tilfellis, þá álítur þíngið að þetta þó gæti orðið misskilníngi undirorpið; en með því þetta þó einmitt er það tilfellið, sem helzt má ske er að óttast fyrir, að kynni við bera hèr á landi, og lög þessi því ætti að fyrirbyggja, virðist þínginu full nauðsyn á að taka það skýrt fram í grein sèr, að lögin nái og til þessa tilfellis; næði lögin þá skýlausiega til þeirra þriggja tilfella, 1. er menn gjörði sig seka í hegníngarverðri misþyrmíngu á skepnum, 2. hegníngarverðri brúkun á þeim og 3. hegníngarverðum viðurgjörníngi við þær.

Af því sem þíngið þannig álítur, að gjöra eigi áminnztar breytíngar á frumvarpinu, þá leiðir þar af beinlínis, að það hlýtur að álíta, að breyta beri fyrirsögninni til lagaboðs þessa, og fella úr henni, að það lögleiði hèr á landi lög 21. janúarmán. 1857. Auk þessa gæfi þvílík innvitnun í fyrirsögninni til áþekks lagaboðs í Danmörku lagaboði þessu ekkert meira gildi hèr á landi, og væri því þýðíngarlaus, og þar hjá, ef til vill, misskilníngi undirorpin. Og svo skal þíngið þegnsamlegast geta þess, að því þótti betra, að setja í stað orðanna: »hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður annara«, orðin: »hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður eigi«, því hegníngin er í rauninni lögð við hinni harðýðgisfullu og

miskunarlausu meðferð, er skepnan verður fyrir, en eigi vegna þess, að gjörðin sè brot gegn eignarrèttinum, því það verður þó að vera jafnhegníngarverð yfirsjón, að fara grimmdarlega með aðkomuhest, er engi eigandi uppspyrst að, sem þó eigandinn sè kunnur.

Af fyrrtèðum ástæðum leyfir alþíngi sèr allraþegnsamlegast (með 19 atkv.), að biðja yðar konúnglegu hátign um, að á frumvarpinu verði gjörðar þær breytíngar, að lagaboð megi þannig hljóðanda út koma:

Tilskipun um illa meðferð á skepnum á Íslandi (samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6).

1. grein.

Hver, sem verður sekur að grimmdarfullri misþyrmíngu á skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður eigi, á eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 rd. (samþykkt með 18 atkvæðum).

2. grein.

Á sama hátt skal þeim hegnt, sem með grimmdarfullri hörku drepur skepnur úr hor, þó hann eigi fóður handa þeim (samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2).

3. grein.

Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál (samþykkt með 20 atkvæðum).

Reykjavík, 22. júlí 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Jón Pètursson".

Og samþykkti þíngið hana.

2. Bænarskrá í málinu *um fjárforráð ómyndugra:*

»Til konúngs.

Fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir þíng þetta »frumvarp til opins brèfs um breytíng á tilskipun 18. febrúarmán. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi«. Þíngið kaus til að íhuga mál þetta 3 manna nefnd, ræddi það síðan á lögboðinn hátt á 2 aðalfundum sínum, og skal nú leyfa sèr að segja þegnlegt álit sitt um það.

Því verður víst eigi neitað, að það var miður hagfellt fyrirkomulag, er tilsk. 18 febrúar 1847 fyrirlagði, að menn hvervetna

í landinu og það úr fjarlægustu sveitum skyldi senda inn í jarðabókarsjóðinn fè ómyndugra manna, hve lítið sem væri, nema því yrði komið út á leigu gegn óbrigðulasta veði í fasteign; þvílíkar sendiferðir á fènu fram og aptur eru bæði kostnaðarsamar, örðugar og hættu bundnar, og eins er örðugt úr fjærliggjandi sveitum að ná leigunni; það er því auðsèð, að þetta alls eigi gat samsvarað þeim hagnaði, sem maður gat haft af að mega koma þessu lítilræði á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, og það því síður, sem menn ætíð munu geta komið því fyrir til leigu hjá mönnum í grennd mót nokkurri leigu, ef eigi er gengið of strangt eptir með veðið, sem langtum betra hlýtur að vera hinum ómynduga sjálfum, þar sem menn þannig smámsaman geta tekið fèð eptir þörfum hans, en látið hitt standa á vöxtum, meðan hann þarf þess ekki. Þingið verður þannig að fallast með öllu á frumvarpið í því að breyta eigi tilsk. 18. febr. 1847 svoleiðis, að eigi verði tekið á vöxtu í jarðabókarsjóðinn fè ómyndugra manna undir 100 rd.; þar á móti verður þingið að álíta það fyrirkomulag, sem frumvarpið í þessa stað stingur upp á, miður ákjósanlegt. Menn þekkja hèr á landi almennt lítið til konúnglegra skuldabrèfa; bæði er það örðugleika bundið að ná leigunni, og því örðugra að fá ógildíngardóm yfir þeim, ef þau glatast; verðlag á þeim mundi því þegar af þessari ástæðu ætíð verða lágt og hvikult, því engi mundi vilja gefa jafnt við þeim, sem peníngum, og deilur gæti hæglega risið út af því, þegar fjárhaldsmaðurinn skilaði af sèr fjárhaldinu, hvað hátt skyldi reikna þau hinum ómynduga. Við hitt ráðið, sem frumvarpið líka stingur upp á, getur þingið ekki heldur fellt sig, það fær t. a. m. ekki sèð, hvers vegna það sè betra fyrir hinn ómynduga, að peníngar hans skuli liggja arðlausir, þó litlir sè, ef þeim verður komið út á leigu mót óbrigðulasta veði í fasteign, þó ekki fáist svo há leiga eptir þá, að sè 3 rd. af 100 rd.

Annars álítur þingið, að mjög fáir mundi verða til að vilja festa jarðir fyrir svo litlu láni, sem ekki nemur 100 rd., og að þetta fè því optast mundi verða að liggja arðlaust fyrir hinn ómynduga, ef eigi mætti lána þetta lítilræði út, nema móti óbrigðulasta veði í fasteign. Þar á móti er það mjög títt hèr á landi, að menn taka til láns lítilræði móti handseldu veði, eður þá veði í lausum aurum, sem þeir sjálfir hafa í vörzlum sínum *(Underpant i Lösöre)*, og þetta veð getur verið nægilega tryggjanda, þegar um lítilræði er að gjöra. Með þessu móti geta menn og nú lánað fèð út

með hærri leigu en 4%, er menn eigi geta gjört mót veði í fasteign, og þetta væri ekki lítill hagnaður fyrir hinn ómyndugra. Frumvarpið hljóðar að eins um það, hvernig fara skuli um fè ómyndugra og opinberra stofnana, sem er 25—100 rd., en þingið fær enga ástæðu sèð til þess, hví sömu reglur eigi megi gilda um fè þeirra, þó minna sè, ef það eigi þarf að vera eyðslueyrir. Með því tilskipun 18. febr. 1847 ekki hljóðar um fè opinberra stofnana, og fè þeirra ekki er boðið upp á sama hátt, og þar er fyrir lagt um fè ómyndugra, eins og líka nokkuð aðrar reglur gilda um yfirfjárforráð hvorratveggja, áleit þingið rèttast að skipta lagaboðinu í 2 greinar, og láta hina fyrri hljóða um fè hinna ómyndugu manna, en hina síðari um fè opinberra stofnana, en þar eð það hlýtur að vera leyfilegt forstöðumönnum þessara stofnana, að koma því fè þeirra á leigu mót nægu veði í fasteign, sem er undir 100 rd. og jarðabókarsjóðurinn hvorki vill nè er skyldur til að taka á vöxtu, þó þeir eigi geti fengið svo háa leigu, er nemi 3½% eða 3%, þá virtist þinginu engi þörf að geta þessa hèr. Með því loksins tilsk. 18. febr. 1847 að eins hljóðar um fè ómyndugra manna, en lagaboð það, er hèr ræðir um, einnig kæmi til að hljóða um fè opinberra stofnana, sem er undir 100 rd., kæmi það til að innibinda meira en breytíng á nefndri tilskipun, og verður því að laga fyrirsögnina til þess, þessu samkvæmt.

Af fyrrtèðum ástæðum leyfir því alþingi sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess með 22 atkvæðum, að frumvarpinu verði þannig breytt, að svo hljóðanda lagaboð komi út um þetta efni:

Tilskipun

fyrir Ísland um leiguburð á fè ómyndugra og opinberra stofnana, sem ekki nemur 100 rd. (samþ. með 21 atkv.).

1. gr.

Þegar fè ómyndugra, er eigi nemur 100 rd., hefir ekki orðið komið á vöxtu hjá einstökum mönnum með þeirri leigu, sem ákveðin er í tilskipun 18. febr. 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal fjárhaldsmönnum þeirra leyft að lána fèð út með samþykki yfirfjárráðanda móti nægu veði í fasteign eður lausafè og þeirri leigu, er þeir á löglegan hátt hæsta geta fengið (samþykkt í einu hljóði).

2. gr.

Eins mega og forstöðumenn opinberra stofnana lána út fè

þeirra, er ekki nemur 100 rd., mót nægu veði í lausafè, og leigu þeirri, er þeir hæsta geta fengið (samþykkt með 21 atkvæði).

Reykjavík, 22. júlí 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Jón Pètursson“.

Og samþykkti þingið hana einnig.

Forseti gat síðan ýmsra málefna, er kæmi til meðferðar á næsta fundi, sem hann ákvað til þess 23. kl. 11, f. m., og skoraði á þingmenn, að þeir kæmi með breytíngaratkvæði sín, ef þeir hefði nokkur, innan kl. 5 í kveld, og sagði

Fundi slitið.

Átjándi fundur — 23. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt. *Forseti* gat þess, að í stað þingmanns Norður-Þíngeyjarsýslu tæki nú þingmaður Snæfellínga annað skrifarasætið.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur til *ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt álitsmál um spitalahlutina á Vestmannaeyjum; framsögumaður* er hinn háttvirti þingmaður Rangvellínga, og skal eg biðja að afhenda þingmanninum málin. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu og vona eg að allir þingmenn hafi hana fyrir sèr:

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: *konúnglegt álitsmál um spítalahlutina á Vestmannaeyjum.*

1. Breytíngaratkvæði *Bjarnar Pèturssonar* og *Halldórs Kr. Friðrikssonar,* við 1. uppástúnguatriði meira hlutans (tölul. 2. *a*):
   Að orðin »hèr eptir« verði úr felld; en á eptir orðið »renni« verði bætt inn í: *frá 1. d. janúarmán. 1865.*
2. Meiri hluti nefndarinnar *(P. Sigurðsson* og *J. Hjaltalín):*
   a, (1. uppástúnguatriði):
   Að hospítalshlutirnir á Vestmannaeyjum, bæði af fugli og fiski hèr eptir renni inn í hinn almenna læknasjóð, er stiptaður er með konúngsúrskurði af 12. ágúst 1848, en að konúngsúrskurður af 20. febrúar 1750, viðvíkjandi þessum hlutum, verði úr lögum numinn.

b, (2. uppástunguatriði):
Að hin núverandi ljósmóðir á Vestmannaeyjum, sem nú hefir laun af fátækrasjóðnum, megi fyrst um sinn, þar til hið opinbera sèr henni borgið, njóta ágóða þess af fuglaveiðinni, sem annars ætti að renna inn í læknasjóðinn.

3. Minni hluti nefndarinnar *(Árni Einarsson):*
a, (Aðaluppástúnga):
Að það megi allt standa við það, sem verið hefir, hvað snertir spítalahlut af fugli og fiski á Vestmannaeyjum.
b, Breytíngaratkvæði *Jóns Pèturssonar,* við varaatkvæði minna hlutans:
Að fyrir framan orðið »ráðrúm«, verði bætt inn í: *hæfilegt.*
c, (Varauppástúnga):
Að þíngið fresti aðgjörðum sínum í þessu máli, þangað til Vestmanneyíngar gæti haft ráðrúm til að sjá sveitinni borgið með öðru móti.

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Eg þarf ekki að tala mikið um málið núna, því það var ítarlega rætt í gær, og ekki þörf að bæta neinum athugasemdum við, enda eru þær víst vandfundnar. Að því er atkvæðaskrána snertir, þá eru engar breytíngar fram komnar við álit meira hlutans, nema breytíngaratriðið undir tölulið 1.; mèr sýnist það lýsa því, að þíngmenn fallist á aðalstefnu nefndarinnar meira hluta. Meiri hlutinn vill ekki ákveða neinn tíma, og getur því ekki verið því breytíngaratkvæði samþykkur. Eg held það þurfi ekki að tiltaka neinn tíma, því eg held, að síðan 1857 hafi verið nægur tími til þess að málið kæmist í kríng; þá var konúngi sent álitsskjal þíngsins, en málið er ekki komið í kríng enn, heldur hefir stjórnin lagt það núna fyrir þingið aptur, vegna þess að sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum sagði í brèfi sínu, að Vestmanneyíngar mundu stífa sig móti; þetta finn eg ekki að sè neinar ástæður; hin ástæðan til að konúngur hefir lagt málið fyrir þíngið nú, er sú, að stiptamtmaðurinn lèt í ljósi í brèfi sínu til stjórnariunar það álit sitt, að í rauninni væri stefnan rètt, en rèttast muni vera að láta allt standa við hið sama; þetta er án ástæðna. Það að nefndin gjörði undantekníng með ljósmóðurina, var af þeim ástæðum, að okkur vantaði nægar upplýsíngar í málinu og vèr vildum því ekki svipta hana nú þegar þeim hluta, er fuglaveiðin gæfi þar, en sem við þó álitum að líka ætti að tilfalla læknasjóðnum að fárra ára bili, en allur fiskafli á næstkomandi vertíð, eins og

annarstaðar hèr á Suðurlandi. Eg skal svo ekki orðlengja þetta meira; eg vona, að þingið verði á sama máli og það var með miklum atkvæðafjölda 1857, og fallist því á álit meira hlutans.

Stefán Eiríksson: Eins og þingmönnum er kunnugt, tók eg aldrei til máls í gær í þessu spítalamáli. Eg gat nú ekki af öllum þeim löngu ræðum, sem fluttar voru, sannfærzt um annað, en að efnahagur eyjabúa væri fullt svo góður sem annarstaðar í hreppum og sýslum, og því sè eg enga ástæðu til að víkja út af stefnu meira hlutans í málinu, því mèr þykir, að nefndin hafi farið mjög góðgjarnlega í það, þar sem hún þó vill hafa spítalahlutinn af fugli fyrst um sinn handa ljósmóðurinni á eyjunum. Það hefir nú komið hèr fram, að venjan væri orðin svo löng á þessum konungsúrskurði frá 1750, að það væri áhorfsmál að breyta henni; það er þó að sjá, að stjórnin hafi ekki álitið þessa venju óhræranlega, því hefði svo verið, þá hefði stjórnin ekki lagt málið fyrir þingið. Það kom einnig fram í umræðunum í gær, að engi tíund væri þar goldin til fátækra; þetta eru þá hlunnindi, sem aðrir hreppar ekki hafa, og þó er lögákveðið, að fátækurinn eigi alla tíund af minna en 5 hndr., og það er þó venja um allt land, að fátækurinn eigi þessa tíund; og hví má ekki sama regla gilda fyrir Vestmannaeyjar? Það er enn eitt, sem mèr þykir ósanngjarnt í þessu máli, og það er það, að Vestmanneyingar hafa þessi hlunnindi annarstaðar frá en af eyjunum sjálfum, þar sem þeir nú hafa allan spítalahlut af öllum landskipum, sem róa í eyjunum. Af þessu, sem eg hefi nú sagt, sèr þingið, að eg ætla mèr að fallast á meira hluta nefndarinnar, þegar til atkvæða kemur.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal að eins leyfa mèr að geta þess út af því, er hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að það væri ekki rètt, að Vestmanneyingar fengi neinn frest, og að síðan 1857 hafi verið nógur tími til þess, að málið væri komið í kring, þá verð eg að segja, að meðan Vestmanneyingar eigi vissu neitt um, hvernig stjórnin mundi taka í uppástungu alþingis 1857, eða hvort nokkuð yrði úr þessu, þá var alls ekki til vonar, að þeir færi að koma sèr fyrir með þetta; vèr þurfum eigi annað, en stínga hendinni í vorn eiginn barm, og vèr verðum að játa, að vèr mundum hafa farið eins að, eða hugsað sem svo, að bezt væri að bíða átekta. Mèr sýnist mikið sanngjarnt að þeir fái frest, svo langan, að þeir gæti fengið tíma til að bera fram fyrir þingið uppástungur út úr þessu efni, ef þeir vilja, og stjórnin til að leggja úrskurð á það. Eg

hefi allt af álitið það ósanngjarnt, að Vestmanneyingar njóti nokkurs hluta af tekjum almenns sjóðs, sem allt landið á, og sem ætlaður er til tiltekins hlutar; en mèr virðist eins sanngjarnt, að þeir fái ráðrúm til að koma ár sinni fyrir borð. Eg get ekki neitað því, að nefndin er sjálfri sèr ósamkvæm, þar sem hún stingur upp á, að ljósmóðirin fái spítalahlutina af fuglunum í stað þeirra 30 dala, sem hún nú fær úr fátækrasjóð. Eg hefi heyrt, að það verði meira en 30 dalir, og úr því breytíng kemst á, þá er ekki sèð, hvers vegna launin skuli hækka. Eg skal svara þíngmanni Borgfirðínga upp á það, er hann sagði um Bessastaðasamþykktina í gær; þó svo standi í henni, að spítalahlutirnir sè eign fátækra, þá sèst það á úrskurðinnm af 20. febr. 1750, að það hefir ekki verið ætlazt til þess með tilsk. 1746 um spítalahlutina, að fuglafiskarnir sè eign fátækra, annars hefði ekki verið ástæða til að breyta spítalatilskipuninni af 1746. Eg skal nú ekki fara fleiri orðum um þetta; eg vona, að þínginu finnist það sanngjarnt, að gefa Vestmannaeyjamönnum frest *hæfilega* langan, en mèr og þeim heiðraða þíngmanni, er á breytíngaratkvæðið með mèr, finnast 4 ár hæfilegt. Þegar eg lít á atkvæðaskrána, held eg niðurskipunin sè athugaverð. Eg held, að uppástúnga minna hlutans undir *litt. a* ætti að berast undir atkvæði fyrst, því með henni fellur og stendur allt hitt, hún er yfirgripsmest, og breytir stefnu málsins, auk þess sem þeir er á hana fallast, ekki geta gefið atkvæði um hinar uppástúngurnar, meðan hún annaðhvort ekki er felld eða samþykkt. Þess vegna álít eg, að hún eigi að berast upp fyrst.

Pètur Pètursson: Mèr sýnist það sè rètt niðurskipað á atkvæðaskránni, því ef allt fellur, þá stendur við hið sama, og væri uppástúngan því óþörf, ef það væri ekki konúnglegt álitsmál.

Forseti: Uppástúnga minna hlutans undir tölul. 3 *litt. a* fer í rauninni ekki öðru fram, en að enn standi óbreyttur konúngsúrskurðurinn af 1750. Þetta er því hið upprunalega eða svo gott sem framlagða frumvarp fyrir þíngið, en hinar uppástúngurnar (meira hlutans) eru *breytíngaruppástúngur,* og því eiga þær að mínu áliti fyrst að koma til atkvæða.

Arnljótur Ólafsson: Eg held, að fyrst eigi að bera undir atkvæði uppástúngu minna hlutans undir *a,* svo *b,* svo *c,* og síðan uppástúngur meira hlutans.

Framsögumaður: Eg þarf fáu að svara hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga, því hann var nefndarinnar meira hluta sam-

dóma í því, að allir spítalahlutir ætti að renna inn í læknasjóðinn. Hann sagði, að meiri hlutinn mundi hafa hlaupið í gönur viðvikjandi launum yfirsetukonunnar, ef fuglafiskarnir væri meira en 30 dalir, en það mun ekki þurfa að óttast að svo sè, eptir því sem sýslumaður á eyjunum skýrir frá upphæðinni á öllum spítalahlutnum þar á meðaltal; en við gjörðum það til bráðabyrgðar, við höfðum engar skýrslur eða reikninga hvorki frá sýslumanni eða amtmanni. Nefndarálitið tekur fram stefnu málsins og eg þarf ekki að vera að tyggja það upp aptur, því þingmenn eru allir svo minnugir, að þeir muna það, og mèr sýnist ræða hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga ekkert geta hrakið álit meira hlutans.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg get ekki þýðzt þetta fyrsta breytíngaratkvæði, að það þurfi að gefa Vestmanneyíngum fjögra eða fimm ára frest í þessu efni, því eg held það sè engi nýjúng á ferðinni, þó menn verði að annast sína fátæka, því það er svo sem sjálfsagt, að menn sjá um þá eptir efnum og ástæðum, eins og Kristur kennir manni árlega, líkt og sjálfa sig. Eg get eigi ímyndað mèr, að þeir uppfinni neinn nýjan veg, eða seti á fót neina nýja stofnun eður *legat* til að færa fram sveitarlimuna, svo að þeir þurfi þetta undirbúníngsráðrúm. Hitt er annað mál, að gefa dálítinn frest með launin yfirsetukonunnar, þangað til henni kynni að verða útveguð laun á annan hátt, því það er ekki sjálfsagt, að sveitin launi henni af fátækra fè, og hefir nefndin farið vel í það atriði, eins og hinn heiðarlegi þingmaður Austur-Skaptafellssýslu tók fram.

Björn Pètursson: Eg þarf nú ekki að tala mikið um breytíngaratkvæði mitt, því hinn heiðraði þingmaður Reykjavíkínga, sem á þátt í því með mèr, hefir svo vel mælt með því. Eins og eg sagði í gær, hafa allir, bæði þeir, sem fèllust á uppástúngu eða álit meira hlutans, og eins hinir, sem í móti mæltu, játað, að »principið«, sem hún byggir á, eða grundvallarreglan, væri alveg rètt. Þeir sem í móti mæltu, báru að eins fyrir sig sanngirnina, þá *sanngirni,* að gömlum og löglegum rèttindum, sem heimiluð eru af einvöldum konúngi, væri ekki allt í einu svipt af hlutaðeigendum, áður en þeir gæti fengið ráðrúm til að sjá sèr borgið á annan hátt. Mèr fellur lakara við 2. uppástúngu nefndarinnar, sem þó fer í líka stefnu og breytíngaratkvæði mitt, því í henni er engi viss tími til tekinn; þar stendur: »fyrst um sinn«, o. s. frv Breytíngaratkvæðið hefir þann kost, að tíminn er þar skýrt ákveðinn, og

verði það samþykkt, álít eg 2. uppástúnguatriði nefndarinnar óþarft og mun ekki gefa því atkvæði mitt. Það var, að mig minnir, sagt í gær, að þessi konúngsúrskurður frá 1750 væri að nokkru leyti sprottinn af því, að svo örðugt var að ná til læknis, meðan engi læknir var í eyjunum. Nú vita allir, að þar er engi læknir, þó hann eigi að vera þar, og eins hitt, að engi líkindi eru til, að læknir komi þangað fyrst um sinn sökum hins almenna læknaskorts. Eg vona að þingið sýni nú, eins og það ætti að gjöra, alla mannúð og sanngirni, og að hver þingmaður stingi hendinni í sinn eiginn barm og hugsi um, hvort honum mundi ekki þykja tilfinnanlegt að vera sviptur gömlum og lögheimiluðum rèttindum allt í einu.

Indriði Gíslason: Eg skal ekki tala nema rètt fáein orð. Stjórnin er ekki vön að vera svo fjarska fljótfær með að afgreiða málin, svo eg held það sè ekki vert að biðja hana að fresta afgreiðslu þeirra. Eg finn ekkert á móti áliti meira hluta nefndarinnar og hallast því að því; eg get ekki sèð, hvers vegna Vestmannaeyjabúar eigi að losast við þau gjöld, sem hvíla á öllum öðrum.

Guðmundur Brandsson: Eg er á sama máli og hinn heiðraði þingmaður Reykvíkínga í því, að læknasjóðnum beri allir spítalahlutir, ekki síður í Vestmannaeyjum en annarstaðar. Eg sè enga ástæðu til þess, að launa yfirsetukonunni í Vestmannaeyjum úr landssjóði, því það kalla eg spítalahlutina, sem eiga að renna í læknasjóðinn, sem aptur á að brúkast í þarfir alls landsins. Það er verið að tala um, að Vestmanneyingum sè lítið gagn að, þótt þar sè læknisembætti, fyrst þar ekki sè læknir; eg held það sè nú svo víða, að læknisembætti standi autt um tíma, en það kemur ekki málinu við, því læknum, eins á Vestmannaeyjum og annarstaðar, er launað úr ríkissjóðnum, en ekki spítalasjóðnum. Þegar maður lítur á ástand eyjamanna og ber þá saman við aðra, þá eru þeir ólíkt betur farnir en margir aðrir hreppar á landinu; þar eru mestu hlunnindi, optast nægur fiskiafli, fjarskamikil fuglatekja og reki. Í hreppnum eru 500 manns, en þar eru 2 eða 3 verzlanir. Getur nokkur þingmaður nefnt dæmi til slíks í nokkrum hrepp með ekki fleiri mönnum? Það er hvergi nema hèr í Reykjavík, en hèr er líka þeim mun fleira fólk, sem verzlanirnar eru fleiri. Það er verið tala ósköp mikið um sanngirni, en má eg spyrja: Getur ekki gömul sanngirni orðið ný ósanngirni, þegar nú er fallið burt það sem áður gaf ástæðu til þeirrar lagaheimildar,

sem nú er verið að skírskota til? Menn eru að hlífast við að taka þetta af allt í einu; það er þó víst, að gömul réttindi hafa verið tekin af mönnum allt í einu. Eg veit ekki, hverja uppbót prestarnir hafa fengið við siðabótina, þegar launin fyrir sálnamessurnar fèllu burt. Vera má menn vili sníða sèr stakk eptir prælasölunni; þegar hún var tekin af á Vestureyjum á stjórnarárum Kristjáns konúngs áttunda, þá var gefinn 12 ára frestur, en prælarnir tóku sèr leyfið sjálfir, áður en hann var úti. Þegar undir Friðriki 6. bændaánauðin var tekin af í Danmörku, þá var engi frestur gefinn stóru bændunum, svo eg viti, til að bæta sèr þann skaða, sem þeir biðu við að sleppa hinum úr ánauðinni. Því lengur sem þessi »rangindi« hafa átt sèr stað, því tilfinnanlegri eru þau, og því fremur á að nema þau af. Það væri merkilegt, ef þingið ætti að fara að hlynna svo að einum hrepp, sem er einn með þeim beztu á landinu, að allt landið þar við missti í, það er, held eg, móti öllum stjórnarreglum, að meta eina sveit meir en allt landið, eða hið einstaka meir en hið almenna.

Stefán Jónsson: Þegar málið kom fyrst fyrir, þótti mèr allt undir því komið, hvernig ástæður eyjamanna væri, og fannst mèr, eins og enn, að ef ástandið væri mjög bágborið, þá mælti mikið með því, að gefa þeim eptir þessa spítalahluti; annars ætti að gjalda keisaranum hvað kelsarans er, eða gjalda hverjum það sem hann á, hvort það heldur er stètt eða sjóður. Eg álít, að allar upplýsingar hafi verið nauðsynlegar í máli þessu, og allt, sem þar að laut, hèlt eg að kæmi málinu við. En af því eg hefi heyrt fleiri segja, að þeir væri vel á vegi staddir, og ef til vill betur en nokkrir aðrir landsmenn, þá hefir það styrkt mig í, að halda með áliti meira hlutans. Það er verið að tala um sanngirni, en eg heyri menn leggja misjafnan dóm á hana í þessu máli, enda hefir það orð opt fengið harðan dóm hjá sumum þingmönnum.

Árni Einarsson: Það hefir verið tekið fram, að Vestmannaeyjum sè betur borgið, að því er læknahjálp snertir, en öðrum sýslum landsins, og af þeirri ástæðu sè rètt að taka spítalahlutinn frá sveitarsjóð þeirra; en eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn viti, að það er ekki nóg að hafa embættið, en engan manninn, og eg vil segja, að Vestmanneyingum er miklu verr komið, en flestum öðrum sýslum í landi í því efni; þar sem þó víðast annarstaðar er mögulegt að ná í lækni, þá getur það verið hreint ómögulegt, þó margra manna líf væri í veði, fyrir eyjamenn, að ná í lækni,

svo eg held við megum deyja í drottni okkar, þegar engi er, og það hefir verið, svo árum hefir skipt, síðan læknisembættið var sett á fót hjá okkur, þó ekki sè langt á milli lands og eyja.

Það hefir verið talin sem önnur ástæða fyrir aftöku spítalahlutanna, að sveitarsjóðurinn ætti 500 rd. á vöxtum; þá held eg hann verði ekki lengi að skerðast, þegar spítalahlutirnir eru burtu, og farið er að hlaupa í hann til að hjálpa þeim nauðstöddu, sem áður hafa fengið styrk svo gott sem af spítalahlutnum, og eg tók það fram í gær, eða að minnsta kosti ætlaði eg að gjöra það, að 1860 hefði verið einir 52 sk. afgangs af tekjum sveitarsjóðsins, þegar þó spítalahlutirnir bæði af fugli og fiski runnu inn í hann, nefnilega sveitarsjóðinn, svo eg get ekki betur sèð, en annaðhvort verði að leggja nýja skatta á eyjamenn, og þá sjálfsagt á þá, sem sýnast blakta í augun, því varla verður lagður skattur á þá, sem fengið hafa hjálp frá sveitinni, eða að þessir 500 rd. verða eyddir á fáum árum.

Jón Hjaltalín: Eg var ekki á fundi í gær, og eg skal því reyna til að bæta það upp í dag. Það má með sanni segja um Vestmanneyínga, að sjaldan launa alikálfar ofeldi, því hafi verið farið veł með nokkra menn hèr á landi, þá hefir það verið gjört við þá. Eg ætla nú stuttlega að segja frá sögu þeirra, þó eg sè nú ekki sögufróður maður.

Fyrst voru þeir lagðir undir austurlæknisumdæmið (*Helgi G. Thordersen:* Lítið gagn). Jú, það er ekki lengra frá landi en upp á Akranes hèðan (*Arnljótur Ólafsson:* Brimið). Þangað gefur opt, þegar ekki gefur upp á Akranes. Já, já. Þeir fá lækni fyrir sig, 2 yfirsetukonur fyrir 500 manns; en margar sýslur með 4000 hafa ekki nema eina.

Þeim var sendur Schleisner læknir, góður læknir, hann kenndi þeim að meðhöndla börn. Svona var leikið við þá. Nú neita þeir því, sem á þingi 1857 var í einu hljóði álitin sanngjörn krafa, að borga spítalahluti til læknasjóðsins. *Nú* fannst okkur nefndarmönnum krafan rètt, en gátum þó ekki orðið ásattir; til þess þó að fá þingmann þeirra með, slökuðum við til með yfirsetukonuna rètt til bráðabyrgðar, en nú kemur hann þó með breytíngaratkvæði, og gjörist minni hluti nefndarinnar, eg veit það reyndar ekki, fyrr en eg sè nefndarálitið, eptir að það var undirskrifað. Þessi hans uppástúnga er með öllu órèttvís; ef þeim er gefið

allt eptir, þá er það til að ala upp í þeim ósómann, eins og í *óartugum* krökkum.

Breytíngaratkvæðið hans *vinar* míns og þíngmanns Múlasýslu vill, að við sèum sanngjarnir, af því að þeir í eyjunum eru ósanngjarnir. Þíngmaður Múlasýslu sagði, að *þeir stæði illa að;* þvert á móti! Þeir hafa fisk, fugl, og geta haft skepnur, ef þeir vilja, þar eru 3 kaupstaðir, þangað koma þeir og geta keypt, að minnsta kosti *sopann (Árni Einarsson:* Það gjöra fleiri); hvergi er hægra að lifa en á Vestmannaeyjum, ef maður nennir að gjöra nokkuð, að því er kunnugustu menn segja. Þessi *hæfilegi tími* í viðaukaatkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns yrði hjá þeim víst sama sem »um aldir alda«. Þeir heimta allt, en mögla, ef þeir eiga að láta nokkuð. Eg skal nú ekki mæla fleira, en vona, að þíngið sè svo sanngjarnt, að vilja ekki draga af landinu það, sem það þarf og á heimting á að fá hjá þessum eyjabúum; við skulum að vísu sýna þeim sanngirni, en eigi svo, að hún komi í bága við aðra hluti landsins, sem hafa minni læknahjálp.

Arnljótur Ólafsson: Þó eg jafnan vili koma mèr vel við hinn heiðraða 5. konúngkjörna þíngmann, og það ekki sízt í dag, get eg þó ekki fallizt á álit hans í þessu máli. Hann lagði mikla áherzlu á rèttlæti, en færði heldur að sanngirni, hann er þó vanur að halda með sanngirni, og það sýnir hann enn með því að halda sèr til meira hlutans, sem þó er rýmri en breytíngaratriðið undir tölulið 1. Þar er viss tími, nær öll miskun á að enda, en í uppástúngu meira hlutans er hún óákveðin, getur þar því verið um »aldir alda«. Eg verð því að halda með uppástúngunni undir tölul. 1., því ef stjórnin samþykkir hann, þá verður málið þó leitt til lykta eptir hæfilegan tíma, og Vestmanneyíngar geta þá haft hæfilegt ráðrúm til að koma sèr fyrir. En það er líka ekki einúngis sanngirni, heldur og einnig rèttlæti, er mælir með fresti.

Í konúngsbrèfi 20. febr. 1750 var til tekið, að spítalahlutirnir skyldu brúkast handa fátækum og veikum á Vestmannaeyjum, og nú er þeim meðfram varið til að borga ljósmóðurinni; það er því nokkru af spítalahlutunum varið til læknaskipunar þar samkvæmt konúngsbrèfinu. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður verður fyrst að vita, hvernig stjórnin tekur í læknamálið, eður hvort hún vill samþykkja uppástúngur hans í því, áður en hann geti gefið sèr það, að læknasjóðurinn komi að tilætluðum notum, eður fè þessu verði varið sem hann vill, og á meðan er þó betra að borga með

því ljósmóðurinni, en láta það ónotað, og vita ekki, til hvers það kann að ganga að lyktum. Mèr þykir það að varauppástúngu minna hlutans, að þar er ekki ákveðinn tíminn, en úr því bætir breytíngaratkvæðið undir tölulið 1. Þíngmaður Gullbríngusýslu vill ekki gefa Vestmanneyíngum frest, og þykist ekki vita dæmi til, að svo hafi verið gjört áður, er gömul rèttindi hafa verið af numin. Það kann vel að vera, að það hafi eigi verið jafnan gjört, en það get eg þó tekið til dæmis, að í Danmörku og eins í Noregi um aldamótin, þegar nýja jarðamatið var samið, þá voru allir skattar og gjöld látin halda sèr eptir jarðamatinu, en einúngis nýir skattar lagðir á eptir nýja matinu þangað til nú fyrir nokkrum árum, að skattfrelsi þetta var keypt af bændum í Danmörku. Var hinn eldri skattur kallaður »gamli skattur«, en hinn síðari skattur á nýja matinu »nýi skattur«. Að því er snertir presta hèr að fornu í pápiskunni og núna, þá er það víst, að þeirra tekjur eru meiri nú en áður, því eptir Kristinrètti Þorláks og Ketils voru þeir eins og vinnumenn hjá kirkjubændum. Eg skal ekki orðlengja þetta, en þegar til atkvæðagreiðslu er gengið, ætla eg að fallast á breytíngaratkvæðið undir tölulið 1., þó mèr þyki tíminn stuttur.

Helgi G. Thordersen: Eg hugsaði að vísu, að eg ekki þyrfti optar að tala í máli þessu, en þar eð menn hèr hafa hreift ýmsum mótmælum, sem mèr ekki virðast meir en svo eiga við, þá skal eg þó fara fám orðum um málið. Það er þá fyrst, að menn eru að vara þíngið við því, að yfirgefa stefnu þá, sem það hafi tekið í máli þessu 1859, og menn eru að vara mig við, að yfirgefa stefnu þá, sem eg hefi einu sinni tekið í því. Mèr finnst þetta hreinn og klár óþarfi, því hèr er ekki tal um að yfirgefa stefnuna, hèr er einmitt tal um — og það hefir minni hluti nefndarinnar viðurkennt — að fylgja sömu stefnunni og áður, en einúngis fylgja henni svo, að menn ekki þar með gjöri öðrum órètt. Hèr er ekki verið að tala um að yfirgefa stefnuna, hèr er að eins talað um að *fresta* aðgjörðunum, svo gjaldendur geti fengið ráðrúm til að sjá sveitinni borgið upp á annan máta. Hèr er því ekkert tal um að breyta stefnunni, sem þíngið einu sinni hefir tekið, og sem eg alls ekki vil breyta. Menn hafa líka eins og hneykslazt á því, að hugsa til þess, að hjálpa upp Vestmannaeyjum, rètt eins og það væri eitthvert ódæði, en má eg spyrja: Væri það ekki þínginu fullsamboðið, sýndi ekki þíngið einmitt veglyndi, ef það tæki að sèr annan eins fráskekktan part landsins, sem bræður vorir þó byggja

á, og sem eru bágstaddir, og það ekki sízt hvað læknishjálpina snertir. Mèr er sama, þó menn sè að hlaupa út í lagastaði og ætli að verða sögufróðir, til þess að sýna, hvað dekrað hafi verið við Vestmannaeyjar, því merkin sýna verkin, eða er ekki svo ástatt þar núna, að læknislaust sè, og hafi verið á þeim tíma, sem einmitt herra landlæknirinn hefir skýrt frá, að svo banvæn sótt hafi gengið þar, að *10.* hver maður hafi hrifizt burtu. Það er ekki nóg að hafa tómt læknisembættið, þegar engi er maðurinn í því, enda hefir þetta sýnt sig á Vestmannaeyjum bæði nú og áður, eða til hvers er að vera að veifa embættinu? það væri þá eins gott að hlaða upp vörðu úr grjóti, sem eg veit nóg er til af, á Vestmannaeyjum, og klessa þar utan á stóru plakati með þeirri yfirskript: »Hèr er læknirinn« (hlátur). Það á ekki við að spauga í þessu máli, og mèr er ekki hlátur í huga, því málið er alvarlegt mjög; því við þingmennirnir erum á veginum til að gjöra bræðrum vorum órètt, og það þó þeir fari svo vægilega sem hugsazt getur í málið, því hèr er ekki farið fram á meira, en að aðgjörðunum verði frestað, til þess eyjabúar fái ráðrúm til að sjá sveitinni borgið með öðru móti. Að Vestmanneyingar hafi átt svo yfirburða gott hvað læknishjálp snertir, veit eg að vísu ekki til, en hitt veit eg, að engi læknir þar hefir hlaðið sjálfum sèr minnisvarða, nema herra *Schleisner* einn, hann stöðvaði þenna banvæna ginklofa, sem þar gekk, og hlýtur því ætið að verða eyjabúum og landsmönnum í þakklátri endurminningu. Það er auðvitað, að eg styð það, að ljósmóðirin fái laun sín, eins og nefndin hefir farið fram á, og það því fremur, sem hún er eins dugleg og allir segja um hana, og hefir framhaldið svo heiðarlega hjálp þeirri, er *Schleisner* kom þar á gang, móti ginklofanum. Að öðru leyti vona eg, að þingið ekki láti villa sig af því, þó menn sè að ota að því stefnunni, og ógna því með ósamkvæmni við sjálft sig, og það er, eins og menn vist geta getið nærri, sjálfsagt, að eg gef atkvæði mitt með minna hlutans varauppástungu.

Ólafur Jónsson: Mèr sýnist sem allir sè á sama máli, þó það sýnist, að ágreiningur sè. Hinum háæruverðuga 2. konungkjörna þingmanni þykir tíminn of stuttur; mèr sýnist breytingaratkvæðið undir tölulið 1. bæta fyllilega úr því. Eg skil nú ekki í því, að nefndin skuli ekki fallast á þetta breytingaratkvæði, því uppástúnga hennar er enn óákvarðaðri, því það er óákveðið, hve nær hið opinbera á að fara að borga ljósmóðurinni, og það verður aldrei,

meðan ekki er af tekið að borga henni úr spítalasjóðnum. Eg hallast því að uppástúngunni undir tölulið 1.

Framsögumaður: Eg skal fyrst svara hinum heiðraða þingmanni, er nú settist, upp á það, sem hann kallaði ósamkvæmni hjá meira hlutanum, að veita ljósmóðurinni laun, og geta þess, að undantekníng þessi var gjörð einúngis til bráðabyrgðar og svona fyrst um sinn, það var nú svo langt og snjallt, sem hinn 2. konúngkjörni þingmaður kom með, en meðal annars gjörði hann svo mikið úr læknisleysinu á Vestmannaeyjum; en hvað segir hann þá um Skaptafellssýslu, þar sem hefir verið læknislaust yfir 30 ár. Hann áleit, að mèr heyrðist, sem allt landið ætti að vera að koma Vestmannaeyjum upp, en að því er lækníngar snertir, held eg nú það sè óþarfi, því allt síðan 1750 hefir þeim verið lagður þessi styrkur af tekjum spítalans, og þeir, að því er það snertir, bezt farnir af öllu landinu. Eg get ekki verið að taka upp aptur, það sem eg sagði í gær; en þegar eg hugsa til þess, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni talaði 1857, og ber það saman við orð hans nú, þá skil eg sannarlega ekki, af hvaða anda hann nú stjórnast (*Helgi G. Thordersen:* Af mínum eigin anda!). Hann talaði um þar væri mikið af klettum, og svo er víst, en þetta eru einhverir þeir frjósömustu og arðmestu klettar á öllu landinu. Að læknar þeir, sem á Vestmannaeyjum hafa verið, hafi útlendir verið og ef til vill lítt nýtir, er nokkuð, sem ekki kemur öðrum við, en stjórninni, sem setti þá í embættið; ekkert getum við að því gjört. Eg verð því að segja það, að eg ekki enn hefi sannfærzt um, að meiri hlutinn hafi farið í nokkra skakka stefnu í aðalefni málsins, þó hann hafi stúngið upp á þessari undantekníngu frá reglu sinni, að því er ljósmóðurina snertir fyrst um sinn, en að því er minna hlutann snertir, þá virðist mèr sanngirniskrafa sú, sem menn hèr eru að veifa, og hafa nú það orð á vörunum sem mesta ágæti, til að leiða minna hlutann út í gönur, en þegar nefndur er jöfnuður á launum embættismanna, þá vilja þeir sjálfir gjöra sanngirnina útlæga hèr á þínginu. Eg skal nú ekki fara fleirum orðum um þetta mál, sem eg hèr með legg undir dóm þingsins, og vona það, að þingið ekki með öllu sè búið að gleyma aðgjörðum sínum í þessu máli 1857, og að það nú verði sjálfu sèr samkvæmt.

Ásgeir Einarsson: Það voru einúngis fáar athugasemdir, sem eg ætlaði að gjöra. Mig furðar á því, að sjá svo margan mennt-

aðan manninn í þeim flokkinum, er mèr finnst fara fram ósamkvæmni við fyrri aðgjörðir þingsins.

Eg fyrir mitt leyti get nú ekki einu sinni fellt mig við ljósmóðurlaunin, sem meiri hlutinn hefir farið fram á, því þegar fyrst er búið að gjöra þetta á einum stað, geta fleiri komið á eptir, og gæti þannig svona smákrukkazt í spítalasjóðina. Eg verð að játa, að eg ekki skildi hinn heiðraða þingmann Vestmannaeyja um 52 sk., sem hann var að tala um að gengi af útgjöldum, en um nýja skattinn, sem hann drap á að þurfa mundi að leggja á eyjabúa, held eg megi segja, að hann sè engi nýjúng; eg held hann sè lagður á alstaðar hèr á landi, eður með öðrum orðum, að hver sveit megi sjálf sjá ómögum sínum farborða. Að því er hinn háttvirta 2. konúngkjörna þingmann snertir, þá eru nú ekki gustuk að leggjast á hann, því það er auðsèð, að tvisvar verður gamall maðurinn barn, og að hann á næsta bágt í þessu máli, er eins og milli steins og sleggju, öðrum megin læknasjóðurinn og staða hans í þessu máli, hins vegar hans góðu tilfinníngar, sem gjöra, að hann vill hjálpa Vestmannaeyjum upp. En má eg spyrja: Hvernig á þingið að því að fara? Eg vona því engi láti bifast fyrir jafnveikum ástæðum; annað mál er það, hvort stjórninni kann að þykja ástæða til að taka þær til greina. Þrátt fyrir þetta getur samt verið, að eg gefi atkvæði mitt fyrir tölulið 1. á atkvæðaskránni, þó eg satt að segja ekki geti sèð, í hverju Vestmannaeyjum er borgið með biðinni.

Jón Pètursson: Mèr heyrist svo á ræðum manna, sem meiri hluti þingsins muni verða með því, að veittur sè frestur, en þar eð mèr á annað borð þókti fresturinn of óákvarðaður hjá minna hlutanum í varaágreiníngsálitinu, en aptur á hitt borðið of einskorðað breytíngaratkvæðið nr. 1, gjörði eg breytíngaratkvæði það, er hèr liggur fyrir á atkvæðaskránni undir tölul. 3. stafl. b, nefnilega um að eyjarbúum væri veitt *„hæfilegt„* ráðrúm. Flestir þeir, sem hafa mælt fram með breytíngaratkvæðinu nr. 1, hafa gjört það, af því þeim þótti 4 ára tíminn *hæfilegt* ráðrúm fyrir eyjamenn, en hvernig fara þeir að finna þetta? út í bláinn. Er þá ekki betra, að fela stjórninni og hlutaðeigandi yfirvöldum á hendi, að ákveða eptir kríngumstæðunum og ástandi eyjamanna, hvenær þessi nýja ráðstöfun skuli byrja. Að öðru leyti fer eg í sömu stefnu og breytíngaratkvæði nr. 1, nema hvað mèr þykir það helzt til of einskorðað og vil aðhyllast það fremur en nefndarinnar uppástúngur.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, verð eg að álíta umræðu þessari lokið, og skal því biðja hina heiðruðu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan til atkvæða gengið eptir atkvæðaskránni og

Tölul. 1. samþykktur með 15 atkvæðum gegn 6.
—— 2. stafliður *a* (með breytingunni tölul. 1), samþykktur með 20 atkvæðum gegn 2.
—— 2. stafliður *b* felldur með 16 atkvæðum gegn 7.

og þannig allur 3. töluliður fallinn. Síðan var með 17 atkvæðum samþykkt, að rita konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúníngsumræðu* nefndarálit um *beiðni þeirra* yfirdómara Jóns Pèturssonar og málaflutníngsmanns Jóns Guðmundssonar *um þóknun fyrir starfa þeirra að hjúalögunum,* og skal eg biðja skrifarana að afhenda málið *framsögumanni*, hinum heiðraða þingmanni Gullbríngusýslu.

Framsögumaður (Guðmundur Brandsson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið:

»Alþíngi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um bænarskrá, er því barst frá málaflutníngsmanni Jóni Guðmundssyni og yfirrèttardómara Jóni Pèturssyni, sem fór fram á það, að þíngið stuðli til þess, að menn þessir fái sanngjarna þóknun fyrir starfa þeirra við að undirbúa frumvörp þau, um vinnuhjú, lausamenn og húsmenn á Íslandi, er stjórnin nú lagði fyrir þíngið, og skulum vèr nú þar um segja álit vort.

Eins og tekið er fram í áminnztri bænarskrá, þá fal *konúngsfulltrúinn*, sem var á alþíngi 1855, mönnum þessum að semja, í sameiníngu með kanselíráði V. Finsen, frumvarp til nýrra hjúalaga hèr á landi, og sömdu þeir þá um leið frumvarp til nýrra laga um lausamenn og húsmenn, af því það, eins og hèr á landi hagar til, stóð í sambandi við hið fyrrnefnda.

Þar sem vèr nú verðum að álíta, að verk þetta hafi verið mjög umfangsmikið og vandasamt, og hafi tekið upp mikinn tíma, eins vel og frá því er gengið, og þar sem vèr vitum til, að stjórnin ætíð hefir borgað mönnum þeim, er hún hefir kjörið í líkar nefndir í öðrum málum, starfa þann, er þeir þá hafa haft á hendi, svo sem nefndarmönnum þeim, er 1846 voru að íhuga og segja álit

sitt um skattgjaldslögin hèr á landi, þá getum vèr ekki annað en fallizt á það, að fyrrtèðir menn eigi það skilið, að fá hæfilega þóknun fyrir áminnztan starfa sinn, en það verður nú meira vandhæfi fyrir oss að ákveða, hversu mikil hún eigi að vera, en því til hliðsjónar verðum vèr að hafa borgun þá, sem þeir fengu fyrir það að laga og umbæta jarðamatið. Það gefur reyndar öllum að skilja, að verk það hafi í öllu tilliti verið erfiðara, umfangsmeira og kostnaðarsamara en þetta, þegar á allt er litið, en samt hefir ekki verið vandalaust fyrir þá að fara í gegnum öll eldri og nýrri lög, sem að því efni lúta bæði hèr og í Danmörku, taka úr þeim það, er bezt átti við, breyta sumu og auka öðru nýju, eptir sem þeir álitu að bezt ætti við landshagi og hugsunarhátt manna hèr; og að því er viðvíkur ákvörðunum þeirra um lausamenn og húsmenn, þá höfðu þeir þar lítið við að styðjast í eldri lögum, og var því meira vandhæfi fyrir þá að fara þar meðalveginn, sem vèr þó álítum að þeir hafi gjört, svo vel sem vænta mátti, svo að náttúrlegu frelsi hvers einstaks geti verið þar með borgið, án þess að það leiði til stjórnlauss sjálfræðis.

Eptir sem vèr nú getum nákvæmast gizkað á, þá er það ætlun vor, að þessi starfi þeirra hafi samt verið fullum helmingi lèttari en jarðamatsverk þeirra, sem áður er minnzt á, og ef það nú skyldi þykja of hátt, að miða við borgun þá, er þeir fengu fyrir hann, sem heldur mátti heita ríflег, þá skulum vèr ekki gjöra það eingöngu, heldur ætlast svo á, að samsvaraði þriðjungi hennar, eða 200 rd. til hvers þeirra.

Vèr leggjum það því til þessa máls, að alþingi beri þá bæn sína fram fyrir konúng vorn:

> Að hann mildilegast vili skipa svo fyrir, að áðurnefndum mönnum verði veittir 200 rd. hverjum, sem þóknun fyrir starfa þeirra við fyrrtèð lagafrumvörp.

Raykjavík, 18. júlí 1861.

Guðmundur Brandsson. *Pètur Pètursson.* *Páll Sigurðsson.*
formaður og framsögumaður.

Eg skal ekki lengja umræðurnar með því að brúka langan formála; menn eru víst búnir að hugsa sig um málið, og það þeim því fullkunnugt.

Jón Pètursson: Eins og kunnugt mun vera, vorum vèr nefndarmenn 3, en hèr virðist mèr ekki vera teknir til nema að eins tveir, eður meinar nefndin ef til vill oss alla?

Pètur Pètursson: Þetta kom að vísu til umtals í nefndinni, en eptir verkefni því, er fyrir henni lá, sá hún ekki betur, en að það lægi fyrir utan hennar verkahríng að skipta sèr af öðrum eður fleirum en þeim, sem til þess höfðu mælzt, en þeir voru að eins tveir, enda gat vel verið, að hinn 3. nefndarmaður, sem nú er ytra, þegar hafi farið þessa á leit við stjórnina. Um málið sjálft skal eg að svo stöddu ekkert tala, eg vona nefndarálitið skýri það nægilega og að þingið álíti verkamennina verðuga að fá laun fyrir starfa sinn.

Framsögumaður: Bænarskráin, sem fyrir nefndinni lá, gaf henni ekki ástæðu eður tilefni til að taka tillit til fleiri af nefndarmönnum en þeirra tveggja, sem þess höfðu beiðzt.

Ólafur Jónsson: Uppástúnga þessi hefir þá komizt inn á þingið, og er komin í nefnd og frá henni aptur, en enn er eg mjög efablandinn í því, hvort hún sè rèttilega komin fyrir þingið og hvort það væri rètt, að þingið fari að skrifa konúngi bænarskrá út af þessu. Mèr virðist hèr vera öðrum megin embættismenn og hins vegar konúngur, sem hefir fólgið þeim vissan starfa á hendi, svo mèr finnst þeir eigi að vera um það, án þess þingið blandi sèr þar inn í, enda get eg ekki betur sèð, en þetta stríði móti 77. gr. í alþingistilskipaninni, því sè nokkuð einstakra manna bón, þá er það þetta. Eg vona engi skili orð mín svo sem vildi eg ekki, að mennirnir fengi umbun fyrir starfa sinn, því það vil eg, en hitt efast eg um, að þetta sè rètti vegurinn, að formið sè rètt, og þækti mèr því æskilegt, ef hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* vildi láta í ljósi álit sitt í þessu efni.

Framsögumaður: það er annars mjög merkilegt, að þessi mótbára ekki skyldi koma fram við inngangsumræðu þessa máls; menn hafa upplýst síðan, en þegar litið er til 1. greinar alþingistilskipunarinnar, samanborinnar við 59. gr., held eg engi vafi geti verið á því, að málið sè rètt upp borið eins og það er nú.

Konúngsfulltrúi: Eg held reyndar, að þingmaðurinn úr Húnavatnssýslu hafi töluvert til síns máls um það, að það geti verið vafi á því eptir alþingistilsk. 77. gr., hvort þingið eigi og megi taka þetta mál að sèr, og að mínu áliti hefði það verið rèttast, að þessu hefði einúngis verið hreift í nefndarálitinu viðvíkjandi hjúalögunum, en þingið áleit það nú ekki; en það má bæta úr því eptir þeirri tilvitnuðu lagagrein enn þá, ef þingið fèllist á það.

Jón Pètursson: Við höfum alls ekki álitið það vafasamt, að

stjórnin vildi þóknast oss fyrir starfann, en vildum einúngis fá, að þingið kvæði upp, hver upphæð þóknunarinnar því pækti sanngjörn, viðlíka og stjórnin sjálf áður hefir lagt fyrir þingið og engi þá fann neitt athugavert við, eg meina um þóknunina fyrir starfa vorn að jarðabókinni, og að því er 77. gr. alþingistilskipunarinnar snertir, þá fæ eg ekki sèð, að hún eigi hèr hið minnsta við, því hún á einúngis við þau mál, sem annars *eiga* að fara yfirvaldaveginn. Eg verð því að álíta þenna veginn í alla staði rèttan.

Pètur Pètursson: Mèr fer nú að virðast, sem þessi undirbúníngsumræða ætli að fara að verða að inngangsumræðu, en að eg líka tali um formið, þá verð eg að álíta, að málið sè rètt tekið, og sá vegur, sem valinn er, rèttur. 77. gr. alþingistilskipunarinnar getur að minnsta kosti ekki komið hèr til greina, því það er auðsjáanlega tvennt ólíkt, þeir einstöku menn, sem þessi grein á við, og þeir menn, sem hèr ræðir um, því þeir voru meðlimir í nefnd, er þingið hafði kosið, og eg veit ekki betur, en að stjórnin sjálf hafi fylgt þessari aðferð í jarðamatsmálinu. Hèr við bætist enn fremur, að ráð er gjört fyrir, að þóknunin ekki fremur en verkast vill sè greidd úr ríkissjóði, heldur geti eins verið lögð á landið, og virðist mèr því sjálfsagt, að mál þetta gangi gegnum þingið. Mèr finnst einasta spurníngin, sem hèr liggur fyrir, vera sú: Hvernig hefir nefndinni tekizt að ákveða upphæð þóknunarinnar? og ef til vill einnig hitt, hvort ekki væri ástæða til að taka einnig 3. manninn með, nefnilega assessor V. Finsen.

Ásgeir Einarsson: Nú fer eg að skilja dálítið í þessu máli; en á dögunum skildi eg ekkert í því; eg bað um upplýsíngar í því við inngangsumræðuna, en fèkk engar, eða að minnsta kosti voru þær svo daufar, sem eg fèkk, að eg skildi þær ekki; eg mælti þó ekki á móti nefnd, þó eg ekki væri beinlínis viss um, að það heyrði undir þingið, en af því mèr fannst eitthvað í þessu máli, sem eg ekki skildi, hèlt eg, að nefndin mundi leitast eptir upplýsíngum, og svo gefa þinginu allar mögulegar upplýsíngar og beina svo málinu á hinn rèttasta veg. Nú heyrði eg, að hinn 3. konúngkjörni þingmaður álítur, að þessi þóknun eigi að borgast af landinu, eins og jarðamatskostnaðurinn; nú fyrst fer eg að skilja dálítið, því nefndin nefnir þetta ekki með einu orði í áliti sínu; áður við inngangsumræðuna vissi eg ekki, hvaðan fè þetta átti að taka, og var því ekki á móti nefnd eða vildi ekki vísa málinu frá, en eg hugsaði, að nefndin mundi ef til vill ráða til þess, að mál-

inu væri vísað í gegnum *forseta* og *konúngsfulltrúa* til hlutaðeigaanda, og vil eg stínga upp á, að það verði gjört enn; en ef nefndin ætlast til, að fè þetta verði tekið af landinu, þá átti hún að gjöra það með berum orðum, og segja, hvaðan það átti að takast.

Framsögumaður: Eg held, að hinn 3. konúngkjörna þíngmann minni rangt, ef hann álítur, að nefndin hafi álitið, að þetta fè eigi að takast af landinu, því það var ekki talað um það í nefndinni, heldur að það mundi verða borgað af ríkissjóðnum, eins og hver annar skrifstofukostnaður; áður hafa slíkir starfar verið borgaðir af ríkissjóðnum, og þó þeir í reikníngunum hafi verið taldir á meðal útgjalda í landsins þarfir, hafa þeir optast nær eða ætíð fallið niður og ekki verið borgaðir af landinu; það er t. a. m. ekki langt, síðan að einhver stúdent gaf út lýsíng á Íslandi, og var það dálítið kver, ekki mikið stærra en frumvörpin, sem við erum að tala um, og var það ekki merkilegra en svo, að eg vissi áður flest sem í því stóð, en stjórnin gaf honum samt úr ríkíssjóðnum 200 rd. fyrir að semja það; eins fèkk líka einn prestaskólakennarinn 200 rd. fyrir samanburð lútherskunnar og kathólskunnar, og eins fengu tveir prestaskólakennararnir þessa vanalegu 200 rd. fyrir skýríngarnar yfir nýja testamentið, og er allt þetta borgað af ríkissjóðnum, þó það sè í Íslands þarfir, og held eg því, að menn þurfi ekki að óttast, að þetta muni verða tekið af landinu, þó hlutaðeigendur fái þá þóknun, sem farið er fram á. Það var ekki heldur meiníng nefndarinnar, að hún skyldi þannig borgast.

Pètur Pètursson: Hafi eg hagað orðum mínum eins og *framsögumaður* nú sagði, þá hefi eg mistalað mig, því meiníng mín var, að þetta væri unnið í landsins þarfir, og að það því sè tilhlýðilegt, að bæn þeirra um þóknun fyrir það, sem þeir hafa starfað fyrir allt landið og í þess þarfir, gangi gegnum þíngið til stjórnarinnar.

Sveinn Skúlason: Af ræðum þíngmanna hefi eg ekki enn getað sannfærzt um, að þetta mál heyri undir þíngið, og að það eigi að meðhöndla það; það getur ekki heyrt undir 1. gr. alþíngistilskipunarinnar, og ekki heldur undir 49. gr. og ekki undir 77. gr.; því hèr getur maður ekki álitið, að mönnum þessum sè órèttur gjörr, af því að það sèst ekki af því, sem fram er komið í málinu, að þeir hafi farið þess á leit við stjórnina, að fá þessa þóknun, og að stjórnin hafi neitað um hana; það er ekki heldur nefndin öll, sem hefir snúið sèr til þíngsins, heldur 2 menn úr henni, og er þetta því einstakra manna mál,

ef nokkuð er það. Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að málið ætti að ganga gegnum þingið, af því að verkið væri unnið fyrir allt landið, og því átti þóknunin, að mèr skildist, að borgast af landinu; en hún á að borgast af stjórninni úr ríkissjóðnum, því konúngur skipaði þeim að vinna þetta verk, en ekki landið. Þó að jarðamatsnefndarkostnaðurinn væri lagður saman við jarðamatskostnaðinn, þá man eg ekki, hvort allur sá kostnaður var lagður fyrir þingið, eg man ekki hvort það var annað en 100 rd. viðbót við þá þóknun, sem fyrst var ákveðin; eg man ekki til, að annað af þessum kostnaði væri lagt fyrir þingið en viðbótin. Svo veit eg ekki, nema stjórnin hafi ætlazt til, að þessi kostnaður ætti að vera borgaður með þóknun þeirri, sem sömu menn fengu fyrir jarðamatið. Yfir höfuð hefði mèr sýnzt, að betur hefði átt við, að menn þessir hefði fyrst farið til stjórnarinnar sjálfir og sèð, hvernig hún hefði tekið í þessa bæn þeirra. Að því er hið sèrstaklega snertir, sem *framsögumaður* tók fram og viðkemur aðstoð, sem stjórnin hefir veitt einstökum mönnum, til þess að gefa út ritlínga, þá er það aðgætanda, að þeir eru ekki samdir af konúnglegum nefndum, og þó hefir stjórnin borgað þóknunina fyrir þá af ríkissjóðnum; að öðru leyti er það gott, ef *framsögumaður* er svo fróður, að hann þarf ekki á neinum ritlíngum að halda, en það eru sannarlega ekki allir svo fróðir.

Framsögumaður: Þetta kemur ekki málinu við, því eg var ekki að vega gildi ritlínganna, heldur minntist eg á þá til að sýna, að stjórnin hefði borgað margt, sem henni væri ekki nærskyldara, en frumvörp þessi; en að því er viðvíkur formhlið þessa máls, þá samkvæmt 59. grein alþ.tilsk. get eg ekki betur sèð, en þingið hafi rètt til þess að meðhöndla hvert það mál, sem inn á þingið er komið, og er því meiníng mín um þetta mál hin sama, sem eg hefi áður látið í ljósi. Við inngangsumræðuna var eg í nokkrum efa um það, hvort stjórnin hefði viljað láta þóknunina fyrir starfa nefndarinnar við jarðamatið ná einnig til þess, er hún vann að húsmstjórnarlögunum, af því að hún þá hafði tillit til þessa starfa nefndarinnar, sem hèr ræðir um, en það er ekki minnzt á það í álitsskjali þíngsins til konúngs, eins og ekki heldur er von, því hvorki var minnzt á það af nefndinni í málinu hèr á þíngi, nè heldur í þíngræðunum 1857.

Arnljótur Ólafsson: Það hefir verið talað svo mikið um formhlið þessa máls, að eg verð að leyfa mèr að fara nokkrum orðum

um meðferð þess. Mèr finnst þá, að það hafi ekki verið rangt að taka málið í nefnd, og þá ekki heldur rangt að ráða því til lykta, en mèr finnst varasamt, hvort það sè rètt að rita konúngi bænarskrá um málið. Þegar menn bera 77. gr. alþ. tilsk. saman við 49. gr., má þíngið ekki taka neina bænarskrá frá einstökum mönnum til meðferðar nema þíngið sè sannfært um, að þeim hafi verið órèttur gjörður. Nú getum vèr ekki verið sannfærðir um, að hèr sè órèttur gjörður einstökum mönnum, því það er þó fyrst órèttur, þegar stjórnin hefir neitað að láta þá fá nokkra þóknun, úr því stjórnin er vön að borga fyrir slíka starfa hèr á landi, og að minnsta kosti er það rangt, að stjórnin skuli ekki borga *privat*-mönnum fyrir þann starfa, sem hún felur þeim á hendi, hvað sem hún svo gjörir við embættismenn sína, og veit eg til þess, að hún er ekki ætíð fús á að borga þeim fyrir þess háttar starfa. Í póstmálanefndinni veit eg til þess að engi fèkk neina þóknun fyrir sinn starfa, nema sá sem var embættislaus, og svo amtmaðurinn í Norðuramtinu ferðakostnað. Nú stendur í 49. gr. alþ.tilsk., að *forseti* skuli vísa þess háttar málum þangað, sem þau eiga að komast. Hvert á þá að vísa þessu máli? sjálfsagt til stjórnarinnar. En nú hefir það þótt efasamt, hvort þíngið á að vísa *málunum* þangað eða *mönnunum*. 77. gr. er vafasöm, því þar má taka orðið »þeim«, bæði við mennina og eins við bónarbrèfin og umkvartanirnar, eður við málin; en í 49. gr. stendur, að vísa eigi *málunum*, og þíngið hefir áður vísað málum í gegnum *forseta* til stjórnarinnar og til amtmanns. Þetta má þá gjöra enn, og er þá málið ekki komið í ónýtt efni; ef mönnum skyldi líka þessi meðferð betur, vil eg áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis um það, að vísa máli þessu í gegnum *forseta* til stjórnarinnar.

Nefndin hefir ekki til tekið, hvaðan eigi að taka þessa borgun; sumir vilja, að það sè borgað úr ríkissjóði, en mèr finnst þó vera ástæða til þess, að við borgum helmínginn, af því að við höfum jöfn eður enda meiri not af lögunum en stjórnin, og í annan stað getum við ei heimtað, að stjórnin búi til öll lög fyrir oss, þar eð hún hefir gefið oss jafnan rètt sèr til að búa lög til eða stínga upp á lögum. Af þessum rètti þíngsins eður þjóðarinnar finnst mèr mega leiða þá skyldu, að kosta lögin jafnt að tiltölu. Eg held það muni bæta fyrir málinu, ef þíngið skyldi fallast á það breytíngaratkvæði mitt, að vèr borgum helmínginn, því eg er hræddur um, að stjórnin muni ekki borga mikið fyrir þetta úr ríkissjóðn-

um, sízt embættismönnum sínum. Hún borgaði reyndar skattanefndinni, en það er enn ósèð með jarðamatsnefndina, og það mál endar líklega svo, að landið borgar allan þann kostnað. Það er betra að hafa einhverja reglu um þetta, heldur en enga, og finnst mèr þá sanngjarnast, að konúngur og landið borgi jafnt þann kostnað, sem af því rís að bæta lögin, því báðir hafa jafnan uppástúngurètt, og báðir hafa jöfn not af lögunum.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði, að bezt væri að vísa málinu í gegnum *forseta* til stjórnarinnar, skal eg geta þess, að stjórnin hefir álitið þá aðferð ranga. Á síðasta þíngi var máli þannig vísað til stjórnarinnar gegnum *forseta,* stjórnin sagði, að málið hefði eigi sætt þeirri meðferð, sem ráðgjörð væri í 44. gr. alþ.tilsk., og sendi málið *forseta* aptur; þá sendi *forseti* málið til *konúngsfulltrúa,* og bað hann að bera það undir stjórnina með sínum tillögum, en hann svaraði, að málið kæmi sèr ekki við, þar eð engi bænarskrá hefði verið rituð konúngi um málið samkvæmt 44. gr., var máli því svo eytt. Eg get þessara ófara til þess að vara þíngið við því, að hafa þessa aðferð við þetta mál. Eg varaði og alþíngi 1859 sterklega við þessari málsmeðferð í öðru máli, eins og þíngtíðindin sýna, og leiddi rök að því, að hún væri röng.

Framsögumaður: Eg get ekki verið á sama máli og þíngmaður Borgfirðínga, því mèr finnst líkt standa á þessari nefnd og skattalaganefndinni, sem fèkk ríflega borgun úr ríkissjóði. Hjúalaganefndin var ekki sett af oss, heldur af konúngi, sem tók þessa menn sèr til ráðaneytis um það, hvernig þessum lögum yrði bezt fyrirkomið; uppástúngur nefndarinnar eru ekki heldur óbreyttar; stjórnin hefir sjálf breytt þeim, svo nú eru þær lagðar hèr fyrir þíngið sem hennar eigið verk, þó aðrir hafi mest að því unnið, og því stendur engum nær að borga verk þetta en stjórninni, og vil eg því enga varauppástúngu um það, að vèr skulum borga helmíng þessa kostnaðar, því það er auðvitað, að stjórnin muni fúslega ganga inn á hana, ef við óskum þess, en eg get ekki ætlað henni þá smámunasemi, að vilja ekki sjálf borga þetta lítilræði, sem fyrir hana er unnið að miklu leyti, þar sem stjórnin borgar sjálf svo margt annað, sem hún lætur vinna í landsins þarfir, svo sem lagasafnið fyrir Ísland, og held eg því, að stjórnin fari ekki að telja eptir sèr að borga þeim mönnum, sem hún hefir tekið sèr til ráðaneytis til þess að geta orðið fær um að leggja frumvarp um hjúalög fyrir þíngið.

Arnljótur Ólafsson: Eg get ekki verið hinum háttvirta *forseta* samdóma í því, að það sè ekki rètt, að þingið sendi málið í gegnum *forseta* sinn til stjórnarinnar, ef málið á að fara til stjórnarráðsins en eigi til konúngs, en hitt er sjálfsagt, að *forseti* sendi það *konúngsfulltrúa*, en eigi beina leið frá sèr til stjórnarráðsins. Stjórnin fann síðast ekki heldur að neinu öðru en því, að málið væri ekki sent sèr í gegnum *konúngsfulltrúa*, en þegar *forseti* sendi á eptir málið til hans, sagði hann, eptir því sem eg veit glöggast, að hann gæti ekki tekið við því, af því að hann væri ekki lengur *konúngsfulltrúi*, en ef málið hefði komið til hans í tíma, þá hefði hann ekki haft á móti því, að taka við því. Eg segi ekki þetta í því skyni, að eg sè að finna að því við *forseta*, að honum varð þetta á, því eg er sannfærður um, að það sama mundi hafa orðið öllum þingmönnum á, sem nú eru á þingi. Stjórnin fann því einúngis að því, að 44. greinar alþ.tilsk. var ekki gætt, eður þess, að *konúngsfulltrúi* er milligöngumaður í öllum þingmálum milli þingsins og stjórnarinnar.

Jón Pètursson: Eg veit ekki betur, en að þingið hafi rètt til að senda stjórninni bænarskrá um þetta mál, þó sumir þingmenn dragi það í efa. Við höfum ekki skrifað neina bænarskrá til konúngs, heldur höfum við beðið þingið að segja álit sitt um málið, og það er á sjálfs þess valdi, hvort það sendir þá bænarskrá til konúngs um það eður ekki. Eg veit annars ekki til, að þinginu sè nokkurstaðar bannað að taka til meðferðar annað eins málefni og þetta, við biðjum þingið að eins að meta þóknunina fyrir þann starfa okkar, sem við erum sannfærðir um að stjórnin vill borga. Það var álitið af dómsmálaráðherranum bezt að fela jarðamatsnefndinni þetta verk, af því að það mundi þá kosta minna, en ef sèrskild nefnd væri sett til þess, og á því sèr maður, að stjórnin muni ætla að borga það. Spursmálið getur hèr einúngis verið, hvort þingið hafi rètt til að senda bænarskrá til konúngs um málið. Eg sè ekki, hvernig menn geta blandað saman bónarbrèfum til þingsins og »Ansögninger«, sem nefndar eru í 77. gr. alþingistilskipunarinnar. Við tölum ekki heldur hið minnsta um, að oss sè órèttur gjörr, og hvernig getur þá þetta heyrt undir nefnda grein? Við biðjum, eins og eg svo opt hefi sagt, einúngis þingið að meta, hvað sè sanngjörn þóknun; um þetta má þinginu án efa vera leyfilegt að lýsa yfir áliti sínu, þó það ekki megi taka til meðferðar þau bónarbrèf, sem eiga að ganga í gegnum hlutaðeigandi yfirvöld. Að

stjórnin yfir höfuð ekki launi embættismönnum sínum þvílík störf, sem hèr ræðir um, veit eg ekki hvort er satt, og áliti það mjög svo ósanngjarnt, væri það svo; líka má víst mörg dæmi tína til fyrir hinu gagnstæða. Það getur verið, að hún launi þau ekki, þegar störfin á einhvern hátt eru skyld embætti þeirra, en þetta átti sèr hèr ekki stað, það er t. a. m. ekki venja, svo eg viti til, að borga meðlimunum í stjórnarráðinu, þó þeir sè útnefndir í nefnd til að gjöra eitthvað, sem á einn eða annan hátt nær til embættisstöðu þeirra. Annars sýnist mèr það miður rètt af þinginu hèðan af að skorast undan að leiða mál þetta til lykta, fyrst það þó hefir álitið, að rètt væri að setja sèrskilda nefnd í málið.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg get nú ekki verið samþykkur hinum háttvirta fulltrúa Borgfirðínga í því, að það eigi að leggja helmínginn af þessum 400 rd. á landið; annaðhvort sýnist mèr að allur kostnaðurinn eigi að leggjast á það, eða þá ekkert af honum. Meðan allt stendur eins og nú er og stjórnin gefur lög eptir sínu eigin höfði, hlýtur stjórnin að sjá fyrir sínum frumvörpum og standa allan þann kostnað, sem leiðir af tilbúníngi þeirra, hvort sem hún svo heldur sækir þau híngað inn í landið eður ekki. Það er allt annað mál, hefði þessari hjúamálanefnd verið gefinn rèttur til að búa til lög, sem ekki hefði verið breytt neitt á eptir af stjórninni, eða sem þíngið hefði mátt með sitt eindæmi ráða til lykta, en það vita nú allir, að því er ekki hèr að heilsa. Eg játa, að það er fallega hugsað, að landið taki þátt í að borga þetta, ef stjórnin neitaði að gjöra það, en meðan menn vita ekkert um, hvernig stjórnin muni taka undir þetta, sýnist mèr rangt, að koma með nokkra uppástúngu um þetta, eða gjöra stjórninni ástæðulaust þær getsakir, að hún ekki vili standast kostnað þenna. En hitt vil eg, að það sè til tekið með berum orðum, hvaðan þetta gjald eigi að greiðast og þess vegna vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði um, að skotið verði inn í uppástúngu nefndarinnar, að það verði tekið »úr ríkissjóðnum«. Mèr þykir það undarlegt, að nefndin skuli ekkert minnast á 3. manninn, sem var í þessari hjúalaganefnd og sem mèr sýnist í öllu tilliti eins hafa unnið til launa eins og hinir tveir; mèr sýnist, að þíngið eigi ekki og megi ekki láta hann gjalda þess, að hann er hèr ekki viðstaddur, því eg hefi ekki betur getað sèð, en hann hafi unnið að frumvarpinu eins og hinir 2. Þess vegna vil eg áskilja mèr viðaukaatkvæði um, að

kanselliráð Finsen fái sömu laun fyrir starfa sinn eins og hinir nefndarmennirnir.

Pètur Pètursson: Eg er nú sömu meiningar og við vorum í nefndinni, að okkur kæmi ekki við að tiltaka, hvaðan þenna kostnað ætti að borga. Beiðendur fóru að eins fram á, að þingið gæfi álit sitt um, hvort það áliti ekki sanngjarnt, að þeir fengi starfa sinn borgaðan, og ef það áliti það, hvað þá væri hæfileg þóknun; þetta tvennt var því starf nefndarinnar, en ekki að tiltaka, hvaðan það skyldi takast. Það er sjálfsagt, ef stjórnin álítur eigi, að þetta eigi að borgast úr ríkissjóðnum, en álítur þó, að það eigi að borgast, þá tekur hún annað ráð, og ber það undir álit alþingis. Hvað því viðvíkur, sem menn hafa sagt, að þetta spursmál heyrði ekki undir þingið eptir 77. gr., þá er auðsèð, að þar eru meintar bænarskrár til konúngs, en þessi bænarskrá var ekki til konúngs, heldur til þingsins, og það er hvergi bannað, að bænir til þingsins megi ei takast til umræðu. Mèr sýnist annars óráð, að vera að vekja þessa kostnaðarspurníng, því kostnaðurinn verður ekki lagður á landið, nema alþingi hafi verið spurt um það, en það kemur líklega ekki til þessa. En það er auðsèð, að það væri beinlínis órètt, að sá í nefndinni, sem er embættislaus, fengi ei launað starf sitt, en það er líka hart, að þegar embættismenn takast á hendur starf, sem liggur alveg fyrir utan þeirra verkahríng, þá skuli þeir ekki fá það launað, því það er þó auðvitað, að því meira þurfa þeir að leggja á sig. En eg skil alls eigi, hví póstlaganefndarmönnum eigi var launað starf sitt, það hafa hlotið að vera einhverjar sèrstakar ástæður til þess.

Ólafur Jónsson: Eg man nú ekki vel, hvernig uppástúngan var orðuð, en eptir því, sem mèr skildist á orðum hins 3. og 4. konúngkjörna, þá hefir hún að eins farið fram á, að þingið segði álit sitt um, hvort nefndin ætti borgun skilið, og þá, hve háa. En nefndin hefir nú farið lengra, hún hefir líka ráðið þinginu til að senda um þetta bænarskrá til konúngs. Þetta þykir mèr nú skoðunarmál, hvort þingið eigi að aðhyllast, mèr sýnist óeðlilegt, að þingið sè að minna konúng á, að borga það, sem hann hefir skipað embættismönnum sínum að gjöra. Hinn háttvirti 4. konúngkjörni talaði um bænarrètt þingsins; eg vil nú engan veginn gjöra lítið úr þeim bænarrètti, en eg vil ekki misbrúka hann, mèr kemur til hugar, að ef þingið sendi bænarskrá um þetta til konúngs, þá kynni að sjást líkt í auglýsíngunni til næsta alþingis, eins og var

í auglýsingunni í ár um sum mál, að það hefði ei átt að taka það inn á þingið.

Páll Sigurðsson: Eg var nú við inngangsumræðuna í efa um, hvort þetta mál ætti að takast inn á þingið, eða ekki; og áleit fremur ætti að hrinda því. En úr því það var tekið inn á þingið og aðalverkefni nefndarinnar var, að segja álit sitt um, hvort þeir ætti laun skilið eður ei, og úr því við nefndarmenn komumst til þeirrar niðurstöðu, að þeir ætti þau skilið, þá fannst oss einnig rètt, að benda þinginu á þann löglega veg, sem farinn yrði með málið, nefnilega að senda bænarskrá um það til konúngs. Eg get því sem nefndarmaður ekki annað sèð, en að nefndin hafi farið formlega götu. Þegar nefndin áleit, að þeir ætti skilið, að fá laun, þá varð hún líka að vísa á, hvernig að ætti að fara, svo þeir gæti fengið þau.

Pètur Pètursson: Og eg vil bæta því við, að ef nefndin hefði ei gjört annað, en ákveða, hvort þeir ætti þóknunina skilið, eður ekki, þá álit eg, að þingið hefði haft fullan rètt til, að senda henni nefndarálitið aptur, og spyrja hana, hvers vegna hún hefði ekki sagt álit sitt um það, hvað ætti að gjöra við málið. Mèr þykir undarlegt, að þessi nefnd skuli vera öðrum lögum háð, en aðrar nefndir, að hún skuli eigi mega stínga upp á hinni síðustu úrgreiðslu málsins.

Jón Sigurðsson frá Haugum: það er nú komið sem komið er, að þingið er búið að taka mál þetta til meðferðar, en eg verð nú að segja fyrir mig, að við inngangsumræðuna var eg í mesta efa, að þingið ætti að skipta sèr af þessu máli, þegar eg hafði hugfasta 77. gr. alþ.tilsk., og eg mótmæli því, sem hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þingmaður sagði, að sú grein hljóði einúngis um bónarbrèf til konúngs. Það sèst hvergi á þeirri grein, heldur eru það bónarbrèf og kvartanir einstakra manna, sem send eru til alþingis, sem það á ekki að skipta sèr af, nema það sjái, að bersýnilegur órèttur fram fari, og eg gaf ekki atkvæði fyrir nefnd í þessu máli; en mèr sýnist nú enn hægt, eptir því sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir líka bent þinginu á, að vísa málinu fyrir hans meðalgöngu til stjórnarinnar. Annað er það atriði, þegar á að ákveða upphæð á þessari þóknun; þá hefi eg ekki vit til að gefa atkvæði um, hvað hún sè hæfilega sett, því í sveitum hjá okkur erum við ekki vanir við, að hvert smáviðvikið sè borgað svo mikið, og það þó menn sè launalitlir. Eg held það sè líka bágt að bera

þessa borgun saman við það, sem þeir fengu fyrir jarðamatsnefndarstörfin, því það var býsna erfiðleikum og umsvifum bundið, þar sem það kostaði marga töf, skriptir, sendiferðir, framkvæmdir og nýtt mat, og upplýsingar í ýmsum fjarlægustu hèruðum landsins.

En þetta verk held eg hafi ekki orðið þessum mönnum svo örðugt, sem átti að byggja svona á lögum og landsvenju, kunnugleika og kríngumstæðum, því báðir voru þessir menn lagamenn, og báðir voru þeir Íslendíngar og kunnugir landsháttum, og held eg þeir hafi því haft allt efnið í þetta frumvarp handbært og heima hjá sèr, því eg held það hafi engum verið þènt með því, að þeir færi að seilast eptir lögum út í önnur lönd í þessu efni; mèr finnst því tilhlýðilegast, að þeir sjálfir hefði stúngið upp á, hvað háa þóknun þeir þyrfti eða vildi fá. Að borgun þessi eigi að greiðast af landsbúum eður af alþíngiskostnaðinum, eins og hinn hæstvirti 3. konúngkjörni þingmaður lèt á sèr heyra, get eg nú ekki viðurkennt; því þá hefði líka átt að borga tilbúníinginn á öllum frumvörpum, og skýrslur til laga, sem fengnar hafa verið hjá yfirvöldunum hèr, af fè landsmanna, og mun það þó varla hafa verið venja. Eg held þessi kostnaður ætti að borgast af ríkissjóðnum, og Ísland að njóta hans í þessu tilliti, meðan það fær að vera einn hluti í alríkinu.

Jón Hjaltalín: Eg er nú sannfærður um, að nefndin hefir gjört eptir beztu vitund og með fullum ástæðum farið fram á, að þíngið ritaði konúngi bænarskrá um þetta mál, því það held eg sè þau einu rèttu úrslit málsins, ef þíngið fellst á, að rèttvíst sè, að þeir fái borgunina. Það hefir verið talað um, að launin væri of há; það held eg ekki; þetta er stórt og vandasamt mál, og það er viðurkennt í flestum löndum, að hjúalög sè mjög vandasöm; og eg held, að við hèrna höfum fundið til, að lögin um lausamenn eru ekki góð. Eg held því, að þessi nefnd hafi haft mikið fyrir, og verður er verkamaðurinn launanna. Eg er því samdóma nefndinni bæði að því er upphæðina snertir, og líka, að rita skuli konúngi bænarskrá um málið. Viðvíkjandi því, hvaðan þetta eigi að takast, þá vil eg yfirláta það til stjórnarinnar; hún leggur það ekki á landið, án þess að spyrja alþíngi að; og því finnst mèr það ótímabær burður að vera að tala um það nú.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga sagði um sveitarsjóðsmálið úr Rangárvallasýslu, þá vil eg leyfa mèr, að taka fram, að það var rangt, sem hann sagði, að *konúngsfulltrúi* skoraðist undan að veita því viðtöku af þeirri ástæðu,

að hann væri ei lengur *konúngsfulltrúi*, heldur af því hann hèlt sèr til 44. greinar í alþ.tilsk., þar sem hann segir: »Hann *(konúngsfulltrúi)* tekur á móti þíngsins tillögu- og álitsskrám, svo og þeim fortölum, bænarbrèfum og umkvörtunum, er það (alþíngi) kann að vilja framfæra, allt til að koma þessum ummælum oss til handa«, þ. e. til *konúngsins sjálfs*. En það er nú mest komið undir þeim núverandi háttvirta *konúngsfulltrúa*, hvort hann vill taka á móti áskoruninni, og láta senda í gegn um sig bænarskrá til *ráðherrastjórnarinnar*. En eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að sú aðferð sè skökk, og ekki heimiluð í alþíngistilskipuninni.

Stefán Jónsson: Mèr finnst aðalspurníngin vera orðin sú, hvort rèttara sè, að senda málið gegnum *forseta* til stjórnarinnar, eða þá í bænarskrá gegnum *konúngsfulltrúa* til konúngs. Eg sè nú ei, að menn geti bætt sig á þessu á þessum fundi, og held því, að bezt væri, að menn hugsuðu um það til næstu umræðu. Eg álít, að nefndin hafi farið rètt að, og gjört allt, sem beiðendur ætluðust til að gjört væri, og þá var það helzta, að hún segði álit sitt um upphæðina. Eg held því, að nú verði ei annað gjört, en að halda málinu eðlilega áfram og vísa því á sem beztan veg, svo umræðunum megi hætta.

Arnljótur Ólafsson: Eg kom með þetta breytíngaratkvæði til að greiða fyrir málinu, svo stjórnin gæti ei sagt, að þíngið hefði tekið að sèr mál, sem því ekki kæmi við; en nú hafa komið mótmæli á móti því, svo eg ætla nú að taka það aptur. Þetta gjöri eg og meðfram af því, er hinn háttvirti 3. konúngkjörni sagði, að það væri einúngis bænarskrá frá einstökum mönnum til konúngsi sem þíngið ætti ekki að taka, því sè þessi skilníngur rèttur, þá er breytíngaratkvæði mitt óþarft með öllu. Og önnur ástæðan til þess, að eg tek það aptur, er sú, að hinn háttvirti 4. konúngkjörni sagði, að þeir hefði einúngis leitað til þíngsins, til þess að það meti, hvers virði hjúalögin væri, og þá hefir líka nefndin rètt til, að bæta við þeirri ósk sinni, að verkið verði endurgoldið, sè nú þetta skilið svo, hefi eg ekkert á móti, að bænarskrá sè rituð til konúngs, og tek því breytíngaratkvæði mitt aptur.

Framsögumaður: Hinum heiðraða þíngmanni Mýrasýslu þótti það svo vandasamt að meta, hvað borgunin ætti að vera há; en hann þarf ekki að vera í vandræðum með það; það er búið að taka það fram í nefndarálitinu, og af því annar af nefndarmönnunum, sem voru í hjúalagamálinu, er hèr á þíngbekkjunum, og hefir

ekki með einu orði fundið að því, sem nefndin hefir núna stúngið upp á, þá gleð eg mig við, að hún hafi hitt það rètta og með það held eg þíngmaður Mýramanna verði að gjöra sig ánægðan. Hinn heiðraði þíngmaður Húnvetníinga hèlt, að nefndin hefði ekki meir en svo átt með, að stínga upp á, hvort málið skyldi fara, heldur einúngis segja eins og í frèttaskyni, hvort þeir, sem frumvarpið semdi, ætti endurgjald skilið, eður ekki. Það er auðsèð af þessu, að hann hefir ekki kynnt sèr bænarskrána; þar er beðið um hvorttveggja, bæði að þíngið meti, hve há borgunin ætti að vera, og að það stuðli til, að þessir menn fái þóknunina. Þar að auki stendur í bænarskránni þetta orð: »allraþegnsamlegasta«; þetta orð getur þó ei átt nema við konúng, og af því er auðsèð, að beiðendur hafa ætlazt til, að þíngið ritaði um þetta bænarskrá til konúngs. Hinum heiðraða þíngmanni Suður-Þingeyjarsýslu þótti óviðkunnanlegt, að hinn 3. nefndarmaður væri ekki tekinn með; en eg gat þess áðan, að bænarskráin gaf ekkert tilefni til þess. Það getur líka vel verið, að hann sè sjálfur búinn að fara þess á leit við stjórnina, og þá væri einber óþarfi af þínginu, að fara að biðja um það af nýju. En ef hann hefir ekki fengið það enn, þá stendur honum frítt fyrir, að snúa sèr til alþíngis með það seinna, ef honum þykir það betra, en leita til stjórnarinnar beinlínis. En nefndin hafði enga ástæðu til að biðja fyrir hann, meðan hún vissi ekki, hvort hann hefði fengið nokkuð eða ekkert og hvort honum væri nokkur þægð í því eða engi.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr út af þeim skilníngi, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður lagði í 77. gr. í alþ. tilsk., að þar væri einúngis meintar bænarskrár og umkvartanir, sem stílaðar væri til konúngs, að geta þess, að þetta getur ekki verið meiníngin í greininni, því hvernig gæti þær bænir komið til þíngsins? heldur eru það umkvartanir og bænarbrèf, sem beinlínis eru stílaðar til þíngsins. Þetta er augljóst af hlutarins eðli og orðunum sjálfum. Eg tek þetta fram þess vegna, að það er umvarðanda, að þíngið skili greinina rètt. Um það, hvaðan borgunin eigi að takast, skal eg ekki fara mörgum orðum, en að hún eigi að greiðast eins og alþíngiskostnaður með niðurjöfnun á landið, get eg ekki skilið sè rètt. Næst liggur að taka hana úr ríkissjóðnum, eptir því sem hèr stendur á, enda hefir þíngið nýlega álitið, að borgunina til jarðamatsnefndarinnar ætti að telja með skrifstofukostnaði, þó ólíku sè þar saman að jafna. Eg vil biðja nefndina að íhuga til næstu um-

umræðu, 77. gr. í alþ. tilskipuninni, svo málið geti orðið réttilega úr garði gjört, og það veit eg nefndin líka muni vilja, því það á líka hèr heima, að verður sè verkamaðurinn launanna.

Sveinn Skúlason: Það var mein, að hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga gekk svo illa við þessum lausaleikskróga sínum, að eg held eg verði að reyna til að taka hann til fósturs og halda í honum lífinu, og vil því taka að mèr það breytingaratkvæði, að málið gangi gegnum *forseta* og *konúngsfulltrúa* til stjórnarinnar. En eg vil líka sýna, að eg geti búið til barn og vil því áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið »að þingið lýsi yfir því áliti sínu, að sanngjarnt sè, að þeir nefndarmenn í Reykjavík, sem störfuðu að tilbúningi frumvarpsins um vinnuhjú húsmenn og lausamenn fái hver um sig 200 rd. úr ríkissjóðnum í þóknum fyrir þann starfa sinn, en að öðru leyti álíti þingið, að málið komi sèr ekki við.

Stefán Eiríksson: Það ætlar nú ekki að verða eins greiður útgangur nefndarinnar í þessu máli, eins og inngangur uppástúngunnar varð; það hefir nú svo að segja hver þingmaður staðið upp eptir annan til að tala um formgalla á málinu eða rètta leið þess gegnum þingið, en það hefði menn átt að gjöra við inngangsumræðuna, en ekki nú *(Sveinn Skúlason:* Betra er seint en aldrei). Það kemur þó alls ekki fyrir neitt nú að tala um slíkt, því úr því málið er komið svona langt, gengur það lagaveg gegnum þingið hèðan af; það, sem eg ætlaði helzt að minnast á, var það, að eg er mikið hræddur um, að niðurlagsatriði nefndarinnar verði skilin þannig, að nefndin ætlist til, að allir nefndarmennirnir fái hver þeirra 200 rd. því bæði bendir til þess fyrirsögnin og nefndarniðurlagsatriðin, »fyrirsögnin er þannig« »um þóknun fyrir nefndarstarfa við hjúalaga og húsmannalaga frumvarpið« svo eru nú niðurlagsatriðin þannig »að hann (þ. e. konúngurinn) mildilegast vili skipa svo fyrir, að áðurnefndum mönnum verði veittir 200 rd. hverjum«; þetta orð *hverjum* finnst mèr að verði eins vel skilið fyrir alla nefndarmennina, eins og fyrir 2 þeirra. Að vísu hafa nefndarmenn tekið það fram í ræðum sínum, að þeir ekki hafi meint nema 2 nefndarmennina, en eins og eg hefi nú sýnt fram á, verður það ekki skilið af nefndarniðurlaginu, því orðið *hverjum* má helzt skilja fyrir þá alla, þegar það er borið saman við fyrirsögnina.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það getur verið, að það hafi verið misskilningur minn, að kanselíráð *Finsen* væri ekki tek-

inn með í nefndarálitinu; en mèr heyrðist þó hinn heiðraði *framsögumaður* skilja það eins og eg, þegar hann las nefndarálitið. Eg heyrði hvergi *Finsens* getið í nefndarálitinu og því taldi eg sjálfsagt, að nefndin hefði ekki tekið neitt tillit til hans, eins og nú líka hinn heiðraði *framsögumaður* hefir viðurkennt, en gæti nefndin frætt mig um, að hann væri líka meintur, þá tek eg það aptur, sem eg sagði áðan. Annars vil eg benda hinum háttvirta *framsögumanni* á það, að eg er hræddur um, að hann hafi gleymt jafnrètti og sanngirni þeirri er hèr er svo títt talað um, ef honum finnst, að *Finsen* komi ekki þínginu eins við í þessu tilliti og hinir. Og þó hann ef til vill sè búinn að fá laun þau, sem hèr er talað um, þá er engi skaði, þó bent sè á hann með. En ef hann er ekki búinn að fá þau, þá er honum gjört rangt til, sè honum ekki ætlað jafnt og hinum. Þar að auki er eg hræddur um, að stjórninni muni finnast þetta einstaklegt mál, ef að eins 2 af nefndinni eru teknir fram, en ekki sá 3.

Guðmundur Brandsson: Eg tók það fram áðan, að ef hann ekki væri búinn að fá borgunina, þá væri rètti hans ei spillt, þó þingið ei bæði fyrir hann núna, því hann gæti snúið sèr seinna, hvort hann heldur vildi til þingsins, eða stjórnarinnar beinlínis. En bænarskráin gaf, sem sagt, ekkert tilefni til að mæla fram með honum.

Björn Pètursson: Eg er nú sannfærður um, að nefndin á þóknun skilið fyrir starfa sinn, og það er ekki of mikið, sem tiltekið er í uppástúngu nefndarinnar, og eg tel það víst, að stjórnin muni fallast á það. En til þess að fyrirbyggja, að stjórnin þurfi að leggja málið fyrir næsta þing og spyrja, hvaðan þóknunin eigi að takast, og þar með tefja fyrir málinu, þá vil eg, að þingið nú þegar lýsi yfir áliti sínu, hvaðan eigi að taka hana, nl. úr ríkissjóðnum (*Guðmundur Brandsson:* Það er búið að gjöra um það viðaukaatkvæði). Að því mun eg þá hallast. Eg er nú í vafa um, eins og fleiri, hvort það sè formlega rètt, að rita konúngi bænarskrá um þetta mál, enda finnst mèr ræður þingmanna lítið hafa upplýst það.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Þar sem þingmaðurinn frá Gullbríngusýslu taldi það sem gilda ástæðu fyrir því, að nefndin hafi einmitt hitt upp á það rètta með þóknunarupphæðina, að sá hlutaðeigandi, sem á hèr þingsetu, ekki hafi mótmælt henni, þá get eg ekki álitið þessa ástæðu vissa. Betra er hitt, að þeir þingmenn,

sem tekið hafa til máls, hafa ekki mótmælt þessari upphæð, og kann eg því að sætta mig við það, því, eins og eg sagði, hefi eg ekki vit á því sjálfur, og verð því að byggja mitt álit á annara dómum. Að hlutaðeigandi hefir ekki mótmælt, tel eg skilyrði fyrir því, að borgun þessi sè nóg, en ef hún væri of mikil, þá held eg það væri á móti vorra tíða þenkíngarhætti, ef hann færi að kvarta yfir því.

Benedikt Sveinsson: Eg skal nú ekki tala langt að sinni um þetta mál. Það var stúngið upp á, að leggja helmínginn af þessum kostnaði á landið. Mèr hefir nú dottið í hug, að ef umræðunum um þetta mál heldur eins líflega áfram, eins og nú hefir verið um hríð, og maður reiknaði saman, hvað þær kosta landið, þegar búið er að prenta þær, hvort það þá mundi ekki verða nærri eins mikið og þessi helmíngur, sem fulltrúi Borgfirðínga vildi láta kom á það. Eg vildi nú stínga upp á því, að umræðunum verði lokið.

Ásgeir Einarsson: Eg stend nú einúngis upp til að þakka hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir þær skýríngar, sem hann gaf þínginu. Þar sem þíngmaður Borgfirðínga sagði, að við ættum að borga helmínginn, þá þarf hann ei að segja *við;* hann hefir ei borgað mikið af alþíngiskostnaðinum hingað til.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúníngsumræðu lokið. Einúngis vil eg spyrja hinn heiðraða þíngmann Húnvetníinga, hvort hann haldi fram frávísunar uppástúngu sinni.

Ólafur Jónsson: Eg held mèr til breytíngaratkvæðis þíngmanns Norður-Þíngeyínga.

Síðan gat *forseti* 2 bænarskráa um fjárkláðann úr Villíngaholtshrepp og Grímsnesi og Garafníngi, er lagðar yrði á lestrarsalinn og settar á dagskrá til næsta dags. Sökum þess að mjög var liðið á tíma, ákvað hann fund til kl. 6 í kveld, til að ljúka við það eina mál, sem eptir var á dagskránni, þ. e. uppástúngurnar í fjárkláðamálinu

Fundi slitið.

Nítjándi fundur — 23. júlí.

(Kveldfundur)

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni koma þá til umræðu *uppá-*

stúngur nefndarinnar í *fjárkláðamálina* (þ. e. fyrri hluti nefndarálitsins) um þær *bráðabyrgðarráðstafanir, er þingið skori á stiptmann að framfylgja.* Eg get ekki tekið þetta öðruvísi á dagskrá, en eg hefi gjört, því eg gat ekki ákveðið, hvort þetta gæti orðið undirbúningsumræða eða ekki, því nefndin segir, að þetta sè »fyrri hluti« nefndarálitsins í kláðamálinu, og mun hinn síðari koma síðar. Þegar eg varð þess var, að nefndin ætlaðist til, að kláðamálið yrði þannig rætt á 4 aðalfundum eða í 2 pörtum, skrifaðist eg á við nefndina, og skýrði henni frá minni skoðun á réttri meðferð málsins, nefnilega að senda ætti gegnum *forseta* þingsins þessar uppástúngur frá nefndinni í kláðamálinu til þess að leita upplýsínga eða yfirlýsíngar um þær hjá stiptamtmanni, en hin háttvirta nefnd hefir ekki getað fallizt á þessa skoðun mína; og hefi eg því orðið að láta málið koma til umræðu, svo að þingið geti skorið úr. *Framsögumaður* er hinn konúngkjörni varaþíngmaður.

Voru uppástúngurnar síðan afhentar *framsögumanni*, er las þær upp, þannig hljóðandi:

»Alþíngi hefir kosið oss í nefnd, til þess að segja álit vort um nokkrar bænarskrár, er komnar voru til þíngsins, viðvíkjandi fjárkláðanum.

Eins og tekið var fram þegar við inngangsumræðu málsins, fara flestar bænarskrárnar í eina stefnu, og lúta að því, að senda konúngi bænarskrá um málið, en aptur á móti fer bænarskráin frá þíngvallafundinum því fram, að alþíngi skori á stiptamtmann að framfylgja sem fljótast uppástúngum þeim, sem í bænarskránni standa, og sem allar lúta að stjórn og meðferð á kláðanum nú í sumar til næstkomanda vors. Nefndin áleit því sjálfsagt, að greina þessi tvö atriði, eptir því sem efni málsins benti til, og með því hún áleit brýnustu nauðsyn til bera, að hinu síðara atriði málsins yrði ráðið sem allrafyrst til lykta á þínginu, og hún sá, að það mundi valda of miklum drætti, ef nefndin tæki svo umfangsmikið málefni fyrir í einu, þá kaus hún þá aðferð, að koma fyrst fram með þenna hluta álitsins, en hinn síðar.

Nefndin hefir yfir höfuð fallizt á grundvallarreglurnar í uppástúngum bænarskrár þíngvallafundarins, en hefir þó álitið réttara, að breyta 2., 4. og 5. atriði þannig, að eigendum hins veika fjár gæfist kostur á því, að lóga fè sínu, svo þeim yrði að eins meinað, að halda hjá sèr kláðaveiku fè, eins og hingað til hefir við gengizt, og svo að láta frestinn vera 6 vikur. Einnig hefir nefndinni komið

saman um, að bæta við sèrstöku atriði um það fè, sem koma kynni í haust úr hinum ömtunum inn í Suðuramtið, og loks virtist henni nauðsynlegt, að þess yrði óskað af stiptamtmanni, að hann auglýsi sem fyrst uppástúngurnar á prenti og sjái um, að þær verði almenníngi kunnar, og að hann enn fremur gegnum *forseta* þíngsins gjöri því sem fyrst kunnugar undirtektir hans undir þetta mál.

Að síðustu vill nefndin geta þess, að hún er orðin ásátt um, að fylgja sömu aðalskoðun fram í hinum síðara hluta álitsins.

Af þessum ástæðum er það álit nefndarinnar, að þíngið skori á stiptamtmann að framfylgja greinum þessum.

1. Að nákvæmar og áreiðanlegar skoðanir framfari hið allrabráðasta á öllu sauðfè í Suðuramtinu, sem nokkrar líkur eru til að veikt sè.
2. Að allt það fè, sem veikt kynni að finnast, sè tafarlaust tekið undir lækníngar undir opinberri umsjón um 6 vikna tíma, nema því að eins, að eigandi þess skeri það niður í stað.
3. Að hver sú kind, sem ekki er allæknuð að þeim tíma liðnum, sè tafarlaust skorin.
4. Að allt fè í Suðuramtinu sè vandlega skoðað í haust í fyrstu rèttum, og að eigendum þess fjár, er þá kynni að reynast veikt, sè gefinn kostur á því, annaðhvort að selja fè sitt undir opinbera lækníngaumsjón eða skera það þegar í stað. Með þá kind, sem eigi er læknuð eptir 6 vikna tíma, sè farið samkvæmt 3. atriði.
5. Að í vetur komanda framfari að minnsta kosti 3 skoðanir með jöfnu millibili, og sè þá eins að farið, ef veikt fè finnst, eins og fyrir er mælt í 3. og 4. atriði.
6. Að stiptamtið með ráði *þíngmanna*, er bezt þekkja til, skipi vissa menn, er hafi á hendi alla umsjón og framkvæmd í því, sem nú er sagt, með nægu valdi og fullri ábyrgð.
7. Að mönnum þessum verði sæmilega launuð vinna sín, og að laun þeirra og annar kostnaður, er að þessu lýtur, borgist af fjáreigendum, að rèttri tiltölu, að því leyti sem það opinbera ekki leggur fè til þess.
8. Með allt það fè, sem kemur inn í þetta amt frá hinum ömtunum í haust, og kláði kynni að finnast í, sè farið á sama hátt og segir í 4. atriði, samanber 3. atriði.
9. Að stiptamtið auglýsi sem fyrst ráðstafanir þessar á prenti, og hlutist svo til, að þær verði almenníngi kunnar, og gefi þíng-

inu jafnframt til vitundar gegnum *forseta* þess, að hvað miklu leyti það hafi sèð sèr fært að taka þessa áskorun alþingis til greina.

Reykjavík, 19. d. júlím. 1861.

Benedikt Sveinsson, formaður og framsögumaður. *Ólafur Jónsson.* *Jón Hjaltalín.* *Gísli Brynjúlfsson.* *Arnljótur Ólafsson,* skrifari".

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg ætlaði ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. En eg verð þó að svara nokkru því, sem hinn háttvirti *forseti* sagði. Eg skal þá geta þess, að nefndin áleit frá upphafi, að hún hefði fengið 2 mál til meðferðar, eptir því hvernig á bænarskránum stóð. Það getur reyndar engum dulizt, að allar bænarskrárnar eru um fjárkláðann, en þær eru þó svo mjög aðgreindar og ólíkar, að nefndin varð að álíta, að það ætti alls eigi við að segja álit sitt um þær í einu nefndaráliti. Bænarskráin frá þingvallafundinum bendir á ráðstafanir, sem mögulegar ætti að vera eptir því valdi, sem valdstjórnin hefir hèr á landi, eins og nú er; hinar bænarskrárnar fara fram á, að þingið leiti til konúngs og biði hans hátign um, að gjöra slíkar ráðstafanir, sem þjóðin álítur eigi unnt fyrir valdstjórnina að framkvæma án sèrstaklegra ráðstafana frá konúngsins hálfu. Bænarskrárnar aðskilja sig líka að því leyti, að þær miða sig við allt annan tíma. Bænarskráin frá þingvallafundi ræðir um, hvað gjöra skuli í máli þessu til vors, með öðrum orðum bráðabyrgðarráðstafanir, en hinar bænarskrárnar fara fram á það, hvað útheimtast muni til þess, að leiða mál þetta alveg til lykta. Þannig standa þessar bænarskrár ekki í öðru bugsunarsambandi en því, að sama grundvallarregla ætti að ganga í gegnum nefndarálitin, sem um þær yrði samin; bænarskrárnar eru ólíkar hver annari að öllu öðru en því, að þær snerta sama málið, og í alþ.tilskipuninni finnst engi stafur fyrir því, að meðferð nefndarinnar á málinu sè röng, þó menn svo leiti með loganda ljósi. Eg er reyndar ekki gamall og æfður þingmaður, og veit ekki til hlítar, hvað venja hefir verið hèr á þingi að undanförnu, en það veit eg, að 1859 kom fyrir líkt tilfelli og þetta og lík tilfelli gæti komið fyrir nærri því dags daglega. Þá var öðru máli vísað til sömu nefndar, og átti hún að semja um málin tvö nefndarálit, en málin voru þó svo skyld, að þau voru fengin einni og sömu nefnd, til þess að úrslit málanna kæmi ekki í bága hvort við annað. Þegar menn nú hafa tillit til þessa og svo þess, að

þegar þessar bænarskrár komu inn á þingið, voru 2 flutníngsmenn að bænarskránum, eg flutníngsmaður að bænarskránni frá Þingvallafundinum, og þingmaður Húnvetnínga flutníngsmaður hinna, og sýnir þetta berlega, að málin þóttu vera heldur tvö en eitt; þar var líka einmitt talað um, hvort skyldi kjósa 1 nefnd eða 2, og menn urðu á því, að bezt væri að ein nefnd yrði kosin, svo að sömu grundvallarreglu yrði fylgt í öllu því, er þingið legði til í þessu máli. Þó að nú væri kosin ein nefnd, virðist mèr það auðsætt, að nefndin gat ekki álitið hendur sínar svo bundnar, að hún mætti ekki fara með málið eptir því sem hún áliti bezt við eiga, og eg er alveg sannfærður um, að engi formgalli er á aðferð hennar; eg játa það reyndar, að vegur sá, sem *forseti* benti á, er ekki rangur, en nefndin vildi samt ekki ganga inn á hann, af því að henni fannst sinn vegur betri og áleit hann rèttan og mögulegan; þó hin aðferðin hafi við gengizt á þingi áður, en þessi aðferð ekki, þá er það engi sönnun fyrir því, að vegur nefndarinnar sè rangur.

Um málið sjálft skal eg ekki eyða mörgum orðum. Nefnd þessari var fengið örðugt ætlunarverk; þínginu eru kunnugar þær ólíku stefnur, sem hafa borizt hvor á móti annari í fleiri ár í þessu máli. Þetta er rèttnefnd barátta í því og tvöföld barátta; það er ei ofhermt, að maður hafi barizt móti manni, nágranni verið móti nágranna, en þetta er eigi allt; þeir sem hlýða áttu, hafa einnig verið á móti þeim, sem hafa átt að skipa. Þetta er *typus* eður full ímynd þeirrar stærstu ógæfu, er á seinni tíð hefir vofað yfir þessu landi, og úr þessum annmörkum átti nefndin að ráða. Viðvíkjandi hinu fyrra atriðinu áleit nefndin nú, að það sanna í þessu máli mundi vera það, að nokkuð væri rètt hjá báðum stefnunum og nokkuð rangt, og að sannleikinn mundi finnast með því að taka það rètta hjá báðum stefnunum, en hafna hinu. Nefndin vildi hafa lækníngar, því hún áleit þær góðar, en hún vildi hafa ötular lækníngar, en ekkert gutl eða kák, en ef lækníngarnar ekki takast, sá nefndin ekkert rèttara, en að skera það veika fè; og það er auðvitað, að þetta er það eðlilegasta; þegar menn eru veikir, vilja þeir læknahjálp; dugi hún ekki, svo verða menn að deyja og gjöra sèr gott af. Vèr viljum nú veita fènu lækníng, en dugi hún ekki, viljum vèr brúka hnífinn, og álítum vèr, að ekkert sè á móti því, því þetta eru þó skepnur, en ekki menn. Samkvæmt þessu tiltók nefndin hæfilega langan tíma til lækníganna. Þá er hitt atriðið. Til þess að koma samhljóðun

á milli þeirra, sem skipa, og þeirra, sem eiga að hlýða, áleit nefndin bezt, að þingið kæmi sèr saman við hinn æðsta valdsmann hèr á landi stiptamtmanninn, og legðist á eitt með honum og hann með þeim, og þetta var það, sem mestmegnis kom nefndinni til þess, að fara þann veg í málinu, sem hún hefir farið, því það liggur þó í augum uppi, að það hefði verið allt annað mál, þó *nefndin* hefði leitað álits stiptamtmanns um uppástúngur *hennar*, en hitt, að *þingið* í heild sinni, leggi samþykki sitt á þær breyttar eður óbreyttar, og snúi sèr svo til stiptamtmanns með þær, eins og nefndin ætlast til. Um hinar einstöku uppástúngur ætla eg ekki að tala, fyrr en eg hefi heyrt tillögur þingmanna um þær.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að gjöra fáeinar athugasemdir til upplýsíngar þessu formspursmáli. *Framsögumaður* sagði, að hann áliti ekkert væri á móti því formi, sem eg hefi bent á að hefir verið fylgt á undanförnum þíngum, og sem eg álít sè óhultast fyrir þingið að fylgja, því eg er hræddur við þessi spánýju form, er hvorki eiga að styðjast við skýlausar lagaákvarðanir nè undangengna venju á þingi, og vildi eg sízt stuðla til þess, að það væri við haft í áríðanda máli, eða láta viðhafa það án þess að benda þínginu á, hve viðsjált það væri. *Framsögumaður* sagði, að »ekkert hugsunarsamband væri milli bænarskrárinnar frá þingvöllum og hinna úr hèruðunum áhrærandi fjárkláðamálið; því þær færi allar fram á atriði í bænarskrá til konúngs, en þingvallabænarskráin einúngis fram á bráðabyrgðarráðstafanir af hendi stiptamtmannsins til næsta vors. En mèr þykir þetta undarlega sagt af *framsögumanni*, og ofsagt, þar sem nefndin hefir sjálf sett þær í hið fyllsta hugsunarsamband, því hún segir, að hèr komi *fyrri hluti* nefndarálitsins um málið, og skoðar hún þá nefndarálitið um hvorartveggja bænarskrárnar í einni og sömu heild hins eina og sama máls, og hún gat ekki heldur annað, því þegar 2 mál eru fengin sömu nefnd, eða öðru máli er síðar vísað til nefndar, sem þegar er sett, þá kemur það af því, að þingið álítur málin svo skyld, þó að uppástúngurnar virðist fara í aðra átt í einni bænarskrá, en annari, að þær eigi að meðhöndlast og megi meðhöndlast í einni og sömu nefnd, einu og sama nefndaráliti, og koma síðan til lögskipaðrar meðferðar og umræðu á þingi í *einu lagi*. Dæmið fyrir hinu gagnstæða, er hann tók frá 1859, sannar ekkert; það voru 2 konúngleg frumvörp, sem voru reyndar sitt um hvort efni, og að vísu voru þau fengin sömu nefnd til meðferðar; það var frumvarpið um

stofnun barnaskóla í Reykjavík og frumvarpið um toll af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík. Þetta frumvarpið var fólgið nefnd þeirri til meðferðar, hinni sömu, er var sett áður í barnaskólamálinu, og var það gjört eptir beinum tillögum *konúngsfulltrúa;* en hugsunarsambandið milli þessara mála var það eina, að til þess að menn gæti stofnað barnaskóla, þurfti að fá fè, og úr því átti frumvarpið um lóðartollinn að ráða að nokkru leyti. En nefndin samdi þá líka 2 sèrstök nefndarálit — ekki »fyrra hluta« og »síðara hluta«, eins og hèr er ráðgjört — um hvort málið fyrir sig voru 2 umræður og *sitt álitsskjalið til konúngs* samið í hvoru málinu fyrir sig. Hèr er allt öðru máli að gegna; bænarskrárnar eru í rauninni allar um eitt og sama málefni, nefnilega kláðann, því þó sumar fari fram á niðurskurð, sumar lækníngar, og sumar fram á takmörkun kláðasviðsins, þá heimilar þessi ólíka stefna og niðurlagsatriði í bænarskránum alls ekki, að þíngið ræði hverja stefnuna fyrir sig með tveimur lögskipuðum umræðum, þannig að þetta eina og sama mál yrði fjór- eða sexrætt, og eg veit ekki hvað margrætt, á einu og sama þíngi; þetta leyfa þíngsköp vor alls eigi. Eg get ekki sèð, hvað er á móti því, að fylgja sömu reglu og höfð var í kláðamálinu 1857 og stóð þíngið þó þá ólíku betur að vígi, því þá hafði það *löggjafarvald* til bráðabyrgðarráðstafana, ef amtmennirnir gæti fallizt á uppástúngur þíngsins; og þó voru reglur þær, sem þíngið samdi, ekki fyrst ræddar af þínginu og síðan bornar undir amtmennina og svo aptur ræddar, þegar þeir höfðu sagt álit sitt um þær, heldur voru allar reglurnar fyrst tvíræddar og samþykktar af þínginu 15. ágúst, og *síðan* borið undir amtmennina með brèfi frá *forseta* dagsettu 17. ágúst. 1859 fann nefndin í kláðamálinu ástæðu til að leita upplýsínga hjá hinum konúnglegu erindsrekum í kláðamálinu og beina áskorunum að þeim um það, hverjar bráðabyrgðarráðstafanir yrði gjörðar í málinu, og voru þessi atriði ekki rædd á þíngi fyrirfram, heldur leitaði nefndin til þeirra í gegnum *forseta* þíngsins; erindsrekarnir skrifuðu *forseta* aptur svar sitt og var brèf þeirra af nefndinni tekið upp í nefndarálitið. Þannig höfum vèr sannarlega verulegan og fastan feril, sem þíngið hefir fylgt að undanförnu einmitt í sama máli og stjórnin fallizt á; því hún mundi vissulega hafa fundið eitthvað að þessari form-aðferð, ef hún hefði getað, og virðist mèr þá vissara og óhultara, einkum í jafnáríðanda máli, að fylgja þessum fasta ferli, en ísjárvert og næsta hæpið fyrir þíngið, að taka

upp spánýjan feril og spánýtt form, sem ekki er leyft í alþ.tilsk., því í henni er engi stafur fyrir, að þessa málsmeðferð, sem hin háttvirta nefnd fer fram á, megi viðhafa á þingi, og þó að það standi hvergi, eins og *framsögumaður* sagði, að þetta sè *ekki* leyfilegt, þá má segja þetta um svo margt annað; það er margur sá hlutur, sem er bæði óleyfilegur og formlaus, þó að ekki sè hann *bannaður,* eða hið ólöglega form. Eg álít því, að það væri mjög æskilegt, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* vildi láta í ljósi meiníng sína um þetta nú þegar; en eg finn mèr skylt að vekja athygli þingsins að því, bæði yfir höfuð að tala og einkum þar sem nefndin stíngur uppá, *„að þingið skori á stiptamtmann að framfylgja greinum* sínum eða uppástúngum sem bráðabyrgðarráðstöfunum, því eg álít, að alþíngi hafi *engan* áskorunarunarrètt, hvorki á æðri nè lægri embættismenn fyrir utan þingið til framkvæmdar þeim ráðstöfunum, er embættið snertir, þó að þingið álíti þær nauðsynlegar. Það var allt öðruvísi ástatt 1857, þá hafði þingið þegið sèrstaklegan rètt til áskorunar, en nú ekki; nú getur það að eins spurt sig fyrir hjá stiptamtmanni eða lýst yfir við hann áliti sínu. Eg bið hina háttvirtu þingmenn að taka ekki þessi orð mín svo, að þau komi af neinni keppni við nefndina, því eg vil stuðla að því á allan veg með nefndinni að miðla svo málum, að finna ráð og tillögur til þess að sameina hinar sundurleitu stefnur, sem ríkt hafa í þessu máli, og þá tvo flokka, sem hafa staðið andstæðir hver á móti öðrum; hin háttvirta nefnd hefir að vísu hitt á aðgengilega grundvallarhugsun til þess, eptir því sem mèr virðist, væri henni eptir því formlega og heppilega framfylgt, en mèr sýnist það mjög óheppilegt og ískyggilegt, að velja það formið til þessa, sem ekki hefir neina heimild fyrir sèr í alþingislögunum, og sem er að minnsta kosti alveg nýtt og óheyrt, og þess vegna má búast við að leiði ekki til heppilegrar eður æskilegrar niðurstöðu.

Konúngsfulltrúi: Eg þarf ekki að vera margorður um þetta mál og það formlega í því, þar sem hinn heiðraði *forseti* hefir tekið það fram í ljósum og greinilegum orðum, og eg algjörlega verð að vera honum samdóma. Eg get nefnilega ekki skilið í því, að nefndinni geti verið heimilt að tvískipta svona málinu; henni voru fengnar allar bænarskrárnar, til þess að hún kæmi því, sem þær fóru fram á, í eina heild og í eina stefnu; þetta var þingsins meiníng, það er víst. *Framsögumaður* sagði það væri ekkert hugsunarsamband milli súmra bænarskránna; það er að því leyti

satt, að þær hafa sumar ólíka stefnu, en þingið áleit þó, að nefndin mundi geta komið þeim öllum í sömu stefnuna, og það álít eg að nefndin hefði lika átt að gjöra, og eg verð því að mótmæla þessari tviskiptingu á málinu, því auk þess sem eg álít, að hana vanti stað í alþingistilskipuninni, tefur hún þingið frá öðrum þess störfum, sem eru mörg og mörgum þó ólokið, en langt liðið á þingtímann.

Þetta vil eg biðja þingið vel að athuga og yfir höfuð að fara með allri stillingu og gætni í þetta mál.

Framsögumaður: Þetta þykir mèr vera heldur en ekki *„ulige Kamp“*, eins og Danir segja, eður mikill liðsmunur fyrir mig, þar sem eg er svo óheppinn, að bæði hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og hinn háttvirti *forseti* eru orðnir mótstöðumenn mínir í þessu máli. En eg treysti málstað mínum öruggt. Eg vil leyfa mèr að svara fáu af því, sem *forseti* sagði, og get eg þá fyrst þess, að mèr þótti hann taka orð mín nokkuð öfugt upp. Eg sagði t. a. m. alls ekki, að ekkert hugsunarsamband væri milli bænarskránna, heldur sagði eg, að ekkert hugsunarsamband væri milli þeirra, *nema* að því leyti sem sama grundvallarregla ætti að ganga í gegnum álit nefndarinnar um allar bænarskrárnar, og við þetta stend eg. Getur þingheimur skilið það, hvernig menn í sömu andránni geta með nokkru öðru hugsunarsambandi, en þessu, borið bænir sínar fram fyrir konúnginn í Danmörku og stiptamtmanninn hèrna á Íslandi? Eg veit reyndar ofur vel, að það má hauga saman alls konar ósamanhangandi hugsunum í eitt skjal, en það verður þó ekki sett í bænarskrá til konúngs, sem á að fara til stiptamtmanns, og það verður ekki sett í brèf þingsins til stiptamtmanns, sem á að fara í bænarskrá til konúngs. Þetta stendur ekki í neinu hugsunarsambandi hvað við annað, en sama grundvallarregla ætti þó að ganga í gegnum allt málið; bón þingsins til konúngsins og bón þess til stiptamtmannsins á að vera byggð á sömu aðalskoðun; að draga út úr þessu, að nefndin vili hafa eins mörg álitsskjöl og nefndarálit í þessu máli og bænarskrárnar eru margar, álít eg þess vegna ekkert annað en útúrsnúning; nefndin vildi að eins hafa þá bænarskrá sèr, sem fór fram á bráðabyrgðarráðstafanir, en hinar allar í öðru lagi, sem þingið verður að senda konúngi bænarskrá um. Eg get ekki annað sèð, en að þetta sè rètt, og það, sem hinn háttvirti *forseti* sagði móti því, er eg gat um áður, að þingið hefði 1859 vísað tveim málum til sömu nefndar, er ofur lèttvægt, ef rètt er að gáð, og sannar einmitt mitt mál; því *konúnglegt* frum-

varp getur ekki haft minni rètt á þinginu en hvert annað mál, þó ei væri í öðru en formlegu tilliti, og *konúngsfulltrúinn,* sem hèr var á þingi 1859, amtmaður sál. Melsteð, er eg ætla að hafi verið manna fróðastur um meðferð mála á þingum, sagði þá, að það væri engi efi á, að það *mætti* vísa tveim málum til sömu nefndar, og að hún semdi um þau 2 álitsskjöl, og það er þó auðsèð, að það er ekki rètt að fella þetta mál, þó nefndin hafi brúkað orðið síðara hluta nefndarálitsins, því það orð miðaði hún við ætlunarverk 2. nefndarálits, en ei við það, að hún ætlaði að gefa 1 álit í 2 pörtum. Eg neitaði því ekki, að vegur sá, sem *forseti* bendir á, væri rèttur, og eg skal ekki segja, hvað nefndin hefði gjört, hefði hún fengið þessar bendingar frá *forseta,* áður en nefndin var búin að semja og undirskrifa þetta álit sitt, en eg sè ekki, hvers vegna nefndin þarf að taka aptur þetta sitt álit og fara annan veg, ef hennar vegur er rèttur, og auk þessa vildi eg benda hinum háttvirta *forseta* á það, sem eg var búinn að taka berlega fram, að aðferð nefndarinnar hefir allt aðra þýðíng fyrir málið en hans aðferð, svo þetta má ekki bera saman. Eg sagði áðan, að engi stafur í alþingistilskipuninni væri á móti formi nefndarinnar, það er satt, og eg veit, að bæði *konúngsfulltrúi* og *forseti* eru svo góðir lagamenn, að þeir vita, að það er almenn regla, að sú lagasetníng, sem verður dregin út úr hlutarins eðli, er leyfileg, ef ekkert er í lögum, sem stríðir á móti henni. Þetta er nú sitt hvað og segja, að allt það sè leyfilegt, sem ekki sè bannað með berum lagastaf. Sú aðferð, sem nefndin hefir brúkað, liggur nú í hlutarins eðli, og engi lagastafur er heldur á móti því, og verð eg því að álíta hana með öllu lögmæta, hvort sem hún hefði verið við höfð eður eigi. *Forseti* hèlt því svo mikið fram, að hèr væri fastur ferill, sem þingið mætti ekki yfirgefa, þenna feril bjó hann til úr aðferð þingsins 1857 og 1859 í kláðamálinu. En eg verð nú að benda honum á, að aðferð þingsins 1857 er einmitt sú sama, sem nefndin hefir haft núna, og hann er að rífa niður. Hann sagði, að *þingið* hefði *sett* uppástúngur sínar í 2 umræður, *sampykkt* þær og *síðan* borið þær undir amtmennina. Má eg nú spyrja: Er þetta ekki einmitt gagnstætt því, sem þingið gjörði 1859, og jafngagnstætt, eins og aðferð nefndarinnar og aðferð *forseta?* Hèr er því alls engi fastur ferill eður venja, heldur tvö einstök tilfelli, og eptir öðru þeirra hefir nefndin einmitt hagað sèr; ferill *forseta* er því eigi fastari eptir venju þingsins, en ferill nefndarinnar; það verður heldur ekki

hangið í því, að þingið hafi haft sèrstaka heimild frá stjórninni 1857; því þessi heimild snerti alls eigi formið, heldur *vald* þingsins, eins konar löggjafarvald. Að þessu verða menn vel að gæta. Hins vil eg og geta, að þingið 1857 sendi síðan bænarskrá til konúngs og nefndarálitið í því máli var allt annað en um samþykktir þingsins, sem fóru til amtmannanna. Mèr þykir það að öllu leyti bágt, ef sú aðferð, sem nefndin valdi til þess að flýta fyrir þessu máli yrði einmitt til þess að seinka því eða til þess að eyða þingtímanum um þarflítil spursmál, en nefndinni datt ekki í hug, að svona langar umræður mundu rísa af öðru eins og þessu. Að því sem snertir það, sem *forseti* sagði um áskorun nefndarinnar á stiptamtmann, þá veit eg, að nefndin valdi ekki þetta orð, af því að hún vildi meiða stiptamtmann nè til þess með því að spilla fyrir málinu; en eg man svo mikið, að eg var í fyrra í nefnd, sem í mestu auðmýkt gjörði fyrirspurnir til stiptamtmanns, og leyfði sú nefnd sèr samt að skora á stiptamtmann um að gefa þær; nefndin meinti nú ekki annað með þessu orði, en að þingið lèti kröptuglega í ljós við stiptamtmann þá ósk sína, að þessum reglum yrði fylgt; ef orðið er óheppilega orðað, getur þingið hæglega lagað þetta í hendi sinni og eins fleira, ef þurfa þykir.

Eg þarf ekki að svara hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* mörgu, því það, sem hann sagði, var að eins samsinníng þess, er *forseti* sagði. Eg vil að eins geta um það tvennt, að mèr þyki undarlegt, að hann hèrna um daginn var svo meðmæltur uppástúngu þingmannsins úr Gullbríngusýslu, er fór fram á að útiloka allar bænarskrár, er kæmi eptir hálfnaðan þingtímann og eptir minni skoðun var beinlínis móti 63. gr. alþingistilskipunarinnar, en er nú svo mikið á móti aðferð nefndarinnar, sem engi stafur bannar í alþingistilskip. Eg man og eigi betur, en að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* lèti það í ljós við inngangsumræðu þessa máls, að bænarskráin frá Þingvöllum, sem þá var lesin upp, væri einmitt sú, sem helzt væri til greina takandi, en hún fer einmitt því fram, sem hèr er farið fram, og hefði hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* þá samkvæmt 66. gr. getað gjört svo vel og bent nefndinni á þenna galla, hefði honum fundizt hann vera á henni.

Arnljótur Ólafsson: Það var sannarlega mjög svo óheppilegt, að þingið skyldi velja í þessa nefnd svo ófróða menn í lögum og jafnvel þingsköpum, að málið ef til vill verður að falla fyrir það; en það skyldi vera sú eina heppni með óheppni, sem af þessu get-

ur leitt, en það er, að rígurinn og ágreiningurinn, sem hefir áður verið í efninu í kláðamálinu, hlaupi nú út í skinnið á málinu eður meðferð þess. Eg get ekki skilið þenna ágreining milli hins háttvirta *forseta* og *konúngsfulltrúa* öðrum megin og nefndarinnar hinum megin, öðruvísi en svo, að fyrst nú ágreiningnum í aðalefninu er lokið, en af því nú svo má virðast sem það sè forlög þessa máls, að einhver ágreiningur sè, þá hljóti hann nú að vera um meðferð þess. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir ljóslega tekið fram, hvers vegna nefndin skipti málinu í tvennt, og helzta ástæðan var sú, að sinn hluti málsins skyldi ganga til hvers ólíks yfirvalds, og að tíminn er svo alveg ólíkur, að hvor um sig útilokar annan. En látum nú svo vera, að þessi aðferð sè eigi lögfull; en þá vil eg nú spyrja: Hvaða áhrif getur það haft á bænarskrá til konúngs, að þessi aðferð er höfð? Eg vil líka spyrja: Ætli stjórnin segi um aftekníng seinni parts 43. málsgreinar í alþingistilskipuninni: »Eg get ekki tekið þetta til greina, af því *forseti* var jafnframt beðinn að biðja stjórnina um sama efni í þetta sinn?« Eg þori að fullyrða, að þótt nefnd komi með 2 ólík atriði í sama nefndaráliti, þá geti það ei haft nein áhrif á álitsskjal til konúngs, þegar allt er þar í góðu lagi. En vera má *forseti* sè með því, að setja það allt í eitt, sem stjórnin þó aðskilur. Eg man ei betur, en lögin um hjú og lausamenn kæmi í einu lagi frá nefndinni, en þó var frumvarpið, þegar það kom frá stjórninni aptur, í tvennu lagi, og þegar stjórnin má aðskilja það, sem er svo líkt, hví má þingið þá ei aðskilja það, sem í eðli sínu er mjög ólíkt? Að því er orðið »áskorun« snertir, þá sagði *forseti* á alþingi 1853, að þingið mætti senda mál til stiptamtmanns bæði með áskorun og áskorunarlaust; en það getur nú verið, að nú sè kominn annar andi í *forseta* þingsins, en þá var, þó tilskipunin sè óbreytt. Eg legg ei annað í »áskorun«, en að biðja stiptamtmann um að framfylgja uppástúngunum og að fá að vita vilja stiptamtmannsins. Eg hefi ekki enn heyrt af ræðunum neina ástæðu fyrir, að þessi aðferð muni spilla fyrir málinu hjá stjórninni; og fyrr en eg sannfærist um það, get eg ekki fallið frá áliti mínu og nefndarinnar.

Guðmundur Brandsson: Það hafa nú orðið töluverðar umræður um formið á þessu máli, og vildi eg nú skjóta því til hins háttvirta *forseta,* hvort hann vildi ekki nota það vald, sem honum er gefið í 49. gr. alþ.tilsk. og leita þegar atkvæða um, hvort umræðunum skuli halda áfram nú þegar, eða bíða eptir hinum hluta

málsins, því þær umræður sem orðið hafa síðan áðan, eru til lítils annars en spilla tíma þingsins. Eg vildi að eins benda á eitt, þar sem sagt hefir verið, að þessar 2 hliðar málsins mundu eigi koma í bága hvor við aðra; eg vil benda á 7. atr. í uppástungunum. Mèr þykir mikið, ef stiptamtmaður upp á eigin ábyrgð getur skipað fjáreigendum að borga skoðunarmönnum ómak þeirra og lækningakostnað. Í þessu er eg nú hræddur um að fyrri og seinni hlutanum kynni að slá saman; eg vildi að eins benda á þetta eina dæmi; en líklega er eins með fleiri af uppástúngunum, ef þær yrði vandlega skoðaðar.

Framsögumaður: Eg vil leyfa mèr að taka það fram, að þetta var einmitt ein af aðalástæðunum til, eins og eg benti á áður, að nefndin hafði þessa aðferð; þingið verður að vita, hvað stiptamtmaður gjörir í þessu efni, áður en það gjörir út um aðalmálið; álit stiptamtmannsins er ómissandi leiðbeining fyrir þingið, því það þarf ei að efast um, að hann segi um málið það sem hann álítur rèttast og affarabezt í því.

Indriði Gíslason: Eg ætlaði einmitt að fara að gjöra fyrirspurn til *forseta,* þegar hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu stóð upp og gjörði áskorun um það sama, sem eg ætlaði að gjöra. Eg ætla því að stilla mig um núna að leiða rök að því, hver vitleysa og óhamingja þetta ástand í málinu er, sem það nú er komið í. En þegar fullvissa er fyrir, að það sè lögformlega komið inn á þingið, mun eg reyna að benda á það, og fyrir því ætla eg ekkert að fara út í niðurlagsatriði nefndarinnar, því eg vona, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og *forseti* veri þingið fyrir slíkum formgöllum, og vona eg því, að þegar verði gengið til atkvæða, og því verði þegar vísað til nefndarinnar aptur.

Sveinn Skúlason: Eg vil taka það skýrt fram, sem ekki hefir verið tekið nógu greinilega fram, að það er brýn nauðsyn fyrir þingið, að fá að vita undirtektir stiptamtmanns undir þetta, áður en það ritar bænarskrá til konúngs í hinu málinu.

Forseti: Þingið getur fengið það á annan veg. En samkvæmt uppástúngu þingmannanna frá Gullbringu- og Dalasýslu, og því sem ráðgjört er í 49. og 69. gr. alþ.tilskip., vil eg bera undir atkvæði þingmanna, hvort umræðunum um þetta nefndarálit skuli halda áfram nú, eður að þeim skuli fresta til undirbúningsumræðunnar um aðalmálið.

Var síðan gengið til atkvæða og samþykkt með 17 atkv. gegn 8, að umræðunum væri haldið áfram nú þegar.

Indriði Gíslason: Það eru flestir, sem ekki þegja allt af, að þeir standa upp við svona hátíðleg tækifæri, eins og þetta fallega og formlega nefndarálit er, því svo hljóðar máltækið: »vex vili þá vel gengur«.

Það er nú auðsèð á nefndaráliti þessu, að það hefir einúngis verið haft tillit til bænarskrárinnar frá Þíngvallafundi, og er það líka mjög eðlilegt, þar sem að einn af nefndarmönnum var að mestu leyti höfundur hennar. Það segir í nefndarálitinu, að eigendum hins sjúka fjár eigi að gefast kostur á að lóga fè sínu«. Má eg spyrja: Hefir engi mátt lóga kind fyrr en nú, svo þeim yrði að eins meinað að halda hjá sèr kláðaveiku fè? Þetta vildi eg að hin heiðraða nefnd vildi skýra fyrir mèr, því eg skil það ekki; 1. atriði er nú ef til vill ekki mjög slóðalegt, en þó er eg hræddur um, að það verði mest í orði, en 2. atriði að því er 6 vikna tímann snertir, því held eg flestir verði fegnir, ef búið væri að lækna innan þessara 6 vikna, og eg held, þó það væri ekki fyrr en innan 8 vikna. En 3. grein, að hver sú kind, sem ekki er læknuð innan þessa tíma, sè tafarlaust skorin, hún er nú nokkuð eptirtektaverð, þegar hún er borin saman við 4. atr., því þar er þó gjört ráð fyrir, að kláði komi upp aptur og skuli þá eins að farið. Það mun þá sjálfsagt vera meinað til þess, að hann komi fram í því, sem búið er að lækna, og ber það vel saman við það, sem hinir konúnglegu erindsrekar sögðu, að hann kæmi þráfaldlega fram í öðrum löndum, og þó er þetta fè talið læknað, en hèr þá gjört ráð um, að lækníngarnar takist ekki betur en þetta, því það veit eg, að ekki er ráðgjört, að það, sem skorið er, gangi aptur, svo að þurfi að lækna það, og svona á nú að halda áfram í haust og vetur og fram á vor, eptir því sem segir í 5. atriði. Þá kemur nú 6. atriði; það er nú atriði, sem nokkuð segir og ekki er mjög óviturlega hugsað; það ætlar nú, held eg, að fara að hækka hagur alþíngis, þegar það á að hafa með stiptamtmanni »nægt« vald, það er með öðrum orðum, þíngið setur stiptamtmann fyrir kláðakonúng og veitir honum um leið skattgjafarvald, sem sjá má af 7. atriði. Þetta er gleðilegur boðskapur, að þar hefir nú loksins verið hitt ráðið til að útrýma kláðanum; það er mál komið. Síðan á nú þessi nýi alræðiskláðastjórnari að kjósa ráðgjafana með ráði þíngmanna, það sè eg strax að ætti að vera þeir mennirnir, sem

eru reyndir að höppum, sameinuðum þekkingu og framtakssemi, og það er ekki að dylja þess, að það eru hinn 5. konúngkjörni, þíngmaður Reykvíkínga og hinn konúngkjörni varaþíngmaður, og þetta er nú hin nýja kláðastjórn, sem eptir nefndarálitinu ekki mun reynast mjög illa, og þetta held eg sè nú munur að hafa hjá sèr þenna nýja íslenzka konúng, eða verða að sækja allt þetta suður til Friðriks Danakonúngs, en ein er hörmúngin mest, og það er sú, að þegar vèr beiðumst þess, að mega halda þessari nýju stjórn, sem vèr værum farnir að hænast að, og reynd er að þekktum dugnaði, ef stjórnin eða rèttara sagt konúngur, skyldi segja nei, það þarf ekki nema eitt nei til þess, það þarf ekki nítján nei, því ekki er víst, að okkur tækist eins heppilega og þeim í Damaskusborg, þótt jarlsdæmið væri líkt til komið. Þegar eg hèrna um daginn var að hugsa um uppástúnguna mína sællar minníngar, þá er það sannast að segja, að mèr datt í hug, að gott væri að þíngið hefði það vald, að það sjálft gæti nú tekið sèr kláðamálsstjórnendur, en mèr varð illt við, og hugsaði, að slík hugsun væri eins konar landráð; og því snèri eg uppástúngu minni og bæn einúngis rètta leið til konúngsins, en þegar eg nú ber þenna hugarburð minn saman við nefndarálitið, þá gengur það miklu lengra, og það svo langt, að það tekur sèr skattálöguvald, og fyrir því þori eg ekki að ganga inn á það, því það kennir ugglaust landráða, fari nú svo, að þíngið gangi inn á þetta formleysi og ósamkvæmni í málinu, formleysi í því að ræða tvisvar sama málið til undirbúnings, og tvisvar til ályktarumræðu, og semi tvær bænarskrár, aðra til Danakonúngs, en hina til hins ófædda íslenzka kláðamálskonúngs, þá verð eg að lýsa yfir því, að eg verð að áskilja mèr ríflegt viðaukaatkvæði, nefnilega að allir þeir verðir, sem Norðlendíngar og Vestfirðíngar þurfa að kosta, sè endurgoldnir af kláðafjáreigendunum á Suðurlandi.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er ekki heppilegt, að fara nú þegar í byrjuninni að spauga með mál þetta, því það er þó sannarlega alvarlegt mál. Það er líka of snemmt, að fara að tæta í sundur þessar uppástúngur nefndarinnar, áður en menn heyra álit *konúngsfulltrúa* um málið; það væri því mjög æskilegt, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* lèti í ljósi álit sitt, með því hann er líka stiptamtmaður.

Forseti: Það er auðvitað, að eg vil eigi taka að neinu fram fyrir hendur á hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*, eða takmarka að neinu hluttekníng hans í umræðum þessa máls heldur en annara,

en samt verð eg að vekja athygli þingmanna að því og taka það skýrt fram, að *stiptamtmaður er hèr alls eigi á þingi.*

Jón Hjaltalín: Tvenn er nú æfin. Ekki hugsaði eg það núna fyrir 3 dögum, þegar uppástúngan kom frá þingmanni Dalasýslu, að eg mundi fám dögum síðar verða nefndur Íslands kláðareki. Mèr þykir nú annars skrítið, að vilja neita málinu um viðtöku nú, af því það eigi fyrst að leita til stiptamtmanns; það er einmitt það, sem nefndin er að biðja þingið um, að hjálpa sèr til að koma því til stiptamtmanns, og því má svo álíta, að ræða þingmannsins í Suður-Þingeyjarsýslu leiðir málið í raun rèttri.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það eru einúngis 2 stefnur, sem hafa bendzt á í þessu kláðamáli, og brúkaðar hafa verið til að reyna til að útrýma þessari sýki úr landinu; það er niðrskurðurinn, og hefir hann dugað vel, þegar hann hefir verið skynsamlega við hafður, og það er lækníngaaðferðin, og hefir hún nú enn ekki getað dugað til hlítar, og því var það, að hèr komu margar bænarskrár til þings viðvíkjandi þessu máli, og fóru sumar þeirra fram á það sama, sem alþíngi fèllst á síðast, að þrengt yrði smátt og smátt kláðasviðið, og reynt yrði þannig til að skera kláðann burt úr landinu með tíðinni. Eg sè samt ekki á þessu nefndaráliti, sem hèr er nú komið, að þessar bænarskrár hafi verið teknar neitt til greina, og þessu ráði, sem betur hefir þó reynzt, hefir þannig verið algjörlega sleppt út; en hin aðferðin, sem ekki hefir dugað, en er valin, það er þetta lækníngakák. Til þess eiga nú víst að miða þessar reglur, sem nefnd þessi hefir gefið hèr út. Mèr lízt nú svo á þær, að eg hefi enga trú á þeim, og það væri gaman að heyra, hvort sá hæstvirti *konúngsfulltrúi* heldur, að stiptamtmaður geti tekið þær að sèr til að breyta eptir þeim. Eg ætla ekki að dæma þær grein fyrir grein; það yrði heldur langt, en eg vil einúngis taka til dæmis eina grein; það er undir tölulið 6., að stiptamtið, með ráði þingmanna er bezt þekkja til, skipi vissa menn, er hafi á hendi alla umsjón og framkvæmdir í því, sem hèr er sagt, með nægu valdi og fullri ábyrgð. Eg vil nú fyrst spyrja: Hverir eru þeir þingmenn, sem kunnugastir eru? Hver getur sagt það, og hverir eru þeir menn, sem stiptamtmaður og þingmenn eiga vald á að skipa þetta? Hverir ætli vili takast á hendur framkvæmdir í því, sem ómögulegt er að framkvæma? Eða hver vill taka upp á sig ábyrgð í öllu, sem hèr er skipað, að það framkvæmist, ef fjáreigendur setja sig á móti því? Eða hefir stiptamt-

maður myndugleika til að gefa þeim nóg vald til að drífa þetta fram, hvað sem hver segir? Eg ætlast ekki til, að mèr verði svarað þessum spurníngum, en eg bið menn að aðgæta þetta og því umlíkt. Eg fyrir mitt leyti álít ekkert gagn fyrir kláðamálið í þessu nefndaráliti eða reglum þess, eins og þær núna liggja fyrir.

Guðmundur Brandsson: Eg er nú samdóma þessum 3 mönnum, sem sögðu, að uppástúngur þessar mundu vera viðsjálar; og sama er að segja um það, að mest er í það varið, að fá að vita, hvað stiptamtmaðurinn segir um þetta, hvort sem hann er settur eða virkilegur; vèr vitum, að hèr er maður, sem gegnir stiptamtmannsstörfum, og væri því óskanda, að hann segði, hvort hann treysti sèr til að framfylgja þessum uppástúngum eða ekki. Þá vil eg nú leyfa mèr nokkrar athugasemdir um hin einstöku atriði. Hvað þá snertir 1. atr., þá ímynda eg mèr, að hann geti gjört þær ráðstafanir, sem þar eru fyrirskipaðar. Aptur á móti er eg efablandnari um 2. atriði, að allt veikt fè sè þegar tekið undir lækníngar með opinberri umsjón um 6 vikna tíma, nema því að eins, að eigandi þess skeri það niður í stað. Það getur verið, að stiptamtmaður hafi það fè í höndum, að hann geti fengið þessa umsjónarmenn, en það efast eg þó mjög um, og eins um hitt, að hann hafi vald til að fyrirskipa þetta. 3. atriðið bætir nú ei úr, að hver kind, sem ei er allæknuð á þeim tíma, sè tafarlaust skorin. Eg vil spyrja: Stríðir þetta ekki á móti eignarrèttinum? Eg held, að svo geti að borið, að kindin sè á góðum vegi til að læknast eptir þenna tíma, þó hún ef til vill sè ekki allæknuð; það kann að finnast einhverstaðar á henni hrúðurskóf, og þá má stiptamtmaður skipa að skera hana, ef 6 vikur eru liðnar frá því að byrjað var að lækna hana. Þetta held eg sè nú að þröngva í meira lagi að eignarrèttinum. Sama er nú að segja um 4. atriði. Það fer í líka stefnu, og eg sè ei, hvernig það á að framkvæmast. Eins er um 5. atriði; einlægur skurður, kind af kind; það gæti ef til vill orðið gott til að útrýma kláðanum, ef hann kæmi aptur, því með þessu móti yrði seinast hver skepna drepin. Um 6. atriði talaði hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu, svo eg þarf ei að tala um það. Þá kemur nú 7. atriði, að launin til umsjónarmannanna borgist af fjáreigendum, ef hið opinbera ekki leggur fè til þess. Getur stiptamtmaður skipað þetta? Hefir hann vald til þess án konúngssamþykkis? Og eg vil jafnvel spyrja: Hefir konúngur sjálfur vald til að skipa það, án þess að það gangi í gegnum alþíngi? og hefir þá alþíngi

vald til að ákveða þetta? Það er sagt, að það eigi að borgast af fjáreigendum; eg veit nú ekki, hvort nefndin hefir meint, að það ætti að borgast af öllum, sem eiga fé, eða einúngis af eigendum hins sjúka fjár (*Benedikt Sveinsson:* Af eigendum hins sjúka; það skilst af nefndarálitinu). 8. atriði fer nú í sömu stefnu og 3. og 4. atriði, og eg get ekki séð, hvernig það á að framkvæmast. Eg ítreka það því aptur, að það er ómissanda, að *hinn háttvirti konúngsfulltrúi* láti í ljós álit sitt fyrir þínginu, hvort hann álítur, að þetta sé vinnanda verk fyrir sig, eður ekki.

Páll Sigurðsson: Það er nú búið að tala margt í þessu máli og eg skal því síður vera margorður, sem hèr ekki liggur fyrir nema annar kjálki þess. Það er nú heldur ekki sagt, hvernig þetta fer á endanum. Reynslan er búin að sýna, hvaða árangur er af ráðstöfunum svokölluðum frá í hitt eð fyrra. Eptir þeim ætti í rauninni nú allt að vera allæknað, svo er sagt stjórninni; en það er nú ekki svo, hættan er ekki úti og kostnaðurinn ekki heldur. Eg verð nú að segja fyrir mig, að sumar niðurlagsgreinir í nefndarálitinu eru hreint ómögulegar, þegar til framkvæmdarinnar kemur. Eptir 1. gr. ætti að smala um allt Suðurland austur í Lón, og það sèr hver heilvita maður, að þetta er ógjörníngur núna um hásláttinn. Eins eru nú hinar greinarnar sumar. Það hefir þótt fullerfitt að skoða fé á minna svæði, og held eg því þetta leiði ekki nema til eintóms kostnaðar, eins og þetta kláðaríki leiðir af sèr endalausan kostnað. Það er ekki sýnt enn, hvað lengi við verðum að ræða þetta kláðamál á þínginu, það er ekki búið enn, og hvað lækníngarnar snertir, þá er ómögulegt að stiptamtmaður geti haft nóg aðhald, án þess það taki upp fjarskatíma, yfir allt amtið; hann getur að vísu skipað á pappír, en persónulega getur þó víst engi ætlazt til að hann alstaðar sè við, svo verður framkvæmd þessa að vera *fólgin þeim sömu mönnum, sem* launa skal, og þegar þetta er gjört að atvinnuvegi þeirra, þá gæti eg skilið, þó þeir ekki flýti sèr, meir en góðu hófi gegndi, að ítreka sýki þessa til fulls, þó það væri vinnanda verk, sem þar til enn er ósannað hèr.

Meðan þetta stendur yfir, þá kemur allt fyrir hið sama. Það er talað um 6 vikna lækníngatíma, og ef ekki þá sè læknað, þá að skera. Þetta getur nú lengi gengið koll af kolli fram eptir öllu, hver getur sagt hvað lengi? Erindsrekar konúngs gjörðu ráðstafanir hèr í Suðuramtinu, en ekki annarstaðar, sjálfsagt af því þeir

ekki álitu kláðann vera annarstaðar, og álít eg því skylt að verja eignarrètt manna annarstaðar, og það verður einúngis gjört með því að setja trausta verði, og að þeir sè nauðsynlegir, hefir verið samþykkt af yfirvöldunum. Það er kvartað yfir því, að trassar sè innan um hirðumennina, og þeir trufli lækníngar, en því fremur sýnist mèr ástæða til að þröngva kláðasviðinu, svo trassarnir fækki og eptirlitið verði hægra. Um hinar greinirnar eru aðrir þíngmenn búnir að tala, og skal eg því að svo stöddu ekki fara fleiri orðum um málið.

Stefán Eiríksson: Eg að vísu hefi nú ekki þörf á að tala mikið í þessu máli, því sessunautur minn, þíngmaður Rangæínga, hefir tekið það flest fram, er eg vildi hafa sagt. Eg ætla þó að minnast lítið eitt á þessi niðurlagsatriði nefndarinnar. Fyrsti töluliður tekur það fram, að áreiðanlegar skoðanir framfari á öllu sauðfè í amtinu, að vísu er þess getið í enda greinarinnar, þar sem líkur eru til að veikt sè, en þegar eg ber nú þenna tölulið saman við 4. tölulið, þá er þar alls ekki gjört ráð fyrir öðru, en að skoðun framfari í öllu Suðuramtinu, og svo er nú líka gjört ráð fyrir, að ekki framfari einúngis ein, heldur 2 skoðanir eptir þessum greinum. Eg vil nú vona, að þíngmenn sjái, hversu mikil vitleysa í þessu liggur, ef fara á nú að skoða allt fè í allri Skaptafellssýslu. Það er nú ekki langt að fara austur í Bæjarhrepp, og, sem sagt, þegar eg nú set þessa töluliði, sem eg hefi minnzt á, í samband við 7. tölulið, þá er að sjá sem nefndin hafi ætlað að draga inn undir kostnaðinn allt fè í Suðuramtinu, því hèr á þíngi 1859 var því hreift, að kláði mundi vera í Skaptafellssýslum, en hann hvorki hefir verið þar fyrri eða nú, því verð eg alvarlega að mótmæla. Hinn háttvirti konúngserindsreki í þessu máli, sem ferðaðist til Skaptafellssýslu í hitt eð fyrra, fann þar engan kláða, og því er næsta óþarft að skoða þar fè, og af því nú að þessi hluti nefndarinnar mun eiga að leiðast til lykta, áður sá fyrirheitni hluti kemur inn á þíngið, þá ætla eg að taka mèr breytíngaratkvæði á þá leið við 7. gr., að eigendur hins sýkta fjár beri allan lækníngakostnaðinn, og líka, að sett verði »stjórnin« fyrir orðið »opinbera«. Eg ætla nú, að þíngmenn geti rennt grun í, hvað það muni kosta að fremja skoðunargjörð á öllu fè í Skaptafellssýslu, ef það kostar 27 rd. að skoða kláðakindur hèrna upp á Vatni; annars sè eg nú ekki, hvað það á að ræða þetta mál, þegar maður veit ekkert um undirtektir stiptamtmannsins, og maður fær líkast ekki að vita neitt

um það, fyrr en þessi góði hluti nefndarinnar er út ræddur á þinginu, og þá verða umræðurnar ef til vill til ónýtis.

Framsögumaður: Ræður manna hèr á þingi eru orðnar svo margbreyttar og fjölbreyttar, að það er hvorttveggja, að eg ekki hefi minni til að muna þær allar, enda mundi eg vart hafa vit á að svara þeim, sem skyldi. En svo mikið er víst, að menn hafa misskilið nefndarálitið, misskilið það svo fjarskalega, að allri furðu gegnir, og væri það því óskanda, að menn, áður en þeir fara að tala um eitthvert mál, fyrst vildi lesa dálítið betur niður í kjölinn. Það hefir nú brytt hèr á fjarskalegum misskilningi bæði á nefndarálitinu og stöðu stiptamtmanns, eða hvernig getur nokkur maður fengið þá meiníng út úr nefndarálitinu, að sú sè meiníngin, að stiptamtmaður svari strax? Hverjum dettur í hug að álíta, að þingið hafi rètt á að heimta, að nokkur embættismaður umhugsunarlaust og strax upp á stundina svari öðrum eins spurníngum? og hverjum embættismanni gæti loks dottið í hug að gjöra það? Þetta er því fráleitari misskilníngur, sem stiptamtmaður engan veginn er hèr á þingi fyrir það, þó *konúngsfulltrúinn,* sem nú er, gegni stiptamtmannsstörfunum.

Þetta hefði hver maður átt að geta lesið sèr til af nefndarálitinu, sem lá fyrir. Sjálft það atriði, hvernig stiptamtmaður muni taka undir, er að vísu enn hulið bæði mèr og öðrum, en eg þykist ekkert ofhól bera á stiptamtmann — enda er það ekki vani minn að gjöra það nokkrum manni — þó eg segi, að eg beri það traust til hans, sem þess manns, er hafi einlægan góðan vilja, og beri fullkomið skynbragð á, hvernig í eigi að taka þetta mál, og þar hjá sè máli þessu einhver sá kunnugasti. Að því er vald hans til framkvæmdanna snertir, hafa menn jafnvel efazt um, að hann hefði myndugleika til að setja umsjónarmenn, sem vekti yfir, að skipunum hans væri hlýtt, en auk þess að amtið hefir fullkomið lagaleyfi til að setja lögreglubjóna, eins hefir það við gengizt áður, að slíkir umsjónarmenn hafa verið settir. Að kalla þetta alræði, nær engri átt, enda þótt það mundi falla örðugt að vega á vog eður reizlu framkvæmdarvald amtsins. Það, sem einhver hreifði, að kláðinn jafnvel væri um allt Suðuramtið, þá mundu víst deildar meiníngar um það. Eg er ekki fremur öðrum hneigður til að skerða eignarrètt manna, en eg þori þó að fullyrða það, að það ekki er móti eignarrèttinum, þó kind eður kind sè korin, svo eigandi hennar ekki gjöri annara manna eign skaða. Sömuleiðis álít eg það ó-

yggjanda, að sú kind, sem ekki er læknuð í 6 vikur undir opinberri tilsjón, er ólæknandi.

Af öllu því, sem fram hefir komið móti nefndarálitinu, er það það eina, sem eg get fallizt á, að það ef til vill hefði verið greinilegra í 7. tölulið, að setja »eigendur hins sýkta fjár«.

Jón Hjaltalín: Þegar eg las og hugsaði um nefndarálitið, hugsaði eg sem svo: Hana nú! nú gleðjast niðurskurðarmennirnir. Nú hætta þeir að tala um að þröngva kláðasviðinu, því nú kemur lífakkerið, sem þeim líkar, hnífurinn. Mig rak því í rogastans, þegar einmitt þeir voru hinir verstu til að rífa niður nefndina, og þóktist hún þó hafa tekið lífróður til að þóknast þessum hnífamönnum, sem opt veifa í kringum sig með 5 — 10 ára gamalli hjátrú um að kláðinn muni ríkja þrátt fyrir allar lækningar, en ríki t. a. m. þingmaður Rangæinga ekki meir en kláðinn ríkir nú hèr í Suðuramtinu, þá gjöri eg lítið úr ríki hans. Það er líka auðvitað, að skoðanirnar eru eigi ógjörandi, því nú munu teljandi þeir staðir, sem kláði er á, nema því að eins að menn svona út í bláinn ætli að gjöra allt Suðuramtið með kláða, en það datt ekki nefndinni og dettur víst engum í hug, og held eg því óþarfa fyrir þingmann Austurskaptfellinga að ætlast fyrir, að skoðað verði í kvíunum hans, en það tel eg skaðlítið, þó skoðað væri í rèttunum. Það er gamla vanaviðkvæðið hjá þeim rètttrúuðu niðurskurðarmönnum: Krossfestu, krossfestu, murkaðu, murkaðu, minnkaðu kláðasviðið, maður, minnkaðu það, en þeir vita ekki, það þori eg að fullyrða, betur en eg, hvar eða hve mikill kláðinn er hèr syðra, nema að svo miklu leiti, sem þeir kunna að reiða sig á lygasögur úr hverri hreppakerlingunni, eins og á evangelíum.

Að því er hjálp þá snertir, er menn óttast fyrir að stiptamtið ekki geti fengið, þá veit eg ekki betur en til sè lög, þó til bráðabyrgðar sè, sem gefin eru af hinum konúnglegu erindsrekum 14. september 1859, og þó lög þessi kunni að hafa verið forsómuð, eru þau þó ekki aptur kölluð.

Páll Sigurðsson: Sè það nú svo, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður nú lèt á sèr heyra, að hèr ekki sè kláði, nú! til hvers eru þá allar þessar setningar, sem nefndin hefir stúngið upp á? Þær eru ef til vill til þess að sýna það, og það er að vísu gleðilegt, að sjálfur hinn 5. konúngkjörni þingmaður, nú sè orðinn niðurskurðarmaður, og er það nú nýtt fyrir honum. Að minnsta kosti lýsir hann yfir því, að hann sè uppgefinn við lækn-

íngarnar, þar sem hann þó nú er farinn að nálgast niðurskurðarmennina. Áður var hann hinn harðasti lækníngamaður, nú er hann linaður, og hver veit nema hann 1863 verði hinn harðasti niðurskurðarmaður, svo við, ef við lifum, getum á endanum orðið á sömu meiníngu og alsáttir, enn sem stendur mun hann varla geta neitað því, að kláða-statúturnar hans sýna, að hann einmitt álítur, að hèr sè enn kláði til; að vísu vildi hann slá varnagla við, þar sem hann varaði við að trúa hverri lygasögu, sem segði kláða, en eins og þetta er rètt og heilræði frá hans hálfu, eins skal eg gefa honum annað í staðinn, nefnilega ekki að trúa hverri lygasögunni, sem segir kláða*laust*.

Björn Pètursson: Það er mjög óhappalegt, ef þíngmenn með kappi og ertíngum reyna nú enn til að spilla þessu máli, og láta það nú enn steyta á sömu skerjunum og áður, og það er því sorglegra, sem nefndin nú hefir reynt til að sameina hinar ólíku stefnur manna í þessu máli, sem híngað til hafa komið fram, og það er rangt og illa gjört að hlaupa í brigzl við einstaka nefndarmenn fyrir það. Hitt er engi furða, þó þíngmenn sè í vafa um, hvort stiptamtmaður hafi vald til að framkvæma allt það, sem fram á er farið í uppástúngum nefndarinnar, og eg er einn af þeim, sem eru í miklum efa um það. Það er að vísu mjög óheppilegt, að stiptamtmaður skuli ekki vera á þíngi, en eg verð að ímynda mèr, að *konúngsfulltrúi* kynni að fara nærri um það, hvernig stiptamtmaður mundi taka undir þetta mál, því þó Ólafar pá og Ólafur upp á sè ekki hið sama, þá eru þeir svo skyldir og svo góðir vinir, að það má svo að orði kveða, að þeir hafi eina og sömu sál. Eg vil því eins og fleiri þíngmenn leyfa mèr að biðja hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa*, að láta í ljós álit sitt um málið. Um niðurlagsatriðin ætla eg ekki að tala. Þó vil eg geta þess, að mèr þykir töluliður 4. ekki sem heppilegast orðaður. Þar er talað um, að mönnum sè gefinn „*kostur á*“ að lækna fè sitt eða skera, en eg veit ekki betur en hverjum fjáreiganda sè þetta heimilt. Eg ímynda mèr nefndin hafi viljað gjöra fjáreigendum annaðhvort að *skyldu,* og áskil mèr því breytíngaratkvæði í þessa stefnu.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr út af orðum hins heiðraða fulltrúa úr Múlasýslu að benda honum á það, að stiptamtmaður er ekki til staðar á þínginu, og því getur hann eigi svarað spurníngum hans hèr. Þetta er *forsetinn* einnig búinn að taka fram hèr rètt á undan.

Stefán Jónsson: Menn hafa gjört sèr ómak fyrir því að rífa niður nefndarálitið og er mèr að vísu ekki skyldara en öðrum að halda því upp úr; eg verð þó að segja, að eg felli mig vel við margt í nefndarálitinu eptir því sem kríngumstæður eru nú. Það er, sem von er á, gjört ráð fyrir kláða hèr syðra, og þó það sè víst og satt, að ekki sè allar sögur trúanlegar, þá má þó ekki ályktа þar af, að engu megi trúa; menn verða sannarlega að trúa þeim sögum, sem öll líkindi eru til að áreiðanlegar sè, því ef menn trúa engu, þá held eg lengi megi bíða til þess að fá að vita vissu um hvar kláðinn sè, því varla munu rollurnar sjálfar koma hèr og sýna sig eða segja frá ástandi sínu. Það er hvorttveggja, að eg ekki álít þetta, sem farið er fram á, ómögulegt, enda vona eg stiptamtmaður hlynni að því. Hèr syðra hefir einmitt trössunum verið kennt um, að kláðinn væri enn til, og held eg því öllum ætti að koma saman um það, að láta þá ekki lengur halda lífi í honum, því reynslan er nógsamlega búin að sýna það í þessu máli, að lítill neisti opt getur kveykt stórt bál og svo getur enn farið. Þessi 2. grein nefndarálitsins miðar einmitt til þess að hemja slóðana og það getur aldrei verið ranglátt, ef þeir ekki sjálfir vilja sjá sitt og annara gagn. Að því er 3. atriðið snertir, þá sè eg ekki betur, en að það sè á góðum rökum byggt, því annaðhvort er, að menn verða eitthvað að gjöra eða leggja árar í bát og segja: það verður að fara eins og fara vill, því hèr er allt ómögulegt, en það er ætíð hægðarleikur að rífa niður, þegar ekkert er byggt í staðinn. Við 4. grein hafa menn talið skoðanirnar sem annmarka, en eg get ekki álitið hann svo stóran, að það sè frágangssök. Þetta var gjört í rèttum fyrir norðan og þótti engi ómögulegleiki, og ekki var það allur tíminn, sem gekk til þess. Að 8. atriðinu þykir mèr ekkert gagn, en það er líklegt ekki komi margt fè inn úr hinum ömtunum, allrasízt til lífs, en skoðun á skurðarfè er þarflaus, og með því eg treysti stiptamtinu til að taka vel og öflugt í málið, eptir sem frekast er unnt, held eg þetta til töluverðra bóta og jafnvel að kláðanum verði útrýmt seint, ef þessu er tvístrað; það er þó nokkurs vert, að nú sýnist vera komin ofurlítil samheldni í þá sundruðu flokka, sem verið hafa, og ætti menn að kosta kapps um, að hún ekki færi aptur á sundrúngu, því öllum er víst og ætti að vera mjög umhugað um að útrýma kláðanum með hvaða móti sem mögulegt er.

Arnljótur Ólafsson: Eg hefi fyrst og fremst þá athugasemd

að gjöra, við tölulið 4., að mèr virðist allgott, það sem þingmaður Austur-Skaptfellinga stakk upp á, því mèr virðist það, samanborið við tölulið 1., fremur ónákvæmt orðað hjá nefndinni, að allt sauðfè í Suðuramtinu skuli skoðast, og áskil eg mèr rètt til breytíngaratkvæðis, og skal eg í þessu efni nákvæmara bera mig saman við nefndina, því breytíngaratkvæði þetta fyrirbyggir misskilníng. Að öðru leyti hefi eg ekki margt eður mikið að tala, en það er sannfæríng mín, að ef þingmenn ekki nú geti komið sèr saman í þessu máli, muni það verða seint og ef til vill aldrei.

Þeir 2 flokkar, sem hingað til hafa verið og enn eru í þessu máli, eru nú hjá nefndinni dregnir saman í eitt, bæði niðurskurðar- og lækníngamenn, til þess að reyna til að útrýma kláðanum. Þó mest sè framfylgt lækníngunum eptir uppástúngum nefndarinnar, er niðurskurðinum jafnframt farið fram, ef eigandi ekki vill lækna, eður trássast við að gjöra það, og getur því þessi stefna hvorki orðið niðurskurðar- eða lækníngamönnum til neins brigzlis, því hver hefir t. a. m. varið betur niðurskurð, en einmitt góðkunníngi vor hinn konúnglegi erindsreki, prófessor Tscherning, varði nú í vetur niðurskurð á kúnum á Jótlandi, sem hver maður sem vill getur lesið eptir hann í Berlíngatíðindum. Hvorugum verður því víst með rètti brugðið um, að þeir hafi yfirgefið skoðun sína, því þótt einstaka menn hèr á þíngi hafi líklega ekkert viljað annað en annaðhvort einberan niðurskurð eður einberar lækníngar, þá hefir þó engi stórflokkur framfylgt þeirri skoðun. Að því er kláðasviðið snertir, er eg annars óviss um, að nokkur lína verði dregin, sem rètt er, því fyrst og fremst eru úr hinum ömtunum komnar inn hingað yfir 20,000 kindur síðan 1858 og eg þori að fullyrða, að eg ekki ofhermi, þó eg segi, að út af þeim nú sè komið allt að 20,000, og þar hjá eru hèr margir bæir, sem kláðinn aldrei hefir komið á og enn fleiri, sem hann nú er læknaður eður horfinn á. Eg held því, að ekki yrði hægt að draga línu, svo menn gæti sagt: Fyrir innan hana er sjúkt fè, fyrir utan hana er það heilbrigt. Eg tek þessar athugasemdir fram, af því mèr virðist einasta rètta aðferðin til að útrýma kláðanum vera sú, að brúka hvorttveggja hæfilega, bæði lækníngar og niðurskurð.

Indriði Gíslason: Eg held mönnum þyki eg vera búinn að tala nóg í þetta sinn, og eg skal heldur ekki vera langorður núna. Það er einúngis viðvíkjandi tölulið 4. og 8. Þegar vèr nú berum þessa tölulíði saman, þá sjá þó allir, að eins miklar líkur eru til,

að kláðinn sè í Suðuramtinu, og eg held það sè ekki ástæða til að taka því öfugt, sem þingmaður Austur-Skaptfellinga sagði, að nefndarálitið benti til, að þyrfti að skoða í öllu Suðuramtinu, það stendur líka í því, og þess utan eru eins miklar líkur, að hann sè þar, eins og í hinum ömtunum, þar sem 8. atr. gjörir ráð fyrir að svo kunni að vera. Eg vil líka vekja athygli manna á 9. tölulið. Heldur nokkur það mögulegt fyrir stiptamtmann, að gjöra það, er þar er farið fram á? Nei, ekki held eg það, og það þó hann væri konúngur. Eptir því sem eg skil, á að prenta þetta, auglýsa það svo um allt Suðurland, og svo á hann að skýra þinginu frá afdrifum málsins. Eg held við yrðum þá að sitja hèr lengi, ef við ættum að bíða eptir úrskurði þessa máls.

Helgi G. Thordersen: Eg get ekki neitað því, að sumar ræður, er haldnar hafa verið núna í þessu máli, hafa mikillega glatt mig, einkum ræður hinna heiðruðu þingmanna úr Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, og þakka eg þeim fyrir það. Eg held, að fyrir þeim hafi vakað sama og fyrir mèr; það gat ekki dulizt fyrir mèr, er eg las nefndarálitið, að nefndarmenn hafa haft hinn bezta vilja, og forðast allt þras. Nefndarálitið tekur til greina bæði lækníngar og niðurskurð, sem hvort um sig hefir á sínum stöðum hjálpað til að útrýma kláðanum, og hèlt eg því, að mál þetta mundi fá friðsamlegan enda; allt þetta er með mikilli athygli tekið fram, og það gleður mig, að Norðlíngar gefa því góðan róm, því það sýnist mèr vera vottur þess, að nefndin hafi komizt að hinni rèttu niðurstöðu. Að því er tölulið 9. snertir, þá játa eg, að það er mjög vandasamt verk fyrir stiptamtmann, en eg hefi það traust til hans, að hann muni í svo áríðanda máli gjöra allt það, er í hans valdi stendur. Eg vil, að þingið votti honum traust sitt, gefi honum, sem maður segir, »*Tillidsvotum*“, og án þess að gjöra annað, en benda á hin einstöku atriði eða tölulíði, sem nefndin að mínu áliti mjög heppilega og liðlega hefir bent á. Eg hefi það traust til annars eins föðurlandselskara, eins og stiptamtmaður vor er, að hann ekki muni láta slitna allt mögulegt eptirlit, heldur gjöra sitt til að framfylgja þeim reglum, sem geta útrýmt þessari voðalegu kláðasýki. Vèr megum ekki bíða eptir úrslitum stjórnarinnar á málinu, og þetta er mín ósk, að þingið með fullu trausti muni fela stiptamtmanni þetta mál, án þess þó að binda hendur hans; hann er sá maður, er bæði veit, hvað hann má gjöra, og líka vill gjöra

það, og gæti þó ef til vill farið lengra, ef þingið vottaði honum eindregið traust sitt.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að vera margorður; hinn háæruverðugi konúngkjörni þingmaður er búinn að miklu leyti að taka fram það, er eg vildi hafa sagt; eg gleðst af ræðum hins heiðraða þingmanns Eyfirðinga; en viðvíkjandi því, sem þingmaður Dalasýslu sagði, þá held eg, að stiptamtið hafi nóg meðul til að greiða fyrir málinu sem fyrst og fullan vilja á því, málið er ekki nýtt, heldur hefir hann haft það meðferðis áður. Að auglýsa það á prenti, er víst hægt, því prentsmiðjan er hèrna rètt við höndina. Annars vildi eg óska þess, að menn vildi góðfúslega ræða hvert einstakt atriði fyrir sig, svo menn sæi glögglega, hvað í þeim liggur.

Sveinn Skúlason: Eg skal nú hvorki koma með niðurskurðarstorm nè lækníngaúrfelli. Eg vissi það fyrir, að þar sem bæði voru í nefndinni hinir ötulustu niðurskurðarmenn, og eins forvígismenn lækninganna og málið gekk til sætta milli þeirra, þá mundi málið fá góð úrslit, og það hefir að mínu áliti fullkomlega rætzt.

Það er eitt, sem eg vildi taka fram, og það er, að eg álít að ef amtsbúar skoða ekki amtið sem eitthvert óvinveitt vald, þá hafi amtmaður fullt vald í þessu máli, nema ef til vill í hinu peníngalega. Að við þurfum að sitja lengur á þíngi fyrir þessa sök, sè eg ekki, því mèr finnst það liggja í uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 9., að þingið fái að vita úrslit stiptamtmannsins jafnframt, en þurfi ekki að bíða eptir því, að hann sè búinn að láta prenta þetta og senda það út um land. Viðvíkjandi 8. tölulið, þá er mèr sama, þó fè það úr hinum umdæmunum, sem óþrif eru í, sè baðað; það èr víst ekki hætt við, að það læknist ekki á 6 vikum. Nefndin vill miðla málum, og mèr sýnist hún hafa farið rètt að.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg mundi ekki hafa staðið upp til að lengja þíngræðurnar um þetta mál, ef að ýmsir þíngmenn hefði ekki misskilið mig og fleiri, sem óskuðu, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tæki til orða í þessu máli; það var aldeilis fráleitt, að nokkrum okkar dytti í hug, enn síður við lètum það á okkur heyra, að skora á hann sem *stiptamtmann*, að segja álit sitt í þessu máli; en á hinu má engi furða sig, þó við vildum heyra tillögur þess manns, sem bæði þekkir vel til þessa máls yfir höfuð, og hefir haft nokkur afskipti af því að undanförnu; og eg segi fyrir mig, eg ber það traust til drenglyndis þessa manns, að hefði hann sagt nokkuð um málið, mundi það hafa orðið þíngmönnum

til góðrar leiðbeiníngar; og eg er viss um, að menn hefði þá getað sparað sèr þessar löngu umræður, sem orðnar eru um málið. Það hafa ræður flestra þíngmanna gengið út á það, að spyrja um: Hvað getur stiptamtið gjört í þessu? ætli það geti framkvæmt allt það, sem þessar uppástúngur nefndarinnar fara fram á? Að menn spyrja svona er eðlilegt, þó nú sumir þíngmenn hafi hneykslazt á því; það er eðlilegt menn vili vita, hvað mögulegt er að framkvæma, og hvað ekki mögulegt, áður en þeir samþykkja uppástúngur nefndarinnar. Eg segi fyrir mig, að eg mundi fúslega fallast á allar uppástúngur nefndarinnar, eins og þær liggja hèr fyrir, ef eg væri viss um, að stiptamtið fèllist á þær; aptur á móti, ef stiptamtið fèllist ekki nema að eins á sumt af þeim, þá er fjarri eg vili gefa atkvæði mitt fyrir þeim. Þegar eg nú annars lít á uppástúngur nefndarinnar, þá verð eg að játa, að henni hefir tekizt mjög svo heppilega að þræða hinn rètta meðalveg milli niðurskurðar og lækníngа, eða rèttara sagt, sameina hvorttveggja; og þykir mèr undarlegt, hvað Sunnlendíngar eru æstir á móti nefndinni; eg vil þá efast um þeir bæti mikið uppástúngurnar með þessum breytíngaratkvæðum, sem þeir eru að ráðgjöra. Það er einasta 7. uppástúnguatriðið, sem mèr þykir ískyggilegt, eg vil sumsè það sè tekið skýrt fram, að það sè eigendur *hins veika fjár*, en ekki aðrir, sem eiga að standast lækníngakostnaðinn; annars verð eg nú að efast um, að þessir menn hafi mikið að láta í lækníngakostnaðinn, eptir sem sagt hefir verið frá efnahag manna hèr í sýslunum. Svo veit eg ekki, hvað nefndin meinar með þessu »opinbera«, sem hún ætlast til að leggi fè til læknínganna; það liggur beinast við, að halda það sè jafnaðarsjóðurinn í Suðuramtinu; nú hefi eg tekið svo eptir af ræðum manna á undan, að hann væri ekki mjög fjölskrúðugur, svo eg verð að efast um, að hann geti lagt fè til þessa, enda kæmi þá lækníngarnar óbeinlínis niður á þeim, sem ekki ætti að þurfa að kosta þær; eg vil því áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis í þá stefnu, sem nú hefi eg um talað, nema nefndin skýri málið svo fyrir mèr, að eg falli frá þeim aptur.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það er talað um, að í nefndarálitinu sè sumpart fylgt niðurskurðarreglu, og megi því niðurskurðarmenn sætta sig við það. En það kemur upp á það, í hverri merkíngu að er meint þetta veika fè, sem gjört er ráð fyrir að fyrirkomi við skoðanirnar. Ef það er (eins og mèr eptir stílnum sýnist liggja beint fyrir) meint um þá kind, eða þær kindur, sem

kláðinn vellur bersýnilega út úr, að þær sè teknar undir lækníngar eða skornar, þegar þær geta ekki læknazt eða lifað lengur, þá álít eg það enga niðurskurðarreglu, því slíkt smámurtl gjörir ekkert til nema illt eitt. Fèð getur aldrei fjölgað eða komizt upp, en kláðinn getur um aldur og æfi geymzt með þeirri aðferð í landinu. En sè nú meint, að þar sem kláði finnst á bæ eða í rèttum, að þá eigi að taka allt það fè, heila flokkinn, í hverjum kláðaveikar kindur koma fyrir, og lækna hann eða skera í stað, þá er heldur fylgt niðurskurðarreglu. Menn vita það, að sýki þessi er svo næm og hefir reynzt svo, að hún er ekki öll, þar sem hún er sèð með augunum, og þar sem hún kemur upp, svo er allt fèð þar sjúkt eða grunað. Eg held það hefði vel mátt takast, og verið bezta ráðið, að reyna til að þrengja kláðasviðið og eyða smátt og smátt af vissum plássum grunaða fènu, en fá heilbrigt í staðinn; eg veit nú ekki, hvernig á stendur að austanverðunni, en hèrna vestanmegin eður í Borgarfjarðarsýslu held eg það mætti vinnast, sem bænarskrárnar hafa farið fram á, að eyða grunaða fènu allt suður að Hvalfjarðarbotni. Þó sá háttvirti þíngmaður Borgfirðínga segði, að engi vissi nein línutakmörk kláðans, þá er slíkt óþarfarengíng, því engi getur sagt annað, en það sè kláðalaust á því plássi, sem skorið var af, suður að Skoradalsvatni; en á svæðinu þaðan og að Hvalfirði er ekki margt fè, og hefði nú alþíngi og stiptamtmaður bara ráðlagt án þess að beita nokkurri þvíngun, að eytt væri fènu á þessu plássi nú í haust, og keypt aptur ósjúkt fè fyrir verðið hins, þá held eg víst, að fjáreigendurnir sjálfir mundi þýðast það, því þetta er rètt tilhögun, en þarf ekki að vera neinn skaði, og þeir sjálfir munu sjá, að þetta væri forsjállegra; en um hitt fèð, sem þá er eptir og látið óáhrært hèrna á suðurkjálkanum, held eg yrði drjúgast eins og hinn háæruverðugi annar konúngkjörni þíngmaður sagði, að þíngið yfirlýsti tiltrú sinni til stiptamtmanns, að hann haldi áfram þeirri sömu umsjón, sem verið hefir, og sèrdeilis, að varnað verði samgöngum þess fjár við hið heilbrigða, unz fèð annaðhvort allæknast eða því með tíðinni verður gjöreytt; þessi tvö ráð held eg að eigi nú langtum betur við, heldur en allar þessar ströngu reglur nefndarinnar.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af þeim ummælum, sem hèr hafa fallið í ræðum sumra þíngmanna, leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að þeir fara svo felldum orðum, eins og hèr væri öldúngis búið að sleppa hendinni af kláðamálinu, og eptirliti með því; þetta

hlýtur að koma af því, að þessir menn þekkja ekki málið eða hvað því líður, en það er eins með það, að þeir eru að tala um kláða alstaðar um Suðuramtið. Það er þó alkunnugt, að hèr er hvergi kláðavottur, mèr vitanlega, nema lítið eitt í vor á Suðurnesjum, en þó á lágu stigi, en þar var áður baðað allt fè, og meðulin gefin; sama var gjört á Kjalarnesi og í Borgarfirði og í Ölvesi, þó þar væri engi kláði, einúngis til tryggíngar. Það má hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður vita, að allan næstliðinn vetur var hafður allur áhugi og eptirlit á málinu, því þá var heilbrigðisnefndin, sem hèr var skipuð, enn þá uppi, og hún er það reyndar enn, því stjórnin er ekki búin að leysa hana frá köllun sinni, enda þótt hinn háttvirti formaður nefndarinnar, hinn 5. konúngkjörni þíngmaður, segi nú lát nefndarinnar, en sjálfsagt var það, að hún var hætt að skipta sèr af málinu. Frá stiptamtsins hálfu hefir — það get eg fullyrt — verið haft allt það eptirlit með málinu, sem kríngumstæðurnar hafa leyft, og með sanngirni getur orðið heimtað, með því skeytíngarleysi, sem því miður hjá sumum hefir komið fram, þegar þeir ekki gátu fengið borgun fyrir hvert sporið, enda fyrir þeirra eigin skepnur, og þó er málið nú komið í þá stefnu, sem það nú er, og svo langt á leið, að, mèr vitandi, er hèr nú hvergi kláðavart, nema ef það skyldi vera lítið eitt á Suðurnesjum; eg verð því að álíta kláðann unninn, og að vísu er nú engi ástæða til að bera þann ótta og hræðslu, sem mèr sýnist hèr komi fram.

Um áskorun þíngsins á stiptamtið skal eg ekki fara neinum orðum, fyrst þíngið er búið að ákveða hana, en eg skil þó ekki, hvað með henni verður unnið fyrir málið. Þar sem það þó er víst, að stiptamtið hefir allan áhuga á málsins góðu framkvæmd og málinu er komið eins og því er komið.

Jón Hjaltalín: Minn góði vinur, þíngmaður Rangvellínga hefir illa misskilið mig, ef hann heldur, að eg sè orðinn niðurskurðarmaður, þó eg gefi eptir, að kind, sem ekki verður læknuð á 6 vikum, verði skorin. Hinir strángustu lækníngamenn láta sèr nægja 3 vikna reynslutíma og á þeim tíma má og sannarlega lækna hverja kláðakind, en þegar hèr er helmíngi lengri tími til tekinn, þá get eg haft góða samvizku í því efni. Þíngmaðurinn er góður að lækna menn, en lakari er hann við skepnur, því fèð í Rangárvallasýslu var drepið, áður en það veiktist, svo það skyldi ekki geta orðið veikt. Ekki er þíngmaður Mýramanna betri; hann heldur, að þetta muni verða eilíft murk, en það þarf ekki að verða. Hann

veit það sjálfur, að þó einn maður á bæ fái kláða, þá er ekki farið að bera í hina kláðasmyrsli fyrir það; eins er með fé, þó ein kind verði veik, þá þarf ekki þar fyrir að lækna þær, sem ekki eru eða ekki verða veikar. Það er líka víst, að kláðafé hefir opt gengið saman við annað fé, án þess að þetta hafi sýkzt. Mèr þykir mikið vænt um það, að hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga talaði svo sanngjarnlega og góðgjarnlega í þessu máli, og eins þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu. Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði um nefndina hèrna í Reykjavík, þá get eg ekki álitið sama og hann, og það af þessum rökum: þann 18. júní kallaði eg nefndina saman sem formaður hennar. Þá sagði einn af nefndarmönnum, dýralæknirinn: »Eg kem ekki, því eg fæ enga borgun fyrir ferðir mínar«; 2. segir: »Eg get ekki komið, því eg hefi fengið embætti og verð að fara«; hinn 3. sagði: »Eg sè ekki neitt gagn að þessu, eg sè ekki, að við 2 getum heitið nefnd, eg er líka orðinn leiður á þessu stappi«, og það var eðlilegt þó svo væri. Eg skrifaði stjórnarráðinu um þetta efni og sendi stiptamtmanni afskript af því brèfi, en eg hefi ekkert svar fengið; eg held, að einn maður ekki geti heitið nefnd, þegar hinir eru allir burtu. Eg skal nú ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en geta þess einúngis, að eg hefi fengið bænarskrár að austan, þær liggja á lestrarsalnum, og eru þingmönnum kunnugar, þær vilja ekki niðurskurð, heldur lækníngar; í tilefni af þeim skal eg leyfa mèr að áskilja mèr viðaukaatkvæði, sem eg skal senda *forseta* í kveld. (*Sveinn Skúlason:* Hvernig hljóðar það?). Það fer í sömu átt, sem niðurlagsatriði bænarskránna, nefnilega að þeir fái að hafa fè sitt í friði fyrir niðurskurðarmönnunum, og að læknað fè verði ekki skorið.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg vil bara segja hinum 5. konúngkjörna þingmanni eitt orð; það var ekkert óverulegt murtl í Mýrasýslu; það var skorinn heili flokkurinn, allt fèð úr hálfri sveit, og með því var skorinn kláðinn hreint burt úr sýslunni og Vesturamtinu, og það dugði nú þar.

Björn Pètursson: Eg þarf því síður að tala margt nú, sem hinn heiðraði þingmaður frá Suður-Þingeyjarsýslu hefir tekið flest fram, er eg vildi segja. En út af ávítunarræðu *konúngsfulltrúa* áðan vil eg að eins leyfa mèr að geta þess, að eg með allri kurteisi og skyldugri virðíngu leyfði mèr eins og fleiri þingmenn, að biðja um, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* lèti í ljósi, hvernig

hann liti á málið. Eg kvartaði einmitt yfir því, að það væri óhappalegt, að stiptamtmaður *væri ekki* á þingi, og þess vegna gat mèr ómögulega dottið í hug, að biðja um hans álit. Það var því sannarlega ástæðulaust, að bera mèr það á brýn. Eg held honum hafi orðið það á, sem hann ávítaði mig fyrir, að taka ei eptir því, sem talað var. Eg tók mikið vel eptir því sem *forseti* sagði. Annars gladdi það mig, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* lèt þó að síðustu í ljósi nokkurs konar meiníng um málið.

Magnús Andrèsson: Það hafa nú margir þingmenn verið að reyna að rífa niður nefndarálitið, en flestir hafa byggt upp í staðinn. Þegar eg sá nefndarálitið, þótti mèr mjög mikið í það varið. Nefndarmenn vildu flýta fyrir úrgreiðslu málsins, og eg sè ekki, hvernig þeir hefði átt að geta það, nema einmitt með því að fara þenna veg; eg held líka, að það hafi hvatt nefndina, að heyrzt hefir að kláði væri uppi enn sumstaðar, þó ekki sè hann mikill. En eg ímynda mèr, að það hafi ekki verið alvara hins 5. konúngkjörna þingmanns, að segja að kláði væri ei til; ef hann áliti svo í alvöru, gæti hann ekki verið samhuga nefndinni. Ekki get eg heldur fundið svo margt til þess, að það sè ómögulegleiki á því fyrir stiptamtmann, að framfylgja þessum reglum. Eg held, að þegar þær eru búnar að ganga í gegnum þenna hreinsunareld hjá stiptamtmanni, og hann hefir ákveðið, *hvað* af þessu hann geti úrskurðað, og sleppt ef til vill einhverju úr, þá megi þó flest af því, þegar hann hefir íhugað það, verða vinnanda verk. Viðvíkjandi 4. atriðinu, þá held eg væri gott að bæta þar við: þar sem kláða hefir orðið vart á þessu ári. »Líkur« í 1. gr. er svo óákveðið; menn verða einúngis að fara þar eptir sögnum, og þær geta opt verið óáreiðanlegar. Eg vil því áskilja mèr breytíngaratkvæði um þetta þannig: »þar sem kláða hefir orðið vart á þessu ári«. Annarstaðar held eg beri ekki bráða nauðsyn til að skoða fè í sumar um sláttinn; eg er nú ekki orðinn hræddari við kláðann en svo. Ræða hins 5. konúngkjörna þingmanns fannst mèr nú óþörf, og það því óþarfari, sem svo lítur nú út, sem hinar 2 gagnstæðu meiníngar ætli nú að fara að rýmast saman. Hann ætti ekki að vera að tala svona mikið um *niðurskurðarstorm* og *murk;* og svo ætlar hann að bæta við viðaukaatkvæði um, að viðhafa ei niðurskurðaræsíngar, og er yfir höfuð allt af að sveigja að niðurskurðarmönnum. Eg held, að bezt væri, að allt gæti nú kljáðzt út friðsamlega; en þessar og þvílíkar ræður miða ekki til þess.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg áskil mèr breytíngaratkvæði við 4. atr. og líka fyrsta.

Forseti: Margir þíngmenn hafa beðið um það skriflega, að undirbúníngsumræðunni væri hætt, og vil eg því biðja þá, sem ætla að gjöra breytíngaratkvæði, að bera þau upp nú þegar.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi gjöra breytíngaratkvæði við 6. gr. þannig, að fyrir »með ráði þíngmanna, er bezt þekkja til«, verði sett »með ráði alþíngis«; og af því mönnum hefir þótt það of mikið vald, sem stiptamtmanninum væri gefið eptir þessum atriðum, og honum væri örðugt að framfylgja þeim, þá vil eg áskilja mèr viðaukaatkvæði við þessa grein, þannig: »og gjöra þær tilskipanir, sem honum þykja nauðsynlegar«. Þetta er því nauðsynlegra, sem heyrzt hefir, að nefndin, sem setið hefir í kláðamálinu, muni vera hèr um bil uppleyst, og því fremur er nauðsynlegt, að styrkja stiptamtmanninn eptir því sem unnt er, því ekki dugir að skipa, ef engi hlýðir. Um 7. atriðið vildi eg óska að nefndin gjörði eitthvert tiltækilegt breytíngaratkvæði. *Konúngsfulltrúa* þótti menn heimtufrekir með borgun fyrir smástarfa, og því væri þetta nauðsynlegt. En um það, að eignarrètturinn sè skertur með niðurskurði, þá veit eg ei betur, en að það sè lög í Danmörku, að þeir, sem ei geta læknað skepnur sínar, sem eru veikar af skaðlegum sjúkdómi, eigi að skera þær.

Arnljótur Ólafsson: Eg held, að nefndin geti ekki tekið undir áskorun hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu; því hún hefir ekkert fè til að benda á; ef hann vildi leggja fè til þess, mundi hún vera fús til þess, að finna upp á einhverju.

Framsögumaður: Eg vildi að eins áskilja nefndinni rètt til breytíngaratkvæðis, ef hún kynni að sjá einhvern veg í þá átt, sem þíngmaður Borgfirðínga nú drap á.

Forseti: Eg vildi líka vekja athuga nefndarinnar, hvort hún ei vildi taka til íhugunar 9. atr. um orðunina á áskoruninni og yfirlýsíngunni (*Framsögumaður:* Jú).

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Ef nefndin ei tekur sèr breytíngaratkvæði við 7. atr., vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði við það, eins og eg hafði áður ráðgjört.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúníngsumræðu lokið. Eg vil skora á þá þíngmenn, sem hafa ráðgjört breytíngaratkvæði, að koma með þau til mín ekki seinna en um dagmál á morgun.

Því næst gat *forseti* mála þeirra, er kæmi á dagskrá til næsta dags. Ákvað síðan fund til á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Tuttugasti fundur — 24. júlí.

Allir á fundi, nema hinn konúngkjörni varaþíngmaður, er hafði tilkynnt *forseta* forföll sín. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg, samkvæmt 49. gr. alþ.tilsk. leyfa mèr að vekja athygli þíngsins að því, að nú er mjög liðið á þíngtímann og mjög fá mál enn alrædd, en einkum vil eg biðja hina heiðruðu formenn í nefndunum um hin konúnglegu frumvörp að hraða málum þessum sem mest, og vona eg, að þíngmenn hafi það fast í minni. Af hinum konúnglegu frumvörpum og álitsmálum, sem alls eru 10, eru ekki komin til mín nefndarálit í fleirum en 6, og 5 þeirra eru alrædd og eru það allt smærri málin; aptur eru enn ókomin nefndarálit í 4 málum, nefnilega í hjúalagamálinu, í málinu um lausamenn og húsmenn, um póstgöngur og um laun málafærslumannanna við landsyfirrèttinn. Bið eg nú hina háttvirtu formenn í nefndunum, er hafa þessi mál til meðferðar, að skýra þínginu frá, hvað langt mál þessi eru komin, og hvað þeim líði og hvenær þeir voni að þau geti komizt inn á þíngið, en það ætti að verða sem fyrst, því nú er ekki eptir af hinum lögskipaða þíngtíma nema 6 dagar, þar af 5 virkir, og nefndarálitið í málinu um kaupstaðarrètt Akureyrar kom ekki til mín fyrr en í gærdag, svo að það getur ekki komið á dagskrá fyrr en í fyrsta lagi á morgun.

Pètur Pètursson: Að því er hjúalaganefndina snertir, sem eg hefi þá æru að vera formaður í, skal eg geta þess, að þetta mál er eitthvert það yfirgripsmesta mál, sem komið hefir til þessa þíngs. Í nefndinni hafa verið haldnir 11 fundir, sem hafa varað 2 til 3 tíma í hvert skipti. Nefndin hefir gjört sèr allt mögulegt ómak fyrir að flýta þessu máli sem mest og er komin svo langt, að nú er verið að skrifa nefndarálitið, og mun hinn konúngkjörni varaþíngmaður, sem hefir tekið að sèr að semja nefndarálitið, hafa beðið um leyfi til þess að vera af fundi í dag, til þess að geta

orðið sem fyrst búinn að semja það. Nefndin hefir ekki getað orðið fyrri búin, af því bæði að málið er yfirgripsmikið, og svo eru líka sumir af nefndarmönnum í öðrum nefndum, og þó get eg borið nefndarmönnum það, að þeir hafa látið þessa nefnd sitja opt í fyrirrúmi fyrir öðrum nefndum, sem þeir eru í. Að nefndin hefir verið svona lengi með málið, kemur ekki af því, að mikill breytíngaandi hafi verið drottnandi í nefndinni, því þó ekki hefði verið breytt einum staf í frumvarpinu, er það svo mikið vandaverk, að nefndin hefði þurft og átt að hugleiða rækilega hverja grein út í yztu æsar. Eg vona, að máli þessu sè nú orðið svo ágengt, að það geti komizt inn á þíngið í þessari viku, þó að nefndin kunni að þurfa að halda einn eða tvo fundi eptir að búið er að semja nefndarálitið.

Páll Melsteð: Sem formaður í lausamannamálinu hefi eg tvisvar skorað á nefndarmenn að koma á fund í nefndinni, en hinn konúngkjörni varaþíngmaður hefir í hvorttveggja skiptið svarað mèr, að hann gæti ekki mætt, fyrr en hjúalaganefndin væri orðin ásátt um tillögur sínar um það mál, og hefir hann hèr um bil fullyrt, að þá mundi ekki þurfa lengi að standa á þessu máli þar á eptir, og vona eg, að ekki þurfi lengi að bíða eptir því máli, þegar hitt er búið, og skal eg sem formaður gjöra mitt ítrasta til, að því verði hraðað svo sem unnt er.

Sveinn Skúlason: Af því að þíngmaður Borgfirðínga, sem er formaður í póstgöngumálinu, er ekki kominn enn á fund, skal eg, þar eg er skrifari þeirrar nefndar, geta þess, að mál þetta er mjög yfirgripsmikið, eins og nefndin vill að tekið sè í það, og er nefndin ekki komin svo langt með málið enn, að það geti orðið búið í þessari viku. En Akureyrarmálið, sem eg er formaður í og sem er konúnglegt álitsmál, er nú komið til hins háttvirta *forseta.*

Forseti: Þá vantar mig enn upplýsíngar um nefndina í málinu um laun málafærslumannanna við landsyfirrèttinn.

Jón Pètursson: Eg hefi tekið að mèr að semja nefndarálitið í því máli, og mun ekki standa á því; það mun líklega verða komið til þíngsins svo fljótt sem hin.

Forseti: Eg hefi óskað þessara skýrslna, af því að það er venja, og eg vona, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hafi af þeim sèð, að það er augljóst, að hin konúnglegu frumvörp geta ekki orðið útrædd á hinum lögskipaða þíngtíma; þó vil eg ekki nú þegar skora á hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* um að lengja þíngtímann, heldur

sjá hvað setur, þangað til betur líður að lokum þingtímans, og menn sjá, hvað af málunum einkum hinum konúnglegu frumvörpum þá er ókomið til þingsins. Það er og má ske ekki hægt fyrir hinn háttvirta *konúngsfulltrúa,* að geta nú þegar sagt, hvað sèr muni fært um lengíngu þingtímans, meðan póstskipið er ókomið, þar hann getur að líkindum átt von á einhverjum frekari *ákvörðunum* eða skýrslum frá stjórninni, heldur en hann hefir nú, vegna þess að stjórnin frètti fyrst með síðasta póstskipi hèðan fráfall þess *konúngsfulltrúa,* sem stjórnin hafði útnefnt.

Sveinn Skúlason: Ætli að það væri þó ekki betra, að nú þegar væri skorað á hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa* um að lengja þingtímann um nokkra daga fyrst núna, þó ekki væri meir; því annars gæti verið, að nefndirnar flýtti sèr svo með málin til þess að koma þeim inn á þingið, að þeim yrði hroðað af, og er lítið unnið með því.

Forseti: Af því sem eg tók fram áðan, álít eg það þó hvorki heppilegt nè rètt að skora nú þegar á hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa* um þetta, því menn geta enn þá ekki sèð, hvað langan tíma þingið muni þurfa auk hins lögskipaða þingtíma, en *konúngsfulltrúi* á ef til vill ómögulegt með að fastákveða lengínguna nú þegar; svo vona eg líka, að formenn nefndanna liggi ekki á liði sínu, heldur hraði öllum málum og einkum konúngsmálunum sem mest.

Skal eg svo hverfa til dagskráarinnar og kemur þá fyrst málefni, sem að líkindum verður vísað til þingnefndar, sem þegar er sett, þ. e. 2 bænarskrár úr Árnessýslu um *að niðurskurði verði ekki framgengt,* önnur þessara bænarskráa er ef til vill fremur ávarp til þingsins og er ekki önnur undirskript undir því en *„Grímsnesíngar og Grafníngsmenn“.* Eg veit ekki, hvort flutníngsmaður gjörir sig ánægðan með, að þeim sè þegar vísað svona þegjandi til nefndarinnar í fjárkláðamálinu eða hann vill hafa framsögu.

Jón Hjaltalín: Jú! eg vil tala fáein orð.

Voru bænarskrárnar þá afhentar flutníngsmanni.

Jón Hjaltalín: Út af því sem hinn háttvirti *forseti* sagði, að það væri engar nafnaundirskriptir undir bænarskránum, skal eg geta þess, að eg hefi fengið brèf frá hreppstjóranum í Grímsnesinu, sem segir, að bænarskráin sè frá 100 mönnum, en þeir hafi ekki skrifað undir brèfið, af því að þeir álitu ekki að þess þyrfti með, og get eg lesið upp þetta brèf, ef þíngmenn vilja. En eg vil fá að vita það þegar hjá *forseta,* hvort þingið getur ekki tekið

bænarskrána til greina, vegna þess að þau einstöku nöfn eru ekki undir henni, því ef þingið ekki tekur hana til greina sökum þessa, ætla eg að senda mann austur með hana þegar í kveld til þess að fá undirskriptir undir hana. Eg vil því spyrja hinn háttvirta *forseta:* Verður bænarskráin tekin til greina eða ekki?

Forseti: Eg get ekki sagt neitt um það; það hefir ekki verið farið fram á annað en að vísa bænarskránni til nefndarinnar í fjárkláðamálinu, og þegar hún er þangað komin, er það í nefndarinnar valdi, hvort hún vill taka bænarskrána til greina í uppástúngum sínum eða ekki.

Sveinn Skúlason: Eg vil mótmæla því, að þetta ávarp til alþingis komi til nefndar, því það er ekki bænarskrá, heldur ávarp eins og hinn háttvirti *forseti* tók fram, einkum þar eð þingið hefir bægt öðru ávarpi frá að komast inn; bæði er það, að það er ekkert bænarskrárform á þessu ávarpi og svo eru í því eintómar ákúrur til þingsins og landsmanna fyrir aðgjörðir í fjárkláðamálinu, sem ekki koma málinu við, og vil eg því, að ávarpi þessu sè alveg bægt út úr þingsalnum.

Forseti: Ávarpi Skagfirðinga var aldrei bægt út úr þingsalnum, því þess hefir aldrei verið farið á leit, að það kæmi á dagskrá; flutningsmaðurinn, hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga, hefir aldrei farið fram á það.

Gísli Brynjúlfsson: Það er að eins viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður úr Norður-Múlasýslu sagði áhrærandi ávarp Skagfirðinga, að eg vildi svara honum því, að það er öldúngis rètt, sem hinn háttvirti *forseti* nú gat, að því hefir ekki verið bægt frá þinginu af nokkrum einstökum manni, hvorki *forseta* nè öðrum. Ávarpið sjálft er þess efnis, að það fer ei fram á neitt það, sem beinlínis gæti orðið alþingimál eptir því að eins, og eg hefi því ei haft neina ástæðu til þess að halda því fastlega fram, að það yrði tekið upp á dagskrá, með því eg líka hlýt að álíta að höfundum þessa ávarps muni verða að vera það geðfelldast, að þingtíðindin sè ei lengd hvorki með því að lesa ávarpið hèr upp á salnum og þá líka prenta það á sinum stað í tíðindunum, nè heldur með því að koma svo til leiðar óþarfa umræðum um það, því mesti og lengsti kaflinn í þessu ávarpi er einmitt um það, að þingræður og þingtíðindi sè svo óþarflega langt. En þetta mál hefir nú, eins og kunnugt er, komið sèrstaklega fyrir hèr á þingi, og tók eg þá fram, að ávarpið færi einnig í þá sömu stefnu, sem eg þá og æfinlega

hefi verið á, að stytta eða alveg sleppa þingtíðindunum, svo um það mál er nú ekkert framar að tala, úr því það nú einu sinni er útrætt. Að öðru leyti hefi eg ei haft ástæðu til þess að halda ávarpinu frekara fram, þar sem mönnum hefir það orðið fullkunnugt á lestrarsalnum, eins og það líka auðsjáanlega í sjálfu sèr fremur hefir verið ætlað þingmönnum til fróðleiks og upplýsingar, heldur enn til þess, að verða tekið til umræðu á þinginu, og vona eg ávarpsmennirnir sjálfir geti ei annað, en verið ánægðir með þetta. Það sem helzt gat orðið að þingmáli í ávarpinu, hefir þegar verið tekið til greina, og hitt mun enn geta orðið það, þó öllu óviðkomanda sè sleppt.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Mèr þykir það undarlegt, að nefndin í kláðamálinu geti tekið á móti þessum kláðaskrám, sem nú komu, þar sem nefndarálitið er komið inn á þingið og búið að halda í því máli undirbúningsumræðuna; eg held, að þeir, sem ætla að færa sèr þessar bænir í nyt á móti niðurskurðinum, þyrfti þá að óska, að það væri sett í því ný nefnd. Annars er það undarlegt, að bænarskrárnar skuli koma nafnlausar, og fyrst hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður, sem mest berst fyrir þessu, segist hafa festubrèf fyrir því, að geta útvegað undir þær 100 nöfn, ef hann sendi austur, þá held eg væri rètt, að hann fengi að gjöra það, svo nöfnin kæmi í ljós. Eg hefi líka heyrt hèr á þingi, að það væri í einu sveitarfèlagi 100 ómagar. Kann vera, að þessir 100, sem hèr er um rætt að skrifa vili undir, sè sveitarómagar eða óvitar. Maður veit það ekki. Að minnsta kosti held eg, að kláðamálið hafi ekki tapað miklu, þó þessum sè vísað frá, og þingið sè ekki að tefja sig á að þrefa um þær.

Páll Melsteð: Mèr finnst það undarlegt af þinginu að vera að tefja tímann, sem er orðinn svo naumur, á því, að vera að tala lengi um þessar bænarskár; mèr virðist, að hèr þurfi ekki annað, en að *forseti* vísi þeim til nefndarinnar í fjárkláðamálinu; hún notar þá úr þeim það, sem henni þóknast, mikið eða lítið.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnast mótbárur þingmanns Mýramanna nokkuð undarlegar, það er rètt eins og þingmaðurinn muni ekki eða hafi ekki skilið, að þingið ályktaði í gær að taka þá til umræðu fyrra hluta fjárkláðamálsins og svo hinn síðara, þegar hann kæmi frá nefndinni; eg get ekki heldur sèð neitt á móti því, að bænarskrá þessari sè vísað til nefndarinnar, þó engi einstök nöfn sè undir henni. (*Sveinn Skúlason:* Það er ekki bæn-

arskrá). Jú! það eru niðurlagsatriði undir henni, hèr um bil hið sama og undir hinum bænarskránum.

Ásgeir Einarsson: Það stendur hèrna í nefndarálitinu frá fjárkláðanefndinni, sem rætt var á þingi í gær, að »nefndin sè orðin ásátt um að fylgja sömu aðalskoðun fram í hinum síðara hluta álitsins og í hinum fyrra« og held eg að standi þá á sama, hvort margar undirskriptir eða fáar eru undir þessari bænarskrá; ef það er sannleiki, sem í bænarskránni stendur, mun nefndin taka hana jafnt til greina, hvort undirskriptirnar eru margar eða fáar, en sè það ekki sannleiki, mun nefndin ekki breyta sannfæringu sinni, þó að mesti undirskriptafjöldi væri undir bænarskránni.

Arnljótur Ólafsson: Mèr þykir það aðgæzluvert, að formaður fjárkláðanefndarinnar er ekki á fundi í dag, svo eg vil skjóta því til þingsins, hvort ekki væri betra að fresta því, að vísa bænarskrám þessum til nefndarinnar, þangað til á morgun að hann yrði á fundi.

Forseti: Skrifari nefndarinnar er þá viðstaddur og hann gjörir svo vel og tekur við bænarskránum fyrir hönd formannsins.

Sveinn Skúlason: Eg hefi gjört uppástúngu um, að ávarpinu frá Grímsnesíngum og Grafníngsmönnum sè vísað úr þíngsalnum út á lestrarsalinn.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vil biðja *forseta* að láta þegar ganga til atkvæða um það, hvort vísa skuli ávarpi þessu frá þínginu eða ekki.

Forseti: Það var einmitt það, sem eg ætlaði að gjöra.

Jón Hjaltalín: Eg ætla rètt að geta þess, að eg áskildi mèr viðaukaatkvæði við uppástúngurnar í gær, en eg ætla ekki að fara lengra út í það, en get þess, að mèr finnst það vera ógildar ástæður, sem komið hafa fram á móti þessari bænarskrá, þegar þíngið hefir áður tekið á móti bænarskrá, sem 14 í tölu stóð undir, en það var líka niðurskurðarbænarskrá; ef bænarskránni verður vísað burt, þá ætla eg að láta þíngið vita, að mèr þykir það heldur hart og ósanngjarnt, að henni verður vísað frá, af því undirskriptirnar voru ekki undir.

Arnljótur Ólafsson: Það er eitt aðgætanda við þetta mál, og það er ekki það, að bænarskráin er nafnlaus, heldur hitt, að þetta er *ávarp* til þíngsins; þeir, sem það hafa skrifað, hafa líklega ekki haft annan tilgang en þann, að gjöra þínginu kunna skoðun sína á málinu, enda man eg ekki til að þess sè beiðzt, að það sè rannsakað, sem í bænarskránni stendur; sè nú svo sem eg held, hafa

þeir, sem ávarpið skrifuðu, náð tilgangi sínum, með því þingmenn hafa lesið ávarpið á lestrarsalnum.

Halldór Kr. Friðriksson: Þessi mótbára þýðir ekkert, því það eru komnar 4 aðrar bænarskrár til þingsins með sama niðurlagsatriði.

Indriði Gíslason: Eg held það væri nú eptir öðrum formum í þessu kláðamáli, að vísa þessu undirskriptalausa ávarpi til nefndarinnar í málinu, sem nú þegar er búin að ljúka starfa sínum, en þar sem hinn 5. konúngkjörni hefir tekið svo mannúðlega undir það að fara að senda austur með það til að útvega undirskriptir(!!!), tel eg nú það æskilegasta, enda þótt ærið sè á þingtímann liðið; það sýnist ekki heldur veita af því, þar ekki verður sèð, hvort nokkur hafi skrifað undir eða ekki, nema tveir, annar úr Grímsnesi, en annar úr Grafníngi, eða hvort það hafa verið hreppstjórar, bændur eða niðursetur.

Forseti: Þar eð engi þingmanna hefir mótmælt því, álít eg það samþykkt af þínginu, að bænarskránni úr Villíngaholtshrepp sè vísað til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

Var bænarskrá þessi þá afhent skrifaranum í fjárkláðanefndinni, þar eð formaður hennar var ekki á fundi.

Því næst var bænarskráin frá Grímsnesíngum og Grafníngsmönnum felld frá þínginu með 13 atkv. gegn 5.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúníngsumræðu* málið um *löggildíng 3 nýrra kauptúna. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga.

Var nefndarálitið þá afhent *framsögumanni,* er las það upp, þannig hljóðanda:

»Hið heiðraða alþíngi hefir falið oss, sem ritum hèr undir nöfn vor, að segja álit vort:

1., um uppástúngu frá þíngmanni Austur-Skaptfellínga, um löggildíng Papafjarðaróss til verzlunarstaðar, og
2., um uppástúngu þíngmanns Mýramanna, um að Straumfjörður í Mýrasýslu verði löggilt kauptún, og
3., um bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu, sem fer fram á að reisa kauptún á Skipaskaga við Lambhússund.

Eptir að vèr vandlega höfum íhugað þetta mál, leyfum vèr oss að láta í ljós álit vort á þessa leið:

Eins og þíngmönnum er kunnugt, kom til alþíngis 1849 bæn-

arskrá frá Austur-Skaptafellssýslu um, að leyfð yrði verzlun á Papafjarðar eða Hornafjarðarós bæði fasta- og lausakaupmönnum, og að kauptún mætti setjast á hvorum staðnum, sem hæfilegri virtist. Þessi bænarskrá styðst við hinar sömu ástæður, sem teknar eru fram í uppástúngu þíngmanns Austur-Skaptfellínga, og það er vort sameiginlegt álit, að þær sè á góðum og gildum rökum byggðar. Það mun vart geta dulizt neinum, sem lítur yfir uppdrátt Íslands, eða þekkir vegalengdina, hversu brýn nauðsyn muni vera á einum verzlunarstað á milli Djúpavogs og Eyrarbakka, og hitt *vita* allir, að hvergi er fært að sigla upp hafskipum á allri þeirri leið vegna hafnaleysis, nema á þessum eina stað. Hornafjarðarós verður ekki upp sigldur nema með aðfalli vegna straums, og þar til eru hættulegar eyrar fyrir innan; og reynslan hefir sýnt, að ófært þykir, að liggja á kaupskipum við Dyrhóla. Það kemur þá fyrst til álita, hvort innsiglíng á Papós sè hættuleg og höfnin trygg, þegar inn er komið. Oss er óhætt að fullyrða, að innsiglíng á ósinn er fullt eins góð og á Djúpavog, jafnhættulaus og enn styttri. Þegar ósinn var mældur fyrir fám árum, reyndist 5 faðma dýpi í honum um stórstraumsfjöru, en straumur í ósnum er ekki meiri en svo, að smábátar geta hæglega róið út og inn, hvernig sem á sjávarföllum stendur. Á höfninni er svo kyrrt, eins og á stöðuvatni, og botninn mjúkur og góður og þar til er klettur við leguna, sem hafa má í festar, ef þarf. Þess vegna hafa hafskip opt hleypt þar inn undan ís eða stormi t. a. m. 1840; þá lágu þar 3 skip í senn, og var eitt þeirra kaupskipið Keflavík. Til þess enn fremur að sýna, hver nauðsyn er á, að fá löggilt kauptún á þessum stað, viljum vèr taka það fram, að Austur-Skaptfellíngar, sem lengst eiga að, og reka verzlun sína á Djúpavog í Suður-Múlasýslu, þurfa að meðaltali að eyða til hverrar ferðar þangað 14 til 18 dögum, en gæti þeir verzlað á Papós, þá sparaðist þeim þetta óbærilega verkatjón nálega til helmínga; þar að auki gæti þeir fækkað hrossum sínum, að minnsta kosti til þriðjúnga, og þeir, sem skemmra eiga, til helmínga, og þaðan af meira, og er það ómetanlegt hagræði, því sá hinn mikli hrossafjöldi, sem þeir neyðast til að hafa, stendur búnaði þeirra mjög fyrir þrifum. Yrði nú verzlun leyfð á Papós, væri það og mjög mikill hagnaður fyrir marga Kleifahreppsbúa i Vestur-Skaptafellssýslu t. a. m. Fljótshverfínga, því kaupstaðarleið þeirra þangað yrði allt að því helmíngi styttri en á Eyrarbakka.

Það er enn eitt atriði, sem mælir mjög fram með Papós. Á Djúpavog sækir til verzlunar öll Austur-Skaptafellssýsla, og mikill hluti Suður-Múlasýslu, en þar er ekki nema einúngis ein sölubúð, og verður því opt mikill vöruskortur, auk þess, að þar er of gott færi til einokunar; og kæmi ekki lausakaupmenn þangað, væri vöruskorturinn óbærilegur og einokunin óþolandi. En ef verzlun væri leyfð á Papós, þá telur nefndin það víst, að hæfileg verzlunarkeppni yrði þar á milli og Djúpavogs, líkt og milli Eyrarbakka og Reykjavíkur, og að síður þyrfti að óttast vöruskort. Nefndin er góðrar vonar um, að stjórnin muni taka vel í þetta mál, því í auglýsíngu til alþíngis 1853 er einúngis sú ástæða til færð fyrir synjuninni um bón þíngsins 1849, að verzlunarmál Íslands yfir höfuð sè í undirbúníngi, og verði að ganga á undan; en nú er sú ástæða fallin burtu.

Hvað viðvíkur Straumfirði, þá getur nefndin ekki sèð betur, en að flestar ástæður mæli fram með því, að nauðsynlegt sè að fá þar löggiltan verzlunarstað. Allir vita, hvílíkur geysivegur er á milli kaupstaða allt frá Reykjavík í Guilbríngusýslu og til Búða í Snæfellsnessýslu, þar sem ekkert kauptún er yfir Kjósar- Borgarfjarðar- Mýra og Hnappadalssýslur, sem allar liggja hèr á milli. Þó er kauptúnafjarlægðin tilfinnanlegust fyrir Mýrasýslu, sem liggur hèr um bil mitt á milli kaupstaðanna, en þó er enn lakara, að við Búðir er svo lítil verzlun, að Mýramenn geta ekki fengið þar nauðsynjar sínar að hálfu leyti; þess vegna verður þeim ætíð fyrir að leita til Reykjavíkur annaðhvort sjóveg eður landveg, og er þangað löng og torveld leið, hvor vegurinn sem valinn er. Ef landveg er farið, þá verður að fara yfir vonda vegi, stórár, og grýtta og bratta fjallvegi, en ef sjóveg er farið, þá er leið sú löng og ill, yfir 6 vikur sjávar, skerjótt, brimsöm og grynníngafull, svo ekki verður farið án þess að sæta sjávarföllum, þar að auki er leið sú svo krókótt, að sjaldnast verður notuð sama vindstaða alla leið; vill það því opt til, að menn teppast vikum saman.

Það má nú heita, að Straumfjörður liggi á hentugum stað mitt á milli áðurnefndra kaupstaða og fyrir miðjum Mýrum. Höfn er þar ágæta góð, svo einkis ótta von er á legunni, og innsiglíng bein og hættulaus. Fyrirfarandi ára reynsla hefir og sjálfkrafa sýnt, að uppsiglíng þangað, og verzlun þar, getur orðið að beztu notum bæði fyrir kaupmenn og landsmenn, því sveitir liggja þar margar umhverfis og landvöruafli því nægur.

Strax þegar alþíngi hófst 1845, báru Mýramenn fram þessa sömu bæn, að fá kauptún á Straumfirði, og tók þíngið vel og réttilega í það, og bar það mál fyrir stjórnina, sem líka tók álitlega undir það, og veitti þangað siglíngaleyfi um 3 ár til reynslu. Þá sú tíð var út runnin, fyrirfórst af andvaraleysi Mýramanna að sækja um endurnýjun og áframhald leyfisins. Nú aptur 1859 var mál þetta borið fyrir þíngið, og tók það sem fyrri vel í það; er því öll ástæða til, að halda, að svo verði enn, því að ekkert hefir fram komið, sem breytt geti skoðun þíngsins. Stjórnin hefir nú ekki heldur borið fram neinar mótbárur, að verzlun megi framfara á Straumfirði, heldur í auglýsíngu sinni frá 1. júlí þ. á. svo sem bent þínginu á, að senda sèr málið lögformlega undirbúið, og getum vèr því vænt, að hún muni líta vel á það, sem fyrri.

Áður en nefndin lætur í ljósi álit sitt um hið síðasta atriði, sem henni hefir verið fengið til íhugunar, þykir henni hlýða, að geta þess, að til alþíngis 1845 kom bænarskrá frá Borgfirðíngum þess efnis, að kauptún yrði sett á Krossvík á Akranesi. Alþíngi sendi konúngi vorum þá bæn, að lausakaupmenn mætti verzla á Krossvík. Árangur af þessari bæn þíngsins var opið brèf 11. maí 1847, er leyfir kaupmönnum í Reykjavík að verzla á Krossvík 3 ár. Alþíngi 1849 sendi konúngi vorum aptur bænarskrá, og beiddi að kauptún yrði sett á Krossvík, en til vara, að lausakaupmönnum yrði leyft að verzla þar um ákveðinn tíma að sumrinu. Árangur af þessari bæn þíngsins var auglýsíng 17. maí 1850, er leyfir Reykjavíkur kaupmönnum að verzla þar enn í 3 ár, og enn fremur lausakaupmönnum, þó einúngis í júnímánuði hvert ár. Leyfi þetta var síðan lengt um 2 ár með auglýsíngu 4. marz 1853.

Nefndinni hefir verið fengin í hendur bænarskrá frá Borgfirðíngum, um að löggilt yrði kauptún við Lambhússund á Skipaskaga, og er þar þess getið, að höfnin sè góð og trygg, og í öðru lagi, að eigendur lóðarinnar sè fúsir til að selja þar rúmgott kaupstaðarstæði. Nefndin verður nú að álíta það ísjárvert, að setja kauptún svo nálægt Reykjavík, með því hún álítur það rètta verzlunarreglu, að fjölga eigi kauptúnum hèr á landi, nema brýnasta nauðsyn beri til. En aptur á mót er það álit nefndarinnar, að fastakaupmönnum verði leyft að verzla þar af skipum, enda ætlar hún, að með þeim hætti náist það helzta, er beiðendur æskja, án þess að skerða hagræði föstukaupmannanna hið minnsta. Það er bæði í sjálfu sèr auðsætt, og reynslan er þegar búin að sanna það nægi-

lega, að það er hið mesta hagræði fyrir kaupmenn sjálfa og líka fyrir landsmenn, að kaupmenn geti sent skip sín til verzlunar á sem flesta staði á landinu, því á þann hátt geta kaupmenn verið sem mest út um sig og landsmönnum sparast mikill tími og örðugir flutníngar. Nefndin verður þó að álíta, að takmörkun sú, er sett er í opnu brèfi 19. maí 1854, að kaupmenn megi eigi selja á öðrum stöðum, en löggiltum kauptúnum, neina aðra vöru, en korn, steinkol, við, salt, tjöru, járn og hamp, sè hart band á verzlun fastakaupmanna, því vörur þessar eru einúngis fáar af nauðsynjavörum landsmanna, og svo er hèr það kaupskaparlag, að kaupmönnum eru vörur þessar minnst útfalar af öllum vörum, fyrir því að vörur þessar taka upp mest rúm og framfærslan er jafnan minnst á þeim; þeir senda því eigi skip með þær eingöngu, sem þeir annars mundu fúsir á, ef þeir mætti selja alla kaupvöru. Nefndin verður og að álíta það harðla óeðlilegt band eður takmörkun, að kaupmaður megi ekki flytja neina aðra vöru, nema hún sè keypt hjá honum í búðinni áður, því annaðhvort er það tilgangslaust, að landsmenn þurfi að fara til kaupstaðarins til að kaupa vöruna fyrir fram, eður sá er tilgangurinn, sem og ljóst er af umræðum þessa máls á alþíngi 1849 og á þjóðfundinum 1851, að ákvörðun þessi sè gjör til þess að forða landsmönuum frá þeim voða, að kaupa þá vöru, er menn kalla óþarfavöru. Afleiðíngin af þessari óeðlilegu takmörkun, hefir verið sú, að kaupmenn hafa annaðhvort ekki flutt vöruna eða þeir hafa flutt og þá eigi fylgt stranglega takmörkuninni. Nefndin vill þó eigi í þetta sinn ráða þínginu til, að gjörð sè breytíng á opnu brèfi 19. maí 1854, heldur einúngis, að það sè gjörð undantekníng frá þessari takmörkun fyrir Lambhússund á Akranesi, eður með öðrum orðum, að öllum fastakaupmönnum sè leyft að verzla þar af skipum, og styðjum vèr það enn fremur af þeim ástæðum, að á Akranesi er þèttbýlt, með því að í Garðasókn einni er um 700 manns, og þar er eitthvert hið bezta fiskiver á landi hèr, og svo er hægust kaupstefna þangað fyrir mestan hluta Borgarfjarðarsýslu.

Af fyrrgreindum ástæðum verður nefndin að ráða þínginu til að rita vorum allramildasta konúngi bænarskrá um:

1. Að Papafjarðarós í Austur-Skaptafellssýslu verði sem fyrst gjörður að löggildu kauptúni.

Og meiri hluti nefndarinnar:

2. Að Straumfjörður í Mýrasýslu verði löggiltur verzlunarstaður.

3. Að öllum innlendum fastakaupmönnum verði leyft, að verzla af skipi á Lambhússundi við Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu.

Reykjavík, 18. d. júlím. 1861.

Stefán Eiríksson, formaður. *Arnljótur Ólafsson,* framsögumaður. *Björn Pètursson,* skrifari.

Jón Sigurðsson".

Þegar eg lít á vörubyrgðir og verzlunarmagn Íslendínga enn sem komið er, og gæti þess, að hèr á landi eru 29 löggiltir verzlunarstaðir, auk Reykjavíkur, og yfir 40 verzlunarbúðir, og að auk þess lausakaupmenn hafa fullt leyfi til að verzla á öllum þessum höfnum, og kaupmenn enn fremur mega flytja allar nauðsynjavörur inn á hverja vík og vog, þá get eg eigi betur séð, en óþarfi sè, að löggilda fleiri staði til verzlunar hèr á landi yfir höfuð að tala, en þegar er búið; það virðist svo, sem rúmar 60 þúsundir manna geti látið sèr nægja með þessa verzlunarstaði, sem eru. Það virðist og að hljóta að liggja hverjum einum í augum uppi, að slík sundrúng alls verzlunarafls verði landinu að eins til niðurdreps, eða að minnsta kosti til að tálma því, að landið geti tekið nokkrum verulegum framförum; því að framfarirnar verða þó í rauninni að spretta frá verzluninni. En þessir mörgu smáverzlunarstaðir, svona á sundrúngu hèr og hvar, gjöra það að verkum, að engi verzlunarmaður getur fengið fè í veltu til neinna muna, og getur því ekkert tekið sèr það fyrir hendur, sem nokkuð kveði að. Þessir smáu verzlunarstaðir, þar sem er að eins ein eða tvær verzlunarbúðir, veita landsmönnum í grennd við sig enga atvinnu, en venja þá aptur á móti á ýmsa óreglu og óþarfabruðlun. Mèr virðist því liggja í augum uppi, að eigi ætti að fjölga verzlunarstöðum hèr á landi, nema því að eins að brýna nauðsyn beri til, meðan vörumegnið er eigi meira, en enn er. En með því eg er meðnefndarmönnum mínum samdóma í því, að miklar ástæður sè til að beiðast þess, að Papafjarðarós í Skaptafellssýslu eystri verði gjörður að löggiltum verzlunarstað, og miklir örðugleikar eru á því fyrir Skaptfellínga, að reka verzlun hvort heldur er á Eyrarbakka eða Djúpavog, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá er reynanda, hvort verzlunarstaður getur þrifizt við Papós eða eigi, og verð eg því að ráða þínginu til að fallast á uppástúngu meira hluta nefndarinnar undir tölul. 1. í niðurlagsatriðunum. Á hinn bóginn get eg enga nauðsyn eða hagnað sèð við löggildíng Straumfjarðar

á Mýrum til verzlunarstaðar; því að hvorki er þaðan lengra til kaupstaða en víða annarstaðar um landið, t. a. m. í Ísafjarðarsýslu, og vörumegnið í næstu sveitunum næsta lítið. Sjóleiðin segir nefndin sjálf að sè hættuleg fyrir íslenzk skip, eins og satt er, og þá liggur í augum uppi, að hún verður að vera enn hættulegri fyrir útlend stórskip. Auk þessa er það, að alls eigi er að sjá, að Mýramenn sjálfir, að fulltrúa þeirra undanskildum, óski löggildíngar Straumfjarðar til verzlunarstaðar, þar sem þeir enga bænarskrá hafa um það ritað til alþíngis síðan 1845, og hefir þeim þó sannlega gefizt kostur á því, að ítreka þessa bæn nú í 16 ár, ef þeim hefði verið annt um málið.

Eigi get eg heldur sèð neinn hag í því hvorki fyrir kaupmenn, og því síður fyrir landsmenn, að fastakaupmenn fái fullkomið verzlunarleyfi með allar vörur á Lambhússundi við Skipaskaga; sá hagnaður, sem leiddi af því leyfi, væri einúngis sá, að kaupmenn með því móti fengi betra tækifæri, til að koma út óþarfavörum sínum, og það með hærra verði en ella, og að landsmenn bæði keypti meira af þeim, og gæfi meira við þeim en ella; en þrátt fyrir það, yrði þó kaupmenn að leggja eigi alllítið fè í sölurnar við slíkar ferðir. Auk þessa get eg enga ástæðu sèð til þess, að gjöra undantekníng með þenna stað frá þeim reglum, sem gilda alstaðar annarstaðar í kríngum landið, enda hefir meiri hluti nefndarinnar enga ástæðu getað tiltínt. Sökum þessa verð eg að ráða hinu heiðraða alþíngi frá, að fallast á 2. og 3. niðurlagsatriði nefndarinnar.

Reykjavík, 20. d. júlím. 1861.

H. Kr. Friðriksson“.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Hið heiðraða alþíngi sèr nú, að nefndin hefir fallið í tvennt, og það hefir orsakað einn af nefndarmönnum, sem að eins hefir viljað fram fylgja 1. atriði, að Papós yrði löggiltur til verzlunarstaðar. Eg skal ekki fara langt inn í málið að svo komnu, heldur vil eg að eins taka fram aðalskoðun meira hluta nefndarinnar á verzlunarmáli Íslendínga, og það var sú, að hún vildi líta með rèttsýni og sanngirni á hagsmuni beggja málsaðila, landsmanna og kaupmanna. Ef hagur beggja væri tekinn jafnt til greina, áleit hún, að bezt not mundu verða af verzluninni fyrir landið; en ef á aðrahvora hallaðist, væri það verzluninni til hnekkis. Það, sem landsmenn hafa helzt að bera fyrir sig sem ástæðu, er, að þeir eigi sem stytzta leið, og yfir höfuð sem auðveldast að ná til markaðarins eður kaupstefnunnar; við það spar-

ast þeim bæði tími og lega í kaupstöðunum sjálfum og kostnaður, sem af því flýtur. En aptur á móti er það varúðarvert, að fjölga kaupstöðunum meir en góðu hófi gegnir, því að því meira afl, sem er í aðalkaupstöðunum, því meiri vörubyrgðir eru þar, því meiri verzlunarkeppni, og þar af leiðandi betra verð á vörunum. Nefndin fann að eins eitt ráð, sem getur stuðlað að því, að verzlunin verði jafnt báðum í hag, og það er það, að fastakaupmenn hafi sem óbundnast frelsi, til að flytja vörur til sölu út frá kaupstöðunum út um landið; þetta eflir eins kaupstaðinn, því vörur frá landinu koma þó til kaupstaðarins og vörurnar frá útlöndum ganga þangað, í fám orðum, allar vörurnar ganga í gegnum greiparnar á fastakaupmönnum. Eg tek til dæmis, ef allar vörur væri fluttar frá útlöndum til Reykjavíkur, og svo fluttar þaðan út um landið, og svo allar vörurnar af landinu til Reykjavíkur, þá gildir einu, hvort vörurnar eru seldar í búðinni sjálfri, eða kaupmennirnir flytja vörurnar út um landið. Löggiltu kaupstaðirnir eru milliliður milli landsins og alheimsmarkaðarins. Það væri mestur hagur fyrir Reykjavík, ef hún mætti verzla við alla, sem búa í kríngum Faxaflóa, og ef kaupmenn hefði leyfi til að flytja allar vörur til sölu á alla hafnarstaði kríngum Faxaflóa, og ef nú kaupmenn gerði það slindrulaust, þá þyrfti innbúarnir enga kaupmenn nema í Reykjavík. En ef nú engi kemur til verzlunar á Straumfirði og á Akranesi, verður afleiðíngin sú, að flestir Mýramenn og Reykdælíngar fara heldur til Borðeyrar, því bæði er þangað styttri leið og verðið á íslenzku vörunni er þar betra. Það er svo langt frá, að verzlunarleyfið á Skipaskaga sé til hnekkis verzluninni í Reykjavík, að það er þvert á móti alveg nauðsynlegt fyrir kaupmenn hèr, ef þeir eiga að geta haldið verzlunarmönnum sínum. Meíri hluti nefndarinnar mælti nú líka fram með því, að Straumfjörður yrði löggiltur til verzlunarstaðar; því þegar vèr lítum yfir allan Faxaflóa, þá sjáum vèr, að öðrum megin er Keflavík og Hafnarfjörður, en hinum megin ekki nema Búðir lengst úti á Snæfellsnesi. Hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna er nú betur kunnugur því sèrstaka í þessu máli, og tekur það víst fram í ræðu sinni. En eg vil einúngis taka það fram viðvíkjandi því, sem þíngmaður Reykvíkínga segir í atkvæði sínu, að ekki hafi komið nein bænarskrá um þetta frá Mýramönnum í 16 ár, þá geta það þó ekki verið nema 13, því þeir fengu þó verzlunarleyfið í 3 ár; og í öðru lagi veit eg, að þeir treysta svo vel fulltrúa sínum, að þeir láta sèr nægja með það, sem hann

ber fram fyrir þá á þinginu, og hafa því ekki álitið þörf á, að senda um þetta bænarskrá til þingsins; en það hefir ekki komið af því, að þeim væri ei umhugað um málið.

Helgi G. Thordersen: Eg stend nú upp í þeirri von, að ekki þurfi langar umræður um þetta mál. Sá sem hefir heyrt nefndan Papós, og sá sem hefir farið yfir Skaptafellssýslu þrisvar sinnum, eins og eg, og þekkir þann óraveg, sem þeir eiga til kaupstaðar, getur ei annað, en verið nefndinni alveg samdóma í því, að brýnasta nauðsyn sé til, að þeir geti fengið löggilt kauptún einhverstaðar nær sér, þegar tekið er tillit til hins óumræðilega örðugleika, sem á því er fyrir þá, að ná til kaupstaðar. Eg hefi nú farið nær því um allt land, en hvergi nokkurstaðar hefi eg séð, að eins örðugt væri, að ná til kaupstaðar, eins og í Skaptafellssýslu; hún liggur eins og kunnugt er með sjó fram, og er eins og þvengur, mjó og löng, og eg veit hvergi, að leiðir sé eins miklum hættum undirorpnar eins og þar. Þegar litið er á þetta með sanngirni, hlýtur hver maður að sjá, að nauðsynlegt er að hlynna að því með öllu, sem maður getur, að innbúarnir á þessu mikla svæði geti fengið löggilt kauptún á því, þar sem mögulegt er að koma því við. Fyrst eg er nú einu sinni farinn að tala um þetta höndlunarmál, sem allir geta nærri, að mèr lætur nú ekki sem bezt, þá man eg ei betur, en einhver þingmanna — eg man ekki hver það var — hafi tekið það fram, að vèr ættum að vera samhuga í því, að löggilda alla þá staði til verzlunarstaða, þar sem líkindi væri til, að verzlun gæti þrifizt og kauptún komizt upp, því reynslan mundi sýna, hvar það á endanum gæti komið að gagni; vèr megum enn álítast eins og börn í þessu efni, og getum því ei ætíð séð, hvar það sé affarabezt að stofna kauptún, svo að stundum gæti farið öðruvísi, en vèr hefðum ætlazt til, en á endanum mun þó allt laga sig, og reynslan sýna, hverir staðir væri hæfilegir til verzlunar og hverir ekki. Eg vil nú að öllu leyti hnýta mínu áliti aptan í álit þessa þingmanns yfir höfuð að tala, og veit hamingjan, að eg man alls eigi, hver hann var *(Jón Pèturssón:* Það var þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu), og því verð eg að gefa atkvæði fyrir, að Papós verði löggiltur til verzlunarstaðar. Þar á móti ætla eg ekki að gefa atkvæði með, að Straumfjörður verði löggiltur til verzlunarstaðar, því svo mikið, sem eg vil gefa landsmönnum eptir, með að fá kaupstaði löggilta, þá þykir mèr þó mjög varúðarvert, að koma upp kaupstöðum — ef eg mætti svo að orði kveða — á

hverri hundaþúfu; sú rètta grundvallarregla er sú, að hlynna ætíð að aðalkaupstöðunum, og koma ekki nýjum á stofn, nema þar sem hin brýnasta nauðsyn ber til, en það sè eg ekki eigi sèr stað á Straumfirði eður Lambhússundi, sem liggja hèr svo nálægt Reykjavík, að naumast getur átt við að löggilda þar kauptún. Aptur á móti vil eg mæla með »b«, að fastakaupmönnum úr Reykjavík sè leyft, að senda vörur bæði að Straumfirði og á Lambhússund, því Reykjavík, með þeim krapti, sem hún hefir, getur sent þangað skip, og samið við landsmenn um, að flytja þangað vörur svo miklar sem sveitamenn æskja; það er ekki annað fyrir sveitabúa, en að semja við kaupmennina hèr um, að koma, og þá senda þeir þangað skip, og þeir selja þeim ekki dýrara en okkur, stundum jafnvel ódýrara; þess veit eg dæmi. Þetta vildi eg taka fram, til að gjöra grein fyrir, hvernig eg mundi gefa atkvæði í þessu máli.

Jón Hjaltalín: Eg ætla einúngis stuttlega að skýra frá meiníngu minni; þetta verzlunarstaðamál er yfir höfuð mjög mikið vandamál; landsmenn vilja fjölga kaupstöðunum, en það virðist að stríða bæði á móti löggjöfinni hèr og reynslu annara landa. Reynslan hèr sýnist að benda á, að menn eigi að hlynna sem mest að þeim kaupstöðum, sem til eru, án þess að með því sè landsmönnum gjörður skaði; þannig sáu menn ljósan vott þess í vetur, að þegar smákaupstaðirnir voru orðnir vörulausir, urðu landsmenn að flýja til stærstu kaupstaðanna, Reykjavíkur og Akureyrar. Það hefir verið sagt, að það væri mjög mikið gagn, t. d. að Borðeyri, en hún hefir þó dregið úr verzluninni á Hofsós; þetta bendir á það, að því meira, sem höfuðverzlunarstaðirnir veikjast, því örðugra verður fyrir landsmenn, að fá vörur á vetrum. Það eru nú samt einkum Austursýslurnar, sem eiga örðugt með að ná í vörur, og því finnst mèr fullkomin ástæða til, að Papós væri löggiltur; eptir því sem nú á stendur, geta Austur-Skaptfellíngar ekkert gagn haft af því, sem margir hèr syðra eru nú farnir að hafa mikil not af, nefnilega hrossakaupunum og laxakaupunum við enska; það væri örðugt fyrir þá, að fara að flytja hross sín híngað suður, en aptur er það hægra fyrir Skotlendínga, að fara þangað en híngað. Um Straumfjörð má nú segja líkt. Það er líka örðugt, að koma hrossum þaðan híngað suður. Vèr vitum ei heldur, nema Englendíngar kynni á vissum stöðum þar að finna eitthvað gagnlegt. En mèr þykja nú kaupmenn býsna daufir með að nota leyfið, og víst er um það að Mýramenn teppast hèr opt í viku, ef þeir fara sjóveg, og er það ekki lítil verkatöf;

en ef þeir vilja fara landveg, þá er það mjög langur og örðugur vegur. Eg held því, að menn hafi kröfu á, að vèr íhugum þetta vel. Minni held eg sè nú nauðsynin á Skipaskaga; það þarf þó ei að koma í bága við fastakaupmenn, því þeir brúka leyfið, ef þeir vilja, annars ekki. Eg vil því gefa atkvæði með Papafjarðarós; en vil heyra ástæður á móti hinum tveimur stöðunum.

Helgi G. Thordersen: Eg vil spyrja að, hvort menn geta haft á móti því, sem eg sagði áðan, að Mýramenn geti tekið sig saman um, að fá kaupmenn til að flytja vörur þangað upp eptir, þegar þeir eru svo nálægt. Eg neyddist til að taka þetta upp aptur, af því eg heyrði, að hinn 5. konúngkjörni tók það alls eigi til greina.

Guðmundur Brandsson: Þegar er að ræða um að löggilda einn stað til verzlunar, verður tvennt að takast til skoðunar, að gott sè að leggja þar að skipum, og að það sè haganlegt fyrir landsbúa, að flytja og sækja þangað vörur; þessa báða kosti hefir nú Papafjarðarós til að bera, eptir því sem kunnugir menn segja, og því verður víst engi ágreiníngur um hann. En þar á mót hafa heldur komið mótmæli á móti Straumfirði og Lambhússundi; það má nú margt segja með og mót þessu. Eg hefi nú viljað hlynna að fastakaupmönnum hingað til, og ef þeir vissi, hvað til síns friðar heyrði, þá mundu þeir þar vöktun á hafa, en það lítur svo út, sem þeir hafi það ekki vitað; það hafa að minnsta kosti 2 helztu kaupmennirnir, Siemsen og Knudtzon sýnt, með því að leggjast á eitt, til að reyna að eyðileggja verzlunina hèr, með því að gefa nokkuð af verzlunarhúsum Bjeríngs sál. til barnaskóla, og þar með búa svo um hnútana, að engi ný verzlun geti komizt þar að; en með þessu gjöra þeir sig að Reykjavíkur og jafnvel sínum eigin böðlum, svo bæði Reykjavík og fleirum hefði verið betra, að slík hús hefði brunnið til kaldra kola, heldur en að svona hefði verið með þau farið; svo er og það, að fastakaupmenn hèr senda vörur sínar út um allt land, svo að skiptavinir þeirra hèr ekki geta fengið hjá þeim nauðsynjar sínar. Eg skil ei, hvernig Reykjavík ætlar að útvíðka svo mikið verzlun sína, að hún geti sent á alla þessa staði líka með vörubyrgðir. Það væri allt öðru máli að gegna, ef kaupmennirnir stæði í skilum við skiptavini sína hèr, og færi vel að ráði sínu; mèr virðist heldur ekki, að mikil líkindi sè til, að Reykjavíkurkaupmenn auki mikið verzlun sína, þó þeir fari að verzla á Straumfirði, fremur en þeir hafa gjört; eg vil að minnsta kosti ekki stuðla til, að verzlunin sundrist meir en nú er orðið; hún er ónóg jafn-

vel í þessum vöruskorti, sem nú er, og þá því fremur, ef mikill vöruafli væri í landinu. Að því er snertir erfiðleika Mýramanna á að nálgast vörurnar, þá eru þeir nú ekki meiri en margra annara, sem hèr verzla; og það er ekki alltènd svo mikill hagnaðurinn við það, að vera nærri kaupstöðunum. Eg held, að hægðin, sem Mýramenn ynni af því að hafa kaupstaðinn nærri sèr, ynnist upp á móti því, sem þeir þá tæki út af vörum þeim, er þeir heldur sneiddi sig hjá ef kaupstaðurinn væri fjær. Þetta hefir reynslan sýnt um aðra kaupstaði; og mèr þætti ekkert að því, þó kaupstaðirnir hèrna í Gullbríngusýslu væri einum færri, ef verzlunin þá yrði betri; gangi sumarverzlun nógu liðlega, þá gjöri eg minna úr vetrarverzluninni. Uppástúngan um Lambhússund er óveruleg, og einúngis ónauðsynleg útvíðkun af opnu brèfi 1854, og það er óverulegt, að ákveða þessa einu vík, sem ekki er nærri eins góð og sumar aðrar hèr í Faxaflóa, t. d. Vogavík, og svo er ekki heldur brýn nauðsyn til, að Akranesíngar fái þetta leyfi fremur en aðrir. Þeir geta pantað miður nauðsynlegar vörur skriflega fram í Reykjavík, og þá fá þeir þær hjá kaupmönnum fluttar heim til sín kostnaðarlaust ásamt öðrum vörum. Svona var það haft, áður en verzlunarfrelsið og opna brèfið kom. Og engi fann t. d. að Siemsen, sem fór svona að, og var hann þó í þá tíð umsetinn af öðrum, einkum Knudtzon. Eg er nú hræddur um, að Akranesíngar hefði ekki mikinn vinníng af því, þó þeir fengi þar upp kaupstað eða jafnvel þetta, sem nú er verið að tala um. Eg ætla ekki að fara út í neinar sögusagnir um þá, en geyma það, þangað til ef það á öðrum stað ætti betur við, að halda þeim fram.

Halldór Kr. Friðriksson: Af því eg var svo óheppinn að vera valinn í nefnd þessa, og því óheppnari, að geta eigi orðið hinum heiðruðu samnefndarmönnum mínum samdóma, þykist eg verða að mæla fáein orð í máli þessu. Um 1. niðurlagsatriðið ætla eg eigi mörgum orðum að fara, með því allir nefndarmenn voru einhuga um það, að mæla fram með Papós. Það eru miklar ástæður með því, að reyna, hvort verzlunarstaður getur þrifizt þar, og hvernig hann gefst, og því heldur finnst mèr mælandi með honum, sem verzlun fer mjög minnkandi á Eskifirði; og vel getur svo farið, að hann leggist niður með tímanum, og þá væri verzlunarstöðum eigi fjölgað, þótt Papós yrði verzlunarstaður. En hvort sem Eskifjörður legðist niður eða eigi, þá yrði þó töluvert hagræði fyrir Skaptfellínga, að fá verzlun á Papós; því að það er langur

vegur og illur fyrir þá, að verða að reka verzlun sína austur á Djúpavog. Eg er eigi kunnugur, hversu góð höfn eður kaupstaðarstæði er á Papós, en kunnugir menn segja, að þar sè góð höfn, og með því margt mælir með, verð eg að telja reynanda, að löggilda hann til verzlunarstaðar. En allt öðru máli er að gegna um hina tvo staðina, sem hèr ræðir um. Mèr þótti vænt um, að hinn heiðraði *framsögumaður* var mèr samdóma í aðalatriðum málsins, eptir því sem eg skildi hann, að áríðandi væri, að fá öfluga verzlunarstaði, og það væri betra, að hafa þá færri og stærri en fleiri og smærri, en af því leiðir þá beinlínis, að vèr eigum að forðast, sem mest að auðið er, að búa til þessar smáholur; því að það er auðsèð, að þær gjöra illt eitt, en ekkert gagn; þær draga verzlun frá hinum stærri verzlunarstöðunum, en fá þó engan afla sjálfar; og að eg taki nú Straumfjörð, þá er auðsèð, að hann dregur verzlun nokkra frá Reykjavík, sem er helzta kauptún landsins, Stykkishólmi, Búðum og Borðeyri, en vörumagn flyzt þó eigi svo mikið þangað, að nokkur verulegur verzlunarstaður geti úr orðið. *Framsögumaður* sagði, að ef Straumfjörður eigi fengist, mundu margir Mýramenn, og jafnvel Reykhyltíngar og fleiri Borgfirðíngar sækja norður á Borðeyri, en eigi til Reykjavíkur; eg svara því, að það er þeim frjálst og vel komið; og þá kalla eg verzlunina komna í eðlilegt lag, þegar menn geta sótt og sækja á hina hagkvæmustu staði til verzlunar. Á Borðeyri verða og allir að játa að er hentugur staður til verzlunar, því að þar liggja stórar sveitir að á alla vegu, Dalasýsla fyrir vestan, en Húnavatnssýsla að austan, og svo Strandasýsla fyrir norðan, og auk þess geta enn nokkrir Mýramenn sótt þangað. En á Straumfirði er öðruvísi ástatt, og eg get eigi sèð, að verzlunarstaður þar geti annað að gjört, en vanið menn á óreglu; þótt verzlunarstaður komi á Straumfjörð, þá mun varníngsverðið eigi batna fyrir þær sakir; þvert á móti mun óþarfavaran og öll sú vara, sem lítið er keypt af, verða þar dýrari en í Reykjavík; það er almennt lag á þessum smákaupstöðum; og að bezta verðið er hèr í Reykjavík, sèst meðal annars á því, að híngað koma nú engir lausakaupmenn, og það kemur eigi til af öðru en því, að þeir sjá sèr engan hag við það; þeir sjá, að þeir geta eigi selt útlenda varníginn við lægra verði, en kaupmenn selja hèr í bænum. Sá eini lausakaupmaður, sem hèr kemur, er *Gram*, og hann hefir sjálfur sagt mèr, að hann sæi sèr engan hag af verzlun hèr, annan en þann, að hann fengi hèr penínga, einkum til að hafa

til verzlunar sinnar fyrir vestan. Hann kann að selja sumt hvað við nokkuð lægra verði hèr, en kaupmennirnir almennt, einmitt vegna peninganna, en hann lætur aðra landsmenn borga sèr þann mismun; enda er það alkunnugt, að allur smávarningur er miklu dýrri á öllum útkaupstöðum en hèr í Reykjavík. Nefndin segir, að undanfarinna ára reynsla hafi sýnt, að Straumfjörður sè haganlegur til verzlunar; en hví láta Mýramenn sèr eigi nægja þessa reynslu? Hví láta þeir sèr eigi nægja það, sem þeir hafa, ef það er svo ágætt? Eg held þvert á móti, að reynsla undanfarinna ára hafi sýnt, að Straumfjörður er óhagkvæmur til verzlunarstaðar; þar hafa komið 1 og 2 skip á sumri; getur nokkur verzlunarkeppni úr því orðið? enda er vörumagn þar svo lítið, að undir eins og eitt skip er komið þangað, þá senda eigi fleiri þangað, því að þeir vita, að það er til einskis; vörumagnið er eigi til tvískiptanna í þeim hreppum, sem þangað sækja til verzlunar; sauðfè er þar fremur fátt, og fiskiafli er þar því nær engi; og þeir, sem sjóinn stunda, róa hèr fyrir sunnan flóann, og leggja fisk sinn inn annaðhvort í Keflavík, Hafnarfirði eða Reykjavík, og geta því eigi hvort sem er sloppið hjá, að koma hingað til Reykjavíkur til verzlunar.

Eg get eigi betur sèð, en að það sè því nær hlægilegt, er nefndin segir, að sjóleiðin upp á Straumfjörð sè góð fyrir stór skip, en ófær fyrir smábáta sökum skerja; það er reyndar satt, að leiðin er óhrein, en því hættulegri er hún fyrir útlend stórskip, enda hefir reynslan sýnt það; því að á þeirri leið hafa skip farizt, og ef eg færi að leita í bókum, held eg, að eg gæti sýnt, að þar hafa orðið skiptapar. Auk alls þessa hefir reynslan sýnt það áður, að verzlunarstaður eigi getur þrifizt á Straumfirði; því að 21. d. aprílm. 1798 var leyft að setja þar verzlunarbúð, og þetta leyfi var endurnýjað 1805; en hún stóðst þar eigi, og varð að leggja hana niður aptur; verzlunin veslaðist upp, ef eg man rètt. Þar sem hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að Reykvíkíngar hefði verið of sljóvir að senda skip upp á Straumfjörð, þá er það eigi rètt á litið; þeir hafa sent þangað skip, eptir því sem vörurnar voru til fyrir; en það er auðvitað, að engi kaupmaður fer að senda þangað rètt að gamni sínu, þegar hann veit það fyrir, að hann engar vörur fær þar; það er auðskilið, að þeir mundu heldur senda skip sín þangað, ef það væri til nokkurs, eða þeir sæi sèr hag við það, heldur en að vera að senda út um allt land; þeir

mundu heldur taka það, sem nær væri, og sem minni kostnaði væri bundið að ná í.

Þá er enn eitt, að Mýramenn hefði haft nægan tíma til að knýja á um þetta mál síðan 1845, ef þeim hefði verið það svo hughaldið; það er einúngis þíngmaður Mýramanna, sem er að nudda um þetta ár eptir ár, og Mýramenn hafa sjálfir sagt sumir, að þeir vildu, að þar kæmi aldrei kaupstaður; því að að honum yrði ekkert lið, en leiddi hjú til ýmissar óreglu og slangurs.

Þá kem eg til þriðja niðurlagsatriðis nefndarinnar, það er um Lambhúsasund á Skipaskaga. Eg játa það, að eg þekki ekki þetta Lambhúsasund, og veit eigi, hvernig skipalægi er þar. En eg kalla það einúngis barnæði, að vera að biðja um undantekníngu frá lögunum á þeim stað, sem er eigi fullar 3 vikur sjávar frá Reykjavík. Þegar hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að það væri hagræði fyrir Reykjavíkurkaupmenn, að mega verzla í kríngum allan Faxaflóa, hvar sem væri, þá er það misskilníngur; því að þeir neyddust þá til þess sökum keppninnar, en þeir yrði jafnframt að hafa talsverðan kostnað fyrir, sem þeir fengi aldrei endurgoldinn; þeir mundu reyndar selja ýmsan smávarníng við hærra verði, en hèr í Reykjavík, og það lenti á landsmönnum, en kaupmenn fengi þó eigi kostnaðinn upp, svo hvorirtveggja hefði hallann af þessum ferðum, bæði landsmenn og kaupmenn. En þetta verður og atvinnumissir fyrir Reykjavík, því að Reykjavíkurbúar hafa þó enga atvinnu við þann varníng, sem kemur hèr snöggvast á höfnina, í því skyni að hann verði þegar fluttur burtu aptur; og því stendur það eigi á sama fyrir Reykjavík, hvort markaðurinn er hèr eða eigi. Ef þíngmaður vill greiða fyrir Reykjavíkurkaupmönnum með því, að láta þá hafa markaði kríngum allan Faxaflóa, hví vill hann þá eigi heldur taka upp gömlu kaupstaða-*distriktin?* Eg get eigi heldur skilið í því, að undantekníng undan almennum lögum fáist fyrir einn einstakan stað. Eg get því eigi fallizt á þetta atriði; eg lít í þessu máli á góðar ástæður, en hefi fyrir augum hvorki hag landsmanna einna, nè kaupmanna einna, heldur hag alls landsins, og það vona eg eptir að þíngið gjöri líka; því að hagur hvorratveggja er í rauninni svo samtvinnaður, að hafa verður augun á hag hvorratveggja, ef vel á að fara.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Hinn háttvirti þíngmaður, sem nú loksins settist þó niður, hefir nú haldið langa og snjalla ræðu, og get eg sagt honum það fyrir, að eg ætla ekki að fara út í þá

sálma að elta hvert orð í ræðu hans, og ekki heldur að berjast mjög fast fyrir kaupstað á Straumfirði sjálfs míns vegna, þó hann haldi það, því þó það hafi verið verzlað þar árlega, hefi eg aldrei sótt þangað viðskipti, og býst ekki við, að eg gjöri það hèr eptir, en samt mæli eg með nefndaráliti þessu; því mèr virðist það ganga beint fram í anda verzlunarlaganna nýju, og miða til að greiða fyrir viðskiptum manna, og að landsmenn, sem aðrir, geti sem fljótast komið vöru sinni af sèr, og náð sem fljótast þeirri vöru aptur, sem hver vill fá.

Að því er viðvíkur Straumfirði, þá álít eg það hinn stærsta óþarfa að fara að taka fram með löngum ræðum allar þær þarfir og kríngumstæður, sem mæla fram með því, að fá þar kauptún, því málefnið er þíngmönnum svo kunnugt, og áður hèr á þíngum svo ítarlega rætt, og þíngið núna næst viðurkenndi fulla nauðsyn á þessari bæn, og vona eg það verði enn í því samkvæmt sjálfu sèr. Hinn virðulegi þíngmaður frá Reykjavík, sem líka er samnefndarmaður okkar, hefir nú talið fram allar sínar ástæður fyrir ágreiníngi sínum, sem var hans von og vísa, og í tilliti til Straumfjarðar voru þær nú ekki svo margar; þær voru ekki nema tvær, og gengur það yfir mig, að hann skyldi ekki hafa þær þrjár, eða þá fleiri slíkar, sem svona voru handhægar og ókostbærar, því ekki voru nú þessar ástæður hans heldur svo merkilegar, því eg álít það kost við þær, að eg ekki þarf að slíta mèr út á því að hrekja þær eða fella. Það liggur í augum allra þíngmanna að þær fella sig sjálfar. Þær báðar eru nefnilega tómar uppdiktur úr þíngmanninum sjálfum og helber ósannindi. Sú fyrri er það, að hann segir, að nefndarálitið sjálft segi, að frá Straumfirði til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Straumfjarðar sè ófær og hættusöm leið fyrir íslenzk skip, hvað þá fyrir útlend skip. Nefndarálitið hefir nú legið á lestrarsalnum, og var nú lesið upp hèrna áðan og þetta hefir engi heyrt nè sèð í því, því það stendur þar hvergi, heldur þvert á móti, er þar sagt, að innsiglíng á Straumfjörð sè bein og hættulaus; og vona eg því, að þessi ástæða hans sè nú fullhrakin og fullræk. Hitt er allt annað mál, þó sagt sè, að frá Mýramönnum sè slæm og hættusöm sjóleið til Reykjavíkur, því þá eiga þeir engir leið um Straumfjörð. Þeir sem fara úr Borgarfirði, úr Hvítá, úr Gufuá, úr Langá, af Álptanesmýrum koma engir nálægt Straumfirði, og fyrir þessa er sjóleiðin skerjótt, brimsöm, grynníngafull og krókótt, og það sem vest er, að verður að sæta sjávarföllum, og hvergi

er lendíng, ef slæmt er fyrr en, suður á Akranesi, svo að á flestum tíðum ársins verður ekki notað nema annað flóðið á hverjum tveim dægrum, og á haustin og veturna eru þeir kaflar, að menn geta ekki einu sinni notað dagflóðið, því ef það er ekki að morgni dags í skammdeginu, nær maður hvergi lendíngu í björtu, og er þá ófarandi. Það er einúngis einn bóndi, sjálfur bóndinn í Straumfirði, sem á leið þaðan til Reykjavíkur, en hann á líka hættulega, brimsama og skerjótta leið; því það væri heldur úrhendis fyrir hann á róðrarskipi í landátt, að hleypa sèr út hafskipaleiðina, viku sjávar til hafs, fram fyrir Þormóðssker, og öll sker, beint úr vegi, en í hafátt dregur hann það eigi; sama er að segja um þá af Vesturmýrunum, að það voga sèr engir svo djúpt, nema ef til vill í blíðustu hafrænu á sumardag, en þvert suður fyrir öllum Mýrum er skerjótt og brimsamt, eins og allir vita. Það hefir verið tekið fram og sannað hèr af einum Reykjavíkurbúa, hinum 5. konúngkjörna þíngmanni, að Mýramönnum legist hèr opt viku og meira; en eg get sagt með sanni, að það er opt, þó þeir komist hèðan, þá legast þeim viku á Akranesi, og ef til vill tvær, því þá kemur önnur stefna og opt önnur vindstaða, þó sama átt haldist, það gjörir krókurinn á leiðinni, og fjalla afstaðan fyrir áttinni.

Hin önnur ástæða, sem ágreiníngsmaður framfærði, var sú, að Mýramönnum, *utan þíngmanni sjálfum*, mundi ekki vera um þetta mál hugað, þar þeir hefði ekki í 16 ár sent neina bænarskrá um þetta, síðan 1845, þó að þíngmaður þeirra stagaðist á þessu ár eptir ár. Það er nú alkunnugt, að fyrst þá þeir beiddu um þetta, fèkkst leyfi til, að þar yrði verzlað, sem hèlzt fram um 1850; nú kom bænarskrá frá Mýrum, að Straumfjörður væri löggiltur til verzlunar, hèr til þíngs 1855, og var tekin til nefndar á 5. fundi þann 7. júli, og má lesa það í þess árs alþíngistíðindum bls. 19. og 63, (*Halldór Kr. Friðriksson:* Hverir voru skrifaðir undir þá bænarskrá?) Það getur þíngmaðurinn lesið í þess árs alþíngistíðindum, ekki hafði eg skrifað undir hana, og þíngmaðurinn mun ekki geta sýnt eða sannað, að það hafi skrifað undir hana neinn ráðleysíngur. Um þetta mál urðu þá hèr á þíngi miklar umræður, og það var ekki af því, að Straumfjörður væri álitinn óhentugur til kaupstaðar, að þíngið leiddi hjá sèr að senda um það bænarskrá til konúngs, heldur af því, að sama bænarskráin beiddi líka um Brákarpoll, og lentu allar umræðurnar á honum, en mótmæli komu nóg vegna Reykjavíkur, eins og vant er, en þíngmenn voru

flestir ókunnugir ástandi, og þá var ekki búið að sigla upp Borgarfjörð á nýtt eður mæla djúp hans, svo sannað yrði, og fèllu menn svo frá bænarskrá í því efni. Nú kom bænarskrá um Straumfjörð hèr til þings 1859; ekki hafði eg heldur tilbúið eða skrifað undir hana; hún hefði þá komið, fyrr en hún kom, svo hún hefði getað komizt til nefndar; hún var upp lesin hèr á þingi á 12. fundi þann 19. júlí að áheyranda þingmanni Reykjavíkur, sem þá var hèr inni í þingsalnum; var hún með 102 nöfnum Mýramanna, og stendur orðrètt í þess árs alþingistíðindum, bls. 328. Nú vona eg þessi síðari ástæða ágreiníngsmannsins sè fokin um koll. Hinn háæruverðugi annar konúngkjörni þingmaður sagði, að Mýramenn gæti samið við Reykjavíkurkaupmenn að koma og verzla við sig, en eg vil segja honum, að ef Mýramenn eru ekki neyddir til, þá eru þeir ekki hversdagsmenn í Reykjavík, til að tala um samníngа, og svo er ekkert lagaleyfi fyrir að verzla á Straumfirði, og verður því ekki samið um slíkt. Undanfarinna ára reynsla hefir að sönnu rètt óbeinlínis eða óleyft sýnt, að verzlun getur gjört þar gagn; því þangað hefir verið siglt, og það slysalaust, nú síðan það tókst upp af nýju, og að forngildu var þangað siglt. Og hefi eg ekki heyrt nè sèð, að kaupför hafi farið þar slysförum; eg þekki ekki þessar bækur, sem þingmaðurinn frá Reykjavík var að tala um; það eru ef til vill kerlíngabækur; hann þekkir þær; þar hafa nú fyrirfarandi sumur legið, ekki 2 heldur 3 kaupskip, og hèraðsbúar hafa keypt allt, sem þau hafa komið með, og sveitirnar hafa haft mikið gott af því, og hitt má fullyrða, að kaupmenn hafa fengið miklar vörur, og hafa þótzt gjöra þangað góða ferð. En það væri skemmtilegra og eðlilegra, að þessi verzlun mætti vera þar í lagaleyfi, heldur en svona í ófrelsi, sem getur legið undir ákærum, ef til vill. Að þar sè mjög lítið vöruafl, er ekki heldur satt, því í góðum árum er þar von á mikilli ull og tólg, því einhverjar þær beztu fjársveitir liggja þar að. Líka eru þar fleiri vörur, dún, fiður og lýsi, því eggver og selveiði er þar víða; líka er þar laxveiði og útræði, svo fiskur er þar inn lagður stundum. Ágreiníngsmaður taldi Reykjavík það til gildis, að af því hún væri stór kaupstaður, þá höndlaðist þar aldrei neinn spekulant. Skal hann þar ekki hafa fremur litið á hag kaupmanna, heldur en Gullbríngusýslu innbúa? En eg vil segja: Eitthvað kemur til, að þeir eru svo armir, og bera sig svo hörmulega, að hvert þíngið eptir annað verður að vera að sitja við, að semja bænir fram til stjórnarinnar um styrk, svo þeir lifi; kann

vera þessa þyrfti síður, ef þeir gæti náð kaupum við lausakaupmenn. Að endíngu vil eg minnast þess aptur, að eg treysti þínginu til þess, að fara fram þeirri sömu bæn, sem það gjörði síðast í þessu máli, þar eð engar mótbárur hafa komið fram síðan, er í nokkurn máta geti breytt skoðun þess, frá því sem þá var.

Benedikt Þórðarson: Eg skal ekki verða fjölorður um þetta mál, heldur að eins nú þegar lýsa því yfir, að eg gef 1. atriðinu í uppástúngu nefndarinnar um löggildíngu Papóss til verzlunar atkvæði mitt, og allt eins uppástúngu nefndarinnar um Straumfjörð, af ástæðu þeirri, að þíngið beiddi um það í hitt eð fyrra, og menn muna svo langt, að *konúngsfulltrúinn,* sem þá var og sem nákvæmlega þekkti, hvernig þar til hagar, mælti fast fram með því; og þó stjórnin ekki löggilti Straumfjörð til verzlunar í þetta sinn, sèst á hinni konúnglegu auglýsíngu til þíngsins í sumar, að formgalli í meðferð málsins hafi því valdið; en ef svo skyldi fara, að ekki yrði nú beðið um að Straumfjörður yrði verzlunarstaður, vil eg taka mèr það varaatkvæði við uppástúngu nefndarinnar, staflið *a,* »að bæði fasta- og lausakaupmönnum verði leyft að verzla af skípum með allar vörur á Straumfirði í Mýrasýslu«. Viðvíkjandi 3. atriðinu um Lambhúsasund við Skipaskaga, þá er eg því samþykkur að því leyti það biður um það, sem eg helzt vildi að leyft væri kríng um land allt, að kaupmenn ætti frjálst að verzla hvar helzt, þar sem þeim væri arðsamt og landsbúum hagkvæmast þann stutta tíma ársins, sem hèr verður höfð verzlun, en hitt þykir mèr óþarfi, að fjölgað sè mjög kauptúnum fram yfir það sem er; þau eru ef til vill of mörg og mætti vera færri ef verzlun kaupmanna við landsmenn væri ekkert við þau bundin. Hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga sagði að Gram lausakaupmaður hefði talið sèr jafnvel óhag að verzla hèr syðra, en sami Gram hefir sagt mèr, að Reykjavík væri gullkistan sín, því þar fengi hann penínga mikla, er hann óðara sendi út til verzlunar sinnar þar, og hefir hann því þótzt verða að selja með lakara verði fyrir vestan en sunnan, þar lengur stæði þar á borguninni, og hún kæmi í ýmsu, er tíma þyrfti fyrir sèr, að koma í verð.

Stefán Eiríksson: Eg hefi nú því síður ástæðu til að standa upp, sem þíngmenn hafa tekið svo góðgjarnlega undir með Papós, en einkum þakka eg hinum háæruverðuga öðrum konúngkjörna þíngmanni fyrir þá ræðu, er hann hèlt, því hann dæmdi af kunnugleika um Papafjarðarós. Eg ætla einúngis að skýra þínginu frá,

að síðan eg fór til þings, hefir mèr verið skrifað, að nú í sumar hafa komið 2 verzlunarmenn á Papós; annar þeirra var frá Noregi. Þess er ekki getið, hvað hann hèt; hinn er frá Flensborg í Hafnarfirði, og er nefndur í brèfunum Johnsen; af þessu sjá nú þingmenn, að það er satt, sem tekið er fram í nefndarálitinu um innsiglínguna, og nú er reynslan orðin fyrir því, að verzlan getur gengið vel á Papós; því Skaptfellíngar fengu Johnsen til að flytja þangað alla sína vöru, og var hún þannig upp tekin hjá honum. Hinn verzlunarmaðurinn var norskur timbur-spekúlant, sem eptir bón Skaptfellínga flutti allt timbrið, eptir samníngi við þá, á Djúpavog, um að kaupa allan farminn. Eg vildi einúngis geta þessa til styrkíngar og upplýsíngar um það, sem áður er fram komið í þessu máli; um hin kauptúnin ætla eg lítið að tala, því mínir heiðruðu nefndarmenn eru þar kunnugri en eg; einúngis finnst mèr það ástæða með Straumfirði, eins og þíngmaður Mýramanna hefir tekið fram, að það hafa þráfaldlega verið sendar bænarskrár til þíngsins, og af því má sjá, að það er samhuga ósk þeirra, að fá þar kaupstað. Mig furðar nú á því, að hinn háttvirti meðnefndarmaður minn, þíngmaður Reykvíkínga, skuli vera svo á móti Lambhússundi, þegar það sem beðið er um, er einúngis í hag fastakaupmönnum, og að hag þeirra vill hann þó víst hlynna.

Ólafur Jónsson: Eg þarf nú ekki að mæla fram með Papós, því hann var svo heppinn að þíngmaður Reykvíkínga mælti fram með honum, en hann mælti á móti Straumfirði. Hans langa ræða var hèr um bil sú sama og 1859 í sama máli, og er von, að hann vili vera sjálfum sèr samkvæmur, og það er vonandi, að þíngið verði líka samkvæmt sèr. Eg man ei betur en *konúngsfulltrúinn,* sem þá var, mælti fram með Straumfirði, þíngmaður Ísfirðínga líka, og meiri hluti þíngsins yfir höfuð, konúngur hefði því líklega heyrt bæn þíngsins, ef hún hefði verið fram borin í rèttu formi. Þíngmaður Reykvíkínga var stundum að tala um, að það væri svo skaðlegt að tvístra vörumegninu, með því að fjölga kauptúnum, en stundum sagði hann, að vörumegn væri þar varla neitt, svo þar yrði engi verzlun. Þetta er nú hvað á móti öðru; mèr sýnist að minnsta kosti ekki skaða, þó leyfið fáist; það kostar ekki mikið fè. Reynslan fær þá að sýna, hvort það kemur að notum eða ekki. Með tilliti til þess, sem hann var að segja, að nefndin væri að tala um, hvað skerjótt væri og víða grynníngar miklar, en áliti þó fært fyrir kaupskip inn á Straumfjörð, skal eg að eins segja, að allir Mýramenn,

er koma hingað suður til verzlunar, fara ekki um Straumfjörð; þeir verða að fara annarstaðar. Mèr þykir hann lítið tillit hafa til tímatafarinnar; þeir tefjast hèr ef til vill viku; það má þó vinna nokkuð heima á þeim tíma. Eg skal svo ekki orðlengja meira um þetta; en eg verð að álíta að kaupstaður geti komizt þar upp.

Guðmundur Brandsson: Mèr þótti skrítin saga þíngmanns Barðstrendínga um lausakaupmann Gram; því ætla menn fengi þá ekki hèr hjá honum, það sem menn fala af honum fyrir fullt verð, og hann hefir til, ef hann ekki þættist hafa meira hag af að fara með það vestur, enda er sú sögn hans hèr, að hann megi ekki missa það frá Vestfirðíngum, því þar telur hann aðalmarkað verzlunar sinnar; þessar sagnir hans munu því vera einar af þeim vanalegu búhnykkjum kaupmanna. Viðvíkjandi því, sem þíngmaður Mýramanna var að tala um fátækt hèr, þá held eg nú ef til vill hún sè meðfram vegna Keflavíkur og Hafnarfjarðar, því hvergi er aumara ástandið en einmitt þar í kríng. Kann vera, að eins fari þarna upp frá hjá honum, ef kaupstaður kemst þar á. Eg vil ekki spá neinu um það núna, en þíngið ræður annars, hvaða stefnu það vill taka í máli þessu.

Jón Pètursson: Eg skal hvorki tala um *Papós* eða Straumfjörð, en eg ætla einúngis að áskilja mèr breytíngaratkvæði einkum við litt. *b*. Hèr er beðið um undantekníng frá almennum lögum, sumsè að engum sè leyft nema fastakaupmönnum að verzla á Lambhússundi, og ekki af neinum sèrstaklegum ástæðum, heldur almennum, sumsè að reglan í lagaboðinu 19. maí 1854 sè svo slæm, en þar af flýtur þá og, að fastakaupmönnum hèr á landi ætti að leyfast að verzla á öllum fjörðum og víkum takmarkalaust kríng um allt land. En auk þess, sem eg nú þannig enga von get gjört mèr um, að stjórnin fallist á þessa uppástúngu af fyrrtèðum ástæðum, þá finnst mèr uppástúngan ekki byggð á rèttum verzlunarreglum. Eg hefi þann skoðunarhátt, að verzlunin eigi að verða »activ« en ekki »passiv«; því eigi menn að hlynna *mest* að þeim kaupmönnum, er búsettir eru hèr á landi, og verzla í sinu eigin nafni, *svo* að lausakaupmönnum, en *minnst* að þeim, sem búsettir eru erlendis, þó þeir hafi hèr fasta verzlunarstjóra. Eg ætla því að taka mèr það breytíngaratkvæði, að öllum sem eru hèr á landi búsettir og verzla í sjálfs síns nafni, sè heimilt að verzla á Lambhússundi, og ef til vill Straumfirði, með alls konar vörur.

Ásgeir Einarsson: Eg vil líka áskilja mèr breytíngaratkvæði,

en það er nokkuð öðruvísi orðað. En eg skal bera mig saman við hinn heiðraða 4. konúngkjörna þingmann. Það verður í þá átt, að kaupmenn þeir, sem sjálfir eru búsettir hèr, megi verzla líka á þessum stað með alla vöru. Hinn heiðraði þingmaður Reykvíkínga reif það niður, sem hann sízt vildi nefnilega kaupmennina í Reykjavík. Eg skal svo ekki tala meira í þetta sinn um þetta mál.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið. Eg skal biðja hina heiðruðu þingmenn, er hafa áskilið sèr breytíngaratkvæði, að koma með þau ekki seinna en kl. 3 e. m. í dag.

Síðan gat *forseti* málefna þeirra, er koma mundu á næstu dagskrá, og ákvað fund á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Tuttugasti og fyrsti fundur — 25. júlí.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, og af því hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* ekki er kominn til sætis, skal eg leyfa mèr að láta lesa upp allraþegnsamlegast *álitsskjal til konúngs* í málinu um *löggildíng Skeljavíkur til verzlunarstaðar.*

Var álitsskjalið síðan lesið upp og samþykkt svo hljóðandi:

Til konúngs.

Alþíngi 1859 sendi yðar hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu yrði allramildilegast löggilt sem kauptún.

Yðar hátign þóknaðist að veita þeirri bænarskrá mildilegast athygli, en til þess, að málefni það, er hèr ræðir um, yrði sem vandlegast skoðað á alla vegu, áður því yrði til lykta ráðið með lagaboði, þá hefir *konúngsfulltrúinn* á þessu alþíngi, eptir skipun yðar hátignar, lagt fyrir það frumvarp til opins brèfs um löggildíng Skeljavíkur og skorað á þíngið, að það segi álit sitt um málið eins og það nú er á veg komið.

Þíngið kaus þriggja manna nefnd til að hugsa þetta mál, að því búnu var það ítarlega rætt á tveimur aðalfundum, eins og lög standa til, og þíngið leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að kveða upp

álit sitt þar að lútandi, og bera fram bæn sína fyrir yðar konúnglegu hátign, þannig:

Þingið viðurkennir með þakklæti þá umhyggju, sem stjórn yðar hátignar hefir á seinni árum borið fyrir því, að allt verzlunarástand þessa lands kæmist í rètta stefnu og fengi það fyrirkomulag, er landinu væri fyrir beztu, enda verður því ekki neitað, að ávextir verzlunarlaga þeirra, er yðar hátign hefir gefið landi voru, eru þegar farnir að koma í ljós, og mundi betur hafa gjört, ef harðæri og óhöpp hinna síðustu ára með ýmsu móti hefði eigi rírt efnahag manna og dregið dug og dáð úr framförum landsins. Þingið hlýtur og að viðurkenna gildi þeirrar grundvallarreglu, sem verzlunarlögin meðal annars eru byggð á, sumsè þeirrar: að hlynnt sè að fastri verzlun, að föstum verzlunarstöðum verði komið á fót, svo festa og kjarkur komist í kaupskap allan í landinu, en verzlunaraflið fari ekki á víð og dreif, og verði alstaðar og hvergi.

Í frumvarpi því, sem hèr ræðir um, kemur þessi grundvallarregla einnig fram. Stjórn yðar hátignar er að vísu á einu máli og alþingi um það, að Skeljavík sè vel fallin til verzlunarstaðar, en stjórnin ber kvíðboga fyrir því, að þar geti komizt á föst og stöðug verzlun, nema þar verði byggð verzlunarhús nú þegar; stjórnin segir, að reynslan hafi sýnt, að löggildíng Borðeyrar til kauptúns hafi enn eigi orkað því, að koma þar á fót fastri verzlun; yrði nú slíkt leyfi gefið Skeljavík, gæti það leitt til þess, að sá eini fasti kaupstaður í Strandasýslu, Reykjarfjörður, legðist niður, án þess annar kaupstaður risi upp við Skeljavík, og þá væri svo komið, að engi fastur kaupstaður yrði í Strandasýslu. Til þess nú að sporna við því, að slík óvissa og slíkt reyk komist á verzlunina í Strandasýslu, og til þess sem mest að tryggja verzlunina á Skeljavík hefir stjórnin í frumvarpinu sett það skilyrði fyrir löggildíngu nefnds staðar sem kauptúns, að þar skyldi fyrst og fremst byggð verzlunarhús, og upp frá því, en ekki fyr, skyldi föstum og lausum kaupmönnum leyft að verzla þar.

Þingið verður nú að álíta, eptir þeirri reynslu og þekkíngu, sem það hefir bæði á almennri verzlun þessa lands, og sèrstaklega í sýslu þeirri, sem hèr ræðir um, að ekki þurfi að bera kvíðboga fyrir verzlunarsundrúngu eða verzlunarvandræðum í Strandasýslu, þó skilyrði það, er stjórnin hefir sett í optnefndu frumvarpi, yrði burtu tekið. Saga landsins sýnir að verzlunarstaðirnir hafa ekki myndast á þann hátt, að fyrst hafi hús verið reist þar eða þar, heldur á þann

hátt, að fyrst hefir siglíng komið um fleiri eður færri ár til þeirra staða, sem líklegir hafa þótt til verzlunar; hafi þá staðir þessir reynzt vel og verzlun hænzt þar að, þá hafa menn farið að byggja þar, og þannig hafa myndast þar kaupstaðir, og náð eptir því meiri eður minni þroska, sem þeim hefir verið betur eða ver í byggð komið. Að því er nú Skeljavík snertir, þá er engi efi á því, að hún er mjög hentuglega sett, og öll líkindi til, að þar geti orðið talsverð verzlun með tímanum; en það sem hèr er mest umvarðandi er það, að sá tími dragist ekki lengi, að þar komist á talsverð verzlun. Sè skilyrði stjórnarinnar haldið, þá er mjög líklegt að eitt eða fleiri ár líði svo, að þar verði ekki byggt, og þá getur sá tími, sá dráttur stofnað margra manna lífi í þeim sveitum, sem svo opt eru heimsóttar af hafísnum, í stór vandræði; harðærin, sem nú hafa gengið yfir, og að líkindum ekki eru á enda, olla því, að lausakaupmenn fara ekki að byggja nú þegar á Skeljavík, og Reykjarfjarðarkaupmaður gjörir það alls ekki, sem ekki er heldur vonlegt, nema annar byggi á undan, en verzlun Reykjarfjarðar er orðin svo lítil, einkum síðan hákallsaflinn minnkaði við norðurhluta sýslunnar, að menn eru eins bjargarlausir og illa farnir, eptir sem áður, þótt hún hjari að nafninu til. Reynslan er búin að sýna og sanna, að sú grundvallarregla sem stjórnin hefir áður fylgt, að löggilda staði til verzlunar, þó ekki væri sett þar með skilyrði um að byggja hús þá þegar, hefir gefizt ágætlega, auðgað hvorutveggja, kaupmenn og landsmenn, svo er um Seyðisfjörð, Raufarhöfn og Borðeyri, enda er nú á þeim síðast nefnda stað að því komið, að þar rísi upp fastur kaupstaður, og svo mun víðar, þar sem staðirnir annars eru heppilega valdir. En hitt er öldúngis eðlilegt, eptir því sem hèr í landi hagar til, að kaupmenn áræði ekki strax að hleypa sèr í húsabyggíngar á slíkum stöðum, þó vel sè fallnir til verzlunar, heldur vili hafa reynslu nokkurra ára fyrir sèr, og það því heldur, sem verzlunarlögin voru úng og óreynd, og menn vildi hafa tímann fyrir sèr, til að sjá hvernig hið nýja verzlunarástand vildi skapast. Það er sannfæríng þíngsins, að stjórn yðar hátignar þurfi alls ekki að óttast verzlunartvístríng og aðflutníngaskort í Strandasýslu, þó Skeljavík verði nú þegar löggilt, án þess byggíngarskilyrðið fylgi, heldur þvert á móti mun það leiða til þess, að bráðum komist á fót tveir hagfeldir kaupstaðir í Strandasýslu, annar á Borðeyri, hinn við Skeljavík, og er þá ólíkt betur farið en verið hefir að undanförnu. Yfirhöfuð álítur þíngið að rèttast sè, þar sem spurníng er

um það, að kaupstaður komist á, að sá staður sè strax löggiltur skilmálalaust lögunum samkvæmt, heldur en einhver þau skilyrði sè við sett, sem geti gefið tilefni til að fara kríng um lögin.

Samkvæmt framansögðu leyfir alþíngi sèr allraþegnsamlegast með 22 atkvæðum, að ráða til þess, að ofannefnt frumvarp öðlist lagagildi þannig breytt:

»Það skal frá 1. degi janúarm. 1862 vera fastakaupmönnum heimilt, að setjast að og verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands, með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. desembr. 1836. Einnig mega, frá ofangreindum degi, innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaboði og í verzlunarlögum 15. apríl 1854 3. gr«.

Reykjavík, 25. júli 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Páll Melsteð.*

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúníngsumræðu* málið *um hinn lærða skóla.* *Framsögumaður* er hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður.

Var nefndarálitið þá afhent *framsögumanni*, er las það upp þannig hljóðandi:

Hið heiðraða þíng hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um 5 bænarskrár, sem úr ýmsum hèruðum landsins hafa komið til þíngsins í þetta sinn, og sem allar lúta að breytíngu á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík.

Eptir að vèr höfum tekið þetta mál til ítarlegrar íhugunar og rætt það á fleiri nefndarfundum, skulum vèr nú leyfa oss að skýra þínginu frá skoðun vorri á því á þessa leið:

Það verður ekki varið, að á seinni árum hefir tala þeirra talsvert minnkað, sem til bókmennta eru settir hèr í landi, og af skýrslum skólans sèst, að þessi fækkun fer árlega í vöxt, svo að nú útskrifast ekki fleiri á ári hverju, en áður, meðan skólinn var á Bessastöðum, og leyft var að útskrifa úr heimaskóla, og ekki fleiri en fyrrum útskrifuðust úr öðrum latínuskólanum, meðan þeir voru tveir hèr á landi, í Skálholti og á Hólum, og kveður svo ramt að þessu, að til vandræða horfir, ef hinu sama fer fram, því að nú þegar er farið að skorta embættismannaefni, svo að sýslu- og læknaembættin eru

orðin þunnskipuð, og hin rírari brauð standa auð, hvar af nokkur meir en heilt ár hafa verið laus, af því að engir hafa um þau sótt, og því síður er það orðið mögulegt fyrir hina eldri presta, að fá sèr aðstoðarpresta, eða hina veraldlegu embættismenn, að geta fengið stúdenta á skrifstofur sínar, og því sízt, að nokkur upp til sveita geti fengið slíka menn til að kenna börnum sínum. Af þessu leiðir þá líka, að þó meira sè kennt í skólanum en áður, og fjölfræði þannig kunni að hafa aukizt hjá einstökum mönnum á hinum seinni árum, þá hefir þó menntun yfir höfuð að tala minnkað í landinu, og hlýtur að fara minnkandi, eptir því, sem þeir fækka, sem til mennta eru settir, og eptir því, sem sú meðvitund verður almennari, að þeir sökum fæðarinnar hljóti að fá embætti undir eins og þeir hafa aflokið lærdómsiðkunum sínum, hvaða vitnisburð sem þeir að öðru leyti fá.

Þegar vèr nú þessu næst íhugum orsakirnar til þessarar fækkunar lærisveina hins lærða skóla, þá getur það ekki dulizt oss, að þær koma til af því fyrirkomulagi, sem nú er á skólanum, og þeim aukna kostnaði, sem skólaverunni í Reykjavík er samfara. Um þetta er almenn umkvörtun í landinu, og þær bænarskrár, sem þinginu hafa verið sendar í þessu máli, eru ekki annað en bergmál þessarar umkvörtunaar. Þegar vèr líka berum það saman, hverju menn nú kosta til að afljúka lærdómsiðkunum sínum við latínuskólann og prestaskólann, við það, sem skólaveran á Bessastöðum kostaði, verðum vèr að álíta þessa umkvörtun á góðum rökum byggða. Því bæði er það, að hvergi á landinu er eins kostnaðarsamt að lifa eins og í Reykjavík, eins og eðlilegt er, og að skólaveran, að meðtaldri verunni á prestaskólanum, yfir höfuð að tala er 3 til 4 árum lengri, og þar að auki hefir skólaárið verið lengt um 1 mánuð frá því, sem áður var. Það er almennt álitið, að til verunnar á báðum þessum menntunarstofnunum gangi nú að minnsta kosti 1000 rd., auk þess styrks, sem lærdómsiðkendur fá af hinu opinbera, þar sem það á Bessastöðum, ekki voru meir en 300 rd. að meðaltali, og miklu minna fyrir þá, sem höfðu heila eða hálfa ölmusu. Af þessu er það auðsætt, fyrir hvern þann, sem þekkir, hve fátæk presta- og bændastèttin er hèr á landi, að sá kostnaður, sem því fylgir, að koma sonum sínum í skóla, er ókljúfandi fyrir flesta, og ekki nema fyrir einstöku efnamenn; en af því leiðir, að margir gáfaðir og efnilegir únglíngar geta sökum fátæktar eigi gengið skólaveginn, þó þeir sè betur upplagðir til þess, en margir hinna,

sem vegna betri efnahags eru settir til bókmennta. Hèr við bætist það nú einnig, að flest embætti hèr á landi eru prestsembættin, sem, eins og alkunnugt er, eru mjög inntektalítil yfir höfuð að tala, og þetta gjörir kostnaðinn því tilfinnanlegri, og fælir menn frá að ráðast í hann, þegar þeir aldrei geta búizt við að fá hann endurgoldinn, og svo lítið er í aðra hönd, hversvegna líka hinir efnaðri almennt reyna til, að koma sonum sínum utan, og láta þá lesa þar dönsk lög, eða, ef þeir eru skólagengnir, eitthvað annað en guðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Af þessu er það auðsætt, að þó hin seinustu hörðu ár hafi aukið þá erfiðleika, sem gjöra skólagöngu lítt kljúfandi, eins og nú er ástatt, þá eiga þó þessir erfiðleikar sèr dýpri rætur en svo, að það sè nokkur líkindi til, að skólinn verði betur eða nægilega sóttur, þó í ári batni, nema reynt sè til, að burt rýma þeim, einkum og sèr í lagi með því að breyta reglugjörð fyrir lærða skólann þannig, að kennslan gæti orðið óbrotnari, skólatíminn styttri og skólaveran kostnaðarminni, og skulum vèr með hliðsjón af hinum áðurnefndu bænarskrám, taka fram þau helztu atriði í þessu efni, sem oss virðast ætti að takast til greina.

Það er nú fyrst, að kvartað hefir verið yfir því, að það væri svo örðugt, að fá inntöku í skólann. Þess vegna er því í nokkrum bænarskránum farið á flot, að inntökupróf í skólann sè af tekið. Vèr skulum í þessu tilliti geta þess, að sú meiníng hefir rutt sèr til rúms út um landið, að þetta inntökupróf væri of þúngt, og líklega þýngra en það er í raun og veru; og er þessi meiníng líklega sprottin af því, að nokkrir únglíngar hafa verið gjörðir apturreka við inntökuprófið, einkum fyrst eptir að reglugjörðín var innleidd, og var það mjög óheppilegt, því það er miklum kostnaði bundið fyrir foreldra, að kosta ferð sona sinna fram og aptur úr fjarlægum sveitum, en tvöfalt tilfinnanlegri er þessi kostnaður, þegar hann verður árangurslaus; og hefir þetta gjört sitt til, að fæla menn frá, að senda sonu sína til skólans. Þar að auki er það ekki tilhæfulaust, sem tilfært er í einni bænarskránni, að drengir í sveitum, sem lítið hafa vanizt mannfundum, verða einurðarlausir, þegar þeir, nýkomnir úr langferð, eiga að fara að standa próf á ókunnugum stað, fyrir ókunnugum kennurum, og ef til vill í viðurvist annara ókunnugra, og að kennarar skólans eiga því við inntökuprófið bágt með að fá næga þekkíngu á þessum piltum, kunnáttu þeirra og gáfnalagi, einkum þar eð skeð getur, að ólík kennslu-

aðferð hafi verið við þá höfð. Afleiðingarnar af því, að gjöra pilta ræka við inntökuprófið, hljóta að verða þær, að þeir, sem að þeim standa, gefast sumir upp, og hugsa ekki framar til skólalærdóms fyrir þá, en hinir verða að grípa til þess neyðarúrræðis, annaðhvort, að koma þeim fyrir til privatkennslu í Reykjavík, eða þá að kosta að nýju upp á heimakennslu handa þeim í sveitum, og síðan upp á aðra ferð með þá til prófsins. Þetta ásamt öðru fleiru virðist hafa dregið úr áhuga manna á heimakennslunni í sveitum, þar eð prestarnir, sem heita má, að sè einu mennirnir, sem þar búa drengi undir skóla, verða hugdeigari í, að leggja hönd á slíka kennslu, meðan þeir mega óttast fyrir, að hún kunni að þykja ónóg við inntökuprófið. Af þessum ástæðum þykir oss mikið tala fyrir því, að þeim kröfum, sem nú eru gjörðar að skilyrði fyrir inntöku pilta í skólann sè breytt, og að farið sè eptir vitnisburði, sem piltarnir hafa með sèr, um að þeir kunni að minnsta kosti að lesa og skrifa, nokkuð í dönsku og fjórar species í óbrotnum reikningi.

En þó inntökuprófið yrði þannig af tekið, sem skilyrði fyrir inntökunni, yrði þó samt sem áður að prófa pilta við inntökuna, en einúngis til að vita, hvar og í hvern bekk þeir ætti að setjast. Það fer svo fjarri, að vèr álítum skólanum nokkra hættu búna af þeirri breytíngu, sem hèr er stungið upp á, að vèr þvert á móti álítum, að hún mundi leiða af sèr betri undirbúníng undir skólann, en nú á sèr stað, nema í einstökustu tilfellum, og það af þeirri ástæðu, að það yrði sparnaður fyrir hlutaðeigendur og í þeirra eiginn hag, að búa piltana sem bezt undir skólann, þegar þeir ætti von á, að það stytti skólaveru þeirra, af því að dvöl í Reykjavík, jafnvel með ölmusutyrk, er meiri kostnaði bundin en upp til sveita.

En af þessu leiðir, að það yrði að gjöra piltum lèttara fyrir, en nú, er við inntöku þeirra í skólann að setjast í 2. og 3. bekk, og þetta ætlum vèr, að bezt yrði gjört með því, að flytja ýmsar kennslugreinir til, t. d. náttúrusögu upp í 4. bekk, og við inntökuna einkum fara eptir kunnáttu piltsins í íslenzku, latínu og grísku. Það er svo sem sjálfsagt, að það hlýtur að vera rektor og skólastjórninni heimilt, að vísa þeim úr skólanum, sem eptir eins árs eða tveggja ára reynslu álízt óhæfilegur til lærdómsiðkana. Bæði er þetta í sjálfu sèr eðlilegra, en að gjöra pilta ræka við inntökuprófið, og miklu vinsælla hjá almenníngi, því þó þetta einnig sè bundið kostnaði, hefir þó pilturinn við skólaveruna náð nokkurri menntun.

þetta bar stundum við á Bessastöðum, og vitum vèr ekki til, að það hafi valdið umkvörtunum.

Þó lítil líkindi sè til, að menn sendi börn sín kornúng í skóla, nema ef til vill þeir, sem eru búsettir í eða nálægt Reykjavík, getum vèr þó ekki með öllu leitt það hjá oss, að taka það fram, að oss þykir óráðlegt, að yngri börn en 12 ára fái inntöku í skólann, því fæst börn eru svo bráðþroska, að þau innan þess tíma sè fær um að leggja á sig fullkominn skólalærdóm; en á hinn bóginn þykir oss ekki rètt, að nokkur fái inntöku í neðsta bekk eldri en 16 vetra, þegar kröfurnar ekki eru meiri en nefndin hefir stúngið upp á, og hægra gjört fyrir að setjast í 2. og 3. bekk.

Það hefir verið kvartað yfir því, að skólaárið hafi verið lengt um 1 mánuð frá því, sem áður var, nl. um júnímánuð, og verðum vèr að leggja það til, að skólatíminn sè aptur styttur líkt og hann var á Bessastöðum, og að skólaárið sè látið byrja 1. október, en enda um fardaga, því auk þess, sem kostnaður við skólaveruna þannig talsvert minnkaði, þá verðum vèr að taka það fram, að einmitt júnímánuður og fyrri hluti júlímánaðar er sá tími, á hverjum mestir mannfundir eru í Reykjavík, og mest ferðalög þangað úr öllum hèruðum, og er því sá tími sízt lagaður fyrir bóklestur únglínga, en fyrir þá undirorpinn mestum freistíngum til óreglu og iðjuleysis, og það því fremur, sem þetta er upplestrartími fyrir lærisveina skólans, og þeir þurfa þá ekki að sækja reglulega fyrirlestrartíma. Hèr við bætist það einnig, að margir piltar þannig missa atvinnu þá, sem þeir annars gæti haft.

Það hefir lengi verið almennt viðurkennt, að hin gömlu mál sè hið bezta menntunarmeðal fyrir únglínga, og kunnátta í þeim hefir um langan aldur verið eitthvert hið helzta hrósunarefni Íslendínga, en á hinn bóginn virðist reynslan þegar hafa sýnt, að það sè mjög ísjárvert, að láta únglínga læra ofmargt í senn, því auk þess, sem það kann að sljófga gáfur þeirra, þá veikir það áhuga þeirra, á að nema til hlítar nokkra einstaka kennslugrein. Þess vegna þykir oss það nauðsynlegt, að í skólanum sè einkum lögð stund á, að kenna latínu og grísku; eins og það leiðir af sjálfu sèr, að kenna verður íslenzku svo vel, sem unnt er; en að kennslan í hinum öðrum greinum sè dregin saman, eins og verður, með því vèr líka álítum, að kennslunni ætti að haga svo leiðis, að skólaverutíminn þurfi ekki að vera lengri en 6 ár fyrir þann, sem sezt í neðsta bekk.

En að öðru leyti þykir oss það ísjárvert alveg að sleppa nokkurri kennslugrein, sem nú er kennd í skólanum, því þetta er rèttur, sem fenginn er, og sem menn varlega eiga að afsala sèr. En að leggja það á vald skólapilta, hvort þeir vili nema einhverja kennslugrein, væri til þess beinlínis að burt nema hana úr skólakennslunni.

Það liggur í augum uppi, að það veldur talsverðum erfiðleika fyrir únglínga að nema það, sem kennt er á annarlegu máli, þó þeir skili það nokkurn veginn, og því er það álit nefndarinnar, að nauðsynlegt sè, að í skólanum væri hafðar íslenzkar kennslubækur.

Auk þess, sem kostnaðarauki á skólaverunni í Reykjavík er einhver hin helzta orsök til fækkunar lærisveina latínuskólans, þá mun það ekki vera öldúngis áhrifalaust á þetta mál, að ótti fyrir því er almennur hèr á landi, að kaupstaðar-lífið í Reykjavík geti hæglegar leitt únglínga til óreglu og drykkjuskapar, en áður var á Bessastöðum, og því hefir ein bænarskráin farið því á flot, að engi fengi inngöngu í skóla, nema hann gengi í fullkomið bindindi.

Nefndin er nú fullkomlega sannfærð um, að skólameistarinn og kennarar skólans muni með mestu samvizkusemi vaka yfir reglu og siðsemi skólapilta, eins og þeim er frekast unnt. En eptir því fyrirkomulagi, sem nú er á skólanum er þetta bundið miklum erfiðleikum, því bæði er það, að bæjarsveinar geta ekki verið háðir eins ströngum skólaaga eins og heimasveinar, nema í fyrirlestrartímunum, og líka virðist það ofætlun, að slengja allri umsjón um skólapilta upp á kennendurna, sem hafa svo mörgum öðrum störfum að gegna, og sem geta verið ágætir kennarar, þó þeir ef til vill ekki sè allir eins vel fallnir til slíks starfa.

Jafnvel þó nefndin ekki geti aðhyllzt þá uppástúngu, að engi fái inntöku í skóla, nema hann gangi í fullkomið bindindi, þykir oss þó nauðsynlegt, að það sè tekið fram með beinlínis ákvörðun í skólareglugjörðinni, að ítrekaður drykkjuskapur, og sèrhver önnur mögn óregla sè útrekstrarsök úr skóla, svo þetta komist ekki einúngis inn í meðvitund skólapilta, heldur og verði hljóðbært um landið, og geti þannig burtrýmt öllum hèr að lútandi ótta hjá þeim, sem að piltinum standa; og jafnframt því, að láta það álit vort í ljós, að það væri ákjósanlegt, ef samblendni skólapilta við bæjarmenn yrði nokkuð takmörkuð, án þess vèr þó treystumst til, að gjöra um það beina uppástúngu, af því vèr ekki vitum, hvort það

væri óskandi, að »oeconomia« yrði innleidd í skólanum, eins og var á Bessastöðum, — þá er það þó að voru áliti nauðsynlegt, að setja umsjónarmann við skólann, sem væri ráðsettur reglumaður, með hæfilegum launum, til þess, undir yfirumsjón rektors, að við halda reglu í skólanum. Það virðist sanngjarnt, að sá, sem vegna drykkjuskapar er rekinn úr skóla, megi eiga þangað apturkvæmt að ári liðnu, ef hann með áreiðanlegum vitnisburðum sannar, að hann hafi bætt ráð sitt. En eins og allar mögulegar skorður ætti að reisa við drykkjuskap og óreglu í skólanum, þannig virðist oss á hinn bóginn það eiga mjög vel við, að þeim piltum, sem skara fram úr öðrum að ástundun, siðsemi og framförum, sèr í lagi í hinum gömlu málum og íslenzku, sè heitið verðlaunum, t. d. góðum og vel umvönduðum bókum, því að slík viðurkenníng er mikil upphvatníng fyrir menn á æskualdri, til að neyta krapta sinna.

Ef hinar áðurtöldu uppástúngur vorar yrði teknar til greina, mundi kostnaðurinn við skólaveruna í Reykjavík minnka, en einkum mundi skólinn þannig geta laðað fleiri að sèr, en nú er, en þar af leiddi þá líka, að hin opinbera hjálp, sem skólapiltar fá, yrði að standa í rèttu hlutfalli við fjölgun þeirra, og þess vegna sýnist oss nauðsynlegt, að ölmusunum við skólann, sem nú eru 24, væri aptur fjölgað, svo þær yrði 40, eins og þær voru í Skálholti og á Hólum, og erum vèr því betri vonar um, að þetta mundi fást, sem í konúngsúrskurði frá 17. maí 1805 er sagt, að þeim skuli fækka fyrst um sinn, því þar með virðist gefin von um, að þeim verði aptur fjölgað, hvenær sem nauðsyn krefur. Að sönnu hefir upphæð hverrar ölmusu verið talsvert aukin frá því, sem áður var, nl. frá 60 rd. til 100 rd.; en þessi viðauki getur ekki, þegar talað er um fjölgun þeirra aptur, orðið tekinn til greina, af því hann stendur ekki einu sinni í rèttu hlutfalli við hinn aukna kostnað, sem skólaverunni í Reykjavík er samfara, þar eð 60 rd. voru nógir, til að borga með fæði og þjónustu piltsins á Bessastöðum, en til þessa þurfa nú að minnsta kosti 130 rd. Þar að auki er það aðgætandi, að í hinum eldri skólum landsins, í Skálholti og á Hólum, voru skólapiltar ekki einúngis fæddir, heldur og klæddir á kostnað hins opinbera, svo að strangt tekið ætti þeir nú heimtíng á hinu sama.

Það liggur í augum uppi, að þeir, sem eru búsettir í Reykjavík eiga hægra með, að láta syni sína ganga í skóla, en menn upp til sveita, því þeir þurfa, hvort sem er, að fæða þá, og því

þykir oss nauðsynlegt, að þeim piltum, sem ekki eiga heima í Reykjavík, einkum úr fjarlægari héruðum, sé veitt ölmusa fyrir piltum í Reykjavík, nema því að eins, að sérlegar ástæður mæli fram með hinu. Að sönnu ætlum vér víst, að þessari reglu sé almennt fylgt við ölmusuveitíngarnar, en oss þykir þó nauðsynlegt, að það sé beinlínis tekið fram, svo það verði heyrum kunnugt, og komist inn í meðvitund landsmanna.

Að vísu er því farið á flot í einni bænarskránni, að skólinn verði aptur sem fyrst fluttur úr Reykjavík að Bessastöðum; en slík breytíng er svo stórkostleg, og svo miklum erfiðleikum bundin, að nefndin sér það ekki fært, og álítur ekki heldur að þessu sinni nauðsynlegt, að ráða til þess. Því ef þeirri breytíngu á fyrirkomulagi hans, yrði framgengt, sem vér höfum stúngið upp á, erum vér þess fullvissir, að hún mundi verða einhlýt til, að bæta reglusemi, fjölga skólapiltum og gjöra skólann geðfeldan landsmönnum.

En af því það leiðir af hlutarins eðli, að þessi breytíng ekki getur komizt á allt í einu, heldur þarf að hafa nokkurn tíma fyrir sér, til að sýna verkanir sínar, meðan sannfæríng um verulega endurbót skólans er að ryðja sér til rúms í huga manna út um landið, — kemur sú spurníng til íhugunar, hvernig í bráð verði bætt úr þeim skorti á embættismannaefnum, sem nú vofir yfir, og sem þegar er farin að láta sig í ljós, og höfum vér eptir ítarlega yfirvegun komizt til þeirrar niðurstöðu, að það einasta ráð, til að ráða bót á þessum vandkvæðum sé, að innleiða hér aptur, en þó einúngis fyrst um sinn og með vissum takmörkunum, þá heimakennslu og þann rétt til að útskrifa úr heimaskóla, sem einstakir menn höfðu hér um langan tíma.

Það var sumsé leyft, að hver, sem hefði tekið embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, mætti útskrifa pilta, og var það tekið gilt, bæði við háskólann, og eins gátu þeir, sem þannig útskrifuðust, fengið prestembætti hér á landi. Þetta viljum vér hafa þannig takmarkað, að réttur til að útskrifa fyrst um sinn sé einúngis veittur þeim, sem hafa fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann, og sama rétt ætti þá einnig »doctorar« í heimspeki, og kennendur við prestaskólann og hinn lærða skóla að öðlast, því eins og »doktors« - gráðan hjá hinum fyrsttöldu, gefur næga vissu fyrir lærdómi þeirra, eins sýnist staða og embættisreynsla hinna síðartöldu að vera nægileg tryggíng, þó einhver þeirra hafi, ef til vill, annaðhvort ekki fengið bezta vitnisburð við embættispróf

við háskólann, eða alls ekki tekið það. Þar að auk má ganga að því vísu, að þeir, sem einkum tæki pilta til heimakennslu, yrði prestar uppi í sveitum, sem nú alls eru 6 með bezta vitnisburð frá háskólanum, eða þá dómkirkjupresturinn. Þessu til enn frekari tryggingar stingum vèr upp á því, að hvenær sem einhver þessara manna ætlar að útskrifa nokkurn, þá skuli hann fyrirfram gefa það stiptsyfirvöldunum til kynna, og að þau þá kjósi tvo menntaða menn, til að vera prófdómendur, og sendi þeim í því skyni latínskt stílsefni og íslenzkt ritgjörðarefni, og tiltaki einhverja staði til skriflegrar og munnlegrar útleggingar í latínu, en einúngis til munnlegrar útleggingar í grísku, í þeim rithöfundum, sem lesnir eru í hinum lærða skóla.

Ætli þeir, sem þannig útskrifast, að ganga á prestaskólann, sýnist það eiga vel við, að þeir tæki þar hið fyrirskipaða »Tentamen«(próf) til sönnunar því, að þeir hafi fengið þá menntun, sem útheimtist, til að hafa full not af kennslunni við þessa menntunarstofnun.

Þegar gætt er að hinu sèrstaklega ásigkomulagi þessa lands, að fátækt þess í samanburði við Danmörku, og að því, hve tekjulítil embættin eru, að fáeinum sýslumannaembættum undanteknum, þá liggur það í augum uppi, að aðaltilgangur menntunarstofnana hèr á landi, getur yfirhöfuð að tala ekki verið sá, að gjöra lærdómsiðkendur að vísindamönnum, heldur útvega þeim þá menntun, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir góðri embættisfærslu. Þegar þess nú enn fremur er gætt, að nefndin hefir stúngið upp á heimakennslu og rètti til að útskrifa fyrir einstaka menn einúngis til bráðabyrgðar, til að bæta úr yfirvofandi embættismannaefnaskorti, og að þetta eru ekki nýmæli, heldur að þessi venja hefir lengi átt sèr stað, að margir, sem útskrifast hafa úr heimaskóla, hafa ekki einúngis reynzt duglegir embættismenn, heldur og verið vel menntaðir, — að nefndin hefir stúngið upp á, að þrengja þennan rètt frá því, sem áður var, og tryggja það sem bezt, að hann í hverju einstöku tilfelli sè tilhlýðilega notaður. Þegar þessa er gætt, og jafnframt hins, að þeir, sem þannig læra í heimaskóla, venjast frá blautu barnsbeini sveitalífinu, verða nákunnugir öllum hugsunarhætti almennings, og una betur hag sínum á hinum sárlitlu brauðum, en hinir, sem vanist hafa á kaupstaðarlíf og koma í sveitina með meiri kröfur, þá ætlum vèr, að þeir, sem útskrifast úr heimaskóla, sè engu síður hæfir til að verða dugandis embættismenn,

en hinir, þó þeir, ef til vill, kunni að standa á baki þeirra í lærdómi, og sízt getum vèr álitið, að slík bráðabyrgðarákvörðun geti haft ísjárverðar afleiðingar fyrir menntun yfir höfuð hèr á landi, með því það ætíð er hægt, ef fleiri sækja, við brauða- og embættaveitíngar, að taka menntunina til greina.

Samkvæmt öllu framansögðu vill nefndin ráða þínginu til, að biðja hans hátign konúng vorn:

A. Að láta þegar breyta reglugjörð hins lærða skóla i Reykjavík, þannig:

1. a. Að inntökuprófið falli burt sem skilyrði fyrir inntöku i skólann; en að öðru leyti sè farið eptir vitnisburði, sem piltarnir hafa með sèr, að þeir kunni að minnsta kosti að lesa og skrifa, nokkuð í dönsku og 4 species i óbrotnum reikníngi.
   b. Að þeir þó sè prófaðir við inntökuna, en að eins til að vita, hvar og í hvern bekk þeir skuli setjast.
2. Að engi inntakist yngri í skólann en 12 ára, og engi í neðsta bekk eldri en 16 ára; en aptur á mót sè inntaka í 2. og 3. bekk lètt með því að flytja ýmsar kennslugreinir til.
3. Að skólaárið sè stytt, þannig að það byrji 1. október, en endi um fardaga.
4. Að einkum sè lögð stund á, að kenna íslenzku, latínu og grísku; en að kennslan í hinum öðrum greinum sè dregin saman, eins og verður, svo að skólaverutíminn þurfi ekki að vera lengri en 6 ár fyrir þann, sem sezt í neðsta bekk.
5. Að hafðar sè íslenzkar kennslubækur.
6. Að launaður »inspector« eða umsjónarmaður sè settur við skólann til þess, undir yfirumsjón skólameistarans, að við halda reglu í honum.
7. Að ítrekaður drykkjuskapur og sèrhver önnur megn óregla sè útrekstrarsök úr skóla.
8. Að þeim piltum, sem skara fram úr öðrum að siðsemi, ástundun og framförum, sèr í lagi í hinum gömlu málum og íslenzku, sè heitið verðlaunum.
9. Að ölmusunum sè fjölgað við skólann, svo þær verði 40, eins og þær voru í Skálholti og á Hólum.
10. Að piltum, sem ekki eiga heima í Reykjavík, einkum úr fjarlægari hèruðum, sè veitt ölmusa fyrir piltum í Reykjavík, nema því að eins, að sèrlegar ástæður mæli fram með hinu.

B. Að konúngur mildilegast þegar i haust seti nefnd manna, eink-

um skólamanna í Reykjavík, til að semja nýja reglugjörð fyrir skólann samkvæmt áðurtöldum uppástungum.

C. Að konúngur mildilegast með allrahæstum úrskurði veiti fyrst um sinn rètt til að útskrifa pilta úr heimaskóla þeim, sem hafa fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, »doktorum« í heimspeki og kennurum við prestaskólann og hinn lærða skóla í Reykjavík, þannig:

1. Að hve nær sem einhver þessara manna ætlar að útskrifa nokkurn, þá gefi hann það stiptsyfirvöldunum fyrirfram til kynna, og útnefni þau þá tvo menntaða menn, til að vera prófdómendur, og sendi þeim í því skyni latínskt stílsefni og íslenzkt ritgjörðarefni, og tiltaki einhverja staði, til skriflegrar og munnlegrar útleggíngar í latínu, en einúngis til munnlegrar útleggíngar í grísku, í þeim rithöfundum, sem lesnir eru í hinum lærða skóla.
2. Ætli þeir, sem þannig útskrifast, að ganga á prestaskólann, þá taki þeir þar hið fyrirskipaða »Tentamen«, eða inntökupróf til sönnunar því, að þeir hafi fengið þá menntun, sem útheimtist til að hafa full not af kennslunni við þessa menntunarstofnun.

Reykjavík, 22. dag júlím. 1861.

Pètur Pètursson, form. og framsögum. *Halldór Kr. Friðriksson.* *Gísli Brynjúlfsson,* skrifari.

Benedikt Sveinsson. *Stefán Jónsson*".

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg skal ei að svo stöddu tala margt um málið. Eg vil að eins leyfa mèr að geta þess, að það var mjög óheppilegt, að sá maður, sem í alla staði er máli þessu langkunnugastur, skuli ei hafa setu hèr á þíngi; eg meina skólameistarann; en það vill nú svo vel til, að hann er búsettur hèr skammt frá; og nefndin má þakka honum það, að hann lofaði henni að tala við sig, og hèt jafnvel, að koma á nefndarfundi; en það gat nú ei látið sig gjöra sökum naumleika tímans, því sumir af nefndarmönnum voru í öðrum nefndum, svo að það varð aldrei af því. En eg má fullyrða, að hann var ekki mótfallinn neinu af þessu yfir höfuð; eg játa reyndar, að eg talaði að eins lauslega við hann um heimakennsluna, og hann er þar ef til vill ei í öllum greinum samþykkur nefndinni, en þó virtist mèr sem hann í aðalefninu væri samþykkur þessu líka.

Benedikt Þórðarson: Það er sannarlega þakklætis- og virð-

íngarvert, hversu að hin heiðraða nefnd, er mál þetta fèkk til meðferðar, hefir viturlega og góðgjarnlega leyst verk sitt af hendi; hún hefir gjört sitt til þess að opna þær dyrnar, er áður voru læstar, til þess, segi eg, að gjöra inntökuna í skólann aðgengilega og greiðfæra. Nefndarálitið virðist mèr prýðilega samið, og eg ætla því ekkert um það að ræða, heldur einúngis leyfa mèr fáeinar athugasemdir um niðurlagsatriðin. Að því er þá snertir 1. atriðið a og b, þá er ekkert um það að tala; það miðar einúngis til að gjöra inntökuna í skólann sem ljúfasta og lèttasta. Viðvíkjandi 2. atr., þá mun eg fallast á það, er nefndin hefir ákveðið, að ekki eldri en 16 ára verði teknir í neðsta bekk, og man eg þó mörg dæmi þess, að piltar komu eldri í Bessastaðaskóla, og að það varð að góðu, en þó vil eg sem sagt fallast á 16 ára aldurinn með tilliti til þeirra litlu krafa, sem nú eru gjörðar við inntökuna. 3. atriðinu er eg líka samþykkur, að skólatíminn sè styttur, og látinn vera við það sem var, áður en skólinn fluttist hingað; júnímánuður er ekki hentugur lærdómstími. En ef styttíng skólatímans fengist ekki um heilan mánuð, þá væri jafnvel hentugra að skólaárið byrjaði í miðjum september, en því held eg samt ekki fram. Um 4. atriði er ekkert að tala; nefndin hefir gengið allvel frá því; það er reyndar talað um, að draga kennsluna saman, en látið óákveðið á hvern hátt; en þetta verður sjálfsagt starfi nefndarinnar, sem sett verður. Í nefndarálitinu er talað um að nefndin hafi ei sèð ástæðu til að fækka kennslugreinunum; það getur nú verið, að hún hafi haft gild rök til þess; en þó veit eg ei nema að skaðlítið mætti verða að kippa sumum burt, t. d. náttúrusögu og eðlisfræði og eins að minnka til hlítar talnafræði og rúmmálsfræði. Allar þessar lærdómsgreinir eru að sönnu góðar í sjálfum sèr, en ekki sèrlega nauðsynlegar fyrir embættismenn á Íslandi, og í öllu falli ekki þess verðar, að menn tefi sig svo á þeim, að aðrar nauðsynlegri vísindagreinir missi við það; í þessari grein nefndarinnar er líka sagt, að skólatíminn skuli ei vera nema 6 ár, og sjá það allir, að það er stuttur tími handa þeim, er að kalla ekkert hafa lært undir skólann, til þess að nema svo margt og mikið, sem nú er kennt í skólanum; þó getur það mikið að gjört, hvernig lærdómsgreinunum verður niður skipað; en hvernig sem það verður, þá er það hollara að nema færri vísindagreinir vel, en margar illa; mèr þykir skólaveran stutt ákveðin, og mun eg því, ef til vill, koma með það breytíngaratkvæði, að fyrir »6 ár« verði sett: »6 eða 7 ár«.

5. atriðið, að hafa kennslubækurnar á íslenzku, gjörir nú í sannleika mikinn lètti. Það sem farið er fram á í 6. atr. hefir aldrei fyr verið; og eg sè ei brýna nauðsyn til þess. Á Bessastöðum var aldrei neinn þess konar „*inspector*“, og bjó þó hvorki skólameistarinn nè kennararnir í skólahúsinu, og þó gekk allt slysalitið; hèr býr nú rektor í skólahúsinu, og kennararnir eru hèr allt í kríng og langtum fleiri en á Bessastöðum, og geta því skipzt á með umsjónina í skólanum, og því held eg að allt geti í þessu tilliti staðið, eins og hefir verið. 9. atriðið er ágætt. Það eru nú komin 60 ár, sem 16 ölmusur hafa árlega verið dregnar af skólanum, það er þó mikið og ætti ekki lengur að vera; eg ímynda mèr, að stjórnin muni fúslega veita þetta, þegar hún gætir þess, í hvert óefni hèr er komið, og mig furðar, að þess skyldi ekki vera farið á leit strax, þegar skólinn var fluttur inn hingað, því þá jókst líka kostnaðurinn af skólaverunni; hefði það þá verið gjört, mundi nú betur statt með skólann en er. 10. atriðið er rètt og gott, og eg vil bæta við, að einnig nýsveinum sè veitt hálf ölmusa, þegar kríngumstæðurnar mæla með því. Eg veit þess ótal dæmi á Bessastöðum, að margir hefði þar aldrei komizt í skóla, hefði þeir eigi fengið hálfa ölmusu, þegar þeir komu inn í skólann. Uppástúngan undir »B« er bæði þarfleg og nauðsynleg; en eg vil þó vekja athuga á því, að þar er sagt, að konúngur skuli sjálfur seta nefndina; en hann býr hèr langt í burtu, og er ei nákunnugur. Það er sagt, að nefndin ætti að saman standa af skólamönnunum og með því eru líklega helzt meintir skólakennararnir; það er nú sjálfsagt, að þeir eru ágætismenn, en þó held eg, að betra væri að fleiri væri í nefndinni, en þeir einir. Eg held því, að bezt væri, að alþíngi kæmi sèr saman um, að útvelja mennina, og biði svo konúng, að staðfesta kosníguna. Enn er það eitt atriði og ekki lítilsvert, sem nefndin minnist ekkert á, og það er, að þegar búið er að koma þessari reglugjörð á fót, og skólinn verður styrktur með fleiri ölmusum, svo að vænta má, að margir sveinar sæki hann; en hvar verður þeim mörgu fengið hèr mötuneyti? Þetta ætla eg, að takanda sè til athuga, og sjá, hvort að bezta ráðið mundi ekki verða, að fá hèr skólabryta, eins og áður var, sem gæti staðið fyrir, að veita fæði helmíng eða tveim þriðjúngum af piltum. Eg ætla, að það væri vinníngur, að fá hèr mann í staðinn fyrir dyravörðinn, sem þá fengi sömu þóknun, og hann fær nú, og væri svo efnugur, að hann gæti útbúið sig á

sumrum og haustum með vistaforða handa piltum, þegar hann fengi ölmusur þeirra til að verzla með í hæfilegan tíma. Um þetta ber eg ekki upp neina beina uppástúngu; eg vek að eins máls á því öðrum til athuga; og það er sannfæríng mín, að það væri skólasveinum margra hluta vegna mikið hollara að geta haft mötuneyti hèr heima margir saman, en að verða að renna hèr um allan staðinn, einn og einn, opt á dag, til að fá sèr fóður, og þetta í hverju sem viðrar, og í misjöfn hús að mörgu leyti; eg tala ekki meira um það. Uppástúngunni undir »C« er eg að öllu leyti samþykkur; því slíkt miðar til menntunarauka, og kröfurnar þar mega ekki vera minni, og þurfa heldur ekki meiri.

Jón Hjaltalín: Eg er nú á sama máli og hinn hæstvirti þíngmaður Barðstrendínga, að nefndin hafi komizt mjög vel frá starfa sínum; en eg vildi þó leyfa mèr fáeinar athugasemdir; það er auðsèð, að nefndinni er um að gjöra, að gjöra inntökuprófið sem léttast; en mèr þykir hún hafa farið nokkuð langt í því; það er sagt í 1. a, að þeir eigi að kunna »nokkuð í dönsku«; það er nú ósköp lítið, einkum meðan kennslubækurnar eru ekki á íslenzku; eg vildi því, að fyrir þetta væri sagt: »sæmilega vel að sèr í dönsku«. Ekki kann eg heldur að öllu leyti við 2. atr., að þeir megi ekki vera eldri en 16 ára, til að geta komizt í neðsta bekk; eg held, að nú, eins og áður, geti opt að borið, að prestur kenni syni sínum undir skóla, sem er svo seinvaxin og veiklulegur, að presturinn getur allt til þess tima verið í vafa um, hvort hann eigi að setja hann til lærdóms eða ekki. Eg vildi því, að nefndin hefði sett »18« fyrir »16«. 5. atriðið er nú nokkuð ógreinilegt; það er sjálfsagt, að það er nauðsynlegt, að hafa íslenzkar kennslubækur í sumum vísindagreinum, en eg held þess þurfi ekki í öllu, og það yrði líka býsna kostnaðarsamt; eg hefði því viljað, að nefndin hefði til tekið, hverjum kennslubókum skyldi snúa, og það hefði þá helzt átt að vera latínsk, grísk og dönsk grammatik. Það var fyrrum svo, að latínsku grammatíkinni var snúið á íslenzku, og var mjög mikill léttir að því fyrir pilta. Eg vil því áskilja mèr viðaukaatkvæði um þetta. Að því er 9. atr. viðvíkur, þá er það mjög nauðsynlegt, að ölmusurnar fjölgi, ef piltarnir fjölga; en það er spursmál, hvort stjórnin gengur inn á, að fjölga þeim svona mikið; ætli henni þyki ei, að nokkuð djúpt sè tekið í árinni. Eg ætla því að taka mèr breytíngaratkvæði þannig, að fyrir »40« verði sett: »í hið minnsta 30«. 10. atriðið, um að piltum úr sveitum verði

veitt ölmusa fyrir piltum í Reykjavík, þykir mèr nokkuð ísjárvert, og eg held, að Reykjavík hafi orðið þar býsna hart úti. Mèr sýnist annars í nefndarálitinu tekið nokkuð linlega fram, hvað menntuninni fer hnignandi, þar sem nú er ekki nema hálfur skólapiltur fyrir hvert þúsund, en áður var tvöföld tala; eg vil því, að það sè tekið skýrt fram í álitsskjalinu, að út líti fyrir, að menntun leggist alveg í auðn hèr á landi, ef þessu fer fram. Að því er útskrifunarleyfið snertir, þá er það nú nauðsynlegt, eins og stendur, til þess að hinar æðri menntastofnanir geti þrifizt. En eg vil spyrja hinn háttvirta *framsögumann,* hvort það sè ekki hart, að heimta það af þessum mönnum, að þeir verði undirkastaðir „*Tentamine*“, ef þeir ætla að ganga á prestaskólann; t. d. ef *framsögumaður* sjálfur útskrifaði pilt, og prófaði hann svo aptur, ef hann færi á prestaskólann. Mèr virðist þetta líka vera einhvers konar tortryggni við útskrifunina á þenna hátt. Eg vildi því, að þetta atriði fèlli burt.

Forseti: Eg vil geta þess, að þingmaður Húnvetninga hefir tilkynnt mèr, að hann sökum lasleika yrði að ganga af fundi.

Sveinn Skúlason: Eg er nú á sama máli og þeir þingmenn, sem talað hafa, að nefndiu á miklar þakkir skilið fyrir, hvað vel er gengið frá nefndarálitinu, og vel teknar til greina umkvartanir landsmanna, og mundi stór bót geta orðið að því, ef þetta fengist, sem nefndin fer fram á; ýms mikilsverð atriði eru mjög vel tekin fram, um að inntökuprófið sè gjört lèttara, ölmusunum fjölgað og skólatíminn styttur. Það var líka rètt af nefndinni að fara því ekki fram, að skólinn væri fluttur; flutningurinn á honum hingað hefir kostað of mikið til þess, að nú skuli fara að flytja hann aptur; og það ætti menn alls eigi að gjöra, fyr en löng raun er á því orðin, að hann geti ei þrifizt hèr. Öðru máli er að gegna um það, að skólabú *(Oeconomia)* ætti að komast á aptur; eg held að það hefði verið meiri ástæða fyrir nefndina, að taka það atriði til greina. *Oeconomus* held eg yrði til mikilla nota, og mèr er óskiljanlegt, að duglegur maður gæti ei staðið sig við að fæða 30—40 eða jafnvel 50—60 pilta fyrir 100—120 rd. hvern, ef hann væri áreiðanlegur og nógu dugandi, til að útvega sèr nægan vistaforða; eg held, að það yrði góður atvinnuvegur fyrir hvern dugnaðarmann, og það væri hið fyrsta og bezta, til að efla fèlagslíf pilta innbyrðis, og byggja fyrir, að þeir tvístruðust svo mjög um allt, eins og nú er. En nefndin hefir nú ekki sèð það fært, að stínga upp á þessu, og

því vil eg ekki gjöra neina uppástúngu um það að svo komnu. En það eru einstaka atriði, sem mèr eru ekki fullljós, og sem eg því vildi biðja hinn háttvirta *framsögumann* að skýra fyrir mèr; það er fyrst 2. atriðið, þar sem sagt er, að piltar, sem setjast í neðsta bekk, megi ei vera eldri en 16 ára; það er nú nokkuð hæpið, að binda það við þessa áratölu, en það læt eg þó vera; en það sem kemur þar á eptir, þykir mèr nokkuð ísjárverðara; eptir því skilst mèr, að þegar hæsti aldur í 1. bekk a að vera 16 ár, þá eigi hann að vera að því skapi hærri, eptir því hvað mörgum bekkjum pilturinn sezt ofar, eða yfir höfuð svo, að hæsti aldur pilta, þegar þeir útskrifast, megi ekki vera nema 22 ár; ef þetta er rètt skilið, þá er það ekki heppilegt, því piltur gæti verið vel undirbúinn og sezt í 2. bekk 20 ára; en aptur á móti, ef nefndin meinar einúngis, að aldur piltsins, sem sezt í neðsta bekk, skuli vera takmarkaður, svo að tvítugur maður eða jafnvel 25—30 ára mætti setjast í 2. bekk, þá finnst mèr nefndin komast í mótsögn við sjálfa sig, því ekki fer betur á, að 25 ára maður siti í 2. bekk með 13 ára pilti, heldur en þó 18 vetra piltur sæti í sama bekk og 12 vetra drengir. Eg vil því hallast að því, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður tók sèr breytíngaratkvæði um, að hæsti aldur fyrir neðsta bekk sè 18 ár. 3. atriðið er nú mikið gott; að eins kann eg ei vel við »um fardaga«, það er of óákveðið; og eptir því getur skólatíminn ef til vill dregizt fram í miðjan júnímánuð; eg vil því að tiltekið sè 6. júní, eða þó heldur 1., eins og var. 4. greinin er nú mikið þörf, og gott ef sumar vísindagreinirnar væri dregnar saman; og mun nefndin ætlast til, að sú nefnd, sem sett verður til að semja reglugjörðina, ákveði, hverjar vísindagreinir skuli saman draga; en sumar vísindagreinirnar má alls eigi draga saman, þar á meðal einkum sagnafræði og landafræði; nákvæm kennsla í þeim er eins nauðsynleg og kennsla í latínu og grísku. En það er augljóst, og það veit eg sjálfur, að náttúrusaga, grasafræði og dýrafræði eru að mjög litlum notum eins og þær eru kenndar, þar sem ekkert tillit er haft til hins þjóðlega, þegar þær eru kenndar, t. a. m. íslenzkrar grasafræði, þegar um grasafræði er að gjöra; það held eg væri miklu betra, en að kenna það svona eptir þurru »systemi«. Mathematik og guðfræði held eg mætti stytta, en eg skal nú ekki fara út í það; það viðkemur nefndinni, sem sett verður. 5. atr. er nú mikið gott í hugsuninni; en ef það verður tekið upp í lög, held eg það sè miður gott.

Hver á að kosta útleggínguna og prentunina? Þess konar bækur geta líklega ekki selst svo vel, að kostnaðurinn fáist upp úr því. Þar að auki verður að vera að þessu aptur og aptur; ekki verða allt af notaðar sömu kennslubækurnar, því skólinn verður þó að fylgja tímanum. Ef hinn 5. konúngkjörni tekur sèr breytíngaratkvæði um, hverjar skólabækur skuli prenta á íslenzku, vildi eg sameina mig honum um það. Að því er 8. atr. snertir, þá skil eg nú ei, hvað nefndin meinar, ef hún meinar, að þeir skuli fá þessi verðlaun iðulega, svo sem við hvert próf, þá held eg það leiddi töluverðan kostnað af því. Eg man það, að á Bessastöðum voru gefin verðlaun einstöku mönnum, þegar þeir fóru burt úr skólanum; þetta þætti mèr gott, að væri skýrt, eða breytt svo, að það væri ei misskilið. 9. atriðið er nú ágætt; það er líka sjálfsögð skylda stjórnarinnar, að fjölga ölmusunum svo, að þær verði eins og í gamla daga, og það verður alveg nauðsynlegt, ef piltunum fjölgar. Að því er viðvíkur 10. atr., þá hefi eg nú aldrei verið mikið fyrir það, að piltar hèr í bænum fengi ölmusur; þar verð eg að vera á móti hinum 5. konúngkjörna; og mèr þykir þessi grein hjá nefndinni of lin og of óákvörðuð. Eptir henni held eg, að skólameistarinn og stiptsyfirvöldin geti ætíð skapað sèr þessar sèrlegu ástæður eptir vild sinni. Það hefir sèzt, að þau hafa opt ekki veitt piltum úr sveitum ölmusu, af því þau hafa ímyndað sèr, að feður þeirra væri ríkir, þó þeir hafi verið svo langt burtu, að þau lítið hafi getað vitað um það, og sumstaðar hefir þetta verið ósannur hugarburður einn saman, en þau hafa þar á móti veitt ölmusu sonum æðstu embættismanna hèr í Reykjavík; ef þetta því ekki er betur tekið fram, en hèr er gjört í 10. gr., þá er eg hræddur um, að sama súrdegið kunni að loða við; og vil eg því áskilja mèr breytíngaratkvæði við þessa grein. Viðvíkjandi »C«, þá vil eg ekki þrengja eins takmörkin fyrir »privat-dimissióninni«, eins og nefndin gjörir, hún segir: »sem hafa fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn«; þetta getur nú verið gott með suma, nl. bæði málfræðínga og guðfræðínga; en læknar og lögfræðíngar held eg sè miður hæfir til þess; þeir eru farnir að venjast af þess konar vísindum, þegar þeir eru búnir að þvælast í að lesa í mörg ár lög og læknisfræði, sem eru skólavísindunum svo óskyld, og verða því að afloknu embættisprófi helmíngi ófærari til þess, en þegar þeir byrjuðu. Það er sjálfsagt, að kennarar við skólann og prestaskólann eru vel færir til þessa; en það er nú reyndar engi

ástæða fyrir þá, að »dimittera privat«; þegar þeir eru svo nærri, geta þeir látið lærisveina sína ganga undir próf við lærða skólann. Þar að auki er nú lítið unnið við það, að láta menn hèr í Reykjavík útskrifa á þenna hátt, því kostnaðurinn verður líkur. Eg held því, að öll ástæða sè til, að þeir, sem hafa bezta vitnisburð frá skólanum og prestaskólanum, og eins þeir, sem hafa bezta vitnisburð frá skólanum og við »philosophicum« í Kaupmannahöfn, hafi líka þenna rètt; þeir hljóta að vera miklu færari til þess, en læknar og lögfræðíngar, sem eru búnir að þvælast í læknisfræði og lögum í ein 8 ár. Það einasta á móti þessu skyldi vera það, að þessir menn væri of úngir, og ekki nógu ráðsettir; en það er þá hægt að til taka aldurinn, t. d. 25—30 ára. Eg vil því orða þessa grein öðruvísi, hleypa »rètt — úr heimaskóla« aptur fyrir, og bæta inn í þessu, sem nú sagði eg. Um »C« 1. þykir mèr hart, að skylda hvern, sem »dimitterar« til að fylgja breytíngum á kennslubókunum í skólanum; eg held nóg sè, að þeir láti stiptsyfirvöldin vita, hvað pilturinn hefir lesið, og að það sè úr »klassiskum« rithöfundum, en þurfi ekki endilega að vera bundnir við, þó að breytt sè til í skólanum um latínska og gríska rithöfunda. Það getur verið mikið gott fyrir skólakennarana að hafa allt af nýtt og nýtt, til þess að auka menntun sína; en óþarft virðist mèr það um þessa menn, er kenndu og útskrifuðu í sveitum.

Jón Pètursson: Eg verð að vera á sama máli og hinir aðrir, sem talað hafa, að mèr finnst nefndarálit þetta ágætavel samið, og ætla eg að eins að leyfa mèr að gjöra fáeinar athugasemdir. Viðvíkjandi tölulið A. 2. skal eg geta þess, að eg man ekki betur, en að stiptsyfirvöldin hafi nú sem stendur leyfi til að veita mönnum, sem eru eldri en 16 ára, inntöku í skólann, og vil eg að þetta leyfi skuli viðhaldast; þegar sèrstakar kríngumstæður eru með því, sýnist mèr ekki að þetta ætti að bannast; eg get t. a. m. ímyndað mèr gáfaðan mann kominn undir tvítugt, sem þá fyrst fær löngun til að fara í skóla. Að því er snertir 6. tölulið um þenna launaða umsjónarmann, þá sýnist mèr, að honum ætti að vera vel launað, ef hann ætti að vera menntaður maður, eins eg nefndin ætlast til, því annars gæti hann ekki lifað sómasamlega; en ætli að það væri þá ekki eins gott, að einum eða fleirum af kennurunum væri falin þessi umsjón móti góðri þóknun? Eg held að það gæti jafnvel verið gott fyrir sjálfa kennarana, og finnst mèr alveg óþarfi, að stofna nýtt embætti fyrir þessa umsjón. Inn í 7. tölulið

vil eg á undan »ítrekaður drykkjuskapur« bæta inn í: »*opt*«, því eg vil að eins, að *opt ítrekaður* drykkjuskapur sè útrekstrarsök úr skóla. 10. töluliður vil eg að alveg falli burt, því eg vil ekki, að þingið sè að fyrirskrifa stiptsyfirvöldunum reglur með ölmusuveitíngar; mèr finnst líka, ef menn fara að fyrirskrifa þeim reglur með þetta á annað borð, þá ætti líka að taka fleira til, t. a. m. að ekki megi veita ríkismanna sonum upp í sveit ölmusu, heldur einúngis fátækum piltum; þannig má gefa ýmsar fleiri reglur, ef menn fara til þess á annað borð, en mèr sýnist, að þingið eigi ekki að gjöra það, því það er eins og þingið með því vili segja, að stiptsyfirvöldunum sè ekki almennilega trúanda fyrir að veita ölmusurnar, sem þó væri undarlegt, þar sem þeim þó er trúað fyrir að veita prestaköll, sem er meira vandaverk en þetta; eg vil því, að þessi grein falli alveg burt. Í staflið C vantar mig þá samkvæmni, sem eg hefði óskað að væri þar. Þar er til tekið, að þeir, sem eru útskrifaðir af háskólanum í Kaupmannahöfn með *laudi*, megi dimittera, en nú hafa prestaskólakandidatar, sem hafa við burtfararpróf fengið *„præ ceteris“* jafnrètti við kandidata frá háskólanum með *laudi*, og veit eg ekki, hvers vegna hèr er gjörður munur á þeim, ef rètturinn til að dimittera á á annað borð að vera eins þröngur og nefndin stíngur upp á, og menn ekki fremur aðhyllast uppástúngu þíngmanns Norður-Þíngeyínga. C. 2. sýnist mèr að ætti að falla burt; því eg get ekki sèð hvers vegna *privat-dimissi* eiga fremur en *dimissi* frá latínuskólanum að undirkasta sig þessu prófi, ef þeir koma nógu snemma og ekki bíða eitt eða fleiri ár frá því þeir eru dimitteraðir, þangað til þeir ganga á prestaskólann; eg get ekki sèð, að þurfi að reyna þá fremur en stúdenta frá latínuskólanum, ef menn álíta dimissiónina fullgilda á annað borð.

Framsögumaður: Eg finn mèr skylt að þakka hinum heiðruðu þíngmönnum, sem talað hafa, fyrir það, hve fögrum orðum þeir hafa farið um viðleitni nefndarinnar, til þess að stínga upp á sem beztum úrræðum í þessu vandamáli; þær einstöku athugasemdir, sem þeir hafa gjört við niðurlagsatriði nefndarálitsins, eru líka þannig lagaðar, að þær lýsa áhuga manna á málinu, sem er mjög mikils verður, og þó þessar athugasemdir sè ekki þannig, að eg alveg að svo stöddu geti fallizt á þær, lýsir sèr þó mikil skynsemi í þeim, og þær hafa mikið til síns máls, en sumar þeirra eru þó svo, að þær fara fram á, að nú sè gefnar ýmsar sèrstaklegar reglur, sem ekki koma málinu við nú sem stendur, og geta því ekki

tekizt til greina, heldur heyrir það undir nefnd þá, sem vèr höfum stúngið upp á, að sett yrði, til þess að semja nýja reglugjörð fyrir skólann, að búa slíkar reglur til; vort ætlunarverk nú er einúngis, að sýna þær helztu grundvallarreglur, sem vèr óskum að reglugjörðin sè samin eptir. Það er alveg ómögulegt fyrir nefnd hèr á þíngi eða fyrir þíngið á 2 fundum, að búa til samanhangandi reglugjörð fyrir skólann, eða búa til reglur, er ekki reki sig hver á aðra, um það, sem tilheyrir hinni innvortis kennslu í skólanum. Að svo mæltu skal eg leyfa mèr að gjöra fáar athugasemdir við sumt af því, sem sagt hefir verið. Hinn heiðraði þíngmaður Barðstrendínga gjörði fyrst ýmsar athugasemdir. Honum þótti það of óákveðið í 4. gr., hvernig draga ætti saman kennsluna; þetta viðkemur einmitt skólareglugjörðinni sjálfri, og það er alveg ómögulegt fyrir þíngið að ákveða nokkuð um það, hvernig hinum einstöku kennslugreinum skuli niðurjafna. Hann fann líka að því undir sama tölulið, að það væri þar ákveðið, að skólatíminn skyldi ekki vera lengri en 6 ár, og vildi, að hann væri ákveðinn til 6—7 ára, en þetta er byggt á misskilníngi, því áherzlan er öll á orðinu *„þurfi“*; meiníng nefndarinnar er nefnilega, að það skuli vera mögulegt að ljúka sèr af við skólann á 6 árum, en það er hvergi sagt, að skólaveran megi ekki vera lengri en 6 ár. Honum og fleiri þíngmönnum þótti umsjónarmaður sá, sem talað er um undir 6. tölulið, óþarfur, og skal eg viðvíkjandi því gjöra þá athugasemd, þó hún ekki upplýsi málið, að þessi uppástúnga er gjörð af sjálfum rektor skólans, sem nú er í uppástúngum viðvíkjandi skólanum; og verð eg að álíta það mjög hentugt, að þessi tilhögun kæmist hèr á, því eg veit til, að hún muni vera í skólum í Danmörku, og einnig af þeirri ástæðu, að það er ofætlun að slengja þessari umsjón upp á kennarana, sem ef til vill ekki eru allir til þess hæfir. Það er líka aðgætanda, að vèr ætlum að bæta regluna, en ekki halda sömu reglu og verið hefir; það eru líka árlega gefnir 1000 rd. til ýmsra útgjalda skólans, og mun nokkuð af þessu fè vera ætlað til inspectionar; eg held, að það væri veruleg endurbót, ef menn gæti verið svo heppnir, að fá ráðsettan reglumann, sem ekki hefði annan starfa á hendi, til umsjónarmanns; en hvað það snertir, hvort þetta embætti gæti sameinazt dyravarðarembættinu, þá veit eg það ekki með vissu; það gæti þó verið með því, að þessi umsjónarmaður hefði einhvern duglegan vinnumann, sem gæti gegnt dyravarðarstörfunum; nefndin vildi ekki taka neitt til um það. Hins vegar er það ekki óhugs-

anda, að þessi maður kenndi eitthvað í skólanum, og ætti hann því að vera menntaður maður, eins og nefndin hefir tekið fram. Þingmaður Barðstrendinga vildi einnig, að hèr kæmist á bryti eða *„Oekonomus“*, eins og áður hefir verið, og að hann veitti að minnsta kosti helming skólapilta fæði, en mèr sýnist, að annaðhvort ætti allir piltar að vera skyldir að vera á fæði hjá honum, eða þá, að það ætti að vera alveg frjálst, því mèr finnst það vera ónáttúrlegt að þvínga suma pilta til að vera á fæði hjá honum, en ekki suma. Ef það t. a. m. ekki væri skylda fyrir pilta, en oeconomus væri sagt, að búa sig undir að geta tekið helming skólapilta á fæði, gæti vel farið svo, að mjög fáir piltar sækti til hans, og gæti hann þá haft mikinn skaða á því; gæti líka verið að þeir felldi sig ekki við þann mat, sem þeir fengi hjá honum, og segði honum upp, þegar minnst varði; þess vegna sýnist mèr, að menn, ef menn hefði oeconomus, verði að gjöra öllum piltum að skyldu að vera á fæði hjá honum, nema ef til vill piltum, sem eiga foreldra í Reykjavík. Það er líka yfir höfuð mikið spursmál, hvort menn eiga að hafa oeconomus, því þegar menn gæta vel að, munu menn finna, að oeconomian hefir einlægt verið mesta átumein fyrir landið; það hafa einlægt komið umkvartanir frá biskupunum, yfir því, hvað örðugt væri að hafa þessa oeconomíu, og eins hafa piltar kvartað yfir mat þeim, sem þeir hafa fengið hjá oeconomus, og sýnist mèr því vera mikið áhorfsmál, að innleiða hana aptur, nema til þessa starfa gæti fengist maður, sem væri ágætlega vel til hans fallinn; eg veit líka til, að á Bessastöðum varð hið opinbera opt að skjóta til oeconomíunnar, af því að hún gat ekki staðið sig, en það er á þingsins valdi, hvað það ræður af í þessu. Hinum 5. konúngkjörna þingmanni þótti nefndin ekki undir *A*, 1 gjöra nógu harðar kröfur til pilta, er ætti að takast inn í skóla, og tók hann það fram, að hann vildi, að heimtað væri, að þeir væri *sæmilega* að sèr í dönsku, þar sem nefndin heimtar, að þeir kunni *nokkuð* í dönsku; eg get nú ekki sèð mikinn mun á þessum orðum. Það er aðgætandi, að nefndin vildi gjöra mönnum svo auðvelt að komast inn í skólann, sem unnt væri, og gat því ei fallizt á, að aldur þeirra, sem ætti að setjast í neðsta bekk, væri hærri en 16 ár, af því hún ætlaðist til, að hver gáfaður únglíngur kynni, þegar hann væri 16 ára, að lesa og skrifa, nokkuð í dönsku, og 4 species í óbrotnum reikníngi; eg held ekki heldur, að með þessu sè tekið af stiptsyfirvöldunum það vald, sem þau hafa haft til þess, að gjöra und-

anþágu frá þessari reglu. 5. töluliður »að hafðar sè íslenzkar kennslubækur« þótti honum ógreinilegur; en nefndin hefir ekki sagt, að kennslubækurnar ætti allar að leggjast út í einu, heldur smátt og smátt eptir kríngumstæðunum, og veit eg, að ráðherrann hefir tekið vel undir það, að fè til þess yrði veitt úr ríkissjóði. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hèlt einnig, að stjórnin mundi ekki gánga inn á, að fjölga ölmusunum, eins og nefndin hefir stúngið upp á; eg get ekkert um það sagt, hvað stjórnin muni gjöra, en mèr þykir það mjög líklegt, að hún gjöri það, af því að í konúngsúrskurðinum frá 17. maí 1805 segir að stjórnin fækki ölmusunum að eins fyrst um sinn; í því liggur, að hún seinna ætli sèr að fjölga þeim aptur, ef þurfi. Stjórnin hefir líka heitið að taka skólann að sèr; við eigum einúngis að sýna þörfina á að fjölga ölmusunum, og annaðhvort biðja um, að ölmusunum sè strax, fjölgað, svo að þær verði eins margar og þær voru, eða þá að þeim verði fjölgað smátt og smátt, þángað til þær verða eins margar og þær voru. Um 10. tölulið hafa verið ýmsar meiníngar; sumum þykir hann of harður, sumum of linur, og sumir vilja fella hann alveg burt. Það var mikið rætt um það í nefndinni, hvort það væri nauðsynlegt að taka þetta fram í reglugjörðinni, því þessu mundi að mestu hafa verið fylgt af stiptsyfirvöldunum, og komst nefndin til þeirrar niðurstöðu, að betra væri að taka það fram, svo að það yrði hljóðbært um allt landið, að þessari reglu væri fylgt, því það gæti orðið til þess að skýra ógrundaðar meiníngar manna um þetta, og til þess að laða menn úr fjarlægari hèruðum að skólanum. Hinum sama þíngmanni þótti nefndin ekki hafa tekið það nógu skorinort fram, að menntunin færi minnkandi hèr á landi í seinni tíð; en eg held, að nefndin hafi í nefndarálitinu tekið það skorinort fram, að menntunin hafi minnkað og hljóti að minnka hèr á landi með því fyrirkomulagi, sem er á skólanum, og sè eg ekki, að það verði tekið fram með harðari orðum, en gjört er í nefndarálitinu. Tveir konúngkjörnir þíngmenn, hinn 4. og 5., vildu láta það „*Tentamen*“ sem nefndin hefir stúngið upp á, undir *C* 2, falla burt, og annar þeirra spurði, hvernig eg sjálfur mundi fara að við þetta »Tentamen«, ef eg dimitteraði einhvern; eg fer svo að því, að eg prófa ekki sjálfur við þetta »Tentamen« þann, sem eg hefi dimitterað. Eg er reyndar ekki fastur á því að halda þessu fyrir mitt leyti, en nefndinni þótti það ráðlegra að tryggja þessa *privat-dimission*, því þó hún ekki yrði misbrúkuð, sem þó

gæti verið, má gjöra ráð fyrir því, að þeir, sem þannig útskrifast, sè ekki eins vel að sèr og þeir, sem útskrifast úr lærða skólanum; en nefndinni fannst, að sèr kæmi ekki við, að ákveða neitt um það, hvernig fara skyldi með þá, sem ætluðu sèr að sigla til háskólans, og því nefndi hún það ekki á nafn. Þingmaður Norður-Þingeyínga talaði um *A* 2, einkum um 16 ára aldurinn, sem menn ætti að vera komnir í neðsta bekk á, og spurði, hvort ætlazt væri til, að menn kæmist ekki eldri inn í hærri bekk, en að tilltölu við þenna aldur, þannig að menn ekki geti útskrifazt eldri en 22 ára. Eg held ekki, að það sè með þessum ákvörðunum loku skotið fyrir það, að menn geti komizt eldri en 18 ára í 2 eða 3 bekk, þegar inntakan í skóla er þannig lètt, og held eg, að nefndin hafi ekki haft í huga fastan aldur fyrir þá, sem settist í efri bekkina, þegar þeir koma í skóla, og gæti þeir gjarna verið tvítugir eða jafnvel eldri, og eru það ekki eindæmi, því í Svíaríki hefir til skamms tíma engi aldur verið tiltekinn fyrir þá, sem um skóla sækja, og sýnist mèr því, að vèr Íslendíngar ættum að vera mjög auðveldir í því tilliti; — en mèr sýnist samt þetta atriði fremur heyra undir nefnd þá, sem sett yrði til þess að búa til nýja reglugjörð handa skólanum, og vona eg, að hún verði skipuð svo frjálslyndum mönnum, að það verði gjört svo auðvelt, sem framast er unnt, bæði að komast inn í hinn neðsta bekk og hina hærri bekki skólans. Hinn sami þingmaður vildi ekki láta draga saman kennsluna í sögu og landafræði; viðvíkjandi því álít eg, að menn geti lært eins mikið með stuttri, eins og með langri kennslubók, því það er komið undir því, hvernig kennt er; en til þess að menn geti ákvarðað þenna samandrátt, verða menn að ganga út frá þeim tíma, sem menn hafa til alls lærdómsins og til hinna einstöku greina, og miða við hann, hvað og hvernig menn geta dregið saman kennsluna. Hann vildi helzt, að kennslan væri dregin saman í reikníngi og náttúrusögu, það getur verið ýmsum skilníngi undirorpið; en eg held, að vèr getum ekki nú tekið um þetta neinar sèrstakar ákvarðanir, því til þess þyrfti menn að skoða allar kennslugreinirnar í einni heild og sjá svo, með hverju móti kennslunni ætti að vera lokið á sínum tíma, og þurfa menn þá aptur að skoða hinar einstöku kennslugreinir, til þess að fá út aptur þá passanlegu heild eptir tímanum. Það var ekki meiníng nefndarinnar að verðlaun gæfist iðulega við hvert próf, heldur að eins, þegar einhver skaraði sèrlega fram úr. Hinn sami þingmaður vildi ekki þrengja

útskrifunarleyfið, sem talað er um undir *C*, heldur útvíkka það; nefndin hafði fyrst þá skoðun, að taka hèr inn í kandídata með bezta vitnishurði frá prestaskólanum og *Candidatos philosophiæ* frá háskólanum, en nefndinni kom ásamt um, að meiri líkur væri til, að leyfi þetta fengist, ef próf þetta væri tryggt svo vel sem unnt væri; það er líka varúðarvert, að vèr megum ekki útvíkka þenna rètt, svo að vèr drögum frá skólanum; en eptir þekkingu minni á mönnum út um landið, sýnist reynslan að hafa staðfest það, að það hafa einúngis verið einstakir prestar með bezta vitnisburði frá háskólanum í Kaupmannahöfn, sem hafa tekið að sèr að undirbúa pilta undir skóla, og þegar þvílíkir prestar ekki eru fleiri en nú, þá er skólanum engi hætta búin, að margir dragist frá honum. Það er reyndar satt, að menn hafa enga vissu fyrir því, að þeir, sem hafa fengið bezta vitnisburð við Kaupmannahafnarháskóla sè betur að sèr í latínu en aðrir, vegna þess að háskólinn er nú orðinn aldanskur, en vèr verðum, þó að álíta, að þeir hinir sömu hafi haft góða undirstöðumenntun, og að hún hafi hjálpað þeim til þessa góða vitnisburðar við embættisprófið. Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður vildi, að 10. töluliður væri úrfelldur, en eg hefi upplýst, hvers vegna nefndin vildi taka þetta fram, nefnilega til að eyða ógrunduðum meiníngum manna um, að annari reglu væri fylgt. Hann hèlt líka, að undir 1, *a* væri tekið af stiptsyfirvöldunum leyfi það, sem þau hafa haft til þess að veita eldri mönnum en 16 ára skóla; en það get eg alls ekki sèð. Það er satt, að undir staflið *C* er nokkur ónákvæmni hjá nefndinni að því leyti, að hún ekki hefir tekið þá þar fram, sem hafa ágætis vitnisburð frá prestaskólanum, og sem eiga að hafa jafnrètti við *laudista* frá háskólanum í Kaupmannahöfn, en af því er engi hætta búin, því enn þá hefir engi fengið þenna vitnisburð við prestaskólann. Að endíngu skal eg ítreka þakklæti mitt til þíngmanna fyrir þá stillíng og velvilja, sem þeir hafa talað með í þessu máli.

Helgi G. Thordersen: Það er ekki í öðru skyni en því, að votta nefndinni þakklæti mitt fyrir það, hvernig hún hefir tekið í mál þetta, og til þess að lýsa yfir virðíngu minni fyrir málinu sjálfu, að eg stend nú upp, því annars kynni það að virðast fremur undarlegt, ef eg ekki lèti til mín heyra, í öðru eins máli og þessu. Eg votta því nefndinni þakklæti mitt fyrir frammistöðu hennar, og er henni samdóma í allri aðalstefnunni, og það því fremur, sem hún hefir farið svo varlega og skynsamlega í þetta vandamál, að

hún hefir gjört ráð fyrir, að nefnd yrði sett til þess síðar ítarlegar að íhuga málið, sem þannig ekki getur orðið alveg útkljáð hèr. Eg álít því að vísu, að það ekki sè til sèrlegs gagns að fara út í hin einstöku atriði málsins, en skal þó leyfa mèr að drepa á fáein atriði, ef vera mætti að nefndin, sem seinna kynni að verða kosin, gæti þar í fundið stöku bendíng, eins og líka mál þetta er svo áríðandi, að það ætti að ræðast nákvæmlega. Eg skal þá fyrst nefna tölulið 2 í niðurlagsatriðum nefndarinnar, og verð eg þar að vera þeim samdóma, sem vilja hækka aldurinn, það er að skilja leyfa eldri en 16 ára mönnum inngöngu í skóla, því, úr því annars á að fara að lètta innngönguna í skóla, sem eg álít alveg rètt, þá vildi eg hún væri lètt svo mikið, sem er ítrast mögulegt. En þetta og annað eins verður nú nefndin að íhuga betur. Það sem stendur í sama tölulið um *„að flytja ýmsar kennslugreinir til“* þykir mèr ekki nógu ljóst. Eg vil ætíð tala, svo menn skili mig; eg heimta það af öðrum, því fremur af þínginu, og þessa helzt af löggjafanum, og það er þó víst meiningin að niðurlagsatriðin verði gjörð að lögum. Eg verð að vera því mótfallinn að skólaárið sè stytt, og álít það megi ekki vera skemmra en 9 mánuðir. Aptur verð eg á hinn bóginn að vera þeim samdóma sem álíta júnímánuð einna óhentugastan til lærdómsiðkana og er það því fremur ástæða til að byrja skólann fyr og enda hann aptur fyr, sem allir, er þekkja til landsins, verða að játa, að í septembermánaðar enda er þegar orðið allra veðra von, og því ekki sízt á fjallvegum hættuleg ferðalög fyrir fullorðna, að eg ekki tali um únglínga lítt harðnaða og jafnvel börn, sem kynni að sækja skólann, því þó drottinn hingað til hafi varðveitt frá stórslysum í þessu efni, er það ekki forsjá vorri að þakka. Í 4. tölulið er talað um »að draga saman kennsluna«; það kann nú að vera nokkuð í því, en þetta er mèr einnig óljóst, hvernig eigi að gjörast; en eg skal nú sleppa því, þar sem áherzlan mest er lögð á *tímann*. Undir tölulið 6 hefir nefndin stúngið upp á, »að launaður inspector eða umsjónarmaður sè settur«, og er eg því öldúngis samdóma, en vildi einúngis, að það yrði skýrt tekið fram, að það ætti að vera menntaður maður, því væri til þess tekinn ómenntaður maður, er eg hræddur um, að einhvern tíma kæmi glettni fram við hann; en stæði hann í menntun við hlið kennaranna, fèlli þetta burt, og bezt held eg það færi, ef einhver kennaranna sjálfra fengist til að taka þetta að sèr. Við tölulið 7 skal eg athuga það, að mèr alls ekki líkar við orða-

tiltækin »ítrekaður drykkjuskapur»; drykkjuskapur innibindur það nefnilega í sèr, að ítreka það hvað eptir annað, að vera víndrukkinn, og þegar víndrykkjan er komin svo langt, að hún geti heitið drykkjskapur, er hún orðin að lesti, sem óþarfi er að tala um að sè ítrekaður; en sè hitt meiningin, að piltur, sem kemur 2 eða 3 sinnum slompaður svona, sem menn kalla, úr sómasamlegu samsæti, kunni að geta orðið skólarækur fyrir, þá virðist mèr það næst til of hart. Eg vildi heldur, að í staðinn fyrir »ítrekaður drykkjuskapur« væri »drykkjuskapur« blátt á fram, en í stað orðanna: »eður önnur megn óregla« einúngis, »megn *óhlýðni*“, því hvað er öll óregla í skólanum annað en óhlyðni við kennara sína; en mèr finnst piltar í skóla, einkum þar sem, eins og hèr, er viðlögð hin stærsta hegníng, sem skólinn getur á lagt, nefnilega útrekstur, eigi heimtíng á því, að það ljóslega sè orðað. Eins og menn sjá, eru þetta mest breytíngar á orðum, sem eg hefi farið fram á, því stefnu og anda nefndarinnar er eg alveg samdóma. Við tölulið 8. vildi eg einnig bæta því, að kennararnir sjálfir útbýtti þessum verðlaunum, því þeir eru því kunnugastir, hverir af piltum eru hæfilegastir. Að því er fjölgun ölmusnanna allt að 40 snertir, virðist mèr tvísýnt, hvort fengist, því meiníng nefndarinnar er víst, að þær sè jafnháar þeim, sem nú eru (*Framsögumaður:* Já!) en þar sem nú koma svo fáir í skólann, virðist mèr ástæðurnar vera minni til þess, enda eru hèr við skólann miklar ölmusur í samanburði við aðra skóla. Að því er það snertir, að hèr sè stofnsett »Oekonomiat« þá virðist mèr mjög tvísýnt, hvort það ætti við. Það var öðru máli að gegna, meðan skólinn ekki var fluttur híngað, og stjórnin fyrirfram samdi um það við vissan mann. Það er enn eitt orðatiltæki undir staflið B, sem mèr ekki allskostar líkar, og það er orðið »skólamenn«; með því mun vera meint hið sama og hjá Dönum við orðið »Skolemænd«. Hèr í landi er þá ekki um aðra skóla að tala en lærða skólann og prestaskólann; og ætti nú nefndin eingöngu að samanstanda af kennurunum við þessa skóla, virðist mèr það hálft um hálft vera að gjöra þá að dómurum í sjálfs síns sök, og vildi eg því, að við þessi orð ætti að skiljast þeir, sem eru skólagengnir. Það gleður mig, hvernig nefndin hefir tekið í prívatdimissionina, því hún getur verið mikið góð og til mikils lèttis fyrir almenníng, en nefndin hefir, að eg held, breytt rètt í því að við hafa alla varhygð, því ekki tjáir alveg að sleppa beizlinu fram af henni, því þá gæti hún orðið misbrúkuð, en nú á þessum tímum má engi vera

meðmæltur því, er kynni að geta hjálpað vankunnáttunni til að komast inn og komast fram. Eg verð að vera samdóma hinum heiðraða þingmanni Norður-Þingeyjarsýslu í því, að valið á rithöfundunum, sem lesast ætti til privat-dimissionar, ekki ætti að vera einskorðað við þá rithöfunda, sem brúkaðir eru í skólanum, því bæði getur verið bágt að nálgast þá stundum eður útvega, og svo finnst mèr á hinn bóginn nóg að binda það við, að rithöfundarnir sè »klassiskir». Að því er loks snertir »Tentamen« við prestaskólann fyrir þá, er þannig útskrifast, þá virðist mèr það alveg rètt. Prestaskólinn á eins og hver annar skóli rètt á að heimta tryggíng fyrir því, að þeir, sem inn í hann koma, sè færir um að taka þeirri kennslu, sem þar býðst.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð einnig að standa upp til þess að ljúka lofsorði á um nefndina og segi, »sá kló, sem kunni«, því nefndarálitið er svo ágætlega vandlega samið. Það er einúngis annar töluliður sem mèr finnst ekki sem hentugastur. Eg felli mig vel við æskutakmarkið, en ekki við ellitakmarkið, eður við það, hve hár aldurinn megi vera. Allir munu álíta það satt sem máltækið segir: »svo lengi lærir sem lifir«, og þá ætla eg, að þetta máltak ætti að gilda eins vel um skólann og um lífið, og geta eptir minni meiníngu út af þessu sprottið ýms vandkvæði hèr á landi. Eg get sem dæmi nefnt einn lærðan mann úr Skagafirði, sem vèr allir elskum og virðum; og ef mig minnir rètt, hefir hann nú sent þínginu eins konar »pistil« eður »ávarp«, sem hann kallar, og hann hefði, ef þessari reglu hefði verið framfylgt, verið útilokaður frá þeirri menntun, sem »pistill« hans ber með sèr, að hann nú hefir fengið. Þetta aldurstakmark er líka fellt burtu víða annarstaðar, t. a. m. í Svíaríki, og þykir þó sú skólatilskipan með hinum betri. Við tölulið 4. þykir mèr nokkuð ógreinilega orðað þetta, »að draga saman kennsluna«, því það má víst draga hana bæði sundur og saman, rètt eins og hrátt skinn. En meiníngin mun víst eingöngu vera sú, að stytta kennsluna á hagkvæman hátt, og því er eg ekki mótfallinn. Að því er það snertir að setja tilsjónarmann eða »inspector« við skólann, þá álít eg það mjög gott, og veit ekki betur, en stjórnin sjálf hafi fallizt á það að nokkru leyti, þar sem hún hefir boðið fè til þessa starfa. Að því er snertir tölulið 9. um að tala ölmusanna sè hækkuð til 40, þá er eg að vísu hálfhræddur um, að þessi bón sè *„pium desiderium“*, og svo yrði það til lítils, þótt stjórnin fèllist á það, meðan ekki eru nógir í skólanum til að þiggja þær;

en ástæðan er að vísu til fyrir þessari bón nefnilega sú, að í konúngsúrskurði 17. maí 1805 um skipun skólans á Bessastöðum er tala ölmusnanna færð niður úr 40, allt að 24, og þar segir að þetta skuli vera einúngis »fyrst um sinn«. Um staflið B skal eg geta þess, að mèr ekki alls kostar líkar orðið *„skólamenn“*. Hvað eru skólamenn? Eru það þeir, sem menn í daglegu tali kalla »skólahesta«, það er að skilja menn, sem kunna að berja lærdóm inn í únglinga? Og sè svo, sem eg held flestra meiníng sè, þá er ekki ætíð með því sagt, að mennirnir sè *lærðir,* þó þeir *kunni* að segja til, og hitt þykir mèr einnig að, að það lítur rètt svo út, sem stjórninni sè bent á, *ekki* að kjósa yfirráðendur skólans (Ephorat skólans) í nefndina, og líkar mèr þetta ekki vel. Við staflið C vildi eg gjarna bæta því við, að þeir, sem hefði rètt til að útskrifa, einnig skyldi hafa bezta vitnisburð við burtfararprófið úr skólanum, því það verður þó bezta tryggíngin fyrir því, að þeir kunni að segja til í skólavísindunum, og það ekki því síður sem hinn danski háskóli, eins og *framsögumaður* sagði, er nú orðinn *danskur,* og því engi tryggíng fyrir, að þeir, sem frá honum koma með bezta vitnisburði, sè fullfærir, t. a. m. í latínu og grísku, o. s. frv. Helzt vildi eg, að töluliður 2., stafliður C, fèlli hèr burt, því eigi að brúka þetta inntökupróf við prestaskólann, er hætt við, að þeir við háskólann í Kaupmannahöfn ekki yrði óvandaðri og heimtaði hið sama. Að hafa hèr skólabú eður bryta, eins og einhver þíngmaður drap á, virðist mèr ekki takanda í mál að svo stöddu, því bæði held eg lítið gagn risi af því, enda er það svo örðugt, þar sem jafnvel ekkert hús er til, sem gæti rúmað 30—40 skólapilta.

Halldór Kr. Friðriksson: Það gefur nú að skilja, að skoðun mín á þessu máli hefir ekki breytzt, síðan eg síðast talaði um það; en eg held bezt væri fyrir þíngið, að fara sem stytzt út í einstök atriði, og að eins gefa eins og nokkurs konar *„Omrids“* af undirstöðuatriðunum; enda hafa lika ræður þíngmanna bezt sannað það sjálfar, að slíkt er ekkert áhlaupaverk, en þarf að skoðast í krók og kríng. Það er, sem von er á, úr því eg var einn í nefndinni, að það gleður mig, að allir, sem talað hafa, álíta nefndarálitið vel samið, og nefndin hafi vel af hendi leyst ætlunarverk sitt. Að því er hin einstöku atriði snertir, þá er það nú fyrst og fremst og hefir ávallt verið mín skoðun, að sem minnst ætti að heimta af þeim, sem takast eiga inn í skólann, svo bæði verði sem hægast fyrir þá að komast inn, og skólinn verði sóttur sem mest. Það

er allt annað mál, að margir kunna að vilja læra sem mest heima, áður en þeir fara í skólann, en á þá er ekkert band lagt. Að því er aldurstakmarkið snertir, þá er það víst misskilið nokkuð af sumum; því er þannig varið, að þar sem 12 ára piltur getur komizt í skóla, þá getur hann sezt í hvern þann bekk, sem vill, ef þekking hans og þroski er svo mikill; og á hinn bóginn getur ekki eldri piltur en 16 vetra komizt að í neðsta bekk, vel að merkja neðsta bekk; en þar fyrir er honum alls ekki bannað, þó hann sè eldri en 16 vetra, og það hversu gamall sem hann er, að komast að *skólanum,* ef hann einúngis er fær um að setjast í hina bekkina. Eg vildi því ekki, að aldrinum yrði neitt breytt, nema því að eins, að hann þá væri alveg ótakmarkaður, og er eg ekki fastur móti því, eins og eg líka veit, að þetta viðgengst í öðrum löndum. Eg held yfir höfuð, að það verði eins happadrjúgt að eiga það undir — að eg mætti svo að orði kveða — *„Takt“* foreldra eður umsjónarmanna únglínganna, að þeir ekki sendi þá í skóla, fyr en þeir eru nokkurn veginn á vegi staddir með þroska og lærdóm, enda eru dæmin í þessu sem öðru ýmisleg, og eg þekki 10 vetra pilt, sem þroskans vegna var fullfær til að komast inn í skólann. Það, sem sagt hefir verið móti því, er nefndin hefir orðað *„að draga saman kennsluna“*, er að vísu mest orðabreytíng, en eg álít það samt fullljóst orðað hjá nefndinni, því að hèr getur eigi verið talað um fyrirkomulag hinna einstöku vísindagreina; það er engi tími til þess á þessu þíngi, og á ekki heldur við; því að nefndin, sem stúngið er upp á, að sett verði hèr í Reykjavík, ætti að gjöra það; eg gæti fært ýms dæmi upp á hversu örðugt, jafnvel ekki auðið væri, að tilgreina slíkt og annað eins nú þegar. Eg segi fyrir mig, og hefi eg þó fengizt við þessa skólakennslu í 12 ár, eg er ekki fær um þetta, um þær vísindagreinir, sem eg á að kenna; til þessa þarf tíma, og verður það að bíða seinni nefndarinnar, sem gjört er ráð fyrir að kosin verði til að íhuga málið. Flestir, sem talað hafa um að stytta skólatímann, hafa verið á því, að júnímánuður væri óhentugur, en sumir hafa viljað, að skólatíminn byrjaði fyr á haustin; en er þetta hentugra fyrir þá, sem skólann sækja? eg held það sè að minnsta kosti efunarmál! Þeir, sem þurfa að vinna fyrir sèr á sumrum, mega ekki missa af fyrra hluta septembermánaðar, en ferðalag þeirra til skólans getur kostað þá allt að 14 dögum, og gæti þeir því alls ekki verið komnir hèr sèr að skaðlausu fyr en síðast í september. Menn hafa talað um þenna »inspector« eður

launaðan umsjónarmann við skólann. Stjórnin sjálf hefir stúngið upp á þessu í frumvarpi því, sem hún lagði fyrir alþíngið 1859, og þó einhver kennaranna gæti og vildi taka þetta að sèr, er það auðsætt, að til þess eru þeir ekki skyldugir launalaust, og auk þess, og það mun fyrir bíta, yrði sá maður, ef fullt gagn ætti af að verða, að búa í sjálfu skólahúsinu; annars gef eg ekki mikið fyrir umsjónina. Það væri því víst óhentugt, að kennari við skólann tæki þetta að sèr, ef öðruvísi yrði auðið að koma því fyrir, og sè það víst, að þetta sè nauðsynlegt, hjálpar ekki að fást um, þótt það kostaði nokkuð. Skólinn verður að kosta það sem nauðsyn ber til. Viðvíkjandi tölulið 7. skal eg geta þess, að með orðunum »útrekaður drykkjuskapur« ekki er átt við annað, en að þó piltur *einu sinni* sè drukkinn, sè það *ekki* útrekstrarsök. Að því er hitt snertir, ef sami piltur optar gjörir sig sekan, er bæði kennurunum og »Ephoratinu« treystanda til þess, að geta breytt eptir *„Conduite“*, og t. a. m. ekki taka jafnhart á því, þótt piltur í sómasamlegu samsæti kynni að gjörast kenndur. Að því er fjölgun ölmusnanna snertir, þá sè eg engan skaða orðinn, þó þeim væri fjölgað, jafnvel þó tala skólapilta væri undir 40; þær ganga þá inn aptur, og þá er það búið. En hitt er víst, að það er beinlínis skylda stjórnarinnar — eg hefi sagt það sama áður — að leggja fè til allra nauðsynja skólans, því 1785 hefir hún beinlínis skyldað sig til að leggja ekki hinum lærða skóla eingöngu það, sem hann þarfnast, heldur jafnvel hverri annari menntunarstofnun í landinu, sem nauðsynleg kann að virðast, til að afla embættismönnum nægrar menntunar. Að því er tölulið 10 snertir, þá álít eg nefndin hafi þar í alla staði farið fram hinu rètta, því eins og það eptir minni hyggju er rangt, ekki að taka tillit til þess við veitíngar á ölmusum skólans, ef pilturinn er hèðan úr Reykjavík, eins er það og líka alveg rangt, að vilja útiloka Reykjavíkurbúa frá ölmusunum, og eg mótmæli því öldúngis, að ölmusur hafi verið veittar Reykvíkíngum nema eptir sanngirni; eg mótmæli því fastlega, og þykist þessu eins kunnugur og hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu; og dæmið, sem hann þóttist koma með — eg veit mikið vel, við hvern hann átti — á hèr alls ekki við, því piltur sá, sem hann átti við, vildi ekki, þegar honum var boðið það, þiggja að vera heimasveinn í skólanum. Honum var veitt það, en pilturinn þáði ekki, og þá var engi ástæða að veita honum meiri hlunnindi, og þó hefir hann haft ½ ölmusu 2 síðustu árin af þeim 4, sem hann hefir verið í skóla.

Þingmanni Borgfirðinga get eg ekki verið samdóma í því, að *þingið* eigi að kjósa nefndina, sem sett yrði á síðan, því mér finnst það ekki eiga við, því síðustu úrslitin verða þó ávallt hjá stjórninni, og hún fer víst ekki fremur eptir uppástúngum nefndarinnar fyrir það, þótt hún sè kosin af þinginu, og kemur því allt í sama staðinn niður. Um staflið *B* skal eg einúngis geta þess, að mèr virðist orðin »einkum skólamanna« með öllu rètt valin, því það er þó víst, að þeir ɔ: skólamennirnir eru hinir kunnugustu, en orðið »einkum« sýnir það að *engi* er útilokaður, því síður stiptsyfirvöldin, sem þó líklega síðar ætti að gefa álit sitt um álit nefndarinnar, og væri því líklega bezt, að þau sæti eigi í þessari nefnd. Að því er prívat-dimissíonina snertir, hefi eg aldrei verið með henni, en skal samt ekki nú vera á móti henni, þar sem jafnmargir greindir og kunnugir menn leggja til með henni, og halda, að hún komi að góðu liði, enda er eg ekkert hræddur um, að hún *muni* spilla fyrir skólanum. Því hefir verið breift af nokkrum þingmönnum, að þeir, sem útskrifuðu, ekki þyrfti að binda sig við vissa rithöfunda, en mèr finnst þeir hafa nokkuð misskilið þetta. Það hefir nefndinni aldrei dottið í hug, að ætla að binda menn við tilteknar bækur eður tiltekna kapítula, en einúngis heimta hitt, að ekki væri öldúngis gengið fram hjá hinum beztu rithöfundum í þeirri og þeirri grein, að eg nefni sem dæmi »Cicero«, að því er latínuna snertir; valið stendur hverjum frjálst fyrir, hvað hann vili lesa eptir þenna eða þenna rithöfund, einúngis það samsvari því, sem heimtað er, að stærðinni til, og það sè þeir rithöfundar, sem boðið er að lesa í skóla, því að það finnst mèr ekki mega vera alveg óbundið, hvaða rithöfundar eru lesnir. Eg skal nú ekki fara fleiri orðum um mál þetta, en einúngis bæta því við, að síðasta atriðið þykir mèr vel hugsað. Prestaskólinn á rètt á því, að heimta vissu fyrir því, að þeir, sem inn í hann koma, sè færir að taka kennslunni þar, og hann fær hana einmitt með prófinu. Að svo mæltu legg eg nú mál þetta á vald þingsins með beztu fyrirmælum mínum.

Framsögumaður: Eg get nú verið þeim mun fáorðari, sem hinn heiðraði þingmaður Reykvíkínga tók fram flest af því, er eg ætlaði að taka fram. Viðvíkjandi því, sem hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þingmaður tók fram um 7. tölulið, um »að ítrekaður drykkjuskapur o. s. frv.«, þá kann eg fyrir mitt leyti jafnvel betur við að breyta *óreglu*, eins og hann tók fram, *í óhlýðni við kenn-*

arana. Þingmaðurinn fyrir Reykjavík tók fram, hvað nefndin hefði meint með ítrekuðum drykkjuskap, og skal eg því ekki ítreka það. Hinn sami heiðraði þingmaður tók og skýrt fram, hvað nefndin hefði hugsað sèr með »að flytja til ýmsar kennslugreinir«; en eg skal taka til eitt dæmi: það er t. d., að eg held ómögulegt að kenna náttúrusögu upp til sveita, og væri það því til fyrirstöðu fyrir pilta, er feður eða forráðamenn vildi láta setjast hærra en í fyrsta bekk, ef hún yrði kennd þar; en þessi fyrirstaða hyrfi, ef náttúrusaga ekki væri kennd fyr en í 4. bekk, því gæti piltar, þó þeir ekki hefði lært hana, sezt í 3. bekk, ef þeir að öðru leyti væri til þess hæfir.

Það er fyllilega satt, sem hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þingmaður sagði, að ef inspectorinn væri ómenntaður maður, þá mundi ekki verða hin tilætluðu not af þessu. Það er líka tekið fram í nefndarálitinu, að hann skyldi vera menntaður maður, en hvort það skyldi vera einhver kennaranna, eður annar lærður maður, það er ekki tekið fram. Um meiníng nefndarálitsins um rithöfundana, er prívat-dimissorarnir ætti að láta lærisveiua sína lesa er einnig búið að taka fram, svo eg þarf þess ekki. Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga vildi bæta við um dimissionsleyfið, að það skyldi þeim veitt, sem hefði fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann, »og bezta vitnisbnrð við burtfararpróf hèðan úr skóla«. Þessi regla getur ekki gilt, af því allir hafa ekki tekið burtfararpróf við skólann, eptir að munur var gjörður á aðaleinkunnum við hann, og þeir væri útilokaðir, sem útskrifaðir eru úr Bessastaða skóla. Eg skal geta þess, að nefndinni hefir gleymzt að taka það fram undir 9. staflið, að prófdómendur skyldi senda ritgjörðina og stílana aptur stiptsyfirvöldunum, og skýra þeim frá, hvernig prófið hefði gengið, en nefndin áleit þetta sjálfsagt.

Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga tók fram um orðið *skólamenn,* og að nefndin hefði víst ekki ætlað að útiloka Ephoratið úr þessari nefnd, sem sett yrði til að semja skólareglugjörðina, þá áleit nefndin ekkert um það, heldur að þeir, sem bezt væri fallnir til þess, skyldi verða settir í nefndina, ekki þar fyrir allir kennararnir við latínuskólann og prestaskólann, heldur að þeir yrði meiri hlutinn. Að þingið tiltaki nefndarmennina, held eg flýti ekki fyrir, því stjórnin verður þó að samþykkja kosníng þeirra. Annars þætti mèr vænt, ef leikmenn vildi láta í ljósi álit sitt um þetta mál.

Benedikt Sveinsson: Eg skal ekki vera fjölorður, því það eru margir ágætismenn búnir að tala svo vel í máli þessu, að mèr er ofvaxið að bæta það. Það er einúngis 5. atriðið, sem eg vildi vekja athygli manna á, því mèr finnst, að þíngmenn þeir, sem hafa talað, leggi minni áherzlu á það, en nefndin gjörði, og mèr þótti hinn háttvirti *framsögumaður* jafnvel líka vera helzt of linur á því. Eg verð þá að taka það fram, að það voru tvö aðalaugnamið, sem nefndin hafði fyrir augum. Annað var það, að menntun úngra manna hèr á landi, einkum embættismannaefna yrði gjörð hægari og auðveldari en verið hefir, og að öllum erfiðleikum og kröfum væri í burt hrundið, sem eigi virðast nauðsynleg, til að fá svo fullkomna undirbúníngsmenntun hèr á landi, sem þörf vor krefur, og af oss er heimtanda; þessum tilgangi held eg yrði nú fullkomlega náð, ef uppástúngur nefndarinnar verða til greina teknar. En það er annað aðalaugnamið, sem nefndin hafði. Því er eins varið með hina andlegu fæðu og hina líkamlegu, að það er ekki einúngis komið undir því, hvað mikil hún er, heldur líka, hve góð hún er. Það er ekki nóg að menntunin sè mikil; hún þarf líka að vera þjóðleg, og minni menntun, sem er þjóðleg, er eins góð, ef ekki betri en hin, sem er óþjóðleg. Á þetta á nú 5. atriðið að benda, og því er mèr svo annt um það. Það er móðurmálið, sem það á að vernda, og það er að minni ætlun eigi um skör fram, því málið er ekki tómt form, heldur er það og verulegt menntunaratriði fyrir hinn únga menntamann, að hann læri á sínu eigin móðurmáli. Hin framandi túnga og þær hugsanir, sem í henni birtast þroska ekki eins vel únglínginn eður samlaga sig anda hans, eins og vísindi þau, sem móðurmálið ber á borð fyrir hann. Móðurmálið er eitt fært um það, að gefa hugsun hans hina eðlilegu stefnu, ef hann á að nema fyrir föðurlandið. Eg hefi reynt þetta sjálfur. Í annan stað er og menntunarstig í sjálfu sèr, að taka hinar beztu útlendu kennslubækur, og leggja þær út. Þetta er í alla staði rètt, en þær verða að ganga í gegnum hreinsunareld móðurmáls vors, áður en þær eru úngum mönnum frambærilegar. Eg kalla það sama að fá piltum útlendar kennslubækur, og bera þeim óhreinan, gruggugan drykk. Það er enn eitt. Allir vita, hversu báglegt ástand Íslenzkunnar hefir áður verið, þangað til nú fyrir nokkrum árum einstaka afbragðsmenn hafa farið að reyna til, að koma henni í lag. Þetta þíng hefir líka barizt fyrir því og fengið loksins þá bæn uppfyllta, að lög vor og landsstjórn birtist í íslenzkum búníngi, og

þeim búníngi ætti skóli vor, menntunaruppspretta landsins, ekki að kasta fyrir fætur sèr. Eg vil nú áskilja mèr viðaukaatkvæði við staflið *A*, tölul. 5, að kennararnir sè skyldir til að semja íslenzkar kennslubækur, sem þeir fái hæfileg laun fyrir, og ætti þær svo að verða eign skólans. Hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga skýrði áðan, hvað nefndinni hefði gengið til, að takmarka aldurinn. Henni þótti ekki gott, að piltar 12 ára skyldi sitja í bekk með 20 ára gömlum mönnum eða eldri, sem vel gæti komið fyrir, ef aldurinn væri ótakmarkaður; eg skal svo ekki tala fleira um þetta mál.

Forseti: Það hafa 9 þíngmenn óskað, að umræðunum væri lokið, og vil eg því biðja þíngmenn, er vilja áskilja sèr breytíngaratkvæði að koma fram með þau, og skal eg að því búnu bera það undir atkvæði, hvort umræðunum skuli lokið.

Benedikt Þórðarson: Eg áskil mèr breytíngaratkvæði tvö eða þrjú samkvæmt nokkru því, er eg minntist á, og mun eg í þá átt orða þau síðar.

Jón Iljaltalín: Eg ætla að áskilja mèr nokkur viðaukaatkvæði við staflið *A*, tölulið 2, að í staðinn fyrir 12 ára komi 10 ára, og staðinn fyrir 16 komi 18; og við tölul. 3., að skólatíminn byri 14. september, en endi 1. júní; eg álít það haganlegra, og við tölul. 4., að í staðinn fyrir »dregin saman« komi »löguð eptir þörfum landsmanna«. Eg tek aptur það breytíngaratkvæði, er eg tók mèr við tölulið 9, af þeim ástæðum, sem fram hefir verið komið með.

Gísli Brynjúlfsson: Eg stend að vísu að eins upp til þess, að áskilja mèr breytíngaratkvæði; en eg get þó ei bundizt þess, að þakka mönnum um leið fyrir hinar góðu undirtektir, er þeir hafa veitt störfum nefndarinnar. Það, sem eg einkum ætlaði að segja, var viðvíkjandi orðinu »skólamanna« undir staflið B., sem eg held hafi verið misskilið af ýmsum; því nefndin meinti engan veginn með því að eins kennara við skólann hèr, heldur miklu fremur alla þá, sem erlendis eru kallaðir »Pædagogar«. Til að útrýma þeim misskilníngi, sem af þessu gæti risið, vil eg áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að í stað orðsins *„skólamanna“* verði sett *„kennslufróðra manna“*, og eg held eg megi treysta því, að meðnefndarmenn mínir muni ei hafa móti þessari orðabreytingu.

Páll Sigurðsson: Eg vil áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis við staflið *B* í þá átt, að konúngur mildilegast taki í nefndina, til að semja skólareglugjörðina, auk embættismanna í Reykjavik, 2 embættismenn búsetta upp í landinu.

Páll Melsteð: Eg ætlaði að fara nokkrum orðum um málið, en fyrst beðið hefir verið um, að umræðunum sè lokið, skal eg einúngis áskilja mèr breytíngaratkvæði við littr. *A*, tölul. 3, að skólaárið ekki verði stytt, heldur byri 15. september og endi 15. júní.

Benedikt Sveinsson: Eg skal leyfa mèr að bera mig saman við hinn 5. konúngkjörna þíngmann og þíngmann Norður-Þíngeyjarsýslu um viðauka- eður breytíngaratkvæði það, sem þeir hafa áskilið sèr, því eg vildi gjarna eiga þátt í því með þeim, því það hefir vakað fyrir mèr, að það væri nauðsynlegt, þó eg hafi ekki tekið mig fram um, að koma með það.

Sveinn Skúlason: Eg var búinn að taka fram breytíngaratkvæði mín.

Arnljótur Ólafsson: Eg áskil mèr breytíngaratkvæði við 16 ára aldurinn, við *A* 2 og við *A* 7, að orðið »ítrekaður« falli úr. En eg tek aptur breytíngaratkvæði mitt við *B „skólamenn“*.

Björn Pètursson: Eg áskil mèr breytíngaratkvæði í sömu átt og þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu, og svo áskil eg mèr breytíngaratkvæði við stafl. *C* tölul. 2 um »Tentamen«.

Ásgeir Einarsson: Eg áskil mèr það viðaukaatkvæði við 7. tölulið, að á undan »ítrekaður« komi »þrisvar«.

Var síðan gengið til atkvæða um, hvort umræðunum skyldi lokið, og var það samþykkt með 11 atkvæðum gegn 5.

Forseti: Eg bið þá þíngmenn, er áskilið hafa sèr breytíngaratkvæði, að koma með þau til mín fyrir fundarlok í kveld, því þar sem 2 mál eru eptir á dagskránni, en nú áliðið dags, þá verð eg að ákveða kveldfund í dag, til þess að ræða þau til lykta, og ákveð eg því fund til þess í kveld kl. $5^1/_2$.

Fundi slitið.

Tuttugasti og annar fundur — 25. júlí.

(Kveldfundur).

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur til *ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu* málið um *löggildíng priggja nýrra kauptúna. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga, og skal

eg biðja að afhenda honum málið. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona þingmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: þegnlegar uppástúngur *um löggildíngu Papóss, Straumfjarðar og Lambhússunds við Skipaskaga til kauptúna.*

1. *Nefndin* (öll), 1. uppástúnguatriði:
   Að Papafjarðarós í Austur-Skaptafellssýslu verði sem fyrst gjörður að löggildu kauptúni.
2. Breytíngaratkvæði *Ásgeirs Einarssonar* og *Jóns Pèturssonar,* að í stað uppástúngu minna hluta nefndarinnar, stafl. *a* og *b,* komi svo hljóðandi grein:
   »Að öllum kaupmönnum, sem búsettir eru á Íslandi og verzla þar í sjálfs síns nafni, verði leyft að verzla af skipi með alls konar vörur á Straumfirði í Mýrasýslu og á Lambhússundi við Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu«.
3. *Meiri hluti nefndarinnar,* 2. uppástúnguatriði, stafl. *a*:
   a, Að Straumfjörður í Mýrasýslu verði löggiltur verzlunarstaður.
4. Varaatkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við uppástúngu meira hlutans 2 *a.* (tölul. 4.):
   »Að bæði fasta- og lausakaupmönnum verði leyft að verzla af skipum með allar vörur á Straumfirði í Mýrasýslu«.
5. *Minni hlutinn,* 2. uppástúnguatriði, stafl. *b:*
   b, Að öllum innlendum fastakaupmönnum verði leyft að verzla af skipi á Lambhússundi við Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu.
6. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (*Arnljótur Ólafsson*): Á þessari atkvæðaskrá eru 2 breytíngaratkvæði, og finn eg mèr skylt að tala um þau, áður en eigendur þeirra taka til máls, og áður en eg tala fyrir uppástúngum meiri hlutans.

Það er þá fyrst breytíngaratkvæðið undir tölulið 2.; þetta breytíngaratkvæði er merkilegra en margan kann ske varir, einkum að því leyti sem það gjörir mun á búsettum kaupmönnum og öðrum innlendum fastakaupmönnum. En hvað eru nú »búsettir kaupmenn?« má eg spyrja: Eg skal nú ekki hlaupa langt; eg skal ekki fara lengra en niður fyrir lækinn. Viljið þið segja mèr: Hver er kaupmaður í Siemsens búð? Er það Edvard Siemsen, eða sem

eg vil kalla Reykjavíkur Siemsen; eða er það Carl Siemsen, eða Hamborgar Siemsen, sem eg vil þá kalla hann? Edvard Siemsen er hèr búsettur; en er verzlunin hans eða Carls Siemsens? Eg held að Carl Siemsen eigi verzlunina, þó bróðir hans verzli fyrir hann. Sama er að segja um hina kaupmennina. Konsul Smith er stundum búsettur hèr í bænum, en stundum í Kaupmannahöfn; á hann þá að mega verzla, þegar hann er búsettur hèr, en ekki, þegar hann er búsettur í Kaupmannahöfn? Sama er að segja um Fischer borgara; hann er stundum hèr, en stundum í Kaupmannahöfn. Eg veit, að hinn 4. konúngkjörni þíngmaður er manna bezt að sèr í reikníngi, en þó held eg hann geti ekki reiknað út hlutfallið milli hinna innlendu fastakaupmanna og hinna búsettu kaupmanna. Nú ætla eg að víkja mèr að málinu sjálfu; og þá er fyrst að athuga, í hvaða sambandi þetta breytíngaratkvæði stendur við málið sjálft. Þegar verzlunin var látin laus við Dani árið 1786 og 1787, var það sagt, og haft fyrir skilyrði, að kaupmenn þyrfti að kaupa borgarabrèf, þar sem þeir vildi verzla. Þetta er tekið fram í opnu brèfi 18. ágúst 1786, 13. gr., í reglugjörð 17. nóvember 1786, 15. gr., og í aðallöggjöfinni í þessu efni, tilsk. 13. júní 1787, 2. kap., 2. og 11. gr. Hèr af leiddi, að þegar búið var að kaupa borgarabrèfið, þá var leyfið fengið til að verzla, hvort sem kaupmennirnir voru búsettir hèr eða ekki. Konúngsbrèf 1. júní 1792 segir, að skilja eigi þetta svo, að þeir skuli hafa hèr »dúk og disk«, eða sem eg vil kalla það, borð og beð, en bætir þó við, »annaðhvort sjálfir« eða þeirra »declarerede Factorer«, ef þeir vildi verzla hèr. Þetta stóð þó ekki lengi, því árið eptir kom annað opið brèf 23. apríl 1793, er segir, að þeir skuli vera búsettir hèr, eða að *minnsta kosti* »factorar« þeirra, er þá skuli kaupa borgarabrèf, og hefir þessu eigi verið breytt síðan. Öll verzlunarlög okkar segja, að kaupmennirnir sè íslenzkir kaupmenn eður rèttir kaupmenn að lögum, ef þeir eru annaðhvort búsettir hèr sjálfir, eða þá, ef það er ekki, þá verzlunarfulltrúar þeirra, og hafi keypt borgarabrèf. Eg þekki nokkra íslenzka kaupmenn, sem eru búsettir í Kaupmannahöfn, en hafa tekið borgarabrèf hèr, og þegar þeir eru borgarar hèr, þá liggja á þeim sömu skyldur, og þeir hafa sömu rèttindi, eins og þó þeir væri hèr sjálfir búsettir. Eg skal taka eitt dæmi, og það er af sjómönnum. Sjómenn, sem ferðast um höf, eiga að vera borgarar einhvers staðar, en þó koma þeir þangað ekki kann ske 5 ár í röð. Kaupmenn eru því eins

íslenzkir kaupmenn, þó þeir aldrei sjái Ísland, ef þeir að eins hafa hèr borgarabrèf og verzlunarfulltrúa, og þeir eru líka íslenzkir kaupmenn, þótt þeir ekkert borgarabrèf hafi, ef fulltrúi þeirra hefir það. Þetta breytíngaratkvæði er því gjörsamlega móti öllum vorum verzlunarlögum, og eg held, að þó þíngið fèllist á það, þá gæti stjórnin það ekki.

Eg þarf ekki að mæla fram með Papós, því engi hefir móti honum mælt, og ekki heldur með Straumfirði, því þíngmaður Mýramanna hefir svo vel hrakið allar mótbárur móti honum, að eg vona, að allir verði að játa, að þær sè vel hraktar. Uppástúnguna undir tölulið 4 vil eg fallast á sem varauppástúngu frá þínginu til stjórnarinnar. Hvað snertir uppástúnguna undir tölulið 5., þá vildi eg óska, að það væri ekki prentvilla þar; en eg er hræddur um, að svo sè, að *„minni* hlutinn« sè þar kominn fyrir *„meiri* hlutann«. Annars vildi eg þó óska, að þíngmaður Reykvíkínga væri mèr meðmæltur, því hann hefir svo mikið álit á sèr fyrir verzlunarvit, að ráðgjafinn gjörði hann að »grossera« hèrna um árið. Ef eg hefði hans meðmæli þá kynni eg líka að verða »grosseri«, og hann eitthvað enn meira; en því er nú ver og miður, að það er ekki; hann er á móti mèr, þó hann hafi sagt að við værum samdóma í aðalefninu; það sèst bezt, þegar ágreiníngsálitið hans er lesið. Hann segir þar, að verzlunin sè undirrót til allra framfara; þetta er nú gömul setníng komin frá kaupgæðíngunum (Mercantilister). Eg skal nú ekki fara inn á það, hvort þessi setníng hafi verið hrakin eða ekki, þótt mèr sè eigi ókunnugt um, hvað um þetta mál hefir ritað verið; en hitt vil eg segja, að hann hefir litið ójafnt á hag landsmanna og kaupmanna, því hann vill gjöra allt fyrir kaupmenn, en lítið sem ekkert fyrir landsmenn. Hann sagði að það væri mikill hagur fyrir landsmenn, að vörunum væri skipað upp hèr í Reykjavík, því við það fengi margir vinnu, en hvaða vinnu? þá, sem vèr köllum púlsmennsku; á þá púlsmennskan að vera allur hagurinn af verzluninni!!! Ef svo er, þá er sá hagur oflítill, til þess þar fyrir að gjöra landsmönnum órètt. Eg skal nú ekki elta þíngmanninn neitt, heldur taka það fram, sem mèr sýnist vera afl verzlunarinnar, en það er, að viðskiptin eður »Omsætningen« sè sem mest; en hvernig verður það? Með því að selja og kaupa sem mest. Hvernig verður það? Með því að hafa markaðina sem stærsta. Hvernig verður það? Eru vegir til þess hèr? Já, að vísu! Eg verð að segja það, að vegir til þess eru hèr, en það eru skipaferðirnar;

þær eru járnbrautirnar okkar hèr á Íslandi. Kaupmennirnir geta pantað vörurnar með gufuskipinu, og því haft nóga vöru til sölu, og eg fyrir mitt leyti vil gjöra þeim vel til, með því að kreppa ekki fyrir þeim markaðinn, heldur rýma hann sem mest. Hinn heiðraði sami þingmaður er að tala um, að Mýramenn muni kaupa meiri *óþarfavöru,* ef þangað verði siglt til verzlunar. En hvað er óþarfi? Það hefir engi enn getað sett óbifanleg takmörk milli óþarfavöru og nauðsynjavöru. Þjóðmegunarfræðíngarnir segja að allt það, sem bætir úr óskum og þörfum mannsins sè nauðsynjahlutur fyrir hann. Hvort sem eg vil drekka vatn eða *vín,* þá hefi eg og hver maður fullan rètt til þess, ef eg get uppfyllt ósk mína. Meðan verið var að skipta vörunum í þarfa og óþarfa, þá var kaffi talið með óþarfanum, en eg vil spyrja hinn heiðraða 5. konúngkjörna þingmann, hvort kaffi sè ekki nauðsynlegt fyrir þá, er lifa við sjó, og ekki hafa annað til matar en fisk, og ef til vill hvorki hafa smjör, flot, nè einu sinni bræðing. (*Jón Hjaltalín:* Jú!). Það er gott. Ætli þeir annars kaupi ekki eins kaffi hèr syðra, þó það sè ekki flutt til þeirra? Eg held, að ef þeim legast hèr í viku og kann ske lengur, eins og tekið hefir verið fram, að þeir fái sèr bolla, og taki sèr þar að auki meira neðan í því, en ef þeir að eins kæmi snöggvast í kaupstað. Þar sem hinn heiðraði þingmaður hefir sagt, að kaupmenn hèr í Reykjavík hefði tóman skaða á þessu verzlunarleyfi, sem nefndin fer fram á, þá vil eg ekki þrátta um gagn eða ógagn kaupmanna; þeir hafa víst vit fyrir sèr í því efni, og ef þeir ekki hafa það, þá getum við víst ekki gefið þeim það. Eg skal svo ekki meira tala að sinni.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi ekki áður tekið til orða í þessu máli; það hefir líka verið flutt svo rækilega á báðar hliðar, svo ýmist hefir verið meiri sókn en vörn. Hvað þá fyrst snertir löggildíngu Straumfjarðar, verð eg að álíta, að stofnun kauptúns þar sè miður nauðsynleg eptir að flutníngaleyfið er fengið, og það svo frjálslegt, eins og það er; eigi að síður hefir amtmaðurinn í Vesturamtinu mælt fram með bæninni um stofnun kauptúns á þessum stað, og víst er um það, að Mýrasýslubúar eiga langan og örðugan veg að Búðum, og eins þó þeir fari sjóveg til Reykjavíkur, en það er sjálfsagt, að flutníngsleyfið getur nú bætt mikið úr þessu vandkvæði.

Um uppsiglíngu Lambhússunds til verzlunar álít eg ekki geti orðið spursmál, þegar höfð er hæfileg hliðsjón af vegalengd til

Reykjavíkur og flutníngaleyfisins; og hvað áhrærir stofnun kauptúns við Papafjarðarós, þá skal eg játa, að eg þekki þar ekki til; en það þekki eg, að Skaptafellssýslubúar þurfa alls þess léttis, sem auðið er að veita þeim, til að nálgast nauðsynjar sínar úr kaupstaðnum, öllum öðrum fremur. Þíngið hefir einnig látið þetta ásannast; en eg skal þó leyfa mèr, að taka það fram, að það eru lítil líkindi til þess, að stjórnin löggildi Papafjarðarós sem kauptún, nema áður sè búið að byggja þar verzlunarhús; en hvort líkindi eru til, að þar verði byggt, þori eg ekki að segja, en hlutaðeigendur geta þá haft gott af flutníngaleyfinu.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga sagði, eins og satt er, að okkur kæmi saman um aðalatriðið, en ekki um aðferðina að ná tilganginum. Eg held að nauðsynlegt sè, að hafa markaðina sem fæsta, en þeir geta allt um það náð yfir stór svæði; en mèr finnst liggja næst, eptir því sem hann sagði, að taka upp hin gömlu kaupstaða-*district,* því markaðinn sækja menn eptir verði varníngsins á hverjum stað, og á hinn bóginn skapar aðsóknin verðið. Eg get ekki fundið, að hann hafi fært neinar ástæður með Lambhúsasundinu sínu. Eg sagði í gær, að úr því kaupmönnum væri leyft að sigla upp á einhvern stað til verzlunar, þá vœri þeir neyddir til þess; og við það stend eg enn. Upp á Straumfjörð fer ekki nema 1 kaupmaður, og ekki fleiri; þar getur því engi keppt við hann. Eg hefi aldrei ætlað, að halda meir með kaupmönnum en landsmönnum, heldur ekki með landsmönnum meir en með kaupmönnum. Það kostar sjálfsagt nokkuð fyrir landsmenn, að fara híngað suður, en það kostar kaupmenn líka, að flytja vörurnar til þeirra, og eg er hræddur um, að þeir reikni ekki nákvæmlega út kostnaðinn, en seli ef til vill nokkru dýrara, en ferðakostnaðinum nemur fyrir landsmenn. Að því er snertir það, er þíngmaður Mýramanna sagði í gær, að eg hefði upp diktað það, sem eg sagði, þá verð eg að segja honum, að það stendur með berum orðum í nefndarálitinu, ef hann veit það ekki, að leiðin fyrir smábáta sè skerjótt af Straumfirði og híngað suður. Hann sagði það væri Straumfjarðarbóndinn einn, sem færi þessa leið. Það er ekki svo, því allir fyrir vestan Straumfjörð verða að fara sömu leið. *(Jón Sigurðsson* frá Haugum: Nei). En ef þessi leið er ófær fyrir smábáta, þá er hún það ekki síður fyrir stórskip. Eg man ekki til, að þessi heiðraði þíngmaður teldi skerin sem torfærur, þegar hann var að hlýja að Brákarpollinum sínum um árið.

þegar eg las atkvæðaskrána, þá datt mèr í hug, að það væri eigi prentvilla þetta »minni hluti«, heldur að *forseti* hefði með vilja látið prenta svona, og að hann meinti til minnsta hluta allra minni hluta; en hann hefir nú sagt það, og því verð eg að trúa. Eg skal svo ekki tala meira í þessu máli; þíngið ræður úrslitum þess.

Jón Hjaltalín: Eg ætlaði að koma með nokkrar athugasemdir seinast; en það var þá orðið of seint, og nú skal eg leyfa mèr að taka fram nokkur atriði. Við skulum nú gæta dálítið að Mýrasýslu; þar er engi kaupstaður, langur vegur híngað, og hann slæmur; Mýramenn geta teppst hèr lengi; það hefir reyndin sýnt, og hún er þó ólýgnust. Ef verzlun kæmist á á Straumfirði, þá mundu þar verða vörubyrgðir; þær setja afl í verzlunina. Væri svo, þá væri ónáttúrlegt af stjórninni að neita, að þar yrði verzlunarstaður. Eg hefi heyrt og veit með vissu, að í Mýrasýslu sè margir gagnlegir hlutir ónotaðir, sem þó mætti verða mikið gagn að. Þar eru 6 laxár ónotaðar, og það er þó ekki svo lítið. Í Noregi og Skotlandi er fjarska mikill ábati af lax- og silúngsveiði; það eru ár í Skotlandi, sem gefa af sèr 8000 rd. í árlega leigu; kann vera laxaveiðin sè svo lítil hèrna á Íslandi. Híngað kemur enskur maður til að skoða sig um eptir laxaveiði, og kaupir af manni hèr lítinn poll fyrir sama verð og maðurinn hafði keypt alla jörðina, nefnil. 1100 rd. Nú er hann búinn að fá 6000 dala virði af silúngi, þar sem bóndinn ekki fèkk nema nokkra fjórðúnga árlega áður; bóndanum þótti nú súrt í brotið, að hann ekki skyldi hafa fengið meira fyrir pollinn. En við höfum samt meira gagn af þessu, en margur kann að halda; þeir hafa kennt okkur að veiða og fara með veiðina, og það er þó býsna mikið í það varið. Það er nú álit mitt, að ef verzlunarstaður yrði settur á Straumfirði, þá mundi laxveiði eflast þar, því það er eðlilegt, þótt útlendir veiði, þar sem aðflutníngar eru hægri, nefnil. nálægt föstum verzlunarstöðum. 2. atvinnuvegur eru ölkeldurnar; við skulum gá að Rauðamelsölkeldu; hún er sú bezta í Evrópu, ef til vill, bezt í heimi, og hver veit nema menn einhvern tíma fari að nota hana; mönnum kann að þykja þetta lítils virði; þetta er og víst svo, eins og nú er; en þó hefir hertoginn af Nassau 200,000 gyllini fyrir ölkelduvatn, er flytzt út úr löndum hans, og er þó engi ölkelda þar nærri því eins góð og Rauðamelsölkelda. Sumir kunna að álíta þetta loptkastala, því svo kalla oddborgarar allar nýúngar; en margt þess konar hefir þó á endanum komið að notum; það er mikið líklegt, að vatnið

úr Rauðamelsölkeldu yrði góð vara. Eg hlýt því að greiða atkvæði mitt með Straumfirði. Með Papós þarf eg ekki að mæla, en um Lambhúsasund er mèr allt minna, þó mèr þyki svo vænt um blessuð lömbin, sem það dregur nafn af.

Páll Melsteð: Eg greiði sjálfsagt atkvæði mitt með Papafjarðarósi. Mèr þykir svo rètt og sanngjarnt, að Skaptfellíngum verði gjörð greiðari leið til kaupstaðanna en sú er, sem þeir hafa átt við að stríða um langan aldur; allir hafa heyrt getið um vötn og vegalengd í þeirri sýslu; enda heyri eg, að allir að kalla mæla fram með Papafjarðarósi. Með Straumfirði verð eg líka að mæla; eg þekki þar til, því eg hefi ferðast um Mýrasýslu þvert og endilangt sumar og vetur, og get borið vitni um það, að örðugt er að sækja þaðan verzlun, hvort sem er vestur að Búðum, í Stykkishólm eða híngað suður. Það, sem þíngmanni Reykvíkínga og Mýramanna bar á milli um stórskipa og smáskipaleið, held eg sè sprottið af misskilníngi; aðgætanda er, að litlu bátarnir geta ekki farið sömu leið sem hafskipin; fyrir því má eigi jafna þessu saman; útsjórinn er hreinn og skerjalaus fyrir stórskipin, en bátarnir fara með landi fram milli skerja og boða, og er það vandrötuð og viðsjál leið. Einnig mælir það fram með Straumfirði, að Mýrasýsla er auðug sýsla; hún er öll grasivaxin, og von nægrar vöru, ef vel er að dugað, að eg ekki tali um uppsveitirnar Stafholtstúngur, Þverárhlíð og fl., sem eru með beztu sveitum á Íslandi. Eg vona því, að Straumfjörður verði skilyrðislaust löggiltur. En hvað Lambhúsasund snertir, þá þykir mèr engi þörf á að setja þar kauptún; mèr liggur við að segja, að það sè barnabrek.

Björn Pètursson: Þó eg væri einn í nefndinni, sem hafði þessi 3 mál til meðferðar, þá verð eg að játa það, að mèr var ekki nærri jafnhugað um þau öll. Eg játa það fúslega, að mèr var mest umhugað um Papós, því honum var eg kunnugastur, og eg veit með vissu, að nauðsynin er þar langmest. Eg hefi með eigin augum sèð þau miklu vandkvæði og örðugleika, sem Skaptfellíngar eiga við að stríða á hinum löngu kaupstaðarferðum, og allir, sem hafa farið um Skaptafellssýslu, eða þekkja þar nokkuð til, ljúka upp einum munni um það. Þess vegna hefir það mjög glatt mig, að engi hinna virðulegu þíngmanna hefir frá fyrstu hreift mótmælum móti löggildíngu Papóss; og fyrst nefndin datt ekki í tvennt út af þessu atriði, eins og síðar, því miður, varð, þá er eg nokkurn veginn viss um, að það verður samþykkt í einu hljóði, því öllum er

kunnugt, að hinum heiðraða minni hluta, þingmanni Reykvíkínga, er mjög illa við alla óþarfa kaupstaði.

Eg verð að geta þess, áður en eg skilst við þetta mál, að mèr þætti það mjög óhappalegt, og það yrði sjálfsagt að spilla málinu, ef stjórnin setti það sama skilyrði fyrir verzlunarleyfinu, og hún vildi setja á Skeljavík, sumsè að verzlunarhús yrði byggt þar, áður en verzlunarleyfið yrði gefið, eins og mèr fannst helzt liggja í orðum hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* því fyrst er þessi ákvörðun mjög óeðlileg, og svo er mèr heldur ekki kunnugt, hversu gott kaupstaðarstæði er við *Papós.*

Að því er löggildíng Straumfjarðar til kauptúns snertir, þá hefi eg ekki heyrt neina verulega mótbáru móti henni. Eg er þar að vísu ókunnugur, en eg verð að trúa gagnkunnugum mönnum, t. a. m. þingmanni Mýramanna; það var og viðurkennt á síðasta þingi, að kauptún væri þar nauðsynlegt (*Halldór Kr. Friðriksson:* Nei!) Hinir aðrir þingmenn muna það víst betur (*Jón Sigurðsson* frá Haugum: Já!) Helzta mótbáran, sem nú hefir fram komið, var sú, að þar væri vörumagn svo lítið, að kaupstaður mundi ekki geta þrifizt þar. Eg er því ókunnugur, en reynslan getur bezt skorið úr því. Hitt er öldúngis víst, að byggíngarleyfi það, sem engi notar, getur engum að *skaða komið;* og verzlunarleyfið, ef það fengist, getur notast fyrir því. Lambhússund hefir nú ekki átt upp á pallborðið hjá þingmönnum; en eg vil spyrja, hvað skaðar það, þó þetta leyfi fengist, sem farið er fram á?

Hinn heiðraði minni hluti sagði áðan, að hann vildi jafnt *hag kaupmanna* og *landsmanna.* Það er mikið rètt; það vill meiri hlutinn líka, og einmitt þess vegna hefir hann farið fram á þetta leyfi fyrir *Lambhússund.* Kaupmenn hèr í Reykjavík eru næstir, og eiga hægast með að nota leyfið, svo þeir þurfi einskis í að missa af verzluninni, en eiga víst að geta selt, ef þeir senda skip, og það er hagur fyrir þá; eins er það mjög mikill hagur fyrir landsmenn, að geta keypt allar vörurnar sem næst sèr. Landsmenn kaupa varla þenna óþarfa (eg bið forláts; eg heyrði áðan, að engi óþarfi væri til) þessar svo kölluðu óþarfavörur þeim mun dýrara á Lambhússundi, að ferðakostnaðurinn hingað, eingöngu eptir þeim, verði ekki miklu meiri en því nemur. Ef kaupmenn, sem senda skip á Lambhússund vildi beita kúgun, þá geta menn flúið hingað til Reykjavíkur, eins og áður; en vili engi nota leyfið, þá sækja menn hingað eptir sem áður.

Þetta verzlunarleyfi getur því að mínu áliti orðið hvorumtveggja í hag, kaupmönnnm og landsmönnum, en hvorugum til skaða.

Stefán Eiríksson: Eg að vísu hefi ekki þörf á að standa upp, því hinn háttvirti *framsögumaður* hefir haldið svo vel á framsögunni, að við, hinir meðnefndarmenn hans, höfum þar engu við að bæta. Eg furða mig nú ekki á, þó hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* haldi fram skoðunum stjórnarinnar; en mèr fyndist þó, að hann ætti ekki að rígbinda sig við skoðanir hennar meira en sannfæríng hans stæði til; mèr að öðru leyti fannst það á ræðu hans, sem þessi skoðun stjórnarinnar væri ekki hans sannfæríng. Eptir skoðun stjórnarinnar á frumvarpinu um Skeljavík, þá er ekki til neins fyrir þetta þíng, að biðja um neinn verzlunarstað, heldur einúngis að biðja stjórnina, að lofa að byggja þar og þar hús; svo eiga nú menn að fara á eptir, að fala einhvern kaupmann, að byggja þarna hús; hverju svara kaupmenn? Já við verðum þó fyrst að verzla á þessum stað, og kynna okkur innsigling og vörubyrgðir; svo eptir þessu finnst mèr þessi nýja skoðun stjórnarinnar á verzlunarmálum vorum öldúngis sem blátt bann, að koma upp nýjum kauptúnum, og eg vonast til, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* ekki haldi þessari skoðun fram, þar sem honum á hinn bóginn þykir sanngirni fyrir, að kauptún verði leyfð.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg skal nú ekki lengja þíngræðurnar um þetta mál í dag, því eg tók það fram, sem mèr þótti við þurfa í gær, og hinn háttvirti *framsögumaður* og hinn 5. konúngkjörni hafa svo styrkt málefnið um Straumfjörð, að eg vona því sè nú borgið; einúngis vil eg geta þess, að eg vil aðhyllast varaatkvæði þíngmannsins úr Barðastrandarsýslu; og þó þíngið biði um löggildíngu Straumfjarðar, þá vil eg hitt sè borið upp samt, og sent varaatkvæði. Eg get ekki óttast fyrir, að stjórnin ekki veiti það nú bæði þar og á Lambhússundi, eins og hún veitti það áður, 1850, fyrir Krossvík, og hvað sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sem nú er, heldur um þetta mál nú, þá bar sá hávitri *konúngsfulltrúi*, sem var á næsta þíngi, og nokkuð mun hafa þekkt hugsunarhátt stjórnarinnar í þessu sem öðru, engar brigður á, að hún mundi löggilda Straumfjörð, hefði sú bæn komizt til hennar í rèttu formi. Hinu, sem þíngmaðurinn frá Reykjavík var enn á nýtt að taka upp aptur, um veginn frá Straumfirði og híngað, svaraði eg að fullu í gær, og það er sannlega ókunnugleika þíngmannsins að kenna, að hann heldur á þessari skoðun, að Mýraskip geti farið

hafskipaleið, því engir, sem fara frá Mýrasýslu suður, koma nokkurstaðar nálægt Straumfirði eða þeirri leið, nema Hraunhreppíngar og Straumfjarðarbóndinn, og mega þeir ekki í neinni landátt hleypa sèr út stórskipaleið, beint í hávestur til hafs, viku sjávar; þeir næðu þá hvergi landi hèr syðra, nálægt Reykjavík; en í hafátt væri það gott; en þá draga þeir það ekki svo langan veg rètt á móti, og fara svo ætíð sína grynnri leið, og hefir optast heppnast það, þó opt hafi slæmt verið.

Konúngsfulltrúi: Út af því, sem hinn heiðraði þíngmaður frá Austur-Skaptafellssýslu nú mælti, skal eg leyfa mèr þá athugasemd, að hann misskildi orð mín algjörlega, þar sem hann sagði, að eg væri að halda því fram, að það ætti ekki að gefa neinum stað kauptúnsrètt fyr en búið væri að byggja þar. Það sagði eg ekki; en eg sagði, að það væri skoðun stjórnarinnar, og það væri auðsèð af Skeljavíkurmálinu, en skal bæta því við, að eg verð líka að álíta, að þessi skoðun sè algjörlega rètt, og að stjórnin allt af hafi haft hana, enda þó hún ekki hafi, ef til vill, tekið hana eins skýrt fram í öðrum málum, eins og hún gjörði það í Skeljavíkurmálinu. Hinn sami heiðraði þíngmaður sagði líka, að með þessum skilyrðum kæmist aldrei neitt kauptún á fót, menn yrði fyrst að biðja einhvern kaupmann að koma þangað, og byggja verzlunarhús; eg meina nei; því þegar búið er að auglýsa að einhver staður fáist löggiltur til kauptúns, þá fara þeir, sem þess eru umkomnir, að spyrja sig fyrir um staðinn, og lítist þeim þá á hann, stofna þeir þar verzlun, annars ekki; en með byggíngunni er leyfið fengið.

Páll Sigurðsson: Hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga tók það fram, að verzlunin þyrfti að vera frjáls, svo hún gæti verið bæði landsmönnum og kaupmönnum í hag; þetta er nú rètt grundvallarástæða. En hitt aptur, að haganlegast sè fyrir báða, að kauptúnin sè sem fæst og stærst, það get eg ekki fallizt á. Eg sleppi nú Papós, en vil setja, að engi kaupstaður væri hvorki á Vestmannaeyjum nè Eyrarbakka, og engi fyr en í Reykjavík, og svo engi fyrir vestan, fyr en í Stykkishólmi, þá er eg nú hræddur um, að þegar kaupmenn á þessum stöðum sjá, að ekki er í annað hús að venda fyrir landsmenn, þá geti þeir sett taxtann á vörunum hèr um bil eins og þeir vilja; eg hefi dæmi þess, að svona hefir verið. Meðan verzlunin var lítil á Vestmannaeyjum og Eyrarbakka var þar alltaf verra verð á innlendu vörunni en hèr; og þegar fleiri fóru að verzla þar, ætluðu þeir að halda því sama áfram; en þá tóku

landsmenn sig saman, og sögðust heldur mundu fara suður til Reykjavíkur, ef þeir fengi ekki jafngott verð á vörunni; og síðan hafa þeir passað, að vera ei fyrir neðan kaupmenn hèr syðra með verðið á landvörunni; en á fiskinum hefir verðið alltaf verið lægra í Vestmannaeyjum og hefir opt munað 1 til 2 rd. á skippundinu, því þeir hafa engan að óttast í því tilliti, og vissu, að eyjamenn gátu ei annað flúið, og segja við þá: Eg lána þèr ekkert, og læt ekki það, sem eyjamenn helzt þörfnuðust, nema eptir skornum skammti, ef eg fæ ekki fiskinn hjá þèr. Þannig veit eg t. d., að hrogntunnan var á Vestmannaeyjum borguð með 4 til 5 rd., en hèr ef til vill með 10 rdl (*Guðmundur Brandsson*: 8). Svona er eg nú hræddur um að færi, ef ekki væri nema fáir stórir kaupstaðir; það getur ei orðið bæði landsmönnum og kaupmönnum í hag; en þegar kaupstaðirnir eru fleiri, keppast þeir hver við annan; þannig var það, þegar Vestmannaeyja-kaupmenn fóru að gefa betra verð fyrir landvöruna, sá Eyrarbakkaverzlunin sèr ekki annað fært, en að gjöra það sama. Eg held því, að það væri engi skaði að því, þó verzlunarstaður kæmist upp milli Reykjavíkur og Stykkishólms; það mundi setja líf í verzlunina, og gjörði það, að kaupmenn hefði ótta hver af öðrum, og þá fram kæmi verzlunarkeppnin. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni tók það fram, hve mikill hagnaður kynni að geta orðið að því fyrir landsmenn, að setja kaupstað á Straumfirði; eg er því alveg samþykkur. Það er vitanlegt, að það væri slæmt band, ef það væri gjört að skilyrði, að byggja húsið fyrst, eins og gjört var með Skeljavík, því kaupmenn verða þó fyrst að skoða sig um, og kynna sèr staðinn. Eg skal ekki fara út í hin einstöku atriði; en vildi einúngis lýsa áliti mínu á málinu í sinni heild.

Guðmundur Brandsson: Það hefir nú verið talað mikið bæði með og mót þessu máli, og það er mjög náttúrlegt, því margt mælir með, að fjölga verzlunarstöðum, en margt er líka ísjárvert í því. Hversvegna hafa 3 verzlunarstaðir hèr í Gullbríngusýslu lagzt niður, Grindavík, Bátsendar og Þýzkubúðir, nema einmitt af því, að einokun var í þessum litlu stöðum? Það sannar líka einmitt dæmi þíngmanns Rangæínga. Eg man það líka, að einu sinni voru fleiri kaupmenn í Keflavík, en nú eru, og meiri verzlunarkeppni þar þá, heldur en nú, og líkt mun eiga sèr stað víðar, þar sem eins stendur á. En þó nú Straumfjörður kæmist á, þá er eg hræddur um, að hann kynni að draga nokkuð frá Reykjavík, nokkuð frá Stykkishólmi og Búðum, og nokkuð ef til vill frá Borðeyri.

Eg vil nú ekki bera til baka það, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, eða spá um, hvað í tímanum liggur; en það vita menn þó, að því stærri sem markaðir eru, því betra er verðið; til hvers eru hrossamarkaðirnir fyrir austan, ef ekki til að fá betra verð á hestunum? En það finnst mèr nú lèttvæg meðmæling, sem áðan var hèr tekin fram, að það sè hægra fyrir menn að sækja vörur á einn stað, því það kemur allt undir því, hvað haganlegur sá staður er; það mætti telja þetta til gildis hverri smávík, sem liggur nærri einhverjum bæ, og með því kæmi menn til að hafa heimiliskaupmenn, rètt eins og menn höfðu heimilispresta áður. Það hafa nú allir mælt með Papafjarðarós; en eitt þykir mèr undarlegt, að bæði þíngmaðurinn þar og þíngmaður Mýramanna hafa hliðrað sèr við, að tala um, að verzlunarhús yrði byggð þar eða við Straumfjörð; mèr finnst óbeinlínis liggja í þessu játníng um, að þeim þætti nóg, að siglíngaleyfi á sumrum fengist fyrir þessa staði, og það væri þeim líklega hollast, því þá þyrfti þeir ei heldur að óttast fyrir, að þeir yrði einokaðir af kaupmönnum, eins og menn eru jafnan hræddir við á útkaupstöðum, því það á sèr langtum fremur stað á vetrinum heldur en sumrinu, og það er einmitt fyrir vetrarverzlunina í Keflavík og Hafnarfirði, sem menn hafa orðið skuldugastir hèr; með því líka að þeir hafa sumir hverir ekki kunnað að brúka hana. Eg get nú ekki eiginlega sagt, að eg beri Reykjavík svo mjög fyrir brjóstinu, en það er verið að tala um, að fullkomna hana með ýmsum menntastofnunum; og til þess að hún geti borið þær, verður að hlynna að henni, og það verður ei gjört með öðru betur, en verzluninni. Um Lambhúsasund talaði eg við undirbúníngsumræðuna, svo eg þarf þess ekki nú. En um Straumfjörð held eg að varaatkvæði þíngmanns Barðstrendínga mætti nægja; þá held eg líka, að það gæti komizt í framkvæmd, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður var að tala um.

Jón Pètursson: Eg á eitt breytíngaratkvæði á atkvæðaskránni með þíngmanni Strandasýslu, og hefir það mætt mjög hörðum dómi hjá *framsögumanni*. Hann hafði tvennt út á það að setja: 1. Að það væri eigi unnt að vita, hvar kaupmaðurinn væri búsettur, og hvort hann verzlaði í sjálfs sín nafni, og 2. Að það gjörði breytíngu á gildandi lögum. Að því er hið fyrra snertir, þá held eg sè hægt að vita, hvar kaupmaðurinn er búsettur; bæði hljóta menn að þekkja, hvernig aðsetri hans hèr er varið, og þá er auðvelt að dæma um það, hvort hann lögum samkvæmt geti álitizt, að eiga

hèr heima eður ekki; það kemur opt fyrir skiptaráðendur að skera úr því, hvar lögheimili eins sè eður hafi verið; eins er löggjöfin um það, að menn með 10 ára veru sinni í einum hreppi, ávinni sèr þar framfærisrètt, byggð á því, að dæmt verði um það í hverju einstöku tilfelli, hvar lögheimili manna sè. Það er bannað í Reykjavík, að sama verzlun megi hafa þar 2 útsölubúðir; ef menn nú ekki geta sèð, hvort þeir verzla í sínu eigin nafni, þá geta menn ekki heldur sèð, hvort þeir hlýða þeim lögum eða ekki. Álít eg nú fyrri mótbárunni hrundið. Að því er hina mótbáruna snertir, að þetta sè á móti gildandi lögum, þá er þetta dagsanna; bæði mín og hans uppástúnga er á móti gildandi lögum, og þess vegna er eg svo hræddur um, að stjórnin veiti hvorugt. Það er satt, að löggjöfin hefir ei híngað til gjört mun á þeim kaupmönnum, sem eru búsettir hèr, og verzla í sjálfs sín nafni, og þeim, sem eru búsettir erlendis; því stjórnin hefir aldrei leyft, að innlendir fastakaupmenn mætti verzla með alls konar vörur, nema á föstum verzlunarstöðum; fengi þeir þess vegna leyfi til, að verzla á Lambhúsasundi með alls konar vörur, væri þar með gjörð undantekníng fyrir þá frá hinni gildandi löggjöf. En eins og hann ætlast til, að stjórnin gjöri undantekníng frá löggjöfinni með sína uppástúngu, eins get eg ætlazt til, að hún gjöri það með mína, og það því fremur, sem meiri ástæða er til, að hlynna að innlendu fastakaupmönnunum, sem eru búsettir hèr á landi, en þeim, sem búsettir eru erlendis, því verzlun hinna fyrnefndu er *„activ“*, þar sem hinna er *„passiv“*; og þó stjórnin hafi ekki enn gjört mikið fyrir *„activu“*-verzlunina, þá gæti hún nú farið til þess. Mèr er annars ekki svo sèrlega annt um þetta breytíngaratkvæði; en eg gjörði það, af því eg gat ei aðhyllzt uppástúngu nefndarinnar, sem þar að auki er allt of óákveðin, því það þarf ei að vera að biðja um það leyfi, sem menn hafa; allir fastakaupmenn innlendir hafa fengið með opnu brèfi 1854 leyfi til að verzla með púngavöru bæði á Lambhússundi og hverri annari vík hèr á landi, svo þeir hafa leyfi til að verzla þar, og þurfa því eigi að fá leyfi á ný, til að verzla þar; og upp á annað fer ekki nefndin í niðurlagsatriði sínu.

Framsögumaður: Það er nú eins og áður, að næstum engi mótmæli hafa komið fram gegn Papafjarðarós, nema ef það skyldi hafa verið frá þíngmanni Gullbríngusýslu, þar sem hann sagði, að nefndin hefði viljað forðast að tala um húsabyggíngu þar. Eg hefi

ekki heyrt á samnefndarmönnum mínum, að þeir vildi ei, að hús væri byggt; eg ímynda mèr, að þeir fegnir vili, að þar verði byggð mörg hús, eður þar komist upp mikili kaupstaður; en þeír vildu ei, að það væri gjört að skilyrði fyrir löggildíngunni að byggja hús þar áður; það er að segja, þeir vildu ei gjöra negluna á undan skipinu; en þar sem hann sagðist mæla með breytíngaratkvæðinu undir tölul. 4, þá er það gott, og eg þakka honum fyrir það. En nú vil eg spyrja þíngmanninn: Hver er munur á, að leyfa bæði fastakaupmönnum og lausakaupmönnum að verzla á einum stað, og því, að löggilda þann stað til verzlunarstaðar? Engi nema sá, að ekki er leyft að byggja þar hús. En nú vildi hann, að hús væri byggt á Papafjarðarós; því ekki eins hèr? (*Guðmundur Brandsson:* Það er misskilníngur). Það varð að skilja orð þíngmannsins svo (*Guðmundur Brandsson:* Rangfært).

Fiestir og þar á meðal hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hafa mælt með Straumfirði; hann sagði að eins, að hætt væri við, að stjórnin gjörði sama skilyrðið þar, eins og við Skeljavík, að hús verði byggt fyrst; það skyldi ekkert gleðja mig meira, því það hafa þeir þörf fyrir, að bæði væri byggt salthús þar og geymsluhús fyrir nauðsynjavörur, og ef eg hefði þorað það, skyldi eg hafa gjört uppástúngu um það. Hinn 5. konúngkjörni mælti nú líka mikið vel með Straumfirði, og var að bera ölkelduna á Rauðamel saman við böðin á Þýzkalandi; og nefndi til líka laxveiðina; þetta er nú allt mikið gott. En það hefir líklega verið af því hann hefir verið farinn að mæðast, að hann mælti ekki eins fram með Lambhúsasundi. Hann hefir líklega gleymt laxinum í Borgarfjarðarsýslu; þar er þó bæði lax í Hvítá; þar er lax í á, sem rennur fram hjá bæ, sem eg veit hann þekkir nafnið á; bærinn heitir »Svangi«; sömuleiðis er silúngur í Skoradalsvatni, Leirá og þá líklega í Laxá. Það hryggði mig, að þíngmaður Snæfellínga skyldi vera svo daufur með að iöggilda Lambhúsasund; eg veit þó, að hann hefir enga lambhúss-hugsun; og eg hugsaði að hann mundi vilja löggilda þann stað, þar sem er eitt hið bezta fiskiver og þèttbýlast á landi voru. Hinn háttvirti 4. konúngkjörni var að reyna, að verja breytíngaratkvæði sitt, og kvað það ekki vanda, að finna, hvar hver væri búsettur; eg tek það nú ei aptur, sem eg sagði áðan, og eg vil spyrja: Hvar er sá búsettur, sem hefir borgarabrèf bæði hèr og í Kaupmannahöfn? (*Jón Pètursson:* Það hefir engi). Hvar er þá sá búsettur, sem hefir borgarabrèf hèr til verzlunar, en er búsettur

í Kaupmannahöfn; hann verður að svara gjöldum á báðum stöðum. Hann sagði ei heldur erfitt að finna, hver verzlaði í sjálfs sín nafni; en eg veit nú ei, hverju »faktor« mundi svara, ef hann væri spurður, hvort hann væri sem undirtilla, eða stæði veg og vanda af verzluninni. Og eg vil enn spyrja: Er eigi verzlun kaupmannsins búsett hèr, þótt hann eigi bústað í Kaupmannahöfn? eður með öðrum orðum: Er ekki kaupmaðurinn hèr, þótt búkurinn sè í Höfn? — Þar sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni var að finna að því, að nefndin vildi gjöra undantekníng frá lögum; en uppástúngumenn munu þó finna mun á einni undantekníngu og tveim; í minni uppástúngu er ekki nema ein undantekníng, en í þeirra eru 2; og í uppástúngu þeirra er undantekníng frá öllum almennum verzlunarlögum vorum, og svo undantekníng frá þessu litla lagaboði, sem verður teygt og togað á alla vegu. Minni hlutinn sagði, að það kostaði svo mikið fyrir kaupmenn hèr, að senda vörur upp á Lambhússund. Eg veit þó eitt dæmi, sem sannar hið mótsetta; eg hefi talað við kaupmann, sem hafði sent skip upp á Straumfjörð; hann seldi þar vörur fyrir 5000 rd., en ferðin kostaði hann að eins 100 rd., því hann sagði, að hann hefði haft skipið hvort sem var, og þurft að borga mönnunum; kostnaðurinn verður því eptir þessu að eins 2%, og mundu flestir kaupmenn vilja gefa þetta út, ef þeir gæti selt svo og svo mikið; það er annars undarlegt, að Lambhússund skuli verða fyrir hörðustum dómi, þegar beðið er um svo lítið, og þegar menn gæta að því, að í Garðasókn á Akranesi eru 700 manns, og að þar er bezta fiskiver, og úr öllum Borgarfirði er hægust kaupstefna að sækja þangað. Menn hafa borið fyrir sig opið brèf 1854 um flutníngsleyfið; en uppástúngan er um, að kaupmenn megi flytja alla vöru þangað til sölu; það verða allir að játa, að það eru skrítin lög, að ef manni uppi í Borgarfirði liggur á 1 pundi af kaffi, þá skuli hann þurfa að panta það í búðinni, til þess að fá kaupmenn til að flytja það upp á Akranes. Afleiðíngin verður, að annaðhvort vilja kaupmenn alls eigi flytja vörurnar, eða þá, að þeir fara í kríngum lagaboðið; og þá er betra, að lagaboðið sè af numið. Það er satt, að uppástúnga mín er undantekníng frá gildandi löggjöf. En eg vil spyrja: eru ekki til lagaboð, sem eru undantekníng frá almennum lögum; eg ætla, að til sè slíkt lagaboð um hlut fátækra af helgidagaveiði hèr í kríngum Faxaflóa, og frá alþíngi er annað lagaboð; það er um byssu-

skot á sel á Breiðafirði. Þetta gekk bæði þingið og stjórnin fúslega að, og ætli ekki gæti farið eins með þetta?

Eg ætla nú ekki að mæla lengur fram með málinu; en eg vil benda hinu heiðraða þingi á, að alþingi 1845 bað um siglíngaleyfi á Skipaskaga, og það fèkkst þá fyrir 3 ár; svo bað það aptur 1849, og þá fèkkst leyfið í fyllra mæli en um 3 ár, og svo aptur síðar um 2 ár. Þannig hafa nú Borgfirðíngar fengið það í 8 ár, sem nú á að neita þeim um með öllu, ef uppástúngan verður ekki samþykkt. En eg veit, að þingið er sjálfu sèr svo samkvæmt, að það vill nú biðja um það minna, þegar það hefir fengið það meira.

Ásgeir Einarsson: Eg held nú, að hinn háttvirti *framsögumaður* hafi í þetta sinn fremur staðið upp, til að sýna mælsku sína og speki, heldur en af því, að þörf væri á því. Þó hann hafi nú fengið sinn stafinn við hvora hlið, til að styðja mál sitt, þá lítur út fyrir, að hann vili ekki nota þá. Þegar eg fyrst sá uppástúngu hans, vildi eg styðja hana, af því mèr fannst það mikið mannúðlegt, þegar hann hafði áður gjört mèr hið sama; eg vildi, að eg hefði getað opnað þessar lambhússdyr, og greitt innganginn; en það ætlar ekki að ganga greitt, því dyrnar eru svo þröngar. Hinn háttvirti 4. konúngkjörni hefir nú varið breytíngaratkvæði okkar, og sýnt að yfirbyggíngin, sem við höfum gjört, er ekki ólöglegri, en grundvöllurinn, sem við höfum á að byggja; enda játaði *framsögumaður* það sjálfur, að þetta væri á móti gildandi lögum. Hann var mikið að tala um, að það væri svo örðugt að vita, hvar þessir kaupmenn væri búsettir; eg skal segja honum það; þeir eiga heima í Kaupmannahöfn, en hafa í seli hèr, og flytja selmatinn til Kaupmannahafnar og nota hann þar. Hann sagði, að það væri ekki nema ein undantekníng með sína uppástúngu, en tvær með okkar; það er nú náttúrlegt, því við vorum 2, og urðum því að vera sinn um hvora. Eg var nú aldrei sèrlega meðmæltur þessari uppástúngu *framsögumanns,* en mèr fannst ekkert á móti að reyna, að gjöra eitthvert vit úr henni, svo að hún annaðhvort gæti miðað til að styrkja einstaka kaupmenn, eða þá verzlunina yfir höfuð. *Konúngsfulltrúi* og þíngmenn hafa nokkuð talað um þetta skilyrði, sem stjórnin er farin að setja fyrir löggildíng kauptúna; eg ímynda mèr nú, að *konúngsfulltrúi* hafi ekki sagt þetta í sínu nafni, heldur til að sýna, hvað menn geti óttazt af stjórninni; en eg er nú ekki hræddur um þetta, þegar stjórnin sèr ekkert atkvæði fyrir þessu skilyrði. Eg held því, að hún veiti leyfið á Papafjarðarós skilyrð-

islaust; en það mætti ef til vill heldur hafa skilyrði við Straumfjörð. Englendíngar eru farnir að kynnast þar, og kunna að fara að reisa þar einhvern kofa, og þá er allt fengið; kann vera kaupmönnum þyki betra að eiga þá við hlið sèr.

Benedikt Þórðarson: Eg þarf nú ei að mæla fram með varaatkvæði mínu, því nokkrir, sem talað hafa, hafa skilið rètt meiníngu mína með það; eg bar það fram sökum þess, að mèr datt í hug, að þó þíngið gæfi atkvæði sitt fyrir, að Straumfjörður yrði löggiltur til verzlunar, þá gæti svo farið, að stjórnin veigraði sèr við, að uppfylla þá bón þíngsins, eða þá áð hún gjörði það með sömu skilmálum og hún leyfði verzlunarstaðinn á Skeljavík; en slíkt væri Mýramönnum lítill hagur, því fáir mundu hlaupa til að byggja á Straumfirði, áður þeir hefði reynt verzlun þar; og því held eg vel ætti við, að stjórnin fengi að sjá þetta varaatkvæði mitt, ef hún heldur kynni að vilja veita það en hitt, og það væri þó betra en ekkert, að hún veitti það, já það væri það, sem Mýramönnum kæmi bezt. Ef þíngið samþykkir nú ekki uppástúngu nefndarinnar, að fá Straumfjörð löggiltan til verzlunar, þá ræð eg því heldur til, að beinlínis verði beðið um þetta varaatkvæði, því fáist það, þá er nóg fengið.

Pètur Pètursson: Eg skal ekki lengja þíngræðurnar, sem eru orðnar fjarska langar í þessu máli. En eg verð að eins að láta í ljósi, hvernig eg muni greiða atkvæði, og verð eg að játa, að eg er enn í efa um það. Að því er Papafjarðarós snertir, þá er eg samdóma öðrum þíngmönnum, sem nærri allir hafa verið á því, að það væri alveg nauðsynlegt, að koma þar upp kaupstað. Í meiri efa er eg nú um Straumfjörð. Eg játa það, að það er örðugt fyrir Mýramenn, að sækja vörur í Stykkishólm, eða á Borðeyri, og jafnvel í Reykjavík; en mèr finnst þó yfirgnæfandi ástæður fyrir, að kaupstaðarleyfi fáist þar ekki. Það hefir verið sagt, að þó vörumagnið ekki væri svo mikið, að verzlunin gæti þrifizt, þá væri engu spillt við leyfið; jú, það er miklu spillt, ef kaupmaðurinn sjálfur flosnar upp, og hefir gjört marga í kríng um sig ólukkulega; þetta hefir sýnt sig að nokkru leyti á Grundarfirði. En aptur á móti, ef verzlun gæti þrifizt þar, þá drægi það frá öðrum verzlunarstöðum, og deyfði verzlunarkeppnina í Reykjavík, Stykkishólmi og Borðeyri, því til allra þessara kaupstaða hafa Mýramenn sótt; það getur því hvorugt verið samkvæmt þörfum landsmanna. Allir þekkja nú vegina í Mýrasýslu, og þó verzlunarleyfið fengist, þá held eg að lítið væri unnið fyrir Vestur-

Mýramenn, því sjóleiðin er löng og skerjótt þaðan til Straumfjarðar, og það versta þar búið af leiðinni til Reykjavíkur. Eg fyrir mitt leyti álít Brákarpoll betur til fallinn; en hans er nú ekki getið hèr. En af því eg veit, að Mýramenn eiga örðugt með, að nálgast vörur, þá vildi eg gefa atkvæði með 2. og 4. tölul. Það er reyndar sá annmarki á 2. tölul., að hann er alveg móti gildandi lögum, en hann er samt svo þjóðlegur, að eg get gefið atkvæði fyrir honum. Á 4. tölul. hefði eg líka fallizt, ef það hefði getað látið sig gjöra; en þar er sá galli á, að það er ekki talað um, að lausakaupmenn megi ekki verzla eins lengi á hverjum stað, eins og fastakaupmenn, nefnilega 4 vikur; og eg sè ekki mun á því, að biðja um þetta leyfi, og að biðja um, að þar sè löggiltur verzlunarstaður, nema ef uppástúngumaður ætlast til, að bannað sè, að byggja þar hús. Um Lambhúsasund hefir nú verið mikið talað, og eg hefi ekki komizt til annarar niðurstöðu en þeirrar, að nú eigi að fara að gjöra Akranesíngum enn hægra fyrir, að ná í óþarfavörur, en áður, og held eg þó, að þeir eigi fullhægt með það sem stendur.

Framsögumaður: Eg held, að það hafi verið misskilníngur hins háæruverðuga 3. konúngkjörna, að í uppástúngunni undir tölul. 4. væri bann á móti því, að byggja, því að eptir því fá kaupmenn einúngis ekki rètt til að byggja. Þar sem hann sagði, að tíminn væri ekki til tekinn um lausakaupmenn í uppástúngunni, þá var sjálfsagt meiníngin, að lausakaupmenn mætti verzla þar svo lengi, sem lögin fyrirskipuðu að lengst mætti vera, en eigi lengur.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri þíngmenn til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu atkvæðin á þessa leið:

1. *Nefndin (öll), 1. uppástúnguatriði,* samþykkt í einu hljóði.
2. *Breytíngaratkvæði Ásgeirs Einarssonar og Jóns Pèturssonar við minni hlutann* fellt með 16 atkv. gegn 6.
3. *Meiri hluti nefndarinnar, 2. uppástúnguatriði, staſl. a,* samþykkt með 16 atkv. gegn 2.
4. *Varaatkvæði Benedikts Þórðarsonar við uppástúngu meiri hlutans, 2. a, (töluliður 4),* samþykkt með 15 atkv. gegn 2.
5. *Minni hlutinn, 2. uppástúnguatriði, staſl. b,* samþykkt með 14 atkv. gegn 5.

6. *Hvort rita skuli konúngi bœnarskrá samkvœmt þessari atkvœðagreiðslu,* samþykkt með 16 atkv. gegn 2.

Forseti: Samkvæmt dagskránni koma þá til *ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu uppástúngur nefndarinnar í fjárkláðamálinu* (þ. e. fyrri hluti nefndarálitsins), *um þær bráðabyrgðarráðstafanir, er alþíngi skori á stiptamtmann að framfylgja. Framsögumaður* er hinn konúngkjörni varaþíngmaður; eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona eg hinir heiðruðu þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í uppástúngum nefndarinnar í fjárkláðamálinu, til bráðabyrgðarráðstafana af hendi stiptamtmannsins.

1. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar* og *Páls Sigurðssonar,* við 1. gr. nefndarinnar:
   Að á eptir orðunum: »á öllu sauðfè« komi: »í þeim sveitum Suðuramtsins, hvar kláðavart hefir orðið á þessu ári«.
2. *Nefndin,* 1. uppástúnga:
   Að nákvæmar og áreiðanlegar skoðanir framfari hið allrabráðasta á öllu sauðfè í Suðuramtinu, sem nokkrar líkur eru til, að veikt sè.
3. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Haugum, að við 1. uppástúngu nefndarinnar sè bætt:
   Og sè slíku fè stranglega haldið frá öllum samgöngum við hið ósýkta fè á eigendanna kostnað, unz allæknað virðist.
4. *Nefndin,* 2. uppástúnga:
   Að allt það fè, sem veikt kynni að finnast, sè tafarlaust tekið undir lækníngar, undir opinberri umsjón um 6 vikna tíma, nema því að eins, að eigandi þess skeri það niður í stað.
5. *Sama,* 3. uppástúnga:
   Að hver sú kind, sem ekki er allæknuð að þeim tíma liðnum, sè tafarlaust skorin.
6. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Haugum, að 4. uppástúnga nefndarinnar verði orðuð þannig:
   Að allt fè í Suðuramtinu sè vandlega skoðað í haust í fyrstu rèttum, og að eigendum þess fjár, í hverju þá kynni að finnast kláðaveikar kindur, sè stranglega haldið til, annaðhvort að selja fè sitt undir opinbera lækníngaumsjón, eða lóga því þegar; með það fè, sem eigi er læknað eptir 6 vikna tíma, sè farið samkvæmt 3. atriði.

7. Breytíngaratkvæði *Björns Pèturssonar,* við 4. uppást. nefndarinnar:

   Að í stað orðanna: »sè gefinn kostur á«, verði sett: *sè gjörðir tveir kostir.*

8. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar* og *Páls Sigurðssonar:* 4. gr. orðist þannig:

   Að allt fè í þeim sveitum í Suðuramtinu, hvar vart hefir orðið við kláða næstliðna 2 vetur, sè vandlega o. s. frv.

9. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar,* við 4. uppástúngu nefndarinnar (samþykkt af nefndinni):

   Að eptir orðin: »allt fè í Suðuramtinu« bætist inn í: *„sem nokkrar líkur eru til að veikt sè“.*

10. *Nefndin,* 4. uppástúnga:

    Að allt fè í Suðuramtinu sè vandlega skoðað í haust í fyrstu rèttum, og að eigendum þess fjár, er þá kynni að reynast veikt, sè gefinn kostur á því, annaðhvort að selja fè sitt undir opinbera læknìngaumsjón eða skera það þegar í stað. Með þá kind, sem eigi er læknuð eptir 6 vikna tíma, sè farið samkvæmt 3. atriði.

11. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar* og *Páls Sigurðssonar,* við 5. uppást. nefndarinnar:

    Að eptir orðin: »jöfnu millibili« bætist inn í: *í þeim sömu sveitum* og sè þá, o. s. frv.

12. *Nefndin,* 5. uppástúnga:

    Að í vetur komanda framfari að minnsta kosti 3 skoðanir með jöfnu millibili, og sè þá eins að farið, ef veikt fè finnst, eins og fyrir er mælt í 3. og 4. atriði.

13. Breytíngaratkvæði *Ásgeirs Einarssonar,* við 6. uppást. nefndarinnar:

    Að orðin: »er bezt þekkja til«, verði úr felld, en komi í staðinn: *alþíngis.*

14. *Nefndin,* 6. uppástúnga:

    Að stiptamtið með ráði þíngmanna, er bezt þekkja til, skipi vissa menn, er hafi á hendi alla umsjón og framkvæmd í því, sem nú er sagt, með nægu valdi og fullri ábyrgð.

15. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar,* að við enda 6. uppást. nefndarinnar bætist:

    Að framkvæma það, sem hann fyrirskipar í þessu máli

16. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum og *Stefáns Eiríkssonar,* (samþykkt af nefndinni):

Að eptir orðin: »fjáreigendur« verði bætt: »hins sýkta fjár«, og fyrir orðið »opinbera« verði sett: »stjórnin«.

17. *Nefndin,* 7. uppástúnga:

Að mönnum þessum verði sæmilega launuð vinna sín, og að laun þeirra og annar kostnaður, er að þessu lýtur, borgist af fjáreigendum, að réttri tiltölu, að því leyti sem það opinbera ekki leggur fè til þess.

18. *Sama,* 8. uppástúnga:

Með allt það fè, sem kemur inn í þetta amt frá hinum ömtunum í haust, og kláði kynni að finnast í, sè farið á sama hátt og segir í 4. atriði, samanber 3. atriði.

19. Breytíngaruppástúnga *Benidikts Sveinssonar* við 9. uppást. nefndarinnar:

Að í staðinn fyrir orðið *„ráðstafanir“* setist *„uppástúngur“* og að eptir orðið *„á prenti“* setist *„og að hve miklu leyti það sjái sèr fært að taka þær til greina“*, og að loksins í staðinn fyrir orðin: *„að hvað — til greina“* setist: *undirtektir sínar undir þetta mál“.*

20. *Nefndin,* 9. uppástúnga:

Að stiptamtið auglýsi sem fyrst ráðstafanir þessar á prenti, og hlutist svo til, að þær verði almenníngi kunnar, og gefi þínginu jafnframt til vitundar gegnum *forseta* þess, að hvað miklu leyti það hafi sèð sèr fært, að taka þessa áskorun alþíngis til greina.

21. Viðaukaatkvæði *Jóns Hjaltalíns:*

Að stiptamtið vili sjá um, að allar niðurskurðaræsíngar hætti hèr í Suðuramtinu, og að lækníngamönnum leyfist að hafa sinn heilbrigðaða stofn í friði.

22. Viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar* við tölul. 21., ef hann yrði samþykktur:

Að fyrir orðið: »niðurskurðaræsíngar« komi: niðurskurðar- og lækníngaæsíngar.

23. Hvort alþíngi vili skora á stiptamtmann að fram fylgja ráðstöfunum samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Þá gat *forseti* þess, að þíngmaður Snæfellínga væri sökum forfalla genginn af fundi, en að þíngmaður Norður-Þíngeyínga mundi gegna störfum hans, sem skrifara þíngsins, það sem eptir væri fundarins.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg held, að það fari nú líkt fyrir mèr, þegar eg lít í þessa atkvæðaskrá, eins og þeim, sem ætlaði sèr að telja stjörnurnar á himninum, að eg ekki tali um þessar tvær halastjörnur, sem eru aptan í atkvæðaskránni, og sem eg held að óskandi hefði verið, að ekki hefði birzt í þetta sinn; en þegar til alvörunnar kemur er það bót í máli, og það gleður mig, að öll breytíngaratkvæðin fara í sömu aðalstefnu og nefndin; spursmálið er þá einúngis það, hvort breytíngarnar sè heppilegri en uppástúngur nefndarinnar. Breytíngaratkvæðið undir 1. tölulið er í sjálfu sèr ekki illa tilfallið, en það er þó, ef til vill, miður rètt að setja stiptamtmanni þannig ákvarðað ætlunarverk; mèr sýnist rèttara að láta það vera komið undir álitum hans sjálfs, hvort skoðanir þurfi að fram fara, því bæði mun þíngið eiga bágt með að dæma um þetta, og svo kemur þetta líka í bága við það, sem mönnum hefir verið svo hætt við að ímynda sèr, að kláðinn, þar sem hans ekki hefir orðið vart um tíma, geti komið upp aptur; sama er að segja um breytíngaratkvæðið undir 8. tölulið, að mèr sýnist ísjárvert að fallast á þetta breytíngaratkvæði; breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga undir 9. tölulið finnst mèr vera vel til fallið, að komist inn í nefndarinnar 4. uppástúngu undir 10. tölulið, úr því menn álíta ekki nauðsynlegt, að skoðað sè allt fè í haust í Suðuramtinu. Viðauki þíngmanns Mýramanna, undir 3. tölulið, við 1. uppástúngu nefndarinnar er óþarfur, því nefndin gjörir síðar í uppástúngum sínum ráð fyrir, að þessar ráðstafanir skuli gjöra á kostnað eiganda fjárins, og hitt, sem tekið er fram í viðaukaatkvæðinu, fylgir beinlínis af þeirri uppástúngu nefndarinnar, að taka skuli hið kláðasjúka fè undir opinberar lækníngar eður þá skera, því til hvers skyldi það vera gjört, ef ekki til þess, að það gangi ekki saman við annað ósjúkt fè og smitti það? þessi partur viðaukans er því fremur útskýríng nefndaruppástúngunnar, en að hann komi með neina nýja ákvörðun. Breytíngaratkvæði sama þíngmanns undir 6. tölul. held eg sè varúðarvert, því nefndin þóttist biðja um svo mikið í 4. uppástúngu sinni, sem hún sæi veg til að fengist; en breytíngaratkvæði þetta fer fram á meira, og eg vil biðja þíngmenn fyrir það, að halda fast þessari skoðun, sem eg álít alveg rètta, að biðja ekki stiptamtmann um meira, en menn geta sèð, að verði fengið hjá honum, og getur orðið framkvæmt; þó t. a. m. 1 eða 2 kindur fyndist veikar í einhverri rètt í haust, þá er það mjög ísjárvert að kyrrsetja allt fèð í rèttinni, og er eg hræddur um, að

ekki verði hægt, að hafa svo öfluga lögreglustjórn hèr, að þessu verði framfylgt; og það er ekki heldur nein þörf á því, þar sem skoðanir eiga að fram fara þrisvar í vetur; og ef kláði finnst þá í nokkurri kind, á að taka hana og lækna, eða þá skera niður. Eg held líka að flestir fjáreigendur yrði fastir á móti því, að láta þannig taka og kyrrsetja allt sitt fè vegna einstakra kinda. Þetta breytíngaratkvæði er því mjög varúðarvert, því það fer fram á það, sem hèr verður eigi komið við, þó það í sjálfu sèr væri æskilegt, ef því gæti orðið framgengt; hins vegar finnst mèr orðið að »lóga« betra, en það sem nefndin hefir, og er það af óaðgæzlu fyrir nefndinni, að hún valdi ekki þetta orð. Breytíngaratkvæðið undir 7. tölulið er ekki annað en orðabreytíng, og ef þínginu skyldi þykja það skiljanlegra, að orða greinina þannig, þá hefi eg ekkert á móti því. 8. töluliður er eðlilegur og samkvæmur 1. tölulið, eins og eg þegar hefi getið um. 11. töluliður er ekki annað en orðabreytíng. Á móti breytíngaratkvæðinu undir 13. tölulið hefi eg ekkert, ef þínginu skyldi þykja það betra. Viðaukaatkvæðið undir 15. tölulið er óþarft, því það segir sig sjálft, að ábyrgðin verður að miðast við það, sem þeir takast á hendur, og hvað þeir takast á hendur, verður að miðast við það vald, sem stiptamtmaður veitir þeim. Eg hefi ekkert á móti breytíngaratkvæðinu undir 16. tölulið, en eg vildi, að það hefði þó staðið »eigendur hins sýkta fjár«, en ekki »fjáreigendur« þess fjár; ef þetta getur lagast, sè eg ekkert á móti því, en hitt áleit nefndin gæti orðið, að stjórnin fyr eða síðar mundi lètta eigendum fjárins kostnaðinn við lækníngarnar. Það er á þíngsins valdi, hvort það fellst á breytíngaruppástúngu mína undir 19. tölulið; hún er lítið annað en orðabreytíng. Viðaukaatkvæðin undir 21. og 22. tölulið álít eg þess eðlis, að þau sè komin híngað inn af einhverri tilviljun, og óska eg þess helzt, að þau gengi úr, því mèr sýnist þau vera gamlar leyfar af keppni þeirri — að eg ekki segi tvídrægni og fjandskap — sem verið hefir milli lækníngamanna og niðurskurðarmanna, og verða ekki sameinuð við þá stefnu á máli þessu, sem því nú er beint í, ef uppástúngum nefndarinnar verður framgengt.

Magnús Andrèsson: Það hefir verið ágreiníngur um það hèr á þínginu, hvort rètt væri, að taka uppástúngur þessar til umræðu, og skal eg ekki tala um það, hvað rèttast sè í lagalegum skilníngi; en eg held, að það hafi verið hyggilegra, að taka málið til umræðu, en að fleygja því aptur í nefndina, og þíngið skar líka þannig úr

með atkvæðamun. Við þessar uppástúngur hafa verið gjörð ýms breytíngar- og viðaukaatkvæði, sem þíngið gjörir sèr svo gott úr, sem það getur; mèr finnst það vera óþarfi að gjöra breytíngaratkvæði, þegar þau ekki eru að neinu betri. Nefndarálitið hefir þann kost, að það fer svo nærri, sem unnt er, þeim vegi, sem hugsanlegt er, að menn geti framfylgt í verki; það er ekki mikið varið í þær pappírsráðstafanir, sem eigi er unnt að framkvæma, og hefir reynslan sannað það, því það hefir t. a. m. verið skipað hèr, og það alvarlega, að aðskilja þannig fè þeirra bænda, sem eru nágrannar, að ekki komi kind úr fjárhóp annars í fè hins, en því hefir ekki verið hlýtt, og engi hefir reynt til að hlýða því, af því að það er eigi unnt að hlýða því. Hinn annar kostur nefndarálitsins er, að það fer meðalveg á milli niðurskurðarmanna og lækníngamanna, og var það mjög nauðsynlegt og heppilegt, því það hefir verið máli þessu mikið til fyrirstöðu, að menn hafa skipzt í flokka, og hvor flokkurinn staðið fastur á móti hinum, en þó hefir verið meir orð á því gjört en vera bar, hvað flokkar þessir hafi verið málinu til fyrirstöðu. Að svo mæltu ætla eg að snúa mèr að atkvæðaskránni, og á eg og þíngmaður Rangæínga þá breytíngaratkvæði eitt, undir 1. tölulið, við 1. uppástúngu nefndarinnar, og eins við 2 aðrar greinir hennar, en eg þarf ekki að tala nema um það fyrsta, því hin eru nokkurskonar áframhald af því; við álítum breytíngaratkvæði þetta betra en uppástúngu nefndarinnar, af því að það tekur glöggar fram, hvar skoðanirnar skuli fram fara, og með því að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði í fyrra kveld, að stiptamtmaður mundi aldrei hafa sleppt sjónum á kláðanum allt til þessa dags, þá mun honum vera það manna bezt kunnugt, hvar kláða hefir orðið vart á þessu ári; en hinu mun ekki þurfa að kvíða, að ekki muni fullvel verða gætt að í vetur á þeim stöðum, þar sem kláði kynni að koma upp; en við vildum ekki hafa það svið stærra, sem skoðanir skyldi fara fram á um sumartímann, en nauðsynlegast væri, og því til tókum við ekki meira en 1 ár þar; en í haust vildum við að skoðanirnar skyldi fara fram á stærra sviði, því þá hafa menn betri tíma til þess, og því til tókum við þar það svið, sem kláðavart hefði orðið á á hinum tveimur síðustu árum, því það er jafnvel meiníng sjálfra lækníngamannanna, að ekki sè ugglaust, að kláðinn komi ei upp aptur á því tímabili; þeir hafa reyndar sagt, að kláðinn komi ekki upp aptur, þegar hann sè læknaður, en þegar reynslan hefir sýnt, að hann kemur upp aptur

og aptur á læknuðu fè, og þeir þá eru spurðir um, af hverju þetta komi, þá segja þeir, að það komi af því, að fèð hafi ekki verið allæknað; það hefir þó að minnsta kosti verið læknað svo, að hvergi hefir neinn kláðavottur sèzt. Ef nú þingið ekki vill fallast á þessa breytíngu okkar, fæst eg ekki um það, og geng þá inn á breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga undir 9. tölulið, sem mèr finnst betri en nefndarinnar uppástúnga, því mig vantaði eitthvað í hana; nefndin hefir líka sjálf samþykkt það. Um hin breytíngaratkvæðin ætla eg ekki að tala, því eg aðhyllist helzt uppástúngu nefndarinnar; eg gef ef til vill sumum breytíngaratkvæðunum atkvæði mitt. 21. töluliður veit eg ekki, hvernig hefir komizt hèr inn á atkvæðaskrána; mèr sýnist það viðaukaatkvæði hvergi eiga heima, því eg man ekki, að það væri ráðgjört, og ekki man eg heldur til, að það geti byggzt á umræðunum í fyrra kveld; mèr sýnist það því vera nokkurs konar útlendíngur, sem menn ekki eiga að sinna, en eg skal ekki fara um það fleiri orðum, því eg vil ekki vera fundinn í æsíngum.

Konúngsfulltrúi: Eg þarf ekki að taka aptur til orða í þessu máli, því eg hefi þegar tekið það fram, sem eg áleit þörf til; eg hefi lýst því yfir, að hèr væri, mèr vitanlega, engi kláði á fè, því sá litli vottur, sem fannst í vor á Suðurnesjum, væri nú horfinn. Að málinu hafi verið gefinn allur sá gaumur híngað til, sem unnt var, það þykist eg geta fullyrt, og eins mun það verða eptirleiðis í slíku velferðarmáli, sem þetta mál er fyrir allt landið; þetta traust vona eg þíngið beri til hlutaðeigandi yfirvalds og yfirvalda, og eg segi fyrir mig, að eg, að því leyti eg yrði lengur við málið riðinn, skal láta mèr svo annt um það, eins og mèr er bezt unnt, og meiru get eg ekki lofað.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg á hèr á atkvæðaskránni eitt viðaukaatkvæði og eitt breytíngaratkvæði, og það gleður mig, að sá háttvirti *framsögumaður* hefir yfirlýst því, að þau í rauninni væri að hugsunarhættinum rètt. En hann tekur fram, einkum um breytínguna á 4. grein, sem hèr er undir tölulið 6, að það sè ekki til neins að fara því fram, því það sè ekki unnt fyrir yfirvaldið að framfylgja því. Já! það er örðugt að framfylgja því, eg játa það, en það er ekki örðugra að framfylgja því, en hinum reglunum, því eg hefi enga von um, að þeim verði heldur framgengt, og þó miða þær ekki til neins gagns, og ætíð verða þó heldur einhverir til að styðja að því, sem miðar til góðs, heldur en því, sem er mark-

laust. *Framsögumaður* tók fram það dæmi, að í réttum, þar sem skoðað væri, skyldi koma fyrir ein kláðakind, þá mundi ekki vera svarlegt að taka allt safnið undir lækníngaumsjón, þá vil eg segja: það er þó ráðlegast, að hafa gætur á því fé, og halda því sérskildu um 6 vikna tíma; en þá set eg annað dæmi, að í réttunum, þá skoðað verður, skal nú allt safnið vera með kláða; hvernig á þá að fara að? Nefndin sker úr því hér í 4. greininni: »þá skal taka allt þetta sjúka fé undir opinbera lækníngaumsjón, eða skera það allt þegar í stað«. Þetta getur vel komið fyrir, og ef það er möguleg framkvæmdin við þetta tilfelli, þá er hún eins möguleg við hitt. Annars miða mín breytíngaratkvæði til hins nauðsynlega, það fyrra til þess, að varna samgöngum þess sjúka og heilbrigða fjár, en það síðara til þess, að þar sem veikin kemur upp eða er til, þá sé hreinsað það pláz eður sá grunaði fjárflokkur burt; og ef þetta er ekki gjört að reglu, þá er ekkert gjört til gagns í þessu máli. Eg gjöri ekki þessi breytíngaratkvœði í því skyni, að eg vonist eptir, að þau heyrist eða framkvæmist, eptir því sem þetta mál nú horfir við; en eg gjöri þau fyrir samvizku minni, og álít það skyldu mína, að mæla með því, og halda því fram, sem er rétt og þarflegt, og miðar til föðurlandsins frelsunar; þó engi hafi það að neinu, þá get eg ekki meira.

Björn Pétursson: Eg ætla ekki að vera langorður, enda mætti það æra óstöðugan að elta hvern tölulið hér á atkvæðaskránni, og eg álít það með öllu óþarft, og það tæki aldrei enda, ef hver og einn færi að halda langa ræðu út af einu og sérhverju atriði; eg ætla að láta það sjást við atkvæðagreiðsluna, hverju eg gef atkvæði mitt. Þó verð eg að tala fáein orð um breytíngaratkvæði mitt, af því mér fannst *framsögumaður* misskilja það áðan. Það er, eins og eg sagði við undirbúníngsumræðuna, ógreinilegt og tilgangslaust *að gefa kost* á því, sem eg ekki veit betur, en menn híngað til hafi átt kost á, nefnilega annaðhvort að lækna eða skera. Eg vildi gjöra fjáreigendum annaðhvort *að skyldu (Framsögumaður:* Það er gjört!). Nei! það er *gefinn kostur á því!* Viðaukaatkvæðin held eg sé óþörf, því nefndarálitið sýnir, að þeir Pílatus og Heródes nú eru sáttir. Eg held líka stiptamtmaður ætti bágt með að kæfa niður allar æsíngar.

Indriði Gíslason: Eg ætla nú ekki að standa upp, til þess að fara að hræra innan um allan þenna grautagraut, sem er á þessari göfugu atkvæðaskrá; eigi að síður finn eg mér skylt, að fara

nokkrum orðum um málið yfir höfuð, því eg hefi þó vissulega heimtíng á, að eyða tímanum til einskis, eins og aðrir.

Það hefir opt verið talað um það hèr á þíngi, að það væri ekki til neins að vera að biðja um það, sem menn vissu fyrir víst að ekki fengist, og það þó, þegar menn hafa snúið sèr til stjórnarinnar; nú held eg verði beðið og skorað á ekki til einskis. Þá hefir því nú verið beint að þeim, sem rífa niður nefndarálit þetta, — og það er nú ekki mörgum að dreifa við það nema mèr —, að það væri ekki nóg að rífa niður og byggja ekkert aptur; en eg held það hvíli lítil skylda á mönnum til þess, að byggja þar upp aptur, sem betra hefði verið í eyði; enda var eg nú ekki kvaddur til byggíngar í þessu kláðamáli; en hefði eg byggt, svo hefði eg látið svo lítið og byggt ofaná undirstöðurnar þær í hitt eð fyrra, og mèr gat ekki dottið annað í hug, heldur en nefndin mundi halda sömu stefnu, og ekki láta teyma sig á sótbandi út um hraun og foræði af rèttri leið. Eg held nú að það hefði átt betur við, að halda stefnunni, og biðja um útrýmíngu sýkinnar með niðurskurði næstkomandi haust, þótt aldrei hefði verið, nema að hreinsaður hefði verið jaðarinn í Rangárvallasýslu að henni þjórsá, og aptur að vestan að Botnsvogum; þessa stefnu held eg flestir hefði gjört sig ánægðari með en þetta. Eg skil nú ekkert, hvernig þíngmenn fara að líta á þetta mál, ef þeir nú legði höndina á brjóstið og segðu: »það sem þèr vilið að mennirnir gjöri yður, það skulið þèr og þeim gjöra«, þá get eg ekki skilið, að þeir vildi láta þíngið taka sèr þetta alræðisvald yfir Norðlendíngum, eins og nú á að brúka við Sunnlendínga; eða hver mundi sá, sem vildi nú vera í sporum Sunnlendínga? því í öðrum hvorum flokknum hlyti menn að vera, annaðhvort þeirra, sem kallast niðurskurðarmenn eða lækníngamenn. Svo er nú ekki neinn fenginn enn þá, til að þyggja þetta næga vald og fullu ábyrgð, sem nú þíngið ætlar sèr að veita stiptamtmanni; en eg efast nú mikillega um það, að hann þyggi þessi völd. Það hefði heldur kunnað að vera, ef að Jörgensen heitinn hefði verið risinn upp af gröf sinni, að hann hefði kunnað að þyggja þetta alveldi yfir eignarrètti Sunnlendínga. Eg er annars sannfærður um það, að eptir þessu frumhlaupi iðrast þíngið, og eg er sannfærður um, að þau litlu sanngirnisböndin, sem til eru viðvíkjandi þessu máli, milli Norðlendínga, Vesturamtsbúa og Sunnlendínga slitna nú með öllu með þessu háttalagi. Þetta mun varla lokka Sunnlendínga til að eyðileggja kláðafè sitt, heldur þvert á móti, þegar þeir sjá þess-

ar tillögur þingsins gjöra hið gagnstæða, og þar af leiðir, að tilhliðrunarsemin minnkar frá hinum ömtunum, að hjálpa þeim til að eignast kind; má eg spyrja, hvernig getur nokkrum manni komið til hugar, að þessi aðferð dugi, því eptir þessari uppástúngu verður allur kláði, sem mögulegt er, dulinn, svo sem von er. Eða hver getur búizt við, að hin nýja kláðastjórn, sem á að skapast hèr í Reykjavík, geti æ og jafnan vakað yfir þessu, því lækníngarnar verða að vera, þegar bændur eiga að fara að lækna *upp á sinn kostnað*, eins konar partur af fjárhirðíngunni, sem aldrei má vanrækja. Eg get nú eigi að því gjört, að eg held þeir verði armastuttir hèrna úr Vík, og þótt skemmra væri, en að seilast um allt amtið, að hræra innan um hvern böðunardallinn; það er merkilegt að heyra þetta, að nú á stiptamtmaðurinn allt að gjöra; það er nú eins og eigi fyrst að byrja á þessu máli, og hann hafi ekkert reynt, og ekkert gjört; hvernig geta menn vænzt þess, að hann gjöri þetta betur hèr eptir en híngað til? Mig undrar mjög á því, að þíngmenn skuli með þessu vera að gjöra gis að sjálfum sèr, gis að æðstu yfirvöldum landsins, og gis að helgustu reglum og rèttindum þíngsins; og þó svona langt sè nú komið, þá held eg sè nú snjallasta ráðið fyrir hina heiðruðu þíngmenn, að stínga þessari atkvæðaskrá hjá sèr, og geyma hana, þángað til þeir gánga til þarfinda sinna.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er bágt að heyra, hvernig þíngmaður Dalasýslu rífur allt niður fyrir nefndinni, en byggir ekkert upp aptur í skarðið. Reyndar lofaði hann einhverju í staðinn aptur, og vísaði víst í því skyni á nefndarálitið frá þínginu í hitt eð fyrra, sem honum finnst sè hið eina rètta í þessu máli, en það á víst hèr við, að »hverjum þykir sinn fugl fagur«, því þó það, sem nefndin fór fram á á þínginu í hitt eð fyrra, væri gott þá og ætti vel við, þá er ekki víst það eigi vel við nú. Það lítur annars svo út, sem þessi þíngmaður sè orðinn lækníngamaður, og hafi fengið ama á niðurskurðinum, eða svo lá beinast við að skilja orð hans, en eg held nú reyndar þetta komi af því, að hann vill sjálfur fá einkaleyfið, til að skera niður, en vill ekki unna þess öðrum. Hann að minnsta kosti getur víst ekki talið það ómögulegt fyrir amtmanninn í Suðuramtinu, sem þó er þessu máli kunnugastur, að framkvæma það, sem hann hèrna fyrir skemmstu áleit hægðarleik fyrir amtmennina í Norður- og Vesturumdæminu. Að því er málið sjálft snertir, þá held eg nefndinni hafi tekizt mikið heppilega með uppástúngur sínar, því hèr er vandi úr að

ráða; enda finnast mèr fæst breytíngaratkvæðin bæta um uppástúngur nefndarinnar; þó er það eitt, sem *framsögumaður* reyndar hafði á móti, nefnilega það undir tölulið 7; það finnst mèr bæta, þó það sè ekki nema orðabreytíng; sama er að segja um breytíngaratkvæðið tölulið 9, og eins um viðbótina tölulið 13. Að því er tölulið 21 snertir, þá held eg að þeirri hnútunni hefði verið betur ókastað hèr inn á þíngið, og vil eg því helzt óska, að hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður taki við þessari eign sinni aptur.

Stefán Jónsson: Mèr hefir nú ekki snúizt hugur, síðan eg talaði síðast í þessu máli, því mèr finnst enn þá að stefna nefndarinnar sè næsta liðleg, eptir sem nú stendur á. Eg get ómögulega sèð, að þessi mikli eignarrèttur, sem menn tala svo mikið um, sè skertur með því, að menn annaðhvort *skyldist* til, að gjöra fè sitt eða skepnur sínar öðrum eignarrètti óskaðnæmar með lækníngum, eður þá í annan stað *skyldist* til, að lóga því. Mèr finnst sjálfir eigendur hins sýkta fjár mætti þakka fyrir; því ella gjörði þeir bæði sèr sjálfum og öðrum tjón, með því að ala kláðann. Eg sè því ekki, hvernig ætti að koma þeirri hugsun í samanhengi, að vilja skera allt, má ske margt heilbrigt niður á vissu svæði, og álíta það *ekki* skerðíngu á eignarrèttinum; en aptur á hinn bóginn álíta eignarrèttinn skertan, þó skorið sè það fè, sem er sjúkt, og eigandi ekki vill eður trassast við að lækna; og eg veit ekki, hvar eignarrèttur einstakra manna á að víkja fyrir hinu almenna, ef ekki er í þessu efni, eins og málið stendur nú. Enda er að líkindum ekki um svo mikið að gjöra, að ekki megi treysta valdi stiptamtsins, til að út rýma fjárkláðanum annaðhvort með lækníngum, skurði, eða þá hvorutveggja, eða í öllu falli hemja hann, þangað til næst í skipanir stjórnarinnar; og geti maður haft von um, að amtið fyrir vestan og norðan geti útrýmt fjárkláðanum hèr syðra, eins og ein uppástúnga fór fram á, býst eg við, að menn geti búizt við engu minna af amtmanninum í sjálfu Suðurumdæminu. Eg er því á sömu stefnu og eg áður var um þetta, og það því fremur, sem þetta ekki er allt nefndarálitið um fjárkláðamálið, og ekki enn þá allar ráðstafanir eru fram komnar, heldur er þetta sjálf byrjunin eður upphaf þess. Eg skal ekki orðlengja þetta mál meir, en einúngis geta þess, að hin 2 síðustu breytíngaratkvæði virðast mèr gjörð um skör fram, og er eg þeim alveg mótmæltur.

Sveinn Skúlason: Eg verð að játa, að mèr finnst nauðsynlegt, að breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Suður-Múlasýslu komist að,

því nefndin hefir tekið þetta of lint fram. Aptur á móti er mèr ekki mikið um breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga undir tölulið 9, því eg álít bezt, að almenn skoðun fari fram yfir allt Suðurumdæmið í haust, og felli eg mig því betur við uppástúngu nefndarinnar. Hið sama er að segja um breytíngaratkvæðið, tölulið 13, að eg get ekki fallizt á það, að stiptamtið gjöri slíkt með ráði alþíngis, sem lítið eður ekkert þekkir til, enda finnst mèr það ekki eiga við, eins og hèr stendur á, og væri því, að eg held, bezta ráðið það, einúngis að benda til þeirra, sem kunnugastir eru. Að endíngu skal eg leyfa mèr að geta þess, að töluliður 16. mundi víst mega kljúfast í sundur, að minnsta kosti sem orðabreytíng.

Páll Sigurðsson: Eg þarf ekki margt að tala, því þíngmaður Árnesínga er búinn að taka fram hið helzta, er var með breytíngaratkvæði okkar. En að eg snúi mèr að málinu í heild sinni, þá vill víst engi fremur en eg, að kláðinn sè numinn af; en eg efast í rauninni stórlega um, að það takist með þessu móti, sem hèr er farið fram á af nefndinni. Eg set nú svo, að allt gangi í himnalagi, sem menn kalla, nefnilega að stiptamtmaður fallist á aðgjörðir þíngsins; en má eg spyrja: hvernig er stiptamtmanni unnt að framkvæma allt þetta? Eg sè ekki, að honum sè slíkt auðið, þegar til framkvæmdanna ætti að koma, þó hann væri af gulli gjörður með vilja og vizku? Það er nú þá fyrst um skoðanirnar og um það, hvar líkur geti verið til þess, að kláðinn sè, að þá getur nú orðið þræta um það, og nú á *þegar* að framkvæma þetta; og hvernig skeður það? núna um hásláttinn á allt að framkvæmast, að skoða allt fèð hèr syðra; en ef menn nú óhlýðnast, hvernig á þá að fara með þá? Eg er hálfhræddur um, að þetta verði gamla hálfkákið, og þó ærinn kostnaður. Nefndin hefir einmitt hèr yfirgefið aðalregluna, sem þó erindisrekar konúngs álitu sem þá beztu grundvallarreglu fyrir lækníngunum, nefnilega þá, að aðskilja hið sjúka og hið heilbrigða fè; hèrna er vikið frá henni, og var hún þó sett sem skilyrði fyrir því að læknað yrði. En eg set nú svo, að allar skoðanir fari fram, og geti farið fram, þá eiga víst henni að fram fylgja einhverir tilsettir *launaðir* umsjónarmenn (því launalaust gjöra þeir það víst ekki, og umsjónar þarf við, ef gagn eða tryggíng á að að verða). En yrði nú sú niðurstaðan, sem mèr finnst sumir ímynda sèr, að engi kláði fyndist, og ekkert fè því kláðasjúkt, hvaðan á þá að taka laun handa þessum mönnum, sem gjört er ráð fyrir að launast eigi af eigendum hins *sjúka* fjár. Að öðru

leyti er eg svo vitgrannur, að eg get ekki sèð, að formið sè rètt í meðferð þessa máls, og það því síður, sem það eptir minni meiningu er farið fram á það, sem eigi getur látið sig gjöra — að eg mætti segja — svona rètt út í loptið; eða hvernig breytti þingnefndin í kláðamálinu 1859; skrifaði hún ekki, eða lèt skrifa hinum konúnglegu erindsrekum utan þings, og beiddist að fá upplýsingar, hvort þeir vildi eða treystist til, að láta gjöra þær ráðstafanir, er nefndin áleit þá nauðsynlegar? En nú á allt þingið að skrifa stiptamtmanni. Væri þingið löggjafarþing, kynni þetta að vera gjörlegt, því þá væri það sama sem skipun fyrir hann, og þykir mèr þó mjög tvisýnt, þó það væri löggjafarþing, að það hefði vald til, að leggja nokkra skipun fyrir embættismann, sem væri fyrir utan þingið; en það kvað nú ekki útaf vera svo, og er þetta því einúngis áskorun til embættismanns, sem þess vegna getur tekið það af tillögum þingsins til greina, sem honum þóknast, og hitt ekki; eður með öðrum orðum: vinsað úr öllu saman. Að vísu vildi eg gjarna vinna máli þessu gagn, en þó eg hafi komið fram með breytíngaratkvæði, skal eg ekki vera að mæla fram með því, því eg held það gjöri ekki stórt gagn, því eg álít allt þetta bæði formlaust og gagnslaust.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst að hinn heiðraði þingmaður, er nú settist, ætti framar að hugsa um það, sem mögulegt er, en um hitt, sem ómögulegt er. Það lítur svo út, sem hann ekki hafi tekið eptir því, hvernig *konúngsfulltrúi* tók í þetta mál; hann lofaði öllu góðu, og er það í sannleika gleðilegt! Eg vil geta þess, að það er ójafna við tímaákvörðunina undir nr. 1 og nr. 8, þar sem undir nr. 1 er talað um: »þar sem kláðavart hefir orðið á þessu ári«, eður með öðrum orðum: frá nýári í vetur; en í nr. 8 er talað um »hvar kláða hafi orðið vart næstliðna 2 vetur«, og er þó auðsèð, að engi ástæða er til, að taka til svo langan tíma, sem hèr er gjört, og er eg því móti þessum breytíngaratkvæðum.

Framsögumaður: Eg gæti ef til vill, eins og eg áður sagði, fellt mig við breytíngaratkvæði þingmanns Suður-Múlasýslu, því mèr finnst það engi breyting. Aptur á mót finnst mèr breytíngaratkvæði þingmannsins úr Húnavatnssýslu mjög óheppilegt.

Forseti: Eg get ekki hjá því komizt að tala fáein orð í máli þessu, bæði um hina almennu hlið þess og svo líka um það form, er nefndin hefir valið; og þar sem það er næsta vafasamt, hvort þetta form, að koma svona með nefndarálit í *tvennu lagi* um eitt

og sama mál, eður í tveimur pörtum, og ætlast til, að ræða hvorn partinn fyrir sig til undirbúnings og ályktar á 2 aðalfundum, hvort þetta form, segi eg, á við nokkra lagaheimild að styðjast, en það á öldúngis víst við enga undanfarna venju eður dæmi að styðjast, — þá virðist mèr meiri nauðsyn á, að innihaldið og stefna uppástúngnanna væri sem heppilegast og fastast. Nefndin hefir að sönnu gengið, að mèr virðist, út frá rèttri grundvallarreglu, nefnilega að manni sè gjört beinlínis að skyldu *annaðhvort að lækna* eður þá *að skèra;* eg er fullviss um, að hefði þessi grundvallarregla verið tekin í tíma, og henni öfluglega framfylgt, þá hefði betur farið; þingið 1857 fylgdi henni fram, en hún fèkk þá enga áheyrn. En þó að nú svo megi virðast, að þessari grundvallarreglu sè nú beitt heldur seint, þá má þar um segja, að »betra er seint en aldrei«. Hvað sem menn segja um kláða eða kláðaleysi nú sem stendur, þá er auðsèð að nefndin hefir álitið, að hèr væri kláði eða næsta grunsamt um hann, því annars hefði hún varla farið að búa til allar þessar reglur sínar. En látum oss nú fyrst gæta að, hvort það verði mögulegt að fá þeim framgengt, öllum þessum reglum? Eg held, að það sè flestallt ómögulegt, t. d. það sem nefndin fer fram á í 1., 2., og 3. tölulið; eða hvernig ætti stiptamtmaður að geta verið búinn að koma því, sem í þessum uppástúngum er af honum krafizt, í kríng nú fyrir næstu rèttir, sem allir vita eru haldnar hèr frá 20. til 30. september. Hann gæti hèðan af ekki einu sinni verið búinn að koma brèfum út um allt amtið og til allra hreppa í amtinu, fyr en undir lok næsta mánaðar, og er nú ætlanda til þess, að menn fari þá að ganga öll fjöll og afrètti, og reka saman fè til skoðunar um háslátt og bezta bjargræðistíma, og þegar ekki eru nema 3—4 vikur til vanalegra rètta? Þessar og aðrar eins uppástúngur, sem ekki eru á neinum rökum byggðar eða viti, eru því ísjárverðari sem formið sjálft er vissulega næsta hæpið. Á þingið sem heild, sem ráðgefandi samkoma, einkum í löggjafarmálum, nokkurn rètt á, að skora á einstaka embættismann landsins fyrir utan þingið um þær umboðslegu ráðstafanir, er embætti hans og embættisstjórn við koma? Eg efast um það, og eg verð beinlínis að mótmæla, að þingið eigi nokkurn rètt á því. Og þó að sjálf grundvallarreglan sè góð, þá spillir þessi aðferð við hana fyrir öllu ef til vill.

Mèr virðist og mjög vafasamt, hvort það muni vera vel til fallið, sem nefndin hefir farið fram á, að læknað verði undir *„opinberri tilsjón“*. Eg set nú svo, að kláði fyndist hjá þeim, sem

bezt hafa gengið fram með lækníngarnar, t. a. m. í Grafníngi, Grímsnesi eða Biskupstúngnm, ætla þeim þætti ekki hart, og væri það ekki í raun og veru, að taka af þeim, sem hafa sýnt sig bezta til að lækna, fè þeirra, setja undir opinbera umsjón, skera það síðan, ef eigi heppnuðust lækníngarnar »undir opinberri umsjón« þessar ákveðnu 6 vikur, — og við höfum ótal og óræk dæmi um það, að þessar kláðalækníngar undir opinberri umsjón hafa tekizt miklu ver heldur en hjá einstöku bændum, — og láta þessa fjáreigendur svo missa fè sitt fyrir ekkert, en borga þó allan skoðunarkostnaðinn og lækníngakostnaðinn! Eg held þeir þakkaði fyrir, sem von er. Eg tek það aptur fram, að mèr þykir bæði innihaldið og formið ískyggilegt; eg álít skyldu mína að vekja athygli þíngsins á þessu, svo það gæti sín sem bezt í þessu máli, og fari sem varlegast, því eg er hræddur um, að allt þetta stefni að því, að þíngið gangi lengra, en það má að rèttu lagi fara.

Framsögumaður: Það er bágt að heyra, hvað *forsetinn* okkar allt í einu er orðinn hræddur við stjórnina, og það jafnvel við stiptamtið, og það svo fjarskalega að yfir mig gengur. En eg get huggað hann með því að stiptamtmaðurinn sem núna er, bæði er of vitur, of mannúðlegur og of góður drengur og Íslendíngur til þess, að hann ekki taki eins vel í mál þetta, eins og hann þegar hefir heitið sem *konúngsfulltrúi,* er mál þetta kom fyrst til umræðu hèr á þíngi; enda er hèr ekki farið fram á neitt ómögulegt. Hèr er einúngis beðið um »sem bráðast«, en engi viss dagur til tekinn; og sèr því hver heilvita maður, að í þessu er engi ómögulegleiki fólginn. Hefði nefndarálitið getað komizt fram fyr, hefði má ske þessi agnúinn fallið burt. Stiptamtmanni er kunnugast, hvernig kláðanum nú sem stendur er komið, og *konúngsfulltrúi* skýrði frá, að hann einúngis væri á sára fám stöðum, þó *forseti* væri út um allar sveitir að leita að honum og finna hann. Það nær ekki neinni átt, að þíngið fari hèr fram á það, sem það á ekki með; að minnsta kosti þætti mèr gaman að heyra það, ef einhver gæti dregið það út úr lögunum. Hvað er hèr farið fram á? Í raun og veru ekkert annað, en að biðja stiptamtið að framfylgja því, sem hver lögreglustjóri, hver hreppstjóri getur framfylgt. Þíngið vill einúngis styðja stiptamtmann í framkvæmdum hans í þessu, með því að fela honum málið, og leggja á það álit sitt. Eg vildi óska þess, að þetta þíng aldrei hefði farið lengra út fyrir vald sitt; eg vildi óska þess, að það aldrei hefði gjört það meira,

og það einmitt í þessu sama málinu. Í hitt eð fyrra gat þó þingið snúið sèr að *stjórninni* sjálfri, og *ábyrgzt* henni allar aðgjörðir sínar í þessu máli, og mig minnir, að hinn sami *forseti,* sem nú er, fyndi ekkert að því; nú á þingið ekki að geta snúið sèr að *stiptamtmanni* með einfalda *bœn.* Er *bœnin* saknæmari en hitt, eða er stiptamtmaðurinn orðinn yfir stjórninni? Formið sjálft er ekki einasta *rètt,* heldur liggur það blátt áfram í hlutarins eðli; eg segi það hátt, og það mega þingtíðindin með sèr bera, að *það skal vera mín skömm,* ef menn *með rèttu* geta haft á móti forminu. Hèr á það alls ekki við, hvort þingið sè löggjafarþing eður ei. Ríkisdagurinn hefir í þessu efni engan meiri rètt en alþingi; hvorttveggja er bundið við lögin, ríkisdagurinn við grundvallarlögin, alþingi við alþingistilskipanina; en það álít eg sem víst, að það, sem ekki er bannað í lögum þessum, og sem að öðru leyti ekki stríðir móti anda þeirra eður öðrum lögum, sè leyfilegt. Fleiru þarf eg ekki að svara upp á hina löngu og snjöllu ræðu hins heiðraða *forseta.*

Guðmundur Brandsson: Eg hefi nú áður látið það í ljósi, að mèr þætti mál þetta viðsjált, og má geta nærri, að eg ekki hefi batnað við það, að heyra ræðu hins háttvirta *forseta* og þingmannsins úr Rangárvallasýslu. Það er svo sem auðsèð, að nefndin hefir verið í vandræðum, og því gripið til þessa úrræðis, þó hún hafi haft hina beztu meiningu. Hina opinberu umsjón, sem nefndin fer fram á, skil eg einúngis sem opinbert eptirlit. En þar sem talað er um, að launa þetta eptirlit, sè eg ekki betur en að það, ef töluverður kláði fyndist fyrir, væri óbeinlínis niðurskurður; eður hvernig ætti fátækur maður, sem á fáeinar rollur að borga þetta; hann skæri víst heldur, til að forðast kostnaðinn, og væri nú þetta maður, sem lægi á sveit, hvar ætti þá að taka borgunina? úr hreppssjóðnum má ske? en þá held eg hreppstjórar önduðu í drukkinn, sem von væri. Hitt, sem hèr stendur, »að svo miklu leyti hið opinbera ekki leggur fè til«, skil eg nú ekki. Hvað er meint með þessu orði: hið opinbera? má ske það sè stjórnin? Það væri nú gott að vísu, ef hún vildi enn þá leggja fè til, en ætli það geti ekki sannast hèr, sem optar, »að leiðir verði langþurfamenn«; en sè þar með meintur jafnaðarsjóðurinn, þykir mèr miður komið; hann er ekki fær um að bera það, sem á honum liggur nú, því síður meira; enda er mèr óljóst, hvert slík gjöld ætti að greiðast af honum, og er bágt til þess að vita, að engi skýr lög skuli vera til fyrir því, hvað úr honum eigi að gjaldast, og víst var um það,

að alþingi 1859 þótti þetta slæmur galli. Um það að að skilja grunað og ekki grunað fé, þá held eg nú að bágt verði að til taka það; sumir gruna allt það fé, sem einu sinni hefir fengið kláða, þó það sé af honum allæknað fyrir löngu síðan; aðrir tala um nokkuð styttri tíma, svo sína meiníguna leggja hverir í þetta; aðskilnaður fjárins og vöktun þess hefir ætíð þótt erfitt, en samt er það ekki alstaðar ómögulegt; þannig þekki eg mann suður í Höfnum, sem með kostnaði ærnum hefir vaktað og enn, þann dag í dag, lætur vakta fé sitt út af fyrir sig. Menn hafa talað um góðar undirtektir stiptamtmanns, en hvað duga þær, ef hann ekki getur framkvæmt það, sem til er ætlazt? eður hvernig eiga þessar fjárskoðanir að geta farið fram núna? Eg vildi því helzt, að úr væri felld fyrstu 3 atriði nefndarinnar, eður allt aptur að nr. 4, því þar með ynnist það, að þessar fjárskoðanir þyrfti ekki að byrja fyr en í réttum í haust. Til þess ekki að lengja þessar umræður, skal eg ekkert fást um breytíngaratkvæðin; aðrir eru líka búnir að því.

Jón Hjaltalín: Eg ætla að leyfa mér að tala fáein orð um þessar uppástúngur í síðasta skipti; eg bjóst við, að um þær mundi verða deildar meiníngar, og var eg búinn að búa til minni hluta, en sleppti því samt, sökum þess nefndin var allt af að skána, og það þykir oss læknum altènd gott, þegar fólki skánar. Þó var meiníng mín sú, að nefndin mundi naumast geta framfylgt þessum atriðum; eg sè, að hún hefir raunar reynt til þess upp á bezta máta, en vilinn er eigi ávallt einhlítur. Það er sorglegt, hvílik tvídrægni hefir verið í þessu máli, bæði á þíngi hèr og út um landið, sem óskandi er, að ekki við hèldist, og sem hefir gjört, að margur hefir verið lastaður óverðskuldað hèr í salnum. Mál þetta hefir verið meðhöndlað hèr á þíngi í 3 skipti á óvanalegan hátt, og það til einskis gagns, af því að menn, sem ekki þekkja gómstóran blett á skepnu, hafa viljað dæma og álykta í því máli, sem þeir ekki hafa minnsta vit á, en sem velferð alls landsins er undir komin; eg gæti sannað þetta með sönnunum, sem allir menntaðir menn í öllum löndum, á móti hverjum vèr, 23 hèr í salnum, ekki erum meir en eins og einn vatnsdropi á móti veraldarhafinu, hlyti að samsinna. Þegar stjórnin fèkk þínginu þetta mál til meðferðar, þá fèkk hún því það mál, sem þíngið ekki var fært um að meðhöndla, sem þíngið ekki gat sagt skynsamlegt álit um, og þetta hefir komið fram í þíngræðunum nú á þremur þíngum; eg ætla mèr ekki að sanna

þetta, því það mundi verða of langt, og þingmenn vildi má ske ekki heldur heyra sönnunina; eg vil ekki heldur vera að eyða tímanum með því, að gjöra mönnum illt í skapi; með því mun ekki heldur mikið ávinnast.

Eg sný mèr þá að breytíngaratkvæðunum á atkvæðaskránni, og sýnast þau mèr öll saman sprottin af sömu rót eins og nefndarálitið; það er eins og hver maður hugsi: látum oss ei rífast lengur; látum oss komast að einhverri niðurstöðu í þessu máli, sem er byggð á stillíngu og sannsýni. Eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna, að mig furðaði á því, og það gleddi mig um leið, að Norðlíngar, sem þó hafa fengið orð fyrir að vera fastir í niðurskurðartrúnni, tóku þó núna undir nefndarálitið með meiri stillíngu en sumir aðrir, og það hefir staðfest þá trú hjá mèr, að Norðlíngar væri ekki alveg eins blindir niðurskurðarmenn, eins og sumir af hinum verstu Sunnlendíngunum af sama flokki; sumir hafa nú talað hèr með svo miklum velvilja og skynsemi um nefndarálitið, að eg vildi óska, að sumir niðurskurðarmenn fyrir austan og vestan Reykjavík hefði talað eins skynsamlega og þeir. Um breytíngaratkvæðin ætla eg ekki að tala langt; þau eru flest þannig, að það er lítill munur á þeim og uppástúngum nefndarinnar. Eitt þeirra sýnist að vera í nokkuð aðra stefnu en nefndin; það er breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu undir 13. tölulið, að verði sett »alþíngis« í staðinn fyrir »þíngmanna, er bezt þekkja til«. Menn skyldi má ske halda, að eg hefði verið á móti þessu; en eg hafði þá tilfinníngu, að eg var svo glaður yfir velvilja nefndarinnar til mín, að eg vildi ógjarna slíta samvinnu við þá menn, sem eg hafði tiltrú til, og sem eg vil einnig, að hafi tiltrú til mín. Eg hafði vonað, að *framsögumaður,* sem nú í 2 ár hefir verið máli þessu vel kunnugur, sem veit, hvað í því hefir gjörzt, og sem hefir lesið bænarskrár þær, sem sendar hafa verið til þíngsins, og sem eg hefi afhent *forseta* — mundi hafa haft meira tillit til þeirra, en hann hefir haft. Í þeirra anda hefi eg tekið mèr viðaukaatkvæðið undir 21. tölulið, og hefi eg valið þenna veg, til þess að koma þeim fram, í stað þess að lesa þær upp á þínginu; en *framsögumaður* segir, að það sè sprottið af keppni, og að það sè komið af einhverri tilviljun inn á atkvæðaskrána, og að það ætti að falla ásamt með viðaukaatkvæði þíngmanns Borgfirðínga undir 22. tölulið, sem ekki mun hafa komið fyr en í gærkveldi, og sem prentarinn víst hefir flýtt sèr með að prenta, því eg sè ekki betur, en

að 2 prentvillur sè í því (*Forseti:* Eg skal geta þess, að viðaukaatkvæðið kom til mín á til teknum tíma í gærmorgun). Eg vil líka leggja það út á bezta veg. Eg ímynda mèr að þingmaðurinn hafi, áður en hann bjó til breytíngaratkvæðið, farið að hugsa um málið; hafi hann svo farið að telja á hnöppunum í frakkanum sínum, og sagt: Á eg að vera niðurskurðarmaður? Á eg að vera lækníngamaður? Hafi það svo orðið útfallið, að hann skyldi vera niðurskurðarmaður; ætli það sè þá ekki prentvilla, þar sem hèr stendur: lækníngaæsíngar? Skyldi það ekki hafa átt að vera lækníngaæfíngar? (*Arnljótur Ólafsson:* Nei). Eg hefi ekki orðið var við neinar lækníngaæsíngar, og þó mundi þeim ekki hafa verið hlýft, sem þær hefði brúkað. Eg get ekki fellt mig við það, að viðauki minn falli; en eg get ekki heldur gegnt þeirri bæn þíngmanna, að taka það aptur; þíngið getur fellt það, ef það vill; en eg óska, að það gjöri það ekki, því mèr finnst það vera það minnsta tillit, sem menn geta haft til bænarskránna, sem til þíngsins hafa komið að austan, frá þeim mönnum, sem mest hafa mátt kenna á niðurskurðaræsíngunum, sem hafa gengið allt of vítt; þær hafa gengið svo vítt, að fèð hefir verið kyrkt og skorið niður út í haga, það skeði uppi á Skeiðunum; það veit þíngmaður Árnesínga eins vel og eg; en í Rangárvallasýslu er þó hroðalegasta dæmið. Þar gróf niðurskurðarmaður kláðakind sína, sem hann skar sjálfur, geymdi hjá sèr, en þóttist svo finna hana nokkru seinna, og sagði, að lækníngamaður ætti hana; hann ætlaði með þessu að sanna, að lækníngarnar dygði ekki (*Forseti:* Þetta kemur ekki málinu við). Fyrir þetta var maðurinn svo að segja ekkert straffaður; eg tala ekki um það, sem skeð hefir hèr nær; en einn bóndi sagði mèr, að hann yrði að halda fè sínu inni, því hann gæti annars ekki verið óhræddur um það fyrir niðurskurðarmönnunum. Af því eg veit, að þeir menn, sem skrifað hafa bænarskrárnar, eru sannfærðir um það, sem þeir segja, og eg veit, að þeim er full alvara, þá muni þeir fara lengra með mál þetta en til þíngsins, ef það veitir ekki bænum þeirra áheyrn; eg get ekki skilið, að þíngmönnum geti þótt það órèttvíst, eptir því sem fram er komið hèr í Suðuramtinu í þessu máli, að það olli misklíðum hèr í salnum; því þó það olli hèr misklíðum, ollir það samt meiri misklíðum utansals, ef þíngið tekur ekki tillit til þess; og það segi eg, að verði viðaukaatkvæði mitt fellt, stend eg ekki upp fyrir einu einasta atriði á atkvæðaskránni.

Framsögumaður: Eg játa það, að eg talaði lítið um viðauk-

ann undir 21. tölulið, af þeirri ástæðu, að eg hèlt, að það yrði að eins til að vekja óþarfa kappræður hèr á þingi; það fer líka auðsjáanlega fram á það, sem er stiptamtinu, ef til vill, ofvaxið; því svo framarlega sem stiptamtmaður væri beðinn um að framfylgja þessu, yrði hèr að vera frönsk »Politiinspection«, lögregluranns6kn, því hvernig er það með öðru móti unnt, að hafa nákvæman vörð á hugsunum manna, orðum og verkum; eg veit ekki, hvernig aðrir skoða þessar niðurskurðaræsíngar, en eg skoða þær sem ráðleggíngar til þess, að skera niður fèð, og mun það eigi verða auðið að hindra það, að slík ráð verði gefin; það er ekki einúngis fyrir amtmanninn hèrna, heldur fyrir hvern amtmann, sem er hèr á landi, og þá alla til samans.

Pètur Pètursson: Eg hefi ekki talað fyr í þessu máli, og skal ekki heldur lengja umræðurnar mikið. Það hefir verið talað um það óvanalega form, sem haft hefir verið við þetta mál, og skal eg ekki bera á móti því, að það er ekki tíðkanlegt; en eg get samt ekki sèð, að það sè ólöglegt. Það var má ske náttúrlegra, að nefndin hefði gegnum *forseta* sinn leitað þessara upplýsínga hjá stiptamtmanni; en eins og nú er komið, álít eg, að það sè sjálfsagt, að menn greiði atkvæði um uppástúngurnar, og biði svo stiptamtmann með hóglegum orðum um að segja álit sitt um það, hvort honum sýnist unnt og ráðlegt, að framfylgja þessum uppástúngum, því eg legg ekki aðra þýðíngu í þetta orð að *„skora á“* en að biðja. Að því er snertir fyrstu uppástúnguna, sem margir hafa verið á móti, af því að það væri eigi unnt að framfylgja henni, þá er þetta að vísu svo, ef kláðinn væri nú víða, því þá væri eigi auðið að skoða allt fèð nú þegar; en eg hefi ekki heyrt talað um, að kláði væri víðar en á Suðurnesjum. Í vor var líka getið um, að hann væri í Borgarfirði; en síðan hefir ekkert heyrzt um hann þar. Mèr sýnist það þó vera auðið fyrir stiptamtmann, að senda suður á Suðurnes hið bráðasta. Það mildar mikið úr þessari ákvörðun, að kláðinn er ekki nema á einstökum stöðum; málið missir ekki neitt af sinni aðalstefnu fyrir það, þó aðalskoðun fjárins fari ekki fram fyr en í rèttum í haust. Eg er yfir höfuð að tala alveg samdóma grundvallarreglunum í uppástúngum nefndarinnar, sem mèr finnast mjög heppilegar, til þess að fá enda á þessu vandasama máli.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú ekki upp, til að tala um formgalla á máli þessu; hinir aðrir eru búnir að því, og eg er þeim í alla staði samþykkur; það voru fáein orð, sem eg vildi segja

út af því, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður sagði við undirbúningsumræðu máls þessa; hann sagði að eg mundi vera hræddur um, að farið yrði að skoða í kvíarnar hjá mèr; en eg get sagt honum það, að eg er alls ekki hræddur um, að kláði finnist í ám mínum, eða nokkurstaðar í Skaptafellssýslum, ef fèð er skoðað af þeim manni, er þekkir kláða; og eg álít að þingmaðurinn þekki hann nú, eptir svo langa meðhöndlun hans, enda þó eg hafi heyrt, að illa hafi gengið að þekkja hann í Mýdal fyrst, og vili nú þingmaðurinn koma með mèr austur að Árnanesi, segi eg hann vel kominn. Eg fæ þar góðan og skemmtilegan samferðamann; en hann verður að ferðast það upp á sjálfs sín kostnað; að öðru leyti skal eg leiðbeina honum um Hornafjörðinn; en eg vil vona, að hann jafnframt sannfærist um, að það sè þó ekki kostnaðarlaust, að fara þangað austur í fjárskoðanir, og að það verði erfiðara í framkvæmdinni, en að setja það á pappír hèrna á þingsalnum. Eg ætla nú ekki að fara að elta þessi 23 atkvæði, sem hèr liggja fyrir mèr; þingmaðurinn frá Suður-Þingeyjarsýslu og eg höfum orðið svo heppnir, að nefndin hefir nú gengið inn á breytíngaratkvæði okkar undir tölulið 16; þó fann *framsögumaður* það að því, að við höfðum ekki fellt úr orðið »það«, en það fellur nú burt af sjálfu sèr. Eg að vísu get nú ekki sagt neitt með vissu enn, fyrir hverju eg muni gefa atkvæði, enda held eg, að eg hvíli mig fyrir mörgu af þessu rusli, því eg þykist sjá fram á, að ómögulegt sè fyrir stiptamtmann að framfylgja þessum ákvörðunum; eg sjálfsagt verð á móti tölul. 21. og tölul. 22.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls er þessari ályktarumræðu lokið.

Var síðan gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, og fèllu þau þannig:

1. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar* og *Páls Sigurðssonar* við 1. gr. nefndarinnar fellt með 14 atkv. gegn 4.
2. Nefndin, 1. uppástúnga, samþykkt með 15 atkv. gegn 2.
3. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Haugum við 1. uppástúngu nefndarinnar fellt með 12 atkv. gegn 3.
4. Nefndin, 2. uppástúnga, samþykkt með 17 atkv.
5. Sama, 3. uppástúnga, samþykkt með 17 atkv.
6. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Haugum við 4. uppástúngu nefndarinnar fellt með 14 atkv. gegn 1.

7. Breytíngaratkvæði *Björns Pèturssonar* við 4. uppástúngu nefndarinnar samþykkt með 15 atkv.
8. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar* og *Páls Sigurðssonar* við 4. gr. fellt með 12 atkv. gegn 4.
9. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* við 4. uppástúngu nefndarinnar (samþykkt af nefndinni) samþykkt með 14 atkv. gegn 2.
10. Nefndin, 4. uppástúnga, borin upp með áorðnum breytíngum þannig:

    »Að allt fè í Suðuramtinu, sem nokkrar líkur eru til, að veikt sè, sè vandlega skoðað í haust í fyrstu rèttum, og að eigendum þess fjár, er þá kynni að reynast veikt, sè gjörðir tveir kostir, annaðhvort að selja fè sitt undir opinbera lækníngaumsjón, eða skera það þegar í stað. Með þá kind, sem eigi er læknuð, eptir 6 vikna tíma, sè farið samkvæmt 3. atriði« — samþykkt með 19 atkv.
11. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar* og *Páls Sigurðssonar* við 5. uppástúngu nefndarinnar fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við tölulið 1. og 8.
12. Nefndin, 5. uppástúnga, samþykkt með 17 atkv.
13. Breytíngaratkvæði *Ásgeirs Einarssonar* við 6. uppástúngu nefndarinnar fellt með 16 atkv. gegn 3.
14. Nefndin, 6. uppástúnga, samþykkt með 15 atkv.
15. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar* við 6. uppástúngu nefndarinnar fellt með 10 atkv. gegn 6.
16. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum og *Stefáns Eiríkssonar* (samþykkt af nefndinni) samþykkt með 18 atkv.
17. Nefndin, 7. uppást., borin upp með áorðnum breytíngum þannig:

    »Að mönnum þessum verði sæmilega launuð vinna sín, og að laun þeirra og annar kostnaður, er að þessu lýtur, borgist af eigendum hins sýkta fjár að rèttri tiltölu, að því leyti sem stjórnin ekki leggur fè til þess — samþykkt með 17 atkv.
18. Sama, 8. uppástúnga, samþykkt með 15 atkv.
19. Breytíngaruppástúnga *Benedikts Sveinssonar* við 9. uppástúngu nefndarinnar, samþykkt með 14 atkv. gegn 2.
20. Nefndin, 9. uppástúnga, borin upp með áorðnum breytíngum þannig:

    »Að stiptamtið auglýsi sem fyrst uppástúngur þessar á prenti, og að hvað miklu leyti það sjái sèr fært, að taka

þær til greina, og gefi þinginu jafnframt til vitundar, gegnum *forseta* þess, undirtektir sínar undir þetta mál« — samþykkt með 17 atkv. gegn 1.

21. Viðaukaatkvæði *Jóns Hjaltalíns* fellt með 12 atkv. gegn 4.
22. Viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar* við tölulið 21. fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 21. tölulið.
23. Hvort alþingi vili skora á stiptamtmann, að framfylgja ráðstöfunum þessum samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Um þenna tölulið var nafnakall við haft, og fór það þannig, að

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Benedikt Þórðarson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Árni Einarsson.	Guðmundur Brandsson.
Arnljótur Ólafsson.	Jón Hjaltalín.
Ásgeir Einarsson.	Páll Sigurðsson.
Benedikt Sveinsson.	
Björn Pètursson.	
Gísli Brynjúlfsson.	
Helgi G. Thordersen.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Haugum.	
Magnús Andrèsson.	
Pètur Pètursson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	

Indriði Gíslason greiddi ekki atkvæði, en *Ólafur Jónsson* og *Páll Melsteð* voru fjærverandi.

Var 23. töluliður þannig samþykktur með 16 atkv. gegn 4.

Ákvað *forseti* því næst dagskra til næsta fundar, og ákvað fund til næsta dags, föstudagsins hins 26. júlí kl. 11.

Fundi slitið.

Tuttugasti og þriði fundur — 26. júlí.

Forseti gat þess, að hinn 5. konúngkjörni, þingmaður Skagfirðinga, þingmaður Húnvetninga og þingmaður Norður-Þingeyinga hefði tilkynnt sèr, að þeir sökum forfalla ekki gæti sótt fund í dag.

þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúningsumræðu* málefnið (konúnglegt frumvarp) *um kaupstaðarrètt og stjórn bæjarmálefna á Akureyri. Framsögumaður* er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga.

Var þá málið afhent *framsögumanni*, er las upp nefndarálitið svo látandi:

Hið heiðraða alþingi kaus oss, sem ritum hèr nöfn vor undir, 2. dag þessa mánaðar í nefnd, til að íhuga og kveða upp álit vort um »frumvarp til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn hæjarmálefna þar«, sem *konúngsfulltrúi* lagði fyrir þingið af hendi stjórnarinnar.

Vèr höfum íhugað mál þetta á fundum, og er það álit vort, sem nú skal greina:

Eins og þinginu er kunnugt, sendu Akureyrarbúar alþinginu 1859 bænarskrá um, að Akureyri yrði aðskilin frá Hrafnagilshrepp, og jafnframt frumvarp til reglugjörðar um bæjarstjórn þar, og beiddust þess, að þingið ritaði konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að frumvarp þetta fengi lagagildi. Þingið setti þá 5 manna nefnd í málið, en sú nefnd bjó til nýtt frumvarp, og lagði til grundvallar reglugjörð 27. nóv. 1846, um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, og á þetta frumvarp fèllst þingið með litlum breytingum í einu hljóði, og sendi það síðan konúngi með þeirri allraþegnsamlegustu bæn, að það mætti fá lagagildi, án þess að verða lagt fyrir alþingi aptur. En þegar til stjórnarinnar kom, þótti henni ísjárvert, að fallast á uppástúngur frumvarps alþingis að öllu leyti, einkum þar bæjarstjórnin á Akureyri þá fengi meira sjálfsforræði, en t. a. m. Reykjavík eður bæir í Danmörku, nema Kaupmannahöfn ein, eður að öll þau mál eigi skyldi ganga til úrskurðar amtmanns eða jafnvel stjórnarinnar í Danmörku, sem áður hefir verið venja til, að leggja undir úrskurð þeirra. En með því stjórnin eigi gat fallizt á frumvarp alþingis, eins og það var, þótti henni rèttast, að bera málið undir þetta alþingi, og lèt því leggja fyrir það frumvarp það, sem hèr ræðir um; er það í mörgum greinum að nokkru breytt frá frumvarpi alþingis; mest er þó umvert breytingarnar í þeim atriðum, sem snerta síðasta úrskurð málanna, 1., 5., 10., 19., 22., og 25. gr.; allvíða er greinunum sjálfum breytt, bæði að orðaskipun og orðfæri, þótt efnið sè að mestu, eptir því, sem oss

virðist, víða hið sama, en oss nefndarmönnum kom saman um, að réttast væri, að hleypa fram hjá sèr slíkum breytíngum, nema brýn nauðsyn bæri til breytíngar, og höfum vèr þó eigi getað komizt hjá, að gjöra breytíngaratkvæði nokkur, þar sem oss þótti, að orðfærið gæti valdið misskilníngi. Vèr skulum og geta þess, að þegar semja á reglugjörð um fyrirkomulag bæjarmálefna á einhverjum stað hèr í landi, virðist oss, að menn eigi að hafa eingöngu tillit til þess, hvernig hèr á landi til hagar, og hvað bæjarbúum, því samkvæmt, sè hollast, en eigi tillit til þess, hvernig til hagar í Danmörku eða öðrum löndum, og hvað bæjarbúum þar, þar sem allt öðruvísi til hagar, kunni að vera til hins bezta. Að svo mæltu snúum vèr oss að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

1. grein.

Þessi grein er að mestu leyti samhljóða 1. grein frumvarps alþíngis 1859, að því undanskildu, að Oddeyri er eigi þegar lögð undir kaupstaðinn, og verðum vèr að fallast á þá breytíngu, úr því hinni tilvonandi bæjarstjórn Akureyrar er gefinn kostur á, að segja álit sitt um það síðar meir, hvort sú sameiníng sè æskileg eða ekki.

En önnur er sú breytíng í þessari grein, sem vèr getum eigi fallizt á, með því hún er eigi alls kostar rètt, og það er sú, að inn í 2. lið greinarinnar er bætt þessum orðum: »undir tilsjón amtmannsins yfir Norður- og Austurumdæminu og yfirstjórn hlutaðeiganda stjórnarráðs«. Þessi orð eru eigi alls kostar rètt; því að í þeim virðist felast, að bæjarstjórnin eigi megi ráða neinu til lykta, nema með samþykki hlutaðeiganda stjórnarráðs, en það er alls eigi svo að skilja, hvorki eptir frumvarpi stjórnarinnar, og því síður eptir þeirri niðurstöðu, sem vèr komumst að; því að þau eru mörg málefni, er bæjarstjórnin útkljáir, og á að útkljá upp á sitt eindæmi, án þess þau nokkru sinni komi til amtmanns-úrskurðar, og því síður til úrskurðar stjórnarinnar; viljum vèr því í stað orða þessara setja: *„með þeim takmörkunum, sem síðar greinir“*.

2., 3. og 4. gr. höfum vèr ekkert að athuga við, og viljum halda þeim óbreyttum, eins og þær eru í frumvarpi stjórnarinnar.

5. grein.

Fyrsta kafla greinar þessarar viljum vèr ráða þínginu til að breyta samkvæmt uppástúngu alþíngis 1859; greinin er þar orðuð samkvæmt reglugjörðinni um bæjarstjórnina í Reykjavík, og vèr sjáum enga ástæðu til að víkja frá því, þó þvílíkar greinir sè nú orða-

aðar öðruvísi í lögum, sem koma fyrir bæi í Danmörku, einkum þar vèr ekki sjáum, að nokkuð betra fáist við þessa breytíngu.

6. grein óbreytt.

7. grein.

Inn í fyrri lið þessarar greinar viljum vèr á eptir: *„sem kosníngarrèttt“*, bæta orðunum: *„og kjörgengi“*, því enda þótt að þetta fari saman eptir ákvörðun 4. gr., þá á það miður við, að láta hinna kjörgengu að engu getið, þegar semja skal skrá yfir þá, sem kjósast megi.

8. og 9. grein óbreyttar.

10. grein.

2. og 3. lið þessarar greinar viljum vèr hafa óbreytta, eins og í frumvarpi alþíngis 1859 (síðari hluti 11. gr.), því vèr fáum eigi sèð neina næga ástæðu, eptir því sem hèr hagar til, til þess, hvers vegna amtmanninum sè eigi trúandi fyrir, að skera úr slíku, og að sá, sem kann að þykja úrskurður hans ekki rèttur, skuli ávallt geta skotið málinu til úrskurðar stjórnarráðsins. Ef hlutaðeigandi fulltrúi eða bæjarstjórn ætti ávallt að eiga kost á, að skjóta úrskurði amtmannsins til stjórnarinnar, gæti hæglega svo farið, að engi fulltrúakosníng, sem gild væri, gæti fram farið næstum allt árið; því að þegar amtmaður ónýtir kosníng, og hlutaðeigandi eða bæjarstjórnin vill skjóta málinu til úrskurðar stjórnarinnar, fer það brèf í fyrsta lagi með póstskipinu í marzmánuði; nú getur hæglega svo farið, að dragist fyrir stjórninni úrskurðurinn, svo að hann komi eigi aptur, fyr en með júlímánaðar ferðinni, og þá kemst hann eigi norður á Ákureyri, fyr en einhvern tíma í ágústmánuði; þegar þá á að fara að semja kjörskrá, og hún á að liggja bæjarbúum til sýnis um 14 daga, þá er auðsèð, að kosníngar geta eigi farið fram, fyr en í septembermánuði. Að rètti amtmanns sè hallað með því, eður vald hans rýrt, þó hann sè skyldaður til að leggja úrskurð á málið, án þess að bera það upp fyrir stjórninni, fáum vèr ekki sèð.

11.—16. greinum viljum vèr halda óbreyttum.

17. grein.

Úr byrjun þessarar greinar viljum vèr að sleppt sè orðunum: *„Skal með sýslu þessa farið í öllu samkvæmt N. L. 3—5; þó“*, því að vèr sjáum alls eigi, að þessi innvitnun i þenna lagastað — auk þess, sem slíkar innvitnanir ætti að forðast sem mest — geti skýrt málið að nokkru; því að ákvarðanir þessa lagastaðar eru sumpart breyttar með þessu frumvarpi, þegar það fær lagagildi, og teknar

upp í það, og sumpart geta þær eigi við átt, eptir allri stefnu frumvarpsins, enda má koma þeim inn undir önnur almenn lagaboð.

18. grein óbreytt.

19. grein.

Eptir frumvarpi alþingis 1859 var svo ákveðið, að áætlunin skyldi gild án samþykkis amtmanns. Stjórnin hefir eigi getað fallizt á þessa ákvörðun, og hefir því breytt niðurlagi greinarinnar eptir 19. grein í tilsk. 27. nóvemb. 1846. En vèr nefndarmenn getum eigi fallizt hvorki á breytíngu stjórnarinnar nè ástæðurnar fyrir henni. Því að það er sannlega þó hið eðlilegasta, að bæjarbúar megi sjálfir ráða fè sínu, og að þeir eigi þurfi að sækja leyfi til amtmannsins, að mega gjöra bætur á hjá sèr í ýmsum efnum, þegar kostnaðurinn leggst allur á þá það og það árið, og þegar engi gjaldþegna kvartar undan því. Hvort bæir í Danmörku hafa leyfi til þessa eða ekki, virðist oss þessu máli óviðkomandi, og oss getur heldur eigi betur fundizt, en að það sè rangt að synja Akureyrarbúum þess skipulags á stjórn bæjarmálefna sinna, sem hagkvæm virðist, sökum þess, að Reykjavíkurbúar eigi hafa sama skipulag; ef skipulagið er í sjálfu sèr rètt og hagkvæmt, virðist oss miklu fremur ástæða vera til, að breyta tilskipuninni fyrir Reykjavík, svo að sama fyrirkomulag komist þar á. Jafnlítið virðist oss varið í hina mótbáru stjórnarinnar, að það sè eigi þeir eingöngu, er gefi atkvæði um áætlunina, sem eigi að greiða gjöldin; því að bæjarbúar hafa kosið fulltrúa sína, og það sjálfsagt þá, er þeir treysta bezt til, að sjá bæjarins sanna hag, enda er það varla hugsandi, að fulltrúarnir leggi nokkurn þann kostnað á bæjarbúa, sem meiri og betri hluti þeirra telur óþarfan, eða sem þeim er ógeðfelldur. En til þess þó að búa sem tryggast um hnútana, viljum vèr ráða þínginu til, að setja þá ákvörðun inn í greinina, að þyki amtmanni eitthvað athugavert við áætlunina, skuli hann bera það undir almennan fund bæjarbúa, og skuli atkvæði þeirra ráða, enda er þetta uppástúnga sjálfra Akureyrarbúa í frumvarpi því, sem þeir sendu þínginu 1859.

20. grein.

Samkvæmt breytíngu þeirri, sem stúngið er upp á, að gjörð sè í 19. grein, verður að breyta upphafi 20. greinar, og á þá, í stað orðanna: »Ef amtmaður samkvæmt«, að verða sett: »Að því gjörðu, sem fyrir var mælt í«.

21. grein.

Það þykir oss ljósara orðað, að bætt sè inn í orðinu: »gjaldþegna« á eptir: »þyki einhverjum« í byrjun greinarinnar.

22. grein.

Niðurlag greinarinnar þykir oss óljóst orðað, og virðist oss því nauðsyn að breyta því; því oss skilst svo, sem sú sè tilætlunin, að því fè, sem þarf til þeirra útgjalda, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætlunarskránni það ár, þurfi eigi að jafna niður, fyr en með næsta árs gjöldum, og það viljum vèr, að sè tekið skýrt fram í greininni.

23. og 24. grein óbreyttar.

25. grein.

Af breytíngu þeirri, sem upp á er stúngið í 19. grein, leiðir það beint, að úr verður að fella orðin: »að veita gefins fjárstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdölum«. Sömuleiðis verður að breyta ákvörðuninni um byggíngarstörfin; því fái bæjarbúar sjálfir vald til, að ákveða ársgjöld sín, verða þeir og að hafa það í byggíngarstörfum.

26. grein óbreytt.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, viljum vèr ráða hinu heiðraða alþíngi til, að biðja hinn allramildasta konúng vorn, að frumvarp þetta allramildilegast fái lagagildi, með þeim breytíngum, sem nú skal greina:

1. Að í 1. greininni 2. atr. í stað orðanna: »*undir tilsjón amtmannsins .... hlutaðeiganda stjórnarráðs* »verði sett: »*þó með þeim takmörkunum, sem síðar segir*«.
2. Að 1. liður 5. greinar verði þannig orðaður: »*Engi sá getur tekið þátt í kosníngu bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosníngu, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenníngsáliti, jafnvel þótt hann hafi ekki sætt þeirri hegníngu, er samkvæmt opnu brèfi, dags. 29. d. októbermánaðar 1824 og tilskipun 24. janúar 1838, 4. gr. lit.* a, *sviptir mann borgararètti. Eigi heldur sá, er lagasókn á liggur um nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenníngsáliti, eða svipt getur borgararètti, fyr en hann með dómi, er eigi verður raskað, er dæmdur alsýkn sakar. Eigi hefir heldur sá kosníngarrètt nè er kjörgengur, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem*

protabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að hann eigi hafi full ráð fjár síns að lögum«.

3. Að í fyrri kafla 7. greinar eptir: »*kosníngarrètt*« verði bætt: »*og kjörgengi*«.
4. Að hinum tveimur síðari köflum 10. greinar verði þannig breytt: »*Nú pykir einhverjum hlutaðeiganda vafi á, að kosníngin sè lögmæt, á hann rètt á, að bera slíkt upp fyrir kjörstjórninni, en hann skal hafa gjört það, áður 8 dagar sè liðnir, frá því kosníng fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun engi gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda málið, ásamt áliti sínu, amtmanni til úrskurðar, og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. En hvort sem slík umkvörtun kemur fram eða eigi, skal amtmanni ávallt senda skýrslu um kosníngunа*«.
5. Að orðunum í 17. grein: »*Skal með sýslu þessa farið í öllu samkvæmt N.L. 3—5; þó*« verði sleppt.
6. Að í síðasta kafla 19. greinar í stað: »*Ácetlunarskráin skal send amtmanni*«, til enda greinarinnar, komi: »*Ácetlunarskráin skal send amtmanni, en þyki honum eitthvað athugavert í henni, skal hann bera málið undir almennan fund gjaldþegna, er hann lætur í því skyni saman kalla svo fljótt, sem því verður við komið; skera þeir þá úr því með atkvæðafjölda, hvort breyta skuli ácetluninni í því efni eða ekki*«.
7. Að byrjun 20. greinar: »*Ef amtmaður—samkvæmt*« verði þannig breytt: »*Að því gjörðu, sem fyrir var mælt í*«.
8. Að í byrjun 21. greinar á eptir: »*Þyki einhverjum*« verði bætt inn í: „*gjaldþegna*«.
9. Að endir 22. greinar: »*skýrslu — gjöldum næsta ár*« verði þannig breytt: »*niðurjöfnun, heldur skal jafna því niður með næsta árs gjöldum*«.
10. Að í 25. grein 2. atriði, orðin: »*að veita gefins fjárstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdölum*« verði úr felld.
11. Að í sömu grein verði orðunum: »*að færast í fang byggíngarstörf — að meðaltali*« breytt þannig: »*að færast í*

fang þau byggingarstörf, er hafa í för með sèr álögur á bœjarbúa um meir en 1 ár«.

Reykjavík 22. dag júlím. 1861.

Sveinn Skúlason, formaður. *Stefán Jónsson.* *Halldór Kr. Friðriksson,* framsögumaður.

Jón Pètursson. *Jón Sigurðsson.*

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um nefndarálitið, en að eins taka fram, að nefndin gjörði sèr það að skyldu, að breyta sem minnst frá því, sem er í frumvarpi stjórnarinnar, og það, þótt sumstaðar væri miður vel orðað, ef meiningin var rètt eða skiljanleg. Aðalstefnan í þeim breytingum, sem gjörðar hafa verið frá frumvarpinu, er um það, hver á skyldi leggja hinn síðasta úrskurð, það er að segja, að stjórnin eigi skyldi gjöra það, nema í brýnustu nauðsyn. Það var nú sjálfsagt að breyta 5. gr. þannig, að sömu stefnu væri haldið þar, sem þingið gjörði 1859, og sem fylgt er annarstaðar í frumvarpinu af hálfu nefndarinnar; en það hefir skotizt undan, að breyta síðustu orðunum í þessari grein, og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði um, að í staðinn fyrir »undir æðri yfirvöld« verði sett: »undir amtmann«.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi frá mínu sjónarmiði einúngis mjög fáar athugasemdir að gjöra við það framlagða nefndarálit. Nefndin hefir að miklu leyti aðhyllzt stjórnarfrumvarpið, og sem þingið líka verður að játa, að er í alla staði vel úr garði gjört. Um orðabreytíngar þær, sem nefndin hefir gjört, skal eg vera fáorður, því þær eru ekki verulegar; einúngis skal eg taka það fram, að þar sem nefndin hefir stúngið upp á undir nr. 1, að í 1. gr. 2. atr. í stað orðanna »undir tilsjón amtmannsins—stjórnarráðs« verði sett: »þó með þeim takmörkunum, sem síðar segir«, virðist að vera óþörf, og að minnsta kosti ekki eins skýrt orðuð og í frumvarpinu, og það er heldur ekki meiníng nefndarinnar, að hvorki amtmaður nè stjórnin skuli fá afskipti af þessum málum, og þá er ákvörðun frumvarpsins í eðli sínu.

Við nr. 2 eða 1. lið 5. gr. skal eg einúngis athuga, að viðbætir nefndarinnar er samkvæmur því, er fyrir er mælt í tilskipuninni fyrir Reykjavík, og hefi eg því ekkert á móti því, að greinin verði orðuð eins og nefndin hefir stúngið upp á að orða hana.

Viðvíkjandi breytíngu nefndarinnar á 10. gr. skal eg geta þess, að það má virðast mjög ísjárvert, að eigi skuli mega skjóta spurs-

málinu um lögmæti fulltrúakosníngarinnar lengra en til amtmanns; það getur opt verið vafasamt, hvort kosníngin sè lögmæt, og það á því vel við, að amtmaður beri málið undir stjórnina, og fái úrskurð hennar, og það því fremur, sem amtmanni er heimilt, að láta kosníngina haldast, þangað til úrskurður stjórnarinnar er fenginn.

Við 19. gr. hefir nefndin gjört þá breytíngu, að þegar ágreiníngur verði um áætlunina, milli bæjarstjórnarinnar og amtmanns, og það, sem spursmál er um, áhrærir lengra tímabil, þá skuli þetta útkljáð með því móti, að bera ágreiníinginn undir almennan fund gjaldþegnanna, sem amtmaður láti kalla saman, og skuli þá ráða atkvæðafjöldi, hvort breyta skuli áætluninni í því efni eða ekki.

Þetta get eg með engu móti aðhyllzt; það á heldur ekki við, að leggja úrskurð amtmannsins undir slíka samkomu eða fund, og þar að auki er það auðsært, að málið verður að koma til stjórnarinnar, ef ekki fæst á fundinum atkvæðafjöldi fyrir öðruhvoru álitinu, og það getur þó hugsast; og eins er það mjög hæpið, að láta eintóman meiri hluta atkvæða ráða í slíku spursmáli. Það er því miklu eðlilegra og rèttara, sem frumvarpið segir, og því ræð eg til að því sè hèr fylgt óbreyttu.

Það sem segir í 21. gr. í frumvarpinu er nýmæli, því það hefir verið álitið svo, að hlutaðeiganda væri bannað, að koma fram með mótmæli sín gegn útsvari hans, eptir þann tíma, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis, en þar sem á þessu hefir verið vafi, er það æskilegt, að honum er nú hrundið eptirleiðis.

Það sem nefndin stíngur upp á, að sleppa úr 25. gr. orðunum: »að veita gefins fjárstyrk, er nemi meiru en 30 rd.«, get eg ekki álitið eiga við, enda stendur þetta þannig orðað í tilsk. fyrir Reykjavík; en þetta kemur hjá nefndinni af breytíngu hennar í 19. gr., en þeirri breytíngu hefi eg ekki getað orðið meðmæltur. Eg skal ekki orðlengja fremur en komið er, því eg vona að þíngið aðhyllist stjórnarfrumvarpið, eins og það er, því það er í alla staði vel úr garði búið.

Framsögumaður: Mèr þótti vænt um, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* er ánægður með nefndarálitið; það sem hann sagði um 21. greinina, fannst mèr helzt vera aðfinníngar við stjórnina fyrir frumvarpið; því að stjórnin hefir sjálf komið með uppástúngur þær, sem hann kallaði nýmæli, en ekki nefndin; en uppástúnga þessi er rètt í sjálfu sèr; á þessum síðustu, að eg ekki segi verstu tímum hefir verið ágreiníngur um þetta, og þó hefir því áður ver-

ið fylgt. Stiptamtmaðurinn hefir úrskurðað, að af því þessar umkvartanir hafa komið svo seint, yrði þeim ekki gaumur gefinn; þær eiga að koma innan tiltekins tíma, en ekki vera á leiðinni allt árið. Eg held að stjórnin hafi gjört rètt í, að taka þetta fram með skýrum orðum, og væri óskandi, að allt annað væri eins vel orðað hjá henni. Það er annars illa farið, þegar stjórnardeildin íslenzka breytir að óþörfu orðum alþingis, opt ekki nema til hins verra, og opt svo, að hún skilur sig ekki sjálfa; til dæmis þegar hún er að færa ástæður fyrir, hvers vegna það sè rangt, að bæjarfulltrúarnir ráði einir áætluninni, þá segir hún: »ekki eingöngu þeir, sem gefa atkvæði um áætlunina«, eins og það sè þá einhverir aðrir fyrir utan þá, sem gjöra áætlunina; þetta er alveg rangt, og þegar eigi er komið með annað en þess konar ástæður, þá virðist lítil ástæða til breytíngarinnar. Eg get alls eigi fallizt á það í 1. gr., að segja, að málefnin skuli standa undir tilsjón þess manns, sem ekkert hefir með þau að sýsla, og ekkert atkvæði hefir þar í. *Konúngsfulltrúi* veit það vel, að í bæjarstjórninni eru mörg störf, sem amtmaðurinn alls eigi á neitt við, heldur bæjarfulltrúarnir einir. En þegar talað er um, hver eigi að skera úr um kosníngarnar, þá sè eg eigi, hvers vegna amtmaðurinn er ekki fær um, að skera úr slíku, heldur að menn þurfi að bíða heilt ár eptir úrskurði stjórnarinnar. Það er ósamkvæmni af stjórninni, að láta sumt liggja undir amtmann, en sumt, sem þó er öldúngis samkynja, beinlínis undir stjórnina; því á þá ekki allt að ganga til stjórnarinnar? Hvers vegna á stjórnin eigi líka að skera úr um niðurjöfnunina, ef einhver kvartar undan henni; hví getur amtmaður ekki skorið úr, hvort mönnum er gjört rangt í kosníngu? Um hitt, hvort menn megi ráða áætluninni eða ekki, eða með öðrum orðum: hvort heill bær megi vera myndugur eða ekki, svo menn megi þá ekki ráða, hvort þeir af eigin fè megi gefa fè til einhvers, þá vil eg spyrja: *er það eðlilegt? Nei!* stjórnin gjörir sig þar sannarlega að fjárhaldsmanni bæjarbúa að óþörfu. Annað mál er það, ef ræða er um gjöld, sem menn leggja á fyrir lengri tíma, svo þau hvíla ei að eins á þeim, sem leggja þau á, heldur og á eptirkomendum þeirra, þá er náttúrlegt þó stjórnin vili hafa hönd í bagga með. Mèr þykir það líka næsta undarlegt, ef bæjarbúar vilja gefa af fè sínu 29 rd., þá mega þeir gefa það, án þess að spyrja stjórnina að; en þeir mega ekki gefa 31 rd. þar sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* var að skýrskota til reglna þeirra, sem

gilda fyrir bæinn hèrna, þá væri ástæða til að fara eptir þeim, ef Reykvíkingar segði, að þær væri svo góðar, sem þær gæti orðið; en eg held, að flestir, sem hafa verið og eru viðriðnir við bæjarstjórnina hèrna, hafi sagt og hljóti að segja, að þær sè óhagkvæmar, og því finnst mèr fremur ástæða til, að breyta reglugjörð um bæjarmálefni Reykvíkinga, en að laga aðra reglugjörð eptir þeirri, sem er óhagkvœm.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Ákvað síðan *forseti* dagskrá til næsta fundar, og ákvað fund til á morgun laugardagsins 27. júlí, kl. 11.

Fundi slitið.

Tuttugasti og fjórði fundur — 27. júlí.

Allir á fundi, nema þingmaður Húnvetninga, sem sökum lasleika ekki gat mætt.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefndinni í málinu um að nema úr gildi *opið brèf 1. apr. 1861, um jarðamatskostnaðinn,* væri kosinn til formanns þingmaður Borgfirðinga, og til skrifara þingmaður Dalasýslu.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til *ályktarumræðu* málefnið *um kaupstaðarrrètt og stjórn bæjarmálefna á Akureyri. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga. Atkvæðaskrá hefi eg látið prenta, og vona, að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: kgl. frumvarp til reglugjörðar *um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar.*

1. Frumvarpsins 1. gr., 1. atr.:

   Verzlunarstaðurinn Akureyri, með takmörkum þeim, sem nú eru, skal hèðan af vera bæjarfèlag og lögsagnarumdæmi sèr, og nefnast kaupstaður; þó skal hlutaðeiganda stjórnarráð eiga rètt á að leggja Oddeyri, sem svo er nefnd, undir kaupstaðinn, eptir að búið er að leita um það álits bæjarstjórnarinnar.

2. *Nefndin:*

Að í 1. greininni, 2. atr., í stað orðanna: »*undir tilsjón amtmannsins . . . hlutaðeiganda stjórnarráðs*«, verði sett: „*Þó með þeim takmörkunum, sem síðar segir*«.

3. Frumvarpsins 1. gr., 2., 3. og 4. atr.:

Bæjarfógetinn og fulltrúar kaupstaðarins skulu í sameining hafa á hendi alla stjórn þeirra bæjarmálefna, sem eigi eru undan skilin með öðrum ákvörðunum, undir tilsjón amtmannsins yfir Norður- og Austurumdæminu og yfirstjórn hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Sambandi því, sem verið hefir milli Akureyrar verzlunarstaðar og Hrafnagilshrepps, skal þess vegna hèr eptir vera slitið; þó skal skilnaður þessi, hvað fátækramálefni snertir, fyrst eiga sèr stað, svo fljótt sem því verður við komið, eptir að búið er að birta reglugjörð þessa á báðum stöðunum.

Fè því, er Akureyrarbær og Hrafnagilshreppur eiga í sameining, og hreppsþýngslum öllum, skal svo skipt, að sami sè jöfnuður milli bæjarins og hreppsins, sem á milli 4 og 5. Þessi skipti skulu gjörð af sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, öllum bæjarfulltrúunum, og jafnmörgum mönnum úr Hrafnagilshrepp, sem kosnir skulu með atkvæðafjölda á kjörfundi fyrir sýslumanni, af öllum þeim búendum hreppsins, sem gjalda nokkuð til sveitar.

4. Frumvarpsins 2. gr.:

Fulltrúar kaupstaðarins Akureyrar skulu vera fimm; skulu þeir kosnir af bæjarbúum þeim, sem kosningarrètt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

5. Frumvarpsins 3. gr.:

Kosningarrètt hafa með þeim undantekningum, sem gjörðar eru í 5. grein, allir fullmyndugir menn; sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, og hafa verið búfastir í kaupstaðnum síðasta árið, þegar þeir að minnsta kosti borga 2 ríkisdali í bæjargjöld á ári.

6. Frumvarpsins 4. gr.:

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrètt hefir eptir næstu grein á undan.

7. *Nefndin:*

Að 1. liður 5. greinar verði þannig orðaður: *Engi sá getur*

tekið þátt í kosníngu bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosníngu, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, jafnvel þótt hann hafi ekki sætt þeirri hegníngu, er samkvæmt opnu brèfi, dags. 29. d. októbermánaðar 1824, og tilskipun 24. janúar 1838, 4. gr. lit. a, *sviptir mann borgararètti. Eigi heldur sá, er lagasókn á liggur um nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almennings áliti, eða svipt getur borgararètti, fyr en hann með dómi, er eigi verður raskað, er dæmdur alsýkn sakar. Eigi hefir heldur sá kosníngarrètt, nè er kjörgengur, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að hann eigi hafi full ráð fjár síns að lögum*".

8. Frumvarpsins 5. gr., 1. og 2. atr.:

Engi sá getur tekið þátt í kosníng bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosníng, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það brot, sem svívirðilegt er að almennings áliti, eða ákærður hefir verið um slíkt brot, nema hann með dómi, er eigi verður raskað, hafi verið dæmdur alsýkn sakar; eigi heldur sá, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að tekin sè fyrir þá skuld af honum öll fjárforráð að lögum.

Feður og afkomendur mega eigi eiga setu í bæjarstjórninni í senn.

9. Breytíngaatkvæði *Halldórs Kr. Friðrikssonar:*

Að fyrir: »æðri yfirvöld« síðast í 5. gr. stjórnarfrumvarpsins, setist: »*amtmann*«.

10. Frumvarpsins 5. gr., 3. atr.:

Sá sem kjörinn er bæjarfulltrúi skal eigi víkja úr fulltrúasæti, þó hann síðar missi þá hæfilegleika, sem kjörgengi er bundið við eptir 3. og 4. gr.; en komi eitthvað það fyrir, sem eptir þessari grein (5. gr.) gjörir mann óhæfan til bæjarfulltrúa, skal honum fyrst um sinn bægt frá fulltrúastörfum, þangað til hindranin er horfin, eða hún er orðin viðvarandi. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir eiga að skera úr öllu því, er að þessu efni lýtur, er nú var sagt, og eins þegar einhver af bæjarfulltrúunum annars verður sekur að slíkum yfirsjónum, að hann hlýtur að víkja

úr fulltrúasæti; þó á sá, er hlut á að máli, kost á að bera málið undir æðri yfirvöld.

11. Frumvarpsins 6. gr.:

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir fyrir 5 ár. Af þeim, sem kjörnir eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu, og síðan einn á ári, og skal það vera komið undir samkomulagi; en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 5 ár eru liðin frá kosníng hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúi frá hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosníng til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má jafnan þann að nýju, er frá fer; en hafi hann gegnt fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er hann eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður eða eldri skorast undan fulltrúakosníng.

12. *Nefndin:*

Að í fyrra kafla 7. greinar eptir »*kosníngarrètt*«, verði bætt: »*og kjörgengi*«.

13. Frumvarpsins 7. gr.:

Fulltrúakosníngar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Svo skal kosníng undir búa, að skrá sè samin um þá, sem kosníngarrètt hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja; en þessir eru kjörstjórar: í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Akureyri, og 2 menn af Akureyrarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað, um 14 daga á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sè vantalinn, á að tilkynna bæjarfógeta, að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið;

en að öðrum kosti missir hlutaðeigandi rètt sinn í því efni.

Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Akureyri, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýári á eptir.

14. Frumvarpsins 8. gr.:

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosníngar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan, með auglýsíngarbrèfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosníngarrèttar síns, koma sjálfir á kjörfund, og lýsa því yfir, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á seðli, hvern þeir vili kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa átt kost á, að gefa atkvæði sín, og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja þau saman. Þann skal nefna kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

15. Frumvarpsins 9. gr.:

Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi, á þann hátt, sem áður er fyrir mælt.

16. *Nefndin:*

Að hinum 2 síðari köflum 10. greinar verði þannig breytt: »*Nú þykir einhverjum hlutaðeiganda vafi á, að kosníngin sè lögmæt, á hann rètt á, að bera slíkt upp fyrir kjörstjórninni, en hann skal hafa gjört það, áður 8 dagar sè liðnir, frá því kosníng fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun engi gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda málið, ásamt áliti sínu, amtmanni til úrskurðar, og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. En hvort sem slík umkvörtun kemur fram eða eigi, skal amtmanni ávallt senda skýrslu um kosníngina.*

17. Frumvarpsins 10. gr.:

Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, metur kjörstjórnin, hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meira hluta kjörstjórnarinnar, skal kjörstjóri boða til annars kjörfundar innan 8 daga, til að kjósa að nýju. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosni vill þó eigi gangast undir kosníng, þá á hann að skora á kjör-

stjórnina að bera málið undir amtmann, og sker þá amtmaður tafarlaust úr.

Þyki það vafasamt, annaðhvort af þeim mótbárum, sem fram hafa komið frá einhverjum, sem hlut á að máli, eða þyki kjörstjórninni sjálfri vera vafi á því, hvort atkvæðafjöldi sè fyrir einhverri kosníng, eða ekki, eða verði að öðru leyti mótmæli gjörð gegn lögmæti kosníngarinnar, á kjörstjórnin að leggja úrskurð á málið og tilgreina ástæður fyrir þeim úrskurði; sá úrskurður sè síðan tafarlaust sendur amtmanni, og skal hann, ef honum virðist eigi hafa verið löglega að farið um kosníngina, gjöra þá ákvörðun, er með þarf í því efni. En þó engi slíkur vafi sè um lögmæti kosníngarinnar, á þegar í stað að senda amtmanni skýrslu um kosníngina; þyki þá amtmanni eigi að síður vafasamt, hvort kosníng sè lögmæt, á hann að leggja málið undir úrskurð hlutaðeiganda stjórnarráðs; þó er honum heimilt að gjöra kosníngina ógilda að sinni með úrskurði sínum, þyki honum ísjárvert að láta hana haldast, þangað til úrskurður stjórnarráðsins verður fenginn. Finni amtmaður engan galla á kosníngunni, þá á hann að gefa kjörstjórninni það til vitundar, áður 14 dagar sè liðnir. Þar að auki á sérhver, sem hefir nokkur mótmæli gegn kosníngunni og einkum úrskurðum þeim, er hafa verið upp kveðnir um hana, að bera upp fyrir kjörstjórninni skriflega umkvörtun um það, áður 8 dagar sè liðnir frá því úrskurðurinn var upp kveðinn eða kosníng fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun engi gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda amtmanni kvörtunina með áliti sínu, og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. Verði þá kosníng ógild eptir úrskurði amtmanns, skal kjósa á ný.

Ef sá, sem kosinn hefir verið bæjarfulltrúi, eða kjörstjórnin, eða einhver annar, sem hlut á að máli, ekki er ánægður með úrskurð amtmanns um eitthvað af því, sem um er rætt í þessari grein, þá má bera málið undir hlutaðeiganda stjórnarráð.

18. Frumvarpsins 11. gr.:

Sá, sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því, samkvæmt borgaraeiði sín-

um; en hafi hann eigi svarið borgaraeið, lofar hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konúng og fósturjörð sína, og einkum við félag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

19. Frumvarpsins 12. gr.:

Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita og varaoddvita; ræður þar atkvæðafjöldi. Fulltrúar skulu eiga með sèr fundi eptir því, sem þeir koma sèr saman um, hversu tíðir skuli vera, en auk þess kveður oddviti til funda endrarnær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða tveir fulltrúar heimta. Oddviti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúanum fyrirfram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra, en að öðru leyti á hver fulltrúi rètt á, að bera upp á fundi hvert það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fundum og sèr um, að allt, sem þar er ákveðið, sè rètt bókað, og annast um afgreiðslu þess. Þegar svo stendur á, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða, er oddviti fylgir að. Þrír skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundí, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem viðstaddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

20. Frumvarpsins 13. gr:

Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni sèrstakri lagaákvörðun undanskilin venjulegri bæjarstjórn; má því bæjarfógetinn ekkert kveða á um bæjarmál án þeirra samþykkis. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli og bæjarfógeti, skal hann eiga fund við þá og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti fulltrúa enn eigi á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð æðra yfirvalds. Það er sjálfsagt, að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hlutinn fellst á.

21. Frumvarpsins 14. gr.:

Hvenær sem leitað er álits bæjarfógeta um eitthvað, er snertir hagi kaupstaðarins, þá á hann annaðhvort að yfirvega það mál með bæjarfulltrúunum í sameiníng, eða fá um það sèrstaklegt álit þeirra, og ber þá ávallt að senda það með álitsskjali bæjarfógeta. Fulltrúar mega og sjálfir

bera upp til umræðu sérhvert það málefni, er snertir hagi kaupstaðarins, og er það skylda bæjarfógeta, þegar fulltrúarnir koma fram með einhverja uppástúngu, að kveða upp um hana skriflegan úrskurð, ef þeir krefjast þess. Nú eru bæjarfulltrúarnir eigi ánægðir með, hver úrslit málið hefir fengið í úrskurði þessum, þá geta þeir heimtað, að það sè borið undir æðra yfirvald, ásamt áliti þeirra og bæjarfógeta, því til skýríngar, ef þörf gjörist.

22. Frumvarpsins 15. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppfræðíng barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna.

23. Frumvarpsins 16. gr.:

Fulltrúarnir skulu hèr eptir kjósa tvo menn úr flokki sjálfra sín í byggíngarnefnd þá, er sett var með opnu brèfi 6. janúarmánaðar 1857, í stað þeirra, er áður skyldi kosnir af þeim, er lóð eiga á verzlunarstaðnum.

24. *Nefndin:*

Að orðunum í 17. grein: »*Skal með sýslu þessa farið í öllu samkvæmt N. L. 3.—5.; þó*« verði sleppt.

25. Frumvarpsins 17. gr.:

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal með sýslu þessa farið í öllu samkvæmt N. L. 3.—5.; þó skal sá, sem settur er gjaldkeri, skyldur að hafa starf sitt á hendi, að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ráðlegra að fá öðrum manni sýslu hans í hendur, áður en sá tími sè liðinn; nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sáttir um ákvarðanir þær, er snerta kosníng gjaldkera o. s. frv., skal málinu skotið til amtmannsúrskurðar.

26. Frumvarpsins 18. gr.:

Reikníngsárið er frá fardögum til fardaga.

27. Frumvarpsins 19. gr., 1. og 2. atr.:

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta fyrir lok hvers marzmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að bærinn muni þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal og skýrt frá fè því, sem

til er, til að borga með gjöldin, án þess skattur sè lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveim fimmtu hlutum af gjöldum þeim, sem þá eru eptir, til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjarmanna þannig, að 5 sjöttúngum skal jafna á húsin eptir ferhyrníngsmáli grundvallarins; en einum sjöttúng á maturtagarða og aðrar útmældar lóðir, sömuleiðis eptir ferhyrníngsmáli; en þrem fimmtúngum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því fè, sem þarf til forlagseyris þurfamönnum, skal jafna niður á alla bæjarbúa eptir efnum þeirra og ástæðum.

Gjöldum þeim, sem greind eru í opnu brèfi 6. dag janúarmánaðar 1857, 5. grein, *a*, skal eptirleiðis jafna niður á sama hátt og gjöldunum til hinna eiginlegu bæjarþarfa.

28. *Nefndin:*

Að í síðasta kafla 19. greinar í stað: »*Ætlunarskráin skal send amtmanni*«, til enda greinarinnar, komi: »*Áætlunarskráin skal send amtmanni, en þyki honum eitthvað athugavert í henni, skal hann bera málið undir almennan fund gjaldþegna, er hann lætur í því skyni saman kalla svo fljótt, sem því verður við komið; skera þeir þá úr því með atkvæðafjölda, hvort breyta skuli áætluninni í því efni eða ekki*“.

29. Frumvarpsins 19. gr., 3. atr.:

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöldin eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni en árið næst á undan, skal hvorttveggja jafnhátt sett. Áætlunarskráin skal send amtmanni, og þyki honum í henni ekkert athugavert, ritar hann það á hana, og sendir hana aptur. Að öðrum kosti birtir hann bæjarstjórninni þær athugasemdir, er honum þykir að gjöra þurfi, og skal jafnan farið eptir þeim athugasemdum það ár, er áætlunarskráin nær yfir; en eigi þær að gilda um lengri tíma og bæjarstjórnin þykist eigi geta kannazt við, að þær sè rèttar, er hún skyld, áður mánuður sè liðinn, að rita amtmanni um það, og sendir hann þá málið hlutaðeiganda stjórnarráði til úrlausnar.

30. *Nefndin:*

Að í byrjun 20. greinar: »*Ef amtmaður — samkvæmt*«, verði þannig breytt: »*Að því gjörðu, sem fyrir var mælt í*«.

31. Frumvarpsins 20. gr.:

Ef amtmaður gjörir engar athugasemdir um áætlunarskrána, eða ef öllu er komið fyrir, svo sem athugasemdir hans bentu til, samkvæmt 19. gr., skal fé því, er safna á með áiögum á bæjarbúa, jafnað niður á skattskylda menn. Ber þá að jafna niður í einu lagi á hvern skattskyldan mann öllum þeim gjöldum, sem greiða á eptir sameiginlegum mælikvarða; þó skal þess gætt, að þeim, sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, sem talin er meðal annara gjalda, má eigi gjöra meira en þeim ber að greiða í önnur gjöld, samkvæmt reglum þeim, er gilda.

Allir bæjarfulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins jafna niður gjöldunum á kaupstaðarbúa. Niðurjöfnunin skal fullgjörð fyrir lok maímánaðar; því næst skal niðurjöfnunarskráin, ásamt áætlunarskránni, liggja á hentugum stað, öllum til sýnis, í 3 vikur, að minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hvenær hún sè lögð fram og hvar, og um hvert leyti dags hún sè öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

32. *Nefndin:*

Að í byrjun 21. greinar á eptir: »*Þyki einhverjum*« verði bætt inn í »*gjaldþegna*«.

33. Frumvarpsins 21. gr.:

Þyki einhverjum eitthvað aðfinníngarvert við niðurjöfnuna, á hann að bera sig upp um það við bæjarfógeta, áður sá tími sè liðinn, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis. Því annars verður slíkri umkvörtun engi gaumur gefinn. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir leggja úrskurð á málið; en sè kærandi eigi ánægður með úrskurð þenna, er honum frjálst að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtmanns.

34. *Nefndin:*

Að endir 22. greinar: »*skýrslu — gjöldum næsta ár*«, verði þannig breytt: „*niðurjöfnun, heldur skal jafna því niður með næsta árs gjöldum*“.

35. Frumvarpsins 22. gr.:

Ef útgjöld bera að, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætlunarskránni það ár, skal um þau gjöra skýrslu, eins og boðið er í 19. gr. um áætlunarskrána, og skal í öllu, er útgjöld þessi snertir, farið að á þann hátt, sem ákveðið er í þeirri grein. En nemi gjöld þau, sem eigi hefir verið gjört ráð fyrir í áætlunarskránni, eigi meiru en 50 ríkisdölum, þá þarf eigi að gjöra um þau sèrstaklega skýrslu, og má þá fresta borgun þeirra, þangað til jafnað verður niður gjöldum næsta ár.

36. Frumvarpsins 23. gr.:

Bæjarsjóðurinn skal geymdur af gjaldkera, og skal hann, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæði bæjarfógeta og fulltrúum nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni.

37. Frumvarpsins 24. gr.:

Fulltrúar, ásamt bæjarfógeta, skulu hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir gæta þess, að skattar og tekjur bæjarins sè heimtaðar á rèttan hátt og í tækan tíma, og þær teknar lögtaki, ef þörf gjörist, svo og, að fènu sè varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikningar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldi vera, skulu þeir gjöra þær ráðstafanir, er nauðsyn ber til, að hrinda því í lag, er áfátt þykir.

Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.

Bæjarstjórnin skal leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað kaupstaðarins, sè vel af hendi leyst og með sem minnstum kostnaði; skal bæjarfógetinn hafa stöðugt eptirlit með slíkum störfum, en fulltrúarnir skulu skiptast á um að gæta þeirra, eptir því sem þeim þykir hentast, og sjá um, að slík störf sè unnin sem haganlegast; og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var á kveðið.

38. *Nefndin:*

Að í 25. grein (2. atr.) orðin: »*að veita gefins fèstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdölum*«, verði úr felld.

39. *Sama:*

Að í sömu grein verði orðunum: »*að færast í fáng bygg-*

íngarstörf — að meðaltali«, breytt þannig: »*að færast í fang þau byggíngarstörf, er hafa í för með sèr álögur á bæjarbúa um meir en 1 ár*«.

40. Frumvarpsins 25. gr.:

Þó bæjarfógeti og fulltrúar eigi rètt á, að gjöra ályktanir bæjarins vegna um það, er fjárhagsefni snertir, með tilsjón þess yfirvalds, er til þess er skipað, þá verður að undanskilja þær ráðstafanir, sem eru öldúngis sèrstaklegar, eða miklu varða fyrir bæinn um langan tíma.

Til þess má telja: að taka fè að láni eða lengja tíma þann, er borga skal á lánsfè, sem þegar er fengið; að veita laun eða hækka þau, ef meiru nemur en 20 ríkisdölum; sömuleiðis eptirlaun, þegar þau nema meiru, en nú var sagt; að veita gefins fèstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdölum; að afsala fasteignir kaupstaðarins, og því einnig að úthluta kaupstaðarjörðum, svo að þær verði eign einstakra manna, er aptur á móti lúka á ári hverju ákveðnu gjaldi í bæjarsjóð; að byggja kaupstaðarjarðir um lengri tíma en 10 ár, eða á annan hátt en við opinbert uppboð; að kaupa hús eða land undir kaupstaðinn; að færast í fang byggíngarstörf, sem ekki verða framkvæmd, nema auknar sè álögur þær, er bæjarmenn um 3 undanfarin ár hafa goldið að meðaltali; að gjöra slíkar sættir, til að komast hjá málaferlum, að á kaupstaðinn leggist nokkur skuldbindíng, eða slakað sè nokkuð til um rètt hans.

Þegar eitthvað af þessu kemur fyrir, svo að bæjarstjórnin eigi má skera úr, skal amtmaður, ef bráðs úrskurðar þarf við, og bæjarstjórnin er því samþykk, og honum eigi heldur virðist það ísjárvert, hafa vald til, að gjöra út um þessi mál; en að öðrum kosti á að senda hlutaðeiganda stjórnarráði málið til úrskurðar, með álitsskjölum allra, er hlut eiga að, og þar á meðal amtmannsins.

41. Frumvarpsins 26. gr.:

Þegar við lok hvers reikníngsárs skal gjaldkeri semja reikníng yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok júnímánaðar, lætur bæjarfógetinn reikníng þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta, og um hvernig slíkt sè birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í

20. grein, um niðurjöfnunina. Reikníngurinn sè því næst vandlega yfirfarinn af skoðunarmanni, er kosinn sè af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 3. grein hafa kosníngarrètt; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 5 ár, eins og þeir. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikníngnum innan mánaðar, frá því hann fekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal reikníngurinn, ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera, sendur til amtmanns, og á hann að leggja úrskurð sinn á þær. Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikníng gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semi; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sè greind sèr í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

42. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá um að gjöra frumvarpið að lögum samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Þetta mál var hèr til undirbúníngsumræðu í gær, og urðu litlar umræður um það, svo að það eru ekki miklar ástæður fyrir mig, að fara mörgum orðum um það nú. Mèr skilst af því, að engi mótmæli hafi komið, að nefndin hafi verið svo heppin, að fá samþykki þíngsins, og jafnvel hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* svo að eg hefi góða von um, að hann gefi málinu hin beztu meðmæli sín við stjórnina. Eg vona, að þíngið fallist á grundvallarskoðun nefndarinnar í þeim breytíngum, sem hún hefir gjört á frumvarpinu; og eptir því, sem mèr heyrðist á *konúngsfulltrúa,* fannst mèr hann eigi vera henni mótfallinn. Það væri, ef til vill, laglegra, að fyrirsögninni væri breytt þannig: »Reglugjörð um kaupstaðarrètt Akureyrar og stjórn bæjarmálefna þar«. Þetta er að eins orðabreytíng, sem eg vona, að þíngið fallist á, þó þess sè eigi getið í nefndarálitinu.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði *framsögumaður* leitaðist við í gær, að rèttlæta þær breytíngar í stjórnarfrumvarpinu, sem nefndin hafði stúngið upp á; en mèr fundust þær ekki sannfærandi, og hann misskildi einnig orð mín við 21. gr., og honum fórust þannig orð, eins og eg væri að finna að stjórnarfrumvarpsins ákvörðunum á þessum stað, sem ekki var svo, en eg tók það einúngis

fram, að sú ákvörðun, sem þar stæði, væri nýmæli, en ætti að öðru leyti vel við, þar sem vafi hefði verið um það atriði. Hann talaði líka um, hvað stjórnarfrumvarpið væri í ástæðum sínum við § 19 ógreinilegt, og illa frá því gengið yfir höfuð, og einkum tók hann fram orðin bls. 38: »hvað hina ástæðuna snertir — eiga að greiða gjöldin«; og það er nú reyndar satt, að þessi orð eru óljós, eins og þau liggja fyrir í íslenzkunni, en það kemur af því, að danski textinn er ekki lagður rètt eða greinilega út, því orðin: »der votere Budgettet«, gefa aðra meiníngu í íslenzkunni en í dönskunni, og væri greinilegar útlögð: »þeir sem búa til áætlunina, o: bæjarfulltrúarnir og bæjarfógetinn, eru ekki þeir einu« o. s. frv. Eg verð því enn að halda fast fram ákvörðunum frumvarpsins í 10. grein, að spursmálinu um lögmæti kosníngarinnar megi bera undir hlutaðeigandi stjórnarherra, og eins því, sem segir um ágreiníinginn út af áætluninni milli bæjarstjórnarinnar og amtmannsins, og að nefndarinnar uppástúnga sè ekki þess eðlis, að þíngið eigi að fallast á hana, eins og eg heldur ekki þekki neina tilsvarandi ákvörðun í reglugjörðum um stjórn bæjarmalefna í öðrum kaupstöðum.

Það gengur í gegnum allt nefndarálitið sú hugsun, að það sè bezt og æskilegast, að stjórnin fái sem minnst afskipti af málinu, og að Akureyri fái sem mest sjálfsforræði; en of mikið má af öllu gjöra, og að öðru leyti er ekki að ætlast til þess, að þessi bær fái meira sjálfsforræði í málum sínum, en bæir hafa yfir höfuð. Frumvarp stjórnarinnar er mjög frjálslegt, og því vona eg eptir, að þíngið aðhyllist það yfir höfuð, eins og það liggur fyrir; og að vísu get eg ekki álitið, að þeim umtöluðu tveimur aðalbreytíngum nefndarinnar, sem einkum hefir orðið umtal um, eigi að verða framkvæmt.

Guðmundur Brandsson: Það var eitt orð í ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, sem kom mèr til að standa upp. Hann sagði, að Akureyri yrði með þessu lagaboði veitt meira sjálfsforræði en öðrum bæjum; hann hefir líklega meint í Danmörku. En það má ei bera saman bæi hèr og í Danmörku; þeim er hægra, að ná þar til stjórnarinnar með hvað eina, en hèr. Eg álít alveg rètt af nefndinni, að draga meira undir amtmannsins úrskurð en stjórnarinnar, og láta hana ei hafa hönd í bagga með honum, nema þegar brýnustu nauðsyn ber til. Amtmaðurinn hlýtur þó að vera málunum kunnugri en stjórnin, auk þess, að það yrði að valda allt of miklum drætti, að bíða eptir úrskurði hennar í hverju sem væri.

En eins og eg lèt í ljósi í hitt eð fyrra, að mèr þætti vald amtmannanna of mikið í samanburði við vald bæjarstjórnarinnar, eins álít eg enn. Mèr þykir skrítið, að amtmaðurinn skuli geta ónýtt tillögur 5 bæjarfulltrúa, og eiga þó kosníngarnar að vera svo frjálsar, að kjósendum er ætlandi, að geta hitt á þá beztu menn í bæjarstjórnina; eins þykir mèr það undarlegt, að amtmaðurinn, og hann ef til vill nýkominn og ókunnugur, skuli mega róta í niðurjöfnunarreikníngum frá bæjarfulltrúunum, enda þó eg viti, að amtmenn yfir höfuð hafi þetta vald, og sumir má ske hafi gjört það, og breytt þeim eptir einstakra manna umkvörtunum; það einasta, sem skyldi vera með því, er það, að amtmaðurinn væri ekki hlutdrægur, af því hann væri óviðriðinn málið; en eg held, að það þurfi ekki að óttast fyrir, að hreppstjórarnir leggist á einn vissan mann í sveitinni fremur en annan, og svo þarf því síður að óttast þetta, sem það mun víðast vera síður, að þeir taki með sèr ekki allfáa beztu bændur sveitarinnar til að jafna niður útsvörunum. Að þetta frumvarp sè frjálslegra en önnur, sannar ekki neitt; eg held, að allir sè ekki ánægðir með reglugjörðina hèrna fyrir Reykjavík, og eptir því, sem lengra hefir liðið frá því, að hún var samin, eptir því hafa menn betur sèð gallana á henni. Nú hafa einmitt þeir menn, sem einna bezt þekkja reglugjörðina hèr, verið um að búa til þessa nýju reglugjörð fyrir Akureyri, og hafa því viljað sneiða í þessari hjá þeim göllum, sem þeir þekktu á hinni. Ef að nú stjórnin aðhyllist þessa reglugjörð, gæti það má ske orðið til þess, að ákvarðanirnar um bæjarstjórn fyrir Reykjavík yrði sniðnar í haganlegra formi en nú eru þær. Eg sá mèr ekki til neins, að taka mèr breytíngaratkvæði um að minnka vald amtmannanna, því óvíst var, hvort þíngið hefði gengið inn á það, og enn óvissara, hvort samþykki konúngs hefði fengizt fyrir því, þó það hefði komizt svo langt.

Konúngsfulltrúi: Eg skal taka það fram, út af því, sem hinn heiðraði fulltrúi Gullbríngusýslu sagði, að hann hefir misskilið orð mín; eg sagði ekki, að það væri æskilegt, að amtmaðurinn og stjórnin fengi sem mest afskipti af bæjarmálefnum Akureyrar, heldur hitt, að það væri nauðsynlegt í einstökum tilfellum, að bera spursmál út af bæjarmálefnum undir stjórnina og undir amtmennina, þar sem bæjarstjórnin annars hefði algjört sjálfræði, sem yrði að álítast mjög ísjárvert, og þetta held eg sè auðsætt. Hinn sami heiðraði þíngmaður var að tala um, að amtmennirnir, eins og hann

komst að orði, rótuðu í sveitamálefnum; þetta er ekki rètt, að minnsta kosti veit eg ekki, að svo sè, svo slíkt orðatiltæki á ekki við, því það á ekki við, að kalla það að róta í slíkum málum, þó amtmennirnir, þegar svo ber undir, eptir áskorun leggi úrskurð þeirra á þau mál, sem þó ber sjaldan við, að því leyti mèr er kunnugt.

Framsögumaður: það sem *konúngsfulltrúi* var að tala um 10. gr., að það væri eigi rètt, að skjóta eigi málinu til stjórnarinnar, þá get eg nú ekki annað sèð, en að amtmanninum sè trúandi fyrir að skera úr slíku; eg sè ei, hvers vegna menn þurfa að vera að leita til stjórnarinnar með það, því það gæti valdið þeim drætti, að alls engi kosníng gæti framfarið það árið. Í vetur bað einn fulltrúanna hèr í Reykjavík um, að vera undanþeginn kosníngu, og var leitað um það úrskurðar stjórnarinnar; eg vil spyrja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa:* er þessi úrskurður kominn með póstskipinu núna? því með því næsta á undan kom hann ekki. Þetta er nú töluverður dráttur; eins gæti nú farið út um landið, en drátturinn yrði þó meiri; það er nokkur vegur hèðan norður á Akureyri. Um 19. töluliðinn, þá játa eg nú, að það gæti verið nokkuð ísjárvert, að atkvæðafjöldi ráði, en það er bót í máli, að amtmaðurinn hefir atkvæði með, og ber það upp, ef honum þykir nauðsynlegt. Þó þetta sè ekki *„analogt“* með því, sem er í Danmörku, þá er það engi ástæða gegn uppástúngunni; vèr verðum að fara eptir hugsunarhætti og ásigkomulagi landsins hèr, en ekki hugsunarhætti Dana og ásigkomulagi Danmerkur. Eg hefi nú lesið dönskuna á ástæðunum fyrir 19. gr., og þó eg hugsaði, að eg skyldi dönsku svo vel, að eg gæti skilið hana, þá getur mèr ekki fundizt hún neitt betri en íslenzkan, en ef til vill verri; mèr getur ekki betur skilizt, hvorki eptir íslenzkunni nè dönskunni, en að það sè einhver, sem eigi sè gjaldþegn, sem eigi að jafna niður; ef það stæði þannig: »*allir, sem greiða gjöldin*«, þá væri það rètt; en eg skal ekki fjölyrða um þetta; en þetta er galli, og hann kemur víða fyrir, t. d. seinast í 22. gr. »má *fresta* borgun«. Eiga þá þeir, sem vinna verkið, að bíða eptir borguninni heilt ár, í staðinn fyrir að bæjarstjórninni er gefið leyfi til, að taka fè að láni til næsta árs; en þessu höfum við nú breytt; eg held, að eg gæti sannað, að það er víðar, að frumvarpið er svona stirt og óliðlega orðað. Það er satt, sem *konúngsfulltrúi* sagði, að nefndin reyndi, að sneiða sem

mest hjá úrslitum stjórnarinnar, því henni fannst þess ei þurfa, í hverju mali sem væri, að leita úrskurðar hennar. Og þegar vèr erum að berjast fyrir, að fá sjálfsforræði, þá er það þó hið fyrsta, að hver sveit ráði sem mestu í sínum málefnum; það gæti orðið skóli fyrir landsmenn yfir höfuð, þegar þeir eiga að fara að ráða sèr sjálfir síðar. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði það væri ljóslega tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að þetta fyrirkomulag með áætlunina ætti hvergi heima í dönskum bæjum; en eg held þá, að það sè eins ljóslega tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpi nefndarinnar, að það eigi ekki við, að sníða fyrirkomulagið á bæjum hèr eptir dönskum bæjum; það er rètt eins og vèr vissum ei, hvað hèr hagaði bezt. Það er sjálfsagt, að það er rètt að taka það úr fyrirkomulagi á dönskum bæjum, sem getur miðað til framfara, en það verður þó allt að lagast eptir því, sem hèr hagar. Öll breytíng nefndarinnar stefnir að því, að stjórnin ekki þurfi að blanda sèr í málin meir en nauðsyn krefur; völd amtmannsins eru hin sömu sem áður; öll mál, sem áður láu undir hann, gjöra það enn, svo breytingin er ekki mikil; það þarf að eins eptir þessu ekki að hlaupa með hvert smáræðið til stjórnarinnar, þessar 300 vikur sjávar. Viðvíkjandi fyrirsögninni þá vona eg, að þíngið samþykki hana þannig: »*Reglugjörð um kaupstaðarrètt Akureyrar og stjórn bæjarmálefna þar*“.

Konúngsfulltrúi: Út af því, sem á mig var skorað af hinum heiðraða *framsögumanni,* skal eg geta þess, að það er ekki enn þá komið svar frá stjórninni í því tilgreinda máli; en það er nú að öðru leyti sama, hvort heldur er, því fulltrúinn gegnir störfum sínum á meðan. Eg get ekkert óljóst fundið í stjórnarfrumvarpinu á þeim stað, sem *framsögumaður* var að tala um, þegar menn lesa orðin i þeirra rètta samanhengi. Hann var líka að tala um ákvörðunina í 22. gr., og sagði hún væri óljós, en hann ætti sem gamall bæjarfulltrúi, að geta sèð það, að hèr ræðir um smá útgjöld, sem koma upp, eptir að búið er að gjöra áætlunina, og þetta getur auðveldlega að borið, og þó segir í greininni, að þau útgjöld skuli greiða þegar, en bæta þau sjóðnum upp aptur við næstu niðurjöfnun. Það er því hreinn og beinn misskilníngur, að hèr sè verið að tala um verkalaun í bæjarins þarfir, sem eigi að bíða með að borga til næsta árs.

Framsögumaður: Mèr þótti nú mjög vænt um upplýsíngu hins háttvirta *konúngsfulltrúa.* Að úrskurðurinn er ekki kominn

enn, síðan í marzm., sýnir, að menn vel geta búizt við, að fulltrúakosníngin geti dregist í heilt ár. Þó þessi fulltrúi gengist undir, að gegna fulltrúastörfunum þángað til úrskurðurinn kæmi, þá er ekki sagt, að allir gjörði það; og fyrst hann vill losast á annað borð, þykir honum þó sjálfsagt það því betra, því fyr sem hann losast. En nú stendur svo á, að amtmaðurinn hefir samþykkt; en ef amtmaðurinn ónýtir, hvernig fer þá? Það yrði beinlínis afleiðíngin að engi fulltrúi yrði kosinn það árið; því að þegar kjörstjórnin eigi vill láta sèr nægja úrskurð amtmanns, og ætlar sèr að skjóta málinu til stjórnarinnar, þá er það að minnsta kosti skrítilegt, að kjósa annan, meðan eigi er víst, að hin fyrri kosníngin sè ónýt; og eg veit eigi, hvort amtmaðurinn getur boðið, að slík kosníng fram fari. Um það, sem hann sagði um 22. gr., þá furðaði mig sannarlega á ástæðu þeirri, sem hann kom með; hann veit þó, að áætlunin er að eins um þau gjöld, sem ákveðin eru; ef einhver misreitis útgjöld koma fyrir, þá er engi skildíngur til, og þá verður að taka fè að láni. Eg veit, að *konúngsfulltrúi* veit þá reglu, að bæjarstjórnin á ekki með, að jafna meiru á, en áætlunin tiltekur. Eg vona, að þínginu þyki nefndarfrumvarpið frjálslegt, og samþykki það, og að *konúngsfulltrúi* mæli með því, svo það fái góðan framgang, og þess óska eg af heilum hug.

Konúngsfulltrúi: Því, sem *framsögumaður* nú sagði, skal eg leyfa mèr að svara á þá leið, að þegar einhver kosníng verður ónýt, þá er kosið að nýju, og svo er því máli lokið.

Framsögumaður: Það er satt, að amtmaðurinn getur skipað, að kjósa aptur; en ef kjörstjórnin vill það nú ekki, heldur óskar úrskurðar stjórnarinnar, þá getur amtmaðurinn naumast boðið, að kjósa aptur. En um hitt, sem hann sagði, að fè ætti að vera í sjóði, þá veit hann, að það á sèr ekki stað hèr, og þess vegna hefir líka bæjarstjórnin orðið að taka til láns fè til næsta árs, ef aukaútgjöld hafa komið fyrir.

Konúngsfulltrúi: Þetta er misskilníngur hjá þeim heiðraða *framsögumanni;* kosníngunni er ekki frestað, því þegar amtmaður segir hún skuli fara fram, þá á bæjarstjórnin að hlýða, en þyki henni rangt að farið, getur hún á eptir borið málið undir stjórnina, og fengið lagfæríngu á málinu, hafi ranglega verið að farið frá amtmanns hálfu.

Framsögumaður: Eg held, að *konúngsfulltrúi* hafi ekki rètt fyrir sèr, því þegar amtmaðurinn hefir ónýtt kosninguna, og vill

láta kjósa á ný, en kjörstjórnin vill ei, en skrifar amtmanni, og biður um úrskurð stjórnarinnar, þá verða kosníngarnar að bíða, þangað til úrskurðurinn kemur.

Pètur Pètursson: Það er nú ef til vill skortur á kurteysi hjá mèr, að ganga á 2 manna tal. En eg vildi að eins taka það fram, að mèr getur ekki betur fundizt, en að ástæður stjórnarinnar fyrir 19. gr. frumvarpsins sè alveg rèttar; því meiníngin er auðsjáanlega, að það eru fleiri, sem greiða gjöldin, en þeir, sem gjöra áætlunina; hitt er hártogun. Hugsunin í ástæðunum er því alveg rètt, að það eru fleiri, sem gjalda, en gjöra áætlunina; það er því ísjárvert að leggja þeim byrðar á herðar, en svipta þá rètti til að bera sig upp fyrir yfirvaldinu. Eg var nú á móti nefndinni á síðasta þíngi, og er það að nokkru leyti enn, því mèr þykir hennar tillögur ekki bæta úr frumvarpinu.

Framsögumaður: Eg þarf nú ekki að svara hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni mörgu; eg vil að eins benda honum til, að í ástæðunum fyrir frumvarpinu stendur »*eingöngu*« (*Pètur Pètursson:* það er einúngis stirð íslenzka). Já, svo stirð, að það verður ekki skilið öðruvísi, en að það sè einhverir aðrir. En eg vona nú, að stjórnin gangi inn á skoðun nefndarinnar; hún hefir áður sýnt, að hún gengur inn á frjálslegar skoðanir, og þó hún hafi ekki enn gengið inn á skoðun þíngsins 1859 í þessu máli, þá hefir áður komið annað eins fyrir, t. d. um myndugleika kvenna; því að nú er komið svo langt, að lagaboð er komið út um það, og það einmitt eptir undirlagi stjórnarinnar. Að öðru leyti vona eg nú, að bráðum verði farið að ganga til atkvæða um þetta mál.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg þá biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var því næst gengið til atkvæða, og fèllu þau á þessa leið:

A. Uppástúnga *framsögumanns,* að fyrirsögnin orðist þannig: »*Reglugjörð um kaupstaðarrètt Akureyrar og stjórn bæjarmálefna þar*“— samþykkt í einu hljóði.

B. 1. Frumvarpsins 1. gr., 1. atr., samþykkt í einu hljóði.

2. *Nefndin* samþykkt með 21 atkv.

3. Frumvarpsins 1. gr., 2., 3. og 4. atr., með áorðnum breytíngum, samþykkt í einu hljóði.

4. Frumvarpsins 2. gr. samþykkt í einu hljóði.

5. Frumvarpsins 3. gr. samþykkt í einu hljóði.

6. Frumvarpsins 4. gr. samþykkt í einu hljóði.
7. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
8. Frumvarpsins 5. gr., 1. og 2. atr., með áorðinni breytíng á 1. gr., samþykkt í einu hljóði.
9. Breytíngaratkvæði *Halldórs Kr. Friðrikssonar* samþykkt með 20 atkv.
10. Frumvarpsins 5. gr., 3. atr., með áorðinni breytíngu, samþykkt með 20 atkv.
11. Frumvarpsins 6. gr. samþykkt í einu hljóði.
12. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
13. Frumvarpsins 7. gr., með áorðinni breytíngu, samþykkt í einu hljóði.
14. Frumvarpsins 8. gr. samþykkt í einu hljóði.
15. Frumvarpsins 9. gr. samþykkt í einu hljóði.
16. *Nefndin* samþykkt með 20 atkv.
17. Frumvarpsins 10. gr., með áorðnum breytíngum, samþykkt í einu hljóði.
18. Frumvarpsins 11. gr. samþykkt í einu hljóði.
19. Frumvarpsins 12. gr. samþykkt í einu hljóði.
20. Frumvarpsins 13. gr. samþykkt í einu hljóði.
21. Frumvarpsins 14. gr. samþykkt í einu hljóði.
22. Frumvarpsins 15. gr. samþykkt í einu hljóði.
23. Frumvarpsins 16. gr. samþykkt í einu hljóði.
24. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
25. Frumvarpsins 17. gr., með áorðnum breytíngum, samþykkt í einu hljóði.
26. Frumvarpsins 18. gr. samþykkt í einu hljóði.
27. Frumvarpsins 19. gr., 1. og 2. atr., samþykkt í einu hljóði.
28. *Nefndin* samþykkt með 19 atkv.
29. Frumvarpsins 19. gr., 3. atr., með áorðnum breytíngum, samþykkt með 20 atkv.
30. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
31. Frumvarpsins 20. gr., með áorðnum breytíngum, samþykkt í einu hljóði.
32. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
33. Frumvarpsins 21. gr., með áorðinni breytíngu, samþykkt í einu hljóði.
34. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.

35. Frumvarpsins 22. gr., með áorðinni breytingu, samþykkt í einu hljóði.
36. Frumvarpsins 23. gr. samþykkt í einu hljóði.
37. Frumvarpsins 24. gr. samþykkt í einu hljóði.
38. *Nefndin* samþykkt með 19 atkv.
39. *Sama* samþykkt í einu hljóði.
40. Frumvarpsins 25. gr., með áorðnum breytingum, samþykkt í einu hljóði.
41. Frumvarpsins 26. gr. samþykkt í einu hljóði.
42. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá um, að gjöra frumvarpið að lögum, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 21 atkv.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu* málið *um hinn lærða skóla. Framsögumaður* er hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður. Á atkvæðaskránni, sem eg vona að þingmenn hafi fyrir sèr, stendur óvart 40. tölulið ur of aptarlega; eptir því, sem uppástúngumaður hefir borið hann upp ætti hann að standa á eptir 36. tölulið, og mun eg því, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, bera hann upp á eptir 36. tölulið.

Átkvæðaskrá

í alþingismálinu: þegnlegar uppástúngur *um hinn lærða skóla.*

1. *Nefndin:* Uppástúnga stafl. *A.*
   Að láta þegar breyta reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík, þannig:
2. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* við uppástúngu nefndarinnar stafl. *A.* 1. *a.*
   Að í staðinn fyrir: »nokkuð í dönsku«, verði sett: *sæmilega að sèr í dönsku.*
3. *Nefndin:* Uppástúnga *A.* 1. *a.*
   Að inntökuprófið falli burt sem skilyrði fyrir inntöku í skólann; en að öðru leyti sè farið eptir vitnisburði, sem piltarnir hafa með sèr, að þeir kunni að minnsta kosti að lesa og skrifa, nokkuð í dönsku og 4 species í óbrotnum reikníngi.
4. *Sama:* Uppástúnga *A.* 1. *b.*
   Að þeir þó sè prófaðir við inntökuna, en að eins til að vita, hvar og í hvern bekk þeir skuli setjast.

5. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 2.

   Að engi takist yngri inn í skólann en 10, og engi eldri í neðsta bekk en 18 ára.

6. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 2.

   Að orðin: »og engi í neðsta bekk eldri en 16 ára«, falli úr.

7. *Nefndin:* Uppástúnga *A.* 2.

   Að engi inn takist yngri í skólann en 12 ára, og engi í neðsta bekk eldri en 16 ára; en aptur á mót sè inntaka í 2. og 3. bekk lètt með því, að flytja ýmsar kennslugreinir til.

8. Viðaukaatkvæði *Jóns Pèturssonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 2.

   Að aptan við grein þessa bætist: »þó sè stiptsyfirvöldunum leyft, að veita mönnum inntöku í skólann, þó eldri sè, ef sèrlegar kríngumstæður mæla með því«.

9. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 3.

   »Að skólaárið byri 15. september, en endi 15. júní«.

10. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 3.

    Að í staðinn fyrir »um fardaga« í enda greinarinnar, komi: »1. júní«.

11. *Nefndin:* Uppástúnga *A.* 3.

    Að skólaárið sè stytt, þannig, að það byri 1. október, en endi um fardaga.

12. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns, Benedikts Sveinssonar* og *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 4.

    Að eptir orðin: »*í hinum öðrum greinum sè*«, bœtist inn í: »*löguð sem mest eptir þörfum lands vors og*«

13. *Nefndin:* Uppástúnga *A.* 4.

    Að einkum sè lögð stund á, að kenna íslenzku, latínu og grísku; en að kennslan í hinum öðrum greinum sè dregin saman, eins og verður, svo að skólatíminn þurfi ekki að vera lengri en 6 ár fyrir þann, sem sezt í neðsta bekk.

14. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 5.

Að hafðar sè íslenzkar kennslubækur einkum í *latínu, grísku, dönsku, ensku* og *Íslands náttúrufræði.*

15. *Nefndin:* uppástúnga *A.* 5.
Að hafðar sè íslenzkar kennslubækur.

16. Viðaukaatkvæði *Benedikts Sveinssonar,* að aptan við uppástúngu nefndarinnar *A.* 5. (tölul. 15) verði bætt:
»*er skólastjórnin hlutist til um, að kennendur hins lærða skóla semi mót hæfilegri borgun úr skólasjóðnum*«.

17. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* og *Sveins Skúlasonar,* að í stað uppástúngu nefndarinnar *A.* 6. (tölul. 18) komi svolátandi grein:
Að hinum yngri kennurum við skólann verði veitt hæfileg laun fyrir hina daglegu umsjón í skólanum.

18. *Nefndin:* uppástúnga *A.* 6.
Að launaður *inspector,* eða umsjónarmaður, sè settur við skólann, til þess undir yfirumsjón skólameistarans að viðhalda reglu í honum.

19. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 7. (tölul. 22):
Að orðið: »ítrekaður«, falli úr.

20. Breytíngaratkvæði *Jóns Péturssonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 7. (tölul. 22):
Að framan við orðið: »ítrekaður«, sè bætt: *opt.*

21. Breytíngaratkvæði *Ásgeirs Einarssonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 7. (tölul. 22):
Að milli orðanna: »að« og »ítrekaður«, setist þessi orð: »*þrisvar sinnum*«.

22. *Nefndin:* uppástúnga *A.* 7.
Að ítrekaður drykkjuskapur og sérhver önnur megn óregla sè útreksturssök úr skóla.

23. Viðaukaatkvæði *Jóns Péturssonar* við tölul. 22:
Aptan við grein þessa bætist: *ef skólasveinninn prátt fyrir ítrekaðar áminníngar skólameistarans, eigi lætur af þessu háttalagi sínu.*

24. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 8. (tölul. 25):
Að í staðinn fyrir: »sè heitið verðlaunum« verði sett: »sè veitt verðlaun eður sæmdargjöf, þegar þeir hafa af lokið burtfararprófi«.

25. *Nefndin:* uppástúnga *A.* 8.
Að þeim piltum, sem skara fram úr öðrum að siðsemi, ástundun og framförum, sèr í lagi í hinum gömlu málum og íslenzku, sè heitið verðlaunum.

26. *Sama:* uppástúnga *A.* 9.
Að ölmusunum sè fjölgað við skólann, svo þær verði 40, eins og þær voru í Skálholti og á Hólum.

27. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 10. (tölul. 28):
Að fyrir enda greinarinnar: »nema því að eins — fram með þeim«, verði sett: *nema því meiri sè efnamunur þeirra milli, sem sækja frá Reykjavík og úr sveitum.*

28. *Nefndin:* uppástúnga *A.* 10.
Að piltum, sem ekki eiga heima í Reykjavík, einkum úr fjarlægari hèruðum, sè veitt ölmusa fyrir piltum í Reykjavík, nema því að eins, að sèrlegar ástæður mæli fram með hinu.

29. Viðaukaatkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 10. (tölul. 28):
Og að nýsveinum veitist hálf ölmusa, eptir sömu reglum og fylgt var við ölmusuveitíngar í Bessastaðaskóla.

(*Jón Pètursson,* uppástúnga: að tölul. 28 falli burt).

30. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við uppástúngu nefndarinnar stafl. *B.* (tölul. 34):
»Að alþíngi kjósi menn í nefnd, til að semja nýja reglugjörð fyrir skólann, og biði síðan konúng mildilegast að staðfesta þá kosníngu«.

31. Breytíngaratkvæði *Páls Sigurðssonar* við uppástúngu nefndarinnar stafl. *B.* (tölul. 34):
Að konúngur mildilegast þegar í haust seti nefnd manna, einkum kennslufróðra, hvar af 2 sè búsettir embættismenn fyrir utan Reykjavík, og sem hafi fengið þær lærdómseinkunnir, sem tilteknar eru undir staflið C hèr á eptir — til að o. s. frv.

32. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við uppástúngu nefndarinnar stafl. *B.* (tölul. 34):
Að orðin: »einkum skólamanna« verði úr felld.

33. Breytíngaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar* við uppástúngu nefndarinnar stafl. *B.* (tölul. 34):

Að fyrir »*skólamanna*« verði sett: »*kennslufróðra manna*«.

34. *Nefndin:* uppástúnga stafl. *B.*

Að konúngur miidilegast þegar í haust seti nefnd manna, einkum skólamanna, í Reykjavík, til að semja nýja reglugjörð fyrir skólann samkvæmt áður töldum uppástúngum.

35. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *C.* (tölul. 36), að hún verði þannig orðuð:

Að konúngur mildilegast með allrahæstum úrskurði veiti fyrst um sinn rètt til að útskrifa pilta úr heimaskóla þeim mönnum, er nú skal greina:

a. þeim, sem hafa fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, doktórum í heimspeki og kennurum við prestaskólann og hinn lærða skóla í Reykjavík.

b. þeim, sem hèr eptir fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá skólanum í Reykjavík og embættispróf við háskólann.

c. þeim, sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá lærða skólanum og við examen philosophicum við Kaupmannahafnar háskóla, og

d. þeim, sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá lærða skólanum, í prófi í forspjallsvísindum, og við próf í prestaskólanum i Reykjavík.

36. *Nefndin:* Uppástúnga *C.*

Að konúngur mildilegast með allrahæstum úrskurði veiti fyrst um sinn rètt til að útskrifa pilta úr heimaskóla þeim, sem hafa fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, doktórum í heimspeki og kennurum við prestaskólann og hinn lærða skóla í Reykjavík, þannig:

37. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *C.* 1. (tölulið 39.):

Að eptir orðin »til kynna«, verði bætt inn í: »og sendi þeim skýrslu um það, hve mikið, og í hverjum klassiskum rithöfundum, í latínu og grísku pilturinn hefir lesið. Ef nú stiptsyfirvöldunum þykir nóg lesið og rètt valið, útnefna þau tvo menntaða«.

38. Breytíngaratkvæði *sama* við sömu uppástúngu (tölul. 39.):

Að í staðinn fyrir: »sem lesnir eru í hinum lærða skóla« í enda greinarinnar, sè sett: »sem pilturinn hefir lesið«.

39. *Nefndin:* Uppástúnga *C.* 1.

Að hvenær sem einhver þessara manna ætlar að útskrifa

nokkurn, þá gefi hann það stiptsyfirvöldunum fyrirfram til kynna, og útnefna þau þá tvo menntaða menn, til að vera prófdómendur, og sendi þeim í því skyni latínskt stílsefni og íslenskt ritgjörðarefni, og til taki einhverja staði til skriflegrar og munnlegrar útleggíngar í latínu, en einúngis til munnlegrar útleggíngar í grísku, í þeim rithöfundum, sem lesnir eru í hinum lærða skóla.

40. Varaatkvæði *Jóns Pèturssonar:*

Aptan við orðið »Kaupmannahöfn«, bætist: »eður ágætiseinkunn (præ ceteris) við prestaskólann í Reykjavík.

41. *Nefndin:* Uppástúnga *C.* 2.

Ætli þeir, sem þannig útskrifast, að ganga á prestaskólann, þá taki þeir þar hið fyrirskipaða »Tentamen«, eða inntökupróf til sönnunar því, að þeir hafi fengið þá menntun, sem útheimtist til að hafa full not af kennslunni við þessa menntunarstofnun.

(*Björn Pètursson* og *Jón Pètursson:* uppástúnga: að nefndarinnar *C.* 2. (tölul. 41.) falli burt).

42. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg hefi hèr fyrir mèr stórt blað með mörgum breytíngaratkvæðum við uppástúngur nefndarinnar; en það er bót í máli, að flestar breytíngarnar eru smáar, og margar af þeim ganga í aðalstefnu málsins, og eg vona, að allir þíngmenn stuðli að því, að halda þeirri stefnu, sem nefndin hefir bent á. Tilgangur þíngsins, með því að meðhöndla þetta mál, getur ekki verið annar en sá, að ráða bót á þeirri fækkun embættismanna-efna, sem orðin er, en tryggja jafnframt menntunina, og gjöra svo heppilegar uppástúngur um þetta til stjórnarinnar, að von sè á, að bænir þíngsins fái góða áheyrn. Allir þíngmenn verða að hafa sèr það hugfast, að þíngið á ekki, og getur ekki gjört annað, en að gefa nefnd þeirri, sem sett yrði í Reykjavík, til þess að búa til nýja reglugjörð, bendíngar hentugar og þjóðlegar; það kemur því ekkert upp á smásmugleg orðatiltæki, ef stjórnin sèr, hver að er vili þíngsins í aðalatriðunum, þá er nóg. Að svo miklu leyti sem breytíngaratkvæðin miða til þess, að skýra málið, skal eg vera manna fúsastur á, að gefa þeim atkvæði mitt, en þau eru svo mörg, að eg get ekki fengizt við þau öll í senn, því það gjörir ekki annað en tefja tímann; þíngmenn heyrðu líka við undir-

búníngsumræðuna, á hvaða ástæðum þau voru byggð, og voru ástæðurnar vegnar bæði af mèr og meðnefndarmönnum mínum, og vil eg því ekki nú lengja umræðurnar með því, að taka það upp aptur, sem eg sagði þá, eða vera langorður um breytíngaratkvæðin, fyr en eg heyri nýjar ástæður fyrir þeim. Eg ætla einúngis að minnast á einstaka töluliði, og sný eg mèr þá fyrst að 8. tölulið, sem mèr finnst byggður á misskilníngi, því nefndin hefir aldrei viljað svipta stiptsyfirvöldin því leyfi, sem þau hafa til þess, að veita eldri mönnum en 16 ára inntöku í skólann, en ef þínginu þykir uppástúngan greinilegri, eins og hún er orðuð með þessu viðaukaatkvæði, og það vill, að eldri piltar en 16 ára geti komizt í neðsta bekk, þá er eg ekki á móti því, og sýnist mèr það betra, en að sleppa alveg aldurs-upphæðinni, eins og breytíngaratkvæðið undir 6. tölulið fer fram á. Viðaukaatkvæðið undir 16. tölulið kemur heim við skoðun nefndarinnar, eða að minnsta kosti mína skoðun, sem nefndarmanns, að það verður að vera skylda kennaranna, hvers í sinni kennslugrein, að semja hentugar bækur á íslenzku fyrir skólann, því þeir mega bezt vita, hvernig slíkar bækur ætti að vera lagaðar, og munu líka vera manna færastir til þess, og mèr sýnist stjórnin ekki öðruvísi geta hlutast til um það, að þetta sè gjört. Breytíngaratkvæðin viðvíkjandi drykkjuskap undir 20., 21. og viðaukaatkvæðið undir 23. tölulið miða öll til þess, að taka það fram, sem nefndin ætlaði að taka fram um þetta efni, að drykkjuskapur, óhlýðni og óregla, er sýndi sig sem viðvaranda, ætti að hegna fyrst með áminníngum og öllum þeim öðrum meðölum, sem kennararnir hafa í sínu valdi, og loksins, þegar það ekki dygði, með útrekstri úr skóla, sem hinni þýngstu hegníngu. Það má segja margt, bæði með og móti breytíngaratkvæðinu undir 30. tölulið; mèr finnst þó það vera að því, að það til tekur ekki, hversu margir ætti að vera í þessari nefnd, sem alþíngi eptir því ætti að kjósa; en eg læt það nú samt vera; en hitt er það, að eg veit ekki, hvort það væri tiltækilegt, að alþíngi til tæki nefndarmennina, því eg held, að stjórnin sè eins vel kunnug því, hverir embættismenn væri bezt til þess hæfir, að sitja í þessari nefnd, eins og þíngið, og jafnvel kunnugri. Breytíngaratkvæðið undir 31. tölulið er alveg rètt hugsað; ef nefndaruppástúngan um að útskrifa úr heimaskóla fær framgang, þá er það vel til fallið, að einhver með þeim hæfilegleikum, sem til þess þarf, siti í nefndinni, af þeim mönnum, sem mundi útskrifa úr heimaskóla; hèr eru til teknir 2

menn slíkir; en eg held að einn mætti nægja, svo sem fulltrúi fyrir þessa menn, sem útskrifa úr heimaskóla; það er líka aðgætanda, að þessir menn gæti vel sagt, hvaða kröfur þeir vildi gjöra til þeirra, sem þeir útskrifuðu; en það er ekki sagt, að ákvarðanirnar um kröfur þær, sem skólinn ætti að gjöra til sinna *dimittenda,* ynni neitt við setu þeirra í nefndinni. Breytíngaratkvæðið undir 33. tölulið felli eg mig vel við, því mèr þykir »kennslufróðra manna« betra en »skólamanna«. Ef að 36. töluliður fær samþykki þíngsins, finnst mèr að 40. töluliður eigi vel við, þó lítil líkindi sè til, að margir útskrifist af prestaskólanum með ágætiseinkunn, og því líkindi til, að þeir aldrei verði margir, sem fá hana, þá er það þó rèttara í formlegu tilliti, að telja þá þar einnig ásamt þeim, sem þeir standa jafnhliða.

Konúngsfulltrúi: Eg skal að eins leyfa mèr að fara nokkrum orðum um fáein af þeim breytíngaratkvæðum, sem hèr standa; og sný eg mèr þá fyrst að breytíngaratkvæðinu nr. 9, um tilbreytíng á skólatímanum, því mèr þykir þessi tilbreytíng hagfeld. Eg þekki frá mínum skólaárum, að það var opt ógjörníngur að ferðast norður yfir heiðar í byrjun júnímánaðar vegna snjóa og vatnavaxta, og í seinna hluta septembermánaðar er veður opt farið mjög að spillast, og snjór fallinn á heiðar. Það hefir líka áður verið farið fram á þessa tilbreytíngu á skólaárinu af rektor skólans. Eg tek þetta fram líka af þeirri ástæðu, að eg get ekki álitið tiltækilegt, að stytta skólaárið; það veitir ekki af tímanum, sem nú er, ef piltar eiga að geta lokið sèr nokkurn veginn af á 6 árum.

Áhrærandi uppástúnguna um íslenzkar kennslubækur, skal eg geta þess, að rektor hefir áður gjört um það uppástúngu, en kennslustjórnin fèllst ekki á það, nema að því er snertir þær kennslubækur, sem þyrfti til, að búa pilta undir skóla, og mun þar með vera meint latínsk og dönsk málfræði (Grammatik) og þess konar. Það er ekki til fyrirstöðu kennslunni yfir höfuð, þó kennslubækurnar sè á dönsku, og að vísu er að þessu það gagn, að skólapiltar komast með þessu vel niður í málinu, sem er svo umvarðanda fyrir þá menn, sem til mennta eru settir.

Ef kennslubækurnar yrði allar á íslenzku, þyrfti því að auka, að eg held, kennsluna í dönsku frá því, sem nú er; að öðru leyti er það sjálfsagt, að það liggur kennendum skólans næst, að leggja kennslubækurnar út á íslenzku, móti hæfilegri þóknun, og stjórnarráðið áleit það og, einúngis vildi það ekki, eins og rektor hafði

stúngið upp á, veita árlega vissa upphæð — eg trúi það væri 500 rd. — í þessu skyni, heldur þóknun í hvert skipti eptir kríngumstæðum.

Viðvíkjandi nr. 23. felli eg mig bezt við atkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, því þá fyrst, þegar ítrekaðar áminníngar ekkert hjálpa, er ástæða til, að vísa piltinum úr skóla fyrir drykkjuskap.

Uppástúnguna undir nr. 24, um launaðan *inspector* við skólann, get eg ekki aðhyllzt, því eg sè enga sannsýni til þess, en talsverðan kostnað. Fyrirkomulagið, sem nú er, er fullkomlega tryggjandi, það nefnilega, að rektor býr í skólahúsinu, og að kennararnir skiptast á, að hafa umsjón í skólanum eptir miðjan dag, frá kl. 4 til 7 og frá kl. 8 til 10; annað mál er það, að veita kennurunum hæfilega þóknun fyrir þessa tilsjón; það er sanngjarnt, og það virðist stjórnin einnig að álíta, þar sem hún í launabótarfrumvarpinu, sem lagt var fyrir þíngið, ætlaði 300 rd. til þessarar umsjónar.

Að fjölgað yrði ölmusunum við skólann til 40., eptir nr. 26., væri að vísu æskilegt, en eg get ekki haft von um, að stjórnin mundi geta veitt þá bæn, og eins og nú er ástatt virðist það ekki heldur nauðsynlegt.

Að veita nýsveinum, eins og stúngið er upp á í nr. 29, ölmusu á sèr stað, þegar kríngumstæðurnar mæla með því, en ekki er það, og getur ekki verið almenn regla; á þessu ári er enda heil ölmusa veitt einum nýsveini, eptir rektors uppástúngu og meðmælum, af því pilturinn var fátækur, reyndist vel undirbúinn, og var langt að kominn, og 2 öðrum nýsveinum var líka veitt hálf ölmusa. Þetta verður allt að fara eptir þeim sèrstaklegu kríngumstæðum í hvert skipti, og verður ekki bundið við fasta reglu. Að þíngið fari að kjósa menn í nefnd, til að íhuga þetta mál, getur ekki komið til neinna mála; það liggur algjörlega fyrir utan þíngsins verkahríng, og yfir höfuð er þetta mál ekki löggjafarmál, og það vil eg biðja þíngið vel að athuga.

Þá er eptir að minnast á »privat-dimission«, sem nefndin mælir með, að verði hèr aptur innleidd; mèr sýnist hún fyrir mitt leyti mjög ísjárverð; eg hefi þekkt að minnsta kosti 2 »privat-dimissos« sem vissulega ekki voru færir um, að verða fræðarar lýðsins; svo voru þeir illa að sèr; en það er sjálfsagt að »privat-dimission« er nú, með því fyrirkomulagi, sem nefndin hefir stúngið upp á, betur tryggð en hún var áður.

Eg óttast fyrir, ef hún kæmist á, að það mundi draga frá skólanum, og menn heldur mundu vilja lesa »prívat«, þegar ætlazt

er til, að minna þurfi að nema, en í skólanum; því eg skil ekki betur, en að nefndin vili, með því að heimta minna, en heimtað yrði í skólanum, laða menn til, að láta börn sín *studera* »privat«, og að bún gjöri svo ráð fyrir, að þessir stúdentar, eptir að hafa gengið undir próf við prestaskólann, taki litlu prestaköllin, sem hinir ekki vilja hafa; en þetta held eg ekki sè að ætla á; því þeir eru ekki ætíð auðmjúkastir í anda, sem minnst vita, svo það stæði að líkindum við sama, að litlu brauðin, eins og nú er farið að tíðkast, gengi ekki út; og það er þó nefndarinnar meiníng, að bæta úr því með »privat«-kennslunni og »privat-dimissioninni«; en það er reyndar ekki það, að mennina vanti, enn sem komið er, til brauðanna, heldur hitt, að brauðin, sem losna, opt eru svo lítil, að engi vill sækja um þau, hvað lítið sem hann á að sèr; þetta er meinið, og þetta, í sambandi við þenkíngarhátt manna hèr, er aðalorsökin til þess, að svo fáir ganga í skólann; en á þessu er nú ekki hægt að ráða bót. En eg skal ekki fjölyrða um málið; eg skal einúngis lýsa því yfir, að mèr virðist nefndin hafa farið vel með málið, og þó ekki öllum uppástúngum hennar geti orðið framkvæmt, álít eg engu að síður, að mikið sè unnið, ef aðaluppástúngunum gæti orðið framkvæmt. Það er öll von, þó þínginu og öllum landsmönnum liggi þetta mál á hjarta, og eg vona það, að sú breytíng, sem nú er komin á málið, beri góða ávexti.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki verið á sama máli og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi,* að menn mundu sætta sig betur við, að vera fáfróðir, heldur meinti nefndin, að þeir, sem lærði í heimaskóla, mundu sætta sig betur við sveitalífið, og það er satt, og uppástúnga nefndarinnar um það, að stytta skólatímann, miðar líka til þess, að piltar síður venist af sveitalífinu. Mèr fannst líka mótbára hans á móti uppástúngu nefndarinnar vera léttvæg, og ekki samboðin svo góðum manni, að geta þess til, að uppástúngan miðaði til að auka fáfræði. Mèr fannst nægileg trygging fyrir útskrifuninni úr heimaskóla, að fleirum er ekki leyft að útskrifa en þessum hálærðu mönnum, sem nefndin hefir tilnefnt, og eg er ekki viss um, að kennararnir við skólann sè öllu færari um að kenna en þessir menn. Þó mig nú ætli nærri því að sundla, þegar eg lít á þessi breytíngaratkvæði öll, sem komin eru, verð eg þó að minnast á einstök þeirra. Eg kann vel við breytíngaratkvæðið undir 6. tölulið; mèr þykir það gott, að engi megi vera yngri en 12 ára í skóla, en mèr þykir það undarlegt, að maður sá, sem er hæfilegur

til lærdóms, þó hann sè orðinn eldri en 16 ára, skuli ekki fá inngöngu í neðsta bekk í skólanum, hvað vel gáfaður og undirbúinn sem hann er. Um það að stytta skólatímann ber ekki öllum saman; sumir álíta það ekki gott, en eg held, að almennt hafi verið kvartað yfir því út um landið, að hann væri of langur, eins og nú er, og að þessi langa vera hèr væri orsök í því, að piltar væri nú eins og þeir eru. Menn hafa sagt, að vegirnir væri svo slæmir snemma á vorin; en þeir eru ekki verri nú, en þeir voru, þegar piltar fóru um þá frá Bessastöðum í júnímánuði; altènd eru vermenn vanir að fara heim undir eins eptir lokin, og ætti piltar í skóla að geta eins ferðast yfir landið heim til sín; og sama er að segja um það, að ferðast á haustin, að eg álít það engan ógjörníng seinni hluta septembermánaðar, því seinna fara haustmenn úr sveitum til sjávar, að eg ekki tali um vermenn. 12. töluliðurinn, um að kennslan sè löguð eptir þörfum lands vors, álít eg, að sè vel til fallinn, og eins finnst mèr viðaukaatkvæðið undir 16. tölulið bæta; en um 17. tölulið er eg í nokkrum vafa, hvort hann sè betri en uppástúnga nefndarinnar. Nefndin stakk upp á, að settur væri sèrstakur tilsjónarmaður, til að halda reglu í skólanum, og er það auðsjáanlega miklu hægra fyrir hann, að hafa hina daglegu umsjón þar, en undirkennarana, sem búa híngað og þangað niður um bæinn, og koma ekki í skólann, nema á vissum tímum; ekki yrði það heldur kostnaðarminna að borga þeim, en þessum eina vissa manni; það væri ekki heldur af vegi, að þessi umsjónarmaður hefði á hendi dyravarðarstörfin líka, og held eg því, að eg fallist heldur á þessa uppástungu nefndarinnar. Mèr finnast sum breytíngaratkvæðin við uppástúngu nefndarinnar um drykkjuskap pilta bæta lítið úr, og að vera að til taka með tölum, hvað opt piltar þurfi að drekka, til þess það varði útrekstri, sýnist mèr óþarfi, og mikið vandhæfi á því, því það er ekki drykkjuskapur, þó menn drekki tvisvar eða þrisvar, heldur ef menn gjöra það jafnaðarlega; það liggur því í »drykkjuskap«, að menn ítreki það, að drekka, og það eina breytíngaratkvæði, ef nokkurt skyldi vera, sem bætir úr uppástúngu nefndarinnar, er breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga undir 19. tölulið. Viðaukaatkvæðið undir 23. tölulið finnst mèr óþarft, því það er auðvitað, að skólameistarinn ávítar piltinn og áminnir hann opt, áður en að því kæmi, að hann væri rekinn út úr skóla. Yfir 24. og 25. tölulið ætla eg mèr að hlaupa; en eg fellst bæði á 26. og 27. tölulið; því mèr finnst að svo geti á staðið, að fátækur piltur í

Reykjavík eigi að ganga fyrir ríkum pilti úr sveit; mèr finnst það sanngjarnt, að fátæktin gjöri muninn, en ekki það, hvar pilturinn á heima; en fyrir hina ríkari hèr er ölmusa óþörf, því þá yrði hún nokkurs konar »premía« fyrir pilta úr Reykjavík; en hún nægir ekki til þess, að borga kostnað þeirra, sem lengra eru að. Um 29. töluliðinn er eg í vafa, því eg þekki ekki þær reglur, sem farið var eptir með ölmusuveitíngar handa nýsveinum á Bessastöðum. Fram hjá 30. töluliðnum ætla eg að ganga, því mèr finnst það fjarlægt, að alþíngi kjósi menn í þessa nefnd; en eg ætla að ganga inn á 31. og 33. tölulið. Þá koma töluliðirnir um það, hverir eigi að hafa rètt til þess að útskrifa; eg skil vel það, sem stendur undir 36. tölulið, en ekki allt, sem stendur undir 35. tölul.; eg læt vera uppástúngurnar undir *a* og *b*, en lengra þori eg ekki að fara, og þykir mèr ísjárvert, að gjöra þetta frjálsara, en nefndin hefir stúngið upp á; því eg vil ekki, að þessi heimakennsla verði til þess, að menntunin minnki mikið í landinu. Uppástúnga nefndarinnar undir 39. tölulið finnst mèr óviðkunnanleg, því eg skil ekki, hvernig maður austur í Múlasýslu, sem ætlar að útskrifa einhvern mann, getur gefið stiptsyfirvöldunum það til kynna í tíma, og beðið þau að útnefna prófdómendur; nú getur svo líka á staðið, að hann sjálfur hafi bezta vitnisburð, en allir prestarnir í kríngum hann sè það, sem menn kalla »pokaprestar«; hvernig geta þeir dæmt um kunnáttu piltsins? Eða skyldi vera ætlazt til, að stiptsyfirvöldin sendi þeim prófdómendur sunnan úr Reykjavík; eg held ekki; mèr sýnist það bezt, að trúa þessum eina lærða manni fyrir, að útskrifa piltana, og sýnist mèr, að ákvörðun um þetta gæti komið inn í skólareglugjörðina, þó það ekki sè tekið hèr fram. 41. töluliður finnst mèr nokkuð skrítinn, því mèr þykir það óþarfi, að prófa piltana hèrna, sem eru útskrifaðir úr heimaskóla, ef þeir strax sama árið ganga á prestaskólann; og held eg, að það gæti orðið til þess, að setja heimakennsluna aptur, sem mèr finnst nóg tryggíng vera fyrir, að ekki verði misbrúkuð; piltarnir vissi ekki, hvort þeir yrði reyndir í því sama, og þeir hefði lært, og sýnist mèr því, að þessi grein mætti falla burtu.

Benedikt Þórðarson: Þau mörgu breytíngar- og viðaukaatkvæði, sem hèr eru framkomin við uppástúngur nefndarinnar í máli þessu, sýna ljóslega áhuga manna á málinu; þau stefna öll í sömu átt og nefndin, og ætla eg því lítið um þau að ræða, með því líka að eg treysti því, að þau af þeim komizt að við atkvæða-

greiðsluna, er til hags horfa fyrir málið; einúngis eru það fá atriði málsins, er eg vil þó nokkuð minnast á; hèr er atkvæði undir töluliðnum 6., er mælir fram með því, að aldurs takmarkið 16 ár, við inntöku í skólann, falli burt, og engi takmörk sè þar sett; þegar eg lít til þess, hversu margir, og það lítt undir skólann búnir, fengu inngöngu í Bessastaðaskóla eldri en 16 vetra, já komnir sumir langt yfir tvítugt — og þetta varð þar að liði — þá sýnist mèr þetta 16 ára takmark mætti hèr missa sig; en haldi menn því, þá er það sjálfsagt, að menn ætti að aðhyllast viðaukaatkvæðið undir tölul. 8; menn skyldu gæta þess vandlega, hvað á því ríður hèr, að vísa engum frá skólanum, sem leitar hans, og sem er líklegur að gáfum til bóknáms; menn verða að gæta þess, að æskutími margra úngra manna framdregst hèr opt við fátækt og vinnubasl, svo þó ekki bresti gáfur, þá brestur þó hug og dug og efni til þess, að leita sèr skólamenntunar; hagur margra getur á ýmsan hátt batnað með aldri þeirra og þroska, og það svo, að þótt þeir 16 vetra gamlir ekki sè farnir að hugsa til skólans, þá hugsi þeir til hans tvítugir. Eg fer ekki fleiri orðum um þetta, og ekki um atkvæðin, er nú fylgja, fyr en kemur 18. töluliðurinn, er hljóðar um hinn launaða umsjónarmann skólans; um hann er eg enn sömu meiníngar og eg var við undirbúníngsumræðuna, að eg ætla að skólinn geti án hans verið enn þá nokkra stund, eins og hinir eldri skólarnir gátu það, og þessi skóli hefir getað það híngað til; hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður tók það einkum fram við undirbúníngsumræðurnar i málinu, sem í alla staði er rètt og satt, að umsjónarmaður þessi þyrfti að vera valinn og menntaður maður, svo skólasveinar gæti virt hann og hlýtt honum sem yfirboðara sínum, en nú vil eg spyrja, hvar fæst þessi maður? Eg er ekki óhræddur um, að svo geti brátt farið, að vandræði verði að fá kennendur til skólans, og þá getur það bætt á vandræðin, að fá, auk þeirra, þenna menntaða mann. Það sýnist má ske engum nema mèr, að hjá oss horfi til auðnar með embættismanna-efni; 4 eða 5 kandidatar frá prestaskólanum, sem nú eru til, verða þó ekki hafðir til alls, og eg held, að brátt komist skiptin á þá; skólarnir, eins og þeir eru nú settir, heita oss hvorki mikilli nè bráðri viðkomu, og þó skólareglugjörðinni verði breytt, eins og ráðgjört er, og skólinn verði við þá breytíngu langtum aðgengilegri, en hann hefir verið nokkra stund, þá á það sèr aldur, að ávextir þess verði upp skornir; 10 ár líða svo, að engi

þeirra, sem á öðru og þriðja ári hèr frá kemur í skólann, getur orðið embættismaður; á þessum 10 árum eru það þá þeir, sem nú eru í skólanum, og skyldi þeir verða til ásetníngar í haust, 40 talsins eða vart það, þá fáum við, með því þó að leggja ekkert fyrir vanhöldum, 4 embættísmanna-efni á ári hverju — til að verða prestar, lögfræðíngar og læknar; eg gat þess við undirbúníngsumræðurnar, hvernig ástatt er með prestana í landinu, að margir þeirra eru háaldraðir og gamlir menn, en eg bæti því við, að ekki eru nú til á öllu landinu nema 2 aðstoðarprestar, og annar þeirra fullt fimmtugur maður hjá presti á tíræðisaldri. Sjá menn nú ekki, í hvert óefni komið er? Jú, það hljóta allir að sjá, og því leggja allt það til þessa máls, er til vandræða firríngar horfir, leggja öll góð ráð til þess, er hugsast geta, að sem flestir geti komizt inn í skólann, og því skyldi menn ekki efast í að biðja um, að ölmusunum verði tafarlaust fjölgað. Efnahagur vor Íslendínga er almennt svo þröngur, að sá mikli kostnaður, sem bundinn er við skólaveruna hèr, er oss með öllu ókljúfandi; það verður að greiða inngönguna í skólann með ölmusuveitíngum, eins og gjört var á Bessastöðum — og er lífandi vottur þess, að þar lærðu margir, og urðu að mönnum, sem aldrei hefði lært, hefði þeir ekki verið teknir þar inn á hálfa ölmusu,og því kom eg hèr fram með viðaukaatkvæðið undir tölulið 29, og þykir mèr mikið undir því komið, að því sè gaumur gefinn; hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gat þess, að nú væri farið að taka nýsveina inn í skólann á hálfa ölmusu, og er það skynsamlegt; en því heldur sýnist mèr, að leyfi til þess ætti að standa með berum orðum í skólareglugjörðinni, að menn sæi það, og hændist því betur að skólanum. Þá verð eg líka að minnast á atkvæði mitt undir tölulið 30, að alþíngi kjósi mennina nú þegar í skólanefndina; það ætla eg að flýta mundi málinu, og gjöra stjórninni hægra fyrir; það er sjálfsagt, að hún á ráð á, að samþykkja eða hafna þeirri kosníngu, en eg kviði því ekki, að hún hafni henni. Mèr þætti það ekki eiga við, að skólakennendurnir væri saman í slíkri nefnd, því þeir eru sem einn maður; skólameistarann álít eg sjálfkjörinn í nefndina; og þá þekkjum vèr, að hèr er völ á góðum mönnum honum til liðs, og því er engi hætta búin, þótt vèr minntum stjórnina á menn þessa. Það er tvennt, sem menn verða að hafa sèr hugfast í máli þessu; það er, að ráða því fljótt og ráða því vel til lykta; lagfæríng skólans þolir engan undandrátt; en menn hafa reynt, að stjórnin er

stundum lengi að hugsa sig um. Eg sleppi nú þessu; en get þess, að uppástúngurnar um, að öðrum, en skólakennurunum, leyfist að útskrifa úr heimaskólum, líka mèr vel, því einnig þetta hvetur fleiri til, að leita sèr menntunar, en ella; það sýndi sig sjálft, hversu það gekk, meðan slíkt var óbundið, að þá útskrifuðust margir úr heimaskólum velmenntaðir, og urðu nýtir embættismenn, og sumir hverir fullt svo nýtir, sem hinir skárri frá skólanum, og gæti eg nafngreint nokkra þeirra, ef þyrfti.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það er hvorttveggja, að eg er ekki fær um, að tala út í þetta mál, enda gafst okkur ólærðu mönnunum ekki kostur á því við undirbúningsumræðuna, en af því við höfum líka rètt til að láta meiningu okkar í ljósi, þá vil eg segja, að eptir mínum vitsmunum og þekkingu á þessu máli, þá virtist mèr nefndarálit þetta vel úr garði gjört, og eg hugsaði, undir eins og eg sá það, að hèr ætti gamli málsháttur inn betur við, en um daginn, þá hann var brúkaður í kláðamálinu, að *„hèr klóa sá, sem kunni“*, mèr virtist svo, að ef hèr fengist öll þessi tilhögun og lagfæring á skólanum, sem nefndin fer fram á, þá sè svo greiddur aðgangur að honum, sem frekast er unnt, meðan hann er hèr, og að miklu fleiri geti nú orðið hans njótandi, en hafa verið; hèr er nú að sönnu kominn mikill fjöldi af breytíngaratkvæðum, og eg sè þau miða mörg til að laga málið; en að öllu samanlögðu veit eg ekki, hvort þau laga það svo mikið; eg held það sè meira í orði en á borði; það var eingöngu eitt atriði við nefndarálitið, sem mèr í fyrstunni þótti nokkuð umhugsunarvert; það var það, sem hèr er nú undir tölulið 18, að launaður »inspector« eða tilsjónarmaður sè settur við skólann; en þegar eg gætti betur að, sýndist mèr, að það mundi auka nýjan kostnað, og svo hugsaði eg, að það mundi ætíð verða svipmest, og kveða mest að því, að skólameistarinn sjálfur hefði tilsjónina; mèr þykir það ekki vera ofverk fyrir hann; en heldur en að hinir yngri kennarar hafi á hendi reglu og tilsjón skólans — eg held þeim læti það ekki betur en rektor, og það þótt farið sè að veita þeim penínga til þess — vil eg fallast á hitt, að þá *rektor* sjálfur þreytist eða eldist, þá sè duglegur tilsjónarmaður fenginn, sem eingöngu hafi það starf á hendi, ef þessi maður fengist þá hentugur. Eg vil fallast á breytíngaratkvæðið tölulið 6., að fella burt 16 ára takmarkið við inntöku í skólann, því það getur vel svo á staðið, að eldri menn vili og þurfi, að komast í skólann og það í neðsta bekk, sem ekki

hafa haft kríngumstæður til þess svona úngir; það eru dæmi til, og eg gæti tilgreint einn þann merkasta embættismann, sem varð hèr á landi, sem ekki fór að læra, fyr en hann var kominn yfir tvítugt. Vili menn ekki fallast á 19. breytíngaratkvæðið, að fella burt þetta ítrekunar orð um drykkjuskapinn, þá held eg, að eg felli mig bezt við breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu undir tölulið 21., að það sè sett »*þrisvar sinnum* ítrekaður«, svo það sè eitthvert víst takmark við að styðjast, og eptir að dæma. En sèr í lagi vildi eg minnast á eitt, nefnil. það, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður stakk upp á við undirbúníngsumræðuna, að fella burt ákvörðun nefndarinnar, sem nú er töluliður 28, að piltar úr sveitum skuli ganga fyrir piltum úr Reykjavík, að fá ölmusu; þessa ákvörðun vil eg ekki missa í burt, því mèr þykir hún þörf og sanngjörn, því það er mikill munur fyrir foreldra hèr í Reykjavík, að koma sonum sínum í skólann, sem engu þurfa til að kosta nema skammta þeim heima hjá sèr, eins og þeir hefði annars þurft, hvort sem var, eða fyrir hina, sem, þó þeir fái nú ölmusu, verða að bæta miklum penínga kostnaði við og ferðakostnaði langar leiðir. Eg ætla ekki að tala um þetta málefni meir; mèr virðist svo, að hèr muni ekki skorta umræður samt.

Magnús Andrèsson: Það má virðast óþarfi, að eg tali í þessu máli; margir þíngmennn eru kunnugri því en eg, hvernig til gengur í hinum lærða skóla hèrna í Reykjavík; engu að síður vil eg þó lýsa því yfir, að eg ann mjög mikið góðri skólamenntun, enda þó eg sè ómenntaður maður; og illa væri þá land vort komið, ef að hún svo að segja legðist af; en það dylst engum, að hún er í hnignun, að því leyti sem snertir tölu þeirra, sem læra í skóla, og einmitt af því fækka embættismanna-efnin svo, að til vandræða horfir; sýslurnar, læknaembættin og prestaköllin standa auð; og að því er presta embættin snertir, væri óskandi að ekki ræki að því, sem kerlíngin sagði: »allan skr. . . . . vígja þeir«. Helztu orsakir til tregðu fólks, að koma piltum í skóla, eru teknar fram í ýmsum bænarskrám og umkvörtunum, sem til þíngsins hafa komið, en þó einkum í hinu fagra og greinilega nefndaráliti. Eg vona að þíngið aðhyllist skoðun nefndarinnar og aðaluppástúngur hennar í þessu máli. Eg skal leyfa mèr í fám orðum, að drepa á nokkur atriði, sem hèr liggja fyrir á atkvæðaskránni. Uppástúngur nefndarinnar undir tölul. 3. og 4. felli eg mig vel við, því það heyrist almenn umkvörtun yfir hinu svo nefnda inntökuprófi; þó held

eg, að eg vili fallast á breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns, tölul. 2, því eg álít ekki, að ofætlun sè fyrir pilta við inntöku í skólann, að þeir sè sæmilega að sèr í dönsku, því að kunna »nokkuð í dönsku« er óákveðið, og getur, ef til vill, verið mjög lítið. Að því er aldur snertir, er eg samþykkur nefndinni, ef viðaukaatkvæði hins 4. konúngkjörna þingmanns, undir tölulið 8., er bætt aptan við grein nefndarinnar; það má varla minna vera, en að stiptsyfirvöldunum sè leyft, að gjöra einstaka undantekníng frá aðalreglunni. Við uppástúngu nefndarinnar undir tölul. 11 vil eg enga breytíngu; eg vil meina, að 8 mánuðir sè nægilegur skólatími, og auk þess að júnímánuður mun vera ekki sem hentugastur lærdómstími, þá er líka mjög áríðanda fyrir suma pilta, að hafa ofan af fyrir sèr um hásumarið. Um þær greinir, sem einúngis við koma kennslunni ætla eg ekkert að tala; það er ekki mitt meðfæri; einúngis vil eg segja, að íslenzkar kennslubækur muni víst vera nauðsynlegar. Að launaður »inspector« eða umsjónarmaður sè settur við skólann, held eg sè mjög nauðsynlegt, og miklu haganlegra, en að uppáleggja yngstu kennurunum þá þúngu byrði, að halda fastri og stöðugri reglu í skólanum, því slíkt getur, að minni hyggju, verið þeim næstum ómögulegt, eins og jafnvel reynslan sýnir; því ekki heyrist annað, en að þeir kennarar, sem nú eru, sè reglumenn, og þó er kvartað yfir óreglu meðal pilta. Það gæti líka, ef til vill, komið fyrir, að úngur maður fengi kennara-embætti við skólann, sem ekki væri orðinn fullkomlega staðfastur í reglulegum lifnaði; en til umsjónarmanns væri efalaust valinn reyndur, ráðsettur og stjórnsamur maður, og væri hans launum vel varið, og það er ólíkur kostnaður því, að flytja skólann aptur úr Reykjavík, eins og þó er farið að stínga upp á. Nefndar uppástúnguna tölul. 25, með þeirri breytíng eða viðauka, sem þíngmaðurinn frá Norður-Þingnyjarsýslu hefir gjört, felli eg mig vel við.

Að piltar úr fjarlægum stöðum gangi fyrir piltum úr Reykjavík, að jöfnum kríngumstæðum, álít eg mjög sanngjarnt, og ætti við þann mismun, sem á því væri gjörður, einkum að hafa tillit til efnahags, eins og breytíngaratkvæðið tölul. 27. bendir til. Að koma á aptur *privat*-kennslunni, held eg sè mjög nauðsynlegt; hún varð mörgum að góðu gagni, meðan hún var leyfð, og það er víst eitthvert bezta ráðið, til auka menntun í landinu; en hvort betra er, uppástúnga nefndarinnar tölul. 36. eða breytíngaratkvæðið tölul. 35., þori eg ekki hiklaust að segja; en gengi stjórnin inn á svo mikla

rýmkun með þá kennslu, sem breytíngaratkvæðið fer fram á, þá kæmist á heimakennsla víða út um landið, sem í sumu tilliti er æskilegt; en ef fylgt er uppástúngu nefndarinnar, hefði sú kennsla varla stað nema í Reykjavík, og þá kynni Reykjavíkur-lífi þeirra pilta að fylgja einhver sá annmarkinn, sem kvartað er yfir, að þar eigi sèr stað, sem ekki er eins hætt við á góðum reglubæjum út um landið. Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta, og mun greiða atkvæði á þá leið, sem nú hefi eg á vikið.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg var einn af þeim, sem ekki komst að við undirbúníngsumræðu þessa máls, til að bera hól á nefndina fyrir aðgjörðir hennar; enda hafa aðrir gjört það svo rækilega, að það væri að bera í bakkafullan lækinn, ef eg færi til þess líka. Eg játa það, að mèr líkar mjög vel, hvernig nefndin hefir farið með málið, og ætla það geti borið hina happasælustu ávexti, þegar fram í sækir, nái málið fram að gánga í þá stefnu, sem nefndin hefir beint því í. Allir þíngmenn hafa nú og viðurkennt hið sama, en því meiri furða er það, hvernig þessi atkvæðaskrá úir og grúir af breytíngar- og viðaukaatkvæðum, sem ekkert gagn gjöra, og spilla heldur en bæta fyrir nefndinni. Eg iæt mèr nú ekki detta í hug, að tala um öll þessi breytíngar- og viðaukaatkvæði, því það væri líkast því, að fara í lúsaleit; heldur vildi eg að eins minnast á nokkur atriði málsins, er mèr þykja mestu varða, og það er þá fyrst tölul. 3. á atkvæðaskránni, uppástúngu nefndarinnar, að hið svokallaða inntökupróf sè af tekið; það er að minni meiníngu hið heppilegasta ráð, til að hæna pilta að skólanum, og opna aptur þær dyr, sem mörgum hafa þótt þröngar inngöngu að undanförnu; veit eg til þess, að þetta inntökupróf hefir fælt margan frá skóla, sem annars hefði þó árætt, að ganga á hann. Þar næst er tölul. 7., uppástúnga nefndarinnar um hið minnsta og mesta aldurstakmark skólapilta, nefnil. að engi megi koma yngri í skóla en 12 ára, og engi eldri í neðsta bekk en 16 ára; eg er nú alveg á sama máli og nefndin um þetta atriði; eg get alls ekki aðhyllzt breytíngaratkvæðið tölul. 5., að 10 ára piltar megi fá inngöngu í skóla; því það mun harla fágætur sá líkams- og sálarþroski, að piltar svo úngir geti gengið í þann skóla, hvar svo mikið er heimtað að læra, sem hèr er; eða að svo úngir piltar geti fylgt öðrum eldri í bóknámi. Sama er að segja um tölul. 6., sem fer fram á, að ekkert aldurs takmark sè ákveðið, og að hver megi fara í skóla, þegar hann vill. Þessu get eg alls ekki verið meðmæltur; því

fyrst er það stórkostleg breytíng frá því, sem tíðkast hefir frá alda öðli, og er ekki vert að innleiða þess háttar nú; svo finnst mèr það einhvern veginn óviðkunnanlegt, að fullorðnir menn, eða ef til vill komnir á efra aldur, setist á bekk með 12 vetra gömlum piltum; má þá gjöra ráð fyrir, að slíkt geti að borið, þegar engi takmörk eru sett um aldurinn; yfir höfuð að tala felli eg mig bezt við 18 ára aldurinn, sem stúngið er upp á undir tölul. 5., með þeim viðauka, sem tölul. 8. fer fram á, að stiptsyfirvöldin veiti aldursleyfi, þegar yfirgnæfandi ástæður mæla með því. Þá er uppástúnga nefndarinnar undir tölul. 11., að skólaárið sè stytt um einn mánuð, nefnilega júnímánuð, og er eg þessu alveg meðmæltur, og ætla það hafi hinar happasælustu afleiðíngar fyrir skólann; því menn vita það, að fátæktin hefir á undan mjög svo bægt mönnum frá skóla. Nú liggur það í augum uppi, að því lengri frítíminn er að sumrinu, því meira geta skólapiltarnir unnið fyrir sèr; og þegar nú gjöra má ráð fyrir, að piltar verði almennt eldri hèr eptir en híngað til í skóla, ef að þessar breytíngar komast í kríng, þá er það víst, að þeir geta mjög mikið lètt undir skólakostnaðinn með vinnu sinni, þegar þeir í tækan tíma geta komizt upp í sveit, og unnið þar mestmegnis allan sláttinn. Þetta gjörðu skólapiltar á Bessastöðum, og er hèr margur innanhúss, sem mun muna það, að einstaka piltur á Bessastöðum vann alveg fyrir sèr, það sem ölmusan ekki hrökk, án nokkurs styrks frá öðrum. Ætla eg einnig, að piltar, sem eru upp aldir hèr í Reykjavík gæti haft gott af því, að hafa tíma og tækifæri til, að vera uppi í sveit, og vinna að sveitavinnu að sumrinu; því flestir þeirra verða, hvort sem er, embættismenn uppi í sveit, eptir sem til hagar hèr á landi með embætti, og væri ekki úr vegi þeir fengi færi á, að kynna sèr sveitalífið, áður en þeir þurfa að fara að lifa og deyja í sveitinni. Að íslenzkar kennslubækur sè við hafðar í skóla, eins og nefndin stíngur upp á undir tölul. 15., er svo sjálfsagt, að ekki er líklegt neinn maður veki efa um það; er eg alveg samþykkur því, er hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði um þetta atriði við undirbúníngsumræðuna, að það er eitthvað óþægilegt við það, að minnsta kosti fyrir mína tilfinníngu, að vita börnin sín, börn skólans og börn landsins nema ýmsan fróðleik á öðru máli en sínu eigin; það er sannarlega sama sem að gefa barni sínu óhreint vatn fyrir nýmjólk. Uppástúnga nefndarinnar undir tölul. 22., að drykkjuskapur varði útrekstri úr skóla, hefir nú verið dæmd á ýmsa vegu af

þingmönnum; sumir hafa viljað herða á þessu, en sumir aptur lina það; en eg verð nú að halda, að nefndin hafi einmitt hitt hinn rètta meðalveg í þessu efni. Drykkjuskapur er eitt af þeim afbrotum, sem bágt verður að gefa vissa reglu fyrir, hvernig hegna eigi; því það eru kríngumstæðurnar, sem í þeim tilfellum hljóta að gjöra svo mikið, til að skerpa eður lina hegníngunа. Það getur opt við borið, að eg ímynda mèr, að piltur drekki svo þrisvar eða fjórum sinnum, að ekki sè sanngjarnt að varði útrekstri úr skóla, þegar hann að öðru leyti er siðsamur og góður piltur. Aptur get eg ímyndað mèr, að einasta eitt drykkjuskapar tilfelli geti varðað burtrekstri, þegar það er samtengt einhverju því athæfi, sem er svívirðilegt fyrir skólann, eða lýsir kæruleysi hlutaðeiganda. Fyrir straff í þessum tilfellum er eigi unnt að gefa fastar reglur, og verður skólastjórnin í hvert skipti að meta það; sýnist mèr áhættulaust, að trúa henni fyrir því, beri maður annars fullkomna tiltrú til hennar í öðrum greinum. Eg held líka, því betur, að ekki þurfi að gjöra svo opt ráð fyrir þessum drykkjuskap í skólanum hèr eptir; því þegar sú meðvitund er orðin innrætt almenníngi, og einkum piltum sjálfum, að drykkjuskapur sè ósæmilegur fyrir skólann, og eigi því að varða útrekstri úr honum, þá ætla eg þá svo ærukæra, að þeir ekki með jafnaði gjöri sig seka í þeirri synd framvegis. Þá er uppástúnga nefndarinnar undir tölul. 28., að piltar úr fjarlægum hèruðum siti fyrir Reykjavíkurpiltum með að fá ölmusu, byggð á sanngirni og jöfnuði; því eptir sem eg þekki bezt til, þá mun sá, sem kemur pilti í skóla úr hinum fjarlægari hèruðum landsins, vanalega þurfa að kosta meiru til, en búsettur maður í Reykjavík, þó hinn síðar taldi hafi engan styrk, en hinn fyr taldi fái fulla eða heila ölmusu handa piltinum; nú er það mjög svo áríðanda, að gjöra öllum landsbúum jafn auðvelt að ná í skólann, vili menn hafa þau not af honum, sem til er ætlazt og þörfin krefur. Svo verð eg að vera meðmæltur viðaukaatkvæðinu undir tölulið 29., að efnilegum nýsveinum veitist strax ½ ölmusa við inntökuna í skólann, eins og viðgekkst á Bessastöðum. Menn vita það, að fátæktin ein hefir bægt mörgum efnilegum pilti frá skólanum, og sem mundi hafa árætt að ganga á hann, ef hann hefði fengið styrkinn undir eins. Uppástúnga nefndarinnar undir tölulið 36., um heimakennslu og heima-*dimission* verð eg að vera mikið meðmæltur, og ætla mèr að styðja allar þær breytingar og viðaukauppástúngur, sem gjöra heimakennsluna sem auðveldasta; hinn háttvirti *konúngsfull-*

trúi hafði nú reyndar ýmislegt á móti henni, og sèr í lagi það, að úr þessum heimaskólum hefði einatt komið þeir menn, sem ekki hefði verið færir um, að vera *fræðarar lýðsins;* þetta getur nú vel verið, að það hafi stöku sinnum við borið, að þeir menn, sem hafa notið eingöngu heimakennslu hafi reynzt óduglegir embættismenn; en eg get líka sagt honum það, að margir þeir menn eru mikið heiðarlegir og duglegir menn; og eg gæti ef til vill nafngreint fleiri en einn, sem ekkert hafa staðið á baki hinum duglegustu mönnum í sinni stöðu. Það er auðvitað, að slíkt verður sem optast mest undir manninum sjálfum komið, sem kennslunnar nýtur, og meir en undir kennaranum, hvernig hann gefst; sè maðurinn gáfaður og duglegur maður, getur hann orðið allt eins gagnlegur og skólagenginn maður, og þó hann kunni að skorta eitthvað á þá menntun, sem skólinn nú veitir manni, þá getur hann bæði bætt við sig í menntuninni, þegar hann er kominn í embættið; og svo mun það optar reynast um þá menn, sem uppalast við sveitalífið, að þeir reynast fullt eins vel, þegar til framkvæmdanna kemur í embættisstöðunni, eins og hinir, sem ekki eru uppaldir i sveit, enda þótt þeir síðar töldu hafi orðið meiri menntunar aðnjótandi. Um hína síðustu uppástúngu nefndarinnar undir tölul. 41. get eg ekkert sagt, en verð að ímynda mèr, að það, sem þar er farið fram á, sè á góðum rökum byggt, og ætla þess vegna að gefa atkvæði mitt fyrir því.

Páll Melsteð: Eg gat ekki talað neitt um breytíngaratkvæði mitt nè önnur atriði þessa máls á síðasta fundi, því fundi var lokið áður mig varði; eg skal því leyfa mèr að tala fáein orð. Eg tek fúslega undir með þeim þíngmönnum, sem hafa látið gleði sína í ljósi yfir nefndaráliti þessu. Mèr þykir það vel og hyggilega samið. Eg vona, að þíngmenn verði því flestir samdóma, og eg vona, að stjórnin fallist á það, og af því muni koma í ljós góðir ávextir fyrir fósturjörð vora, þegar fram líða stundir. Mèr gekk nú það til, að bera upp þetta breytíngaratkvæði, sem á atkvæðaskránni stendur, og við mig er kennt, að eg gat ekki fallizt á, að styttur yrði kennslutíminn í skólanum. Eg álít bezt, að hann standi við það, sem nú er, og sè 9 mánuðir, eins og verið hefir um tíma. Eg er hræddur um, að ef hann er styttur, þá muni einnig ölmusurnar lækka að því skapi, enda álít eg 3 mánuði nægan hvíldartíma fyrir piltana. Eg hefi fært tímann eða þokað honum til, og ætlast til, að kennslan hætti $^1/_2$ mánuði fyr á vorin og byrjaði $^1/_2$ mánuði fyr á haustin. Eg veit af reynslunni, að júnímánuður er ekki vel fallinn til lærdóms, sök-

um þess vasturs, aðsóknar og ónæðis, sem hèr er um þann tíma árs; eg veit, að ef skólapiltar sitja hèr júnímánuð á enda í Reykjavík, þá missa þeir af ferðum viðs vegar út í landið, til átthaga sinna, sem þeir gæti komizt með, ef þeir væri þá lausir frá skóla, og gæti sparað foreldrum sínum talsvert fè. Þeir missa fyrir það af margri atvinnu sumir hverir, sem stendur þeim til boða í miðjum júní, en sem er misst og þeir verða alveg af, ef þeir eru ekki lausir við skólann í miðjum júní. Það fara, eins og menn vita, lausakaupmenn austur og vestur með landi hèðan úr Reykjavík í miðjum þeim mánuði; með þeim geta þeir komizt kanplaust opt og tíðum til foreldra sinna og vandamanna, enda fengið atvinnu hjá þessum lausakaupmönnum, svo nokkru nemur. Svo gekk það bæði mèr og öðrum, þegar eg var í skóla, og foreldrar mínir í fjarlægð austur í Múlasýslu. En eins og nú hagar til, þá komast þeir ekki heim til foreldra sinna, sem langt eiga þangað, fyr en í miðjum júlímánuði. Þetta gekk mèr til að þoka skólatímanum aptur til miðs júnímánaðar. En úr því eg nú ekki vildi stytta skólaárið, frá því sem er, þá hlaut eg líka á hinn bóginn að láta það byrja ½ mánuði fyr á haustin, eður í miðjum september; þetta ætla eg og vel til fallið; það er þó betra fyrir pilta, einkum únga og óharðnaða, sem langt eiga að, austan úr Múlasýslum, vestan úr Ísafjarðarsýslu, að vera á ferð fyrri hluta septembermánaðar, en hinn síðari, því þá eru kveld farin að styttast, en nætur að lengjast, veður farin að vesna, vegir að spillast. Þetta vil eg biðja menn athuga, og munu menn sjá, að það er rètt hugsað. Eg skal því næst minnast fátt eitt á 18. töluliðinn, um umsjónarmann þann, sem þar er nefndur. Eg fellst á þessa uppástúngu, því eg er sannfærður um, að tilsjón, og það sterka tilsjón þarf í skólanum og utanskóla með piltunum. Þessa tilsjón geta kennendur skólans ekki veitt, svo að gagni sè; þeir geta verið góðir kennendur, en þó lítt nýtir umsjónarmenn fyrir því. Eitt er að vera góður kennari, annað að vera stjórnsamur tilsjónarmaður. Svo geta menn ekki ætlazt til með nokkurri sanngirni, að kennendur geti milli tímanna og á eptir tímunum stöðugt haft tilsjón þessa á hendi. Þeir eiga þó að yfirfara stílabækur piltanna, búa sjálfa sig undir kennslutímana, og fl. Það er líka kunnugt, að í skólum ytra eru sumstaðar, og ef til vill víða, slíkir umsjónarmenn, og eg þekki einn skóla í Kaupmannahöfn, þar sem tilsjónarmaðurinn einnig er kennari, og svo mætti hèr vera, og gæti orðið

sparnaður, ef rètt er að farið. Um 33. breytíngaratkvæðið segi eg það, að betur felli eg mig við það, heldur en eins og nefndin hefir hugsað og sagt í tölul. 34.; en ekki er eg á breytíngaratkvæðinu undir tölul. 35. Mèr líkar vel við þá tilhögun, sem nefndin hefir hugsað sèr um *privat*-dimissionir; að eins þykir mèr óþarft um þessa prófdómendur; það er tekið utan úr löndum, þar sem nóg er um lærða menn; hèr er ekki því að heilsa. Þessir prófdómendur verða hèr opt og víða ekki nema nafnið eitt; og til hvers eru þeir þá? Að öðru leyti vil eg af alhuga mæla með allri *privat*-kennslu; hún eykur, breiðir út og viðheldur menntun í landinu. Hún gafst vel, meðan hún stóð, og frá *privat*- eða heimaskólum vorum komu margir af ágætismönnum þessa lands, eins og öllum er kunnugt. Eg mæli með breytíngaratkvæðinu nr. 10, og tala svo ekki meira um þetta mál.

Framsögumaður: Það hafa nú ekki risið nein sèrleg mótmæli móti uppástúngum nefndarinnar, svo eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þau. Þau helztu mótmæli hafa komið frá hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa;* hann lèt í ljósi efasemdir viðvíkjandi *privat-dimissioninni* og heimakennslunni; hann segist ekki vera sannfærður um, að skortur sè á embættismanna-efnum í hin lausu embætti; það væri mjög mikil óheppni fyrir málið, ef tillögur hans við stjórnina færi í sömu stefnu, því það yrði til þess, að gjöreyða málinu; því til hvers væri að gjöra breytíngar viðvíkjandi skólanum, er miða til að fjölga embættismanna-efnum, ef engi þörf er á þeim? Eg vona, að hann hafi ekki meint það eins stranglega, og orð hans sýndust liggja, heldur hafi hann meint, að nú sem stendur megi fá, að því er töluna snertir, nógu marga menn í hin lausu embætti; þessa meiníngu legg eg í orð hans. Eg get ekki ætlað honum, að bera á móti því, sem reynslan svo þráfaldlega hefir sýnt og sannað; og það er því meira áríðanda fyrir þíngið, að hafa meðmæli hans, sem þetta mál er velferðarmál, sem varðar allt landið, og stjórnin hefir jafnan svo mikið tillit til tillögu *konúngsfulltrúans.* Hann sagði, að *privat-dimissionin* áður, meðan hún var leyfð, hefði aldrei haft næga tryggíngu, og að því hefði margir þannig verið útskrifaðir, sem lítið hefði lært eða vitað, og því ekki getað staðið vel í stöðu sinni. Það er hverju orði sannara, að margir af þeim, er útskrifuðust *privat,* voru lítt menntaðir; en það er líka víst, að bæði úr Reykjavíkurskóla gamla, Bessastaðaskóla, og jafnvel síðan að skólinn var híngað fluttur aptur, hafa útskrif-

ast lítt menntaðir menn, ekki síður en úr heimaskóla; það er líka auðvitað, að í skóla hljóta að koma misjafnir gáfumenn, og því vera misjafnt vel að sèr, þegar þeir fara úr honum; en það er líka víst, að margir af þeim, er útskrifuðust *privat,* hafa opt verið miklu fremri og betri embættismenn en þeir, er gengið hafa í lærða skólann, margir hverir. Það gladdi mig mikið, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri auðsèð, að nefndin hefði gjört sèr mikið ómak, og vandað frágánginn á málinu yfir höfuð. Hann sagði, að það þyrfti að bæta embættin, og gjöra þau aðgengilegri. Það er satt, að embættismanna-efnafæðin er meðfram af því, að embættin eru svo lèleg, mörg hver; en það er ekki þínginu að kenna, og það mál hefði átt að takast fyrir, þegar skólinn var fluttur til Reykjavíkur frá Bessastöðum; það kemur ekki þessu máli við. Það er og vonanda, að stjórnin reyni til, að bæta prestaembættin sem fyrst, sem menn ekki vilja taka á móti, eins og þau nú eru, og vilja heldur vera án embætta, en ganga að þeim, af því þau eru svo óaðgengileg; þegar embættismanna-efnin eru fá, þá er verra við að eiga, en þegar nóg er af þeim, þá má velja úr, þá gefa sig líka fleiri fram, í von um, að kjör þeirra muni batna. Heimakennslan er líka kostnaðarminni, þó hèr við lærða skólann sè veittur mikill styrkur. Það er líka aðgætanda, að það eru enn mikil not af heimakennslunni og *privat-dimissioninni,* og það eru þau, að þótt ekki allir verði embættismenn, sem útskrifast *privat,* þá gæti þó við það myndast stúdenta stètt, sem væri eins konar milliliður milli bændastèttarinnar og embættismannanna, og sem gæti útbreytt mikla menntun meðal bændastèttarinnar, og þannig haft mikil áhrif á menntun allra landsmanna yfir höfuð. En á hinn bóginn vildi nefndin ekki útvíkka *privat*-kennsluna meir en góðu hófi gegnir; og vildi því tryggja hana svo mikið, sem auðið er. Nefndin vildi ekki, að leyfið yrði svo rúmt, að það gæti dregið menn frá skólanum, svo lærisveinarnir í honum fækkaði, en fjölgaði ekki; því þá væri allt ónýtt, og til einskis barizt. Það er ætíð vandratað meðalhófið; nefndin gjörði sèr allt far um, að vanda þetta mál svo vel, sem auðið var, og hún gat ekki komizt að annari betri niðurstöðu, en hún hefir gjört, og hèlt hún, að hún væri næst því, sem haganlegast væri. Eg er líka viss um, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* muni leggja með málinu, því hann er málinu gagnkunnugur, og tillögur hans varða mestu. Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu getur ekki fallizt á uppástúngu nefnd-

arinnar, undir tölulið 39., um að *stiptsyfirvöldin skuli ákveða prófdómendur,* eða þeir, er vilja *dimittera privat,* skuli skyldir til, að gefa stiptsyfirvöldunum það til kynna áður. Þetta síðara er hægt fyrir hvern, sem hefir haft pilt til kennslu 2 eða 3 ár, því hann getur einu missiri áður skýrt stiptsyfirvöldunum frá því, þar eð hann veit, hvort pilturinn er fær um, að ganga undir prófið; en það er til að fyrirbyggja, að einhver, sem hefir lært dálítið, fari til einhvers, sem ekki þekki hann, og biði hann að útskrifa sig. Að því er prófdómendum viðvíkur, þá geta þeir alstaðar fengizt, en það er engi sú trygging til, sem ekki geti brugðizt; þingmaðurinn tók til dæmis, ef einhver vildi útskrifa pilt í Múlasýslum, og spurði, hvort stiptsyfirvöldin ætti að senda hèðan úr Reykjavík prófdómendur; eg held það þurfi ekki, því eg held, að í hverju prófastsdæmi sè 2 áreiðanlegir ráðvandir prestar, sem geti verið prófdómendur, og sem hvorki sýni þeim, er kennt hefir, nè þeim, er lært hefir, fyrirfram uppgáfurnar. Það hefir verið talað um 9. töluliðinn. Það hefir þótt ókostur, að skólaárið skuli vera svo langt, sem það er, og því hefir nefndin stúngið upp á, að stytta það. Ef piltar eru iðnir og ástundunarsamir í 8 mánuði, þá held eg sè lítill skaði, þó sá 9. falli burt, einkum þegar það er sá mánuðurinn, sem hættast er við, að freisti pilta frá lærdómi. Að því er veðuráttuna á haustin snertir, þá er hún víst ekki svo mikið til fyrirstöðu, þegar búast má við, að þeir, sem læra, verði eldri en híngað til hefir verið, og piltum mun víst ekki veita af, að vinna fyrir sèr, það sem þeir geta, um sláttinn. Að piltar úr Múlasýslum þurfi svo langan tíma til ferðarinnar í skóla, held eg sè ástæða til þess, að byrja ekki skólaárið fyr en 1. október.

Benedikt Sveinsson: Eg hefi fáu við það að bæta, sem nú hefir verið talað í þessu máli, og vil að eins leyfa mèr að gjöra nokkrar athugasemdir. Viðvíkjandí aldrinum er það hvorki meining nè orð nefndarinnar, að hamla mönnum frá skóla, sem sè eldri en 16 ára, nema einúngis frá neðsta bekk, en stiptsyfirvöldunum stendur þá frjálst fyrir, að leyfa það, ef þeim þykir ástæða til og ef breytíngar- eður viðaukaatkvæði hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns fær áheyrn þíngsins, sem eg býzt við. Um takmörk skólatímans skal eg geta þess, að mèr virðast þau hæfileg, og eins og bezt á við, því það er eðlilegt, að úngir menn hverfi að bókinni á haustum, en á vorum að grænum grösum. Það eru heldur engi vandræði að komast á vorum, úr því maímánuður líður, langar leiðir, og skóla-

piltar geta líka hvílt sig á leiðinni hjá kunníngjum sínum, og áð hestum sínum. Að því er »inspectorinn« snertir, þá held eg nefndin hafi farið í rètta stefnu, því eg er viss um, að engi kennarinn vill taka upp á sig þann þrældóm að vera bundinn uppi í skólanum allan veturinn, þó hann fengi nokkra þóknun fyrir. Eg felli mig vel við breytíngaratkvæði þíngmanns Norður-Þíngeyjarsýslu að því er ölmusurnar snertir, því hinir gáfuðu fá laun sín í meiri menntun og þekkíngu. Að þíngið stíngi upp á mönnum í nefndina, get eg ekki álitið svo fjarstætt, sem sumir þíngmenn hafa látið í ljósi, því það gæti þó verið góð bendíng fyrir stjórnina, að sjá, til hverra þíngið hefði mest traust, og annað er ekki farið fram á. Að því er heimakennsluna snertir, þá hefir hinn virðulegi *framsögumaður* svarað því rækilega, sem á móti henni hefir verið haft; eg vil að eins bæta við það fáeinum orðum, einkum út af því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði. Mèr sýnist það í rauninni meira orðaleikur og keppni, þegar menn eru að vitna til, að heimalærðir menn hafi áður sumir hverir verið illa að sèr, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, og aptur á hinn bóginn, að það sama hafi átt sèr stað um suma, sem hafa gengið í skólann. Það, sem um er að gjöra, er það, að þetta hvorttveggja hafa verið undantekníngar, og aptur hitt að sumir heimalærðir menn hafa orðið jafnvel ágætustu vísindamenn. Eg vil nefna sál. dr. *Egilsen;* eg vona að engi taki illa upp, þó eg teli hann hinn ágætasta vísindamann, sem við höfum átt á seinni tímum. *Konúngsfulltrúinn* sagði, að hèr væri nóg embættismanna-efni, að mèr skildist; en þá sèr hann það, sem engi annar fær sèð, og svo verða menn að gæta að því, að það er alls ekki nóg, að geta talið á fíngrum sínum embætti og embættismanna efni; nei! það þarf að vera *embættismanna-val* í landinu, ef vel á að fara; þó menn sè til mennta settir, þá verða þó ekki allir þeir dugandis embættismenn; slíka eðlisbreytíng, *metamorphosis* hefir lærdómurinn ekki í för með sèr; en hitt er satt, að lærdómurinn gjörir fjölda þeirra, sem læra, að nýtum embættismanna-efnum. Þess ber líka að gæta í þessu máli, að það er fleira en hin konúnglegu embætti, sem menntaða menn þarf, til að gegna hèr á landi, t. d. verzlun, húskennslu og skrifstofustörfum m. fl. Bóndastèttin sjálf hefir líka svo mikið að þýða hèr á landi, að hún ætti vissulega að eiga menntaða menn. Það var enn annað atriði, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók fram, til að mótmæla heimakennslunni með; hann vèk á það sumsè, að nefndin hefði gengið

út frá því, að þeir, er lærðu heima, mundu fremur sækja um embætti en hinir, af því þeir hefði minni menntun, og mundu því lítillátari. Þetta er býsna mikill misskilningur og óeðlileg skoðun; en hitt gæti maður sagt, að það væri eigi síður hætt við því hjá þeim, sem læra í skóla, en hinum, sem læra heima í sveit, að það kviknaði hjá þeim andlegur gorgeir, og þeir mundu færri — eins fáir af þeim og hinum — er segði með Sokrates, að því meira, sem þeir lærði, því minna vissi þeir; eg vona menn ei taki þessi orð mín svo, að eg sè að hniðra skólanum eður þeim, sem í honum nema. Vili maður nú bera saman skóla- og heimakennslu, þá er það óneitanlegt, að skólakennslan hefir ýmsa kosti fram yfir hina. Því verður ekki neitað, að menn í skólanum geta fengið fjölbreyttari menntun; þetta leiðir eigi að eins af því, að kennararnir eru margir í skólanum, heldur líka af hinum andlegu samgöngum, að eg svo að orði komist, millum lærisveinanna sjálfra; með öðrum orðum: í skólanum er almennt menntalíf, sem glæðir og þroskar skynsemi og alla lífsstefnu hins únga manns. En heimakennslan hefir og smákosti, og þá eigi litla. Eg ætla einmitt að taka það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* misskildi, en nefndinni gat ekki dulizt. Sá sem lærir heima, innrætir sèr ósjálfrátt það fèlagslíf, sem hann seinna meir á að vinna og verka í sem embættismaður; hann þekkir það því almennt betur og ann því meir en sá, sem lærir niður við sjó, langt burtu úr sveitinni. Eins satt, eins og það var, að sá, sem lærir í skólanum, mundi fá fjölbreyttari menntun, eins víst er það, að málsháttúrinn »*non scolæ, sed vitæ discimus*« (vèr lærum fyrir lífið, en eigi skólann) muni fremur rætast hèr á landi á þeim, sem lærir heima, en þeim, sem nemur í Reykjavíkurskóla.

Það þriðja, sem eg vildi svara í ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* var fátæktin hèr á landi, sem er einmitt það sem gjörir, að embættin eru svo illa launuð, og það líka, að menn geta ekki sótt skólann, og verða þess vegna, einmitt *þess vegna* að hafa aðgang til að læra heima á kostnaðarminni hátt; og eg verð að segja hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* það, að sá sem lærir, getur ekki lært *fyrir laun þau,* er hann *seinna* fær í embættinu, og því síður fyrir þau laun, sem hann má ske aldrei fær; það getur margt hindrað það, dauðinn ef eigi annað; menn verða því að hafa peningana fyrirfram; og að öðru leyti liggur þetta spursmál um launin ekki hèr fyrir á þingi, og ætti því hvorki að byggja með því, nè heldur að brjóta.

Hugsunin með heimakennsluna er eptir þessu: vèr Íslendíngar þurfum unga mentamenn, embættismanna-efni o. s. frv., og vèr verðum að koma þessu augnamiði heim við fátækt vora; vèr megum yfir höfuð ekki láta þessa gömlu *grýlu*, fátæktina, standa oss fyrir öllum þrifum; hjá því komumst vèr með því, að beita svo skynsemi vorri, að vèr getum komið tilhögunum vorum í það horf, að fátæktin ekki vaxi, þangað til henni leiðist að elta oss. Að öðru leyti skal eg ekki tala fleira, en einúngis láta í ljósi gleði mína yfir undirtektum þeim, sem þíngið hefir veitt nefndarálitinu og þessu máli yfir höfuð.

Forseti: Nú er þegar liðið mjög á þíngtíma; en margir hafa þó pantað orðið, og enn fleiri munu þó eiga ótalað í málinu, áður en til atkvæða væri gengið; eg ætla því að fresta umræðum þessum til kveldfundar, svo menn geti þá betur neytt sín, og skal eg því ákveða fund í kveld, kl. 6 e. m.

Var síðan lesið upp brèf þíngsins til stiptamtmanns með *uppástúngum* áhrærandi *ráðstafanir í fjárkláðamálinu* og samþykkt svo hljóðandi:

»Til alþíngis kom bænarskrá frá Þíngvallafundinum með uppástúngum um stjórn og meðferð á kláðanum hèr í Suðurumdæminu til næstkomanda vors, og var því farið fram í bænarskránni, að alþíngi legði samþykki sitt á uppástúngurnar, sendi þær síðan stiptamtmanni, og skoraði á hann að framfylgja þeim. Alþíngi setti nefnd í málið, og er hún hafði sagt um það álit sitt, var það síðan rætt á tveim aðalfundum.

Um leið og þíngið ber upp fyrir yður, hávelborni herra stiptamtmaður! uppástúngur þær, sem hèr fylgja á eptir, eins og þær voru samþykktar á þínginu, leyfir það sèr að bera þau tilmæli sín fram fyrir yður, að framfylgja uppástúngum þessum, er alþíngi hefir álitið svo nauðsynlegar fyrir almennings heill í þessu máli; það leyfir sèr og að biðja yður svo vel gjöra, að gefa þínginu, hið fyrsta auðið er, til vitundar, að hve miklu leyti þèr sjáið yður fært, að taka uppástúngur þessar til greina, og ef, mót von, þèr eigi sjáið yður fært, að framfylgja einhverri eða einhverjum af uppástúngunum, að þèr vildið þá tilgreina orsökina, svo sem, hvort þèr eigi getið aðhyllzt efni uppástúngunnar, eður yður finnst þèr eigi hafið nægt vald til að framfylgja henni, eður yður vanti fè til þess, því þíngið verður að álíta nauðsynlegt fyrir sig að vita or-

sökina, til þess að hafa slika bendingu sèr til leiðarvísis í máli þessu framvegis.

Að svo mæltu leyfir alþingi sèr, með 16 atkvæðum gegn 4, að skora á yður, hávelborni herra stiptamtmaður! að framfylgja eptirfylgjandi ráðstöfunum:

1. Að nákvæmar og áreiðanlegar skoðanir framfari hið allrabráðasta á öllu sauðfè í Suðuramtinu, sem nokkrar líkur eru til, að veikt sè (samþykkt með 15 atkv. móti 2).
2. Að allt það fè, sem veikt kynni að finnast, sè tafarlaust tekið undir lækningar undir opinberri umsjón um 6 vikna tíma, nema því að eins, að eigandi þess skeri það niður í stað (samþykkt með 17 atkvæðum).
3. Að hver sú kind, sem ekki er allæknuð að þeim tíma liðnum, sè tafarlaust skorin (samþykkt með 17 atkv.).
4. Að allt fè í Suðuramtinu, sem nokkrar líkur eru til, að veikt sè, sè vandlega skoðað í haust í fyrstu rèttum, og að eigendum þess fjár, er þá kynni að reynast veikt, sè gjörðir tveir kostir, annaðhvort að selja fè sitt undir opinbera lækninga-umsjón, eða skera það þegar í stað. Með þá kind, sem eigi er læknuð eptir 6 vikna tíma, sè farið samkvæmt 3. atriði (samþykkt með 19 atkvæðum).
5. Að í vetur komanda framfari að minnsta kosti 3 skoðanir, með jöfnu millibili, og sè þá eins að farið, ef veikt fè finnst, eins og fyrir er mælt í 3. og 4. atriði (samþykkt með 17 atkvæðum).
6. Að stiptamtið með ráði þingmanna, er bezt þekkja til, skipi vissa menn, er hafi á hendi alla umsjón og framkvæmd í því, sem nú er sagt, með nægu valdi og fullri ábyrgð (samþykkt með 15 atkvæðum).
7. Að mönnum þessum verði sæmilega launuð vinna sín, og að laun þeirra og annar kostnaður, er að þessu lýtur, borgist af eigendum hins sýkta fjár að rèttri tiltölu, að því leyti, sem stjórnin ekki leggur fè til þess (samþykkt með 17 atkv.).
8. Með allt það fè, sem kemur inn í þetta amt frá hinum ömtunum í haust, og kláði kynni að finnast í, sè farið á sama hátt og segir í 4. atriði, samanber 3. atriði (samþykkt með 15 atkvæðum).
9. Að stiptamtið auglýsi sem fyrst uppástúngur þessar á prenti, og að hve miklu leyti það sjái sèr fært, að taka þær til greina, og hlutist svo til, að þær verði almenníngi kunnar, og gefi

þinginu jafnframt til vitundar, gegnum *forseta* þess, undirtektir sínar undir þetta mál (samþykkt með 17 atkvæðum gegn 1).

Reykjavík 27. d. júlím. 1861.

Jón Guðmundsson. Benedikt Sveinsson«.

Fundi slitið.

Tuttugasti og fimmti fundur — 27. júlí.

(Kveldfundur).

Allir á fundi, nema þingmaður Húnvetninga, sem enn þá var lasinn.

Gjörðabók frá síðasta fundi varð ekki lesin upp, sökum þess, að skrifararnir höfðu ekki haft tíma til að semja hana milli funda.

Forseti: Samkvæmt dagskránni heldur þá áfram *ályktarumræða* í málinu *um hinn lærða skóla* undir eptirfylgjandi *atkvæðagreiðslu.*

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg veit ekki, hvort eg á að fara að eiga nokkuð við þessi breytíngaratkvæði nú þegar, og held eg, að eg láti það bíða, þangað til eg hefi heyrt umræður manna um þau.

Sveinn Skúlason: Af því eg á hèr svo mörg breytíngaratkvæði á atkvæðaskránni, ætla eg að fara nokkrum orðum um þau, og treysti mèr því ekki til, að fara lengra út í atkvæðaskrána, og ætla eg þá, að lýsa því nú þegar yfir, að eg tók mèr þau, til þess að bæta málið, en ekki til að spilla því. Eg tók mèr breytíngaratkvæðið undir 10. tölulið, til þess að skýra og ákveða betur uppástúngu nefndarinnar, sem mèr fannst of óákveðinn; »um fardaga« er ekki eins einskorðað, eins og »1. júní«; þó finnst mèr þessi uppástúnga nefndarinnar betri, en breytíngaratkvæði þíngmanns Snæfellínga undir 9. tölulið; eg — sem þó var í Múlasýslum á skólaárum mínum, — hefi sjálfur haft raun um það, að það, að skólatíminn hætti 1. júní, kom ekki í neinn bága við færð eða veður; við urðum reyndar stundum, að fara Holtavörðuheiði, og vegurinn varð þannig nokkuð lengri; mèr sýnist það mjög heppilegt, að skólatíminn endi 1. júni, svo að piltar geti notað gagnstímann í sveitinni; en breytíngaratkvæðið undir 9. tölulið er óhagkvæmt, vegna þess að, ef það yrði samþykkt, yrði piltar að rífa sig upp frá miðjum slætti, og missa má ske meir en fyrri helmíng af septembermánuði frá slætti; eins er það líka, að skólapiltum getur

opt gefizt vinna í júnímánuði, einkum við verzlun, sem þeir verða að missa, ef skólatíminn endaði ekki fyr en í miðjum mánuðinum. Um breytíngaratkvæðið okkar þrímenníganna, undir 12. tölulið, ætla eg ekki að tala; það er að eins bending til þeirrar nefndar, sem sett yrði, til að búa til reglugjörð fyrir skólann, hvernig helzt ætti að draga saman kennslufögin; því það er sannarlega þörf á, að hafa kennsluna í sumu í öðru formi, en hún hefir verið, svo sem í grasafræði, og yfir höfuð að tala í náttúrusögunni, því þar gæti hún sannarlega verið þjóðlegri en hún er. Breytíngaratkvæði mitt undir 17. tölulið flýtur eðlilega af því, að eg get ei gengið inn á, að hafa sèrstakan umsjónarmann í skólanum, því það er vandi að fá þann menntaðan mann, sem getur unað þeirri stöðu, að vera nokkurs konar þeytiþvara á milli kennaranna og pilta; ef þvílíkrar umsjónar þarf við yfir höfuð, þá hafa kennararnir meira að segja hjá piltum, en þessi maður; en eg held, að hún sè óþörf, nema ef piltar eru orðnir svo agalausir og úngæðislegir, að menn megi aldrei líta af þeim, og það vona eg ekki sè. Slík umsjón var aldrei á Bessastöðum, og bjó þó engi kennarinn þar í skólahúsinu, heldur bjuggu þeir til og frá, út um Álptanes. Þegar allir kennararnir eru allan fyrri hluta dagsins uppi í skólanum, og rektor býr í skólanum, þá sýnist mèr það óþarfi, að hafa þenna milligöngumann milli pilta og kennaranna; en ef þessarar umsjónar þarf, vil eg að henni sè skipt milli yngri kennaranna, og að launin fyrir umsjónina skiptist milli þeirra, og gæti það verið nokkurs konar uppbót á þeim litlu launum, sem þeir hafa. Um breytíngaratkvæði mitt, undir 24. tölulið, þarf eg ekki að tala, en heldur um það, sem stendur undir 27. tölulið. Uppástúnga nefndarinnar, sem það er gjört við, þótti mèr ónákvæm, nefnil. að piltar í sveit gangi fyrir piltum í Reykjavík »nema því að eins, að sèrlegar kríngumstæður mæli fram með hinu«; mèr þótti það ekki vel til tekið, hvenær Reykjavíkur-piltar ætti að ganga fyrir hinum, og sú rètta regla er má ske vandfengin; en mèr fannst, að það eina, sem ætti að ráða, væri efnamunurinn, þannig að mjög fátækur piltur úr Reykjavík ætti að ganga fyrir ríkum pilti í sveit, en ekki í öðrum tilfellum; því mèr sýnist, að þó pilturinn úr Reykjavík væri ríkur, en hinn tornæmari, þá megi ekki hafa svo mikið tillit til þess, því, ef pilturinn úr sveit ekki fær ölmusu, getur það orðið til þess, að hann verði að hætta, og það væri þá betra, að vísa honum úr skóla hreinlega, vegna þess, að hann væri tornæmur, en að láta hann

ekki fá ölmusu. Breytíngaratkvæði mitt, undir 35. tölulið, er lengst af breytíngaratkvæðum mínum, og út úr því ætlaði eg mèr að fá nokkuð. Suma þíngmenn hefir reyndar ætlað að svíma, þegar þeir hafa komizt út í það; en eg held þó, að það sè fullgreinilegt að mestu. Nefndin hafði reyndar stúngið upp á líku og því, sem stendur undir 35. *a* og *b;* en orsökin til þess, að eg skipti þeim í tvennt, sem hafa eða hafa fengið bezta vitnisburð við Kaupmannahafnar-háskóla, var sú, að eg vildi hafa sèrlegt tillit til þess vitnisburðar, sem menn fá, þegar þeir útskrifast úr skóla, því það er góð skólamenntun, sem gjörir menn hæfasta til, að kenna öðrum skólalærdóminn, en ekki þekkíngin í því, sem menn lesa til sèrstaklegs embættis, því góður vitnisburður í embættisprófinu gefur litla vissu fyrir því, að þeir, sem hann hafa fengið, sè lagaðir til að kenna, nema þeir áður hafi verið vel að sèr, þegar þeir komu úr skóla; en eg vildi ekki svipta menn með bezta vitnisburði frá háskólanum, rètti þessum, sem væri orðnir kandídatar, áður en reglur þessar kæmi út. Þeir, sem eg hefi bætt við, og viljað gefa þennan rètt, eru einmitt þeir, sem eg álít hæfasta til að kenna; þeir hafa fengið alla þá menntun, sem skólarnir gefa, nema embættislærdóminn, og hafa alla þá þekkíngu, sem þarf til þess, að kenna hann aptur, og mèr finnst vera fengin nóg vissa fyrir því, að þeir sè hæfir til að kenna. Eg vil að eins skjóta því til hins háttvirta *forseta,* hvort það sè annað en orðabreytíng, að eg vildi, að í staðinn fyrir »þeim, sem *fá*“, undir *c* og *d,* verði sett: þeim, sem *hafa*«.

Forseti: Eg sè ekki annað, en að því megi breyta, því það er ekki annað en orðabreytíng, sem gjörir meiníngunа skýrari (*Framsögumaður:* Mèr finnst það þó nokkur munur, því að áður var engi munur gjörður í *examens*-vitnisburðinum frá skólanum, eins og nú á fyrstu og annari einkunn, og því geta menn eigi sèð, hvort stúdentar frá eldri tíð hafa bezta vitnisburð frá skólanum). Eg held það væri betra, ef *framsögumaður* vildi taka þetta seinna fram í ræðu sinni.

Sveinn Skúlason: Breytíngaratkvæði mitt undir 37. tölulið verður óþarft, ef uppástúnga nefndarinnar fellur, og sýnist mèr ekki mikið á móti því, að hún falli; en verði henni haldið, álít eg betra að taka breytíngaratkvæði mitt líka, því eins og eg tók fram við undirbúníngsumræðuna, er það ófært að binda þá, sem kenna við vissa rithöfunda eða vissa kafla í rithöfundum; þíngmaður Reykvíkínga upplýsti reyndar, að ekki væri ætlazt til, að væri lesnir sömu kaflarnir í sömu bókunum og í skóla, en eg skildi

ekki vel, hvernig hann vildi haga þessu, og því verð eg að álíta betra, að hafa greinina þannig orðaða, eins og eg hefi tekið fram. Uppástúngu nefndarinnar, undir 41. tölulið, gef eg ekki atkvæði mitt, því eg álít óþarfa, að þeir, sem útskrifast úr heimaskóla, skuli, fremur en stúdentar frá lærða skólanum, verða að gefa sig undir þetta »*tentamen*“, ef ekki líður ár eða meira frá því, að þeir eru útskrifaðir, og þangað til þeir koma á prestaskólann.

Páll Sigurðsson: Það er búið að taka flest af því fram, sem eg vildi hafa sagt, svo að eg get verið því fáorðari um atriðin á atkvæðaskránni, en ætla einúngis að leyfa mèr, að tala fáein orð um málið sjálft. Þau aðalatriði, sem sveitamönnum hefir þótt að í þessu máli, er fyrst, að þeim hefir þótt inntökuprófið of þúngt, og mun þetta hafa fælt marga frá skólanum. Nefndin hefir nú ráðið úr þessu með því, að gjöra veginn inn í skólann greiðari. Hið annað aðalatriði er það, að mönnum hefir þótt skólatíminn of langur, og verð eg að vera uppástúngu nefndarinnar samþykkur um það, að hann endi um fardaga, en byri, eins og vant er. Þetta gjörir skólann talsvert aðgengilegri, því þó skólatíminn yrði fluttur, eins og stúngið er upp á undir 9. tölulið, og skólatíminn byrjaði í miðjum september, þá yrði piltar að fara til skólans um miðjan slátt; eg get ekki gjört mikið úr þessu vonda veðri á haustin, því kvennfólk kemur að norðan, úr kaupavinnu, seinast í september, og verð eg að ætla piltum fært að þola það, sem kvennfólk þolir. Sum breytingaratkvæðin sýnast mèr lítið bæta uppástúngur nefndarinnar, sem eg yfir höfuð er samþykkur. Það, sem menn helzt hefir greint á um, er hinn sèrstaki umsjónarmaður skólans, og þykir mèr hann muni vera nauðsynlegur; umsjónin hefir vanalega verið falin rektor, sem jafnan hefir verið einn af eldri kennurunum, og finnst mèr óviðkunnanlegt, að fela umsjónina hinum yngri kennurum, sem menn ekki geta gjört ráð fyrir, að sè eins ráðsettir eða reglufastir og þeir eldri; hèr eru ekki teknar fram þær reglur, sem þessi umsjónarmaður ætti að vera bundinn, en það ætti nú sjálfsagt að tiltakast í skólareglugjörðinni; að fela yngri kennurunum hina siðferðislegu umsjón pilta, álít eg ekki gott, því það getur verið ágætur kennari, sem ekki er fær um, að hafa þessa siðferðislegu umsjón á hendi, auk þessa búa þeir lika út um bæinn, og eiga því ekki eins hægt með, að hafa umsjón þessa á hendi, eins og sá maður, sem býr í skólanum, og því sýnist mèr að sèrstakur umsjónarmaður muni vera nauðsynleg-

ur, til að hafa skólastjórnina á hendi. Eg ætla ekki að tala um þau einstöku breytíngaratkvæði; en gef að eins þeim þeirra atkvæði mitt, sem eg álít þess verð. Breytíngaratkvæði mitt, undir 31. tölulið, við uppástúngu nefndarinnar, staflið *B*, tók eg mèr af þeirri ástæðu, að þar eð eg gjörði ráð fyrir, að í nefndinni, til að semja reglugjörðina, yrði að minnsta kosti 5 menn, þá áleit eg, að það mundi verða vel þokkað, ef í henni sæti svo sem tveir menn af landsbyggðinni af þeim, sem hefði rètt til heimakennslu. Breytíngaratkvæðið undir 35. tölulið um það, að fleiri fái rètt til þess, að útskrifa pilta frá sèr úr heimaskóla, en þeir, sem nefndin hafði stúngið upp á, finnst mèr frjálslegt; en mèr finnst líka, að menn verði að skoða málið frá tveimur sjónarmiðum; menn verða að fýsa menn á, að sækja að skólanum, og því má eigi gefa heimakennslunni svo lausan tauminn, að það dragi mjög mikið frá skólanum, því þá er tilganginum með, að koma skólanum í betra lag, en nú er, ekki náð, og að hann gæti náð hylli landsmanna, sem eg þó held að veiti nokkuð örðugt, meðan skólinn er hèr í Reykjavík. Eg verð að vera því meðmæltur, að nýsveinar fái hálfa ölmusu, því að að því mundi verða stór bót, því það er hættast við, að menn hætti við skólalærdóminn í byrjuninni vegna fátæktar, menn eru deigastir á, að leggja út í hann, en harðna, þegar á líður, og menn sjá, að hann ætlar að heppnast. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* var í móti heimakennslunni, og hèlt, að þeir, sem hennar nyti, mundi ekki verða eins menntaðir og hinir, sem útskrifuðust úr skólanum, og að þeir mundu heldur þiggja smærri embættin; þetta held eg, að væri ekki svo slæmt, því það hefir britt á því í seinni tíð, að mönnum hafa þótt embættin svo lítil, að ekki yrði af þeim lifað; launin eru þó ekki minni en áður; en orsökin til þess, að menn eru nú orðnir svo stórir upp á sig, að þeir vilja ekki þessi minni brauðin, mun vera sú, að piltar, með veru sinni í skólanum í Reykjavík, eru orðnir svo miklu vanari staðárlífinu en áður, að þeir geta ekki slitið sig frá því, og því held eg, að það væri gott, að sumir lærði heima í hèruðum, svo að þeir vendist sveitalífinu um leið, og þeir lærði lærdóminn. Að menn nú forðast litlu brauðin, kemur ekki eins mikið af því, að tekjurnar eru litlar, eins og af því, að þeir, sem hafa vanizt staðarlífinu, eru orðnir kjarklausir til þess, að byrja á sveitarlífinu, og er það illa farið, ef þeir ekki treysta sèr til þess, að nota bújörðina, sem opt er mesti styrkurinn fyrir presta á hinum minni brauðunum.

Þessi umkvörtun yfir litlu brauðunum kom ekki upp, eða í hið minnsta varð ekki mjög hárómuð, fyr en á seinni tímum, eptir að skólinn fluttist til Reykjavíkur, og hefir þó verðið á vörum þeim, sem prestum er goldið í, hækkað á seinni tímum, móti því, sem þarfir kunna að hafa aukizt. Það er ekki satt, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að tekjurnar af sumum brauðunum væri ekki meira, en gott vinnumannskaup; þeim, sem launað er úr ríkissjóði, þykja líka laun *sín* lítil, og eru þau þó mörg vinnumannskaup, þó þeim má ske ekki finnist það. Eg álít það mjög nauðsynlegt fyrir sveitalífið, að heimakennslan kæmist á, því vèr sjáum á fyrri tímum, þegar menntun var hèr i blóma, meir en annarstaðar, þá stunduðu Íslendíngar búskapinn, jafnframt og þeir voru menntaðir menn. En verði svo lengi, eins og nú er, að yfirvöldin komist í vandræði með smáu brauðin, þá getur það ollað mikillar óánægju, að steypa saman brauðunum, eins og nú er farið að gjöra, og sem eg er hræddur um, að miði ekki til þess, að efla hjá oss trúarlífið.

Björn Pètursson: Eg verð að vera öllum þíngmönnum samdóma og samtaka í því, að ljúka lofsorði á nefndina fyrir það, hve hyggilega og frjálslega hún hefir tekið í þetta mál. Öll hreytíngaratkvæðin, sem fram hafa komið, miða til þess, annaðhvort að skýra eða rýmka uppástúngur nefndarinnar. Það hafa komið nokkur mótmæli, og þó ekki mikil á móti 17. tölulið, einkum frá þíngmanninum úr Gullbríngusýslu, og bar hann einkum það fyrir, að ekki væri kostnaðarmeira að launa *inspector,* en að launa kennurunum fyrir umsjónina; en tilgangurinn með breytíngaratkvæði mitt og þíngmanns Norður-Þíngeyínga var ekki sá, að fyrirbyggja kostnaðinn, heldur að koma umsjóninni þannig fyrir, að hún yrði að sem beztum notum. Ef óviðkomandi og líklegast ómenntaður maður væri *inspector,* þá er auðvitað, að skólapiltar bæri minni virðíngu fyrir honum, en kennurum sínum, og kynni jafnvel að glettast við hann. Eg er hræddur um, að annaðhvort verði þessi sèrstaki *inspector* ónýtur, ef hann vill verða vinsæll, eða þá óvinsæll, ef hann er harður og duglegur. Hvorttveggja er jafn hættulegt, því hvort sem yrði ofan á, getur tilgangurinn með þessa tilhögun ekki náðst, svo peníngum þeim, sem til þess yrði varið, væri fleygt út til einskis. Því finnst mèr miklu betra, að einhver af kennurunum hefði þenna starfa á hendi, eins og híngað til hefir verið, og fengi sèrstaka þóknun fyrir það. En þar sem þíngmaður Rangæínga áleit það eðlilegast, að einhver af eldri kennurunum

hefði þessa umsjón, þá sýnist mèr — og það sýnist víst öllum öðrum — það þvert á móti eðlilegast, að einhver af yngri kennurunum hefði hana; þingmaður Snæfellsnessýslu sagði líka, og það er satt, að einn maður geti verið góður kennari, en ónýtur *inspector,* en það er ónýt mótbára á móti breytíngaratkvæðinu, því að rektor hlýtur að þekkja kennarana, og setja þann fyrir *inspector,* sem er hæfastur til þess. Uppástúngu mína og hins 4. konúngkjörna þingmanns undir 40. tölulið hafa allir þingmenn, sem talað hafa, styrkt, og jafnvel hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi,* og vona eg því, að hún verði samþykkt af þinginu; það virðist líka miklu rèttara, því þegar svo vel er búið um hnútana, með þessa *privat-dimission,* þá sýnist þetta »*Tentamen*« við prestaskólann að vera með öllu óþarft; annaðhvort verður að álíta *privat-dimission* gilda, eða þá ekki gilda. Að öðru leyti ætla eg ekki að tala um hina mörgu tölulíði á atkvæðaskránni; það mun síðar sjást, með hverjum eg gef atkvæði mitt.

Jón Pètursson: Eg álít nú þetta mál eitt það merkilegasta, sem frá alþíngi hefir komið, og ef það fær góðan framgang, þá kalla eg alþíngi ekki hafa verið til ónýtis; með nefndarálitinu er ráðin bót á öllum göllum, sem við skólann eru; inntökupróf er af tekið, rýmkað til um inntökualdurinn, kennslugreinirnar að nokkru leyti fækkaðar, skólaárið stytt, og „*privat-dimission*“ upp tekin aptur, sem er alveg ómissandi. Eg aðhyllist alveg uppástúngur nefndarinnar, nema 2 þeirra, og eins nokkur breytíngaratkvæði, sem eg síðar mun tilgreina. Eg kynni bezt við, að aðhyllast breytíngaratkvæðið undir tölulið 6, að engum verði meinað að koma í skóla, þó hann sè nokkuð gamall. En ef það fellur, vil eg að breytíngaratkvæði mitt, undir 8. tölulið, verði tekið. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að það hefði verið meining nefndarinnar, að þó þetta nefndarálit væri gjört að lagaboði, þá skyldi þó stiptsyfirvöldin hafa þann rètt, sem þau áður hafa haft, til að veita undantekníngar um aldursleyfið. Eg kann betur við, að þetta sè skilmerkilega tekið fram, og það er ekki vanþörf á því, því mèr fmnst hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður skilja það svoleiðis, að þetta leyfi væri af tekið, ef þetta yrði lög. Hann sagði, að það væri svo óviðkunnanlegt, að maður, sem væri kominn undir tvítugt, sæti á sama bekk og 12 ára gamall drengur. Eg sè nú ekkert fremur óviðkunnanlegt í því, að piltur á 17. ári en 16. siti á sama bekk og piltur á 12. ári, og því held eg, að stiptsyfirvöldin ætti að

hafa þetta leyfi, til að gjöra undantekníngar, eins og þau hafa haft. Eg kann betur við breytíngaratkvæðið undir 10. tölul., en nefndaruppástúnguna; það getur í hverju tilliti komið sèr betur fyrir pilta, að dagurinn sè fast ákveðinn, en að hann sè á reyki; þeir geta þá gjört t. a. m. ráðstöfun um, að fá hesta sína til þessa vissa dags. Eg er líka samþykkur 12. breytíngaratkvæðinu, og eins því 16. og 19. Eg hefi reyndar gjört breytíngaratkvæði við þetta seinasta, en eg gjörði það, ef orðið »ítrekaður« ekki fellur. Í »drykkjuskap« liggur, eins og hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður tók fram, að það sè orðið að vana að drekka, en þó brúka menn líka »drykkjuskap« um eitt einstakt tilfelli, til dæmis: »hann gjörði það í drykkjuskap«; og ef drykkjuskapur væri haft í þessari merkíngu, þá hefði líka rektor leyfi til að reka úr skóla pilt, sem einu sinni hefði drukkið sig kenndan; en það er, eins og allir sjá, ekki rètt, og það á ekki að vera, nema yfirsjónin sè opt ítrekuð, og eins og eg hefi tekið fram í viðaukaatkvæði mínu, undir 23. tölul., að rektor hafi áminnt piltinn nokkrum sinnum áður, en pilturinn hafi ekki hlýtt; því það er einmitt óhlýðni í, að vilja ekki láta af því ósómasamlega, eins og hinn 2. konúngkjörni tók fram, sem er útrekstrarsökin, en strangt tekið ekki óreglan eingöngu; þess vegna álít eg nauðsynlegt, að 23. breytíngaratkvæðið sè samþykkt, því annars kemur skekkja á það vald, sem skólameistarinn hefir. Við nefndaruppástúnguna undir 28. tölul. get eg alls ekki fellt mig, því það er alveg sama sem að fyrirskrifa stiptsyfirvöldunum reglur. Menn skyldi halda, hefði menn ekki vitað, hverir voru í nefndinni, að þeir hefði haldið, að stiptsyfirvöldin opt hefði syndgað á þessu, og þau þyrfti því að fá áminníngu fyrir þetta; en það veit eg ekki til, að þau hafi gjört, og þess vegna sýnist mèr óþarfi, að taka þetta fram. Það er auðvitað, að það á síður að veita piltum hèr ölmusu, en piltum til sveita, ef eins stendur á; en að vera að biðja um þetta, er það sama, sem ef menn beiddi um, að þeim reglusama væri veitt ölmusa fyrir þeim óreglusama, þeim iðna fyrir trassanum, og þeim, sem lengra væri kominn í lærdóminum fyrir þeim, sem stutt væri kominn. Hinn háttvirti þíngmaður Barðstrendínga hefir nú bætt enn einu við, að nýsveinum væri veitt að minnsta kosti hálf ölmusa; þessu geta nú stiptsyfirvöldin fylgt fram, ef þeim þykir ástæða til, en mèr sýnist óþarfi, að vera að taka það fram. Eg geng alveg inn á breytíngaratkvæðið undir 30. tölul.; úr því þíngið hefir lýst því, að það hefir tekið málið svo mjög að sèr,

þá get eg ekkert fundið móti því, þó það stíngi upp á mönnunum; konúngur er ekki bundinn við það, og gæti líka kosið fleiri menn með þeim, sem þíngið stýngi upp á, ef hann áliti þá betur hæfa. 33. breytíngaratkvæðið geng eg inn á. Eg þarf ekki að mæla með viðaukaatkvæði mínu undir 40. tölul.; því eg veit, að þíngið samþykkir það; það hefir einúngis verið gleymska hjá nefndinni, að taka þetta ekki fram; því það liggur í augum uppi, að þeir, sem hafa jafnan rètt í öllu öðru, hljóta líka að hafa það í þessu eina. 41. tölul. óska eg að falli burt; úr því »*privat-dimission*« er álitin nauðsynleg, þá verða menn að trúa því, að þeir, sem þannig eru útskrifaðir, hafi næga menntun, eins og þeir, sem eru útskrifaðir úr lærða skólanum, þess vegna verða þeir líka í þessu tilliti, að hafa jafnan rètt með hinum til þess, að þurfa ekki að ganga undir »*Tentamen*« á prestaskólanum, nema 1 ár sè liðið frá því, að þeir útskrifuðust. Breytíngaratkvæðið undir 35. tölul. þykir mèr vel rúmt, eins og mèr þykir uppástúnga nefndarinnar of þröng. Ef mèr hefði hugkvæmzt það, þá hefði eg tekið mèr það viðaukaatkvæði við uppástúngu nefndarinnar við undirbúníngsumræðuna, að stiptsyfirvöldin mætti gefa einstöku mönnum leyfi til að „*dimittera privat*«, þó þeir ekki hefði þessa hæfilegleika, sem til eru teknir í nefndaruppástúngunni, ef sèrlegar kríngumstæður mælti fyrir því. Þetta var að nokkru leyti svo áður. Þannig hafði sèra Þorvaldur Böðvarsson leyfi til að útskrifa pilta, eins og þeir, sem siglt höfðu, og frá honum komu þeir menn, sem hafa kann ske verið einna bezt menntaðir hèr á landi á seinni árum, eins og t. a. m. Sveinbjörn Egilsen.

Jón Hjaltalín: Eg held eg verði að lengja þíngræðurnar dálítið. Eg tek það ekki nærri mèr, þó eg segi eitthvert óþarft orð. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði mínu undir tölul. 2., þá þótti mèr þetta ónákvæmlega tiltekið í nefndarálitinu; eg vildi, að þeir gæti nokkurn veginn lesið danska bók. Þá er nú 5. tölul., um 10 ára og 18 ára aldurinn. Sumir hafa haft á móti þessu, og láta sèr nægja 6. tölul.; en mèr finnst það ei rètt, og það því síður, sem þíngmaður Norður-Þíngeyínga tók það fram, að 12 ára aldurinn væri það minnsta, sem menn gæti tiltekið. En eg held, að menn gjöri rètt, að fara niður að 10 ára aldrinum; því það eru margir hèr í Reykjavík, sem vilja koma sonum sínum sem ýngstum í skóla, svo þeir sè því fyr búnir; og af því engi barnaskóli er til, þá vilja kann ske sumir láta þá fara í skólann, til

að menntast dálítið, en taka þá svo út aptur í 2. eða 3. bekk. Þetta þykir mèr nú undarlegt að meina þeim. En 18 ára aldurinn bèlt eg að væri sá hæsti, sem menn mundu kjósa í neðsta bekk. Það hafa nú komið mótmæli á móti breytíngaratkvæði mínu, undir 14. tölul., og það verið fært sem ástæða, að kennslubækurnar mundu verða svo kostbærar, og lítið mundi ganga út af þeim; en það þarf ei að óttast fyrir því; skólabækur eru þær bækur, sem bezt ganga út að öllum jafnaði; og þessar bækur ætti að vera svoleiðis, að þær væri líka fyrir almenníng; þannig eru í Frakklandi samdar bækur um öll náttúruvísindi, allt frá stjörnufræði og niður að því, sem menn kalla »mechanisk Physik«, eða kraptafræði, sem almenníngur getur eins vel haft not af; og með því að það vita allir, að Íslendíngar eru námfúsir menn, þá mundi þetta koma sèr vel, því það er synd að segja, að þeim á seinni tímum hafi verið boðið margt, sem þeir geta fræðst af. Hitt væri ef til vill örðugt, ef menn ætti að halda sèr til breytíngaratkvæðis hins 4. konúngkjörna undir 16. tölul., að einúngis kennarar semi bækurnar; þetta get eg ekki fellt mig við að öllu leyti; það leiðir af sjálfu sèr, að þeir, sem semja þessar bækur, yrði að fá borgun; það væri ósanngjarnt að vilja, að þeir gjörði það fyrir ekkert. Eg ímynda mèr, að þessi íslenzka náttúrufræði ætti að innibinda í sèr allt það í því efni, sem almenníngur gæti fræðzt af; þetta er til í öðrum löndum, og það væri velgjörníngur, að útbreiða það einnig hèr, og því vona eg, að þíngið samþykki þetta mitt breytíngaratkvæði. Breytíngaratkvæði þíngmanns Norður-Þíngeyínga, undir tölul. 24., á vel við, að verðlaunin sè veitt fyrst við burtfararprófið, því það yrði of vaxið skólanum, að veita hverjum og einum verðlaun opt; og svo er ekki heldur gott að sjá, hver verðlaunin á skilið, fyr en einmitt við burtfararprófið. Eg felli mig líka vel við breytíngaratkvæði hins sama þíngmanns, sem hann vill setja við enda greinarinnar hjá nefndinni; en eg verð þó að fara fáeinum orðum um þetta uppástúnguatriði nefndarinnar. Eg rak í það augun um daginn, en hefi gjört það betur síðan, og eg hefi líka hugsað vel um það, og eptir því, sem eg hefi hugsað betur um þessa grein, eptir því hefir mèr fundizt hún verri; mèr finnst liggja í henni ónákvæmni og órèttvísi, og eg mun finna orðum mínum stað. Það hefir opt komið fram hèr á þínginu, að vèr Reykvíkíngar værum eins og óskabörn stjórnarinnar, af því við erum hèr í Reykjavík, og fáum laun úr ríkissjóði; aptur hafa aðrir, og þar á meðal hinn hæstvirti *kon-*

úngsfulltrúi, verið að barma sèr yfir prestaleysinu, og hvað brauðin sum sè aum; en of mikið má úr öllu gjöra, segir máltækið; það held eg verði því betur ljóst, hvað við Reykvíkíngar eigum gott, ef tekið er nóg tillit til, hvernig er að lifa hèr í Reykjavík; eg veit ei betur, en að nýmjólkurpotturinn kosti hèr 8 sk., og þá eru 24 pottar fyrir 2 rd. Eg held, að það þyki nú sæmilega launaður embættismaður, sem hefir 2 rd. um daginn; en ætli það þætti ekki hart fyrir prest, að hafa ekki nema eina 24 potta af nýmjólk um daginn, eða 12 potta í mál af málnytu, þegar hann ætti að lifa af þessu einu fyrir sig og heimilisfólk sitt að öllu leyti, sumsè til húsaskjóls, fatar, matar og vinnufólks launa. En nú skulum við taka annan, sem hefir 3 rd. um daginn; það er sama sem 36 pottar af nýmjólk; af þessu á hann að fæða og klæða heimili sitt; og hann er álitinn sæll, af því hann fær það í peníngum, þessum harða málmi, sem menn geta eigi brúkað til þarfa sinna, nema þeir geti keypt nauðsynjar sínar fyrir hann. Ef einhver er hèr í Reykjavík, sem leigir sèr einhvern túnblettinn, þá er hann hólpinn (*Forseti*: Var ekki verið að tala um ölmusuveitingar?) Jú! það er verið að tala um forrèttindi pilta úr sveit fyrir piltum í Reykjavík; það er náttúrlegt, að þá, sem alast upp og ganga við hliðina á þessu *Minervu* musteri, langi þar inn að ganga; en það er sagt við hann: Nei, drengur minn! þú ert úr Reykjavík, þarna er einn austan úr Múlasýslu, og annar að vestan, þeir verða að ganga á undan þèr! Þetta er sannarlega bæði hart og órèttvíst. Eg hafði ekki hugsað nóg um þetta um daginn við undirbúníngsumræðuna; en eg hefi gjört það síðan, og eg vona, að þíngið alveg felli þessa uppástúngu, og finni, að það er ekki rètt, að kalla okkur öðrum sælli hèrna í Reykjavík, þó við höfum laun fyrir 36 potta af nýmjólk um daginn; en að álíta prest í sveit, með sömu kjörum, aumíngja, af því það er ekki í peníngum. Menn taka sannarlega eigi nógu mikið tillit til, hvað náttúran, rèttilega brúkuð, gefur af sèr; og þótt margir prestar sè miður hæfir til, að nota bújarðir sínar, þá gefst þeim mörgum hverjum gott tækifæri til þess; en þeirra sök er það, ef þeir eigi nota þetta tækifæri, eins og vera ber, og bezt má verða. Það eru engar öfgar, þó eg standi fast á því, að margar bújarðir presta gefa langtum meira af sèr, en meðallaun þeirra manna eru, er fá laun úr ríkissjóði, einkum þegar haft er tillit til þess, að þessir embættismenn eru faststjóraðir hèr í Reykjavík, þar sem lífsnauðsynjar manna eru langdýrastar á öllu

landinu. Eg man, að þegar eg var strákur, 18 vetra, sló eg opt 10 hesta á dag, og eg þekki mörg prestaköll, þar sem maðurinn getur slegið 10 hesta á dag; en nú kostar hesturinn af heyi hèr 80 sk.; en við eigum samt gott, af því við erum hèr. Þetta finnst mèr nauðsyn, að taka fram hèr á þingi. Það hefir ei verið því fullkomlega ljóst áður. Eg vona því, sem sagt, að þingið alveg felli uppástúngurnar. Eg vil ekki samt sem áður lasta hinn háttvirta *framsögumann;* það kann að eiga við um hann í þessu máli, því við hann á »*interdum bonus dormitat Homerus*«; hann hefir ekki hugsað sig nógu vel um; sjálfur býr hann þó hèr, og á börn. Eg vona líka, að hinir háttvirtu bændur hèr á þingi gæti að því, hvað verðið er á fiskinum og öðrum nauðsynjum núna, þegar fjórðúngurinn kostar 1 rd., og annað er á borð við það, en þó talar engi um, að við eigum örðugt, sem búum hèrna í Reykjavík, heldur að ástæða sè til, að láta drengi hèr standa á baki sveitapilta, að því er ölmusu snertir. Að því er breytíngaratkvæðið undir tölul. 35. snertir, þá er það nú mikið frjálslegt, og margt mælir með þessari útskrifun, og því, að hún komist sem fyrst á; en mèr finnst þó þessi uppástúnga fara vel langt, einkum slafliður *d;* það er með öllu óvanalegt; og þegar þessi »*privat-dimission*“ var hèr áður, máttu eigi aðrir útskrifa, en þeir, sem höfðu bezta vitnisburð í heimspeki frá háskólanum í Kaupmannahöfn, en alls eigi þeir, sem voru útskrifaðir hèr. Eg er hræddur um, að þetta kynni að vekja hneyksli, og því vil eg að þingið felli þessa uppástúngu. Töluliður 37. er mjög vel til fallinn, að binda ekki kennsluna við neina vissa rithöfunda, heldur taka þá, sem bezt við eiga, því á þessu fer eins vel, þegar rithöfundarnir eru góðir. Það er sjálfsagt viðurkvæmilegt, að það sè gefið stiptsyfirvöldunum til kynna, hvað piltúrinn hafi lesið. Af sömu ástæðu, sem eg tók fram við 35. tölul., er eg líka á móti uppástúngu hins 4. konúngkjörna, undir 40. tölul., að þeir, sem fá »præ ceteris« við prestaskólann, fái þennan rètt. Það hefir nú engi fengið þenna vitnisburð enn, og þess kann að verða langt að bíða, að hann verði gefinn. En þó hann yrði einhvern tíma veittur, þá gilda þar hinar sömu ástæður á móti, sem eg færði á móti breytíngaratkvæðinu undir tölul. 35., og álít eg því, að þingið ætti að fella þetta hvorttveggja burt.

Konúngsfulltrúi: Það hefir verið talað hèr svo margt um veitíngu ölmusnanna, og stúngið upp á, að skora á stiptsyfirvöldin, að veita þær sveitapiltum fyrir piltum í Reykjavík; þetta er gjört,

eins og alkunnugt er; en að öðru leyti veita stiptsyfirvöldin ölmusurnar eptir uppástúngu og meðmælum rektors, og það ber mjög sjaldan við, að ekki sè fylgt uppástúngum hans. Þetta er líka í eðli sínu, því hann þekkir betur en nokkur annar siðferði, gáfur og framfarir lærisveinanna; fátæktin ein á ekki að ráða um ölmusuveitínguna, og eigi heldur samistaður piltsins, en *ceteris paribus* á sveitapilturinn að ganga fyrir, og það er líka föst regla í því efni.

Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hafði það eptir mèr, að kjör prestanna væri hèr mjög aum; eg talaði einúngis um einstök prestaköll, sem engi vildi sækja um, og nefndin ætlaði *privatistunum*, því þeir mundu gjöra minni kröfur; en þetta er allt annað en hann segir; eg játa að sum af brauðunum okkar eru vel viðunandi, þó kjör prestanna hèr á landi yfir höfuð sè miður en óskandi væri; á móti þessu held eg engi geti borið.

Framsögumaður: Mèr finnst, að eg þó verði að fara fáeinum orðum um breytíngaratkvæðin, sem fram eru komin við nefndarálitið. Það er þá fyrst, að undir tölulið 5 hefir hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður stúngið upp á því, að »engi takist inn í skólann *yngri* en 10 ára«. Það hlýtur því að vera hans meiníng, að 10 ára gamall piltur *geti* komizt inn í skólann; en mèr virðist, að hann á þenna hátt vili gjöra lærða skólann rètt eins og að barnaskóla, og það hefir þó víst ekki verið meiníng hans, og það því síður, sem hann víst, eins og eg, vonar, að barnaskóli komist bráðum á hèr í bænum, enda þyrfti lærði skólinn, ef svona únga pilta ætti að taka inn í hann, langtum fleiri krapta við, en hann nú hefir yfir að ráða, ef það ætti að verða unnt, að pilturinn gæti lokið sèr af á 6 árum. Þá er það einkanlega breytíngaratkvæði sama þíngmanns undir tölulið 14, um íslenzkar kennslubækur; eg vil ekki vera því mótfallinn, en mèr finnst það, að til taka svona einstakt og sèrstakt, eins og ensku o. s. frv., ekki eiga við fyrir þíngið, heldur verði nefndin, sem ráð er gjört fyrir, að síðar verði sett, að ráða úr því. Við breytíngaratkvæði þíngmanns Norður-Þíngeyínga við uppástúngu nefndarinnar (tölulið 28), sem hèr stendur undir tölulið 27, skal eg geta þess, að þar sem hann eins og gjörir ráð fyrir, að efnamunur sè það einasta, sem eigi að ráða, þegar um veitíngar á ölmusunum er að tala, þá get eg ímyndað mèr margt annað, t. a. m. gáfur, iðni, framfarir og fleira; eða álítur hann ekki, að siðferði piltsins ætti að ríða baggamuninn, ef tveir annars að öðru leyti stæði jafnt að? Eg held því, að nefnd-

in í þessu tilliti hafi hitt á hið rètta. Eg skal ekki trúa því, að það sè komið inn í meðvitund landsmanna, að ölmusurnar ekki sè veittar án hliðdrægni; og að því er hitt snertir, sem *konúngsfulltrúi* sagði, að stiptsyfirvöldin ætíð færi eptir uppástúngum *rektors*, þá kann það nú svo að vera, en þá er hitt líka víst, bæði að rektor hefir uppástúngurètt, og að stiptsyfirvöldin einúngis hafa sjálf bundið sig við uppástúngur hans, svo þetta einúngis er siðferðislegt band, sem þau sjálf hafa lagt á sig, en sem eg ekki efast um, að sè rètt gjört, fyrst því hefir verið fylgt jafnlengi. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður spurði, hvort eg ætti ekki börn? að vísu er eg Reykvíkíngur og á börn, en nefndin, sem samdi uppástúngu þessa, átti ekki börn (Hlátur!) Á breytíngaratkvæðið undir tölulið 24. verð eg að fallast. Þar á móti get eg ekki fallizt á breytíngaratkvæðið undir tölulið 17., og það einkum af þeirri ástæðu, að eg óttast fyrir því, að kennararnir sjálfir ekki vili láta þrælbinda sig við þessa umsjón, jafnvel þó þeir fengi nokkur laun fyrir, hvað þá ef fara ætti að skipta þóknuninni niður milli þeirra, en aptur gæti það á hinn bóginn orðið viðunanlegur lífsvegur fyrir einn mann, og það er skírt tekið fram af nefndinni, að maðurinn eigi að vera ráðsettur menntaður maður. Einkanlega er það þó 1 breytíngaratkvæði, sem eg ekki get fallizt á, og jafnvel álít óhafanda, og það er breytíngaratkvæðið, sem hèr á atkvæðaskránni er undir tölulið 37. Stiptsyfirvöldin eiga samkvæmt þessu að álíta, hvort *nóg* sè lesið áður *dimissionin* fæst. En nú set eg, að þeim þyki oftlítið lesið, og hvað er þá við að gjöra? Hefir pilturinn þá lesið til ónýtis fyrir sig sem þann, er vill ná *dimission?* (*Sveinn Skúlason:* Nei! bann bætir þá einúngis við sig í lestrinum) Já! það er að vísu mjög gott, en skyldi hann þá velja skakka rithöfunda, sem stiptsyfirvöldunum ekki líkuðu, t. a. m. engan gullaldar rithöfund, hvernig færi þá? Varaatkvæðið, sem stendur hèr undir tölulið 40, álít eg í sjálfu sèr alveg rètt, þó það ef til vill ekki fengi mikla þýðíngu, þar sem þessi ágætis-einkunn eður »præ ceteris« enn engum hefir hlotnazt, síðan prestaskólinn var stofnsettur; en hvað um það! það er samt ef til vill formgalli frá nefndinni, að hún ekki hefir tekið þetta fram, þar sem þó þessi vitnisburður frá prestaskólanum á Íslandi er settur jafnhliða bezta vitnisburði eður »*laudabilis*«, frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Það hefir verið talað mikið um tölulið 22, út af orðatiltækinu »ítrekaður drykkjuskapur«, og er út af þessu jafnvel sprottið viðaukaatkvæði

og breytíngaratkvæði; en eins og það var meiníng nefndarinnar, að sérhver megn óregla ætti að varða útrekstri og einnig óhlýðni, eins get eg varla séð, að þetta sé nema orðamunur einn, sem þíngið ekki ætti að dvelja lengi við. Viðvíkjandi breytíngaratkvæðinu, sem hér stendur undir tölulið 31., skal eg geta þess, að þar sem það var meiníng nefndarinnar, að ef embættismenn yrði kosnir í þessa seinni nefnd, þeir þá leysti þenna starfa af hendi kauplaust, þá yrði það kostnaður að fá 2, sem ekki væri búsettir í Reykjavík, og þó eg að öðru leyti ekki sé þessu neitt fjarlægur, álít eg þó, að það væri að minnsta kosti nóg, að fá að eins 1. Að öðru leyti skal eg nú ekki fjölyrða mál þetta; en veit þínginu þakkir fyrir undirtektir þess undir nefndarálitið, því þó allmörg breytíngaratkvæði hafi komið fram, eru þau í rauninni ekki veruleg, og þar sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók jafnvel undir málið, eins og hann gjörði, hefi eg því betri von um, að stjórnin snúist vel við, og styrkist enn fremur í þeirri von af ræðu, er eg nú í þessari svipan las eptir stjórnarherrann; lofar hann í henni kjósendum sínum — því hann er einnig þjóðkjörinn þíngmaður á ríkisdeginum — að stjórnin muni taka vel í, að breyta skólafyrirkomulaginu yfir höfuð, eins og hann um leið lýsir því yfir, að mál þetta liggi sér mjög á hjarta. Eg vona því, segi eg, að stjórnin taki vel í strenginn.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mér að bæta nokkru við, út af uppástúngunni um launaðan *inspector* eða tilsjónarmann við skólann hérna; eg get ekki séð að nokkur nauðsyn sé á því, að stofna þetta embætti, sem, ef maðurinn er menntaður, mundi útheimta viðlíka laun og *aðjunctarnir* hafa; en yrði hann ómenntaður maður, mundi lítið verða úr umsjóninni, og lítið annað en kostnaður í aðra hönd. Eg get ekki, eins og hinn heiðraði *framsögumaður* kallaði það, sagt, að kennendurnir sé þrælbundnir, þó þeir skiptist á, að hafa eptirlit í skólanum eptir miðdegi frá kl. 4 til 7 og 8 til 10 einu sinni í viku, en það er annað mál, hvort þeir eiga ekki skylda þóknun fyrir þessa *inspection,* og því spursmáli virðist mér eiga að svara játandi. Stjórnin virðist og að vera orðin á þessari skoðun, og að vísu man eg ekki betur, en hún tæki til í frumvarpinu, sem hér var lagt fyrir um launaviðbót handa embættismönnum hérna, 300 ríkisdali fyrir *inspection* í skólanum. Þetta kalla eg sæmilega borgun, og eg get ekki annað álitið, en að kennurunum kæmi vel, að skipta henni milli sín; kann vera að einn af kennurunum vildi taka *inspectionina* að sér fyrir þessi laun.

Það sem tekið var fram um, að það væri 3 eða 4 *inspectorar* í Herlufshólms-skóla, getur vel verið satt; eg þekki það ekki, en þeir eru þá jafnframt kennarar skólans; það þori eg að fullyrða. Við *Metropolitan-skólann* er *inspector*, en hvort hann líka er kennari við skólann, þori eg ekki að segja; en það er þá og ólíku saman að jafna, þeim skóla og Reykjavíkurskóla, svo það sannar reyndar ekkert um það, að það, sem eigi þar vel við, eigi líka við í Reykjavíkurskóla.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er reyndar óþarfi, að eg tali í þessu máli núna, því að eg hefi þegar áður látið í ljósi skoðun mína á því, en allt um það verð eg að fara enn nokkrum orðum um það, og ætla eg þó að ræða að eins um nokkur breytingaratkvæðin. Það er þá fyrst um aldurinn, að það er eigi alls kostar rètt skoðað, að það sè eigi rètt, að binda inntökuna í skólann við 16 ára aldurinn; því að piltar geta komið inn í skólann, hvort þeir eru 17, 18 vetra, eða hversu gamlir sem þeir eru; 16 ára aldurinn er einúngis bundinn við neðsta bekk, og það er öldúngis rètt, úr því að piltar geta komið í skólann öldúngis óundirbúnir eða því nær; en piltar þroskast svo óðum um þau árin, að þótt pilturinn 16 vetra eigi sè kominn lengra á leið, en svo, að hann verði að setjast í neðsta bekk, þá verður óeðlilegt, að hann setist þar 17 vetra, og þegar þroski pilta er svo misjafn hjá piltum í sama bekk, þá verður það til trafala fyrir þá, sem þroskameiri eru, og hinir þroskaminni hafa eigi full not kennslunnar. Það er líka sú bót í máli, að byri pilturinn eigi fyr, en eptir það, að hann er fullra 16 vetra, þá þarf hann eigi annað, en fá heimakennslu einn vetur, og þá getur hann sezt í 2. bekk, og það getur honum orðið miklu betra, því að hann getur þá, ef til vill, numið svo mikið á einum vetri, að hann geti setzt í 3. bekk. Eg get með engu móti fallizt á það, að flytja aldurinn að eins um 2 ár; hitt væri annað mál, ef aldurinn væri látinn öldúngis óbundinn; því er eg ekkert fráhverfur fyrir mitt leyti. Eins þætti mèr og rèttara, að yngsti aldurinn væri 10 ár, eins og upp á er stúngið í 5. tölulið.

Þar sem því er farið fram í 9. tölulið, að skólaárið byri 15. d. septemberm., og endi 15. d. júnímánaðar, þá get eg eigi fallizt á þá uppástúngu; því að það ríkir svo fast í huga Íslendínga, að það eigi ekki fyr að byrja en með októberm.; enda hefir það aldrei byrjað fyr, og mèr virðist það eigi hagkvæmt, að það byri fyr; því að piltar, sem langt eiga að, t. a. m. úr Múlasýslunum, verða þá að fara svo snemma að heiman, að þeir við það missa nokkuð af

gagnstíma sínum. Því óhentugra virðist mèr það, að skólinn endi eigi fyr en 15. d. júním.; því að þá hljóta þeir að missa af öllum skipaferðum, sem þeir vildi nota til heimkynna sinna; því að þau fara öll hèðan annaðhvort seint i maím. eða fyrstu dagana af júní; og núna í vor vissi eg af einu skipi, sem eigi komst fyr en í júnímánuði, og kaupmaðurinn, sem skipið átti, barmaði sèr sáran yfir því, hversu seint það komst af stað; enda ber brýna nauðsyn til þess, því að þeir fara flestir á fleiri en eina höfn, og verða að vera á einhverri tiltekinni höfn á tilteknum tíma; þannig er það með þá, sem fara til Ísafjarðar; þeir fara margir á hinar hafnirnar líka, Arnarfjörð, Dýrafjörð og Önundarfjörð, og lána þar út, en verða að vera á Ísafirði síðasta hluta júním. og framan af júlím., því að þá er aðalverzlunartíminn þar.

Að því er snertir 14. breytíngaratkvæðið, þá get eg alls enga ástæðu sèð til þess, að taka fram latínu, grísku, dönsku, ensku og Íslands náttúrufræði, fremur en hinar aðrar vísindagreinir, eðlisfræði, sögu, þýzkn, stærðarfræði og rúmmálsfræði, nema síður sè; því að reyndar er það mikils varðanda, að málmyndalýsíngar sè á íslenzku, en því meir áríðanda er það, að þær bækurnar sè á íslenzku, sem læra þarf utan að, t. a. m. í sagnafræði, því að það tefur mest fyrir þeim að nema þess konar fræði á útlendri túngu.

Þá er því næst 17. og 18. töluliðirnir um umsjónina í skólanum; eg álít það öldúngís nauðsynlegt, að það sè sèrstakur maður, sem hana hafi; því að ef hún á að hafa nokkra þýðíngu, verður umsjónarmaðurinn að búa í skólahúsinu; það er og hvorttveggja, að eg held, að engi skólakennari vili taka að sèr þessa umsjón; enda getur varla nokkur þeirra gjört það því að það liggur í augum uppi, að engi kennari getur verið svo bundinn og stöðugt frá heimili sinu, eins og þessi umsjón krefur; því að auk þess, að hann verður að vera allan síðari hluta dagsins í skólanum, allt til kl. 11 um kveldið, verður hann og að vera fyrri hluta dagsins, í kennslutímum sínum; það er með öðrum orðum, að hann er þræl*bundinn* allan daginn, og getur alls eigi *sinnt heimili sínu* að neinu. Auk þess er það eigi rètt, að piltar sè umsjónarlausir í öllum leyfum, því engi getur þó ætlazt til þess, að skólastjórinn sè allt af bundinn í skólanum í öllum leyfum, og þar sem skírskotað hefir verið til *Herlufshólms* og *Sóreyjar,* þá verð eg að geta þess, að þar eru, eg má segja,4 umsjónarmenn, og ef mig minnir rètt, þá hafa þeir hús, fæði og alla þjónustu kauplaust, og að auk 200 rd. Þar sem hinn hæstvirti

konúngsfulltrúi sagði, að þessi maður yrði að vera menntaður maður sökum þess, að annars væri hætt við, að piltar mundu gjöra honum einhvern grikkinn, þá get eg eigi sèð neina nauðsyn til þess; því að eg get alls eigi verið hræddur um, að piltar gjöri þessum manni neinn grikk, þótt hann sè eigi menntaður, og eg veit alls eigi til, að piltar hafi gjört dyraverðinum neinn grikk, þótt hann hafi verið og sè ómenntaður maður. Hitt er satt, að það væri betra, að hann væri eigi með öllu ómenntaður, en hann þarf þó eigi að vera skólagenginn.

27. breytíngaratkvæðið og uppástúnga hins 4. konúngkjörna þíngmanns sýna mèr það, að nefndin muni hafa hitt meðalveginn í þessu efni, enda þótt örðugt sè. Tölulið 27. get eg ekki fallizt á, því að það er eins og vakað hafi fyrir uppástúngumanni, að það væri fátæktin ein, sem til greina væri takanda við ölmusuveitíngarnar; en það er margt fleira, bæði gáfur, iðni og einkum siðferði. Reykvíkíngar hafa í raun rèttri hinn sama rètt til ölmusu sem aðrir; en hitt virðist mèr sanngjarnt, að sveitapiltar fái ölmusu fyrir þeim, að öllu öðru jöfnu; og því get eg eigi fallizt á, að 28. töluliður verði úr felldur; því að enda þótt eg eigi viti til, að stiptsyfirvöldin hafi nokkru sinni beitt neinni sem helzt ósanngirni í ölmusuveitíngunum, og eg sè eigi hræddur um, að þau gjöri það nokkru sinni, þá finnst mèr þó rètt, að taka það fram, því að ávallt má þó segja það um 28. tölul. *„superflua non nocent“*.

Þýðínguna í 29. töluliðnum skil eg ekki; því að hvaða reglum var fylgt á Bessastöðum um ölmusuveitíngarnar? Eg þekki engar, og eg held, að uppástúngumaður geti heldur eigi sagt neinar. Enda er það svo sem sjálfsagt og liggur í augum uppi, að fjölgi piltar svo í skóla, að allir eigi geti fengið ölmusu, verða hinir eldri að ganga fyrir, nema öldúngis sèrstakar ástæður sè til, að nýsveinninn fái hana, en hinn eigi. En þetta verður öldúngis að fela skólastjóra og stiptsyfirvöldunum, að meta allar ástæður.

Eigi get eg heldur fallizt á 30. breytíngaratkvæðið; því að það á alls eigi við, að þíngið kjósi nefnd í því máli, sem alls eigi heyrir undir það, og aldrei verður lagt fyrir það; enda verður það nokkuð skrítilegt, að kjósa þá nefnd, sem konúngur hafnar á eptir.

Það verður og eigi rètt, að biðja um, að í þessari nefnd sè tveir embættismenn, sem búsettir sè fyrir utan Reykjavík, sem hefði fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn; en bæði er það, að þess konar menn eru hèr í Suðurum-

dæminu, fyrir utan Reykjavík, að eins 3, enda er mjög óvíst, að þessir menn fáist til þess, og allrahelzt borgunarlaust; og um menn úr hinum umdæmunum er varla að ræða.

Um »prívat-dimissionina« ætla eg ekkert að tala; eg ætla að lofa þinginu að ráða fram úr henni, sem það vill, og reynslunni að sýna, hvernig hún gefst.

Stefán Jónsson: Menn verða að gæta þess, hvers vegna þetta mál er komið hèr inn á þing. Það er einmitt vegna þess, hvað fáir piltar koma hingað í skóla, og sá mikli skortur á embættismanna-efnum, sem nú sýnist vofa yfir. Þess vegna hlaut nefndin að hafa það tvennt sèr í lagi fyrir augum, *fyrst og fremst* að gjöra skólann svo aðgengilegan sem unnt var, og jafnframt að gæta þess, að hinni nauðsynlegu menntun væri þó í engu misboðið, og í annan stað að sjá um að menntun gæti aukizt á annan veg hèr á landi en að sækja hana hingað til Reykjavíkur. Eg skal nú ekki segja margt um það, hvernig nefndinni hefir tekizt þetta, þó ætla eg, að nefndin hafi með breytingum sínum rutt úr vegi þeim helztu göllum á skólareglugjörðinni, sem að miklu leyti sýnast hafa orsakað fækkun piltanna, sem skólann sækja, og þar á meðal tel eg inntökuprófið ekki hvað sízt, því nokkrum piltum hefir þó við það verið frávísað, eða þeir gjörðir aptur reka, og hefir það verið óvinsælt hjá landsmönnum. Út af því, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, að ekki væri ástæða til, að láta pilta úr sveit ganga fyrir piltum úr Reykjavík við ölmusuveitingar, þá held eg samt, að þetta sè rèttara hjá nefndinni; því þeir í Reykjavík eiga þó töluvert hægra fyrir, og þeir þyrfti, hvort sem væri, að fæða börn sín og uppala, og það breytir engu fyrir þeim, þó dýrt sè hèr að lifa; en þessi dýrtíð hèr í Reykjavík getur, ef til vill, orðið sterk ástæða, til að flytja skólann hèðan með öðru fleiru, eins og ein bænarskráin fór fram á, en sem nefndinni þótti í þetta sinn of mikið í ráðizt að fara á flot. Viðvíkjandi því, er menn hafa talað um launaðan tilsjónarmann eður *inspector,* þá held eg einnig að nefndin þar hafi hitt hið rètta, því ógjörningur virðist mèr að nauðga þessu upp á kennarana, þó þeir fái þóknun fyrir; en að öðru leyti sýnist svo, sem menn hafi gleymt því, að ráð er fyrir því gjört, að sèrstakleg nefnd fjalli um hin einstaklegu atriði þessa máls, og sem mèr því virðist óþarfi að hreifa nú, og í rauninni allt of mikið og óþarflega hafa verið um það rætt.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi ekki talað fyr í þessu máli. Það

hafa allir lokið upp sama munni um nefndarálitið, til að lofa það, og eg skal ekki bera í bakkafullan lækinn; enda má segja um nefndarálitið, eins og biflíuna, að það forsvari sig sjálft; það er mitt álit, að fæst breytíngaratkvæðin gjöri bót, þegar málið á að leggjast undir aðra nefnd síðar, sem þá sjálfsagt á að ræða öll þess einstöku atriði. Það er einúngis vegna tveggja atriða, sem eg stend upp, en ekki í því skyni, að rífa niður nefndarálitið. Breytíngaratkvæðið við tölulið 28 á atkvæðaskrámi er háskalegt, og eg vildi ekki óska, að það bærist út um landið, að þíngið væri farið að fara aptur á bak, eins og mèr sýnist breytíngaratkvæðið gjöra. Það er líka í augum uppi, hvað af því gæti leitt, að stiptamtmaður hefði þetta vald, eins og uppástúngumaður tók fram, enda gæti svo á staðið fyrir stiptamtmanni sjálfum, að þetta vald gæti orðið honum óþægilegt, og hann yrði grunaður um hlutdrægni. Viðvíkjandi því, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði um búskaparhag Reykjavíkur, þá held eg um hann megi segja, að Kartagó hljóti að verða eyðilögð, og þá verði ekki mikið úr skólanum, ef Reykjavík fellur. Eg skal ekki tala mikið um 18. tölulíðinn, og ekki tína það allt upp aptur, sem sagt hefur verið. Það er tekið fram með berum orðum í nefndarálitinu, að þessi inspector eigi að vera lærður maður, og mig furðar á því, að lærðir guðfræðíngar skuli vera að spyrja að því, hvernig þessi umsjónarmaður eigi að vera. Eg vil vísa þeim til fyrra St. Páls pistils til Tímóteusar, og taka þar þrennt, er mèr sýnist hèr eiga einkanlega við, þar sem Páll segir, hvernig umsjónarmaður eigi að vera, nefnilega árvakur, siðprúður, ekki drykkjumaður; og þannig held eg, að hann ætti að vera. Að piltar mundu gjöra þessum manni glettur, ef hann væri ólærður, þá veit eg það nú ekki; en eg held það komi mest upp á, að maðurinn sè vel valinn, og þá held eg, að glettúrnar mundu hverfa; eg gef atkvæði mitt með þessari uppástúngu, og eg veit líka, að rektor skólans mundi, ef hann hefði setið á þíngi, hafa mælt með henni; hann mun hafa nógu örðugt með þessa umsjón með piltum einn, ofan á önnur störf, enda held eg allir verði að hafa traust á tillögum hans og þekkíngu í þessu máli. Að því er kostnaðinn snertir, sem ýmsir eru að klifa á, þá held eg, að fullkomlega sè búið að sýna, að slík ástæða eigi ekki við. Svo er hitt atriðið, sem eg ætlaði að minnast á, nefnilega tölulíðúr 22. Mèr finnst fara fyrir mörgum hèr, eins og fyrir mjúkleiknum föðúr, sem fyrst er að kenna syni sínum að glíma; þeir eru

mjúkhentir við það; eg felli mig bezt við breytíngaratkvæðið undir tölulið 1?, því það útilokar allan drykkjuskap; það er eins og þegar biskupinn varð að hjálpa presti á bak, sem komst það ekki sjálfur, af því hann var svo drukkinn, þá sagði biskupinn: »Prestar eiga *öldúngis ekki* að drekka«, eins eiga skólalærisveinarnir alls ekki að drekka, því þeir eiga að vera leiðtogar þjóðarinnar á eptir, og þá vera óaðfinnanlegir, og ekki kenna óreglu, því »eptir höfðinu dansa limirnir«. Ein af bænarskránum til þíngsins fór fram á, að allir skólasveinar væri skyldugir til að ganga í bindindi; það get eg ekki fellt mig við, því það er ófrelsi; ef þeir vilja, þá geta þeir það sjálfráðir, og það yrði affarabetra; það sèst á dæmi Ameríkumanna, Englendínga og Norðmanna, sem hafa verið sjálfráðir og óneyddir til, að ganga í bindindisfèlög. Eg álít það og vanvirðu fyrir pilta, að neyða þá í bindindi, og eg held, að það væri betur ógjört, ef þeir ekki hèldi það á eptir. Eg þarf ekki að útlista fyrir þíngmönnum, hvaða óbeit þjóðin hefir á gruninum um drykkjuskapinn í skóla; eg trúi það kæmist líka í blöðin eitthvað um það einu sinni, og má búast við, að slíkt minnkar ekki í meðferðinni. Ekki þarf eg að útlista, hvað drykkjuskapur er, eða hvað illt hann leiðir af sèr.

Það var hèr í einni bænarskrá dæmisaga um gamla manninn sem datt í lækinn, og son hans, sem sat agndofa á bakkanum, og hafði ekki vit nè sinnu á, að hjálpa föður sínum. Er það ekki líkt drykkjuskapnum, þegar t. d. hinn gamli drykkjurútur er búinn að drekka frá sèr alla rænu, og hefir tæmt bikar munaðarins alla sína æfi, og fellur loks í afgrunn eymda og volæðis? Þá stendur eða liggur hans úngi sonur, sem faðirinn hefir alið upp eptir sinni mynd, og veit ekki, hvað gjöra skal, því það er bágt fyrir króann að ganga rètt á eptir krabbanum. Það er haft eptir mikið merkum manni fyrir nokkrum árum, að »skólinn væri gróðrarstígja lasta og ódyggða«; en eg veit enga frjófgunardögg allra lasta og ódyggða áhrifameiri en drykkjuskapinn. Eg tala þetta alvarlega, og orð mín mega standa, hvort sem menn vilja hæðast að þeim eða hugsa eptir þeim; en eg gat ekki leitt fram hjá mèr, að tala alvarlega um þetta mál. Um breytíngaratkvæðin skal eg ekkert frekar ræða; það eru aðrir búnir að gjöra það; en eg skal einúngis geta þess, að eg er á móti uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 41.

Gísli Brynjúlfsson: Eg þykist skilja, að þetta mál muni nú loks vera komið svo langt, að sjá megi fyrir endann á því, því

reifíngarmaður er nú upp staðinn og seztur niður aptur, og þá er, sem alkunnugt var á fornum þingum, kominn tími til þess, að dómurinn verði einnig upp kveðinn. Eg sagði að reifíngarmaður væri upp staðinn, og seztur niður aptur, en eg meinti með því hinn háttvirta þingmann, sem nú seinast settist niður, og sem sýnist, að hafa gjört sèr það að skyldu, að kenna þingmönnum, áður en til atkvæða er gengið í hverju máli, hvernig þeir skuli greiða atkvæði sín, og þannig eins og að reifa málin sjálf undir dóm í þá stefnu, sem hann álítur rèttasta. Það kann þá að virðast svo, sem það sè nokkurs konar ósvinna af mèr að standa nú upp, til þess að segja fáein orð, eptir að þessi hinn háttvirti þingmaður hefir sagt álit sitt; en eg get þó ei látið það tálma mèr frá, að láta einnig meiníngu mína í ljósi um svo mikilvægt mál, sem þetta er, meðan enn er tækifæri til þess, og það því síður, sem eg líka var einn í nefndinni, er það var fengið til meðferðar af þínginu. Hið fyrsta, sem eg ætla mèr að taka fram, er því þetta, að eg vona það sè nú öllum þingmönnum ljóst, að aðaltilgangur nefndarinnar hefir æfinlega verið sá, að lærdómurinn í skólanum verði gjörður piltum svo auðveldur, sem mögulegt er; þetta er hin almenna og eiginlega stefna í allri skoðun nefndarinnar; og eg verð því enn að taka það hèr fram, að mèr finnst allt undir því komið, að þingið fallist á hana, og miklu meira, en að menn fari nú svo nákvæmlega út í að ákveða um hvert einstakt atriði. Að mínu áliti er allt undir því komið, að skólakennsla verði sem frjálslegust í alla staði, svo að úngum piltum verði ei svo ofþýngt með ýmsum lærdómi, að þeir missi það, sem mest er vert, hið frjálsa og óspillta æskulíf, á meðan þeir eru að nema hitt, sem þó að eins á að vera hin almenna undirstaða til þekkíngar og fróðleiks síðar meir. Sönn menntun er eiginlega í því innifalin, að vera kunnugur því, sem ágætast og bezt hefir orðið í lífi mannkynnsins, frá því menn fyrst hafa sögur af, og svo hinu, að vita og skilja greinilega, hvernig á því stendur, að menn nú eru komnir þangað, sem menn eru komnir; hún er í raun og veru ekki annað, en að beita hinni alkunnu lærdómssetníngu Forn-Grikkja um hvern einstakan mann: »*þekktu sjálfan þig*« — að beita þessari setníngu einnig um allt mannkynið. En til þessa verður það því og æfinlega nauðsynlegast, að þekkja vel þá undirstöðu, sem slíkan fróðleik má einkum leiða af, og það eru sjálfsagt, auk aðalatriðanna í mannkynssögunni sjálfri, helzt hin fornu mál þeirra þjóða, sem

mestan þátt hafa átt í, að skapa þann grundvöll almennrar menntunar, sem síðan hefir verið byggt á; og á þessu hefir og verið byggð sú regla í hinum eldri skólum, að leggja helzt grísku og latínu til grundvallar, og að kenna úngum mönnum það, sem undirstöðu allrar menntunar, er menn hafa kallað »humaniora«; og það get eg eigi sèð, að sú stefna sè síður sönn nú, en hún hefir áður verið, þó fleira hafi síðan bætzt við. Það er víst, að vísindi og ýmsar menntir hafa auðgast svo mjög á þessari öld, að það var eðlilegt, þó mönnum kæmi til hugar að láta líka únga menn í skólum hafa eitthvert veðr af þessum kunnáttuauka; en hitt er þó spursmál, hvort það mætti ei strax vera eins líklegt, að árangurinn mundi ei verða svo mikill af slíkri tilhögun, sem til var ætlazt, og það er víst, að eðli og ágæti hinnar eldri undirstöðu almennrar menntunar breyttist eigi vegna þess, sem við átti að bæta; því aðaltilgangur allrar rèttrar mönnunar á únglíngum er þó vissulega sá, að ala upp í þeim sanna mannúð, samfara þeirri þekkíngu á öllu því hinu bezta og mesta í lífi mannkynsins, er síðan megi leiða þá sjálfa í lífinu. En það, sem verst er við þá tilhögun og ofþýngslu í svo mörgum kennslugreinum, sem nú um nokkurn tíma hefir tíðkast í lærðum skólum í Danmörk, og þaðan hefir flutzt hingað — eins og þetta upprunalega var komið til Danmerkur frá Þýzkalandi — það, sem verst er við þetta allt, er þó það, að það að miklu leyti í raun og veru er ekki annað en hinar illu afleiðíngar af ófrelsi því, sem að mestu gekk yfir allt meginland Norðurálfunnar frá því 1815 og til 1848; þá var hið illa alveldi ýmsra konúnga og keisara, er mestan þátt áttu í Vínarsamníngunum, og engar framfarir vildu, svo ríkt, að stjórnirnar hugsuðu meira um að kreista upp embættismanna-efnum, er gæti þjónað þeim í ófrelsinu, heldur en hitt, að ala upp í úngum mönnum, er til mennta eru settir, þann hug og anda, er síðan gæti gjört þá að frjálsum og sannarlega menntuðum mönnum; og þessi skoðun gekk, sem eg áðan sagði, svo ríkt og regíngslega yfir næstum því alla Norðurálfuna, að ekki nema Frakkland að nokkru leyti og England alveg voru ómenguð af henni. En, sem betur fer, er þetta nú allt að falla um sjálft sig og önnur og heilbrigðari skoðun að ryðja sèr til rúms í öllum löndum; því það er ekki að eins hèr á landi, að á slíkri andlegri hreifíngu hefir brytt með tilliti til skólakennslunnar, sem hèr um ræðir, heldur er hún nú miklu víðar, og allt af að fara vaxandi. Og það þykir mèr vænt, að geta sagt,

að hún er einmitt nú hvað mest í Danmörku sjálfri, því eg get ei annað ályktað af því, en að það sè líka einmitt nú ofboð hentugt, að hèðan úr landi komi einnig rödd í sömu stefnuna, er gjöri stjórninni það kunnugt, að vèr hèr í landi höfum einnig fundið til þessa mikla meins við skólakennsluna, er nú um nokkurn tíma hefir, að eg kveði svo að orði, um of dregið merg og blóð úr úngum mönnum, er til lærdóms eru settir; og eg verð að treysta því, að stjórnin einmitt þessa vegna verði fúsari á, að taka vel í málið sem fyrst, og það því fremur, sem sá maður stendur nú einmitt fyrir kirkju- og kennslumálastjórninni, sem öllum ber saman um, að bæði hafi hug og vilja til þess, að gjöra haganlegar breytingar til hins betra, eins og hann óefað hefir mestan dug og hæfileg-leika til þess að yfirvinna þá mótspyrnu, og hana sjálfsagt eigi litla, sem ýmsir menn vissulega munu gjöra móti allri breytingu. Eg get því ei annað sèð, en að það í öllu tilliti sè vel til fallið, að málið fari nú svo undirbúið frá þinginu, sem nú er, og þó það kunni að þykja undarlegt af mèr, sem lika var í nefndinni, þá held eg þó eg verði að taka undir við þann almenna lofsöng, sem hèr hefir verið kveðinn yfir nefndarálitinu; ekki svo að skilja, sem eg ætli að hrósa sjálfum mèr, því tilgangur minn er miklu fremur að eins að lýsa því yfir, sem eg held mèr sè óhætt að fullyrða, að við megum einkum þakka hinum háttvirta *framsögumanni* og meðnefnd-armanni mínum, er mestan og beztan þátt hefir átt að málinu yfir höfuð, og nú einnig hefir varið það svo vel, fyrir það, að málið nú loks er komið í svo góða stefnu. Skal eg því ei orðlengja um hin einstöku atriði, sem hann svo greinilega hefir tekið allt hið verulegasta fram um, og með tilliti til atkvæðaskráarinnar að eins geta þess, að eg, þó eg væri nefndarmaður, ætla mèr að fallast á breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Norður-Þíngeyínga undir tölul. 10., að »um fardaga« verði breytt í 1. júní, því eg veit svo, hvort sem heldur er, að það muni verða niðurstaðan á endanum, og það fer líka bezt, að skóla verði slitið á vissum tilteknum degi, og uppástúnga nefndarinnar er því auðsjáanlega ógreinilegri, eins og eg líka þykist vita, að meðnefndarmenn mínir muni ei hirða mjög um, að verja hana með atkvæðum sínum. Hið annað á at-kvæðaskránni, sem eg ætlaði mèr sèrstaklega að geta, er breyt-íngaratkvæði hins háttvirta 5. konúngkjörna undir tölul. 14., sem eg held ei eg villist í, að álíta einkum gjört með tilliti til náttúru-fræðinnar, og þykir mèr það því verra, að geta ei fallizt á það,

sem eg er fúsari á að viðurkenna, að þekking í náttúrufræði er um of vanrækt hèr í landi, svo eg held mèr sè óhætt að fullyrða, að hann muni vera einn hinn einasti, sem verulega kann að meta, hve mikinn óhag geti af þessu leitt; en hèr á ósk hans um íslenzkar kennslubækur í náttúrufræði ekki við, og eg get því síður fallizt á hana, þegar bæði sagnafræðinni og landafræðinni, er eg þó álít nauðsynlegri skólanum, er sleppt, þar sem það þá gæti litið svo út, sem menn ei óskuðu íslenzkra kennslubóka í þeim greinum líka.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari álykt-arumræðu lokið. Skal eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu þau á þessa leið:

1. *Nefndin,* uppástúnga stafl. *A.*, samþykkt í einu hljóði.
2. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 1. *a.* fellt með 15. atkv. gegn 5.
3. *Nefndin,* uppástúnga *A.* 1. *a.*, samþykkt í einu hljóði.
4. *Sama,* uppástúnga *A.* 1. *b.*, samþykkt í einu hljóði.
5. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 2. fellt með 15 atkv.
6. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 2. fellt með 11 atkv. gegn 8.
7. *Nefndin,* uppástúnga *A.* 2., samþykkt með 16 atkv. gegn 2.
8. Viðaukaatkvæði *Jóns Pèturssonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 2. samþykkt með 18 atkv. gegn 2.
9. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 3. fellt með 18 atkv. gegn 2.
10. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 3. samþykkt með 17 atkv.
11. *Nefndin,* uppástúnga *A.* 3., samþykkt með 20 atkv.
12. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns, Benedikts Sveinssonar* og *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 4. samþykkt með 20 atkv.
13. *Nefndin,* uppástúnga *A.* 4., samþykkt í einu hljóði.
14. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 5. fellt með 16 atkv.
15. *Nefndin,* uppástúnga *A.* 5., samþykkt með 20 atkv.
16. Viðaukaatkvæði *Benedikts Sveinssonar,* að aptan við uppástúngu nefndarinnar *A.* 5. (tölulið 15) verði bætt:

»er skólastjórnin hlutist til um, að kennendur hins lærða »skóla semi mót hæfilegri borgun úr skólasjóðnum« — samþykkt með 17 atkv.

17. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* og *Sveins Skúlasonar*, að í stað uppástúngu nefndarinnar *A.* 6. (tölulið 18) komi svolátandi grein:

»Að hinum yngri kennurum við skólann verði veitt hæfi»leg laun fyrir hina daglegu umsjón í skólanum« — fellt með 14 atkv. gegn 3.

18. *Nefndin,* uppástúnga *A.* 6., samþykkt með 19 atkv.
19. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 7. (tölulið 22) samþykkt með 16 atkv. gegn 3.
20. Breytíngaratkvæði *Jóns Péturssonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 7. (tölulið 22) og
21. Breytíngaratkvæði *Ásgeirs Einarssonar* við sama — fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 19.
22. *Nefndin,* uppástúnga *A.* 7., samþykkt í einu hljóði.
23. Viðaukaatkvæði *Jóns Péturssonar* við tölulið 22 samþykkt með 13 atkv. gegn 3.
24. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 8. (tölulið 25) samþykkt með 18 atkv. gegn 1.
25. *Nefndin,* uppástúnga *A.* 8., samþykkt með 20 atkv.
26. *Sama,* uppástúnga *A.* 9., samþykkt með 20 atkv.
27. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 10. (tölulið 28) fellt með 15 atkv. gegn 3.
28. *Nefndin,* uppástúnga *A.* 10., samþykkt með 20 atkv.
29. Viðaukaatkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við uppástúngu nefndarinnar *A.* 10. (tölulið 28) fellt með 14 atkv. gegn 4.
30. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við uppástúngu nefndarinnar stafl. *B.* (tölulið 34) fellt með 16 atkv. gegn 5.
31. Breytíngaratkvæði *Páls Sigurðssonar* við uppástúngu nefndarinnar stafl. *B.* (tölulið 34) samþykkt með 12 atkv. gegn 5.
32. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við uppástúngu nefndarinnar stafl. *B.* (tölulið 34) og
33. Breytíngaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar* við sama — fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 31.
34. *Nefndin,* uppástúnga stafl. *B.,* samþykkt með 19 atkv.
35. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *C.* (tölulið 36) var borið upp í einstökum atriðum, og var

stafl. *a* samþykktur með 18 atkv.
— *b* samþykktur með 16 atkv.
— *c* samþykktur með 14 atkv.

Um þenna staflið var leitað atkvæða með nafnakalli og

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Benedikt Þórðarson.	Árni Einarsson.
Arnljótur Ólafsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Ásgeir Einarsson.	Helgi G. Thordersen.
Benedikt Sveinsson.	Indriði Gíslason.
Björn Pètursson.	Jón Pètursson.
Gísli Brynjúlfsson.	Páll Melsteð.
Guðmundur Brandsson.	Pètur Pètursson.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Haugum.	
Magnús Andrèsson.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	

Þingmaður Húnvetninga og hinn 5. konungkjörni þingmaður voru fjærverandi.

— *d* samþykktur með 12 atkv. gegn 4.

36. *Nefndin,* uppástúnga *C.,* fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við undangangandi tölulið.
37. Breytingaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við uppástúngu nefndarinnar *C.* 1. (tölulið 39) fellt með 18 atkv. gegn 3.
38. Breytingaratkvæði *sama* við sömu uppástúngu fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 37.
39. *Nefndin,* uppástúnga *C.* 1., samþykkt með 19 atkv.
40. Varaatkvæði *Jóns Pètursonar* fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 35.
41. *Nefndin,* uppástúnga *C.* 2., felld með 14 atkv. gegn 4.
42. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 20 atkv.

Síðan gat *forseti* mála til næsta fundar, og ákvað fund á mánudaginn kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Tuttugasti og sjötti fundur — 29. júlí.

Allir á fundi, nema þingmaðurinn frá Suður-Múlasýslu.

Gjörðabækur frá 2 síðustu fundum lesnar upp og samþykktar.

Forseti gat þess, að þingmaður Norður-Þingeyinga hefði á hendi skrifarastörfin á fundinum í stað þingmanns Snæfellinga.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til *undirbúningsumræðu* málið um *breytingu á verzlunarlögunum,* og um að gjöra *Seyðisfjörð að aðalkaupstað í stað Eskifjarðar.* *Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga.

Var málið síðan afhent *framsögumanni,* er las upp nefndarálitið þannig hljóðanda:

»Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir í nefnd, til að segja álit vort um:

1. Bænarskrá frá frjálsum fundi á Ísafirði, dags. 22.—23. maí þ. á., er fer því á flot, að lausakaupmenn allir fái leyfi til, að verzla við landsbúa á Íslandi svo lengi, sem þeir vilja, í stað þess, að þeir samkvæmt lögum um verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, 3. gr., nú eru bundnir við 4 vikur.
2. Bænarskrá úr Múlaþingi, sem fer hinu sama fram, og jafnframt að Seyðisfjörður verði gjörður að aðalverzlunarstað í stað Eskifjarðar.

Vèr höfum rætt mál þetta með oss, og er það álit vort, sem nú skal greina:

Að því er snertir breytingu á 3. grein í lögunum 15. apríl 1854 um það, hversu lengi lausakaupmenn megi reka verzlun við landsbúa á hverjum stað fyrir sig, þá er það hvorttveggja, að beiðendur hafa litlar ástæður fram borið fyrir þessari breytingu, enda getum vèr heldur eigi sèð þær, því að þar sem sagt er í bænarskrá Ísfirðinga, að ástæðan, hvers vegna þessi takmörkun hafi verið lögð á lausakaupmenn í verzlunarlögunum, þ. e. tilsk. 13. júni 1787, og opnum brèfum 23. apríl 1793 og 28. desember 1836, sè sú, að fastakaupmönnum hafi þá verið gjört að skyldu, að sjá landinu borgið með nauðsynjavörur, þá er þetta hreinn misskilningur, því að fastakaupmönnum hefir aldrei verið nein slík skylda á herðar lögð; þvert á móti er það sagt með berum orðum í tilsk. 13. júní 1787, kap. 2., 12. gr., að konúngi hafi eigi þótt ástæða til, að leggja fastakaupmönnum neina slíka skyldu á herðar, og

þar sem embættismönnum landsins er þar boðið, að skoða að minnsta kosti einu sinni á ári vörubyrgðir kaupmanna, þá átti sú skoðun eigi að vera í þeim tilgangi, að skylda kaupmenn til, að byrgja sig upp að vörum, ef þeir hefði þær litlar, heldur sökum þess, að stjórnin taldi það skyldu sína, að annast um, að vörubyrgðir væri ávallt nægar fyrir í landinu. Hitt er allt annað mál, að þeim, er byrja vildi verzlun, var gjört að skyldu, að hafa nauðsynjavörur svo miklar í upphafi verzlunar sinnar, að næmi 500rd.; þetta var eins konar „*census*“, til vissu fyrir því, að engi sá fengi verzlunarleyfi, sem eigi væri svo efnum búinn, að hann yrði að hætta þegar aptur.

Þegar vèr nú lítum á verzlun lausakaupmanna, getum vèr eigi sèð, að það þurfi nokkru sinni að að bera, að lausakaupmenn þurfi að sigla burt af höfn þeirri, sem þeir ætla sèr að verzla á, þegar verzlunin er nýbyrjuð; því að enda þótt þeir kæmi þar svo tímanlega, að þeir hefði þegar legið þar hinn lögboðna 4 vikna tíma, þegar aðalverzlunin þar byrjar, þá er þeim ávallt innan handar, *annaðhvort* að byrja eigi verzlun sína við landsbúa fyr, en þeir sjá, að þeir geta haldið áfram verzluninni allan aðalverzlunartímann, *eða* þá að leita til annarar hafnar um nokkurn tíma og verzla þar, og *í þriðja lagi* getum vèr eigi sèð því neitt til tálmunar í verzlunarlögum vorum, að þeir hætti verzlun sinni um stundarsakir, og byri svo aptur, þegar þeim þykir hentugastur tími til. Vèr getum því alls eigi ætlað, að 4 vikur sè lausakaupmönnum ónógar til verzlunar á hverjum stað fyrir sig. Það skyldi einúngis vera þá, að veðurátta bannaði landsmönnum að flytja varníng sinn til þeirra í tækan tíma; en það ber svo ofursjaldan að, að vèr sjáum enga ástæðu til að breyta verzlunarlöggjöfinni þessa vegna, enda gæti af þeim sökum eigi verið talað um, að lengja verzlunartíma lausakaupmanna, nema um örstuttan tíma. Aptur á móti, ef lausakaupmenn ætti við engan tíma að vera bundnir, hvað gæti af því leitt annað en það, að landsmenn missti þess hagnaðar í varníngsverðinu, sem lausakaupmenn nú afla þeim; því að þá hefði þeir enga hvöt til að bjóða betri kaup en fastakaupmennirnir, og mundu naumast gjöra það, þegar ekkert rekur á eptir þeim; þeir mundu margir hverir hugsa sem svo, að það væri betra fyrir þá, að liggja nokkru lengur kyrrir á sömu höfninni, og selja vörur sínar við hærra verði, og taka hinar íslenzku við minna verði, en að liggja skemur, og selja við lægra verði. Yfir höfuð sjáum vèr

enga ástæðu til breytíngar þeirrar á verzlunarlögum vorum, sem um er beðið, og verðum því að ráða hinu heiðraða alþíngi frá, að rita konúngi vorum bænarskrá um þetta atriði.

Að því er snertir hið annað í bænarskránni úr Múlaþíngi, að Seyðisfjörður verði gjörður að aðalverzlunarstað á Austfjörðum í stað Eskifjarðar, þá skulum vèr geta þess, að stjórnin sjálf hefir áður verið á sama máli og beiðendurnir, þar sem hún í ástæðunum fyrir frumvarpi því um verzlun á Íslandi, sem hún lagði fyrir þjóðfundinn 1851, sjálf taldi, að Seyðisfjörður mundi vera líklegastur til aðalverzlunarstaðar í Múlasýslunum, og þjóðfundurinn beiddi þess og, að hann yrði aðalverzlunarstaðurinn þar, og alþíngið 1857 fór hinu sama fram. Ástæðan, hvers vegna stjórnin hafi eigi gjört Seyðisfjörð, heldur Eskifjörð að aðalverzlunarstað, virðist vera sú, að þar var hvorki sýslumaður nè læknir, og hefir hún eigi þótzt geta gjört þeim mönnum, sem hafa gegnt þessum embættum að skyldu, að flytja niður í Seyðisfjörð. Nú vill svo vel til, að bæði þessi embætti eru laus, og það getur því eigi verið til fyrirstöðu; því að enda þótt það sè mjög vafasamt, eptir því sem ástatt er í Múlasýslum, hvort læknirinn eigi nokkru sinni þar að vera, þá má þó gjöra þeim, sem nú verður skipaður sýslumaðnr í Norður-Múlasýslu, það að skyldu, að setjast að í Seyðisfjarðarkaupstað eða í grennd við hann. Vèr játum það reyndar satt að vera, að með því í tilsk. 15. d. aprílm. 1854, 3. gr. einúngis utanríkiskaupmönnum, sem koma beinlínis frá útlöndum, er gjört að skyldu, að koma fyrst á einhverja af þeim 6 höfnum, sem nefndar eru í 2. gr. tèðra laga, virðist það í fljótu bragði lítinn hnekki þurfa að gjöra, þótt Eskifjörður sè aðalverzlunarstaðurinn. En á hinn bóginn er það víst og af öllum játað, 1. að innsiglíng frá hafi er beinni, hægri og styttri á Seyðisfjörð en Eskifjörð; 2. að úr uppsveitunum, sem eru einhverjar hinar auðugustu að sauðfè hèr á landi, er miklu styttri leið til Seyðisfjarðar en Eskifjarðar; 3. að í Seyðisfirði er hentugt og nægilegt húsastæði, þar sem það er bæði illt og lítið á Eskifirði. Reynslan hefir og sannað það, hversu miklu hentugri verzlunarstaður er á Seyðisfirði en á Eskifirði, þar sem nú eru 3 sölubúðir komnar þar, en á Eskifirði er nú að eins ein, sem áður voru 2, og öll líkindi til, að verzlun á Seyðisfirði eflist eins hèr eptir og hingað til, en á Eskifirði fari hún enn hnignandi, og það svo, að vel getur svo farið, að verzlun leggist þar niður með tímanum. Nú getur oss nefndarmönnum eigi annað

virzt, en að það sè næsta óeðlilegt, að sá staðurinn sè eigi aðalverzlunarstaðurinn, þar sem mest er aðsóknin og verzlunarkeppnin, heldur sá, sem litla verzlun hefir, og heldur fer hnignandi, og með því næg reynsla virðist þegar komin fyrir því, hvor þessara staða, sem hèr ræðir um, sè hagkvæmari til verzlunar, verðum vèr að ráða hinu heiðraða alþingi til, að bera þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir konúng vorn:

> Að hann mildilegast vili breyta verzlunarlögunum 15. d. aprílm. 1854, 2. gr. þannig, að Seyðisfjörður verði aðalverzlunarstaður í Austfirðínga-fjórðúngi í stað Eskifjarðar.

Reykjavík, 25. dag júlímán. 1861.

Björn Pètursson, formaður. *Sveinn Skúlason.* *Halldór Kr. Friðriksson,* framsögumaður.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Eg vona, að þetta nefndarálit fái eins góðar viðtökur á þínginu, eins og nefndarálitið í því, sem eg var síðast *framsögumaður* í, og að það fái því betri landtöku, sem það er hægfarara en það; og ætla eg svo ekki að fara fleiri orðum um málið að sinni.

Páll Melsteð: Eg ætla að leyfa mèr að tala fáein orð í þessu máli; eg ætla ekki að fylgja því fast fram, að lengdur sè verzlunartími lausakaupmanna; en eg vildi minnast lítið eitt á það, sem nefndin nú hefir stúngið upp á, að Seyðisfjörður sè gjörður að aðalkauptúni í stað Eskifjarðar; mèr finnst Eskifjörður eiga mjög örðugt uppdráttar hjá sumum mönnum; mèr finnst að álit mitt í þessu máli geti þó verið á nokkrum rökum byggt, því eg er einn af þeim fáu þingmönnum, sem þekkja vel til í Múlasýslu, þar eð eg hefi verið þar í 10 ár, hefi verið allt að því 3 ár í Reyðarfirði, komið ótal sinnum á Eskifjörð, og líka á Seyðisfjörð. Eg get ekki sèð, að það sè rètt að stuðla til þess, að Eskifjarðarverzlun leggist niður, því eg get þá ekki sèð, hvernig fara á fyrir þeim, sem búa í Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Norðfirði, Skriðdal, Skógasveit, Fljótsdal og jafnvel Vallnasveit, ef þeir ætti að sækja verzlun á Seyðisfjörð; það finnst mèr hreinn ógjörníngur fyrir sumar af þessum sveitum. Sömuleiðis vona eg, að stjórnin verði aldrei á því, að láta sýslumanninn sitja á Seyðisfirði, því það væri þá eins gott að loka hann niðri í kistu. Hann á helzt að búa í Hèraðinu; en búi hann á Seyðisfirði, þá er óbærilega erfitt, að ná til hans fyrir þá, sem búa í Vopnafirði; þar liggja tveir illir fjallvegir á milli. Sá maður, sem áður hefir verið hèr *konúngsfulltrúi,* var manna kunnugast-

ur í Múlasýslum og nærfærinn um málin, og hann var aldrei fram um það, að draga verzlunina frá Eskifirði. Eg tala ekki þetta, sem eg nú segi, af kappi eða fylgi við einn eður annan; en mèr virðist að þingið eigi að gæta allrar sanngirni, og þegar dæma á um fjærliggjandi sveitir og rèttindi þeirra og þarfir, þá fara helzt að ráði þeirra manna, sem þekkja til þeirra staða, sem um er talað, en fara ekki að áliti þeirra manna, sem eru alveg ókunnugir þeim byggðarlögum, sem um er verið að tala.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist, að menn tali hèr eingöngu um það spursmál, hvort heldur ætti að löggilda Eskifjörð eður Seyðisfjörð til kauptúns; en það liggur hèr ekki fyrir, því ef svo væri, mundi eg öllu fremur mæla fram með löggildíngu Seyðisfjarðar, því þar er að vísu byggilegra; en hèr ræðir ekki um þetta spursmál. Um hvern staðinn hægra sè að sækja til verzlunar, er hèr ekki heldur spursmál; hèr er einúngis spursmál um, hver staðurinn eigi að bera kaupstaðarnafn, eða eigi það bezt skilið; en þetta kaupstaðarnafn er ekki af mikilli þýðíngu í sambandi við hin kauptúnin; það er ekki nema nafnið, og einúngis fólgið í því, að þeir lausakaupmenn, sem koma til verzlunar í Múlasýslurnar, þurfa að koma fyrst á Eskifjörð, til þess að heilsa, og sýna skjöl sín, en svo geta þeir farið hvort á land þeir vilja.

Eigi læknir og sýslumaður að búa á Seyðisfirði, þá er það jafn-óhentugt á báðum stöðum fyrir sýslubúa; sýslumaður býr hagfelldast sunnan til við Smjörvatnsheiði, nálægt Jökulsá á Brú, t. a. m. á Fossvöllum. Læknir mundi nauðsynlega þurfa að búa á Seyðisfirði, og eptir þeim reglum, sem nú er fylgt, einnig sýslumaður, þegar þessi staður væri orðinn löggiltur kaupstaður í stað Eskifjarðar. Um hægðaraukann fyrir sýslubúa, sumsè við það að fara á Seyðisfjörð, fremur en á Eskifjörð, er búið að tala; hann verður hvorki meiri nè minni, hvor staðurinn sem ber kaupstaðarnafnið. Útlendum lausakaupmönnum er hægra að sigla upp Eskifjörð en Seyðisfjörð, því hinn staðurinn er rètt á leið þeirra, þegar þeir koma að landi.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir verst, ef að það, sem eg tala í þessu máli, yrði til þess, að villa þíngmenn, af því eg er líka kunnugur í Múlasýslum, en get þó ekki verið á sama máli og þíngmaður Snæfellínga, er þóttist vera þar kunnugur. Eg hefi líka verið í Múlasýslum í 7 ár um tvítugsaldur, og hefi komið þar opt síðan; eg er þar vel kunnugur, en get nú samt ekki vitað, hvorum

okkar kunnugu mannanna þingið vill fylgja; það er víst, að þeir, sem búa í Fljótsdalshèraðinu, einkum úthèraðinu, ytri hluta Vallnahrepps, Eyða- og Hjaltastaðaþinghám, Fellum, Túngu, Jökuldal og Jökulsárhlíð, og allir nyrðri firðirnir eiga hægra með að sækja verzlun á Seyðisfjörð, en á Eskifjörð. Til þess að sjá þetta, þurfa menn ekki annað en að líta á kortið. Reynslan hefir nú einnig sýnt, að Seyðisfjörður er betur settur til verzlunar, því þangað er nú miklu meiri aðsókn en að Eskifirði. Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu býr nú á Ketilsstöðum, og þarf ekki að fara yfir Fjarðarheiði, þegar hann fer til Vopnafjarðar; en hann verður að fara yfir Smjörvatnsheiði, sem er miklu verri. Ef hann sæti á Seyðisfirði, ætti hann því nærri eins hægt með að komast til Vopnafjarðar, eins og nú frá Ketilstöðum, og vegamunurinn er lítill. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* er ekki með þeirri breytíngu, sem nefndin hefir stúngið upp á, og vitnaði til einhverrar bænarskráar, sem hann við inngangsumræðuna sagði, að hefði komið til þíngsins, en sem nú er á honum að heyra, að hafi verið til stjórnarinnar; en eg get ekki gjört mikið úr ástæðum þeirrar bænarskráar, sem jafnvel hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki veit neitt um, hvað hefir haft inni að halda. Mèr sýnist ekki, að þíngið þurfi að fá bænarskrá um þetta frá lausakaupmönnum; það er nóg að menn vita, að Seyðisfjörður er vel valinn til verzlunar, og á að vera aðalkaupstaður, af því að lausakaupmenn sækja helzt þangað, og þeir sækja helzt þangað, af því að þar er von á mestum vörum. Að síður sè hætt við skipskaða á Eskifirði en á Seyðisfirði, er alveg ósannað. Eg vil að þíngmenn leggi sèr það vel á hjarta, að það eru mjög fá ár síðan að siglíngaleyfi fèkkst fyrst á Seyðisfirði, og eru nú 3 stórar verzlanir þar, og að það bæði er hagur fyrir lausakaupmenn og landsmenn, að Seyðisfjörður verði aðalkaupstaður *(Páll Melsteð:* Ekki fyrir þá, sem búa í Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði eða Norðfirði). Norðfjörður er lítil sveit og ómerkileg. Eg vona að meiri hluti þíngsins verði nefndinni samdóma í þessu máli, þar sem hún hefir verið svo hógvær, að eins að biðja um að hafa skipti á Eskifirði og Seyðisfirði, sem aðalkauptúni; annars þykir mèr það leiðinlegt, að þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu er ekki á fundi í dag, því að hann er svo vel kunnugur þessu máli.

Helgi G. Thordersen: Mèr þykir það líka leiðinlegt, að þíngmaðurinn skuli ekki vera á fundi, en eg verð að taka undir með þíngmanni Norður-Þíngeyinga, því eg er alveg sömu meiníngar,

og eg hefi verið með tilliti til Eskifjarðar og Seyðisfjarðar. Mig stansar alveg á því, að heyra suma menn álíta, að á sama standi, hvar kauptún eru löggilt; þar sem löggilda á kauptún, verður þó að vera þannig háttað, að verzlun geti komizt þar á, og að þar verði sett hús. En þessi Eskifjörður er sá andstyggilegasti kaupstaður á þessu landi, og er eg alveg viss um það, að þar getur ekki orðið svo mikil verzlun, að margir kaupmenn safni sèr þar saman; og skil eg ekki, að stjórnin vili taka annan eins kaupstað fram yfir aðra, verzluninni svo miklu haganlegri staði. Allt öðruvisi er ástatt á Seyðisfirði; þar getur hver verzlunin komizt að eptir aðra, og þangað geta þær sveitir, þar sem vörumagnið er mest, hægast náð til verzlunar. Mèr lætur það ekki, að tala langt, og skal ekki heldur gjöra það, en eg gef atkvæði mitt fyrir Seyðisfirði, eins og eg hefi áður gjört; og vil eg að eins óska þess, að aldrei yrði talað um Eskifjörð eins og kaupstað, því að hann er hálfu verri en Keflavík.

Stefán Eiríksson: Eins og þingmönnum er kunnugt, var eg móti nefnd í þessu máli, þegar það kom hèr fyrst inn á þingið, og var það nú helzt af því, að eg áleit svo mörg merkileg mál komin fram, sem meira riði á að kláruðust; og reynslan er nú farin að sýna fram á það, að þingið hefir nóg að starfa, þó þetta yrði út undan, en úr því það nú er komið inn á þingið, gildir mig einu, þó eg gjöri nefndinni það til geðs, að ganga inn á nefndarálitið. Það skyldi vera það eina, sem mælt getur fram með Seyðisfirði fyrir aðalkaupstað, að hann er að blómgvast með verzlunarfulltrúa, en að því er það snertir, að þetta sè hægðarauki fyrir landsmenn og utanríkismenn, þá get eg nú ekki sèð það; hinn heiðraði þingmaður úr Norður-Þingeyjarsýslu sagði við inngángsumræðu máls þessa, að eg lýsti ókunnugleik mínum á Hèraði; það kann nú að vera að hann sè þar kunnugri en eg, þó get eg sagt honum það, að eg hefi nokkrum sinnum riðið þar um, og eg get líka sagt honum það, að eg hefi sèð það af Norðra, að hann getur villzt á hèraði eins og eg. Eskifjörður liggur að minni skoðun allt eins vel við fyrir íbúana, til verzlunar, og Seyðisfjörður. Eg vil því nefna til Fáskrúðsfjarðarhrepp, Reyðarfjarðarhrepp, Norðfjarðarhrepp og Skriðdalshrepp; þessir hreppar allir liggja betur við að sækja á Eskifjörð, en Seyðisfjörð, og vist eiga þeir, sem eru innan til í Fljótsdal skemmri leið til Eskifjarðar. Að því er það snertir, sem sagt hefir verið, að Jökuldælingar allir færi til Seyðis-

fjarðar, þá kann það að vera orðið svo nú; en áður sóttu flestir þeirra til verzlunar á Vopnafjörð; aptur veit eg það vel, að Seyðisfjörður liggur betur við fyrir allt úthéraðið; að vísu hefi eg séð af umræðunum á alþingi 1857, að það muni vera betra húsastæði á Seyðisfirði en Eskifirði; eg þekki það nú ekki grant, svo það skyldi þá eiga að mæla fram með breytíngunni; þar sem talað er um í nefndarálitinu, að læknirinn í Austfirðínga-fjórðúngi, geti nú við læknaskipti sezt að á Seyðisfirði, þá er eg því öldúngis mótfallinn; það er nógur erfiðleiki á því fyrir Skaptfellíngum, að ná í hann, þar sem hann nú er, þó bústaður hans sé ekki fluttur ofan til fjarða, því með þeirri aðferð er ekki einúngis Skaptfellíngum gjört ómögulegt, að ná til læknis, heldur einnig mörgum úr Múlasýslum. Það er sjaldgjaft að fær vegur sé á vetrum yfir heiðar til fjarða, og ef nú þetta leiddi af breytíngunni á Seyðisfirði sem aðalkaupstað, þá er eg yfir höfuð á móti þeirri tilbreytíng.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að gjöra eina athugasemd út af orðum hins heiðraða *framsögumanns,* að Seyðisfjörður lægi betur við uppsiglíngu en Eskifjörður; hann sagði árið 1855, þegar þetta mál var hèr fyrir: »Eskifjörður liggur beinna við skipum, er af hafi koma, en Seyðisfjörður«. Svona var þá álit hans á þessu atriði, og hann hefir ekki skýrt frá, hvers vegna hann nú sé kominn á gagnstæða skoðun þeirri, er hann áður hefir haft á þessu máli.

Sveinn Skúlason: Eg verð að skýra þetta mál lítið betur, af því að umræðurnar um það verða öðruvísi og lengri, en þær ætti að vera. Þíngmaður Austur-Skaptfellínga sagði, að eg hefði villzt á hèraðinu í Múlasýslu, en hann er sjálfur svo ókunnugur þar, að hann blandar saman heiðum og hèraði, og er þó á því mikill og ljós munur. Það er nokkuð undarlegt, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skuli koma í bága í áliti sínu um þetta mál við embættisbróður sinn í Norðurumdæminu, sem líka hefir verið sýslumaður í Múlasýslu og þekkir þar vel til, og hann áleit hèr á þíngi 1853 Eskifjörð óhafanda til aðalverzlunarstaðar, en Seyðisfjörð sjálfsagðan. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að fyrir fólkið stæði á sama, hvor kaupstaðurinn væri aðalverzlunarstaður, því þeir sækti til þess staðarins, sem betri væri verzlunin, og kom með þetta sem ástæðu á móti því, að gjöra Seyðisfjörð að aðalkauptúni; en á þá að gjöra lausakaupmönnum þann óþarfakrók, að fara fyrst á Eskifjörð, þegar þeir eiginlega ætla á Seyðisfjörð, af því meiri verzlun sækir að

Seyðisfirði? Þessa ástæðu tók hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tvisvar upp, en mèr sýnist hún vera svo lítilfjörleg, að það hefði verið nóg, að koma með hana einu sinni.

Arnljótur Ólafsson: Þíngmaður Norður-Þíngeyínga hefir sem kunnugur maður í Múlasyslu tekið það fram, er mælir með að gjöra Seyðisfjörð að aðalkauptúni; en hvort sem menn eru kunnugir á heiðum eða í hèruðum í Múlasýslu, sýnist mèr, að menn geti skorið úr þessu máli eptir því, sem fram er komið í því. Ef vèr gætum að því, hvenær Seyðisfjörður var löggiltur til verzlunarstaðar,— og eg man, að það var sama árið og Dyrhólar voru löggiltir, — og er nú orðinn blómlegur verzlunarstaður; Eskifjörður aptur í móti er gamall verzlunarstaður frá dögum einokunar-verzlunarinnar, og er nú orðinn miklu minni en Seyðisfjörður, og mjög óálitlegur, eins og hinn 2. konúngkjörni þíngmaður áður sagði; og fyrst nú að Seyðisfjörður er mesti verzlunarstaðurinn á Austurlandi, þá sýnir það bezt af öllu, að landsmenn eiga hægast með að sækja kaupstefnu þangað; en auðsætt er, að það er hagur bæði fyrir landsmenn og lansakaupmenn, að þeim sè leyft að fara beinlínis þangað, án þess að þurfa að koma við á Eskifirði. — Þá sýnist mèr af þessum ástæðum sjálfsagt, að gjöra Seyðisfjörð að aðalkauptúni. Annað er það, sem sagt hefir verið, að það sè óhagur fyrir landsmenn, að sýslumaðurinn siti á Seyðisfirði; en á því er engi þörf, því að samkvæmt opnu brèfi, 29. desember 1836, sem enn þá er í gildi, er sýslumönnum leyft, að hafa mann fyrir sig í kaupstöðunum, til þess að skrifa upp á skipaskjölin fyrir þeirra hönd; og geta kaupmenn þá farið til hans, nema ef þeir vilja heldur senda til sýslumannsins; þetta sýnist mèr því ekki vera nein ástæða á móti Seyðisfirði. Menn hafa ekki heldur neina ástæðu til þess, að halda, að stjórnin muni neyða sýslumenn til þess, að búa í kaupstöðum vegna þess, að það er eigi grundvallað á þeim lögum, sem nú gilda.

Ásgeir Einarsson: Mèr sýnist, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hafi frá upphafi skoðað mál þetta frá rèttu sjónarmiði, að hèr sè ekki að tala um það, hvort sè hægra fyrir landsmenn, að Eskifjörður eða Seyðisfjörður sè aðalverzlunarstaður, heldur hvort sè hægra fyrir lausakaupmenn, sem sækja híngað til verzlunar frá utanríkisþjóðum; þegar verzlunarlögin voru undir búin á þjóðfundinum hèrna um árið, og menn voru að leita fyrir sèr um það, hvar hentugast væri að leyfa utanríkismönnum að lenda hèr við landið, þá álítu sumir óumflyjanlega nauðsynlegt, að syslumaður byggi í

kaupstöðunum, svo að hann væri til taks, til þess að stilla þenna óþjóðalýð, þegar hann með óeirðum æddi í landið, því allt var að óttast; líka voru menn hræddir um, að með þeim mundu flytjast alls konar drepsóttir til landsins, svo að læknirinn þyrfti líka að vera þar til taks; og komust menn loks til þeirrar niðurstöðu, að löggilda að eins 6 kaupstaði á öllu landinu, til aðalverzlunarstaða, og voru þeir staðir valdir, sem hentugastir þóttu vera fyrir alla utanríkisverzlunarmenn; þá var það upplýst, að Seyðisfjörður væri hentugri til aðalkaupstaðar en Eskifjörður, og þingið stakk upp á honum, en stjórnin fèllst ekki á það, heldur tók hún Eskifjörð til aðalvezlunarstaðar, og fellst þannig, eins og optar, á varaatkvæðið, sem upp var borið. Þegar menn líta á kortið, er það í augum uppi, að hagfeldara sè fyrir landsmenn og kaupmenn, að Seyðisfjörður sè aðalkaupstaðurinn. En þó konúngfulltrúinn skoðaði málið frá rèttu sjónarmiði, virðist mèr hann hafi ekki dregið rètta ályktan út af skoðun sinni, því þá hefði hann átt að vera meðmæltur Seyðisfirði. Eg hefi heyrt lausakaupmenn segja, að hver dagurinn, sem þeir liggja hèr, sè þeim mjög kostnaðarsamur, ekki sízt utanríkiskaupmönnum, sem optast geta látið skip sín fara aðrar gagnlegar ferðir, þá heim koma; og sè eg ekki, hvers vegna menn að óþörfu vilja gjöra þeim vikutöf með því, að neyða þá til að fara inn á þá höfn, sem þeir annars hefði ekki farið inn á; eg er líka hræddur um, að þeir neyðist til þess, að vinna þenna skaða upp á landsmönnum með verðlaginu á vörunum. Á meðan eg ekki fæ sterkari ástæður á móti Seyðisfirði, en eg enn þá hefi fengið, ætla eg ekki að gefa atkvæði mitt á móti því, sem eg gaf atkvæði með á þjóðfundinum, og því, sem allir óhlutdrægir menn vilja að fái framgang.

Páll Melsteð: Eg vil leyfa mèr, að leiðrètta nokkuð hjá hinum háttvirta þingmanni Norður-Þingeyjarsýslu; mèr fannst ekki allt sem rèttast, er hann sagði. Þegar hann var að tala um sveitirnar, sem sækti til Eskifjarðar, þá gleymdi hann Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og Norðfjarðarsveit; Reyðarfjörður er stór sveit og mannmörg, en Norðfjörður er að vísu ekki stór, en það er skylda þingsins, að gæta eins rèttinda hinna smærri sveitanna, eins og hinna stærri. Ef að svo ber við, að skip stranda á Djúpavogi, eins og við hefir borið, og það í mínu minni, svo að kaupmenn þar verða vörulausir, þá er miklu hægra fyrir margar sveitir — eg tek til dæmis Berufjarðarsveit, Breiðdalssveit, Stöðvarfjörð — sem annars verzla á Djúpavogi, að sækja vörur til Eskifjarðar, en Seyðisfjarðar. Líti

menn á landsuppdráttinn, þegar lausakaupmenn koma af hafi suðaustan að landinu, þá er skemmra á Eskifjörð en á Seyðisfjörð, svo það er þó fremur meðmælíng með Eskifirði, og það því fremur, ef Papós verður líka löggiltur. Eg vil líka biðja menn að gæta þess, að það er engi ástæða, að gjöra neinum hèruðum eða stöðum rangindi, fyrir sakir eintómrar ófegurðar. Enda viðurkenni eg ekki, að Eskifjörður sè svo ófagur, sem sumum finnst. Hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þíngeyínga sagði, að skiptapar á Seyðisfirði væri ósannaðir; en eg verð að segja það, að á Eskifirði veit eg ekki til, að neinn skiptapi hafi orðið, ekki á þessari öld, en þar á móti víst tveir ef ekki þrír á Seyðisfirði á þeim stutta tíma, síðan verzlun komst þar á; þar er mjög veðrasamt, svo að jafnvel ekki alls fyrir löngu tók þar upp hús; á Eskifirði þar á móti eru aldrei mjög mikil veður, og engi sèrleg hætta búin; höfn er þar hin bezta.

Framsögumaður: Það var satt, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði áðan, að eg áður hefi verið á móti þessu máli; en batnandi manni er bezt að lifa; og þegar eg kemst að því rètta í einum hlut, þá þykir mèr engi minnkun að láta af, þó skoðun mín hafi verið önnur áður. Eg man það, að á þínginu 1855 og 1857 gat eg um, að það væri svo stutt síðan verzlunarlögin hefði komið út, og að eg vildi, að þau sýndi betur ávexti sína, en þá var fram komið; en þegar eg nú gái þess, að verzlunin á Seyðisfirði hefir síðan farið svo mjög vaxandi, þar sem Eskifirði hefir hnignað, þá sýnist mèr þetta einmitt sanna, að verzlunin sè að dragast að Seyðisfirði, og það hefir einkum sýnt sig, síðan verzlunarfrelsið komst á. Það er ekki rètt, sem hinn háttvirti þíngmaður Snæfellínga sagði, að þetta yrði til, að gjöra út af við Eskifjörð; því Eskifjörður fer á höfuðið fyrir því, þó Seyðisfjörður ekki sè gjörður að aðalverzlunarstað, ef hann getur eigi þrifizt annars kostar. Eg ímynda mèr, að hann hafi haft í huga Helsíngjaeyri, meðan Eyrarsundstollurinn var á; en það er aðgætanda, að hún var í blóma, af því að þar komu svo mörg skip; en þó að skip og skip komi einstaka sinnum á Eskifjörð, getur það ei nægt til að halda honum uppi. Eg held það sè því bezt, að lofa Eskifirði að ganga »*sin skjæve Gang*«. Eg veit nú reyndar ekki vel sjálfur, hversu margar sveitir sækja til Seyðisfjarðar, en eptir kortinu virðast langtum fleiri sveitir eiga hægra með, að sækja þangað en til Eskifjarðar. Hinn háttvirti þíngmaður Snæfellínga talaði um, að Norðfjörður sækti til Eskifjarðar; en það stendur einmitt í bænarskrá Múlasýslumanna sjálfra,

að Norðfirðingar sæki meir og minna til Seyðisfjarðar. Það er líka auðvitað, að þar sem verzlunarkeppnin er mest, þangað sækja flestir, »þar sem hræið er, þangað sækja ernirnir«. Menn eru ekki að meta, hvort það er svo sem hálfri dagleið skemmra á einn stað, en annan; menn gangast mest fyrir verðinu, þó það muni ekki nema svo sem 2 sk. á hverju pundi. Sumir hafa komið með þær mótbárur, að það væri ófært, að sýslumaður og læknir sæti á Seyðisfirði; en nefndin hefir sagt, að það væri vafasamt, hvort læknir ætti nokkurn tíma að vera á Seyðisfirði, en það er eins óvíst, hvort hann ætti nokkru sinni að vera á Eskifirði, svo þetta getur ekki verið nein ástæða gegn Seyðisfirði. Þegar um sýslumanninn er að ræða, þá er nú fyrst og fremst aðgætanda, að sýslumaðurinn, sem kæmi á Seyðisfirði, er ekki nema fyrir Norður-Múlasýslu; en það er alls ekki sagt, að það sè nauðsynlegt, að sýslumaðurinn siti í kaupstaðnum; en sè það nauðsynlegt, að hann siti þar, þá er nú tækifæri til, að leggja honum þá skyldu á herðar, því nú er sýslumannslaust þar. Nefndin hefir líka að eins farið fram á, að Seyðisfjörður verði sýslumannssetur, ef brýna nauðsyn bæri til þess; en að öðru leyti lítur út fyrir, að þess sè ekki þörf, að sýslumaðurinn siti í kaupstaðnum, því hann getur haft þar mann fyrir sig, til að taka á móti skipaskjölum. Þannig var áður í Ísafjarðarsýslu; Ísafjarðarkaupstaður fer fyrst nýlega orðinn sýslumannssetur; allt þangað til 1849 sat sýslumaðurinn annarstaðar, og opt lengst inn í Djúpi, en hafði mann fyrir sig í staðinn, og varð aldrei mein að. Af þessu held eg sè þá ljóst, að þetta er engi ástæða á móti málinu. Um það, sem hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu óskaði upplýsingar um, hvort styttra væri á Eskifjörð eða Seyðisfjörð, þegar skip kæmi sunnan að landinu, þá er það reyndar satt, að Eskifjörður liggur nær, en hitt er aðgætanda, að skipin eru svo lengi að sigla um Reyðarfjörð, og inn á Eskifjörð, sem liggur, eins og allir vita, inn úr Reyðarfirði, svo að krókurinu, sem þau verða að fara, til að komast inn á Eskifjörð jafnast upp við það, að vegalengdin er meiri norður með landinu, að Seyðisfirði. En úr því að aðalverzlunin er komin á Seyðisfjörð, munu víst fáir lausakaupmenn vilja sækja á Eskifjörð.

Guðmundur Brandsson: Eg verð að taka undir með hinum heiðraða þingmanni Strandasýslu, um það, sem hann talaði um þjóðfundinn; mèr getur ekki fundist það þýðingarlaust, að á honum voru 4 menn úr Múlasýslum, og þeir mæltu allir með því, sem nú er farið fram á. Mèr finnst annars vera kominn snúningur á

málið, og það vera misskilníngur, að Eskifjörður leggist niður, þó Seyðisfjörður verði gjörður að aðalverzlunarstað; ef Eskifjörður er svo góður, sem þeir segja, sem með honum halda, og þeim mun betri en Seyðisfjörður, sem þeir segja, þá held eg menn þurfi ei að óttast það. En mèr sýnist staðurinn sjálfur benda á, eptir því sem kunnugir menn lýsa honum, að það hljóti að vera betri markaður á Seyðisfirði; og þetta sannast líka af því, að verzlunin er þar að auðgast meir og meir, en fer að því skapi minnkandi á Eskifirði. Það er líka merkilegt, að ef mönnum er svo örðugt að sækja á Seyðisfjörð, að þeir skuli ekki nota sèr hægðina af því, að fara á Eskifjörð, og þá líka merkilegt, ef þeir sækja þangað, að Eskifjörður skuli vera að ganga úr sèr. Það hefir verið sagt, að skiptapar hafi orðið á Seyðisfirði; en þó er verzlunin allt af að aukast; hvernig stendur á því? Það er einmitt af því, að vörumagnið er þar mest, og sá staður liggur fyrir fjárríkustu sveitinni í Múlasýslu, og kaupmenn mundu heldur ekki vera að eiga það á hættu, að sigla þangað upp, ef ekkert væri í aðra hönd. Það er líka merkilegt, að taka það ekki til greina, að húsastæði er miklu betra á Seyðisfirði; og eg held menn verði að kannast við það, sem hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður tók fram, hvað Eskifjörður sè óbyggilegur; hann er maður sjálfum sèr samkvæmur, og stendur jafnt að máli á báðum stöðunum; skoðun hans á þessu máli er öldúngis hin sama nú sem fyr. Eg get nú ekki fallizt á það, að á sama standi, hvar aðalverzlunarstaður er; það væri t. a. m. mjög undarlegt, að skip, sem ætlaði til Reykjavíkur, yrði fyrst að fara inn á Keflavík, ef hún væri aðalverzlunarstaður, en Reykjavík ekki; ætli einhverir vildi þá ekki leggja það til, að Reykjavík yrði aðalverzlunarstaður i stað Keflavíkur? Eins stendur nú á á þessum 2 stöðum í Múlasýslu. En sterkasta ástæðan er sú, að verzlunin er allt af að aukast á Seyðisfirði, og hann verður líklega bráðum, af sjálfu sèr, að aðalverzlunarstað, hvort sem leyfi stjórnarinnar fæst til þess, eða ekki.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg er nú að vísu ekki mjög kunnugur fyrir austan; en eg þekki þó töluvert til verzlunargangsins þar. Það er nú satt, sem sagt hefir verið, að Eskifjarðarverzlunin er að eyðast, og Seyðisfjörður er að drepa hana, svo að eptir því, sem verzlunin eykst á Seyðisfirði, eptir því fer hún minnkandi á Eskifirði, og þó er á Eskifirði eitt það duglegasta verzlunarhús. En þetta kemur af því, að það er fyrir svo margar

sveitir miklu auðveldara, að sækja á Seyðisfjörð, og að hann liggur fyrir öllum góðsveitunum i Múlasýslu, en Eskifjörður fyrir horsveitunum. En það var eðlilegt, þó Eskifjörður væri í lögunum frá 1854 gjörður að aðalverzlunarstað, fremur en Seyðisfjörður, því Eskifjörður var þá í miklu meira áliti en hann er nú, þar sem hinn var þá heldur í barndómi; en einmitt síðan hefir honum fleygt svo mikið fram, að hann skarar nú langt fram úr Eskifirði; á Eskifirði getur víst ei þrifizt nema ein verzlun, þar sem á Seyðisfirði geta þrifizt 3 blómlegar verzlanir, auk lausakaupmanna. Ef því stærsti kaupstaðurinn á Austurlandi á að vera þar aðalverzlunarstaður, þá er það sjálfsagt Seyðisfjörður; en ef þar á mót stendur á sama, hvort hann er stór eða smár, þá liggur má ske Eskifjörður betur við.

Stefán Eiríksson: Eg vil biðja þingmenn vel að athuga það, að eg hefi aldrei sagt, að Hèraðsmenn ætti hægra með að sækja á Eskifjörð heldur en Seyðisfjörð; en eg hefi sagt það, að flestir þeirra stæði jafnvel að, hvorn staðinn sem þeir vildi heldur sækja; það hefir verið talað um, að lausakaupmenn ekki kæmi á Eskifjörð, en mèr finnst, að þeir þingmenn hafi lýst ókunnugleik sínum á Austurlandi, því núna undanfarin ár hafa margir lausakaupmenn komið á Eskifjörð, og í sumar voru þar 3, Svendsen, Elis Ivarsen og Popp; það hefir líka verið talað um, að ríkustu sveitirnar í Hèraði sækti á Seyðisfjörð; en eg vil taka það upp aptur, sem eg sagði áðan, að Jökuldælíngar (og það er víst ríkasta sveit á Hèraði) hafa til þessa flestir, ef ekki allir, rekið verzlun sína á Vopnafjörð, og þangað er víst talsvert skemmri leið fyrir þá en á Seyðisfjörð.

Jón Hjaltalín: Mèr heyrist hèr vera orðið líkt og með Tyrkjaveldi; Eskifjörður er hinn veiki maður, sem stórmaktirnar eru að reyna til að hjálpa til að lifa. En ef Papós kemst nú upp sem verzlunarstaður, þá verður sá sjúki maður enn vesalli; en þá stendur Seyðisfjörður miklu betur að. Eg sè því ekki neina ástæðu til, að hjálpa þessum *Patient* við; honum er allt af að hnigna en hinn að blómgast. Eg held menn ætti ekki að lengja umræðurnar með því, að vera að hlynna að því, sem náttúran er alveg á móti, og meina ekki Seyðisfirði, að ná þeim rèttindum, sem náttúran svo ljóslega bendir til.

Framsögumaður: Eg vil bæta því við það, sem eg hefi áður sagt, að þegar eg sè, að landsbúar sjálfir eru svo fastir á þessu,

þá eigi menn að láta það eptir þeim, þegar menn sjá, að það getur eigi verið gagnstætt almennu gagni. Þegar talað hefir verið um, hversu margir sæki á Seyðisfjörð, þá vil eg leyfa mèr, að geta þess, sem beiðendur sjálfir segja; þeir segja í brèfi sínu: »Þang-»að nefnilega sækir nú mest allt Fljótsdalshèrað, millum Smjör-»vatnsheiðar, er aðskilur Vopnafjörð frá nefndu hèraði, og Reyðar-»fjarðardala, það eru alls 8 hreppar og miðparturinn úr öllu Múlaþingi. »Þar að auki sækja þangað hinir svonefndu Útfirðir eða Norðurfirð-»ir beggja megin við Seyðisfjörð, Borgarfjörður, Loðmundarfjörður, »Mjóifjörður, og einmitt líka meir og minna Norðfjörður, sem af »þessum fjörðum næstur er Reyðarfirði«. Þetta sýnir nú ljóslega, hve miklu meiri aðsókn er á Seyðisfirði, en Eskifirði. Þessa vil eg biðja menn að gæta, því þetta eru orð beiðanda sjálfra.

Páll Melsteð: Eg veit heldur ekkert um það, frá hverjum bænarskráin er; hèr eru að eins 2 nöfn, sem undir standa (*Framsögumaður:* það er samið í nafni frjáls fundar); en á þessum fundi hafa líka, ef til vill, ekki verið nema 3 menn; með þrem mönnum kalla sumir fundarfært.

Forseti: það er hvorttveggja, að beðið hefir verið um, að umræðunum yrði lokið, enda lítur nú ekki út fyrir, að neinn vili biðja um orðið, og álít eg því undirbúningsumræðu þessa máls lokið; ef engi vill taka sèr breytíngaratkvæði, sem eg reyndar hefi ekki heyrt á neinum.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til *ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu* málið *um þóknun fyrir nefndarstarfa við hjúa- og lausamannalögin. Framsögumaður* er hinn háttvirti þíngmaður Gullbríngusýslu. Atkvæðaskrá hefi eg látið prenta, og vona, að þíngmenn hafi hana fyrir sèr. Eg get ekki orða bundizt, — og bið eg menn ekki álíta, það komi af því, að málefnið sjálft snertir mig sem annan beiðandanna — en mèr þykir málinu nú komið í óefni, úr því þíngið valdi þann veginn að setja sèrstaka nefnd í málið, þvert á móti því, er uppástúngumenn ætluðust til og óskuðu, því þeir fóru að eins fram á, að þíngið lèti í ljósi álit sitt um málið, en alls eigi, að það sendi um það bænarskrá til konúngs; þíngið hefir því tekið í málið þvert á móti því, sem við uppástúngumennirnir ætluðumst til. Að svo mæltu skal eg afhenda *framsögumanni* málið.

Málið afhent *framsögumanni.*

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: þegnleg uppástúnga *um þóknun fyrir nefndarstarfa við hjúalaga- og húsmannalaga-frumvörpin.*

1. Breytíngaratkvæði *Ólafs Jónssonar* og *Sveins Skúlasonar:*
   Að þíngið lýsi yfir því áliti sínu, að sanngjarnt sè, að þeir nefndarmenn í Reykjavík, sem störfuðu að tilbúníngi frumvarpsins um vinnuhjú, húsmenn og lausamenn, fái hver um sig 200 rd. úr ríkissjóðnum í þóknun fyrir þann starfa sinn; en að öðru leyti álítur þíngið að málið komi sèr ekki við.
2. *Nefndin:*
   Að hann (ɔ: konúngurinn) mildilegast vili skipa svo fyrir, að áðurnefndum mönnum verði veittir 200 rd. hvorum, sem þóknun fyrir starfa þeirra við fyr tèð lagafrumvörp.
3. Varauppástúnga *Sveins Skúlasonar:*
   Að þíngið vísi málinu gegnum *forseta* sinn til stjórnarinnar, og veiti því meðmæli sín.
4. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (*Guðmundur Brandsson*): Á þessari atkvæðaskrá eru 2 breytíngaratkvæði við uppástúngu nefndarinnar. Þegar málið kom fyrst fyrir, þá tók þíngið því vel, setti í það sèrstaka nefnd, en nú eru menn meira á móti því, og þykir það of sèrstaklegt; það er skrítið, að mæla fyrst með málinu, og vilja svo vísa því frá. Það hefir verið tekið fram, að það væri óviðkunnanlegt, að skilja Vilhjálm Finsen eptir; nefndin hafði enga ástæðu til, að telja hann með, úr því hann var ekki nefndur á þann hátt, sem hinir tveir, í bænarskrá þeirri, sem lögð var til grundvallar fyrir máli þessu. Að því er þá breytíngaratkvæðið 1. snertir, þá felli eg mig vel við fyrri partinn af því; það var líka meiníng nefndarinnar, að þóknun þessi yrði greidd úr ríkissjóðnum, eins og þar er farið fram á; að hún einnig verði látin ná til kancelliráðs Vilhjálms Finsens, hefi eg ekkert á móti, svo eg fyrir mitt leyti get vel gengið inn á fyrri hluta þessa breytíngaratkvæðis; en svo vil eg stínga upp á því, að það sè klofið, og sè gengið fyrst til atkvæða um fyrri partinn af því, nfl. aptur að »sinn«, en svo um hinn partinn á eptir, sem mèr þykir líklegt, að þíngið verði samhuga í að fella. Mèr finnst breytíngaratkvæðið undir 3 vera mótsögn við hið fyrra, nfl. undir nr. 1. Að málið hafi ekki komið þínginu við, get eg ekki sèð; því þá gat því ekki heldur komið

við málið um launabót Havsteins amtmanns. Það er líka aðgætanda, að stjórniu bar undir þingið, hvað mikil laun jarðamatsnefndin ætti að fá, og þetta er þó nokkuð líkt; en ef þessi uppástúnga er móti alþingistilsk., þá hefði þingið átt að sjá það fyr.

Sveinn Skúlason: Þingmaðurinu hefir misskilið breytíngaratkvæðin. Þar er ei beðið um neitt, heldur ráðið til, að þingið segi *álit* sitt um, hver laun því þyki hæfileg; en af því að þingið ekki hefir tekið þetta upp hjá sjálfu sèr, þá á það undir 77. gr., en ekki 1. gr. alþingistilskipunarinnar, og það á því ekki að taka það að öðru leyti til meðferðar, en að segja um það álit sitt. Út af því, sem hann sagði um að kljúfa tölul. 2., þá held eg það geti ekki látið sig gjöra, því ef endinn er felldur, þá er allt ónýtt. Breytíngaratkvæðið undir tölulið 3. er sèrstakt, og er einúngis bendíng fyrir þingið um meðferð málsins, ef það ei vill senda konúngi bænarskrá.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr skilzt uppástúngan undir tölul. 3 vera varauppástúnga við uppástúnguna undir tölul. 1, en ekki við nefndina, þannig að ef tölul. 1 fellur, þá sè tölul. 3 til vara.

Forseti: Eg er á sama máli og hinn heiðraði þingmaður Reykvíkínga, því að töluliður 3. bendir á aðra aðferð í staðinn fyrir bænarskrá, og því lèt eg þenna tölulið (3) koma á atkvæðaskránni á undan tölulið 4. Það var um daginn rætt um þetta form, sem tölul. 3. inniheldur, fyrir að ráða málum þingsins til lykta, í stað þess að rita bænarskrá til konúngs, og verð eg að álíta þetta form eða þessa aðferð næsta viðsjála; vil eg því biðja hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa* að skýra þinginu frá því, hvort hann álíti sèr skylt, að taka við slíkum álitsskjölum frá þinginu til *stjórnarráðanna,* til þess þingið eptirleiðis geti vitað, hvort rètt sè og óhult að stefna málunum þessa leiðina.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af því, sem hinn háttvirti *forseti* nú mælti, láta í ljósi, að eg álít það skyldu mína, að taka á móti þess konar álitsskjölum frá þinginu, sem hèr ræðir um. Að öðru leyti álít eg, að rèttara hefði verið, að sú nefnd, sem hefir hjúamálið til meðferðar, hefði í niðurlagi á nefndarálitinu tekið fram um þóknun til þeirra manna, sem sátu í nefndinni, og styð eg þá skoðun við 77. grein í alþingistilskipuninni; en að öðru leyti held eg þó ekki, að þessi meðferð, sem þingið hefir aðhyllzt, muni spilla fyrir því hjá stjórninni; enda væri það miður farið, ef svo yrði.

Forseti: Það er annað, að hinn háttvirti embættismaður, sem

nú er í *konúngsfulltrúastólnum,* vili t. d. sem *stiptamtmaður* eða *amtmaður* taka við málinu, sem þingið vísar frá sèr til hlutaðeiganda háyfirvalda, og aptur annað, að hann sem *konúngsfulltrúi* vili taka við málinu, sem vanalega er rituð um bænarskrá til konúngs; en þingið stefnir hinn veginn, eins og hèr er farið fram á í tölul. 3. á atkvæðaskránni: að vísa í gegnum *forseta* til hlutaðeigandi stjórnarráða; *þetta* afstakk *konúngsfulltrúinn* á alþingi 1859 í máli því, sem eg hefi skýrt frá, og stjórnin vildi heldur ekki hafa nein afskipti af málinu sem þingmáli, af því það væri eigi undir búið, og því stefnt eptir 44. gr. í alþ.tilsk. Eg held líka það sè mesta vafamál, hvort *konúngsfulltrúi* geti tekið við þess leiðis málum eptir alþingistilsk. 44. grein, 1. lið. Það væri því æskilegt, ef hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* vildi skýra þetta spursmál nákvæmar fyrir þinginu, og skoðun sína og álit á því.

Framsögumaður: Eg held nú að eintóm yfirlýsingin, sem er undir tölulið 1., hjálpi ekki mikið; eg veit nú ekki mörg dæmi, hvernig þær hafa gefizt; en eg man þó eina þess konar yfirlýsingu, og það var í kláðamálinu í hitt eð fyrra; eg hefi nú enn ekki sèð af því neinn góðan árangur. Að þetta sè bónarbrèf frá einstökum mönnum, get eg ekki alveg fallizt á, því orðin í 77. grein alþingistilskipunarinnar eru þar um nokkuð óljós. Hvað eiga þeir að vera margir, sem bænarskrá senda til þingsins, til þess að það geti ekki heitið einstakir menn? Það voru nú tveir menn, sem sendu þessa bænarskrá; en ekki er langt síðan einn maður var hèr borinn fram á bænarörmunum, og tók þingið því máli fegins hendi, svo mèr finnst, að þetta geti komið því við allt að einu og hitt. Sama er að segja um bænarskrána, sem kom frá embættismönnunum hèrna um daginn, ef hún var makleg til þess, að þingið sendi til konúngs álitsskjal í því efni, þá er þessi það líka; að því er þetta orð »einstakur« snertir, þá má nú teygja það á marga vegu; það getur átt heima um marga einstaka menn, og líka um einn mann sèr í lagi.

Ásgeir Einarsson: Eg held hèr sè ójöfnu saman að jafna, því áður en embættismennirnir sendu bænarskrána til þingsins, höfðu þeir borið sig upp við stjórnina, og mèr virðist bezt, að þingið lýsi yfir tillögum sínum; það er líka stúngið upp á styrk úr ríkissjóðnum, en er ekki talað um neitt skuldbindandi loforð.

Jón Hjaltalín: Tillögur gilda ekki eptir 44. gr. alþingistilsk., nema konúngi sè send bænarskrá. Eg skil ekki, eptir því sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að ekki megi senda bænar-

skrá til konúngs í þessu máli. En úr því þingið tók þetta mál að sèr, þá á það, sýnist mèr, að senda konúngi í því bænarskrá.

Pètur Pètursson: Það hefir verið sagt, að það hefði verið rèttara, að vísa þessu máli til nefndarinnar í hjúalagamálinu, en setja í því sèrstaka nefnd. Það get eg ekki sèð, því það mál var eins frá einstöku mönnum fyrir það, þó það gengi gegnum aðra nefnd. Nefndin hefði þá átt að breiða yfir formgallana með því, að skjóta þessu inn í málið. Eg veit nú ekki, hvernig nefndin hefði átt að færa ástæður fyrir þessari beiðni sinni, ef hún hvergi hefði nefnt bænarskrána; en ef hún hefði gjört það, þá hefði hún syndgað; þingið er því á góðum rètti. Hitt var annað, ef þessu máli hefði verið undir eins vísað frá þinginu; en úr því það var tekið til meðferðar, þá á líka að leiða það til lykta, og senda konúngi bænarskrá. Ef konúngur segir: mèr kemur málið ekki við, þá segði hann víst sama, ef þingið sendi bænarskrá gegnum *forseta* sinn. En að lýsa því yfir, að það sè sanngjarnt, að þessir menn fái svo og svo mikið, held eg sè þeim til ónytis. Það er því líklegt, að þingið breyti ekki aðferð sinni í þessu máli, svo það gjöri ekkert við það.

Framsögumaður: Út af því, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður sagði, hvernig mundi farið hafa, ef þessu máli hefði verið stúngið inn í hjúalagamálið, þá vil eg geta þess, að þingið í hitt eð fyrra stakk viðaukaatkvæði þingmanns Mýramanna um Straumfjörð inn í Skeljavíkurmálið; stjórninni þótti það formgalli, og því er málið ekki komið lengra, en það er komið; líkt held eg hefði nú farið um uppástúngu þessa, hefði hún verið tengd við hjúamálið.

Jón Pètursson: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að við beiðendurnir gengum út frá því sem sjálfsögðu, að stjórnin vildi launa okkur starfa okkar. Við vissum það líka mikið vel, að við gátum sótt um þetta gegnum yfirvöldin; en með því við hèldum þann veginn lengri, og með því við hèldum, að stjórnin ef til vill vildi fá álit þingsins um upphæð þóknunarinnar að heyra, líkt eins og var í jarðamatsmálinu, þá fórum við þenna veg, til að flýta fyrir; annan hvorn veginn urðum við að ganga, báðir voru rèttir, og sem sagt, við fórum þennan, af því við hèldum hann styttri. Það er nú komið sem komið er, og eins og eg ekki get sèð, að sú aðferð af þinginu, að setja sèrstaka nefnd í málið, — þó mèr ekki væri um það — eður rita konúngi bænarskrá um þetta mál, komi

í hinn minnsta bága við alþingistilskipunina, eins efast eg um, að hin aðferðin sè rètt, að vísa máli þessu, eins og það nú er komið, gegnum alþingis-*forsetann*, úr því það var ekki gjört undir eins og málið kom inn á þingið.

Arnljótur Ólafsson: Áður en eg fer út í efni þessa máls, þá vil eg leyfa mèr að fara nokkrum orðum um það mál, hvort rètt sè að senda nokkurt mál hèðan frá þingi til stjórnarinnar eptir 44., 49. og 77. gr. alþingistilsk. Mèr finnst, að það sè ekki efamál, að vísa megi málum til stjórnarinnar, þegar þess er gætt, að í 49. gr. stendur, að *forseti* eigi að sjá um, að þeim *málum*, er eigi koma samkomunni við, vísist þangað, er þau eigi rèttilega að koma. Af þessu sèst, að orðið »þeim« í 77. gr. á að skiljast um *málin*, en eigi mennina. Þetta hefir og verið gjört, og stjórnin hefir heldur eigi fundið að því; hún hefir einúngis fundið að því, í brèfi sínu 28. janúar 1860, að málið kom eigi henni til handa samkvæmt 44. gr. alþingistilsk., eður gegnum greipar *konúngsfulltrúa*. Það er satt, sem hinn háttvirti *forseti* sagði, að *konúngsfulltrúi* vildi þá eigi taka á móti málinu; en eg ætla, að það hafi komið til, að honum þótti málið koma of seint til sín, en eigi hitt, að hann hafi eigi kannast við, að hann ætti að vera milligöngumaður milli alþingis og ríkisstjórnarinnar samkvæmt annari klausu 44. gr. alþingistilsk., því þar segir, að *konúngsfulltrúi* eigi að »gegna öllum viðskiptum ríkisstjórnarinnar og alþingis«; og nú er dómsmálastjórnin eða hver ráðgjafi, sem er, innifalið í ríkisstjórninni, og því er það samkvæmt þínglögum vorum, að *konúngsfulltrúi* taki við málum hèðan til einhvers ráðgjafa, ef málið er svo vaxið, að það á betur við, en að senda konúngi bænarskrá. Það hafa og líka komið brèf til þingsins gegnum hendur *konúngsfulltrúa* frá ráðgjafa eður stjórninni, og er þá eigi eins rètt, að senda mál hèðan til hennar? Eg skal ekkert segja um það, hvort þingið hefði átt að taka mál þetta að sèr; en hitt hlýt eg að segja, að þingið hafi eigi gjört í því nokkra þingsafglöpun, því æfinlega gat það og mátti meta verk þessara manna, og segja, hvers virði það væri. Eg er eigi mótfallinn 1. tölulið, og eigi er eg hræddur við yfirlýsínguna þar, og kemur það af engu öðru, en að sama orð stendur í dönskunni í 44. gr. alþingistilsk., það er að segja orðið »*Erklæring*«; en eg vil þó heldnr fella halann aptan af, og taka heldur 3. tölulið eður varaatkvæðið, að vísa málinu til stjórnarinnar; því eg get eigi betur sèð, en að varaatkvæðið eigi eins vel við

1. sem 2. tölulið. Eg hlýt að láta það í ljósi, að þingið gjöri svo mikið fyrir þessa menn, sem það getur, ef það samþykkir fyrri hluta 1. töluliðs, og vísar því síðan *með tilmælum sínum* til stjórnarinnar, líkt og opt hefir verið gjört á þingi Dana; en að rita konúngi um það bænarskrá get eg eigi stutt, nè gefið því atkvæði mitt.

Forseti: Mèr virðist að vísu að hèr standi allt öðru vísi á, en stóð áður, meðan konúngur var einvaldur; nú er eins og allir vita komin á ráðherrastjórn, og skírskotun sú til síðari málsgreinar í 44. gr. alþingistilsk., sem þingmaður Borgfirðínga hreifði, sannar í rauninni ekkert með honum, eða á móti þeim rètta skilníngi á niðurlagi 1. málsgreinar í sömu grein. Þar sem segir með berum orðum, að *konúngsfulltrúi* eigi að taka við þeim álitsskjölum, bænarskrám og umkvörtunum o. s. frv., er þingið »kynni að vilja framfæra, *allt* til að koma þessum ummælum *oss* (þ. e. sjálfum konúnginum) til handa«. Síðari málsgreinin mótsegir nú þessu alls eigi, eins og þingmaður Borgfirðínga var á, heldur staðfestir hún hið sama. Þar segir: »Vor umboðsmaður gegnir þannig öllum viðskiptum *ríkisstjórnarinnar* og alþingis«. En hvað var kölluð »*ríkisstjórn*« (»*Regjering*«) á dögum alþingistilsk., eða 1843, ekki kanselíið út af fyrir sig, eða önnur stjórnarráð, er þá voru út af fyrir sig — en nú er ráðherrastjórnin komin í stað þessara eldri stjórnarráða — heldur einúngis konúngurinn og ríkisráð hans í sameiníngu. Þetta var þá kallað »ríkisstjórn«, og eigi annað, og þess vegna heimilar þessi síðari málsgrein alls eigi, hvorki þínginu að rita ráðherrunum um neitt mál í gegnum *forseta*, og heldur ekki *konúngsfulltrúa*, að taka við þess leiðis skjölum frá þínginu, og senda þau hinum eða þessum ráðherra, því einstakur ráðherra er engi »ríkisstjórn«. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðínga sagði, að mörg dæmi væri til þess, að *konúngsfulltrúi* hefði lagt og legði álitsmál fyrir alþíngi af hendi ráðherrans, sem hefir Íslands mál á hendi, eða ráðherrastjórnarinnar; en eg held að hinn háttvirti þingmaður geti ekki komið með neitt dæmi upp á þetta svo leiðis, að ráðherrann hafi tekið málið alveg upp hjá sjálfum sèr, án þess að byggja það á eldri lögum eða konúngsúrskurðum, eða á þeim álitsskjölum um málið, sem ráðherrastjórnin hefir fyrirfram ritað konúnginum; en konúngur síðan samþykkt; eg þekki ekkert álitsmál lagt fyrir alþíng fyr eða síðar af hendi ráðherrastjórnarinnar, sem eigi hafi átt við þess leiðis boð eður samþykki sjálfs konúngsins að styðjast.

Páll Sigurðsson: Eg verð að vera á þeirri skoðun, að um mál þetta, úr því það nú einu sinni var tekið inn á þingið, verði nú sem komið er, að rita konúngi bænarskrá, því eg verð að álíta, að hin aðferðin sè með öllu ólögmæt, nú að vísa máli þessu gegnum *forseta* sinn.

Benedikt Sveinsson: Að vísu verð eg að fallast á það, sem *konúngsfulltrúi* sagði, að réttasta aðferðin væri, að vísa máli þessu frá eptir eðli þess; en hèr eru sèrstaklegar kríngumstæður, og það er einmitt von, þó menn nú vili ganga sama veginn og 1857.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú einúngis upp til að óska, að farið verði þegar að ganga til atkvæða í máli þessu; það er nú búið að ræða svo um formhlið þessa máls, að eg held menn þurfi ekki að vera í vafa um, hvernig þeir skuli greiða atkvæði; það er búið að vaða um alla alþíngistilskipunina aptur og fram, ekki einúngis einu sinni, heldur tvisvar eða þrisvar, en samt hefi eg nú ekki getað sannfærzt af ræðum þíngmanna um, að mál þetta eigi að ganga frá þínginu öðruvísi en í gegnum *konúngsfulltrúa* til konúngs. Eg er líka öldúngis samþykkur *framsögumanni* um þennan hala á breytíngaratkvæðinu undir tölulið 1., því undir eins þegar eg sá þetta breytíngaratkvæði, fannst mèr það mjög lúaleg yfirlýsíng, þessi orð: »en að öðru leyti álítur þíngið, að málið komi sèr ekki við«, eptir að þó þíngið er búið lögformlega að meðhöndla málið. Eg hlýt því að óska, að breytíngaratkvæðinu sè skipt í tvennt við atkvæðagreiðsluna, svo þíngið geti burtkastað þessum hala, því hann er óhafandi.

Indriði Gíslason: Mèr virðist það megi segja um þetta mál, að því verði inngangan greiðari, en útgangan nú virðist ætla að verða; en úr því nú einu sinni er búið að taka við því inn á þíngið, sè eg ekki annað við það að gjöra, en halda því fram; það er þó ekki einstaklegra en málið, sem kom fyrir hèrna fyrir skemmstu um launabót handa amtmanni Havstein, sem og margt og margt fleira. Eg verð því að vera með því, að það gangi í gegnum þíngið, og að bænarskrá sè rituð konúngi.

Framsögumaður: Eg bjóst að vísu ekki við því, að langar umræður mundu spinnast út úr þessu máli, en það er nú orðið annað ofan á, því umræðurnar eru margar drjúgar orðnar, og þar hjá sumar nokkuð skrítnar, að mèr virðist. En þó eg álíti það mjög þarflegt og gott, eins og margir hafa nú gjört, að glöggva sig á alþíngistilskipuninni, sem kynni seinna að geta orðið manni

til leiðbeiníngar, vona eg samt, að umræðunum um þetta mál nú fari að slota.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg því biðja menn að ganga til atkvæða samkvæmt hinni fyrirliggjandi atkvæðaskrá.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Breytíngaratkvæði *Ólafs Jónssonar* og *Sveins Skúlasonar* borið upp í tvennu lagi:
   a. Fyrri hlutinn: »Að þíngið lýsi yfir — fyrir þann starfa sinn« samþykktur með 12 atkv. gegn 7.
   b. Síðari hlutinn: »en að öðru leyti — komi sèr ekki við« felldur með 18 atkv. gegn 4.
2. *Nefndin;* þar var viðhaft nafnakall, og

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Benedikt Þórðarson.	Sveinn Skúlason.
Árni Einarsson.	Arnljótur Ólafsson.
Benedikt Sveinsson.	Ásgeir Einarsson.
Gísli Brynjúlfsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Guðmundur Brandsson.	Helgi G. Thordersen.
Indriði Gíslason.	Jón Sigurðsson frá Haugum.
Jón Hjaltalín.	Ólafur Jónsson.
Jón Sigurðson frá Gautlöndum.	
Magnús Andrèsson.	
Páll Melsteð.	
Páll Sigurðsson.	
Pètur Pètursson.	
Stefán Jónsson.	
Stefán Eiríksson.	

   Jón Pètursson greiddi ekki atkvæði, og þíngmaður Suður-Múlasýslu var ekki viðstaddur.

   Töluliður 2. þannig samþykktur með 14 atkv. gegn 7.
3. Varauppástúnga *Sveins Skúlasonar* þannig fallin.
4. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 16 atkvæðum gegn 1.

Forseti: Dagskráin er þá á enda, og skal eg þá að eins geta þess, að eg hefi fengið uppástúngu frá þíngmanni Borgfirðínga, um *rafsegulþráð Shaffners* hèr á landi, er verður lögð á lestrarsalinn, og því næst skal eg biðja þíngmenn að hlusta á upplestur á bænarskrá um launabót handa amtmanninum i Norður- og Austuramtinu.

Var síðan bænarskráin upp lesin og samþykkt:

»Til konúngs.

Til alþíngis kom í þetta sinn uppástúnga frá 7 þíngmönnum um, að bera þá beiðni fyrir yðar konúnglegu hátign, að hækkuð yrði laun amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu.

Eptir að þíngið hafði kosið nefnd í málið, ræddi það þessa uppástúngu á lögskipaðan hátt á tveimur aðalfundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að bera fram bænir sínar um málið á þessa leið:

Fyrir hið síðasta alþíngi 1859 lagði yðar hátign frumvarp til laga um laun ýmsra embættismanna hèr á landi, er fá laun sín úr ríkissjóði. Tók þíngið þessu málefni fegins hendi, því að það gat ekki annað, en álitið, að hin brýnasta nauðsyn væri til, að bæta laun þessara embættismanna, er engan veginn geta álitizt nægileg eða samsvara þörfum tímans. Þess vegna fylgdi þíngið því fast fram, að laun þessara embættismanna yrði svo aukin, að þeir fengi jöfn laun og samkynja embættismenn í Danmörku hafa. Alþíngi færði nú þá álitleg rök fyrir þessari bæn sinni, enda getur þíngið enn ekki betur sèð, meðan að fjárhagur þessa lands og Danmerkur er alveg óaðskilinn, en að samsvarandi embættismenn í báðum löndunum eigi að hafa við hin sömu kjör að búa, eða fá samsvarandi laun, því þíngið getur ekki álitið, að ódýrara sè yfir höfuð að tala að lifa hèr á landi en í Danmörku, að Kaupmannahöfn einni undanskilinni, og það allra sízt nú á hinum síðustu bágu fjárfellis- og harðæris árum, sem gjörir á allar lundir langtum kostnaðarmeira fyrir embættismanninn, að framfæra sig og sína svo sómasamlega, sem staða hans útheimtir.

Það var því bæði mót von alþíngis og almenuings hèr á landi, er skýrt er frá í allrahæstri auglýsingu til þessa árs alþíngis, að mál þetta hafi enn ekki fengið framgang, sökum mótspyrnu, er það hafi mætt á ríkisþínginu, og þíngið getur ekki annað en furðað sig á því, þar sem það þó var eptir tillögum ríkisþíngsins, að málið var lagt fyrir alþíngið, og ríkisþíngið gat þó ljóslega sèð af tillögum alþíngis 1859, að það var svo langt frá, að það gæti verið ríkisþínginu samdóma um, að launauppástúngur hins konúnglega frumvarps væri of háar eptir þörfum embættismanna hèr, að það miklu framar fèllst á þá skoðun, að launin þyrfti yfir höfuð að

vera, og ætti að vera hin sömu fyrir samkynja embættismenn í báðum löndunum.

Þó að yðar konúnglega hátign hafi nú þannig ekki, sökum mótspyrnu ríkisþíngsins, getað hrundið þessu mikilvæga málefni í lag, sèr þíngið þó og viðurkennir þakklátlega þá mildi yðar hátignar, að yðar hátign hefir þó veitt einstökum embættismönnum launastyrk, svo sem forstöðumanni prestaskólans og skólameistaranum við hinn lærða skóla í Reykjavík, og það eptir hinni sömu grundvallarreglu og þíngið 1859 hafði haldið fram, þar sem þessum mönnum eru veitt jöfn laun og samkynja embættismönnum í Danmörku, og verður því þíngið að bera það óbrigðula traust til hinnar landsföðurlegu mildi yðar hátignar, að yðar hátign framvegis veiti tilsvarandi laun öðrum embættismönnum hèr á landi yfir höfuð að tala; þetta, að yðar hátign hefir þannig veitt einstökum mönnum launabót, gefur og þínginu djörfúng til, að mæla fram með þessu máli, þó að það snerti einúngis launabót handa einstökum manni.

Þegar þíngið snýr sèr nú til híns sèrstaka málefnis, er hèr liggur fyrir, þá hlýtur það að játa, að fá eður engi embætti hèr á landi eru lakar launuð að sínu leyti, en amtmannaembættin í samanburði við hin vandasömu og yfirgripsmiklu störf, er undir þessi embætti heyra, víðáttu umdæmanna og hinn afarmikla kostnað, er embættisfærsla amtmanna hefir í för með sèr, sè hún vel af hendi leyst. Það er alkunnugt, þegar laun handa amtmönnum hèr á landi eru einúngis 1700 rd., að ekki allfáar hinar betri sýslur gefa af sèr betri laun sýslumönnum, en amtmenn hafa, og liggur þó í augum uppi, að amtmannaembættunum ætti eptir eðli sínu að fylgja hærri laun, og að slíkt verður hin mesta ósanngirni, þar sem eins stendur á og hèr, að launin standa einlægt í stað, og hækka ekkert þó að maðurinn hafi staðið lengi og vel fyrir embættinu. Og þetta er því ísjárverðara, sem aðrir geta ekki fengið amtmannaembættin, en þeir, sem hafa bezta vitnisburð frá háskólanum, svo að slíkir menn standa jafnfætis öðrum til að sækja um og fá embætti í Danmörku. En þíngið verður að álíta það næsta hættulegt, ef það lag skyldi komast á, að hinir reyndustu og duglegustu innlendu embættismenn skyldi fara að sækja til Danmerkur, sökum þess að þeim er hèr svo lítið launað.

Þegar þíngið nú enn fremur snýr sèr að hinni sèrstaklegu uppástúngu um launabót handa amtmanninum í Norður- og Austurumdæminu, þá verður þíngið að játa, að þetta umdæmi er hið lang-

stærsta og fjölmennasta á landinu, og fjarska örðugt yfirferðar frá Strandasýslu í Vesturumdæminu til Austur-Skaptafellssýslu í Suðurumdæminu.

Þar sem það nú er kunnugt, að hinn núverandi amtmaður í Norður- og Austurumdæminu hefir þjónað þessu embætti í 10—12 ár, og almennt viðurkennt, að hann hafi með einstakri alúð og framúrskarandi dugnaði veitt þessu embætti forstöðu, og þar sem hann hefir orðið svo lengi að búa við hin áðurnefndu ónógu laun, að nærri má geta, að honum veiti ár frá ári örðugra að komast af, þar sem allt verður æ dýrara og dýrara, en launin hin sömu, þá verður þingið að álíta, að allt mæli fram með því, að bæta sem fyrst launin við þetta mikilsvarðandi embætti, og kjör þess embættismanns, sem nú svo lengi hefir þjónað því.

Af framangreindum ástæðum leyfir alþingi sèr allraþegnsamlegast (í einu hljóði) að bera fram fyrir yðar hátign þá bæn sína:

> Að yðar hátign mildilegast vili hlutast svo til, að laun amtmannsins í Norður- og Austurumdæmi Íslands verði sem allrafyrst hæfilega aukin, samkvæmt stöðu hans og embættisdugnaði (í einu hljóði), og með fullkomnu tilliti til samkynja embættismanna í Danmörku (með 17 atkvæðum).

Reykjavík, 29. júlí 1861.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. *Stefán Jónsson.*

Síðan gat *forseti* um, hvað kæmi til umræðu á næsta fundi, sem hann ákvað til þess á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

Tuttugasti og sjöundi fundur — 30. júlí.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eptir samkomulagi milli skrifaranna gegnir þingmaður Snæfellínga skrifarastörfum í dag í stað þingmanns Norður-Þingeyínga.

Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg leyfa mèr að vekja athygli þingsins, og sèr í lagi hins háttvirta *konúngsfulltrúa* að því, að í dag er 30. júlí, og hinn lögskipaði þingtími út runninn á morgun, og sný eg mèr þá að hinum háttvirta *konúngs-*

fulltrúa, og leyfi mèr að skora á hann, að lýsa því yfir, hvort hann hefir fengið nokkurt umboð eða sèrstaklega ákvörðun frá stjórninni til þess, að leyfa ekki lengíng þíngtímans álíka og orðið hefir næst undangengin þíng, eða þá, beina og sèrstaka ákvörðun um, að hafa hana styttri, en hefir verið, t. d. 2 hin síðustu þíng. Til þess að gjöra þínginu og hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* ljóst, hvernig þíngmálin nú standa, og hvað langt þeim er komið, svo að menn eigi því hægra með að sjá, hversu mikla lengíngu muni þurfa. Það hafa nú verið settar alls 29 nefndir í málum; þar af eru 10 konúngsmál. Af konúngsmálunum eru nú 6 alrædd, en 4 alveg órædd, og í þeim ókomin til mín nefndarálit, og eru það *hjúalagamálið, lausamanna-* og *húsmannamálið,* málið *um laun málafœrslumannanna* og *póstgöngumálið.* Af þegnlegum málum eru 19 alls á þessu þíngi; af þeim alrædd 7, og eru það minnstu málin, þegar eg tek undan hallærismálið og málið um hinn lærða skóla; en af hinum eru nú að sönnu komin til mín 4 nefndarálit í málunum um fiskiveiðar útlendra, um alþíngistollsgjald af fasteign, um launabót embættismanna, og um manntalsþíngstímann í Ísafjarðarsýslu. Í hinum þegnlegu málunum eru ókomin til mín 8 nefndarálit, og eru þá alls ókomin til mín 12 nefndarálit, en alls órædd 16 mal. (*Jón Sigurðsson* frá Haugum: Eitt málið er enn þá, sem ei er nema hálfrætt, og það er kláðamálið.) Eg tel kláðamálið enn þá órætt, því að enn þá eru ráðgjörðar 2 umræður um það; en ef þíngmenn vilja tala frekar um þetta, geta þeir síðar fengið orðið, þegar eg hefi lokið tölu minni. Eg vona nú að hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* og þínginu sè það ljóst, að þó að ei væri litið til nema hinna konúnglegu málanna, sem enn þá eru órædd, en þau málin eru löng, umfangsmest og verulegust af þeim, sem lögð voru fyrir, þá þurfi töluverða lengingu þíngtímans, ef menn eiga að geta leyst þau viðunanlega af hendi fyrir stjórnina, og þannig að þau ei verði þínginu til minnkunar að afgreiðslunni til. Menn mega gjöra ráð fyrir því, að fyrst hjúalagamálið hefir þurft að vera svo lengi hjá nefndinni, síðan í byrjun þíngtímans, og þó enn eigi komið nefndarálit, þá muni nefndin hafa fundið ástæðu til talsverðra breytínga á frumvarpinu, því annars mundi hún ekki hafa verið svo lengi með það mál, en þar af leiðir, að menn mega gjöra ráð fyrir löngum umræðum, umfangsmikilli atkvæðagreiðslu og umfangsmiklu álitsskjali í því máli til konúngs; þó nú að nefndarálitið komi til mín á morgun, þá getur það ekki komið til und-

irbúníngsumræðu fyr en 4. dag ágústmánaðar, og þykir mèr það óvíst, að umræðunni geti orðið lokið á einum fundi; á milli undirbúníngsumræðunnar og ályktarumræðunnar verða að líða sjálfsagt 3 eða 4 dagar, svo að ályktarumræðan gæti varla orðið fyr en 9. ágúst; því að það er fullkomið tveggja daga verk, að semja atkvæðaskrá í því máli, þó ekki væri annað að gjöra, hvað þá, þegar menn verða má ske að tefjast frá því af 2 löngum fundum á dag og öðrum störfum; auk þess sem um sama leyti þarf má ske að semja atkvæðaskrá í fleiri málum. Eg hefi ekki ástæðu til að gefa þínginu betri vonir um þetta, en eg hefi gjört, þegar duglegustu þíngmennirnir hafa þurft að hafa mál þetta svo lengi í nefnd. Eg vona, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* taki þetta til góðra greina, og skal eg geta þess, að ef að hann ekki hefir fengið neina beina ákvörðun um það frá stjórninni, að þíngtíminn skuli vera styttri, en hann hefir verið 2 hin síðustu þíng, þar sem þíngið hefir staðið til hins 17. og 18. dags ágústmánaðar, þá eru líkur fyrir því, að stjórnin hafi samþykkt, að þíngið megi standa svona lengi, því í fjárhagslögunum er fyrir fjárhagsárið 1861-62 veittir 2,000 rd. meira til þíngsins en að undanförnu hefir verið, og sýnist þar þá ráð gjört, að þíngið má ske muni í þetta skipti þurfa að standa til 18. ágúst. Annað mál er það, ef hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir nú fengið sèrstaka eður beinlínis ákvörðun frá stjórninni um, að lengja ekki þíngtímann nema svo og svo lítið, og leyfi eg mèr því, að skora á hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* að segja til þess, hvort hann hefir nú fengið þess leiðis sèrstaka ákvörðun frá stjórninni, eða hvað hann að öðru leyti kann að hafa fyrir sig að bera, ef hann eigi þykist mega lengja þíngið álíka, eins og var 1857 og 1859.

Konúngsfulltrúi: Út af því, sem hinn heiðraði *forseti* nú skýrði frá, viðvíkjandi því, hvað þíngið ætti eptir óbúið, skal eg geta þess, að það verður ekki hjá því komizt að lengja þíngtímann nokkuð, einkum vegna þess, að það vantar enn nefndarálit í 4 af þeim konúnglegu frumvörpum, auk heldur að lengra sè komið; og þó voru þessi frumvörp lögð fram í upphafi þíngsins. Þessi mál hljóta að komast af. Eg ætla því að leyfa mèr að lengja þíngið til þess 10. ágúst, eða í 14 daga, sem er það lengsta, er eg ætla eg geti farið; en þá vona eg líka, að þeim konúnglegu málum, sem eptir eru, geti orðið lokið, og það verður að vera á þíngsins ábyrgð, ef öðruvísi yrði. Við þínglengínguna verð eg bæði að líta á málið frá hlið stjórnarinnar og frá hlið landsins, sem á að borga þíng-

kostnaðinn, og hið heiðraða þíng mun, að eg vona, viðurkenna, að mèr í stöðu minni, eins og henni er varið, sè vandfarið, þar sem eg fyrir mitt leyti ekkert leyfi hefi frá stjórninni til þess, að lengja þíngið, en á hinn bóginn vona eg lengíng þíngsins rèttlætist fullkomlega af þeim upplýstu kríngumstæðum.

Guðmundur Brandsson: Það ætlar nú kann ske að koma að því, sem eg spáði, þegar eg bar upp uppástúngu mína um það, að ekki yrði tekin mál inn á þíngið, eptir að hálfnaður væri þíngtíminn, nema $^2/_3$ þíngmanna væri með því, og þíngmenn sjá nú, hvort þeir gjörði vel eða illa í því, að hafna henni. Mèr finnst, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að menn eigi að skoða málið frá tveim hliðum, og menn verða að gæta að því, að þeir 2000 rd., sem stjórnin nú í ár hefir veitt frekar til alþíngis en áður, verða á endanum teknar úr landsmanna vasa. Þínginu er það ekki ókunnugt, að alþíngistollurinn er orðinn mjög óvinsæll, einkum nú á hinu síðasta ári, og mèr sýnist því, að þíngið ætti að gjöra sitt til, að alþíngi stæði ekki mjög lengi; það veitir ekki samt af vinsæld þess; svo þó að nokkur, miður merkileg, mál yrði eptir, tel eg það ekki mikinn skaða; og hefir annað eins skeð fyr, t. a. m. hin fyrstu alþíngin, 1845, 1847 og 1849. Á þessum árum urðu samtals 14 mál eptir óræddd, og voru sum af þeim merkileg, svo sem um að auglýsa reiknínga opinberra sjóða, um kollektusjóðinn og um sölu stólsjarða og konúngsjarða, um fjárhag landsins, um breytíng tíundarlaganna, um rètt kirkna, og margt annað, sem eg get ekki verið að telja upp; samt blandaðist mönnum ekki hugur um það, að lengja ekki þíngtímann; sum af þessum málum voru tekin upp aptur á seinni þíngum, og sum ekki. Nú á hinum seinni þíngum hafa menn verið að streytast við, að ljúka af bæði merkilegum og ómerkilegum málum, og held eg, að þjóðin hafi lítið þakkað þínginu það, og eg held líka, að það væri lítill skaði, þó sum málin yrði útideyða. Eg segi fyrir mitt leyti, að eg hefi ekki kríngumstæður til að sitja hèr á þíngi eptir þann 10. ágúst, vegna heimiliskríngumstæðna minna, og svo getur verið um fleiri þíngmenn, og vil eg ekki stuðla að því, að leggja meiri skatt á landsmenn, en þarf, í öðrum eins árum og nú eru. Ef nú líka að póstskipið á að fara hèðan þann 14. ágúst, þá gæti þeir þíngmenn, sem komnir eru á þíng frá Danmörku, komizt undir eins með því, og gæti menn þá sparað ekki alllítið fè, ef þeir þyrfti ekki að bíða lengi eptir fari, þegar búið væri að slíta

þínginu, enda þykist eg vita, að þeim, ekki síður en öðrum, sè um það hugað, að eyða ekki peníngum þjóðarinnar að óþörfu.

Benedikt Sveinsson: Mèr finnst þíngmaður úr Gullbríngusýslu segja lítið með þessari ræðu sinni, því að það er *konúngsfulltrúinn,* sem á að afgjöra það, hvort þingið verður lengt eða ekki. Nú hefir hann látið þíngið fá að vita ætlun sína, og við hana stendur, nema því að eins, að hann af einni eður annari ástæðu seinna meir gjöri aðra. En vegna þess að það hefir verið talað svo mikið um eitt af hinum konúnglegu frumvörpum, sem ókomið er nefndarálit í, og eg er svo mikið riðinn við, verð eg að tala fáein orð. Eg meina konúnglegt frumvarp til hjúalaga á Íslandi; nefndin til að íhuga þetta mál var fjölskipuð, og meðal þeirra, sem í hana voru kjörnir, var þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sjálfur, og hann veit, hversu margir fundir hafa verið haldnir í nefndinni, og hvort nefndarmenn hafa legið á liði sínu. Eg held það megi með sanni segja, að formaður nefndarinnar sparaði hvorki að kalla oss nefndarmenn á fundi, nè að halda mönnum á fundum, og mun óhætt að fullyrða, að það hafi verið unnið að þessu máli með mesta fylgi og kappi. Síðan að mèr, fyrir viku síðan, var falið að semja nefndarálitið, þá hefi eg unnið að því, sem eg hefi frekast getað; en mèr sýnist, að ótilhlýðilegt sè að þrælbinda menn, þegar menn eru að semja áríðanda lög, og að það sè að minnsta kosti sjálfsagt, að menn fari eptir kröptum sínum. Þetta mál er líka það málið, sem útkrefur langmestan tíma af öllum málum á þessu þíngi að mínu áliti, og sýnist mèr því eðlilegra, að tala um hin smærri málin, og það einmitt konúngleg frumvörp, sem menn hafa haft jafnlangan tíma til; þau hefði átt að geta verið búin á undan því; en þetta mál er nú samt sem áður svo langt komið, að það mun geta orðið búið innan þess 10. dags ágústmánaðar. Að öðru leyti álít eg það mjög óheppilegt, sem þíngmaðurinn fór fram á, að kjósa þíngmenn í nefndir, láta þá erfiða í þeim, og eyða kröptum þíngsins til þeirra frá öðrum nefndum, og slíta svo þíngi, og ónýta svo öll málin. Eg verð að öðru leyti að vera hinum háttvirta *forseta* samdóma í því, að í fjárhagslögunum sè bending til þess frá stjórninni, að þíngið geti lengst, eins og ætlunarverk þess krefur, og nauðsyn er til.

Jón Hjaltalín: Eg hefi sagt það áður, og segi enn, að þíngtíminn er allt of stuttur, ef nokkurt gagn á að verða af vinnu vorri hèr; eða halda menn kann ske ekkert sè í ólagi hjá oss? En sè

ólag á ýmsu, þá þarf líka tíma til, að kippa því í lag. Eg veit, að á þessu þingi hefir engi þingmaður legið á liði sínu, heldur hefir hver unnið eptir beztu kröptum; það hefir verið sannkölluð þrælavinna, og ef menn ætti að ganga harðar að henni, en gjört hefir verið, þá vil eg ekki eiga neinn þátt í henni. Eg heyri, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki vill lengja þingið meir en um 10 daga; en það er að miklu leyti sama, og að gjöra ætlunarverk þingsins nærfellt ónýtt. Mèr þykir það næstum ógjöranda af honum, að vilja slíta þinginu, þegar mörg merkileg mál frá stjórninni eru órædd, og það er merkilegt, að þingmönnum sjálfum skuli þykja þingtíminn of langur. Ætli að landsmönnum þyki þá of mikið gjört? Eða hverir eru það, sem lengja þingtímann mest? Eru það ekki landsmenn sjálfir, sem senda okkur þessar mörgu bænarskrár til meðferðar? Ef við því ekki megum fá *tíma* til, að vinna að því með kostgæfni og umhugsun, sem oss er falið á hendur, þá vil eg helzt vera fyrir utan það allt saman. Mèr fannst það, sem þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, keyra fram úr öllu hófi, og lýsa því, að hann viti ekki, hvílíkan tíma menn hafa í öðrum löndum til þess starfa, sem vèr nú vinnum að. Hann sagði, að það mundi verða óvinsælt hjá alþýðu, að lengja þingtímann (*Forseti:* Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir sagt, að hann ætli að lengja þingtímann til hins 10., og eg get ekki leyft langar umræður um þetta mál). Það stendur ekki lengur á þessari ræðu minni en svo sem 5 eða 6 mínútur; en það, sem eg ætlaði að segja, var það, að eg álít það alveg gagnstætt þörfum landsmanna, að stytta þingtímann.

Páll Sigurðsson: Þetta mál eiga menn, að mèr sýnist, að skoða frá tveim hliðum, stjórnarinnar og landsmanna. Landsmenn vilja, að stjórnarform landsins batni gegnum þingið; en þeir hafa einnig farið fram á það við stjórnina, að vandasöm mál verði komin frá stjórninni hálfu ári fyrir þing, svo að landsmenn og þingmenn geti verið búnir að átta sig á þeim fyrir þing; en þetta hefir stjórnin ekki gjört, þó það auðsjáanlega gæti stytt þingtímann mikið; því það er mjög örðugt, að komast niður í og ráða vel til lykta mörgum málum vandasömum á einum mánuði. Landsmenn eru nú líka farnir að tala um þann mikla kostnað, sem er við alþingið, af því að efnahagur landsmanna er genginn til þurðar; menn verða því að gæta að því, hvort menn eiga að meta meira, hvort betra sè, að ljúka við miður áríðandi mál, eins og áður hefir

verið gjört, eða að hafa þingið sem stytzt að auðið er. Mèr sýnist nú, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hafi litið rètt á þetta mál; og með lengíngu þingtímans haft rètt tillit, bæði til hinna mest áríðandi mála og efnahags landsmanna, og fannst mèr honum farast þar fagurlega orð. Eg vona líka, að þingtíminn verði ekki lengdur fram úr þeim 10. degi ágústmánaðar; því eptir þann tíma finnst mèr eg ekki hafa ástæðu til, að sitja hèr lengur á þíngi, og auka landsmönnum kostnað, sem þeir eiga að bera. Mèr finnst því, að eptir hinn 10. eigum vèr ekki að þiggja lengíngu á þingtímanum, þó vèr gætum fengið hana.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð þó að leyfa mèr að segja nokkur orð út af því, sem hinn háttvirti þíngmaður Gullbríngusýslu mælti, þar sem eg er annar af þeim þíngmönnum utanlands að, sem hann átti við. Að vísu held eg, að það sè æfinlega rangt, að vera að blanda hugsuninni um heimilishag sinn saman við þíngstörfin, og eg veit ei, til hvers hinn háttvirti þíngmaður vildi nú með þessu eins og vera að rifja það upp aptur, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði við hann um daginn, að sumum þíngmönnum væri of tamt, að fýsast heldur fljótt heim aptur til kvenna sinna og búa. En fyrst hann nú þó fór að hreifa við þessu, þá skal eg geta þess, að heimilishagur minn er í raun og veru líka sá, að mèr væri full nauðsyn, að komast hèðan með næstu gufuskipsferð, og eg get þess vegna, ef eg að eins tek tillit til sjálfs mín, ekki annað en þakkað hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* ef hann lengir ei þíngið lengur en til þess 10. í næsta mánuði. En, sem sagt, eg álít þetta mjög óviðurkvæmilegt, að vera að eins að hugsa um sjálfan sig, því eg tel það miklu fremur skylt hverjum þíngmanni, að fara að eins í þessu máli eptir því, sem þíngstörfin heimta; og heimti þau nú, að tíminn verði nokkuð lengri, en nú hefir verið ráð fyrir gjört, þá mundi eg kalla það sanna smámunasemi, að vera samt að streytast við, að slíta þínginu einhvern vissan dag, að eins til þess að geta komið af sèr tveim þíngmönnum, er ekki eiga heima hèr á landi, og með því móti spara þann lítilfjörlega kostnað, sem annars kynni að leiða af lengri veru þeirra hèr. Þó skal eg ekki þrætast um þetta, og, að því er sjálfan mig snertir, að eins gleðjast yfir því; en þíngmann Gullbríngusýslu vil eg þó leyfa mèr að spyrja, hvort kostnaðurinn mundi samt ei verða talsvert meiri, ef menn nú hættu við sum málin hálfkörruð, og yrði svo að líkindum að eyða helmíngi meiri tíma á næsta þíngi, til þess

að taka þau upp aptur? Hvort mundi hinn háttvirti þíngmaður þá hafa verið skynsamlega sparsamur fyrir landið eða ei?

Guðmundur Brandsson: Eg verð að leiðrètta það, sem hinn háttvirti þíngmaður Skagfirðínga sagði. Eg sagði ekki, að þíngið vildi verða af með hann og þíngmann Borgfirðínga, en eg sagði, að þeim mundi sjálfum vera umhugað um, að komast sem fyrst burt, til þess að auka ekki landinu of mikinn kostnað; það er óþarfa varnagli, sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður var að slá, að menn hefði ekki verið latir í nefndunum, því eg held engum hafi dottið það í hug; það kemur ekki af því, að svo mörg mál eru óútkljáð, heldur af hinu, að þíngið hefir tekizt meir á hendur, en það er fært um að ljúka við.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Þó menn kalli það smámunasemi af þíngmanni Gullbríngusýslu, að hann ekki vill, að þíngtíminn sè lengdur meir en *konúngsfulltrúi* hefir ákveðið, þá er eg hræddur um, að það sè fleiri, en hann, sem gjöra sig seka í þessari smámunasemi, því eg segi fyrir mig, að eg er lítt fáanlegur til, að sitja hèr eptir þann 10. næstkomandi mánaðar, og svo mun vera um fleiri Norðlínga.

Jón Hjaltalín: Úr því nú bænarskrár þær, sem hafa komið frá landsmönnum, hafa lengt fyrir okkur þíngið, þá vil eg stínga upp á, að við sitjum hèr á þíngi í 8 daga fyrir ekki neitt; það er þó betra, en að hætta við allt hálfkarrað, og eg fyrir mitt leyti er fús til þess.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Fyrir utan það, sem eg held, að ekki þurfi neitt að tala um þíngtímann, þar eð hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir nú ákveðið, nær hann skuli enda, þá er eg í mesta vafa, hverja stefnu eg á að taka, til að þóknast vilja landsmanna, þeir hafa sent þínginu þessar mörgu bænarskrár, þetta mikla verkefni, og eg get ekki varið það, að eg hefi heldur talið tormerki á, að þíngið tækist svona margt á hendur, og stundum lagt á móti því, að hin síður merkilegu mál væri tekin í nefndir; en eg veit þó, að landsmenn hafa sent þau í því skyni, að þeir hafa viljað láta taka þau til meðferðar, og þíngið hefir álitið þau þess verð; nú vilja landsmenn láta afgjöra þessi mál sín í skynsömu og löglegu formi, og nú vilja þeir spara þíngkostnaðinn, og láta ekki lengja þíngið; hvort á eg nú að gjöra, að hóta því, að hætta við allt hálfkarrað í miðjum klíðum, og ganga í burt af þíngi, til þess að spara kostnaðinn, eða að verða við bón þeirra, og

bjóðast til að sitja þangað til á þingi, að það geti sómasamlega af lokið störfum sínum, og litið löglega á bænir þeirra. Eg veit nú ekki, hverja stefnuna eg ætti að taka; það má tala með þessu og móti.

Ólafur Jónsson: Mèr sýnast ræður þessar óþarfar, því *konúngsfulltrúi* er, eins og hinn konúngkjörni varaþíngmaður tók fram, búinn að úttala sig um þetta; en það er eins og þíngmenn meti það að engu, er hann hefir sagt. Þeir halda má ske, að þíngtíminn muni verða lengdur; en eg veit ei, hvort það væri gott, þó það gæti fengizt. Eg ætla *konúngsfulltrúa* þá nærgætni, að lengja þíngtímann, eins og nauðsynlegt er, og það finnst mèr hann einmitt hafa gjört, og finnst mèr því út talað um þetta mál.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til *ályktarumræðu* og *atkvæðagreiðslu* málið um *breytíngu á verzlunarlögunum,* og þá einkum það, sem nefndin hefir tekið til greina um *löggildíng Seyðisfjarðar til aðalverzlunarstaðar í stað Eskifjarðar. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona að þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: þegnleg uppástúnga um breytíngu á verzlunarlögunum.

1. *Nefndin:*
   Að hann (konúngurinn) mildilegast vili breyta verzlunarlögunum 15. d. aprílm. 1854, 2. gr. þannig, að Seyðisfjörður verði aðalverzlunarstaður í Anstfirðínga-fjórðúngi, í stað Eskifjarðar.
2. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Eg hefi nú lítið að segja um þetta mál núna; það var svo vandlega rætt í gær, og mèr heyrðist flestir þíngmenn vera á því, að þessu yrði framgengt. Það var að eins hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og 2 þíngmenn, sem voru á móti því, og það á móti von minni. Á þínginu 1857 voru líka 2 menn á móti málinu, en nú eru þeir farnir, og þá hèlt eg, að engi mundi verða til að mæla á móti, en eg sè, að hèr kemur maður manns í stað; en eg vona, að þessir 2 verði þeir einu, sem mæla á móti. Helzta ástæðan, sem þíngmaður Snæfellínga færði á móti málinu, var sú, að þetta yrði til að eyðileggja Eskifjörð; en eg tók fram í gær, að þetta er ekki rètt skoðað; því að það verð-

ur ekki til að halda lífinu í Eskifirði, hvort lausakaupmönnum er gjört að skyldu, að koma þar fyrst, eða annarstaðar, heldur er það einmitt verzlunin frá landsmanna hálfu, sem heldur honum uppi, því þangað sækja lausakaupmennirnir mest, sem landsmenn koma fjölmennastir. Ef þetta á sér nú ekki stað á Eskifirði, sem eg held að sé fullkomlega sannað, þá fer hann á höfuðið, hvort sem honum eru veitt þessi hlunnindi eða ekki. Það má ekki draga dæmi af öðrum bæjum, því það hafa verið allt önnur atvik, sem hafa haldið þeim uppi; en þar sem hér er ekki um að tala nema 1 skip, ef til vill, annað eða þriðja hvert ár, þá getur það ekki hjálpað Eskifirði, þó því sé gjört að skyldi að hlaupa fyrst þar inn; hann er jafndauður eptir og áður. Þar sem sagt var, að Eskifjörður lægi miklu betur við fyrir skip, sem kæmi frá útlöndum, þá fannst mér eg svara því fullkomlega í gær; það er reyndar satt, að Eskifjörður liggur sunnar, en það er miklu lengri vegur, sem menn þurfa að sigla inn eptir Reyðarfirði, til að komast á Eskifjörð, en sá, sem menn þurfa að sigla lengra norður með landinu, til að komast á Seyðisfjörð, og hinn vegurinn er líka krókóttur, svo vel getur að borið, að menn þurfi vind af annari átt, til að komast algjörlega inn á Eskifjörð. Inn á Seyðisfjörð er aptur á móti stuttur vegur, hér um bil ein vika sjávar, og þar að auki bein leið. En aðalatriðið í málinu er það, að það er eðlilegast, að sá verzlunarstaðurinn sé aðalkaupstaður, þar sem verzlunin er langmest. En það er óeðlilegt, að gjöra þann stað að aðalverzlunarstað, sem engi kemur á; þó nokkrir lausakaupmenn frá landinu sjálfu komi á Eskifjörð, þá er það engi sönnun, því utanrikiskaupmenn koma einmitt helzt á þá staðina, þar sem mest er verzlunin fyrir. Eg þarf svo ekki að orðlengja meir um þetta; ef nokkur mótmæli koma, þá vill nú svo vel til, að sá er hér viðstaddur, sem bezt þekkir til, og bezt getur því hrakið þau; eg á við þingmann Suður-Múlasýslu.

Jón Hjaltalín: Eg vona að þingmenn fari ekki að taka upp aptur það, sem þeir hafa sagt áður, eins og hinn háttvirti *framsögumaður* gjörði núna; þess er sannarlega ekki þörf, þar sem málið hefir komið fyrir á þingi tvisvar eða þrisvar áður, og verið til umræðu hér um bil 9 daga samtals, svo að málið ætti að vera orðið nokkurn veginn ljóst; en að vera að tyggja svona upp aptur og aptur hið sama, það er sannarlega að eyða tímanum til ónýtis.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af því, sem hinn heiðraði *framsögumaður* sagði um uppsiglingu Seyðisfjarðar og Eskifjarðar, leyfa

mèr, að minna hann á þau orð hans, sem hann mælti, þegar málið var hèr fyrir í fyrra skipti; hann sagði: »Það er engi efi á því að Eskifjörður liggur betur við uppsiglingu en Seyðisfjörður«. Hvernig hefir þetta getað breytzt síðan; *framsögumaður* hefir að minnsta kosti ekki skýrt frá þessu.

Páll Sigurðsson: Eg þarf ei margt að segja; það var talað um þetta mál í gær, að eg hefi þar fáu við að bæta. Eg vil að eins benda á, að það er einmitt náttúran sjálf, sem hjálpar þessu máli, og þetta hafa líka bænarskrárnar fyr og síðar bent á. Þó að lausakaupmennirnir eigi hægra með, að sækja á einn stað en annan, þá fara þeir ekki eptir því, heldur safnast þeir þangað, sem hræið er fyrir, það er að segja, þangað, sem vörumagnið er mest. Eg held því, að það þurfi ekki að verða langar umræður um þetta, því það er svo ljóst, að Seyðisfjörður er af náttúrunni ákvarðaður til, að vera aðalverzlunarstaður á Austfjörðum.

Björn Pètursson: Mèr þótti slæmt, að eg gat ekki verið hèr á fundi í gær, til að heyra þær mótbárur, sem fram komu. En eg hefi nú reyndar heyrt, að fáir hafi verið málinu mótmæltir; það hafði einkum verið hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og þingmaður Snæfellínga. Það er satt, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni og þingmaður Rangæinga sögðu, að það er óþarft, að hafa langar umræður um málið, því það er þinginu kunnugt áður. Það vita allir, að þjóðfundurinn var einhuga með málinu, og stjórnin var þá líka því meðmælt. Á þinginu 1853 var líka álitið sjálfsagt, að Seyðisfjörður yrði löggiltur til aðalverzlunarstaðar, og eg sè af þingtíðindunum, að *konúngsfulltrúi* sá, sem nú er, hefir ekki verið neitt á móti því þá. En stjórnin breytti allt í einu skoðun sinni á málinu, sem sjá má á lögunum 15. apríl 1854, og mèr eru ekki kunnugar neinar ástæður fyrir því, nema ef það skyldi hafa verið þessi bænarskrá, sem *konúngsfulltrúi* minntist á við inngangsumræðuna; um hana veit eg ekki neitt; en hafi hún nokkurn tíma komið, þá hefir hún líklega komið frá einstökum mönnum, sem hafa viljað fara á bak við alla aðra, og eg get því eigi, hvort sem hún hefir komið eða ekki komið, gjört mikið úr henni. Á þinginu 1857 voru þingmennirnir úr báðum Múlasýslunum á því, að Seyðisfjörður væri miklu betur lagaður aðalverzlunarstaðar en Eskifjörður, og það voru þá í álitsskjalinu til konúngs færðar svo góðar ástæður fyrir þessu, eins og þinginu er kunnugt, svo það er óþarfi að vera að taka það upp aptur. Eg vona að þingið fallist nú á þetta í einu hljóði. Hinn

háttvirti *konúngsfulltrúi* bar hinum háttvirta *framsögumanni* það á brýn, að hann hefði verið á móti málinu 1857; en eg þakka honum þá fyrir sinnaskiptin, sem hann hefir tekið, og eg get vel fyrirgefið honum, þó hann hafi þá haft skakka skoðun, því hann er sjálfur lítt kunnugur; en nú hefir hann látið sannfærast af kunnugum mönnum og ítrekuðum bænarskrám, og er það lofsvert, en ekki ámælisvert. *Konúngsfulltrúi,* sem þá var 1. konúngkjörni, sagðist líka vera samdóma *framsögumanni,* sem þá var hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni, í því, að »Eskifjörður hefði flest það til að bera, sem kaupstaður alls eigi ætti að hafa, en Seyðisfjörður þar á móti væri vel til kaupstaðar fallinn«. Eg held því, að hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* sè ekki alvara með það, að mæla á móti Seyðisfirði, og eg treysti því, að hann gefi þessu máli meðmæli sín, þegar hann sèr, hver er vili þingsins; hann hlýtur að vera sannfærður um, að það er náttúrlegast, að þar sè aðalverzlunarstaður, sem verzlunin er mest, en ekki þar sem verzluninni er allt af að fara meira og meira hnignandi, eins og er á Eskifirði, því hann er að kalla að leggjast niður, og það er einúngis verið að halda í honum lífinu með því, að neyða utanríkislausakaupmenn til að hleypa fyrst þar inn, þó þeir eigi litla von á að geta selt þar fyrir grænan tvískildíng. Eg vil að eins benda mönnum á eitt dæmi upp á það, hvað Eskifjörður er óeðlilegur sem aðalverzlunarstaður; það er rètt eins og, ef menn gjörði Keflavík að aðalverzlunarstað í stað Reykjavíkur.

Framsögumaður: Þar sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók fram, að eg hefði verið á móti þessu máli á alþíngi 1857 *(Konúngsfulltrúi:* 1855), bæði 1855 og 1857, þá var það nú satt, og eg tók fram í gær, hvers vegna mèr hefði snúizt hugur, það er reyndar satt, að Eskifjörður liggur sunnar en Seyðisfjörður; en eg tók það fram, að krókurinn, sem menn verða að fara, til þess að komast inn á Eskifjörð, ynni upp vegalengdina á Seyðisfjörð. Viðvíkjandi sinnisbreytíngu minni, þá vil eg taka fram, að mèr þykir engi minnkun að því, að skipta um skoðun, þegar eg sannfærist um, að mín skoðun er ei rètt, eða þegar málið gjörir hvorki til nè frá, en landsmenn óska þess, og álíta það samkvæmt sínum þörfum. Af þessu geta þíngmenn sèð, að eg er ekki sá þrákálfur, sem menn stundum hafa ætlað mig.

Gísli Brynjúlfsson: Það er nú nokkurn veginn auðsætt, hvernig fara mun um þetta mál, og eg stend því ekki upp í þeirri von, að

eg geti frelsað Eskifjörð af þeim háska, sem nú sýnist að vofa yfir honum; en það er engi frægur sigur, sem ekki er að nokkru dýrkeyptur, og þó ekki sè til annars, þá verð eg þó að reyna að verja Eskifjörð dálítið enn, svo sigur hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga verði þó að minnsta kosti þeim mun dýrari, og þá líka frægari. Eg hefi verið að furða mig á því, hvað grimmir í hug menn hafa getað verið við veslings Eskifjörð hèr í salnum, og það því fremur, sem það er svo stutt síðan að við höfðum til meðferðar tilskipun móti »grimmilegri meðferð«, að vísu móti »skepnum að eins«, en sem þó líka vel hefði mátt gjöra menn ógrimmari yfir höfuð; en hèr hafa nú næstum því allir sezt að einum auðmingja kaupstað, sem þeir þó segja á heljarþröminni, og það með svo mikilli grimmd og kappgirni, að eg held næstum það fari nú að verða nauðsyn, að þingið seti sèr sjálft lög á móti grimmilegri meðferð á kaupstöðum. Það kvað svo rammt að, að jafnvel hinn háttvirti 5. konúngkjörni, það er landlæknirinn, sem við allir vitum, hvað brjóstgóður er, og einkum, sem eðlilegt er, hversu mikill lækníngamaður hann er — það kvað svo rammt að, segi eg, að hann fór jafnvel að verða, eg vil ekki segja niðursknrðarmaður, en að minnsta kosti fór hann að færast í einhvern þann grimmdarham, er hann heyrði Eskifjarðar getið, að mèr fór að detta eitthvað slíkt í hug; og hefði eg þó heldur haldið það samboðið vana og vilja hins háttvirta landlæknis, að taka sèr þá einmitt af sjúklíngnum, og reyna að bjarga honum við, einkum þegar hann heyrði svo marga segja, að hann væri nú þegar að fram kominn, og á þessu byggi eg því enn von mína, að hann muni þó á endanum ekki verða eins vondur við Eskifjörð og hann sagði. En svo eg nú komi til alvörunnar, þá hefir sú ástæða einkum verið höfð á móti Eskifirði, en með Seyðisfirði, að það sè eðlilegast að þeir verzlunarstaðir sè aðalkaupstaðirnar í hverjum landsfjórðúngi, sem bezt liggi fyrir aðsókn landsmanna; og get eg alls ekki haft nokkuð á móti þessari ástæðu, því hún er líka alveg eptir sannfæríngu minni; en þess ber þó að gæta, að allt sè á eðlilegum orsökum byggt, og að ei aðrir ókostir fylgi, sem drægi úr hinu. Skoði menn nú, hvernig á verzluninni á Seyðisfirði stendur, þá verður því ei neitað, að hún sýnist heldur vera til komin af nokkurs konar tilviljan, en af eðlilegri nauðsyn, því upptökin voru þessi, að maður einn setti verzlun á Seyðisfirði, eptir að búið var að leyfa það, í þeim tilgangi helzt, að keppast við eitt hið mesta verzlunar-

hús, sem kaup á við Íslendínga, og einkum lengi hafði verið svo að segja einrátt um allt Austurland. Verzlunarhús þetta, sem þá átti tvær útsölubúðir á Eskifirði, flutti þá önnur húsin á Seyðisfjörð, til þess að láta hinn ei heldur vera einan um hituna þar, með því það þá og var erfiðleikum bundið, eptir lögunum, að hafa tvær sölubúðir í hinum sama kaupstað, og þannig voru þá strax komnar tvær af þeim verzlunum á Seyðisfjörð, sem enn eru þar, og svo mikið er úr gjört. Með þessu móti komst og strax verzlunarkeppni á á Seyðisfirði, um leið og hún um stund, að minnsta kosti að nokkru leyti, lagðist niður á Eskifirði, og menn sóttu þá þangað, sem eðlilegt var, sem verzlunin í bráðina var bezt; en eg vil nú samt spyrja menn, hvort menn þó að svo stöddu, og eptir svona stutta reynslu hafi ástæðu til þess að ímynda sèr, að þetta þurfi að vera annað en nýjabrum? Eða, hvernig var t. a. m. ekki með skólann hèr í Reykjavík, fyrst eptir að hann var fluttur frá Bessastöðum? Þá urðu í fyrstunni miklu fleiri í honum, en nokkurn tíma höfðu áður verið, sumpart af því margir höfðu safnast fyrir, sem áður gátu ei komizt að, en að miklu leyti þó víst að eins af nýjabrumi. En hvernig fór? Eg þarf ei að segja þínginu frá því, því við höfum nýlega haft skólamálið svo til meðferðar, að menn munu enn muna allar þær umkvartanir, sem þá komu fram út af því, að menn væri allt af að fækka svo í skólanum, að nú væri piltar orðnir færri í Reykjavíkurskóla, en nokkurn tíma hefði verið á Bessastöðum. Mèr finnst nú samlíkingin liggja svo nærri, að eg þarf varla að gjöra hana greinilegri, og eg vil því að eins spyrja þingmenn að því, hvort þeir finni fulla ástæðu til þess, að taka gamlan rètt af Eskifirði, að eins vegna líks nýjabrums með Seyðisfjörð, eins og í fyrstu var með skólann í Reykjavík? Því þess ber að gæta, að hèr ræðir ei að eins um að veita Seyðisfirði rètt, heldur og að svipta Eskifjörð honnm, svo eg get ei annað sèð, en að það að minnsta kosti sè of mikil fljótfærni, að vilja nú strax hlaupa eptir þessu, og það því fremur, sem eg nú skal reyna að sýna, að hin meiri verzlun á Seyðisfirði en á Eskifirði geti ekki verið annað en nýjabrum um stund. Þegar menn líta á uppdrátt Íslands, þá er það fljótt auðsèð, að Seyðisfjörður liggur engan veginn betur fyrir höfuðsveitunum á Austurlandi en Eskifjörður, því úr mestum hluta hèraðsins og úr Fljótsdalnum er hèr um bil jafnlangt á báða staðina; þeir, sem búa fyrir vestan Lagarfljót, þurfa jafnt að fara yfir það á báða staðina, og vegalengdar-munurinn get-

ur jafnvel úr þeim sveitunum, sem helzt mætti álíta eðlilegt, að sækti á Seyðisfjörð, víðast hvar varla verið meira en ¼ stundar reið. En hèr við bætist, að eg hefi heyrt marga kunnuga menn segja, að Seyðisfjarðarheiði sè miklu verri yfirferðar en Eskifjarðarheiði, svo að eg efast ei um, að menn heldur mundu fara hina seinni en hina fyrri, ef verzlunin nú sem stendur væri jafngóð á báðum stöðunum; og hefi eg þó ei enn getið þeirra sveitanna, sem sjálfsagt er, að hægra eiga með að sækja á Eskifjörð en Seyðisfjörð, eins og t. a. m. Skriðdalurinn og Reyðarfjörðurinn sjálfur, sem þó óefað eru stórar sveitir. Hinn háttvirti þingmaður úr Suður-Þingeyjarsýslu sagði nú reyndar, að það mundu að eins vera horsveitirnar á Austurlandi, sem sækti á Eskifjörð; en auk þess, að eg held þessu nú fullsvarað, þá verð eg að minna hinn háttvirta þingmann og eins *framsögumann* á það, að Mosfellssveitin og þær hinar sveitirnar hèr næst í kring eru líka stundum kallaðar horsveitirnar á Suðurlandi; eða hefir það má ske orðið því til fyrirstöðu, að Reykjavík er nú þó orðin höfuðstaður landsins, og líka óefað er bezt til þess sett að vera það? Hinn háttvirti þingmaður sagði enn, að það væri auðsèð á öllu, að Seyðisfjörður væri að drepa Eskifjörð, en eg held nú að eg hafi sýnt nokkuð, hvernig á þessu stendur, og leitt rök að því, að það þurfi ei eptir eðlilegum kringumstæðum að vera annað, en eintómt nýjabrum á Seyðisfirði, og mèr þykir því vænt um, að geta bætt því við, að það er svo langt frá, að Eskifjörður sè að deyja, að það lítur miklu fremur svo út, sem hann ætli nú einmitt að fara að lifna við aptur, því mèr er sagt að einn velkunnur kaupmaður á Austurlandi ætli að fara að byggja þar með það fyrsta, og þá eru strax komnar tvær verzlanirnar á staðinn. En þá segir nú reyndar hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni, að staðurinn sè í öllu tilliti óbyggilegur, bæði sökum þess, að hann sè svo hryllilegur í sjálfu sèr, og eins líka vegna hins, að þar sè ekkert nægilegt húsastæði, og skal eg ei neita því, að þessi hin síðasta ástæða er mest á móti Eskifirði af öllum, sem eg hefi hingað til heyrt, ef hún reynist fullkomlega áreiðanleg. Eg er nú að vísu fús á, að meta jafnan mikils orð hins háæruverðuga þingmanns og sessunautar míns, en eg verð þá að ímynda mèr, að hann hafi einhvern veginn ekki verið vel upplagður, hvort sem þetta nú kom af því, að það hefir verið í vondu veðri eða eigi, þegar hann kom á Eskifjörð, fyrst honum gat litizt svona óbyggilega á hann, því *konúngsfulltrúi* á þinginu 1857, sem

eg þó verð að álíta öllum kríngumstæðum einna kunnugastan, þar sem hann hafði svo lengi verið sýslumaður fyrir austan, segir einmitt með tilliti til þessa sama spursmáls (sbr. alþ.tíð. 1857, bls. 34): »nóg er húsastæði á Eskifirði, þegar tekið er með bæði Lambeyrartún og Mjóeyri, sem í fyrstunni var keypt fyrir kaupstaðarstæði«. Eg verð því og að álíta þessari einustu verulegu mótbáru fullsvarað með þessu, og held, að það sè nú fullsannað, að það sè ei einu sinni nokkur ástæða til þess, að taka Seyðisfjörð fram yfir Eskifjörð, af því að hinn síðari liggi ver við allri landverzlun, og af því að verzlun þess vegna g e t i ei verið eins góð þar, eins og á Seyðisfirði, þó tilviljunin hafi gjört, að öðruvísi hafi litið út um nokkurn tíma; en þá kemur nú sú ástæðan, sem eg þó álít allramesta og sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* einnig hefir tekið svo vel fram, að hèr komi eiginlega mest upp á, hvor staðurinn liggi bezt við fyrir útlenda kaupmenn, að koma fyrst á, er þeir koma af hafi; og þá held eg engi, sem að eins snöggvast lítur á uppdrátt Íslands muni geta neitað því, að í því tilliti hefir Eskifjörður alla yfirburði yfir Seyðisfjörð, þar sem hann liggur svo miklu sunnar og þó um mitt landið, svo jafnlangt er til beggja handa að sækja þaðan aptur. Foríngínn á öðru frakkneska herskipinu, sem er gagnkunnugur á Eskifirði, hefir og sagt mèr það, að þar sè höfnin hin ágætasta, og eg þekki heldur ei, að þar hafi orðið skiptapar; en um Seyðisfjörð hefir það áður verið tekið fram hèr í salnum, að á þeim stutta tíma, sem kaupstaður hefir verið þar, þá hafa þó að minnsta kosti tvisvar sinnum skip farizt þar á opinni höfn. Eg vona því, að þíngmenn af öllu þessu hiki við og álíti það, sem rètt er, nokkuð viðurhlutamikið, að svipta gamlan kaupstað allt í einu og svona ástæðulaust þeim rètti, sem öðrum getur alls ei orðið að skaða, en hann þó enn vel kann að geta haft nokkurt gagn af. Það er ei tilgangur minn, að mæla móti Seyðisfirði, því eg ann honum líka vel kaupstaðarrèttar, og þá fyrst stæði báðir kaupstaðirnir jafnt að vígi, og gæti keppst á eðlilegan hátt, ef báðir hefði sama rèttinn; en það kalla eg rangsleitni, að taka hann nú af Eskifirði, til þess að gefa hann öðrum stað, sem í engu er betri, og meðan ekkert liggur á, og þess vegna verð eg að svo stöddu, þar sem spursmálið nú liggur svo fyrir, að vera beinlínis á móti þessari breytíngu, og hvetja aðra til, að gjöra slíkt hið sama. En hinn háttvirta *framsögumann*, sem áður hefir verið eins mjög á móti Seyðisfirði en með Eskifirði, eins og hann nú

er hitt, verð eg að minna á það, að hann sigrar líka sjálfan sig, ef hann nú samt hefir sigur í þessu máli. Grikkir kölluðu slíkan ólánssigur »kaðmeiskan»; en vèr köllum hann Hjaðningavíg, og eg held hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga mætti þá vel segja eins og Pyrrhus forðum, að einn slíkur sigur sè sèr verri en tvær ófarir. Eg get því ei ráðið hinum háttvirta þingmanni annað, úr því nú einu sinni er komið svona fyrir honum, en að minnsta kosti að gefa ei atkvæði í þessu máli, þó hann nú sè *framsögumaður*.

Ásgeir Einarsson: Það var skaði, að hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga vaknaði svo seint, fyrst hann vaknaði svo vel. Eg er viss um, að ef hann hefði í tíma komið með breytingaratkvæði um, að gjöra Seyðisfjörð að aðalverzlunarstað við hliðina á Eskifirði, þá hefði það fengið atkvæði þingsins. En fyrst hann lèt nú þetta ekki í ljósi fyr en núna, þá lítur út fyrir, að hann hafi gjört það að eins til að sýna frægð sína og mælsku, til að eyða nokkrum skildingum, sem hann sagði áðan, að menn ætti að vera svo sparir á. Þetta er það eina, sem hann hefir unnið við þessa löngu ræðu og ekki annað.

Framsögumaður: Kvennfólkinu hefði má ske þótt gaman að heyra til hins háttvirta þingmanns Skagfirðinga áðan *(Gísli Brynjúlfsson:* Hèr er ekkert kvennfólk) nei! en það var skaði, því þá hefði þó að minnsta kosti nokkrir haft gaman af ræðu hans *(Arnljótur Ólafsson:* Það höfðu fleiri). Sigur minn verður ekkert veglegri eptir þessa ræðu en áður, því hann kom ekki með neitt, sem við þurfum að hrekja eða sigra. Hann sagði að það mundi vera nýjabrum með Seyðisfjörð; en það er alls ekkert nýjabrum, sem búið er að reyna í 18 eða 20 ár. Þar sem hann kom með þá ástæðu, að verzlunarmaður, sem áður hefði átt verzlun á Eskifirði, hefði flutt sig á Seyðisfjörð, til að kúga þar annan verzlunarmann, þá er þetta einmitt sönnun með málinu, því hann hefir ekki getað kúgað hann, og verzlunin er allt af að blómgast, og mun aukast; það hefir verið sýnt og sannað, og þeir, sem eru á móti málinu, játuðu, að beztu sveitirnar allar lægi fyrir Seyðisfirði *(Páll Melsteð:* Nei) og þótt 2 sveitir eigi dálítið lengra, þá munu þeir ekki telja eptir sèr fárra tíma leið, sem þeir verða að fara lengra, þegar þeir eiga von á betra verði. Það er búið að reyna þenna stað, og landsmenn sjálfir hafa sannað, að hann liggur betur við, með því að sækja þangað. Eskifjörður aptur á móti liggur fyrir horsveitunum *(Gísli Brynjúlfsson:* Eins og Reykjavík) það

er allt annað; þó að Reykjavík liggi fyrir horsveitum að landbúnaðinum til, þá er miklu meiri vöruafli í þessum sveitum, það er að segja sjávaraflinn; það er allur munur á, hvort menn flytja allan fjárstofninn og leigurnar með í kaupstaðinn, eða að eins leigurnar af fjárstofninum; hèr er flutt bæði innstæðan og leigurnar, það er að segja allur sjávaraflinn, en þar að eins afraksturinn af fjárstofninum. Hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga mælti með Eskifirði, af því hann lægi bezt við fyrir utanríkis lausakaupmenn. En því vill hann ekki eins vel Djúpavog; hann liggur næst við. *(Gísli Brynjúlfsson:* Eskifjörður liggur fyrir miðju landinu, svo að jafnt er til beggja handa). Það er yfir höfuð mjög fátt komið fram hjá honum, sem sè neinn sigur við, að hrekja, og það er búið að marghrekja það áður. Að því er sinnaskipti mín snertir, sem hann talaði um, eins og fleiri, þá segi eg, eins og áður, að mèr þykir engi minnkun að, að láta sannfærast, þegar eg sè, að eg hefi haft á miður rèttu að standa, og þegar eg sè, að á litlu stendur, og landsmenn óska þess, að málið fái framgang. Eg vona nú, að ekki verði lengri umræður um þetta mál, og menn fari að ganga til atkvæða.

Jón Pètursson: Það kom bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um lengingu á verzlunartíma lausakaupmanna, og var vísað til þessarar nefndar. Eg vildi spyrja hinn háttvirta *forseta,* hvað orðið er af henni, hvort þingið ætti ei að gefa atkvæði sitt um, hvort hún skuli takast til greina eður ekki, sumsè um það, hvort þingið skuli biðja um, að lausakaupmenn megi verzla svo lengi á hverjum stað, er þeir koma á, sem þeir vilja, eins og bænarskráin fer fram á, eður að hún sè felld, svo að allt standi í stað að því, er lausakaupmenn snertir, eins og nefndin hefir ráðið til; um þetta sýnist mèr að ætti að leita atkvæða þingsins, fyrst bænarskráin var tekin í nefnd, og að málið eigi ekki að detta svona niður aptur þegjandi, án þess til atkvæða komi.

Forseti: Eg verð að gjöra hinn háttvirta 4. konúngkjörna varan við, að nefndin hefir fellt þessa bænarskrá, og engi breytíngaratkvæði hafa verið borin upp í þá sömu stefnu við undirbúníngsumræðuna, og er því sú uppástúnga alveg fallin.

Framsögumaður: Nefndin rèð frá, að taka hana að nokkru til greina, og úr því ekkert breytíngaratkvæði hefir komið um hana, getur þetta ekki verið neitt umtalsmál.

Gísli Brynjúlfsson: Má ekki bera tölul. 1. upp í tvennu lagi, þannig að fyrst sè sleppt »í stað Eskifjarðar«?

Framsögumaður: Það er ekki rètt; það hefir alls eigi legið fyrir, að tala um, að koma upp 2 aðalverzlunarstöðum í Múlasýslu, og því held eg fast fram, að atkvæði greiðist eptir atkvæðaskránni.

Forseti: Eg get heldur ekki sèð, að það sè rètt; því það hefir alls eigi legið fyrir, að ræða um 2 verzlunarstaði, og menn hefði getað tekið sèr breytíngaratkvæði um það, hefði þeir viljað, og get eg því alls eigi leyft atkvæðagreiðsluna í tvennu lagi.

Vil eg þá biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var því næst gengið til atkvæða, og fèllu þau á þessa leið:

1. *Nefndin* samþykkt með 16 atkv. gegn 4.
2. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? — samþykkt með 16 atkv. gegn 2.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þá til *inngangsumræðu* og nefndarkosníngar *uppástúnga* þíngmanns Borgfirðínga *um rafsegulþráð Shaffners hèr á landi.*

Var uppástúngan afhent uppástúngumanni, er las hana upp svo hljóðanda:

»Konúngur vor hefir í leyfisbrèfi 16. ágúst 1854 veitt Tal. P. Shaffner ofursta frá bandafylkinu Kentucky í Bandaríkjum Vesturheims einkarètt til, að leggja rafsegulþráð milli Vesturheims og Norðurálfu yfir Færeyjar, Ísland og Grænland, og nota hann í hundrað ár frá dagsetníngu leyfisbrèfsins. Í 2. gr. leyfisbrèfs þessa segir, að Tal. P. Shaffner megi eiga von á, að fá land það, er hann þarf handa þræðinum á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi, hvort það sè heldur konúngs eign, eða einstakra landsdrottna, með kostum þeim, er síðar skuli tilteknir. Eptir tilsk. 28. maí 1831 og konúngl. auglýsíngu til alþíngis 1847 verður að bera öll þau mál, er snerta eignarrètt og sakir, undir álit alþíngis, áður þau verði að lögum ráðin. Konúngur vor hefir nú eigi látið leggja frumvarp um rafsegulþráðinn fram á þessu alþíngi; en líklegt er, að farið verði að leggja þráðinn að sumri; og sjálfsagt má telja, að hann verður lagður hèr á land hitt sumarið (1863), ef þessu mikla fyrirtæki verður framgangs auðið, sem vèr allir óskum og vonum, en eg verð að fulltreysta, að því er mèr er kunnugt. Það er því auðsætt, að oflangt er að bíða næsta þíngs, og er þá að eins það eina ráð fyrir hendi, að alþíngi hefi máls á þessu, og sendi konúngi vorum frumvarp til samþykktar. Sumir þíngmenn mundu hafa frem-

ur kosið, að frumvarp um þetta efni hefði komið til þingsins frá stjórninni; eg er reyndar í þeirra flokki, en hitt dylst mèr eigi, að það er gleðileg skylda vor, að veita fyrirtæki þessu athygli að vorum hluta, og neyta nú þess rèttar vors, að stínga upp á lögum.

Efnið í lögum þessum verður það, að veita Shaffner ofursta og fèlögum hans rètt til, að leggja málþráð eða málþræði hèr á land, og yfir land, og að nota hann um ákveðinn tíma, að svo fyrirskildu, að þeir Shaffner samtengi Ísland með málþræðinum við önnur lönd, svo sem áskilið er í samníngum konúngs vors og Shaffners, og að hann eður þeir hafi lokið starfa þessum á tilteknum fresti. Þessu næst er að ákveða, að jarðeigendur á landi hèr verði að leggja land sitt til þráðarins, og með hvaða kjörum það skal vera. Í þriðja lagi er að vernda þráðinn fyrir skemmdum, og ákveða sektir og hætur.

Að svo mæltu leyfi eg mèr að stínga upp á því við hið virðulega þíng, að það taki þetta mál að sèr, semi lagafrumvarp í málinu, og sendi það konúngi vorum með beztu tilmælum sínum.

Reykjavík 28. júlí 1861.

Arnljótur Ólafsson.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að játa það, að það er óheppilegt, að þessi uppástúnga ekki hefir getað komið fyr til þíngsins en nú. Þegar farið er að tala um að lengja þíngtímann, og sumir þíngmenn eru nú mjög svo heimfúsir. En eg skal nú með fám orðum skýra hinu virðulega þíngi frá því, hvers vegna það ekki hefir getað orðið.

Sá, sem sendi mèr bænarskrána, og beiddi mig, að koma henni á framfæri var herra Shaffner. Hann skrifaði mèr til, og ætlaðist til, að brèfið skyldi ná mèr í Skotlandi, áður en eg færi til þíngs, en brèfið kom ekki á staðinn, fyr en um kveld þess sama dags, er póstskipið fór þaðan út híngað um morguninn; það var 8. júní; menn geta því ekki sagt, að eg geti gjört fyrir því, að brèfið ekki kom til mín, fyr en með póstskipinu núna. Eg vona, að þíngið líti á málið, en ekki á tímann, og fresti ekki málinu, því málið er ekki einúngis nauðsynlegt fyrir landið, heldur verður þíngið að gá að sóma sínum, svo að ekki verði sagt, að þíngið hafi ekki viljað verja til þessa máls $^1/_2$ eða heilum degi, og kostnaði þeim, er af því leiðir, en vili heldur fella málið, því þar af leiðir, að annaðhvort getur Shaffner eigi lagt þráðinn hèr á landi, eður konúngur neyðist til, að búa til lög, án þess að bera þau undir þíngið, sem

þó standa lög til í þessu efni. Eg skal ekki tala meira að sinni, en vona að þingið heldur taki málið til löglegrar meðferðar, heldur en veli annaðhvort af þessu tvennu, er hvorttveggja er gegn sóma þingsins og lögum þess.

Forseti: Eg skal, áður en lengra er farið út í málið, geta þess, að hinn konúngkjörni varaþingmaður hefir gengið af þingi sökum forfalla.

Konúngsfulltrúi: Það er víst um það, að það mál, sem hèr liggur fyrir, er mikilsvert, og í alla staði þess vert, að því sè góður gaumur gefinn; en eg get þó ekki fallizt algjörlega á það, að þingið taki það til meðferðar nú þegar, því mèr þykir ekki kominn tími til þess að svo komnu, og eg leyfi mèr líka að efast um, að hið heiðraða þing sè í alla staði fært um, að fjalla um málið, svo vel sè. Það er líka svo ástatt, að lagafrumvarpið, sem þingið ætti að semja, ekki nær yfir allt málið, því það þarf líka að gjöra ákvarðanir um hið sama á Færeyjum og á Grænlandi, og þingsins frumvarp kynni þannig að koma í bága við stjórnarinnar. Eg veit ekki heldur, hvort það þyrfti að verða spursmál um endurgjald til jarðeiganda, yfir hverra land þráðurinn yrði lagður, en það veit eg, að um slík tilfelli er almenn grundvallarregla í lagaboði frá 31. júlí 1801. Að öðru leyti munu menn hèr enn naumast vita, hvernig þráðurinn verði lagður; en það virðist mèr þó nauðsynlegt að vita fyrirfram. Viðvíkjandi skemmdum á þræðinum getur ekki orðið spursmál um, fyr en búið er að leggja hann, og að vísu hefir svo verið farið að í Danmörku, eins og lögin frá 1858 votta. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr, að benda á 62. gr. í alþ.tilskipuninni, að því leyti spursmál gæti orðið um, hvort hèr sè komin fram bein uppástúnga. Eg segi ekki þetta í því skyni, að leggja á móti málinu, því eins og eg hefi þegar tekið fram, álít eg það eigi skilið, að því sè góður gaumur gefinn, en því meira ríður á, að rètt sè farið með það í meðferðinni.

Arnljótur Ólafsson: Það gleður mig, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* lagði málinu liðsyrði. Hann færði ekki fram móti því aðra ástæðu en þá, að þingmenn mundu ekki færir um, að semja þetta frumvarp, en eg held, að þessi ástæða sè ekki gild, sízt geta þeir menn tekið hana gilda, sem eru í nefndinni í stjórnarbótarmálinu. Og til hvers erum vèr hèr á þingi, ef vèr erum ekki færir um, að semja eins einfalt lagafrumvarp og þetta er, þar sem til eru samkynja lagaboð í öðrum löndum, ekki einúngis um járn-

brautir, heldur og um rafsegulþræði. 1853, þá er rafsegulþráðurinn frá Kaupmannahöfn til Helsingjaeyrar var lagður, þá var samið lagaboð um það efni, og síðan, 1857 og 1859, hafa verið samin lagaboð í sömu átt. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að ekki væri nauðsynlegt að gefa út lagaboð um eignarrètt einstakra manna í þessu efni, þar sem gamalt lagaboð væri til fyrir Danmörk um þetta mál; en eg get ekki álitið, að það lagaboð sè birt hèr á löglegan hátt, eða að minnsta kosti væri óskandi, að hèr yrði farið eptir því. Eg sè annars ekki betur, en ef lögfróðir menn væri kosnir í nefndina, þá mundi þeim veita hægt að semja þetta lagafrumvarp. En þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að uppástúnga þessi væri ekki samkvæm 62. gr. alþíngistilsk., þá get eg ekki verið á sama máli, þar sem í niðurlagsatriðinu stendur: »að þíngið taki að sèr þetta mál, *semi um það lagafrumvarp*«. Eg held þetta sè beinlínis uppàstúnga; að minnsta kosti verð eg að segja, að eg get ekki betur sèð. Annars er það *forseta* og þíngsins, að skera úr því, hvort uppástúngan sè svo orðuð, að hún sè móti þíngsköpum.

Jón Hjaltalín: Eg held eg geti nú sagt eins og gamli Grettir, að »spár mínar eigi ekki langan aldur«. Eg held að allur lífróðurinn verði til lítils gagns, ef þíngið nú ætlar að kasta þessu máli frá sèr. Hèr koma menn, sem leggja stund á mikilvæg málefni, leggja hiklaust út margar milliónir dala, og stofna lífi sínu í hættu. En við getum ekki gjört svo mikið, sem virða mál þeirra nokkurra tíma verki!!! Þeir koma eins og í óbyggt land; hvað eiga þeir að gjöra, ef þeir nú ekki fá sínu fram komið, af því menn vilja annaðhvort eigi selja þeim land með sanngjörnu verði, eða skemma jafnvel fyrir þeim það, sem búið er að gjöra? Þeir hafa dómstólana, segja menn; en hvað gjöra dómstólarnir? Þeir hafa engi lög, til að dæma eptir. Þegar þessir menn þá hafa lagt mikið í sölurnar, þá stoppum við þá. Eg vil spyrja þá heiðruðu herra, sem vildu svo ákaft komast heim, hvort það er þjóðinni til sóma, að þíngið hleypi þessu fram hjá sèr. Þíngmaður Borgfirðínga hefir sýnt, hversu nauðsynlegt er, að málið verði tekið fyrir á þínginu. Mig furðaði á því, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skyldi *citera* í lagaboð frá 1801 í Danmörku. Menn vita nú dæmi upp á, hvað það dugði; einn bóndi heimtaði 10,000 rd. fyrir eina tunnu lands. Íslendingar eru vænir menn; en það kynni þó einhver þeirra að vera svo lyntur, að hann notaði sèr annað

eins tækifæri, nefnilega neyð annara; sá, sem er striðinn, getur gjört mikinn skaða. Eg álít það sóma þingsins, að gefa þessu máli góðan gaum, en hraparlegt, ef það skyldi koma í útlendum blöðum, að þingið hafi ekki viljað eyða nokkrum tímum til þess fyrirtækis, sem aðrir vilja kosta stórsummum til, og jafnvel hætta lífinu fyrir. Eg verð því fastlega að mæla með nefnd í málinu, og það nú þegar.

Páll Sigurðsson: Það er mikið bágt, að þetta mál ekki gat komið fyr, því það er merkilegt; það er alheimslegt, að því leyti sem það miðar til, að efla enn meiri þekkingu og kunníngsskap milli Norður- og Vesturálfu, og þegar eg skoða það frá því sjónarmiði, þá álít eg það þess vert, að við tökum fegins hendi við því, því þetta fyrirtæki gjörir okkur kann vera meira gott, en við hyggjum. En þegar stúngið er upp á lagafrumvarpi, þá fer mig, sem er einfaldur bóndi, að sundla; hvernig er okkur það unnt? (*Arnljótur Ólafsson:* Það er hægt). Eg sè það ekki. Málið snertir ekki okkur einúngis; það snertir fleiri. Eg vil þó ekki mæla móti, heldur með nefnd, sem bendi á eitthvað, sem við viljum ganga inn á. En ef við færum að semja frumvarp, þá yrði það að eiga sèr nokkurn aldur, áður en það væri komið í kríng, því stjórnin er ekki vön að vera svo fljótfær, og hún yrði að láta það vera samhljóða samkynja lagaboði fyrir Færeyjar og Grænland.

Guðmundur Brandsson: Það er skaði, að þetta mál gat ekki komið fyr en núna; en eg held að þessi mikli maður Shaffner hafi áður getað fengið að vita hjá þingmanni Borgfirðínga, sem víst er honum handgenginn, hvenær þingið ætti að byrja hèrna, og eins, nær póstskipið átti að fara frá Skotlandi. Það er því ekki þinginu að kenna, að mál þetta er ekki komið áður; ekki er heldur svo örðugt að senda brèf á Englandi, þar sem eru bæði járnbrautir og gufuvagnar, að þetta hefði ekki getað tekizt. Þingmaður Borgfirðínga sagði, að ekki þyrfti nema einn dag, til að semja frumvarpið; því trúi eg varla. Það gengur þá fljótara, en önnur þingmál hafa verið vön að ganga, og eg gæti trúað því, að ekki veitti af því, sem eptir er þingtímans, ef vel ætti að verða frá því gengið; því það er þó þrennt, sem tekið er fram í uppástúngunni, og eru öll þau atriði mikilvæg. Þó ekki verði kosin nefnd, þá sè eg ekki þar fyrir, að við höfum hafnað málinu, því við erum bundnir við lög, að því er þingtímann snertir, og megum ekki rjúfa þau. Eg get ekki sèð, að þjóðin gjöri sèr mikla minnkun, eins og lá í

orðum hins 5. konúngkjörna þíngmanns, ef þíngið ekki tekur málið til meðferðar, þegar tíminn er svona naumur. Það er heldur ekki nema ágizkun, nær eða hvar þessi rafsegulþráður muni verða lagður; það er sagt, að það muni verða ef til vill 1863. Það stóð fyrst í uppástúngunni 1865, en svo var skrifað ofan í þá tölu, svo það er efasamt. Menn eru líka að ferðast núna til þess, að skoða staðinn, þar sem líklegast yrði að leggja þráðinn á land. Eg held þíngið haldi sóma sínum, þó það ekki taki málið til meðferðar, þegar tíminn er svo naumur, og það láti könúnglegu málin sitja í fyrirrúmi.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal geta þess um það, er þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, að 1865 var ritvilla, sem auðsèð er, því þegar 1862 er næsta ár, þá er 1863 hitt árið eður það næsta þar á eptir. Viðvíkjandi því, *hvar* þráðurinn verði lagður, þá skal eg segja það, að það stendur öldúngis á sama, því lagaboðið nær yfir *allt landið*. Eg skal líka leyfa mèr, að segja hinum heiðruðu þíngmönnum, sem síðast töluðu, að eg held, að hèr á þíngi sè nógir löglærðir menn, til að semja þetta lagafrumvarp, og þeir geta eins unnið i samvinnu við ykkur í slíkum málum, og þetta er, eins og hinir lögfróðu menn eru í samvinnu með ykkur í öðrum málum, sem ykkur liggja nær, því »allur er jöfnuðurinn góður«. Eg get glatt hinn heiðraða þíngmann Rangæinga með því, að hèr er ekki að tala um, að búa til lagaboð fyrir allan heim, heldur eiuúngis fyrir Ísland. Okkur kemur Grænland ekki við, og Færeyíngar heldur ekki; þeir sitja á rikisdeginum, en hèr er að tala um íslenzk lög, og þau ná ekki langt út fyrir landið; það sèst á fiskiveiðalögunum.

Jón Hjaltalín: Allir eiga leiðrèttíng orða sinna, segir máltækið, og ætla eg því að leiðrètta þíngmann Gullbríngusýslu, því hann hefir ekki tekið rètt eptir mèr, ef hann ekki þorir að fullyrða, að eg hafi talið það sem skömm fyrir þíngið, ef það ekki sinnti þessu máli, og eg segi fyrir mig, að eg lýsi því yfir, að eg ekki vil láta þá skömm á mèr liggja, að eg ekki vili sinna öðru eins máli. Eg óttast alls ekki fyrir því, að ekki geti þíngið leyst af hendi það, sem hèr er farið fram á í uppástúngunni, því eg álít það hægt, og að þíngið daglega hafi flóknari mál fyrir en þetta. Eg skal ekki fást um blessaða biðlundina í þíngmanni Gullbríngusýslu; hann vill ekki skipta sèr af máli þessu núna, en ef það ekki verður tekið fyrir einmitt nú, þá getur það ekki komið fyrir þíngið,

fyr en 1863, og yrði þá fyrst útkljáð 1864 eða 65, því eg held, að ætti að ætla þeim ytra tímann heldur lengri en styttri. Það er eitthvað svo fráleitt að heyra það, að við ekki megum eyða einum eða tveim dögum upp á mál þetta, sem varðar okkur og alla Norðurálfuna svo mikils; en sjáum þó, að aðrir hafa eytt upp á það heilum árum, lagt ærið fè í sölurnar, og stofnað lífi sínu í háska; eg tek það upp aptur, að sómi þingsins er í veði, ef það ekki tekur mál þetta að sèr, og eg segi enn: *þingið getur ekki verið þekkt að því,* ef það vill gæta þess, er vel sómir; en það veit eg þingið í einu hljóði vill gjöra, þegar það hugsar sig betur um.

Guðmundur Brandsson: Hefði eg vitað, að hinir löglærðu menn, sem eru hèr á þingi hefði of lítið að gjöra, skyldi eg hafa verið manna fyrstur, til að mæla fram með máli þessu; en mèr virðist sem menn nú þegar sè búnir að gleyma umræðunum í byrjun fundar þessa, og hafi gleymt því, hvað málin eru mörg og stutt á leið komin, sem tekin hafa verið til meðferðar; og veit eg alls ekki, hvort það er sæmra fyrir þingið, að forsóma, eður fleygja frá sèr hálfkörruðum málum, sem stjórnin hefir lagt fyrir það, eður hitt, að vísa frá sèr þessu máli, sem svona í þinglok er fleygt inn á þingið. Að því er minnkun þá snertir, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður svo mjög óttaðist, að þingið mundi verða fyrir í útlendum blöðum, þá skal eg nú láta það ósagt, því mèr eru þau blöð með öllu ókunnug; en hitt þori eg að fullyrða, að í *Berlíngatíðindum* hefi eg lesið eptir hann sjálfan þær ritgjörðir, sem, ef þær hefði komið frá mèr eður mínum líkum, mundu hafa verið álitnar þjóðinni til smánar *(Jón Hjaltalín:* Óekki!). Það er mèr þó nær að halda!

Pètur Pètursson: Eptir því, sem mèr virðast ræður manna falla, er engi á móti því, að nefnd sè sett; en menn óttast einúngis tímaleysið; en eg verð að segja fyrir mig, að mèr virðist mál þetta svo mikilsvert, að eg vil gefa því allan gaum. Eg get samt ekki neitað því, að mèr þykir það mjög leitt, hvað mál þetta hefir komið seint fyrir á þinginu, þó eg engan vili ásaka fyrir það, og held eg því, að eg helzt vildi hallast að því, er þingmaður Rangvellínga fór fram á, að taka málið í nefnd, þó nefndin ekki fari fram á annað eður meira, en að gefa stjórninni bendíngar um það, sem álítast mætti hagkvæmast í þessu efni; og þá get eg ekki trúað því, að langan tíma þurfi til þessa starfa, því eg gjöri ráð

fyrir, að allir þingmenn leggist á eitt með að stytta umræðurnar í þessu mikils varðandi máli, og leysa það sem greiðast af hendi.

Stefán Eiríksson: Eg er nú öldúngis samþykkur þeim mönnum, sem talað hafa í þá stefnu, að það er mjög óheppilegt, að uppástúnga þessi kemur svona seint hèr inn á þíng, því eg efa ekki, hefði hún komið fyr, að þíngið hefði tekið henni, sem menn svo kalla, *með báðum höndum.* Eg vildi einúngis leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta flutníngsmann um, hvort hann nú, eptir að hann hefir heyrt af hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* um þínglengínguna, — hèldi, að uppástúngan gæti haft nokkurt gagn af, að komast í nefnd; um þetta vildi eg fá upplýsíng, áður gengið er til atkvæða um nefndarkosníng.

Forseti: Út af því, er til mín var skotið, viðvíkjandi formi þessa máls, þá skal eg lýsa því yfir, að þó að sjálft niðurlagsatriðið sè heldur óákveðið, þá verð eg að álíta uppástúnguna í rèttu formi, þar sem niðurlagsatriði hennar þó beinlínis bindur sig við 3 uppástúnguatriði, sem eru alveg einskorðuð og bein. En úr því eg á annað borð stóð upp, skal eg geta þess, að eg fylli þann flokkinn, sem telur það bágt, að mál þetta skuli hafa komið jafnseint inn á þíng, því eins og málið er mjög mikils varðandi, eins álít eg það ekki vandalaust, að gjöra það vel úr garði og óttast fyrir því, að það nú, þegar svona er áliðið þíngsetutímann, gæti orðið í naumasmíði fyrir þínginu. Það, sem þíngmaður Rangvellínga fór fram á, að nefndin einúngis gæfi stjórninni bendíngar í þessu máli, virðist mèr allgott, og skal eg einúngis leyfa mèr, að hreifa því í sambandi hèr við, hvort ekki væri farandi fram á, að fá bráðabyrgðarlög, byggð á þeim undirstöðuatriðum, er þíngið kæmi sèr nú niður á, og að þau bráðabyrgðarlög gilti, til þess stjórnin væri búin að leggja frumvarp þessa efnis fyrir þíngið, og það að ráða málinu til lykta.

Arnljótur Ólafsson: Af því hinn heiðraði þingmaður Skaptfellínga skoraði á mig, að lýsa því yfir, hvort eg álíti þínginu fært, að taka mál þetta fyrir, skal eg enn einu sinni taka það upp aptur, að eg álít það mjög vel vinnandi; eg er viss um, að þó ekki væri sett stærri nefnd en 3 manna, sem eg hèr með leyfi mèr að stínga upp á, mundi hún geta gjört það á litlum tíma, og kæmist þá þessi nefnd í ógöngur, væri allur tíminn til, að grípa til þeirrar nýlundu, sem stúngið var upp á, eða þeirra óyndisúrræða *bráðabyrgðarlag-*

anna og *bendíngaratriðanna;* og nefndinni væri víst trúandi til, að hafa vit á því.

Ásgeir Einarsson: Eg skal ekki lengja umræðurnar; en einúngis lýsa því yfir, að eg álít menn ætti engu máli að gefa gaum, ef ekki þessu; hver sem ann verzlunarfrelsi, hlýtur að styrkja þetta mál; eg ætla ekki að tala fleira um það að sinni, en gefa atkvæði fyrir, að nefnd sè kosin.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg verð að vera á þeirri meiníngu, að mèr þykir þessu mikils varðanda máli einhvern veginn óheppilega tekið af Íslendíngum, ef þíngið hrindir því, og vill ekki gefa því neinn gaum; mèr þykir það viðfeldnara að taka það til nefndar; ef það er ómögulegt vegna tímans, þá fara menn ekki svo djúpt inn í málið, en geta þó fengið tækifæri til þess, að þíngið yfir lýsi velviljuðu áliti *sínu* við þetta mál, og að Íslendíngar vili gjarnan á allan mögulegan hátt greiða gang þess, en ekki á nokkurn hátt tálma því; fái þá þíngið ekki tíma eða ráðrúm til, að útkljá málið lögformlega, og rita konúngi um það álit sitt, svo verður það að hafa það, þegar *konúngsfulltrúi* slítur þínginu.

Gísli Brynjúlfsson: Eg stend einkum upp, til þess að þakka þíngmönnum, og þó sèr í lagi bændum fyrir það, að þeir hafa tekið svo vel í málið; því mèr þykir vænt, að það skuli sjást, að þeir hafi svo vel kunnað að meta, hve mikilvægt þetta stórkostlega fyrirtæki er. Hinn háttvirti þíngmaður Gullbríngusýslu var að því, sem mèr heyrðist hinn einasti, sem hafði nokkuð á móti nefnd, og þó mèr að vísu þyki það slæmt, þá er eg þó fús á, að fyrirgefa honum það, sökum svo margra annara kosta hans, en einkum af því mèr fannst allt, sem hann hafði móti nefndarkosníngunni að eins vera nokkurs konar bergmál af óánægju hans yfir því, að uppástúnga hans hèr um daginn, að taka ei nein ný mál til meðferðar eptir hálfnaðan þíngtíma, var svo gjörsamlega felld; og eg furða mig því ei, þó hann nú vili halda hinu sama fram. Að öðru leyti skal eg ei tala um málið sjálft, því allir hafa svo fúslega viðurkennt, að það er mjög svo mikilvægt, bæði fyrir Ísland og eins líka fyrir allan heim; en þar sem sagt hefir verið, að vèr yrðum þá líka að taka tillit til þessa, ef vèr færum að semja frumvarp, svo það kynni því að verða oss mjög erfitt, þá skal eg að eins geta þess, að það er misskilníngur að halda, að það frumvarp, sem hèr um ræðir, komi nema Íslandi einu við, þó málið sjálft í heild sinni sè mikilvægt fyrir allan heim. Eg held því að þetta þurfi ei að valda neinum vand-

ræðum; og hvað naumleika tímans viðvíkur, þá eru þó enn eptir 12 dagar af þingtimanum, fyrst nú er búið að lengja hann, svo því verður ei lengur við barið, að það sè til fyrirstöðu. Eg held því og, að hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður hafi rètt í því, að það vœri nú ósómi fyrir þingið að vilja ei taka málið til meðferðar, ekki svo að skilja, að svo gæti ei á staðið, að slíkt kynni að vera nauðsynlegt, þó um mikilvægt málefni væri að ræða; en hitt væri ósómi að sleppa því, af því menn þurfi endilega að flýta sèr svo mjög á burt, og það af orsökum, sem varla nokkur getur fengið af sèr að nefna.

Ásgeir Einarsson: Eg skal einúngis benda á það, að fyrst tíminn er svona lítill, ríður þess meir á að brúka hann vel.

Guðmundur Brandsson: Eg skal einasta leiðrètta það hjá hinum heiðraða þingmanni Skagfirðínga, að það er misskilníngur hans, ef hann heldur, að eg hafi nokkurn tíma verið á móti málinu, því það er svo langt frá því; en eg álít, að tímann bresti, til að geta lokið við það, svo í lagi fari.

Jón Pètursson: Eg álít það mjög óheppilegt, ef mál þetta ekki gæti komizt til meðferðar nú þegar á þessu þíngi, því það lítur út til þess, að farið verði að leggja þráðinn hèr alltènd 1863, og þá yrði konúngur vor að gefa lög um þetta efni, án þess áður að leggja það fyrir þíngið; en eg álít, að það væri ekki rètt af þínginu að stuðla til, að svo færi, þar sem þó um eignarrètt manna er að tala; og gæti að minnsta kosti sá póstur af þessum lögum ekki orðið *provisoriskur;* því væri einu sinni búið að afhenda eður kaupa einhverja lóð, þá yrði þó þau kaup að standa.

Jón Hjaltalín: Mèr virðist líka málið svo einfalt, því hèr væri varla um annað að tala, en að laga einhver lög, sem gilda svo að segja um allan heiminn um þessa nauðúngarsölu, eptir þörfum Íslands, og heimfæra þau hèr.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg inngangsumræðu þessari lokið, og skal eg biðja menn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í málið.

Var síðan til atkvæða gengið, og samþykkt með 21 atkvæði, að nefnd skyldi seta.

Var síðan stúngið upp á 3 manna nefnd, og í hana kosnir:

Arnljótur Ólafsson með 18 atkvæðum
Jón Pètursson . . — 15 ——
Pètur Pètursson . — 13 ——

Forseti: Dagskráin er þá á enda; en eg skal leyfa mèr, að bera undir þingið 2 bænarskrár til konúngs sem mèr eru afhentar, nefnilega *í skólamálinu og í hallærismálinu.*

Voru síðan bænarskrárnar upp lesnar og samþykktar.

1. í málinu *um hinn lærða skóla.*

Til konúngs!

»Til alþingis komu í þetta sinn 5 bænarskrár frá fundum, sem hafa verið haldnir í ýmsum hèruðum landsins, og skora þær allar á þingið, að það þegnsamlegast biði yðar hátign að breyta fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík. Þingið setti 5 manna nefnd í þetta mál, ræddi það síðan á lögboðinn hátt á 2 aðalfundum, og leyfir sèr nú þegnsamlegast að skýra yðar hátign frá áliti sínu um það á þessa leið:

Það verður ekki varið, að á seinni árum hefir tala þeirra talsvert minnkað, sem til bókmennta eru settir hèr á landi, og af skýrslum skólans sèst, að þessi fækkun fer árlega í vöxt, svo að nú útskrifast ekki fleiri á ári hverju, en áður, meðan skólinn var á Bessastöðum, og leyft var að útskrifa úr heimaskóla, og ekki fleiri, en fyrrum útskrifuðust úr öðrum latínuskólanum, meðan þeir voru tveir hèr á landi, í Skálholti og á Hólum, og kveður svo ramt að þessu, að til vandræða horfir, ef hinu sama fer fram, því að nú þegar er farið að skorta embættismannaefni, svo að sýslu- og læknaembættin eru orðin þunnskipuð, og hin rýrari brauð standa auð, hvar af nokkur meir en hálft ár hafa verið laus, af því engi hefir um þau sótt, og því síður er það orðið mögulegt fyrir hina eldri presta, að fá sèr aðstoðarpresta, eða hina veraldlegu embættismenn að geta fengið stúdenta á skrifstofur sínar, og því sízt, að nokkur upp til sveita geti fengið slíka menn, til að kenna börnum sínum. Af þessu leiðir þá líka, að þó meira sè kennt í skólanum en áður, og fjölfræði kunni þannig að hafa aukizt hjá einstökum mönnum á hinum seinni árum, þá hefir þó menntun yfir höfuð að tala minnkað í landinu, og hlýtur að fara minnkandi eptir því, sem þeir fækka, sem til mennta eru settir, og eptir því, sem sú meðvitund verður almennari, að þeir sökum fæðarinnar hljóti að fá embætti undir eins og þeir hafa lokið lærdómsiðkunum sínum, hvaða vitnisburð sem þeir að öðru leyti fá.

Þegar nú þingið þessu næst íhugar orsakirnar til þessarar fækkunar lærisveina hins lærða skóla, þá getur það ekki dulizt neinum,

sem til þekkir, að þær koma til af því fyrirkomulagi, sem nú er á skólanum, og þeim aukna kostnaði, sem skólaverunni í Reykjavík er samfara. Um þetta er almenn umkvörtun í landinu, eins og þær bænarskrár bera með sèr, sem þínginu hafa verið sendar í þessu máli. Þegar það líka er borið saman, hverju menn nú kosta til, að af ljúka lærdómsiðkunum sínum við latínuskólann og prestaskólann við það, sem skólaveran á Bessastöðum kostaði, verður þíngið að álíta þessa umkvörtun á góðum rökum byggða; því bæði er það, að hvergi á landinu er eins kostnaðarsamt að lifa, eins og í Reykjavík, eins og eðlilegt er, og að skólaveran, að með taldri verunni á prestaskólanum yfir höfuð að tala er 3 til 4 árum lengri; og þar að auki hefir skólaárið verið lengt um 1 mánuð frá því, sem áður var. Það er almennt álitið, að til verunnar á báðum þessum menntunarstofnunum gangi nú að minnsta kosti 1000 rd., auk þess styrks, sem lærdómsiðkendur fá af hinu opinbera, þar sem það á Bessastöðum ekki voru meir en 300 rd. að meðaltali, og miklu minni fyrir þá, sem höfðu heila eða hálfa ölmusu.

Af þessu er það auðsætt fyrir hvern þann, sem þekkir, hve fátæk presta- og bændastèttin er hèr á landi, að sá kostnaður, sem því fylgir, að koma sonum sínum í skóla, er ókljúfandi fyrir flesta, og ekki nema fyrir einstöku efnamenn; en af því leiðir, að margir gáfaðir og efnilegir únglíngar geta sökum fátæktar ekki gengið skólaveginn, þó þeir sè betur upplagðir til þess, en margir hinna, sem vegna betri efnahags eru settir til bókmennta. Hèr við bætist það nú einnig, að langflest embætti hèr á landi eru prestsembættin, sem, eins og alkunnugt er, eru mjög inntektalítil yfir höfuð að tala, og þetta gjörir kostnaðinn því tilfinnanlegri og fælir menn frá að ráðast í hann, þegar þeir ekki geta búizt við, að fá hann endurgoldinn, af því svo lítið er í aðra hönd, hvers vegna líka hinir efnaðri almennt reyna til, að koma sonum sínum utan, og láta þá lesa þar dönsk lög, eða, ef þeir eru skólagengnir, eitthvað annað en guðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn.

Af þessu er það auðsætt, að þó hin seinustu hörðu ár hafi aukið þá erfiðleika, sem gjöra skólagöngu lítt kljúfandi, eins og nú er ástatt, þá eiga þó þessir erfiðleikar sèr dýpri rætur en svo, að nokkur líkindi sè til, að skólinn verði betur eða nægilega sóttur, þó í ári batni, nema reynt sè til, að burtrýma þeim, einkum og sèr í lagi með því, að breyta reglugjörð fyrir lærða skólann, þannig að kennslan gæti orðið óbrotnari, skólatíminn styttri og skólaveran

kostnaðarminni, og skal þingið leyfa sèr, að taka fram þau helztu atriði í þessu efni, sem því virðast ætti að takast til greina.

Það er almennt kvartað yfir því, að það sè mjög svo örðugt, að fá inntöku í skólann, og er það almenn ósk manna, eins og líka sèst af þeim innkomnu bænarskrám, að inntökuprófið sè af tekið. Sú meiníng hefir sumsè rutt sèr til rúms út um landið, að þetta *inn*tökupróf sè of þúngt, og líklega þýngra en það er í raun og veru, og er þessi meiníng líklega sprottin af því, að nokkrir únglíngar hafa verið gjörðir apturreka við inntökuprófið, einkum fyrst, eptir að reglugjörðin var innleidd, og var það mjög óheppilegt, því það er miklum kostnaði bundið fyrir foreldra, að kosta ferð sona sinna fram og aptur úr fjarlægum sveitum; en tvöfalt tilfinnanlegri er þessi kostnaður, þegar hann verður árangurslaus, og hefir þetta gjört sitt til, að fæla menn frá að senda sonu sína til skólans. Þar að auki er það eðlilegt, að drengir í sveitum, sem lítið hafa vanizt mannfundum, verði einurðarlausir, þegar þeir nýkomnir úr langferð, eiga að fara að standa próf á ókunnugum stað fyrir ókunnugum kennurum og, ef til vill, í viðurvist annara ókunnugra, og að kennarar skólans eiga því við inntökuprófið bágt með, að fá næga þekkíngu á þessum piltum, kunnáttu þeirra og gáfnalagi; einkum þar eð skeð getur, að ólík kennsluaðferð hafi verið við þá höfð. Afleiðíngarnar af, að gjöra pilta ræka við inntökuprófið, hljóta að verða þær, að þeir, sem að þeim standa, gefast sumir upp, og hugsa ekki framar til skólalærdóms fyrir þá; en hinir verða að grípa til þess neyðar úrræðis, annaðhvort að koma þeim fyrir í *prívat*-kennslu í Reykjavík, eða þá að kosta að nýju upp á heimakennslu handa þeim í sveitum, og síðan upp á aðra ferð með þá til prófsins. Þetta ásamt öðru fleira virðist hafa dregið úr áhuga manna á heimakennslunni í sveitum, þar eð prestarnir, sem heita má, að sè einu mennirnir, sem þar búa drengi undir skóla, verða hugdeigari í, að leggja hönd á slíka kennslu, meðan þeir mega óttast fyrir, að hún kunni að þykja ónóg við inntökuprófið.

Af þessum ástæðum þykir þínginu mikið mæla með því, að þeim kröfum, sem nú eru gjörðar að skilyrði fyrir inntöku pilta í skólann, sè breytt, og að farið sè eptir vitnisburði, sem piltarnir hafa með sèr um, að þeir kunni að minnsta kosti að lesa og skrifa, nokkuð í dönsku og 4 species í óbrotnum reikníngi. En þó inntökuprófið yrði þannig af tekið, sem skilyrði fyrir inntökunni, yrði þó samt sem áður að prófa pilta við inntökuna, en einúngis til að vita, hvar og í hvern bekk þeir ætti að setjast.

Því fer svo fjærri, að skólanum geti verið nokkur hætta búin af þeirri breytíngu, sem hèr er stúngið upp á, að hún öllu fremur mundi leiða af sèr betri undirbúníng undir skólann, en nú á sèr stað, nema í einstökustu tilfellum, og það af þeirri ástæðu, að það yrði sparnaður fyrir hlutaðeigendur og í þeirra eiginn hag, að búa piltana sem bezt undir skólann, þegar þeir ætti von á, að það stytti skólaveru þeirra, af því að dvöl í Reykjavík, jafnvel með ölmusustyrk, er meiri kostnaði bundin, en upp til sveita.

En af þessu leiðir, að það yrði að gjöra piltum lèttara fyrir, en nú, við inntöku þeirra í skólann, að setjast í 2. og 3. bekk, og þetta yrði bezt gjört með því, að flytja ýmsar kennslugreinir til, t. d. náttúrusögu upp í 4. bekk, og við inntökuna einkum fara eptir kunnáttu piltsins í íslenzku, latínu og grísku. Þó piltar yrði ekki gjörðir ræk̃ir við inntökuna í skólann, er það þó sjálfsagt, að það hlýtur að vera rektor og skólastjórninni heimilt, að vísa þeim úr skólanum, sem eptir eins árs eða tveggja ára reynslu álízt óhæfilegur til lærdómsiðkana; því að bæði er þetta í sjálfu sèr eðlilegra, en að gjöra pilta ræka við inutökuprófið, og síður óvinsælt hjá almenníngi; því þó þetta einnig sè bundið kostnaði, hefir þó pilturinn við skólaveruna náð nokkurri menntun. Þetta bar einnig stundum við á Bessastöðum, og vita menn ekki til, að það hafi valdið umkvörtunum.

Þó lítil líkindi sè til, að menn sendi börn sín kornúng í skóla, getur þíngið þó ekki að öllu leyti leitt hjá sèr, að taka það fram, að það virðist óráðlegt, að yngri börn en 12 ára fái inntöku í skólann, því fæst börn eru svo bráðþroska, að þau innan þess tíma sè fær um, að leggja á sig fullkominn skólalærdóm, ei heldur hefir skólinn þá kennslukrapta, að í honum verði settur undirbúníngsbekkur; en á hinn bóginn virðist það ekki rètt, að menn yfir höfuð að tala fái inntöku í neðsta bekk eldri en 16 vetra, þegar kröfurnar ekki eru meiri en þíngið hefir stúngið upp á, og bæði gjört hægra fyrir, að setjast í 2. og 3. bekk, og þar ekki sett neitt aldurstakmark. En vegna þess, að menn opt sökum fátæktar fara seint að hugsa til skólalærdóms hèr á landi, einkum upp til sveita, virðist það tilhlýðilegt, að stiptsyfirvöldunum sè leyft, að veita mönnum inntöku í skólann, þó eldri sè en hèr er greint, ef sèrlegar kríngumstæður mæla með því.

Það hefir verið kvartað yfir því, að skólaárið hafi verið lengt um 1 mánuð frá því, sem áður var, nefnilega um júnímánuð, og

verður þingið að leggja það til, að skólatíminn sè aptur styttur, líkt og hann var á Bessastöðum, og að skólaárið sè látið byrja 1. október, en enda 1. júní; því auk þess sem kostnaður við skólaveruna þannig talsvert minnkaði, þá er einmitt júnímánuður og fyrri hluti júlímánaðar sá tími, á hverjum mestir mannfundir eru í Reykjavík, og mest ferðalög þangað úr öllum hèruðum lands*ins*, og er sá tíma sízt lagaður fyrir bóklestur únglínga, en fyrir þá undirorpinn mestum freistíngum til óreglu og iðjuleysis, og það því fremur, sem þetta er upplestrartími þeirra, og þeir þurfa þá ekki að sækja reglulega fyrirlestrartíma. Hèr við bætist það einnig, að margir piltar missa bæði þá atvinnu, sem þeir annars gæti haft, og af sjóvegsferðum með lausakaupmönnum austnr og vestur.

Það hefir lengi almennt verið viðurkennt, að hin gömlu mál sè hið bezta menntunarmeðal fyrir únglínga og kunnátta í þeim hefir um langan aldur verið eitthvað hið helzta, sem vèr Íslendíngar höfum getað talið oss til gildis; en á hinn bóginn virðist reynslan þegar hafa sýnt, að það er mjög ísjárvert, að láta únglínga læra of margt í senn, því auk þess sem það kann að sljófga gáfur þeirra og kippa úr þeim æskufjöri, þá veikir það áhuga þeirra á, að nema til hlítar nokkra einstaka kennslugrein. Þess vegna þykir þínginu það nauðsynlegt, að í skólanum sè einkum lögð stund á að kenna latínu og grísku, eins og það leiðir af sjálfu sèr, að kenna verður íslenzku svo vel, sem unnt er, og að kennslan í hinum öðrum greinum sè löguð sem mest eptir þörfum lands vors, en jafnframt dregin saman eins og verður, með því það er álit þíngsins, að kennslunni yfir höfuð ætti að haga þannig, að það þó væri mögulegt fyrir þann, sem sezt í neðsta bekk, að ljúka sèr af í skóla á 6 árum, ef hann væri gáfaður og iðinn.

En að öðru leyti virðist það ísjárvert, alveg að sleppa nokkurri kennslugrein, sem nú er kennd í skólanum, því að þetta er rèttur, sem fenginn er, og sem menn varlega eiga að afsala sèr. Þó hlýtur þetta að vera komið undir kríngumstæðum; en að leggja það á vald skólapilta, hvort þeir vili nema einhverja kennslugrein, er hèr um bil hið sama, sem að burt nema hana úr skólakennslunni.

Það liggur í augum uppi, að það veldur talsverðum erfiðleika fyrir únglínga, að nema það sem kennt er á annarlegu máli, þó þeir skili það nokkurn veginn, og því er það álit þíngsins, að nauðsynlegt sè, að í skólanum sè hafðar íslenzkar kennslubækur, og að

skólastjórnin hlutist til um, að kennendurnir semi þær mót hæfilegri borgun úr skólasjóðnum.

Auk þess sem kostnaðarauki á skólaverunni í Reykjavík er einhver hin helzta orsök til fækkunar lærisveina latínuskólans, þá mun það ekki vera öldúngis áhrifalaust á þetta mál, að ótti fyrir því er almennur hèr á landi, að kaupstaðarlífið í Reykjavik geti hæglegar leitt únglínga til óreglu og drykkjuskapar, en áður var á Bessastöðum, og því hefir ein bænarskrá til þíngsins farið því á flot, að engi fengi inngöngu í skóla, nema hann gengi í fullkomið bindindi.

Þíngið er fullkomlega sannfært um, að skólameistarinn og kennarar skólans muni með mestu samvizkusemi vaka yfir reglu og siðsemi skólapilta, eins og þeim er frekast unnt. En eptir því fyrirkomulagi, sem nú er á skólanum, er þetta bundið miklum erfiðleikum, því bæði er það, að bæjarsveinar geta ekki verið háðir eins ströngum skólaaga eins og heimasveinar, nema í fyrirlestrartímunum, og líka virðist það ofætlun að slengja allri umsjón um skólapilta upp á kennendurna, sem hafa svo mörgum öðrum störfum að gegna, og sem geta verið ágætir kennarar, þó þeir, ef til vill, ekki sè allir eins vel fallnir til slíks starfa.

Jafnvel þó þíngið ekki geti aðhyllzt þá uppástúngu, að engi fái inntöku í skóla, nema hann gangi í fullkomið bindindi, virðist þó nauðsynlegt, að það sè tekið fram með beinlínis ákvörðun í reglugjörðinni, að drykkjuskapur og sèrhver önnur megn óregla sè útrekstrarsök úr skóla, ef skólasveinninn þrátt fyrir ítrekaðar áminníngar skólameistarans, eigi lætur af þessu háttalagi sínu, svo þetta komist ekki einúngis inn í meðvitund skólapilta, heldur og verði hljóðbært um landið, og geti þannig burtrýmt öllum hèr að lútandi ótta hjá þeim, sem að piltunum standa. Að vísu álítur þíngið það ákjósanlegt, ef samblendi skólapilta við bæjarmenn yrði nokkuð takmarkað, en treystist þó ekki til, að gjöra um það beina uppástúngu, af því það er efunarmál, hvort óskandi væri, að *„Oeconomia“* yrði innleidd í skólanum, eins og áður var. Þíngið fær ekki betur sèð, en að það verði nauðsynlegt að setja umsjónarmann við skólann, helzt menntaðan mann, en um fram allt ráðsettan reglumann, til þess, undir yfirumsjón rektors, að við halda reglu í skólanum. Þessi umsjónarmaður yrði að vera hæfilega launaður, og mundi það eigi verða svo mikill kostnaðarauki, ef hann fengi leigulausan bústað í skólanum, og einkum ef hann jafn-

framt gæti annast dyravarðarstörf, og væri sjálfur svo menntaður, að hann gæti haft nokkra tímakennslu á hendi. Það virðist sanngjarnt, að sá, sem vegna drykkjuskapar er rekinn úr skóla, megi eiga þangað apturkvæmt að ári liðnu, ef hann með áreiðanlegum vitnisburðum sannar, að hann hafi bætt ráð sitt.

En eins og allar mögulegar skorður ætti að reisa við drykkjuskap og óreglu í skólanum, þannig virðist það á hinn bóginn eiga mjög vel við, að þeim piltum, sem skara fram úr öðrum að ástundun, siðsemi og framförum, sèr í lagi í hinum gömlu málum og íslenzku, sè veitt verðlaun, eða sæmdargjöf, þegar þeir hafa af lokið burtfararprófi, t. d. í góðum og velumvönduðum bókum, því að slík viðurkenníng er mikil upphvatníng fyrir menn á æskualdri, til að neyta krapta sinna.

Ef hinar áðurtöldu uppástúngur þíngsins yrði teknar til greina, mundi kostnaðurinn við skólaveruna í Reykjavík talsvert minnka, en einkum mundi skólinn þannig geta laðað fleiri að sèr, en nú er, en þar af leiddi þá líka, að hin opinbera hjálp, sem skólapiltar fá, yrði að standa í rèttu hlutfölli við fjölgun þeirra, og þess vegna sýnist það nauðsynlegt, að ölmusunum við skólann, sem nú eru 24, væri aptur fjölgað, svo þær yrði 40, eins og þær voru í Skálholti og á Hólum, og er þíngið því betri vonar um, að þetta mundi fást, sem í allrahæstum úrskurði frá 17. maí 1805 er sagt, að þeim skuli fækka *fyrst um sinn,* því þar með virðist gefin von um, að þeim verði aptur fjölgað, hvenær sem nauðsyn krefur. Að sönnu hefir upphæð hverrar ölmusu verið talsvert aukin frá því, sem áður var, nefnil. frá 60 til 100 rd.; en þessi viðauki getur ekki, þegar talað er um fjölgun þeirra aptur, orðið tekinn til greina, af því hann stendur ekki einu sinni í rèttu hlutfalli við hinn aukna kostnað, sem skólaverunni í Reykjavík er samfara, þar sem 60 rd. voru nógir til að borga með fæði og þjónustu piltsins á Bessastöðum; en til þessa þurfa nú að minnsta kosti 130 rd. Þar að auk er það aðgætanda, að í hinum eldri skólum landsins, í Skálholti og á Hólum, voru skólapiltar ekki einúngis fæddir, heldur og klæddir á kostnað hins opinbera, svo að strangt tekið ætti þeir nú heimtíng á hinu sama. Það virðist auðsætt, að þeir, sem eru búsettir í Reykjavik, eiga hægra með að láta syni sína ganga í skóla en menn upp til sveita, því þeir þurfa hvort sem er, að fæða þá, og eru lausir við ferðakostnað þeirra, og því er það tilhlýðilegt, að þeim piltum, sem ekki eiga heima í Reykjavík, einkum úr fjarlæg-

ari hèruðum, sè veitt ölmusa fyrir piltum í Reykjavík, nema því að eins, að sèrlegar ástæður mæli fram með hinu. Að sönnu mun þessari regla við ölmusuveitíngarnar almennt vera fylgt, en þínginu þykir þó nauðsynlegt, að það sè beinlínis tekið fram, svo það verði heyrum kunnugt, og komist inn í meðvitund landsmanna.

Að vísu er því farið á flot í einni bænarskránni til þíngsins, að skólinn verði sem fyrst fluttur aptur að Bessastöðum, en slík breytíng er svo stórkostleg og svo miklum erfiðleikum bundin, að þíngið sèr sèr ekki fært, og álítur ekki heldur að þessu sinni nauðsynlegt, að ráða til þess; því ef þeirri breytíngu á fyrirkomulagi hans yrði framgengt, sem þíngið hefir stúngið upp á, má treysta því, að hún mundi verða einhlít til að bæta reglusemi, fjölga skólapiltum og gjöra skólann geðfelldan landsmönnum. En þessi uppástúnga um flutníng skólans er vottur um þann lifandi áhuga, sem landsmenn hafa á þessu mikilvæga máli, og um þá þörf, sem vera muni á að vinda bráðan bug að endurbót skólans.

Og með því þíngið einnig er sannfært um þessa brýnu nauðsyn, leyfir það sèr þegnsamlegast, að biðja yðar konúnglegu hátign, þegar í haust að setja nefnd manna, einkum kennslufróðra, í Reykjavík, til að semja nýja reglugjörð fyrir skólann.

En af því það leiðir af hlutarins eðli, að sú breytíng á fyrirkomulagi skólans, sem þíngið hefir stúngið upp á, með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem gjörðar yrði í hinni umbeðnu nýju skólareglugjörð, ekki getur komizt á allt í einu, heldur þarf að hafa nokkurn tíma fyrir sèr, til að sýna verkanir sínar, meðan sannfæríng um verulega endurbót skólans er að ryðja sèr til rúms í huga manna út um landið, hefir þíngið ekki getað leitt þá spurníngu hjá sèr, hvernig í bráð verði bætt úr þeim skorti á embættismannaefnum, sem nú vofir yfir, og sem þegar svo tilfinnanlega er farinn að láta sig í ljósi, og hefir þíngið komizt til þeirrar niðurstöðu, að hið einasta ráð, til að ráða úr þessum vandkvæðum, sè að innleiða hèr aptur, en þó einúngis *fyrst um sinn* og með *vissum takmörkunum* þá heimakennslu og þann rètt til að útskrifa úr heimaskóla, sem einstakir menn höfðu hèr um langan tíma.

Það var sumsè leyft, að hver, sem hefði tekið embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, án tillits til þess, hvaða vitnisburð hann hafði, mætti útskrifa pilta, og var það tekið gilt bæði við háskólann, og eins gátu þeir, sem þannig útskrifuðust, fengið prestsembætti hèr á landi. Ennfremur var einstöku mönnum, sem ekki

höfðu fengið menntun erlendis nè tekið þar embættispróf veitt hið áðursagða útskrifunarleyfi, þegar það þóttu menntaðir menn, og höfðu lengi fengizt við heimakennslu. Nefnd sú, sem sett var til að íhuga þetta mál, hafði stúngið upp á, að takmarka svo mjög þenna rètt, til að útskrifa fyrst um sinn, að hann ekki veittist öðrum en þeim, sem hafa fengið bezta vitnisburð við háskólann, *doctorum* í heimspeki og kennendum við prestaskólann og hinn lærða skóla, með því hún áleit, að eins og *doctors*-gráðan gæfi næga vissu fyrir lærdómi þeirra, eins væri staða og embættisreynsla þessara kennenda nægilega tryggjandi, þó einhver þeirra hefði, ef til vill, annaðhvort ekki fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann eða alls ekki tekið það. En einn af þingmönnum bar það upp á þinginu, að þessi rèttur þar að auki væri veittur þeim, sem hèr eptir fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá skólanum í Reykjavík og embættispróf við háskólann; þeim sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá lærða skólanum, og við *examen philosophicum* við Kaupmannahafnarháskóla og þeim, sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá lærða skólanum, í prófi í forspjallsvísindum og við próf í prestaskólanum í Reykjavík, og fèkk þetta breytingar- eða viðaukaatkvæði samþykki þingsins. Þingið getur ekki heldur sèð menntun hèr á landi neina hættu búna af þessari rýmkun, því bæði er það, að embættisprófið við háskólann fram fer nú á dönsku, og getur því ekki haft eins mikla þýðingu og áður í tilliti til undirbúningsmenntunar og einkum hinna gömlu mála, og líka hitt, að þetta á einúngis að vera bráðabyrgðarákvörðun og ekki líkindi til, eins og nú er ástatt, að of margir noti sèr hana. Þar að auki er það meining þingsins, að þetta sè bendingar fyrir þá nefnd, sem beðið er um, að hèr verði sett í haust, til að semja nýja reglugjörð fyrir hinn lærða skóla, og því hefir þingið líka stúngið upp á því, að 2 af þessum kennslufróðu nefndarmönnum mætti vera búsettir embættismenn fyrir utan Reykjavík, og sem hefði fengið þær lærdómseinkunnir, sem áður eru til teknar. Þingið gjörir sumsè ráð fyrir, að í nefndinni verði 5 menn, og álítur því hentugt, að einhver eigi þar sæti, til að gefa atkvæði sitt um heimakennsluna og fyrirkomulag hennar.

Þessum uppástúngum til enn frekari tryggingar leyfir þingið sèr að stínga upp á því, að hvenær sem einhver þessara manna ætlar að útskrifa nokkurn, þá skuli hann fyrirfram gefa það stiptsyfirvöldunum til kynna, og að þau þá kjósi tvo menntaða menn, til að

vera prófdómendur, og sendi þeim í því skyni latínskt stílsefni og íslenzkt ritgjörðarefni, og tiltaki einhverja staði til skriflegrar og munnlegrar útleggíngar í latínu, en einúngis til munnlegrar útleggíngar í grísku í þeim rithöfundum, sem lesnir eru í hinum lærða skóla, það er að skilja: sem eiga að lesast þar samkvæmt reglugjörðinni, og gæti þá prófdómendurnir sent stiptsyfirvöldunum ritgjörðirnar að afloknu prófinu. Því hefir verið hreift af einhverjum einstökum manni á móti þessari bráðabyrgðaruppástúngu, að það mundi ekki verða kostnaðarminna að koma sonum sínum til kennslu í heimaskóla en í hinum lærða skóla, en jafnframt verið látinn í ljósi ótti fyrir því, að of margir mundu hagnýta sèr heimakennslu, svo að hún dragi menn frá latínuskólanum. En það er ekki hægt að sjá, hvernig þessu verður rýmt saman, nema það sè meiníngin, að hinn árlegi kostnaður muni að sönnu verða eins mikill í heimaskóla, en von um styttri skólaverutíma muni þó draga menn, og það um of, að heimakennslunni.

Þíngið verður að álíta þessa skoðun ranga og þykist með fullri vissu sjá fram á það, að fáist hið umbeðna leyfi, muni einstakir menn, sem eru vel að sèr, og hafa gaman af bókiðnum taka nokkra pilta til kennslu, og að einstakir menn, sem eiga gáfaða syni, en hafa ekki ráð til að kosta þá í latínuskólanum, eða eru í fjarska frá Reykjavík, muni koma þeim fyrir til kennslu hjá þessum mönnum, og það sem fyrst, þegar þeir eiga von á, að slíkt leyfi verði apturkallað undir eins og fullkomin endurbót er komin á hinn lærða skóla. Þetta er staðfest af reynslunni, því hún sýnir, að heimakennslan hefir aldrei dregið menn frá latínuskólanum, þegar hann var lagaður eptir landsins þörfum; og á Bessastöðum gátu ekki nærri því allir fengið skóla, sem um hann sóktu á ári hverju. Með þessu er því öldúngis ekki neitað, að *privat-dimission* hèr hafi haft sína galla, og að sumir, sem þannig útskrifuðust, hafi verið miður menntaðir menn. En auk þess, sem þetta hlýtur að eiga sèr stað, jafnvel í hinum beztu skólum, þá er það allt að einu víst, að margir, sem hafa útskrifazt úr heimaskóla, hafa orðið miklir lærdómsmenn, því að hið íslenzka sveitalíf er svo leiðis lagað, að það gefur þeim sem náttúraðir eru fyrir bókmenntir, bezta næði og tækifæri til að nema, og halda lærdómsiðkunum sínum áfram. Það er því einkum hèr meir komið undir mönnunum sjálfum og lífsstöðu þeirra, en löngum skólagangi, hvort þeir verða lærdómsmenn eða ekki. Þar að auki verður því ekki neitað, að heimakennslan, með-

an einstökum mönnum var leyft að útskrifa, hafði marga góða kosti, því auk þess, sem menn þá höfðu sterka hvöt til að við halda lærdómi sínum og kennendurnir sjálfir urðu sannir visindamenn, þá mynduðust þannig smáskólar hèr og þar út um landið, og við það glæddist menntunarfýsn og vísindalíf í landinu, sem hafði heillarík áhrif á hugsunarhátt almennings, og þegar stúdentafjöldinn var svo mikill, að allir ekki gátu fengið embætti, settust þeir að í sveitunum og bjuggu þar búi sínu, eins og bændur, og með því þeir þannig urðu náttúrlegt samtengíngarband milli embættismanna- og bændastèttarinnar, eyddu þeir allri þeirri tortryggni og kala milli þessara stètta, sem hvervetna hreifir sèr meira eða minna, og sem því miður einnig hefir bólað á hèr í landi á seinni tímum. Loksins hefir því verið hreift á móti hinni umbeðnu bráðabyrgðar-ákvörðun, að það kynni að leiða til nokkurra ranginda við brauðaveitíngar, þar eð sá, sem útskrifaðist úr heimaskóla yrði að takast til jafns við þann, sem útskrifaðist úr latínuskólanum, ef þeir fengi sama vitnisburð við burtfararpróf frá prestaskólanum, þó hinn fyr taldi hefði minni undirbúníngsmenntun; en ætti þessi mótbára að hafa nokkra þýðíngu, þá yrði það nú að vera gefið, að stiptsyfirvöldin ætti að fara og færi eptir því við brauðaveitíngar, hvort einhver hefði fengið 1. eða 2. aðaleinkunn frá hinum lærða skóla; en þetta ætlar þíngið, að ekki eigi nè geti átt sèr stað, því að það er ómögulegt, að gefa svo einskorðaðar reglur fyrir brauðaveitíngum, að þær verði ekki meðfram komnar undir áliti stiptsyfirvaldanna á hæfilegleikum sækjandanna yfir höfuð og sèrstaklegum kríngumstæðum, og því verður undirbúníngsmenntun hvers eins ekki nema einstakt atriði í þessu máli, sem því að eins getur tekizt til greina, að sækjendurnir að öðru leyti álítist jafn hæfilegir. Þegar nú enn fremur er gætt að hinu sèrstaklega ásigkomulagi þessa lands, að fátækt þess í samanburði við Danmörku, og að því, hve tekjulítil embættin eru, að fáeinum sýslumannaembættum undan teknum, þá liggur það í augum uppi, að aðaltilgangur menntunarstofnana hèr á landi getur yfir höfuð að tala ekki verið sá, að gjöra lærdómsiðkendur að vísindamönnum, heldur útvega þeim þá menntun, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir góðri embættisfærslu; þegar þess nú enn fremur er gætt, að þíngið stíngur upp á heimakennslu og leyfi fyrir einstaka menn til að útskrifa einúngis til bráðabyrgða, til að bæta úr yfirvofandi embættismannaskorti, sem svo mikið kveður að, hvað prestsstèttina snertir, að nú eru ekki nema 2 aðstoðarprestar til á öllu

landinu, fjöldi presta hniginn á efra aldur, og engir eldri stúdentar, sem til verði tekið, en að alls eru 3 eða 4 brauðlausir kandidatar frá prestaskólanum, sem fást við barnauppfræðíngu hèr í Reykjavík, og enn ekki hafa viljað sækja um hin minni brauð; þegar þess er gætt, að uppástúnga þíngsins í þessu efni er ekki nýmæli, heldur að þessi venja hefir lengi átt sèr stað, að margir, sem útskrifast hafa úr heimaskóla, hafa ekki einúngis reynzt duglegir embættismenn, heldur og verið vel menntaðir, að þíngið hefir reynt til, að tryggja það sem bezt, að þetta leyfi yrði í hverju einstöku tilfelli tilhlýðilega notað — þegar þessa er gætt og jafnframt hins, að þeir, sem þannig læra í heimaskóla, venjast sveitalífinu frá blautu barnsbeini, verða nákunnugir öllum hugsunarhætti almennings, og una betur hag sínum á hinum sárlitlu brauðum, en hinir, sem í mörg ár hafa vanizt á kaupstaðarlíf og koma í sveitina með meiri kröfur, þá getur þíngið ekki sèð, að sú uppástúnga, sem hèr ræðir um, geti í nokkru tilliti haft ísjárverðar afleiðíngar, heldur verður að skoða hana sem nauðsynlega bráðabyrgðarákvörðun.

Samkvæmt framansögðu leyfir þíngið sèr þegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir yðar hátign, með 20 atkv.:

A. Að yðar hátign þegar láti breyta reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík þannig (í einu hljóði):

1. *a.* Að inntökuprófið falli burt sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, en að öðru leyti sè farið eptir vitnisburði, sem piltarnir hafa með sèr, að þeir kunni að minnsta kosti að lesa og skrifa, nokkuð í dönsku, og 4 species í óbrotnum reikníngi (í einu hljóði).

   b. Að þeir þó sè prófaðir við inntökuna, en að eins til að vita, hvar og í hvern bekk þeir skuli setjast (í einu hljóði).

2. Að engi inntakist yngri í skólann en 12 ára og engi í neðsta bekk eldri en 16 ára, en aptur á mót sè inntaka í 2. og 3. bekk lètt með því að flytja ýmsar kennslugreinir til (með 16 atkv. gegn 2).

   Þó sè stiptsyfirvöldunum leyft að veita mönnum inntöku í skólann, þó eldri sè, ef sèrlegar kríngumstæður mæla með því (með 18 atkv. gegn 2).

3. Að skólaárið sè stytt þannig, að það byri 1. okt., en endi 1. júní (með 20 atkv.).

4. Að einkum sè lögð stund á að kenna íslenzku, latínu og grísku, en að kennslan í hinum öðrum greinum sè löguð sem mest

eptir þörfum lands vors, og dregin saman, eins og verður, svo að skólatíminn þurfi ekki að vera lengri en 6 ár fyrir þann, sem sezt í neðsta bekk (í einu hljóði).

5. Að hafðar sè íslenzkar kennslubækur (með 20 atkv.) er skólastjórnin hlutist til um, að kennendur hins lærða skóla semi mót hæfilegri borgun úr skólasjóðnum (með 17 atkv.).
6. Að launaður *inspector* eða umsjónarmaður sè settur við skólann til þess, undir yfirumsjón skólameistarans, að við halda reglu í honum (með 19 atkv.)
7. Að drykkjuskapur og sèrhver önnur megn óregla sè útrekstrarsök úr skóla (í einu hljóði), ef skólasveinninn, þrátt fyrir ítrekaðar áminníngar skólameistarans eigi lætur af þessu háttalagi sínu (með 13 atkv. gegn 3).
8. Að þeim piltum, sem skara fram úr öðrum að siðsemi, ástundun og framförum, sèr í lagi í hinum gömlu málum og íslenzku, sè veitt verðlaun eða sæmdargjöf (með 20 atkv.), þegar þeir hafa af lokið burtfararprófi (með 18 atkv. gegn 1).
9. Að ölmusunum sè fjölgað við skólann, svo þær verði 40, eins og þær voru í Skálholti og á Hólum (með 20 atkv.).
10. Að piltum, sem ekki eiga heima í Reykjavík, einkum úr fjarlægari hèruðum, sè veitt ölmusa fyrir piltum í Reykjavík, nema því að eins, að sèrlegar ástæður mæli fram með hinu (með 20 atkv.).

B. Að konúngur mildilegast, þegar í haust, seti nefnd manna, einkum kennslufróðra, til að semja nýja reglugjörð fyrir skólann, samkvæmt áðurtöldum uppástúngum (með 19 atkv.), og að 2 af þessum mönnum sè búsettir embættismenn fyrir utan Reykjavík, og sem hafi þær lærdómseinkunnir, sem tilteknar eru undir staf. C hèr á eptir (með 12 atkv. gegn 5).

C. Að konúngur mildilegast með allrahæstum úrskurði veiti fyrst um sinn rètt til að útskrifa pilta úr heimaskóla þeim mönnum, er nú skal greina:

a. *Þeim,* sem hafa fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, *doktorum* í heimspeki og kennurum við prestaskólann og hinn lærða skóla í Reykjavík (með 18 atkv.).

b. *Þeim,* sem hèr eptir fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá skólanum í Reykjavík og embættispróf við háskólann (með 16 atkv.).

c. *Þeim,* sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá lærða skólanum og við examen philosophicum við Kaupmannahafnarháskóla (með 14 atkv. gegn 7).

d. *Þeim,* sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá lærða skólanum, í prófi í forspjallsvísindnm og við próf í prestaskólanum í Reykjavík (með 12 atkv. gegn 4).

e. Að hvenær sem einhver þessara manna ætlar að útskrifa nokkurn, þá gefi hann það stiptsyfirvöldunum fyrirfram til kynna, og útnefna þau þá tvo menntaða menn til að vera prófdómendur, og sendi þeim í því skyni latínskt stílsefni og íslenzkt ritgjörðarefni, og tiltaki einhverja staði til skriflegrar og munnlegrar útleggíngar i latínu, en einúngis til munnlegrar útleggíngar i grísku, í þeim rithöfundum, sem lesnir eru í hinum lærða skóla (með 19 atkv.).

Reykjavík, 30. júlí 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Pètur Pètursson.

2. Í málinu til *að koma í veg fyrir hallæri.*

»Til konúngs.

Alþíngi hafa borizt til handa bænarskrár og umkvartanir, frá Skagafjarðar-, Gullbríngu- og Kjósar- samt Borgarfjarðarsýslu, þess efnis, að yðar konúnglegri hátign yrði allraþegnsamlegast skýrt frá harðæri því, er nú drottnar sumstaðar yfir landi voru, og borin fram bænarskrá um allramildilegasta hjálp, til að afstýra hinum megnustu bágindum, og sporna við mannfelli. Þíngið kaus 5 manna nefnd, til að íhuga málefni þetta, og að því búnu var það rætt á 2 fundum samkvæmt þíngsköpum vorum, og nú leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að láta álit sitt í ljósi, og bera bæn sína fram fyrir yðar hátign á þessa leið:

Bænarskrá Skagfirðínga fór því fram, að veittir yrði 50,000 rd. af kollektusjóðnum, til að verjast harðærinu. Þessi bænarskrá leit yfir land allt og þótti heldur yfirgripsmikil, óákveðin og stórtæk; nefndinni og þínginu virtist því eigi nægar ástæður fyrir því, að leggja hana til grundvallar fyrir bæn sinni, heldur þótti betur við eiga, að takmarka skoðun sína og bænir við bónarbrèf þau, er fram höfðu komið frá Gullbríngu-, Kjósar- og Borgarfjarðarsýslum, því í þeim var einúngis beðið um svo mikinn peníngastyrk, sem nægja virtist, til að kaupa kornbyrgðir fyrir handa íbúum þeirra

sýslna, svo þeir gæti varizt húngurdauða á komanda vetri, enda hafa þegar komið hèr að lútandi yfirlýsíngar og bænir til hlutaðeigandi yfirvalda framan af sumrinu, að því sem upplýstist í umræðunum um málið. Hin síðustu ár hèr á undan má með öllum sanni telja með hinum hörðustu, sem komið hafa yfir Ísland um langa æfi, óveðrin verið hörð og langvinn, sjórinn fyrir vestur-, norður- og austurströndum landsins einatt ísum þakinn, afli verið stopull og aðflutníngar torsóttir, landið gróðurlítið sökum vorkulda, og nýtíng í mörgum sveitum misjöfn, fènaðarhöld, einkum fyrir sakir fjárkláðans, hin erfiðustu; ofan á allt þetta bættist það, að árið 1860 var frá upphafi til enda, eitt með lakari fiskiárum á Suðurlandi; þó hefði menn getað varizt, ef vetrarvertíðin, sem leið, hefði ekki í öllum veiðistöðum við Faxaflóa, misheppnast svo gjörsamlega, að eigi munu dæmi til slíks aflaleysis á öld þessari. Það er til dæmis um neyð þá og skort, er aflaleysi þetta hlýtur að hafa í för með sèr fyrir fyr nefnd hèruð, að reyndir verzlunarmenn hafa talið fisk- og lýsisútflutníng frá Faxaflóa 150—200,000 dala virði í góðum meðalárum, en í ár muni sá útflutníngur nema að eins 50,000 rd. í mesta lagi.

Nú er það alkunnugt, að á Suðurlandi lifir mikill fjöldi manna, og svo þúsundum skiptir, öllu fremur af sjó og sjávarafla, en af fjárrækt og landbúnaði; þetta á sèr stað um nokkurn hluta Borgarfjarðar- og Árnessýslu, en þó einkum um Kjósar- og Gullbríngusýslu. Í hinni síðast nefndu sýslu býr ógrynni tómthúsmanna, sem alls engan kvikfènað hefir eða grasnyt, en lifir eingöngu á sjávarafla; misheppnist hann, þá er allur sá flokkur á flæðiskeri, forðabúr eru engi, fátæktin mikil, sveitasjóðir engir, kaupstaðarskuldir miklar, kaupmenn hafa liðið stóran hnekki í verzlun sinni af fjárfellinum og fiskileysinu, hafa litlar sem engar kornbyrgðir, vilja ekki og geta ekki lánað í skuld á skuld ofan, þegar ekkert er í móti að greiða. Sumarið, sem nú stendur yfir, hefir ekki getað við rètt þá vesöld, sem hèr ríkir í sjávarsveitunum eptir undanfarinn vetur. Fiskiafli í vor og í sumar hefir verið, þegar litið er yfir allar veiðistöður syðra, í lakara meðallagi; margir húsfeður í Gullbríngusýslu hafa ekki að kveldi, hvað þeir skuli leggja sèr til munns að morgni.

Þegar nú alþíngið virðir fyrir sèr ástandið, eins og það er hèr syðra í sjávarsveitum Borgarfjarðar-, Kjósar- og Gullbringusýslu, og sömuleiðis þar eð því er kunnugt, að víðar á landi hèr er tæplega statt með bjargræði manna, þá sèr þíngið ekki annað fært en

leita til yðar hátignar, og allraþegnsamlegast beiðast fjárstyrks, til að kaupa matvæli fyrir handa þeim, sem bágstaddastir eru, svo spornað verði við búngri og manndauða, þegar vetrar að. En þennan fjárstyrk virtist þínginu rèttast að ákveða sem minnstan, að komizt yrði af með, að venjuleg leiga yrði af því lánsfè goldin, og höfuðstólnum svarað aptur í ákveðnum skömmtum.

Þess vegna leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast með 18 atkvæðum, að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

1. (Í einu hljóði) að stjórn yðar hátignar hlutist til, að nú í sumar verði veitt úr kollektusjóðnum peningalán, að minnsta kosti 7000 rd., til að kaupa kornvöru fyrir handa þeim sveitum í Borgarfjarðar-, Kjósar- og Gullbríngursýslu, sem bágstaddastar eru, og að fjárlán þetta megi þannig endurgjalda, að 1000 rd. sè goldnir á ári með 4 pc. rentu, þangað til lánið er alveg greitt
2. (Með 10 atkv. gegn 8) að stjórnin einnig veiti hinum öðrum sýslum landsins, sem bágstaddastar eru, kost á láni úr kollektusjóðnum gegn laga vöxtum, með hæfilegum gjaldfresti, þegar þess yrði farið á leit af hlutaðeiganda amtmanni.

Reykjavík, 30. júlí 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Páll Melsteð.*

Síðan gat *forseti* ýmsra mála til næstu dagskrár, og ákvað næsta fund á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

Tuttugasti og áttundi fundur — 31. júlí.

Forseti gat þess, að hinn 5. konúngkjörni þingmaður og þingmaður Húnvetninga hefði tilkynnt sèr, að þeir sökum forfalla ekki gæti komið á fund í dag.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til *undirbúningsumræðu* málið *um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.* *Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga.

Málið afhent *framsögumanni*, er las upp nefndarálitið svo látanda:

»Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd, til þess að segja álit vort um ýmsar bænarskrár og umkvartanir, er til þess hafa komið, viðvíkjandi veiðum útlendra fiskimanna, einkum Frakka, á fiskimiðum vorum umhverfis landið. Vèr höfum síðan nákvæmlega íhugað málið og leyfum oss nú að bera svofellt álit vort fram fyrir þingið:

Þær 5 bænarskrár, sem þinginu fyrst bárust, og nefnd var upphaflega sett um, voru frá sýslufundi Snæfellinga í Þórnesi, frá Vestmanneyjum, frá sýslufundi Barðstrendinga að Kollabúðum, og Austfirðinga að Vallanesi, og svo frá Þingvallafundinum; en síðan hafa við bæzt áskorun þingmannsins úr Gullbringu- og Kjósarsýslum, er lesin hefir verið hèr í salnum, og enn ein bænarskrá frá fundi í Ísafirði, er vísað var til nefndarinnar. Beri menn nú saman þessar bænarskrár og umkvartanir, þá er það fljótt auðsætt, að þær verða að lýsa ástandinu við sjáfarsíðuna í mestum hluta landsins, og einmitt alstaðar, þar sem hinir útlendu fiskimenn einkum hafa stöðvar sínar, frá Hornbjargi fyrir vestan og svo suður og austur með landi til Lánganess, og það má því með sanni segja, að menn verði að álíta það almannaróm allra viðkomanda, sem þær bera fram, auk þess, að það er oss líka kunnugt, að slíkt hið sama mundi einnig mega segja um allar norðurstrendur landsins og flóana þar frá Langanesi og vestur til Hornbjargs aptur, þó oss hafi nú ei borizt neinar bænarskrár eða umkvartanir í þá stefnu þaðan að. En skoði menn nú enn fremur efni þessara skjala, er fyr voru talin, þá má enn sannlega segja, að sá almennaróm ur, sem lýsir sèr svo berlega og samhljóða í þeim öllum, sè það, að hinir útlendu fiskimenn spilli mjög svo fyrir öllum innlendum veiðum hèr við land, og búi með því öðrum hinum helzta bjargræðisvegi vorum hinn mesta og bersýnilegasta háska; því öllum þessum skjölum, sem nefndinni hafa borizt, ber alveg saman um það, að fiskileysi það, sem farið hefir að bera á í aðalveiðistöðvum vorum á hinum síðustu árum, og sem einkum hefir verið svo tilfinnanlegt við allan Faxaflóa veturinn, sem leið, muni að miklu leyti vera sprottið af yfirgangi þeim, er hin útlendu fiskiskip hafa í frammi við oss jafnvel á grunnmiðum, og af öðrum þeim áhrifum, sem öll aðferð þeirra sýnist að verða að hafa á fiskigöngurnar. *Í bænarskránni frá Austfjörðum segir svo:* »Það er óþolanlegra »og skaðvænna, en frá verði skýrt, hvaða niðurdrep nefndur yfir»gangur og átroðningur gjörir sjávarútveg landsmanna sjálfra, er

»þessir útlendu fiskimeun sækja aflann á vorin, að kalla fast iun »undir land, og þar með draga hann *svo langt frá landi*, að lands- »menn sjálfir ekki geta fyrir þá skuld neitt til hlítar aflað á þeim »tíma, sem þeim flestum þar til hentugastur er, nefnilega fyrir »heyannir hvers árs. *Í bœnarskránni frá Vestmannaeyjum er þannig til orða tekið,* og má heita, að Eyjamenn tali þar *einnig í nafni Skaptfellínga og Rángœínga,* sem einmitt margir sækja sjó í Vestmannaeyjum: »Svo má segja, að í stúf stíngi hèr með fiski- »veiðar, þegar hin útlendu fiskiskip eru hèr að landi komin, og »bæði fiska á miðum vorum, og allt í kríngum þau, og með nið- »urburði af fiskslógi draga allan fisk út til djúps, þar sem oss á »opnum bátum er ómögulegt að leita aflans; og er það ei ofsagt, »að hèr megi stundum sjá í einum flota, allt að 100 útlendum »fiskurum (þ. e. fiskiskipum), rètt á og við fiskimið vor«. Hið sama er og að sjá af bœnarskránum að vestan, en *einkum lýsir þó þíng- maður Gullbríngu og Kjósarsýslu vel, hvernig þessu er háttað við Faxaflóa,* og ber þess að geta, að hið sama á og við um alla ströndina frá Þjórsárósi og til Grindavíkur, þar sem honum er gagnkunnugt, hvernig til hagar í hinum helztu verstöðum, *í Þorláks- höfn og Selvogi,* hann segir svo í þeirri áskorun sinni til þíngsins, er fyr er getið: »Aldrei hefi eg heyrt getið um þvílíkan fjölda af »útlendum fiskiskipum, sem á tèðri vertíð, og það næstum á grynnstu »fiskileitum, svo að róðrarskip landsmanna voru margopt dýpra en »hin, og stundum þeim samsíða. Áður en þessi útlenda skipa- »mergð kom á fiskimiðin, var nægur fiskur fyrir víðast austur með »öllu landi, en eptir fáa daga brá svo við, að fiskurinn hvarf, fyrst »að austanverðu, svo í Grindavík, og seinast í Höfnum, allt eptir »því, sem skipin færðust vestur með landinu. Fiskileysið í vetur »hèrna í Faxaflóa er alkunnugt, og gæti menn ímyndað sèr, að »þessi útlenda skipa mergð hefði verið orsök þar í, víst að nokkru »leyti, því það er alkunnugt, að í stöðugum hægviðrum, eins og »hèr var í vetur, gengur fiskur seinna að landi, en annars. Nú »komu skip þessi hèr undir land í aprílmánuði, einmitt um þann »tíma, þegar helzt var von á fiskigöngum, svo færðust þau vestur »með landinu og fiskigangan með, norður með Reykjanesi, og það- »an yfir utanverðan Faxaflóa, vestur undir Snæfellsnes; eptir það »mátti ekki heita, að fiskivart yrði fyrir sunnan Garðskaga, því »síðar fyrir norðan hann«.

Vèr getum nú ei annað sèð, en að með öllu því, sem hèr er

að framan talið, sè að minnsta kosti færðar hinar sterkustu líkur fyrir því, að það einmitt sè hinar útlendu fiskiveiðar umhverfis Ísland, sem einkum spilli aflanum fyrir Íslendíngum sjálfum. Og þó að vèr ei alveg þorum að fullyrða þetta, þá er þó málið æfinlega svo mikilsvert, og svo margt komið fram í því, að nauðsyn beri til, einnig fyrir stjórnina, að leiða það nú ekki lengur þegjandi fram hjá sèr, heldur gefa því hinn bráðasta gaum, bæði í orði og í verki; því hún má líka treysta því, að áhugi landsmanna er svo mjög farinn að vakna við þessi vandræði, að þeir þykjast eiga fullan rètt á því, að eitthvað sè þó að gjört, svo annað mun ei lengi verða vinsælt í landinu. Skulum vèr nú því og leyfa oss, að benda þínginu á þau aðalatriði, sem oss finnst tiltækilegast, að það einnig ráði stjórninni til, að hafa helzt tillit tií, svo eitthvað mætti byrja að gjöra sem fyrst.

Þegar þíngið seinast hafði þetta hið sama mál til meðferðar, varð sú niðurstaðan, að biðja stjórnina, að gefa málinu góðan gaum og einkum reyna að gjöra það, sem á hennar valdi væri, til þess að ójafnaðartollurinn á fiskinum í Frakklandi yrði af numinn, svo að Íslendíngum væri þó að minnsta kosti að því leyti gjört hægra fyrir, að keppast við hina útlendu menn með fiskivöru sína; og þess utan stakk þíngið líka upp á því, að stjórnin árlega skyldi senda nokkur smáskip til landsins, bæði til þess að halda reglu meðal fiskimanna við strendur þess, og eins líka, svo Íslendíngum gæfist færi á, að nema á þeim sjómennsku o. s. frv. Af þessum óskum þíngsins hefir stjórnin nú ekki uppfyllt nema eina, og það þá, sem að öllum líkindum má virðast svo sem hægast sè að láta eptir mönnum, en sem þó hins vegar aptur sýnist verða að koma að minni notum, ef ekkert meira fylgir með; hún hefir sumsè að eins kunngjört þínginu það, í *„auglýsíngunni“* til þess, að hún muni framvegis láta sèr vera mjög umhugað um, að gefa málinu gaum, og að ójafnaðartollurinn verði af numinn, en hún hefir þó ei látið þíngið vita nokkuð það, sem hún hafi gjört, svo þessu mætti verða framgengt; og að því er hinum síðari atriðunum viðvíkur, þá hefir hún ei getað orðið við þeim á annan hátt, en að lofa því, *að eitt herskip* verði sent til landsins *svo opt, sem því verður við komið,* svo vèr verðum enn alveg að vera í óvissu um, hvort vèr í raun og veru megum fullkomlega treysta þessari litlu hjálparvon á hverju ári eða ei. En þess utan þá virðist oss nú málið vera komið í það horf, að hèr tjái ei lengur svo þlitlar að-

gjörðir, þar sem um það er að gjöra, hvort annar aðalbjargræðisstofn landssins skuli eyðast eða ei, og vèr hefðum því óskað, og munum enn leyfa oss, að ráða þinginu til, að biðja stjórnina nú enn, að gefa málinu miklu verulegri gaum en að eins svona. Það, sem fyrst er athugavert er það, hvort lögregluumsjónin, þó hún fengist fullkomin, ein nægi nú lengur, til þess að verja fiskimið vor fyrir skaðlegum yfirgangi útlendra manna, og hvort ei miklu fremur beri nauðsyn til, ef hitt ei nægir, að breyta þá sjálfum þeim tilhögunum, er fiskiveiðarnar fara eptir, svo að þær verði ei lengur útiendíngum einum í hag, en innlendum mönnum að eins til óhagnaðar — hvort sem þetta verður að gjöra með samníngum við aðrar þjóðir, eða á annan hátt. Og þess hefðum vèr óskað, að stjórnin hefði frætt oss um, hvað hún hefði gjört eða ætlað sèr að gjöra til þessa, eða þá að minnsta kosti, ef svo er, látið oss vita, að við það mál yrði ekkert gjört á þann hátt, því það vissum vèr þó, við hverju vèr máttnm búast. Vèr efumst eigi um, að Frakkastjórn sjálf mundi láta sèr annt um, að fylgja þeim tilskipunum, sem hún einu sinni hefði fallizt á, og þá viljum vèr og fúslega trúa því, að tilsjón sú, sem hún nú á ári hverju lætur hafa með fiskiveiðum undir Íslandi, að minnsta kosti með tveim herskipum, mundi, í sameiníngu við líka tilsjón af hálfu hinnar dönsku stjórnar, þó ei væri nema með einu herskipi á ári, verða nægileg til, að halda hinum útlendu fiskimönnum í skefjum, ef herskipin að eins kæmi nógu snemma, lægi ekki mestan tíma sumarsins inn á höfnum, og færi ei heldur of fljótt aptur frá landinu; en eins og nú er ástatt, getum vèr með engu móti sèð, að þessi tilsjón sè nægileg í sjálfu sèr, og allrasízt, þegar hvorki hið danska nè hið frakkneska herskip, eins og tekið er fram í bænarskránni úr Ísafirði og í áskorum þíngmannsins úr Gullbríngu sýslu, koma hingað til lands, fyr en svo seint á vorin, að allt er um garð gengið, auk þess að hið danska herskip, sem optast, hefir dvalið svo skamma stund við landið, að lítið sem ekkert verulegt gagn hefir getað orðið að eptirliti þess með hinum útlendu fiskimönnum.

Af ástæðum þeim, sem nú eru taldar, verðum vèr því að álíta, að það, sem hin bráðasta nauðsyn sem allra fyrst beri til, sè einkum þetta, *að stjórn vor svo fljótt,* sem því á nokkurn hátt verði við komið, *leitist við, að koma á hreinum og beinum samníngi* við hina frakknesku stjórn um fiskiveiðarnar undir Íslandi, svo menn framvegis megi ganga fullkomlega úr skugga um, hvað rètt sè og

rangt í þessu máli. Vèr þykjumst nú að vísu vita, að þetta kunni að vera ýmsum erfiðleikum undirorpið, og að það einkum muni verða örðugt fyrir stjórnina, að fullnægja beinlínis öllum óskum landsmanna í málinu; en hvað um það er, þá fáum vèr þó ei annað sèð, en að hún bæði verði að reyna til, og muni líka geta áunnið að minnsta kosti eitthvað; því til þess hafa menn stjórnir, að þær skuli verja rètt landsmanna, bæði innan lands og utan, og fáist ekki rètturinn beinlínis með einu móti, þá má þó að minnsta kosti leita uppbótar á annan hátt. Vèr treystum því og, að sá hinn mikli og göfuglyndi keisari, sem nú stýrir Frakklandi, og svo opt hefir sýnt bæði í orði og verki, að hann meðal annars álítur það sem ætlunarverk sitt, að vera hlífskjöldur þeirra þjóða, sem svo kreppir að á einhvern hátt, að þær geta ei notið sín að fullu — vèr þykjumst fyllilega mega treysta því, að þessi hinn göfuglyndi stjórnaröðlingur, muni ei heldur á nokkurn hátt vilja þjaka rètti Íslendínga um skör fram, og vèr höfum því svo greinilega, sem oss var unnt, eptir skjölum þeim, sem vèr höfum haft undir höndum, reynt að lýsa háska þeim, sem búin er einum hinum mesta aflavegi vorum fyrir yfirgangi útlendra manna, nema bót verði á ráðin, svo að stjórnin eigi þeim mun hægra að semja fyrir vora hönd við svo sanngjarnan og rèttsýnan þjóðaroddvita, sem *Napoleon keisari hinn* 3. er. Það er að vísu satt, að hèr ræðir ei um stórkostleg mál, sem þar suður frá, er Frakkakeisari gjörðist fyrstur til að rètta líknarhönd göfugri, en ánauðugri þjóð, er öll menntun veraldar á svo margt að þakka, og á þó Ísland líka þeirri fornöld að hrósa, sem ei er síður mikilvæg fyrir öll Norður- og Vesturlönd, og með þeim Frakkland sjálft, heldur en fornöld Ítala er það fyrir Suðurlöndin; en þá er þess og að gæta, að vèr biðjum nú ei um nokkra slíka hjálp, sem þeim hefir verið veitt, og að eins hins, að vèr megum njóta þess í friði, sem rètt og sanngjarnt má álíta, að oss beri eptir almennum þjóðarrètti, eins og vèr nú skulum leyfa oss að benda á. Það er oss kunnugt, að hinn einasti samníngur meðal þjóða um fiskiveiðar útlendra manna við strendur annars lands muni vera sá, sem Englendíngar gjörðu við Frakka 1839, sökum líkra umkvartana á Englandi sjálfu, sem nú eru svo almennar hèr á landi, út af aðferð hinna Frakknesku fiskimanna, og vèr æskjum einkis annars, en að stjórn vor leitist nú einnig við, að gjöra slíkan samníng við hinn göfuglynda Frakkakeisara fyrir Íslands hönd. Oss kemur ei til hugar, að fara því á flot við stjórn

vora, að hún reyni til, að bægja nokkrum mönnum frá því, sem nú mun almennt álitin þjóðarrèttur, og vèr viljum því heldur ei biðja hana að fylgja því fastlega fram, sem fyrirskipað er í ýmsum eldri tilskipunum um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland, að þeir megi ekki fiska nær landinu en í 4 mílna fjarska, þar sem vèr verðum að ímynda oss, að hún mundi nú eiga bágt með, að verja þessa fyrirskipun sína, ef hún er ei á nokkrum samníngi byggð við aðrar þjóðir, eins og vèr höfum ástæðu til að halda. En vèr viljum þá líka að eins taka það því sterklegar fram, að það því fremur sè aðalósk vor, að stjórnin sem allra fyrst gjöri reglulegan samníng við útlendar þjóðir, einkum Frakka, um fiskiveiðarnar við Ísland, og tökum vèr það þá enn að eins sèrstaklega fram, að aðalatriði þessa samnings yrði að vera það, *að ákveða, að útlendir fiskimenn mætti eigi koma til veiða inn á firði og flóa,* þar sem Íslendíngar sjálfir hafa veiðistöðvar sínar, því það gjörir auðsjáanlega allan muninn, hvort vegalengdin frá landinu er miðuð við yztu annes utanfjarða að eins, eða líka við þau nes, sem ganga fram inn í fjörðunum sjálfum, eins og t. a. m. Kjalarnes og Seltjarnarnes á Faxaflóa. Þetta er óefað aðalatriðið í málinu, og það verðum vèr einkum að biðja stjórnina, að hafa hugfast, ef hún fer að semja um fiskiveiðarnar; því fáist því framgengt, *að fiskimenn útlendir megi ekki koma nær t. a. m. Reykjanesi en svo og svo,* en alls ekki inn á Faxaflóa, þá má halda að fiskiveiðum Íslendínga sjálfra sè að nokkru leyti borgið, *jafnvel þó vegalengdin verði ei gjörð lengri en nú mun vera almennt álitið, að land hvert eptir þjóðarrètti megi eigna sèr sjóinn út,* þ. e. fallbyssuskot undan landi, eða í hæsta lagi, svo sem viku sjávar. En verði þessu eigi framgengt, heldur verði útlendum fiskimönnum leyft að koma eins nærri t. a. m. Seltjarnarnesi og Reykjanesi, þá er engi efi á því, að fiskiveiðar Íslendínga sjálfra mundi með tímanum mega telja alveg eyðilagðar, jafnvel þó vegalengdin væri látin vera fullar fjórar vikur. Vèr nefndarmenn hljótum að álita, að það sè samkvæmt þjóðarrèttinum, að undantaka alla firði og flóa á Íslandi, eins og t. a. m. gjört var í samníngi þeim milli Frakka og Englendínga um veiði í Sundinu (Canalen), er áður var getið; vèr treystum því og, að þíngið af hinum sömu rökum muni finna fulla ástæðu til, að fara því á flot við stjórn vora, að hún reyni nú einnig sem fyrst, að gjöra slíkan samníng við útlendar þjóðir með fullkomnu tilliti til þess, sem hèr hefir verið tekið fram, og vèr bætum því

að eins við, að það kynni þá og að vera reynandi, sem slegið er upp á í áskorun þingmannsins frá Gullbringusýslu, að bera sig að koma því til leiðar, að hinir útlendu fiskimenn að minnsta kosti kæmi eigi inn á fiskistöðvar vorar, fyr en eptir vissan tíma, t. a. m. eptir byrjun maímánaðar, ef hitt ei fengist. En að öðru leyti verðum vèr að álíta það sjálfsagt, að stjórnin leitist við, að útvega oss einhverja uppbót eða ívilnun á annan hátt hjá hinum útlendu þjóðum, er einkum spilla fiskiveiðum vorum, fyrir skaða þann, sem vèr hljótum að verða fyrir af þeirra hálfu, ef ekkert skyldi fást af því, sem nú hefir verið drepið á.

En þetta er að eins önnur hlið málsins; því segja má, að Íslendingar gæti og gjört nokkuð sjálfir, til þess að minnsta kosti að gjöra skaða þann síður tilfinnanlegan, er leiðir af fiskiveiðum hinna útlendu manna hèr við land. Vèr skulum því og reyna til, að skýra einnig dálítið hina aðra hlið málsins, þó að vèr að vísu, að svo stöddu álítum það aðalatriðið, sem vèr nú lengst höfum talað um. Þess er getið í sumum af skjölum þeim, er vèr áður höfum tekið nokkra kafla úr, að hinir útlendu fiskimenn dragi fiskinn til djúps, þar sem Íslendíngar alls eigi geti leitað hans á fiskibátum sínum, og mun þetta vera öldúngis satt; en með því er það og sagt, sem því miður er ei síður satt, að fiskiaðferð vor öll er að miklu leyti ófullkomin, eður að minnsta kosti ei einhlít til þess afla, sem óefað mætti hafa hèr við land. Það er enn almennast siðurinn, að fara að eins út á opnum bátum og skipum, sem ei geta farið svo djúpt, að menn finni hinn stærsta og bezta þorsk, sem hinum útlendu fiskimönnum því einum verður að hlotnast; en auk þess er aðferðin bæði tafsöm og óhaganleg í marga staði, því tíminn, sem verja ætti helzt til veiða, gengur að miklu leyti í útróður og apturróður, og menn geta eigi komið sèr svo við á litlum bátum, hvorki til þess að veiða fisk nè verka, sem nauðsynlegt er, ef allt á að geta gengið sem bezt. En þetta er í sjálfu sèr svo auðsjáanlegt, að vèr þurfum ei að fara mörgum orðum um það; og vèr vitum þess utan, að stiptamtið svo vel og ljóslega hefir tekið allt hèr að lútandi fram í skjali, er stjórninni var sent um haustið 1858, og oss hefir verið leyft að sjá, svo vèr þurfum ei heldur stjórnarinnar vegna að vera langorðir um málið. Það nægir, að taka það hèr fram, að hinn einasti vegur til þess, að ráða bót á þessu, verður að vera sá, að menn fari að hafa þiljuskip, fremur en hingað til, svo menn bæði geti sókt fiskinn til djúps, eins og

hinir útlendu fiskimenn, og eins líka haft alla hentisemi sína á skipinu, til þess að verka fiskinn undir eins, svo hann mætti verða sem beztur og útgengilegastur; og segjum vèr þó ei, að menn ætti að sleppa bátunum fyrir því, heldur miklu fremur nota hvorttveggja á þann hátt, sem bezt gegndi, og að líkindum sitt á hverjum tíma ársins. En til þess, að þetta mætti hafa framgang, er það, eins og ástandið nú er í landinu, óumflýjanlega nauðsynlegt, að einhver styrkur bættist við það, sem fyrir er; og sjáum vèr þó ei annað, en að stjórnin verði að hlutast til um málið, á þann hátt, að *hún t. a. m. veiti einstökum mönnum eða félögum peningalán í hæfilegan tíma, til þess að koma sèr upp þiljuskipum,* og á móti fullu veði í skipunum sjálfum. Vèr álítum það að vísu æfinlega óyndisúrræði, að þurfa að vera að fara til landsstjórnar með slíkt, og hitt miklu affaradrýgra, ef menn gæti komið sèr saman um eitthvað sjálfir, og án allrar aðstoðar utan að; en þó verður það ekki varið, að ástandið getur verið slíkt í einhverju landi; og svo er nú enn því miður ástatt fyrir Íslandi, þar sem ekki einu sinni nokkur almennur lánssjóður er til í landinu, og fjárhagur þess enn alveg flæktur við fjárhag Danmerkur, að það kunni beinlínis að vera nauðsyn fyrir stjórnina, að hlaupa undir bagga með mönnum, að minnsta kosti, meðan þeir eru að reisa sig við aptur, og það ei hvað sízt, þegar, eins og hèr, má að miklu leyti segja að ástandið, að nokkru leyti að minnsta kosti, er að kenna því, að landið um of langan tíma, hefir verið vanrækt svo af stjórninni, að því varla gat annað en hnignað, sem fram er komið. Því fremur treystum vèr því og, að stjórnin muni vilja styrkja það fyrirtæki, sem vèr nú tölum um, sem oss einnig er það kunnugt, að hún fyrir fáum árum mun hafa boðizt til einhvers líks, eptir áskoran stiptamtmanns; og þó áranguriun af því hafi ei orðið sýnilegur enn, þá verðum vèr að álíta, að það sè miklu fremur því að kenna, að málið hafi verið svo fram borið, að það hafi ei vel getað sætt almennu athygli, heldur en hinu, að ei muni nógir dugandi menn verða til, að þiggja það tilboð, sem nefndin nú stingur upp á, að stjórnin gjöri af nýju, ef það er engum ókjörum bundið.

Af ofantöldum ástæðum verður því nefndin að ráða þinginu til, að rita konúngi vorum bænarskrá þess efnis:

1. Að hans hátign sem allrafyrst gjöri samníng við útlendar stjórnir, einkum Frakkakeisara, þannig lagaðan:
   a, Að ákveðið verði greinilega, hversu nærri yztu annesjum

Íslands og úteyjum kring um landið útlendir menn megi koma til fiskiveiða.

b, Að þeim verði fyrirmunað að fara inn á nokkurn fjörð eða flóa til fiskiveiða, og

c, Að takmörkin verði sett svo langt undan yztu annesjum landsins, sem fremst má verða.

2. Að íslenzkum fiskimönnum, þeim er vilja koma hèr á þiljuskipaveiðum, gefist kostur á, að fá lán til þessa hjá stjórninni á þann haganlegasta hátt, sem orðið getur.

Reykjavík, 25. júlí 1861.

Guðmundur Brandsson, formaður. *Gísli Brynjúlfsson*, skrifari og framsögum. *Ásgeir Einarsson.*

Jón Hjaltalín. *Arnljótur Ólafsson.*

Framsögumaður (Gísli Brynjúlfsson): Eg skal ekki tala margt um málið, áður en eg heyri tillögur manna, og að eins taka það enn nákvæmar fram, en gjört er, ef til vill, í nefndarálitinu, að tilgangur nefndarinnar var og varð að vera sá, að reyna að finna eitthvert það úrræði, er loks gæti verulega útkljáð málið, að því leyti sem það er mögulegt. Það er satt, að í eldri tilskipunum eða rèttara sagt leyfisbrèfum er gengið út frá því, að konúngur hafi vald til að banna útlendum mönnum að fiska nær landinu en 4 eða jafnvel 6 vikur; en þetta vald konúngs er því miður ekki byggt á nokkrum samníngi, og því ekki viðurkennt af öðrum þjóðum, og hin danska stjórn er nú líka fyrir löngu fallin frá, að álíta sig að hafa þenna rètt. Nú viðurkenna engar þjóðir aðra aðalreglu en þá, að hvort land eigi sjóinn út frá sèr svo langt sem fallbyssuskot nær, eður í allrahæsta lagi svo sem eina viku sjávar, en alls ekki lengra; og vili menn því annað og meira, þá er einmitt nauðsyn að koma sèr saman við aðrar þjóðir, einkum Frakka, því samníngar eru ekki annað en einmitt undantekníng frá þeirri aðalreglu, sem annars er almennt álitin í fullu gildi, nema ofbeldi sè við haft. Þetta hafa líka Englendingar sjálfir fundið, og eru þeir þó, sem alkunnugt er, hin voldugasta þjóð á hafinu; en samt gjörðu þeir samníng við Frakka 1839 um fiskiveiðar þeirra við Englands strendur, til þess að friða fyrir fiskimönnum sjálfra sín; og hafi þeir orðið að grípa til þessa úrræðis, hve miklu fremur muni oss þá ei vera nauðsyn á því? því miður hefi eg ei getað fengið að sjá þenna samníng milli Frakka og Englendínga, sem eg nú gat um, því hann fæst ei hèr i landi, svo mèr sè kunnugt, og er þó safn af almenn-

um samníngum milli þjóða óefað ein af þeim bókum, sem alþíngi sjálfsagt ætti að hafa í bókasafni sínu; en nú er hún, því miður, sem sagt, ein af þeim bókum, sem vantar þar, og eg verð því að láta mèr nægja, að lesa það hèr upp úr áreiðanlegri bók í alla staði: *G. Long, The standard Library, Cyclopædia of political, constitutional, statistical, and forensic knowledge, London 1848,* í greininni um *fisheries,* — að tilefnið til þess, að samníngur þessi var gjörður, var einmitt það, að þjóðþíngið enska hafði 1833 sett nefnd, til þess að rannsaka um fiskiveiðarnar, sökum þess, að enskir fiskimenn kvörtuðu þá svo mjög undan yfirgangi Frakka á fiskimiðum sínum, og að niðurstaðan svo varð sú, að samníngnum varð á komið, en síðan hafa menn hætt að kvarta, og allt gengið friðsamlega. Eg vona menn sjái af þessu, að kríngumstæðurnar hafa hèr verið mjög svo líkar því, sem nú er fyrir oss Íslendíngum, og nefndin gat því ei álitið, að vèr í þessu máli gætum fundið neitt betra úrræði, en oss meiri menn áður hafa orðið að grípa til; og það var einmitt af því, að vèr álitum það svo auðsjáanlega nauðsynlegt, að stjórn vor gerði samníng, einkum við Frakkakeisara um fiskiveiðar útlendra hèr við land, að vèr tókum það svo greinilega fram, sem vèr gátum, eptir bænarskránum, hver háski fiskiveiðum Íslendínga sjálfra annars væri búinn, því vèr óskuðum, að slík lýsíng á ástandinu, eins og það nú er, skyldi einmitt komast inn í álitsskjalið líka, svo stjórn vor bæði sjálf fengi einu sinni greinilega að vita, hvað mikið er í húfi, og eins líka svo henni gæfist því betra færi á, að leiða útlendum stjórnum fyrir sjónir, hver nauðsyn knýði hana, til að reyna að gjöra samníng um þetta mál fyrir Íslands hönd. Eg skal svo ei að svo stöddu tala meira um málið; en að eins bæta litlu við með tilliti til þess, sem eg hefi heyrt á sumum mönnum, að það þykir skortur við nefndarálitið, að þar er ei beinlínis í niðurlagsatriðunum ítrekuð bæn alþíngis í hitt eð fyrra, að biðja konúng að senda herskip o. s. frv., til að verja Frökkum að fiska of nærri landinu; en eg verð þá að svara, að þetta kom að eins af því, að nefndin varð að álíta þetta svo sjálfsagt, að ei þyrfti aptur að vera að biðja beinlínis um það, ef það að eins væri tekið fram í álitsskjalinu, auk þess, að svar stjórnarinnar í »auglýsíngunni« til þíngsins í ár ljósast sýnir, hve lítið úrræði slík bæn í raun og veru er. Að öðru leyti held eg ei nefndin muni hafa nokkuð á móti, að bæta þessu atriði við, en, sem eg áður hefi sagt, hún var mest að hugsa um verulegt úrræði, og það er þetta ei, og allrasízt á með-

an engi samníngur er til meðal viðkomanda, svo hinn danski skipsforíngi fær ei einu sinni með vissu að vita, hvað langt hann má fara í því, að bægja Frökkum frá landi; og eg tek það hèr enn fram, að það er einmitt líka einn hagurinn við samníng, ef hann kemst á, að þessi vörn á landinu hlýtur þá einnig að verða hægri fyrir konúng vorn sjálfan, því samníngur bindur ei að eins þá þjóð, sem fyrst stíngur upp á honum, heldur einnig þá, sem fellst á hann, og Frakka stjórn væri þá einnig skyldug til að styrkja hina dönsku stjórn í því, að sjá um að samníngurinn yrði haldinn á báða bóga, svo menn þyrfti þá ei lengur alltaf að vera að tala um þetta eina skip, eða fáeinar herskútur, til að verja oss fyrir yfirgangi Frakka. Að öðru leyti bæti eg því enn að eins við, með tilliti til hinnar síðari uppástúngu nefndarinnar, að stjórnin veiti íslenzkum mönnum lánsstyrk, til þess að koma upp þiljuskipum, að það að vísu má segja, að þetta hafi ei beinlínis komið ætlunarverki nefndarinnar við; en þó vona eg þó menn sjái, að málið í sjálfu sèr er svo mikilsvert, að *full nauðsyn ber til, að* fallast á það.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist það upplesna nefndarálit stillilega orðað, og meðferð málsins gætileg, og það á líka við í þessu máli; en þar sem það lítur út fyrir, að sumir af þeim heiðruðu þíngmönnum eigi hafi ljósa hugmynd um málið, skal eg leyfa mèr að skýra nokkuð frá því, hvernig stjórnin hafi á fyrri og seinni tímum skoðað þetta mál, og sèr í lagi, hvað langt hún hafi eignað sèr vald yfir hafinu út frá landi, þar sem um þetta var rætt svo mikið á þínginu við undirbúníngsumræðuna.

Á fyrri tímum, meðan verzlunin var hèr einokuð, á dögum Kristjans konúngs 4., voru fiskiveiðarnar við Ísland álitnar eign stjórnarinnar, og þær voru fengnar þeim mönnum að lèni, sem fengu verzlunina, eins og sjá má af Privil. 16 des. 1631 og Bevill. 16 apr. 1636, er leyfði verzlunarfèlaginu að taka ensk fiskiskip, ef þau fiskaði nær landi en 4 mílur, en annara þjóða, ef þau kæmi nær landi en 6 mílur. Opið brèf frá 1682 bannar innlendum og útlendum að sækja fiskiveiðar nær Íslandi en 4 mílur, og leggur við missi skipsins, ef út af sè brotið, og þetta er aptur ítrekað í Octr. 13. júlí. 1742, og tilsk. 1. apr. 1776; en fjarlægðin er ekki tekin til; en þegar skipherra Bille var sendur híngað árið 1774, til þess að halda vörð á því, að útlendir fiskimenn ekki færi of nærri landi voru teknar til 3 mílur sem takmark; en þegar hann kom heim úr ferðinni, kvartaði hann yfir því, að þeir ekki hefði viljað viðurkenna þetta

takmark, og einúngis álitið skyldu sína, að fara ekki inn á firði og flóa.

Þegar verzlunin hèrna var gefin laus 1786 var með tilskip. frá 13. júni 1787 öllum útlendum bannað, nema nauðsyn bæri til, að sigla hèr inn á firði og flóa, og sömuleiðis voru þeim bannaðar fiskiveiðar undir landinu; en fjarlægðin ekki heldur ákveðin. Eptir þennan tíma þekki eg ekki neina ákvörðun um það, hvað nærri landi útlendir fiskimenn mætti koma hèr til fiskiveiða; en árið 1812 kom út konúngsúrskurður dagsettur 22 febr., og þar segir, að konúngnr allramildilegast hafi ákveðið sem gildandi reglu í öllum þeim tilfellum, er spursmál geti orðið um *Territorialrèttinn* yfir hafinu, eigi hann að ná 1 mílu út frá landi, frá yzta hólma eða eyju, sem sjór falli ekki yfir. Að vísu hefir þessum konúngsúrskurði ekki verið, svo eg viti, beitt gegn útlendum fiskimönnum hèr við land, og stjórnin virðist öllu fremur að hafa álitið 3 eða 4 mílur sem takmarkið, sem þeir ætti ekki að fara inn fyrir, en um leið hefir það verið álitið ómögulegt, að balda vörð á þessu, og þegar *Örnin* var send þingað í hitt eð fyrra, í sama erindi og Bille árið 1774, þá er í erindisbrèfi skipsforíngjans tekin til 1 míla, sem hann eigi að halda vörð á, að útlendir fiskimenn haldi sig frá landi, og leiðir þar af, að þeir yfir höfuð að tala ekki mega fara hèr inn á firði eða flóa.

Þegar stjórnin sendi Örnina þingað, auglysti hún þeim ríkjum, hvaðan fiskiveiðar eru sóttar hèr við land, einkum Bretum og Frökkum, hverjar ráðstafanir hún hefði gjört, og bað hlutaðeigandi stjórnir að annast um, að þessar ákvarðanir hennar yrði heyrum kunnar, og hvað við því lægi, eptir tilskip. frá 1787, ef út af brigði; en það er það, að skipið er upptækt. Enska stjórnin skrifaði þá dönsku stjórninni, að hún viðurkenndi ekki, að nokkur stjórn geti eignað sèr yfirráð yfir hafinu lengra út frá landi, en 3 mílur enskar, nema því að eins, að hreinn og beinn samníngur væri fyrir því gagnstæða, og það er þannig þrengra svið, sem enska stjórnin bindur *Söterritorialrèttinn* við, en danska stjórnin eptir konúngsúrskurði frá 1812. Það eru því lítil eða engi líkindi til, að franska stjórnin mundi, ef til þess kæmi, hafa rýmri skoðun á málinu, og að vísu eru 3 mílur ákveðnar í samníngnum, sem *framsögumaður* gat um milli Enskra og Frakka, frá árinu 1839 um fiskiveiðar við Englands og Frakklands strendur; en þar er einnig tekið fram um *bugtir* eða flóa, og þeir eru því að eins undanskildir, eða innan takmarka línunnar, að þeir ekki sè breiðari en 10 mílur, en eg þori

ekki að fullyrða, hvort í þessum samníngi eru meintar *geografiskar* mílur eða enskar, þó hið síðara sè líklegra. Þegar nú svona er ástatt, þá virðist það auðsætt, að þíngið hvorki eigi nè megi fara öðrum kröfum á flot, en kríngumstæðurnar benda til, og að það sè með engu móti faranda fram á, að draga takmarkalínuna fyrir fiskiveiðum útlendra eins langt frá landi, og sumir af þíngmönnum hafa látið í ljósi, og eins er um það, að það hjálpar ekki í þessu tilliti, að vitna til hinna gömlu laga, eða rèttara sagt leyfisbrèfa, sem eg gat um, því þau hafa nú ekki lengur lagagildi; því eg álít konúngsúrskurðinn frá 1812 þá gildandi lagareglu í þessu tilliti; og eg sè því ekki betur, en að það sè óþarfi, að biðja stjórnina, eins og nefndin stíngur upp á, um að ákveða, hvað nærri útlendir fiskimenn megi koma hèr landi, og yfir höfuð sè eg ekki betur, úr því þíngið, þrátt fyrir auglýsíngu konúngs, sem til þíngsins kom í þetta skipti, fór að hreifa málinu, en að bæn þess ætti einúngis að lúta að því, að þessi takmörk, sem stjórnin væri búin að ákveða fyrir *Söterritorialrèttinum* yfir höfuð frá sinni hálfu, eina mílu undan landi, yrði vernduð; og að því leyti stjórnin hefir lýst því yfir, að hún hafi áhuga á málinu, og að hún ætíð, þegar kríngumstæðurnar leyfi, ætli að senda út híngað herskip, til þess að halda vörð á rètti Íslendínga í þessu efni, virðist mèr hèr sè fengin öll sú tryggíng, sem von sè á í öðru eins máli, því fremur sem vèr hljótum að bera fullt traust til stjórnarinnar, því hún hefir lýst því yfir, að henni sè umhugað um málið.

Þíngið hlýtur hèr vel að gá að því, að hèr ræðir um mál, þar sem einhver hin voldugasta stjórn á hlut að máli, og að dönsku stjórninni því er mjög vandfarið; Frakkar hafa mikinn áhuga á fiskiveiðum hèr við land; það sýnir það atriði, að þeir senda árlega út híngað herskip, til að halda uppi góðri reglu meðal fiskimanna sinna; en á svo víðlendu svæði er eigi unnt að fyrirbyggja, að þeir haldi sèr ætíð í hæfilegri fjarlægð. Nefndarálitið fer fram á, að danska stjórnin gjöri samníng við útlendar stjórnir, einkum Frakka, um, hvað nærri útlendir fiskimenn megi koma ströndum Íslands, að þeim verði fyrirmunað, að fara inn á firði og flóa, og að takmörkin að öðru leyti verði sett svo langt undan landi, sem framast megi verða; eg skal leiða þíngsins athuga að því, að takmörkin eru sett með konúngsúrskurðinum frá 1812; þau eru 1 míla frá landi, og það er orðin almenn regla í því efni, eptir reglunni: »*dominium terræ finitur, ubi finitur armorum vis*«; og er það seinna ákveðið

við það svið, sem fallbyssuskot nær yfir, og að þessu leyti hljóta þá flóar, sem eru mjög breiðir, að koma undir sama skilyrði; og í samningum miili Enskra og Frakka er breiddin á flóum miðuð við 10 mílur, en hèr eru breiðari flóar en svo sè. Af þessu vona eg þingið geti sannfærzt um, að hèr kemur margt til greina, og að það hjálpar ekki, að fara fram miklum kröfum, sem lítil eða engi líkindi eru til, að geti orðið teknar til greina af stjórn vorri, þó hún væri af öllum vilja gjörð; og þessa bið eg þingið vel að gæta, og fara í málið með allri stillingu og varkárni.

Viðvíkjandi uppástúnguatriðinu nr. 2, þá hefir stjórnin lýst því yfir, eins og eg hefi leyft mèr að taka fram, að hún muni styrkja landsbúa hèr, þegar hún sjái þeim sè alvara með, að koma hèr upp fiskifèlögum og þiljuskipum, og þessi framkvæmdarsemi er, ef til vill, líka bezti og beinasti vegurinn, til þess að geta haft þau not af fiskiveiðunum, sem útlendir nú bera frá borði, einir að kalla, af því þeir geta haldið sig á útmiðunum, sem íslenzku bátarnir ekki geta; og skal eg nú ekki að sinni fjölyrða meir, en komið er, um málið.

Benedikt Sveinsson: Þrátt fyrir þær upplýsingar, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gaf, get eg alls eigi verið ánægður með nefndarálitið, nè heldur skilið í lofsorði því, er *konúngsfulltrúinn* lagði á það. Eg sá reyndar ljóslega á skýrslu *konúngsfulltrúa*, að þessi helgi fiskiveiðanna, sem hèr ræðir um, hefir gengið utan af rúmsjó og inn undir land, og þó eigi svo beinan gang sem skyldi. Eg segi, að það sjáist af ræðu *konúngsfulltrúa*, að þessir baugar umhverfis Ísland, sem áttu að friða fiskiveiðarnar, hafi gengið inn á við, og þeir hafa líka verið alveg samfara gangi verzlunarinnar. Meðan verzlunin var einokuð, voru fiskiveiðarnar við Ísland eign stjórnarinnar, og þá gilti 4, já stundum 6 mílna takmarkið; en þegar verzlunin er gefin laus, þá á það að hafa orðið ómögulegt, að vernda þennan *appendix* hennar, fiskiveiðarnar. En af þessu get eg ekki sèð neina ástæðu fyrir því, sem nefndin fer fram á. Takmörkin, sem giltu á dögum Kristjáns 4., eru í sjálfu sèr rètt, en nema breytíng hafi gjörð verið á sjálfum reglunum, hefir staða Íslands í þessu efni að öðru leyti ei breytzt neitt frá því, sem þá var. Konúngur vor hefir þá sömu *Territorialhöihed* yfir Íslandi nú eins og þá; annað mál er það, að aðrar reglur eður lög eru nú gefin, því breytíngin liggur í því, og alls eigi öðru. Eg verð nú að álíta, að spurníngin er hèr ekki yfir höfuð um almennan þjóðarrètt *(Folkeret)*, miðaðan við landvarnir með herskildi, því Ísland er varnar-

laust, nema hvað það stendur undir verndarskildi Danmerkur. Spurníngin hèr er að eins um skynsamlegar tillögur um annan aðalatvinnuveg landsins, sem er í húfi; þessu má ei blanda saman við almennan þjóðarrètt; hann sviptir ekkert land atvinnu, eins og hèr liggur við borð. Það er og auðsèð, að það er ekkert unnið með því, að biðja um það, sem hinn almenni þjóðarrèttur leyfir; á þessu vill nefndin fara að klifa; en það er einmitt sönnun fyrir, að tillögur hennar eru óþarfar, því vèr eigum ekki að biðja um það, sem er fengið og gefið, heldur hitt, sem vantar. Menn eiga því síður að vera að biðja um viðurkenníng fyrir því, að það sè, sem allir vita og viðurkenna að sè, að lögin eru gefin og þau gilda enn; en af því þeirra er ekki gætt af framandi þjóðum, ekki einu sinni eptir hinum almenna þjóðarrètti, þá eigum vèr einmitt að biðja stjórnina um, að þeim verði *hlýtt*, og að takmörkin, sem þau setja, sè vernduð. Það hefir verið sagt, og það er satt, að Frakkar hafi í vetur legið inn á innstu fiskimiðum á Faxaflóa, og er það ekki á móti lögum og rètti? En hvað væri nú unnið með því, að setja takmörkin innar? auðsjáanlega tapað nokkru; því þá er komin viðurkenníngin um, að þar megi fiska, sem eigi mátti áður fiska, og hin þrengri takmörk eru alls eigi helgari en hin rýmri, úr því maður ekki vill setja takmörkin við sjálfa landsteinana, því þá veit eg þau verja sig sjálf; eg ætla því, að það sè auðsætt, að uppástúnga nefndarinnar sè alveg þýðíngarlaus og miklu fremur röng og skaðleg. Viðvíkjandi talshættinum, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* vitnaði til, úr rómverska rèttinum, þá vil eg benda á, að »*armorum vis*« þýðir alls eigi fallbyssuskot. Rómverjar höfðu eigi fallbyssur, og flöskurnar hans Hannibals eru heldur ekki meintar, heldur vald, eður rèttara hervald ríkisins, og því eru með öðrum orðum þar auðsjáanlega meint þau takmörk, sem hver þjóð eignar sèr, og treystir sèr til að verja með vopnum; en það er líka satt, að þessi takmörk hafa smátt og smátt færzt, svo að nú er almennt gildandi sú regla, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók fram, eptir því sem eg veit bezt til. Eg vildi óska af hjarta, að Íslendíngar styrkti Danastjórn í öllu, og gjörði allt til, að tryggja vinsamlegt samband hennar við aðrar þjóðir; en þeir eiga alls eigi að gefa annan af aðalatvinnuvegum sínum út fyrir það, að aðrar þjóðir halda það, sem menn kalla „*gode Miner*“ við Dani, og það hefir Danastjórn víst aldrei ætlazt til, enda stríða slíkar tillögur móti því trausti og því áliti, sem að minnsta kosti hver þíngmað-

ur ætti að bera fyrir stjórninni, og þó þeir ekki skili þetta, þá skilur þó hin vitra Frakkastjórn það; hún mun ei firtast, þó tilraunir sè gjörðar, til að halda uppi góðri reglu við strendur Íslands. Það liggur heldur ekki fyrir þínginu nein ósk frá Danastjórn um það, að við skulum gjöra neinar veglyndisgjafir, til þess að hún sè í góðu samlyndi við Frakka eða aðrar þjóðir, og mèr finnst þetta helber hugarburður og hlæileg ímyndun. Auglýsing stjórnarinnar til alþíngis í ár bendir nefnilega alls ekki á þessa aðferð, sem nefndin hefir farið fram á, heldur talar hún einúngis um þær reglur, sem eru gildandi, og þessar reglur eru betri en þær, sem beðið er um í niðurlagsatriðum nefndarálitsins; eptir gömlu reglunum er að minnsta kosti hvert skip upptækt, sem fer inn á firði og flóa, til að fiska, og ekki vill fara burt aptur, þó því sè boðið það af herskipum, sem eiga að halda reglu; en um þetta er engi ákvörðun í nefndarálitinu. Nefndin veður hèr ofan í gildandi lög, og vill setja einhverja ímyndaða samníngа í staðinn fyrir þau, og það tóma sanmínga án tryggíngar (*Garantie*), í stað þess að laga og rèttar sè gætt. Mèr þykir það nú varúðarvert að hlaupa svona djúpt inn í mál, alveg út í bláinn. Bænarskrárnar, sem til þíngsins eru komnar, biðja heldur ekki um, að lög sè gefin út um, að útlend fiskiskip megi koma svo og svo nærri landi, og því síður samníngа, eptir því sem bezt geti gengið, heldur biðja þær einmitt um það, að þíngið komi því til leiðar, að hinum gildandi lögum um þetta efni sè stranglega haldið; og mèr getur ómögulega skilizt, hvers vegna nefndin hefir hlaupið í öfuga átt. Eg játa það að vísu gjarna, að nefndarálitið er skörulegа og lipurlega samið, og að þar er tekið fram með ljósum orðum, að þetta mál sè mikils umvarðandi, og að útlendíngar með atferli því, er hèr ræðir um, eyði öðrum helzta atvinnuvegi vorum; en eg skil ekki, að af þessu verði dregin sú ályktun, sem nefndin þó gjörir, að menn þurfi með nýjum *samníngi* að komast eptir, hvað *rètt* er eða rangt í þessu efni. Þegar eg hefi sannað, að mèr sè gjörður órèttur, þá spyr eg ei, hvort það sè rangt eða rètt; sönnunin fyrir, að rangindin hafi átt sèr stað, byggist sumsè og hlýtur að byggjast á því, að einhverjar reglur hafi verið yfirtroðnar, og lögin verið brotin. Nefndin hefir þá ósjálfrátt játað, að til sè lög og rèttur, sem gildir um þetta mál, ellegar hún kemur í mótsögn við sjálfa sig um rangindin, og þá verður spurníngin í raun og rèttri veru sú: Eiga *lögin*

að breytast með *samníngi?* Þessari spurníngu hefði nefndin átt að veita athygli sitt betur, en hún hefir gjört.

Eg vil þá fyrst vekja athygli hins heiðraða þings að því, hvort það sè rètt, að leggja hans hátign konúnginn á hnè sèr, eins og nefndin stíngur upp á, og biðja hann að gjöra samníng á þá eða þá leið, sem nefndinni lízt. Það vita menn þó, að það er eitt af hinum helgu »*Prærogativer*«, rèttindum konúngsins, að gjöra samninga við útlendar þjóðir; eptir dönsku grundvallarlaganna § 23 er konúngurinn einn sá, sem gjörir samninga við útlendar þjóðir, og hann er engum öðrum skildaga bundinn í þessu efni, en þeim, að hann eigi má afstanda neinum hluta landsins, ekki binda ríkið neinum skuldbindíngum, nè láta burt neitt af ríkistekjunum án samþykkis og vilja ríkisdagsins eður þjóðþíngsins. Eg held nú, að allir sjái, að nefndarinnar niðurlagsatriði binda konúnginn jafnvel meira við borð, en grundvallarlögin í Danmörku, þar sem alþíngi þó er að eins ráðgefandi þíng, og konúngurinn hèr á landi einvaldur; hèr held eg það eigi við, sem *konúngsfulltrúi* sagði áðan um nefndina, að þíngið ætti að fara hóglega og stillilega í þetta mál. Hins vegar er það auðvitað mál, að *vèr höfum rètt til að* biðja um, að hinum gildandi lögum sè hlýtt og fullnusta gjör af framandi þjóðum fyrir milligöngu konúngs vors, því það er samboðið hans hátign og veldi, að þau sè vernduð, en *til hins alls eigi, að* biðja um, að lögin sè ekki lög, af því þau hafi verið yfirtroðin, því slíkt er meiníngarlaust, og lýsir of miklu vantrausti á stjórninni. En að eg nú sleppi þessu, hvaða *Garantie* eður tryggíng er beðið um í nefndarálitinu fyrir því, að þessum takmörkunum verði hlýtt, sem nefndin ætlar að búa til með samníngunum; eður heldur nefndin, að samníngurinn hafi það fram yfir lögin, að hann þurfi engan vörð! Eg játa það nú, að nefndin er sjálfri sèr samkvæm í því, að eigi þurfi annað en vitna til »*almindelig Folkeret*“ almenns þjóðarrèttar, og í því skyni mun hinn háttvirti *framsögumaður* hafa bent mönnum á þessa blessaða bók, sem hann las upp úr áðan; en sem eg þekki ekki. Ef eg vildi fara strangt í málið, gæti eg spurt hann um „*Authentie*«, áreiðanlegleik þessarar bókar, og beðið hann að sanna hana, en þó nú eg og þíngið láti bókina njóta allra sinna gæða, mun hvorki mèr nè þínginu eða öðrum detta í hug, að hún sè nein tryggíng gegn árásum útlendra fiskara umhverfis Ísland; slíka þýðíngu hefir engi bók, og allra sízt sú, sem fáir þekkja; eg vil nú ekki fara lengra út í þetta; en tek það fram,

að þessi stefna nefndarinnar mun vera sprottin af misskilníngi á málinu, og eg vildi óska, að það færi í allt öðrum búníngi frá þínginu til stjórnarinnar en þeim, sem það hefir frá nefndinni. Eg get þess enn fremur, að þessi samníngur, sem nefndin biður um, er eins og samníngur milli manns og manns; hann bindur ei aðra en þá, sem hann gjört hafa, því er það, að þó Danir gjöri samníng við Frakka eina, þá getur það ekki verið bindandi fyrir aðrar þjóðir; það væri því nauðsynlegt, að samníngar væri gjörðir við fleiri þjóðir eður þær fengnar til að viðurkenna þenna eina samníng. (*Arnljótur Ólafsson:* Já það er líka sagt að eins: »*einkum Frakka*«) Já, en það þarf að gjöra samninga við *allar* þjóðir, ef samníngarnir eiga að vera eins yfirgripsmiklir, eins og lögin, sem nú gilda. En þó nú þessu yrði framgengt, sem eg efast um, að unnt sè, og menn beri svo það, sem nefndin vill hafa, saman við það, sem vèr höfum, þá verður það ofan á, að vèr eptir nefndarálitinu höfum má ske hugsaða línu inn undir sviði á Faxaflóa, í stað hugsaðrar línu 3 mílur fyrir utan Faxaflóa, og umhverfis allt land (*Framsögumaður.* Hvað vill þíngmaðurinn þá?) Eg vil yfirgefa stefnu nefndarinnar, og að þíngið biði hans hátign konúnginn, að vernda hin gildandi lög, því lögin eru ekki upphafin, þó þau sè brotin, og á hinn bóginn dugir ekki samníngurinn, nema hans sè gætt á sama hátt sem laganna (*Framsögumaður:* Geta Danir sett öðrum þjóðum lög?). Fiskibankarnir í kríngum landið eru eign landsmanna, og fiskiveiðarnar eru atvinnuvegur Íslendínga, þess vegna hafa þeir rètt á, að fá friðhelgi á þeim, að minnsta kosti meðan lögum þeim er ei breytt, sem að henni lúta; og ef Íslendíngar eiga að gefa eptir af þessum rètti sínum, þá eiga þeir að fá einhverja aðra uppbót en þá, að menn geti sagt á eptir um þá, að þeir viti ekki, hvað til síns friðar heyrir, eður hvað til álits þeirrar stjórnar heyrir, sem hefir sett lögin og á að halda þeim við líði. Nefndin hefir ekki haft fyrir augum hag landsins, eður skylduga virðíng fyrir Danastjórn, heldur einúngis einhverja friðar ímyndun eður rèttara ófriðar hugarburð við aðrar þjóðir, sem ei snertir málið eður þíngið. Þar sem menn hafa verið að vitna til frakkneska skipsins, þá er það ekki rètt, því það er hèr ekki til að halda við dönskum lögum, heldur frönskum, það er að segja, til að hamla óreglu á meðal frakknesku fiskiskútanna innbyrðis, og það mun öllu til skila haldið, ef herskipið sjálft eða þeir, sem á því eru, brjóta ei sjálfir lög á oss; eða mun ei svo? Eg skal nú

ekki áð svo stöddu fara fleiri orðum um málið, en vona að eins, að þingið taki þessar athugasemdir mínar til yfirvegunar.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr út af orðum hins heiðraða konúngkjörna varafulltrúa, þar sem hann vill biðja stjórnina um, að halda vörð á þeim eidri lögum, viðvíkjandi fiskiveiðunum, að athuga, að þau eldri lög eru gengin úr gildi með konúngsúrskurðinum frá 1812, sem eg álít sè nú gildandi regla; þetta takmark, 1 mílu út frá landi, vill stjórnin vernda, og meira má ekki ætlast til hún verndi, því þetta takmark er viðurkennt í því efni milli stjórnanna yfir höfuð. Það er rètt hermt af *framsögumanni* um samninginn milli Enskra og Frakka; hann er frá 2. ágúst 1839, og áhrærir fiskiveiðar við England og Bretlands strendur, og þar er takmarkalínan 3 mílur; innan þeirrar línu mega hvorugir koma, Enskir ekki við Frakklands strendur, og Frakkar ekki við Englands.

Stefán Eiríksson: Eg að vísu kom nú ekki í þetta sinn með neina bænarskrá til þingsins; en eg get tekið undir með þeim bænarskrám, sem komið hafa til þingsins um þetta efni, því við Austur-Skaptfellíngar verðum árlega fyrir sama óskunda sem aðrir samamtsbúar vorir; útlend fiskiskip munu optast koma fyrst að landi fram undan Austur-Skaptafellssýslu, og þar koma þau, þegar bezt lætur fyrir Skaptfellíngum að fiska, en úr því þau eru þar komin í höfin, stíngur í stúf með að fá fisk á opnum bátum, því svo langt sem augað eygir, liggur þessi útlendi skipafloti í hafinu, og hann er svo þèttur, að þau verða ekki aðgreind hvert frá öðru; áður fyr, þegar engi útlend skip komu undir landið, þá var æfinlega nægð af hákallaafla í Hornafirði, og sá sjáfarafli var þeim mjög arðsamur; en nú er þessi arðsami bjargarstofn þeirra að kalla eyðilagður af útlendum fiskurum, með því hákallin legst á niðurburð þeirra. Mèr yfir höfuð líkar vel við nefndarálitið; það er mjög svo hóflega og stillilega samið, og mèr finnst það rètt hjá nefndinni, sem hún hefir tekið fram undir staflið »*a*«, því það er þó ágreiníngur um það milli hlutaðeigandi stjórnarráða, hve nærri ströndum Íslands að útlendir megi fiska; en þar nefndarálitið gefur mèr tilefni til viðaukaatkvæðis, þá ætla eg að taka mèr það á þá leið, að útlendum fiskimönnum verði ekki leyft að að koma hingað undir strendur Íslands fyr en í fyrsta lagi í aprílmánaðarlok; hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gat þess áðan í ræðu sinni, að stjórnin hefði áhuga á máli þessu. Eg get nú ekki sèð það, því stjórnin segir í auglýsíngunni til þessa þings, að hún geti ekki látið okkur fá þess-

ar smáskútur, sem við báðum hana um 1859, þar hún hafi ekki slík skip til, og á hinn bóginn sè svo dýrt að kaupa þau; þessar undirtektir stjórnarinnar sýna það, að hún er ekki á því að leggja mikinn kostnað í sölunnar, til að verja okkar arðsamasta bjargarstofn, og sem við þó eigum fulla heimtíng á; enn fremur segir í auglýsíngunni, að það muni verða sent herskip svo opt, sem því verði við komið; það getur nú skeð, að stjórnin verði aldrei viðlátin að uppfylla þetta loforð sitt, svo eg verð að álita slík loforð frá stjórn mjög svo lúaleg, og sem í sjálfu sèr er sama sem að neita okkur alveg um vernd í þessu efni.

Arnljótur Ólafsson: Eg þarf varla að tala neitt í þessu máli, því að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir skýrt málið svo vel, og svarað svo vel mótbárum þeim, sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður hefir komið fram með á móti nefndarálitinu; en eg verð samt að svara hinum konúngkjörna varþingmanni fáeinum orðum. Það má með sanni segja, að hann gjörði sitt til, tók á allri þeirri mælsku og öllu því afli, sem hann á til, til þess að eyðileggja fyrri hluta nefndarálitsins. Eins og honum er lagið, sem hugsunarföstum manni, byggði hann á einni setníngu í gildandi lögum; en það vantaði hjá honum að sanna og sýna, hver þessi gildandi lög sè. Mèr finnast vera 2 aðalatriði í þessu máli. 1, hver sè gildandi lög um fiskiveiðar útlendra manna hèr við land. 2, hvort gildi þessi lög hafi gegn útlendum þjóðum, ef þau eru í stríði við almennan þjóðarrètt. Eg sný mèr þá fyrst að fyrra atriðinu, að því, hvað sè gildandi lög hèr á landi í þessu máli, og verð eg að leyfa mèr, að efast um, hvort hinn lögfróði konúngkjörni varaþíngmaður getur sagt mèr upp á hár, hvað sè gildandi lög um þetta hèr á landi. Hin elztu lög, sem mèr eru kunn um þetta mál, eru einkaleyfisbrèfin frá 1631 og 1636, er veita þeim, sem fiskileyfið var gefið, vald til, að bægja útlendum fiskimönnum 6 mílur frá landi, en Englendíngum að eins 4 mílur; þessi ákvörðun um 4 mílna fjarlægðina er síðan tekin upp í seinni lög. Nú vil eg spyrja, hvaða gildi hafa þessi lög og hvaða gildi hefir hin danska stjórn treyst sèr til, að gefa þessum lögum, sem ei voru breytt árið 1774? Hvað segir stjórnin við Bille, skipsforíngja, sem hún sendi árið 1774, til þess að gæta að athæfi fiskara hèr við landið? Hún segir honum, að halda fiskiskipum allra útlendra þjóða að eius 3 mílur frá landi. Nú leið og beið, og ekkert var gjört við þetta mál, þángað til að út kom konúngsúrskurðurinn 22. febrúar 1812, sem eg hefi gjört

mèr ómak fyrir að finna, og sem eg ekki hefi fundið í nokkru lagasafni; en sem eg samt ímynda mèr, að sè til. Hvaða reglu setur nú stjórnin þar um það, hversu langt útlendra fiskimanna skip eigi að halda sèr frá landinu? Hún segir, að þau skuli halda sèr að eins *eina* mílu frá landi. Ef nú nokkur lög eiga að gilda í þessu efni, þá eru það sjalfsagt hin yngstu. Nú vil eg spyrja hinn konúngkjörna varaþíngmann, hvort hann álítur, að þessi seinustu gildandi lög sè landsbúum meir í hag, en það, sem nefndin hefir stúngið upp á? *(Benedikt Sveinsson:* Verri en engi lög, sem nefndin fer fram á, og svo eru það eigi lög, sem engi þekkir). Það er annað. En þá vil eg spyrja hinn sama konúngkjörna varaþíngmann: Hvaða gildi hafa landslög gagnvart útlendum þjóðum, ef þau ekki eru byggð á almennum þjóðarrètti? Ekki meir en hinefarètturinn *(Benedikt Sveinsson: jus belli* má þíngmaðurinn ekki gleyma nè misskilja, ef hann kemur honum annars eður mèr við í þessu máli, sem ekki er). Já! eg vil ekki ráða til þess, að Ísland leggi út í stríð við Frakka út úr þessu máli, eður koma Dönum í það *(Benidikt Sveinsson:* Eg sagði, að þíngmaðurinn mætti hvorki gleyma nè misskilja.) Hèr getur ekkert verið gildandi lög fyrir aðrar þjóðir, en þau lög, sem eru byggð annaðhvort á þjóðarrèttinum, hinum almenna, eða þá á sèrstökum samníngum, sem konúngar þjóðanna gjöra sín á milli. Það er mikið satt, að það er gömul regla, sem *konúngsfulltrúi,* tók fram: *potestas terræ finitur, ubi finitur armorum vis;* en eg efast um, að hún finnist í Rómarèttinum, eins og hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði; hitt ætla eg að hún finnist hjá Grotiusi; en hvað sem um það er, þá er óhætt að biðja um það, sem nefndin fer fram á, því það er sama aðferðin og Englendíngar höfðu 1833; þá var nefnd sett í *parlamentinu,* til þess að rannsaka umkvartanir enskra fiskimanna yfir yfirgangi Frakka, og komst sú nefnd að því, að þeir hefði spillt fiski veiðum Englendínga. Tóku þá Englendíngar það ráð, að þeir gjörðu samníng við Frakka um þetta mál; og er þar í 9. gr. samníngsins, sem eg hefi hèr fyrir framan mig tiltekið, að franskar fiskiskútur skuli ekki koma nær Englandi en 3 mílur frá landi, og ekki fara inn á neina firði eða flóa, sem sè 10 mílur á breidd. Þar sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að það væri að taka fram fyrir hendurnar á konúnginum, að biðja hann að gjöra samníng við stjórn Frakka, þá get eg ekki sèð það; vèr setjum honum engar rígbundnar reglur um það, hvernig þessi samníngur eigi að vera;

en vèr tókum það að eins fram, sem vèr óskum, að tekið sè til greina, þegar þessi samníngur yrði gjörður og finnst mèr ekki, að vèr með því bindum hendur konúngsins. Eg man líka, að *konúngsfulltrúi* sá, sem var hèr á þíngi 1855, áleit þetta mál *diplomatiskt* málefni, og það sama hefir nefndin nú gjört.

Benedikt Sveinsson: Mèr var má ske áðan, þegar eg talaði, svo heitt um hjartaræturnar, að það getur verið, að eg hafi ekki tekið það skýrt fram, hvað meiníng mín var. Hèr er ekki verið að tala um, að gjöra nýja reglu gagnstæða því, sem er almennt gildandi regla þjóða á milli, heldur að vernda og framfylgja þeirri reglu, sem einu sinni er á komin, hvort sem hún er samkvæm hinum almenna þjóðarrètti ellegar ekki; það er svo margt í lögum hvers lands og í þjóðarrèttinum sjálfum, sem eigi er samkvæmt hinum *almenna* þjóðarrètti. Vèr eigum alls eigi með, að dæma um það hèr á þíngi, hvort lögin eru samkvæm hinum almenna þjóðarrètti eður ekki, og vèr megum heldur ekki lýsa því yfir beinlínis eða óbeinlínis, að konúngurinn sè ekki fær um að vernda þau lög, sem hann hefir sett. Eg held fyllilega, að Danastjórn geti haldið þessum skútum frá landinu, ef hún vildi; en það geta verið þær kríngumstæður, er gjöra það ómögulegt, að hún geti snúizt við því í þann og þann svipinn, og svo getur hún líka álitið það ónauðsynlegt af einni eður annari ástæðu. Stjórnin hefir nú líka sagt og heitið þínginu, að hún muni láta sèr annt um, að halda reglu við landið, samkvæmt gildandi lögum, og þessi gildandi lög verða þá að vera til. (*Gísli Brynjúlfsson:* Hver eru þau lög)? Eg álít það ekki skyldu mína, að svara spurníngum, sem til mín er beint í miðri ræðu minni; en eg gæti nefnt t. a. m. lögin frá 1787; þekki þíngmaðurinn þau eigi, get eg sýnt honum þau, svo allir sjái. Að því er það snertir, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði um hinn *almenna* þjóðarrètt, þá þyki mèr það kynlegt, að *ýmist* á takmarkið eptir honum að vera 1 míla dönsk fyrir utan yztu annes, og *ýmist* 3 enskar mílur; og eg verð því að spyrja hann, hvort það sè þá það sama 1 míla og 3 enskar mílur, sem ekki er nema $^3/_4$ úr danskri mílu? Og ef svo ólíklega væri, að $^3/_4$ úr danskri mílu væri nú annað en 1 eða $^1/_4$ dönsk mila, þá verð eg enn fremur að spyrja, hvort hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sè ekki sjálfur í vafa um regluna eptir hinum svo kallaða almenna þjóðarrètti? Eg vildi nú líka spyrja *framsögumann* í þessu máli, hvort hann geti sagt mèr, hvernig Rússastjórn t. d. hefir í þessu efni

ýmsar tilbreytilegar ákvarðanir frá því, að hinn almenni þjóðarréttur komist á legginn? Veit hann, hversu langt að Rússakeisari hefir leyft sèr, að tileinka sèr hafið í kringum lönd sín á ýmsum tímum? Og hefir konúngur vor minni rètt yfir Íslandi en Rússakeisari hefir yfir sínum löndum? Það er líka aðgætanda, að þjóðir geta undir vissum kringumstæðum gefið einstökum þjóðum meiri rètt en öðrum, og meiri rètt en þær hefði gefið á öðrum tíma, undir öðrum kringumstæðum t. a. m. á stríðstímum, og það er ætlun mín, að konúngsúrskurðurinn 1812 sè af þessum rótum runninn. Það gjörir mèr illt, að þingmaður Borgfirðínga getur ekki fundið þann úrskurð, sem hann þó segir að sè aðallögin í þessu máli; það er þó æfinlega slæmt, þegar menn finna ei sjálf lögin; væri þessi úrskurður þínglesinn, væri gaman að vita, nær það hefði skeð; en að öðru leyti álít eg það vafasamt, hvort maður *nú* getur nokkuð á honum byggt, því eg ætla, að hann hafi verið bundinn við vissar kringumstæður, eður með öðrum orðum verið *temporair* àkvörðun. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* lèt í ljósi, að stjórnin hefði eigi alls fyrir löngu sagt, að 3 mílna fjærlægð frá landinu væri hið rètta takmark, en að hún hefði þá ekki viljað halda þessu takmarki við hefð; má eg spyrja: er nú hefð komin á þetta 1 mílu takmark fyrir þetta? Eða hefir stjórnin með þessu afsalað sèr því, sem hún þó í sjálfu sèr álítur rètt, um aldur og æfi? Eg held ekki þess konar mál og þess konar reglur geti legið niðri um stund, og verið teknar upp aptur með fullum rètti eptir vissa áratölu, þegar kringumstæðurnar breytast; og eg hefi þegar áður tekið það fram, að menn mega ekki gjöra ráð fyrir föstum og óbifanlegum reglum í þessu efni, þegar litið er á sjálfa framkvæmdina, en lögin eru þó lög í sjálfu sèr, og stjórnin hefir einmitt lýst yfir áliti sínu um hið rètta takmark með þeim. Eg vil leyfa mèr að spyrja þingmann Borgfirðínga, hvort hann álítur erindisbrèf *(Instrux)* það, sem stjórnin gaf Bille herskipaforíngja, lög? það gæti í hæsta lagi verið ekki meira en skilníngur stjórnarinnar á lögunum á þeim tíma, en breytir ekki lögunum sjálfum, og mèr er til efs, að það gefi annað til kynna en það, sem stjórnin vildi *þá* gjöra láta. Ef úrskurðurinn frá 1812 er *temporair*, eins og eg held að sè, þá hefir hann fallið burt af sjálfu sèr, þegar þær kringumstæður breyttust, sem hann var til orðinn fyrir; svona gengur með öll þess konar lög; eg vil taka til dæmis kláðalögin gömlu, væri

þau ekki notandi ef þau væri nú gildandi (*Arnljótur Ólafsson:* Nei alls eigi).

Viðvíkjandi samníngum þeim, sem Frakkar og Englendíngar gjöra sín á milli, þá verð eg að segja það, að oss varðar ekki grand um þá; vèr eigum að vera hollir undirsátar konúngs vors, og það gjörum vèr bezt með því, hvorki að vantreysta honum nè ganga veldi hans og rèttindum of nærri, eins og mèr finnst að uppástúngur nefndarinnar miði til; það vita allir, að það er óhugsandi, að setja konúnginum lög, því hann er hafinn yfir lögin; en það er sannarlega líkt og að ætla sèr að binda hendur konúngsins í samníngum við aðrar þjóðir; eg segi binda hendur konúngsins, því nefndin stíngur upp á föstu skilyrði fyrir þessum samníng, sem konúngur verður að vera bundinn við, ef samníngurinn á að álítast gildur. Eða hvað skyldi vera meiníng nefndarinnar, ef hún ekki er þetta. (*Arnljótur Ólafsson:* Að þetta sè tekið til greina, eða haft tillit til þess, þegar samníngurinn er gjörður). Er þá þínginu nóg að haft sè tillit til skilyrðisins, án þess samníngurinn sè lagaður í raun og veru eptir því? Hvað er þá unnið? Þegar eg skrifa vini mínum, og bið hann að útvega mèr eitthvað með einhverju skilyrði, sem eg set, þá er eg ekki bundinn við það, sem hann gjörir í þessu efni fyrir mig, ef hann fer út fyrir þetta skilyrði. Þetta skilyrði, sem hèr er farið fram á, fer þar að auki langtum lengra en góðu hófi gegnir, og jafnvel lengra en grundvallarlögin í Danmörku í 23. gr, eins og eg hefi áður sagt. Eg held mèr fast við það, að hinn almenni þjóðarrèttur komi oss ekki við í þessu máli; þíngið getur ekki byggt á öðru, en að lög vor sè bindandi fyrir aðrar þjóðir, og vèr eigum því einúngis að halda oss til konúngs vors, og biðja hann að sjá um, að lögunum sè hlýtt og reglu við haldið samkvæmt þeim.. Eg vil nú áskilja mèr breytíngaratkvæði við uppástúngur nefndarinnar í þessa stefnu, hvort sem þíngið fellst á þau eða eigi; vil eg að það sjáist af umræðunum, að eg hafi eigi getað aðhyllzt skoðun og niðurstöðu nefndarinnar í þessu máli.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki álitið það rètt, sem hinn konúngkjörni þíngmaður nú sagði, að konúngsúrskurðurinn frá 1812 sè *provisoriskur*; hann inniheldur þvert á móti almenna reglu, eða stjórnin lýsir því yfir, að hún hafi ekki, og eigni sèr ekki rètt yfir hafinu lengra út frá landi, en 1 viku sjávar. Þetta sannast og af erindisbrèfi skipstjórans á Örninni, sem híngað kom í hitt eð fyrra, eins og eg er búinn að taka fram hèr á undan. Um það, hvað

Rússland eigni sèr langt út á hafið, get eg ekki sagt; en það veit eg, að í *Hvítahafinu* er fiskiveiði frjáls. Eg er búinn að taka það fram, að það hjálpar ekki að vitna í ákvarðanir frá 17. öld í þessu máli. Kríngumstæðurnar eru síðan öldúngis breyttar, og þær gömlu ákvarðanir gengnar algjörlega úr gildi. Stjórnin hefir og á seinni tímum ekkert tekið til um takmarkalínuna, en einúngis í almennum orðum bannað útlendum að fiska hèr á fjörðum og flóum, t. d. í verzlunartilsk. 13. júní 1787; og það sýnir ljóslega, að stjórnin hefir þá verið komin á aðra skoðun; en nú er skoðun hennar ljós af úrskurðinum frá 1812.

Ásgeir Einarsson: Eg get nú ekki annað, en þakkað fyrir allar þær skýríngar, sem fram hafa komið í þessu máli, því til leiðbeiníngar; mèr þykir vænt um, að nefndin skuli ekki hafa farið of langt, því það er ætíð hægra að bæta við, en fella úr. Ef það hefir verið fengið, sem nefndin hefir farið fram á, þá skal eg bæta nokkru við það. Eg skil svo ræðu *konúngsfulltrúa*, að lína sú nái í kringum allt land, sem ei má fiska fyrir innan, hvort sem flóarnir eru 9 mílur, 10 eða 11; enda væri það óviðurkvæmilegt, að ef flóar, sem eru 9 mílur milli yztu annesja, væri friðhelgir, að hinir, sem eru 10 eða 11, skyldi vera ófriðhelgir, svo útlendum fiskiveiðamönnum væri leyft að fiska uppi undir landi. Ef nú kæmist svo langt, að samníngur kæmist á um, að línan skyldi vera dregin frá yztu annesjum og úteyjum, þá held eg, að landið, eptir landslaginu væri nokkurn veginn friðað, því þá yrði línan dregin frá Langanesi fyrir utan Vestmannaeyjar — því þær heyra þó landinu til — frá Vestmannaeyjum til Reykjaness, þaðan til Bjargtanga, þaðan til Hornbjargs, þaðan til Skagatáar, o. s. frv. Ef nú væri vel haldinn vörður, að ekkert útlent fiskiskip kæmi inn fyrir þessa línu, þá held eg landinu væri nokkurn veginn vel borgið. Ef við höfum hèr lög, sem ekki er hlýtt, þá sè eg ekki tilefni til, að biðja um önnur lög, sem líklega færi á sömu leið; heldur sýnist mèr, að við ættum að biðja um, að lögin væri stranglega haldin; hinir löglærðu menn hafa sagt, að nefndin vildi biðja um það, sem þegar væri fengið; mèr sýnist, að bezt væri, ef svo er, að lög sè til, að herða á stjórninni með, að fram fylgja gildandi lögum. Eg vil áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá átt, að þíngið allraþegnsamlegast biði hinn allramildasta konúng, að sjá um, að dönsk herskip verði send hingað 1. apríl ár hvert, til að vera hèr til 1. september, sem haldi vörð yfir útlendum fiskimönnum. Eg get ef til vill

orðað það betur seinna. Hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að nefndin vildi freklega taka fram fyrir hendurnar á konúngi, með því að biðja hann, að semja við útlendar stjórnir, og þannig brjóta grundvallarlögin. Eg veit ekki, að hve miklu leyti þau gilda hèr á landi, en hitt veit eg, að hèr hafa þau ekki verið *þínglesin,* heldur en úrskurðurinn af 1812. Eg held, að þíngið hafi fullkomlega rètt til, að bera þegnsamlega fram fyrir hans hátign konúnginn þegnlegar bænir sínar um slíkt mál, sem hèr ræðir um, sem er sannarlegt velferðarmál, og sá háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir ekki haft neitt á móti þessari aðferð. Eg skal ekki fjölyrða meira; en vona að þíngmenn gjöri sèr far um, að skýra málið sem bezt, og mjaka því áfram, en ekki láta lenda í þrætu, sem, ef til vill, spillir fyrir málinu, sem þó er um *annan aðalbjargræðisstofn okkar Íslendínga.*

Benedikt Sveinsson: Það gleður mig innilega, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* er nú orðinn líkrar skoðunar og eg, að því er aðalatriði málsins snertir, þó hann lèti annað í ljósi í fyrstu. Eg vil einúngis taka það fram, að eg sagði ekki, að lagaboðið 1787 setti nein viss takmörk, heldur að það bannaði útlendum fiskimönnum, að fiska í flóum og víkum, eða undir landinu, við úteyjar og sker. Viðvíkjandi hinum nákvæmari takmörkum er það auðsætt, að tilskipunin heldur sèr til hinna gildandi laga, og í því tilliti getur manni víst varla dottið í hug úrskurður frá 1812. Vili nú stjórnin breyta þeim hinum gildandi lögum í þessu efni, virðist það eðlilegast, að frumvarp til nýrra laga yrði lagt fyrir þíngið, eins og venja og lög standa til, svo atkvæði þíngsins yrði tekið til greina í þessu áríðanda máli. Eg áskil mèr breytíngaratkvæði við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, eins og eg hefi áður sagt, og við 2. atriðið, er mèr virðist orðið »fiskimenn« of þröngt; en að öðru leyti fellst eg á 2. uppástúnguatriðið hjá nefndinni.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg get ekki leynt því, að þá eg sá þessi niðurlagsatriði nefndarinnar, þá þótti mèr þau ekki sem bezt við eiga, eptir því, sem málið liggur fyrir. Eg er samt ekki að lasta nefndarálitið, því eg vil langtum heldur hrósa því; það er rækilega og snildarlega samið, og tekur svo skýrt og greinilega fram allar kríngumstæðurnar, og hve brýn og bráð nauðsyn sè til, að stjórnin gefi málinu góðan gaum; en eg vil geta þess, að mennvita það, að það hefir ekki verið svo mikil kvörtun yfir, að hèr vantaði lög eða ákvarðanir í þessu efni; en það er kvörtun-

in yfir því, að það vanti tilsjón og aðhald, að lagareglunum sé fylgt og hlýtt, og þetta er enn ekki fengið, hvað sem sá hæstvirti *konúngsfulltrúi* segir um það; en þetta er þó, sem þarf að fást, og það undir eins. Stjórnin hefir annars, eptir því sem hin konúnglega auglýsíng hèr til þíngsins sýnir, heldur tekið vel í þetta mál, og hún ber ekki við neinu lagaleysi, og ekki heldur getuleysi, að fram fylgja sinum ákvörðunum, því þar segir: að herskip skuli verða send, þegar því verði við komið, til að hafa gát á útlendum fiskiveiðamönnum, og til að halda á reglu við strendur landsins; þar af er auðsætt, að stjórninni þykir lagareglan vera til, og hún líka treystist til, að láta fylgja henni; og þar stjórnin játar sig svona fúsa á, að sinna málinu, þá virtist mèr, að það hefði verið það helzta, sem þíngið nú hefði átt að gjöra, að senda konúngi vorum þægilegt ávarp fyrir undirtektirnar, og jafnframt biðja þess, og taka það fast fram, að stjórnin ekki láti það nú bregðast, að senda þessi herskip hingað, því aðfarirnar og kríngumstæðurnar, sem nefndin hefir svo vel lýst, sýni það, að slíkt megi ómögulega hjá líða; hinn heiðarlegi þingmaður úr Strandasýslu hefir nú tekið sèr breytíngaratkvæði á þessa leið, og þarf eg þess svo ekki; annars talaði hann margt, sem mèr líkaði í þessu efni. Hitt er annað, að það er víst fýsilegt að vita, hver lög til hlýða eða eru gild í þessu fiskiveiða-tilliti, einkum þar lögfræðíngarnir ekki eru samdóma hèr um; og sè svo mikill skortur á lögum, eður vafi um þau, sem nefndin heldur, þá er líklegt, að stjórnin finni bráðum ástæðu til þess, að leita andsvara alþíngis um, hvort þau gömlu lög í þessu efni geti staðizt, og hvernig þeim verði þá svo hagkvæmlega beitt, að landsmönnum komi að haldi, og reglum þeim verði fram fylgt. Ef hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður treystir sèr til, að koma hèr inn í málið bendíngu til stjórnarinnar um þetta, þá kynni slíkt að eiga vel við.

Guðmundur Brandsson: Eg hefi nú reynt til, að hlýða með athygli á ræður manna; og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og hinn konúngkjörni varaþíngmaður hafa gjört sèr far um, að upplýsa málið; en þeim hefir ekki komið saman um, hvað væri lög. Þannig sagði *konúngsfulltrúi,* að lagaboðið af 1812 væri lög; en hinn konúngkjörni varaþíngmaður bar það alveg til baka; hann sagði, að það væri gefið út í sèrstöku tilfelli. Þeir töldu upp mörg lög, sem hefði ákveðið takmarkið 6, 4, 3 og 1 mílu undan landi. Hvernig eigum við nú, ólærðu mennirnir að segja, hvað lög sè í

þessu máli, þegar þeim ekki ber saman um þetta, sem betur eiga að vita? Það er því ekki vanþörf á, að spyrja sig fyrir um það hjá stjórninni, og skyldi menn ætla, að hún væri fær um, að leysa úr því. Það er verið að tala um, að einskis þurfi að biðja í þessu efni, því það sè þegar fengið; lögin sè til; einúngis þurfi að fram fylgja þeim; það get eg ekki sèð, þar sem allt er svona óvíst. Mèr þykir uppástúnga nefndarinnar, undir C, vera óákveðin, og vil því áskilja mèr við hana breytíngaratkvæði, og ákveða einhver hæfileg takmörk fyrir hina útlendu fiskmenn; því eg held, að ef ætti að fara að spyrja stjórnina um takmörkin, að þá færi líkt og með *samlagníngsskattinn* góða, nefnil. að *vaninn* væri lög, og skyldi vera það framvegis; og þá held eg við værum litlu bættari eptir en áður. *Konúngsfulltrúi* sagði, að skip, sem væri innan hinna tilteknu takmarka, væri upptæk eptir hinum eldri lögum. Eg veit ekki dæmi til þess, að nokkurn tíma hafi til þess komið (*Jón Pètursson:* Jú! stjórnin gjörði einu sinni hollenska duggu upptæka). Þessi 1 míla, sem um er talað, er ónóg, því fiskimið t. d. fyrir Reykjanesi, liggja miklu dýpra en 1 míla, og vil eg því áskilja mèr breytíngaratkvæði, er tiltaki takmörkin 3 mílur frá yztu anneyjum og úteyjum landsins; en ef annar tekur það í sömu stefnu, þá get eg fallið frá því.

Indriði Gíslason: Það vakir fyrir mèr nú, hvernig tekið var í málið 1859; þá kom lögfræðíngunum ekki saman um, hvort fjarlægðina skyldi miða við útnes eða strendur landsins; nú er ekki eins mikill ágreiníngur um það. Nefndin hefir verið í einhverri óvissu, þegar hún var að ræða málið, og því hefir hún stúngið upp á því, að biðja stjórnina, að semja við aðrar stjórnir um takmörkin. Eg sè ekki neitt unnið með þessari uppástúngu nefndarinnar, því hún er svo óákveðin. Eg held, að við sèum betur kunnugir en stjórnin; og henni mætti þykja gott, ef við vildum benda henni á einhver takmörk. Niðurlagsatriðið *A* er óákveðið; *B* miðar til að friða fiskinn, og niðurlagsatriðið *C* er hægt að bæta, með því að stínga upp á vegalengdinni, og vil eg því — þó aðrir sè kunnugri, því eg hefi aldrei sjómaður verið — stínga upp á 3 mílna fjarlægð frá yztu annesjum og eyjum, og áskilja mèr um það breytíngaratkvæði; eg skal svo ekki tala meira að sinni.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að áskilja mèr breytíngaratkvæði við fyrstu uppástúngu nefndarinnar, að »þannig lagaðan« verði breytt í »á þá leið«, eða »þess efnis«. Eg skal leyfa

mèr að leiðrètta það, sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, og geta þess, að eg aldrei sagði, hvað væri lög, heldur vildi eg spyrjandi grennslast eptir, hvað væri lög. Hann nefndi fyrst hin elztu lög, svo önnur, sem tiltæki takmörkin frá 1—6 mílna. Þar sem hann sagði, að lagaboðið frá 1812 væri ekki lög, þá verð eg þó að segja honum það, að stjórnin hefir 1833, og enn 1845 farið eptir úrskurði þessum. Um gildi landslaga, í samanburði við þjóðarrèttinn, skal eg ekki tala, því hann hrakti ekki það, sem eg hafði sagt um það atriði.

Páll Sigurðsson: Það er aðalspurníngin fyrir Íslendínga að vita um línuna; en þegar lögfræðíngana greinir á um hana, þá veit eg ekki, hvernig fer með okkur lægri peðin. En það er mín meiníng, að rètti okkar sè ekki borgið, ef línan ekki er 3 mílur undan landi, því þangað ná fiskimið, það er *mèr* kunnugt, því eg hefi verið *sjómaður*. Það er mikið talað um þjóðarrèttinn, og að Danastjórn verði að fara eptir stórveldunum. Eg skil það ekki, að þó Frakkar og Bretar gjöri samníng sín á milli, að hann sè bindandi fyrir allan heim; það sem er rèttur fyrir þá, getur verið órèttur fyrir oss; en eg treysti því, að Frakkar og Bretar sè svo göfuglyndir, að þeir ekki vili taka bitann frá munninum á Íslendíngum, og gjöra oss órètt. Það verður hver að játa, að einnar mílu takmarkið er sama sem ekkert fyrir okkur, og okkur er með því misboðið. Eg fellst því á breytíngaratkvæði þíngmanns Dalasýslu, og vil að við styðjumst við eldri lög, þau sem stjórnin játar að til sè, og biðjum hana, að sjá um, að þau sè ekki svo stórkostlega brotin af Frökkum hèr eptir, eins og þeir hafa gjört nokkurn undanfarinn tíma, og mest þetta ár.

Björn Pètursson: Þó eg ekki sè eins óánægður með þetta nefndarálit, og hinn konúngkjörni varaþíngmaður, þá verð eg að segja það, að mèr þykir það ófullkomið. Mèr finnst alveg vanta það, sem nauðsynlegt er, eða eins og menn segja, það, sem við á að eta. Okkur vantar ekki *lög;* við höfum nóg af þeim, bæði gömlum og nýjum; en það vantar, að lögunum *sè hlýtt,* og það er óhætt að segja, að þeim hefir aldrei verið hlýtt frá því þau fyrst voru gefin, og allt af er verið að traðka þeim meir og meir. Eg get ekki annað en verið samþykkur aðalstefnunni hjá nefndinni; að því er takmörkin snertir, þá hefir hún farið fram á, að þau verði sett svo langt undan yztu annesjum landsins, sem *fremst má verða;* en eg veit ekki, hvað langt það getur orðið. Þíngmenn, sem kunn-

ugastir eru fiskiveiðum, hafa sagt, að takmörkin mætti ekki vera nær en 3 mílur, og mèr þykir mikið líklegt, að svo sè. En eg er hræddur um, að stjórnin, þó hún hafi bezta vilja, geti ekki náð slíkum samníngi við aðrar þjóðir, en það skaðar ekki, þó þíngið bendi stjórninni á 3 mílna takmarkið. Helzta mótbáran, sem komið hefir fram-móti hinum konúngkjörna varaþíngmanni, er nú, að hin gömlu lög vor um þetta efni sè gagnstæð þjóðarrèttinum. Það getur vel verið; eg er því lítt kunnugur. En hitt veit eg, að þessi lög eru þó ekki tekin aptur, og við ættum sízt að verða til, að *biðja um það,* þegar þau miða til að vernda 2. aðalatvinnuveg vorn *(Arnljótur Ólafsson*: Hvaða lög)? Eg man nú ekki data á þeim öllum, sem talin hafa verið upp; eg man samt eptir því, að í brèfi dómsmálastjórnarinnar 18. apríl 1859 er vitnað í konúngsúrskurð 22. febrúar 1812, og í þessu brèfi er sagt, að það virðist vera samkvæmast almennri skoðun um yfirráðin yfir sjónum, að takmörkin sè ákveðin, eins og í þessum úrskurði segir, þ. e. 1 míla frá yztu eyju eður hólma, sem stendur upp úr sjó. Þess vegna mælist dómsmálastjórnin til þess af utanríkisstjórninni, að hún hlutist til um það við stjórnir hinna útlendu ríkja, að fiskimönnum sè boðið að halda sèr fyrir utan þetta svið. Eg veit og, að enski utanríkisráðherrann vildi ekki fallast á þetta, því hann skrifaði danska sendiherranum í Lundúnum, að enska stjórnin gæti ekki kannast við, að nokkurt riki, sem ekki hefði heimild til þess í þjóðasamníngum, ætti með að taka sèr vald yfir sjónum lengra en *3 enskar mílur* undan landi. Eg held því líklegt, að Danastjórn eigi bágt með, að koma þessari 3 dönsku mílna *Territorialhöihed* fram, þar sem við þvílíkt ofurefli er að etja.

Nú vil eg spyrja, hvað sem þessu líður, hvort það sè gagnstætt þjóðarrèttinum, að halda sèr frá stuldi, ránum, gripdeildum og alls konar yfirgangi? Það vita þó allir, að það er ekki, og það vita allir, að þetta er bannað í landslögum allra kristinna þjóða. Það er kunnugt, að Frakkar hafi rænt æðarvörp, stolið og misþyrmt fènaði, gjört mönnum verkatjón, átroðníng og alls konar óskunda. Á Fáskrúðsfirði liggja t. d. á hverju sumri um 100 skip í senn, hálfan mánuð, og þaðan af lengur. Sá óskundi, sem þeir þráfaldlega gjöra á landi, er þó tilfinnanleg viðbót við það tjón, sem þeir vinna fiskiveiðunum. Nú vitum vèr allir, að verzlunarlögin 15. apríl 1854 banna öllum utanríkismönnum að koma, nema á þær 6 hafnir, sem til eru teknar í 2. grein þessara laga, og leyfa það þó ekki nema til þess, að

kaupa nauðsynjar til skipa sinna; en af þessu dæmi sjáum vèr hvernig þessum lögum er hlýtt, og það dettur þó víst engum í hug, að bíðja um, að afnema lögin fyrir það. Aðalatriði þessa máls virðist mèr því vera það, að biðja stjórnina, að þeim lögum, sem til eru, og eins þeim samníngum, sem hún kynni að gjöra við aðrar þjóðir, verði framfylgt. Þetta atriði vantar í nefndarálitið. Eg vil því áskilja mèr viðaukaatkvæði á þá leið, að stjórnin sendi á ári hverju 2 eða 3 herskútur, til að halda uppi lögreglu við landið, svo útlendir fiskimenn gjöri landsmönnum engan óskunda, hvorki á sjó nè landi.

Páll Melsteð: Eins og þínginu er kunnugt, bar eg fram fyrir það bænarskrá úr Snæfellsnessýslu, þetta mál áhrærandi; og eg er sannfærður um, að hafi nokkrir menn hèr á landi ástæðu til, að kvarta yfir útlendum fiskiveiðum, þá eru það Snæfellíngar; það þekki eg frá því eg var í Snæfellsnessýslu, þá komu hinir útlendu fiskimenn þangað öndverðlega í aprílmánuði, og þó þar væri þá góður afli, þá brá svo við, að bátarnir íslenzku hættu að fiska, úr því þessi stórskipasægur kom inn á fiskimiðin. Eg hefi með eigin augum sèð þá marga ekki lengra frá landi, en $^1/_4$ úr mílu, fram með Öndverðarnesi, Breiðuvík og Staðarsveit; þeir þvergirða fyrir fiskigöngur að landinu, og allt það slóg, sem þeir kasta fyrir borð, heldur fiskinum föstum og kyrrum við það, svo hann gefur sig ekki við beitunni á lóðarönglum sjómanna vorra. Eg tek það upp aptur, að það er sannfæríng mín, að koma hinna útlendu fiskimanna nú í vor híngað undir land hafi ollað fiskileysinu í Faxaflóa á vertíðinni, sem leið, jafnvel þó hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* í inngangsumræðu málsins, segði, að það mundi ekki vera, því fiskurinn hefði þá verið búinn að ganga vestur um. En þetta var ekki svo; fiskur kom seint í ár hèr að Suðurlandinu; hann kom um sama leyti og fiskiskip Frakka; þau fylgdu göngunni vestur með landi; og eg held eg megi segja, að Frakkar sè því allt eins kunnugir, eins og við Íslendíngar sjálfir, hvar og hvenær fisks er helzt von hèr við land. Þetta efni horfir til vandræða, og þegar fiskurinn er horfinn, þá má eg segja um Snæfellsnes, að þar verður óbyggjandi mennskum mönnum. Að vísu eru til einhver lög um þetta efni, þó mönnum ekki hafi komið saman um þau. Reynslan sýnir, að stjórnin hefir ekki getað framfylgt þeim, svo það er eins og engi lög sè til. Eg held því að nokkur bót verði ráðin á þessu, ef stjórnin er beðin að sjá um, að strengiliga verði

haldinn vörður á, að þessir útlendu fiskimenn komi ekki nær en 1 mílu frá yztu annesjum og uteyjum, því þetta takmark mun fara nærri því, sem viðtekið er meðal manna, að friðhelgt sè fyrir útlendum þjóðum. Eg viðurkenni, að þetta takmark er of lítið, og að ekki veitir af 3 mílna fjarlægð; en eg held það fáist ekki, og verði ekki varið, og áskil eg mèr því breytíngaratkvæði í þá átt, er eg gat um; eg skal orða það betur, og síðan senda *forseta* það á sinum tíma.

Guðmundur Brandsson: Síðan þessu máli var hèr fyrst hreift, og það með miklum áhuga og samheldi, vitum við enn ekki, hvað stjórnin hefir við það gjört, og er því ekki gott að spá, hver úrslit málið muni fá. Við vitum einúngis það, að við höfum enga vörn fyrir útlendra yfirgangi, og að stjórnin hefir annaðhvort lítið eða ekkert gjört til, að aptra honum; en hvað hefir hún þá gjört? Hún lofar að hugsa um málið í auglýsíngunni til þessa þíngs, og þá lá þó hjá henni 2 ára gömul bænarskrá, nefnilega frá í hitt eð fyrra; ætli hún hefði ekki átt að hugsa um það fyr; víst hefði það ekkert spillt.

Það er eins og Frakka hafi dreymt fyrir því, að danska stjórnin mundi fara að hafa betri gætur á þeim hèr eptir en híngað til, og hugsað sèr því, að taka gæs, á meðan gæfist, því aldrei hafa þeir fjölmennt híngað eins og einmitt núna; og nú hafa þeir verið uppi í landsteinunum austur með öllu landi. Stjórnin hefir enn ekki beint málinu í þá stefnu, að við getum treyst liðsemd hennar, og það stoðar lítið, þó takmarkalínan, sem talað er um, sè lögð með orðum einum langt úti á sjó, og get eg ekki kallað það langt, ef ekki væri tiltekin nema 1 míla, enda þó það væri frá yztu annesjum landsins, og því finnst mèr ekki skaða, þó til sè teknar 3 mílur. Þó hèr komi eitt herskip, þá gjörir það lítið gagn, ef það liggur lengst af hèr á höfninni í Reykjavík, og Frakkaskipið, sem híngað kemur, á víst meir að sjá um hag Frakka, en okkar Íslendínga, og sjá þeim fyrir nauðsynjum sínum, svo eg þori að segja, að það er okkur ónýtt.

Benedikt Þórðarson: Nokkrir þíngmenn hafa hreift því, að það væri allt of nærri landi, að útlendar þjóðir fiskuðu í einnar mílu fjarlægð frá því; eg verð að vera á sama máli, og af þeim ástæðum, sem ekki verða hraktar, að landsmenn umhverfis landið sækja opt dýpra til miða afla sinn, en eina viku sjávar; svo er þetta kríngum alla Vestfirði; menn róa þar á stundum, er þeir kalla hafróðra, langt frá landi. Fyrir öllu Norðurlandi er líkt

háttað; á Gjögri, Vatnsnesi, Skaga, Fljótum og Siglunesi, og svo austur með landinu er víða langræði, svo nokkrum vikum skiptir. Þetta hefir vafalaust valdið þeirri áður ákveðnu 4 mílna fjarlægð, er útlendum fiskurum var hèr sett frá landi, og svo þyrfti enn að vera; eg veit það að sönnu, að betra er lítið en ekki neitt, betra, að miða við 1 mílu fjarlægðina frá yztu annesjum, fjarða og flóamynnum, ef það þá gagnaðist; en að útlendir fiski, eins og þeir gjöra nú, hvar sem stendur, það er líkast sem þeir viti nú ekki, eða vili ekki vita neitt takmark; og allt af eru þeir að verða nærgöngulari; inn á Breiðafjörð æða þeir allt inn undir Barðaströnd svo margir, að tölu verður eigi á komið, og þess á milli girða þeir kringum Vestfirði, og fara þar inn; mælt var í vor, að þeir hefði krækt upp fiskilóðir á Arnarfirði; líka var þess við getið, að þeir gjörði óspektir með landgöngum, jafnvel á nóttum, heim á bæi að fólki í svefni. Um hvítasunnuleitið láu mörg skip þeirra inni við Vatnseyri á Patreksfirði, og var það þá eina nótt, að því eg frètti, að nokkrir komu heim á bæinn Geirseyri og gjörðu riskíngar; bóndi vaknaði við vondan draum, og fór á fætur; hann var liðlaus og vopnlaus, en átti samt byssuhólk, en ekkert til að láta í hann; greip hann byssuna, og sýndi komumönnum, og lèzt mundi hlaða hana, en er þeir sáu aðfarir hans, flúðu þeir burt af bænum, sem fætur toguðu. Ekki eru Frakkar heldur orðlausir af því, að þeir sýni sig í þjófnaði, og þykir þar vestra, að það gjöri hvern góðan, að geyma vel sitt, þegar þeir koma.

Eg ætla ekki að tala um uppástúngur nefndarinnar; aðrir hafa gjört það; það er sjálfsagt, að vèr verðum, sem fyr, að knýja á náðir stjórnarinnar, að hún veri oss fyrir ómildum yfirgangi Frakka; eg efast ekki um góðvilja hennar; en hitt verður eptir hentugleikum, hvað hún getur í því efni; henni mun hollast, að fara hægt í sakirnar við Frakka stjórn. Þess verðum vèr að gæta. En hèr er eitt ráð til, er eg vil hreifa við, og sem eg ætla bezt mundi duga; það er, að vèr sjálfir Íslendíngar ritum Frakkakeisara, og tilkynnum honum vandræði vor í þessu efni, og biðjum hann að setja takmark þegnum sínum, að þeir brjóti ekki lög vor, og að þeir yfir höfuð gjöri oss engan óskunda; um þetta ætla eg að áskilja mèr viðaukaatkvæði við uppástúngur nefndarinnar.

Forseti: Mönnum kann að vísu að virðast það óþarfi af mèr, ekki sízt frá þessu sæti, að leggja orð í mál þetta; en eg álít mèr skylt, að leiða ekki þegjandi fram hjá mèr undirtektir stjórn-

arinnar undir þetta mál, og eg álít þinginu það skylt, því þær eru í sannleika næsta einstaklegar og eptirtektaverðar; eða á hverju eru þessar undirtektir stjórnarinnar byggðar? Hefir alþingi gefið fullt tilefni til þeirra? Hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu spurði rètt og verulega, þegar hann spurði: *„hvað hefir stjórnin gjört í þessu máli?“* En eg spyr, hvernig stendur á því, að stjórnin skuli núna í seinustu auglýsingunni, sem til þings þessa kom, hafa tekið eins undir málið og hún þar gjörir? Í auglýsingu til alþingis 1859 um árangur af þegnlegum tillögum þess 1857, hefir konúngur og stjórn hans tekið mjög vel undir þetta mál. Þar er fallizt á, að Íslendíngar eigi hina fyllstu og rèttláta kröfu á, að þeim sè veitt full vörn og verndun fyrir hinum vaxandi yfirgangi útlendra fiskimanna, er þeir sækti æ fleiri og fleiri upp undir landsteina, og inn á innstu fiskimið. Og stjórn konúngsins lèt ekki lenda við þessa viðurkenníngu, heldur sendi hún hið sama sumar (1859) herskip híngað til landsins, og lèt það vera hèr meginhluta sumarsins, til þess að hafa gát á útlendum fiskimönnum, og varna yfirgangi þeirra, og gaf það útlendum stjórnendum til kynna, og lýsti jafnframt yfir því áliti sínu við þá, að takmarkið væri 1 míla undan landi frá yztu ey eður annesjum, og kveðst hafa gefið yfirmanni herskips þess, er þá var híngað sent, fyrirskipanir þessu samkvæmt. Stjórnin kveðst þá ekki víkja frá þessu áliti sínu, þó að aðrar þjóðir — til nefnd Bretastjórn — vefengi þennan rètt, ef hann eigi sè viðurkenndur með sèrstökum samníngi, þó að stjórn vor að vísu leggi til, að farið sè hægt og gætilega í það, að bægja frá skipum Breta. Þetta voru eigi að eins góðar undirtektir, heldur gjörði stjórnin þá, nefnil. 1859 allt, sem gjöra þurfti, og í hennar valdi stóð. En hvað hefir nú stjórnin gjört síðan? 1860 kom hèr að vísu eitt herskip, en á því var svoddan fjarska-asi, að það eptir fárra daga dvöl hèr á Reykjavíkurhöfn varð að flýta sèr af stað til Skerborgar í Frakklandi. Nú endurnýjaði þingið aptur bænir sínar um þetta mál 1859, og eg ætla með allri þeirri hógværð og stillíngu sem vera bar; en hver svör koma nú í auglýsíngunni til þessa alþíngis, sem hèr er lögð fram, og dagsett 1. júní þ. á.? Eg bið vel að yfirvega þessar undirtektir; þingið beiddi þess, að sendar yrði híngað 3 eða 4 vopnaðar hleypiskútur (»Kuttere«) til varnar, og til þess að vernda rèttindi landsmanna og yfirráðsrèttindi sjálfrar stjórnarinnar yfir landi og sjó; og eg vona engi líti öðruvísi á, en að hèr sè hóglega beðið, og

eigi mikils beðizt; en hverju svarar stjórnin? hún svarar, að »herskipastjórnin hafi ekki til slík skip«, og »á hinn bóginn yrði óhæfilega dýrt, að útvega sèr þau«; — það yrði »óhæfilega dýrt«, að gjöra út 2—4 smáskútur, til þess að vernda þau rèttindi landsins, er vèr eigum eptir guðs og manna lögum, og sem stjórnin hefir þar til sjálf viðurkennt sèr skylt að vernda. En í svarinu virðist eiga að koma nokkur bót á þessu vandkvæði, er stjórnin telur á með smáskúturnar; hún heitir, að senda hingað herskip, til að vernda rèttindi vor, »*svo opt, sem því verður við komið*«. Hèr er með öllu sleppt því, hvort vèr þurfum verndar við og varnar, — það er beinlínis viðurkennt, að vèr þurfum þess — en verndin á samt að fara eptir því eina, hve nær og hvað opt því verði komið við, að senda hingað herskip til varnar; en hver á nú að gjöra út um það, hvenær þessu verði komið við; er það herstjórnarráðherrann, eða dómsmálaráðherrann, eða íslenzka stjórnardeildin? Það væri því mjög æskilegt, ef hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* vildi skýra þinginu frá, hvernig stendur á þessum óskiljanlegu undirtektum stjórnarinnar, hvort þær eru að kenna þjóðinni, eður þinginu, eður hverju þá; eður hvers vegna stjórnin hafi breytt svona mjög skoðun sinni á máli þessu og undirtektum sínum frá 1859 og til þess nú 1861. Það er sannarlega til lítils í öðru eins máli og þessu, að vera að þrátta um það fram og aptur, hver lög hafi verið eða sè enn gildandi í þessu efni, og hvort þjóðarrètturinn eigi hèr að gilda meira en sèrstakleg lög um sèrstakan eignarrètt manna á landi og út frá því; það er þó víst, að eignar-takmörk eru til út frá landinu á sjó út, æfinlega þau takmörkin, er konúngurinn, sem löggjafi og landsdrottinn, bindur landsþegnana við innbyrðis með sèrstökum lögum. Við þekkjum þó veiðilögin, og hinar útvikkuðu breytíngar á þeim, um skothelgi selsins yfir meiri hluta bæði Breiðaflóa og Faxaflóa; eg ætla engi efi það, að konúngur hafi mátt setja þessi lög, og að stjórn konúngsins finni sèr skylt, að halda þeim í fullri hefð; og hvað segjum vèr nú: Er Frökkum og öðrum útlendíngum heimilt að fara á veiðar, hverjar sem eru, inn fyrir þessi takmörk, sem eigi er sektalaust fyrir neinn einstakan mann hèr á landi, að koma inn fyrir til selaskota? Það er víst, að 1859 hefir stjórnin viðurkennt það, og lýst yfir við útlendar þjóðir, að hún ætti rètt á því, einnig samkvæmt grundvallarreglum þjóðarrèttarins, að meina útlendum að koma nær Íslandi til fiskiveiða en *eina* mílu frá yztu úteyjum eða annesjum. Nú,

gott og vel! lítið er betra en ekki neitt. Ef stjórnin vill vernda þessi lög sin, láta ekki yfirtroða þau dagsdaglega, þá megum vèr láta oss það lynda; við höfum fulla vissu fyrir því, sem mestu skiptir í þessu máli, og það er, að yfirgangur útlendra fiskimanna árlega fer vaxandi, aðalatvinnuvegi landsmanna til mesta hnekkis, og til eymdar og örbyrgðar fyrir þá; en hvaðan þessi yfirgangur kemur, hvort hann er lögum samkvæmur eður lagaleysi að kenna, hvort hann er byggður á ímynduðum þjóðarrètti, það skiptir minnstu; það eina er víst: hann vex árlega og horfir til vandræða; og það er líka víst, að við höfum þó einhvern rètt í þessu efni, og þann rètt þarf stjórn vor að fá einskorðaðan og viðurkenndan af hinum voldugu og áleitnu yfirgangsmönnum, og þann rètt er stjórninni skylt að vernda oss til handa. En að þrátta hèr um það fram og aptur, hvort við eigum rètt á 4 mílna fjarlægð eður 3, eða að eins 1 mílu, og láta þar við lenda, það er líkast því, þegar Tyrkinn settist forðum með óvígan her í kríngum Miklagarð, en borgarmenn tóku það ráð, í stað þess að hrinda ófriðnum undir eins af höndum sèr, að hinir helztu og vitrustu menn settust á ráðstefnu, og fóru að þínga um það, hvaðan Tyrkinn væri og hvaðan hann skyldi vera kominn, hvort hann væri upprunninn úr Tartaralöndunum eða Mongolí, eða hvað; en á meðan á þeirri ráðstefnu stóð, tók Tyrkinn borgina. Eg verð nú að segja, að mèr virðist sjálfsagt og nóg, að halda fast við yfirlýsíngu stjórnarinnar 1859; þar hefir stjórnin sjálf játað bæði rètt vorn, og sjálf til tekið takmörkin, og eg get eigi efað, að hún finni og játi það helga skyldu sína, að vernda þau takmörk, og er vonandi, að einhverir hreifi breytíngaratkvæðum í þessa stefnu, því þetta er eigi tekið fram í nefndarálitinu, en eg er hálfhræddur um, að ef bíða ætti eptir samníngum við aðrar þjóðir, þá mundi »Tyrkinn« taka okkur á meðan á því stæði, að þeir kæmist á. Niðurlagsatriði nefndarinnar undir tölulið 2 er að vísu gott, en það virðist þó auðsætt, að þó það fengist, sem þar er farið fram á, gagnar það lítið, til þess að verja okkur yfirgangi útlendra; eða dettur nokkrum í hug, að halda það, að þó við aldrei nema svo fengjum 3—400,000 rd. lán, til þess að koma upp þiljubátum til fiskiveiða, að við þá gætum keppst við eina hina voldugustu þjóð í heiminum, hvað fiskiveiðar vorar snertir, eða talað þá af oss með því móti? Það væri hugarburður einn.

Guðmundur Brandsson: Eg held ekki heldur, að það hafi verið meiníng nefndarinnar, að þetta ætti að vernda mót yfirgangi

útlendra fiskimanna frá Frakklandi; en hitt var það, að sumum, einkum 2 nefndarmönnum, lá þetta atriði þúngt á hjarta, enda er meiníngin einasta sú, að reyna með þessu móti að hjálpa upp þessum helzta atvinnuvegi landsins, enda þó það liggi í augum uppi, að við getum þar ekki staðið jafnfætis Frökkum, sem eru svo margfalt auðugri og mannfleiri en við erum. *Forseti* tók það fram, að það væri skylda stjórnarinnar, að vernda oss, og er eg því alveg samdóma, þó stjórnin að vísu hafi lýst því yfir, að hún, síðan við fengum verzlunarfrelsið, hafi sleppt af okkur hendinni, því mèr finnst til lítils fyrir stjórnina, að gefa okkur verzlunarfrelsi, og segja okkur svo, að annast okkur sjálfir, en þó líða það, að atvinnuvegum vorum, sem þó eru undirstaða allrar vorrar verzlunar, sè eytt með ranglátum yfirgangi.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af orðum hins heiðraða fulltrúa frá Gullbríngusýslu, sem lúta að því, að stjórninni hefði skipst hugur í þessu máli, og að hún áður hefði veitt málinu góða undirtekt, nú engar, að þetta er of hart til orða tekið. Stjórnin hefir tekið vel undir málið, en sagst ekki geta sent út hingað þær umbeðnu léttiskútur («Kuttere»), því þær væri ekki til, og sjóliðsráðherrann segist ekki hafa fè til að kaupa slík skip fyrir, og óvíst, að ríkisþíngið mundi veita það, þó þess væri óskað; stjórnin hefir lofað, að senda út hingað herskip, svo opt sem kríngumstæðurnar leyfði, og í ár hafa þær verið slíkar, að það væri mikil ónærgætni, að ætlast til þess; það er augljóst af orðum stjórnarinnar, að henni er mjög annt um málið, og að hún ætlar að gefa því góðan gaum; en það get eg vel hugsað mèr, að óskir landsmanna og aðgjörðir ekki geti ætíð samrýmzt, einkum ef óskirnar fara út fyrir það, sem stjórnin sèr sèr fært um að veita.

Benedikt Sveinsson: Eg er samdóma *forseta* í því, að hèr geti ekki verið fyrir þíngið spursmál um þjóðarrètt, heldur einúngis um, að biðja um að vernda lög þau, sem gilda um þetta mál; og það er einmitt rètt, sem *forseti* sagði, að stjórnin hefir sjálf sett takmarkið, og veit helzt, hvar hún vill hafa það. En eg get ekki leitt hjá mèr það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að annað væri í þessu máli hagur vor, og annað hagur Danmerkur; því eg verð að álíta, að hagur vor og hagur Danmerkur sè einn og hinn sami. Hèr er verið að tala um skyldu stjórnarinar, til að halda þeim lögum við hefð, sem hún hefir sjálf gefið, og halda uppi rètti sínum yfir landinu; hèr ræðir því bæði um

rètt og skyldu stjórnarinnar, og er hvorttveggja jafn auðsætt. Eg treysti því þess vegna fastlega, að stjórnin muni veita oss alla áheyrn, sem jafnan höfum farið þegnlega og með hógværð í þetta mál, og að hún muni ekki láta svo að segja stela bitanum út ur munninum á okkur inn á innstu fjörðum og víkum. Mèr finnst að öðru leyti að menn hafi gjört of mikið úr ágreiningi þeim, sem er á milli mín og hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* og fleiri annara um það, hvað lög væri í þessu efni; menn gæta ekki að því, að ágreiningurinn er mest um það, hvort þingið eigi að fara út í almennan þjóðarrètt, sem er svo vafasamur; og hafa sumir þingmenn, t. a. m. þingmaður Strandasýslu fjarskalega misskilið orð min.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði konúngkjörni varaþingmaður hafði ekki rètt eptir orð mín, eða tók úr þeim ranga meiningu; eg sagði ekki, að hagur vor, og hagur Danmerkur væri gagnstæður; en eg sagði, að það væri ónærgætni hjá oss eða þinginu, að vænta þess, að stjórnin t. a. m. í ár skyldi hafa sent út hingað herskip, því þetta hlýtur að vera komið undir kringumstæðunum. Vèr megum ekki líta einúngis á þá hlið málsins, sem að oss snýr; vèr megum ekki heimta af stjórninni annað eða meira, en hún frá sínu sjónarmiði getur álitið sèr skylt og fært úti að láta; vèr getum ekki selt oss sjálfdæmi; en það gjörum vèr, ef vèr hliðsjónarlaust höldum málinu fram einúngis frá voru sjónarmiði. Hinn heiðraði fulltrúi var að tala um skyldu stjórnarinnar við oss í þessu efni; en hefir ekki stjórnin sýnt og sagt, að hún vill gegna henni? og þegar svo er, getum vèr þá ekki treyst stjórninni og aðgjörðum hennar.

Benedikt Sveinsson: Það er einmitt mín meiníng, að vèr eigum að treysta stjórninni, eins og eg hefi opt tekið fram, af því krafa vor styðst við rètt og skyldu stjórnarinnar og brýna nauðsyn vora, og eg efast því ekki um, að stjórnin taki vel og öfluglega í málið, þó vèr ekki sèum að leggja hana á hnè oss með samníngum, því það lýsir einmitt vantrausti voru á stjórninni, eins og fram hefir komið í umræðunum hèr á þingi.

Framsögumaður: Eg hefi nú um nokkra stund hlýtt á ræður manna, og hefir mèr þótt vænt að heyra, að hversu sem menn svo annars hafa talað, þá hafa þó allir látið í ljósi hinn sama áhuga á málinu; en að öðru leyti get eg þó ei leynt því, að mèr finnast mótbárurnar móti nefndarálitinu einhvern veginn að eins hafa lotið í þá áttina, eins og þeir, sem með þær hafa komið, vildi þó eig-

inlega að ekkert verulegt yrði gjört til þess að afstýra því vandræði, sem vofir yfir, nema bráð bót verði á ráðin. Fyrst og fremst finn eg mèr nú skylt, að þakka hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir þær góðu undirtektir, er hann undireins hafði um nefndarálitið, og einkum þó fyrir þær upplýsíngar, sem hann gaf um skoðun stjórnarinnar á málinu sjálfu, frá því hún fyrst hefir látið álit sitt á því í ljósi; því það verður nú að vera hverjum þíngmanni ljóst, að nefndinni hefir ekki skjátlast í því, að álíta, að á hinum svo köllúðu eldri lögum ýmsra konúnga vorra um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland sè engan veginn að byggja nokkra áreiðanlega von um verulega vörn fyrir fiskimiðum vorum, gagnvart útlendumþjóðum, þar sem það er auðsætt, að skoðun stjórnarinnar um það aðalatriði, hvað langt konúngur hafi vald yfir sjónum út frá landi, hefir frá upphafi verið mjög svo á reyki, en endað á því, að hún hefir nú seinast fallizt á það, sem aðrar þjóðir að eins viðurkenna, það er að segja, að þetta vald nái ei lengra en í hæsta lagi eina mílu undan landi. Að öðru leyti skal eg að eins bæta því við, með tilliti til þess, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* enn sagði, þar sem hann sýndist að álíta, að nefndin hefði talið hin frakknesku herskip nú eins og varnarskip fyrir oss Íslendínga á móti yfirgangi hinna frakknesku fiskimanna sjálfra; eg verð að geta þess, segi eg, að þetta er misskilníngur, því nefndin vissi vel, að þessi herskip eru, eins og nú stendur, og geta ekki verið annað en nokkurs konar »*Convoi*« eða umsjónarskip með hinum frakkneska fiskiskipaflota, til þess að annast um ýmsar nauðsynjar hans o. s. frv.; — en hitt hèlt nefndin, að þegar samníngur væri fyrst á kominn milli hinnar frakknesku og hinnar dönsku stjórnar um málið, þá mundi þetta og verða öðruvísi, því þá væri það skylda beggja í sameiníngu að sjá um, að samníngnum yrði fylgt. En eg kem nú til aðalmótbárunnar á móti nefndarálitinu, og hún er komin frá hinum háttvirta konúngkjörna varaþíngmanni. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hafði sagt, að það væri óþarfi að biðja stjórn vora að gjöra samníng við útlendar þjóðir, um fiskiveiðarnar undir Íslandi, og hið sama segir nú að vísu og hinn konúngkjörni varaþíngmaður; en sá er þó munurinn, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* telur það að eins óþarfa, af því að hin danska stjórn 1859 hafi látið hina ensku og hina frakknesku stjórn vita, að hún þættist að eins hafa vald yfir sjónum eina viku undan landi, og á þann hátt sè búin að útkljá málið; en hinn konúngkjörni varaþíngmaður fer miklu

lengra, og uppástendur, að hin danska stjórn þurfi alls ei að hirða um annað, en það, sem hún sjálf einhvern tíma hafi sagt, og sè því skyldug, hvort sem nokkur líkindi eru til, að hún geti það eða ekki, að verja útlendum fiskimönnum að veiða nær landlnu, en í 4 eða jafnvel 6 vikna fjarska. Hvað hinu fyrsta viðvíkur, sem *konúngsfulltrúi* hefir sagt, þá áleit nefndin einmitt, að það engan veginn væri næg trygging fyrir oss, þó stjórn vor hefði kunngjört öðrum stjórnum skoðun sína um þessa 1 mílu undan landi; því þá fyrst væri okkur gagn að þessu, þó lítið sè, ef aðrar stjórnir einnig hefði fallizt á það, og eins hitt, að hin útlendu fiskiskip megi ei fara inn á flóana heldur; — en þetta er allt mjög efasamt enn, og því er samníngur engi óþarfi, þar sem hann einn getur tekið allan efa af. En svo eg nú snúi mèr að hinum háttvirta konúngkjörna varaþíngmanni, þá verð eg að segja, að eg er alveg hissa á uppástandi hans, að við Íslendíngar þurfum alls eigi að kæra okkur neitt um almennan þjóðarrètt, og eigum að eins að halda oss til einhverra úreldra fyrirskipana, hvort sem þær svo geta komið oss að nokkru verulegu haldi eða ei. Um daga Kristjáns 4. er það víst, að Danmörk var miklu voldugra sjóríki en nú, og þó hefði hún víst ei heldur þá getað varið það einkaleyfi til fiskiveiða 4 og 6 mílur undan Íslandi, sem konúngur, að líkindum án mikillar yfirvegunar, hafði gefið ýmsum einokunarfèlögum ásamt verzluninni hèr í landi, auk þess að aðrar þjóðir hafa víst ei nokkurn tíma viðurkennt rètt Dana konúngs til þess að setja takmörkin svona langt út frá landi. En nú að fara þessu á flot, og það eptir að hin danska stjórn sjálf hefir sagt, að hún þættist ei eiga vald yfir hafinu, nema í hæsta lagi 1 viku undan landi; þetta tekur engu tali; og eg get ekki að því gjört, að mèr dettur einhvern veginn ósjálfrátt í hug sagan um hinn víðfræga og volduga riddara Don Zuijote, þegar eg heyri hinn háttvirta konúngkjörna þíngmann tala svo hreystimannlega. Þessi hin víðfrægi riddari Don Zuijote var, sem alkunnugt er, nokkurs konar ímynd alls forns riddaraskapar og mundi hann þó hafa lifað löngu eptir þá tíð, og, ef til vill, ekki fyr en á 16. öld, um daga Karls keisara hins 5., að eg held; en nú segir svo í sögu hans, að þessi hinn mikli riddari lá í sárum; hann hafði þá síðast barizt við mylnuvængina, að mig minnir, og heyrði hann þá, að menn voru að tala um það við rúm hans, að óvígur her heiðinna manna væri kominn til Spánar, og farinn að herja á landið, og var þá sagt ýmislegt nógu skynsamlegt um það,

hvern viðbúnað keisarinn ætti nú að hafa, til þess að verja land sitt. En þá settist Don Quijote upp í rúminu af mikilli reiði, og kvað sig furða á heimsku þeirri, er þeir væri að fara með, því það hefði hann lesið í mörgum riddarasögum, að fornkonúngar hefði haft þann sið, að senda að eins einn góðan riddara með nokkrum sveinum móti hundruðum þúsunda heiðíngja, og hefði hann þá æfinlega verið viss, að reka þann her á flótta og fella mörg hundruð í hverju höggi; hann sagði sèr þætti það hart, ef svo mætti ei enn vera, og það skyldi menn sjá, að hann væri enn fær um að gjöra slíkt hið sama, ef konúngur vildi að eins trúa sèr fyrir landvörninni, og senda sig móti heiðíngjunum. Eg man nú ei, að sagan segi, að heit Don Quijote's hafi ræzt, en hitt held eg mèr sè óhætt að fullyrða, að heit hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns, að verja Ísland fyrir yfirgangi með úreldum lögum, ef lög má kalla, sem engir lengur viðurkenna, muni ei eiga sèr meiri stað, en orð hins mikla riddara, hryggilegrar endurminníngar, er eg nú hefi sagt frá; og segi eg það þó satt, að eg skyldi vera manna fyrstur til að þakka hinum háttvirta þíngmanni, ef hann í sannleika væri fær um, að koma því öllu til leiðar, sem hann nú hefir viljað telja þínginu trú um, að stjórninni væri ei að eins mögulegt, heldur jafnvel svo mikill hægðarleikur, að það væri vitleysa, og að sleppa rètti sínum, að biðja hana nú um að gjöra nokkuð annað. Já, ef við nú t. a. m. hefðum einhvern Starkað gamla aptur, og gætum látið hann sópa greipum um hafið, og bægja öllum útlendum fiskimönnum svo langt frá landinu, sem við vildum, ef við hefðum einhver slík öflug varnarvirki, að engar útlendar þjóðir gæti staðizt þau — nú, þá kann vel að vera, að hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður hefði rètt að mæla; en eptir því sem nú er ástatt, get eg ekki sèð, að það sè annað en orðin tóm, eða rèttara sagt eintóm markleysa, að vilja telja mönnum trú um, að vèr Íslendíngar, fremur en allar aðrar þjóðir, getum sett oss út fyrir allan þjóðarrètt, og þurfum alls ei á nokkru samkomulagi við þær að halda. Hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður segir nú reyndar enn, að það sè óhæverska að biðja konúng, að gjöra samníng við aðrar þjóðir; en auk þess að eg nú alls ei fæ skilið, hvað óhæverskt er í þessu, þá skal eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta þíngmann, hvort það mundi þá ekki þeim mun óhæverskara, að biðja konúng vorn, eins og hann vill, um það, sem auðsjáanlega á endanum, ef nokkur alvarleg meiníng er í því, verður að

flækja hann í stríð við þær þjóðir, sem honum nú er mest undir komið að eiga vingott við. Því hvað væri annað fyrir, ef konúngur vor færi að skipa herskipum sínum, að reka útlendar þjóðir frá landinu eptir úreldum tilskipunum, sem þær alls ei viðurkenna, hvað væri þá annað fyrir, en að t. a. m. hin frakknesku herskip mundu á endanum gjörast til mótvarnar; og væri þá ei annaðhvort stríðið þegar byrjað, eða hin danska stjórn yrði að láta undan; og við stæðum eptir jafnrèttlausir og áður? En slíka fásinnu gat nefndinni aldrei dottið í hug, að fara fram á, og eg efast um, að stjórnin muni þakka hinum háttvirta konúngkjörna varaþíngmanni fyrir þessar tillögur, þó hann víst vili koma sèr vel við hana, og þykist hafa á móti nefndinni af eintómri umönnun fyrir rètti konúngs vors og stjórnar hans. Nefndin varð að álíta það miklu hollara bæði fyrir stjórnina og þetta land, að fara friðsamlega að, og biðja hana um það eitt, sem mögulegt er, og þess utan líka nokkurt verulegt gagn í, ef það fæst; en það er samníngurinn; og eg sè ei, hvernig menn vel geta beðið um meira, en að takmörkin verði í honum sett svo langt frá landinu, »*sem fremst má verða*“, eins og nefndin hefir stúngið upp á. En að öðru leyti skal eg, eins og eg strax í upphafi sagði, ekki hafa neitt á móti því, að bæta nú enn við þeirri ítrekuðu bæn til konúngs vors, að hann, unz betra úrræði fæst með reglulegum samníngi, vili láta verja oss fyrir yfirgangi útlendra manna svo langt út, sem hann álítur sèr rètt að lögum, og meina eg þá ei þau lög, sem hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður hefir verið að tala um, heldur að eins það, sem stjórnin sjálf hefir viðurkennt, að hún álíti sèr rètt, í hinum síðustu brèfum sínum um þetta mál. Í þessa stefnu áskil eg mèr því, að koma mèr saman um viðaukaatkvæði við meðnefndarmenn mína. Að svo stöddu skal eg þá ei tala meira um málið, nema að eins með tilliti til þess, sem hinn háttvirti *forseti* sagði um 2. niðurlagsatriði nefndarinnar. Hann lèzt furða sig á því, að nokkrum gæti dottið í hug, að telja það vörn á móti yfirgangi útlendra fiskimanna, þó mönnum hèr yrði veittur styrkur, til þess að bæta innlendar fiskiveiðar; en eg furða mig þá ei síður á því, hvernig hinn háttvirti *forseti* fer að tala svona, þar sem eg strax í upphafi hafði tekið nógu greinilega fram, eins og það líka stendur í nefndarálitinu, að þetta er alls ekki tilgangurinn. Nefndinni datt aldrei í hug, að álíta þetta sem nokkurt úrræði móti yfirgangi Frakka, og er það þó víst, að menn mundu þola hann betur, ef

menn sjálfir líka fiskuðu betur; en hún áleit málið sjálft svo mikilsvert, að gott væri að nota einnig þetta tækifæri, til þess að koma því í hreifingu, og svo vil eg helzt skilja hinn háttvirta *forseta,* sem hann hafi þó ei heldur verið þessu mótfallinn. En þá verð eg að segja, að eg get þó alls ei skilið, í hverjum tilgangi hann var að segja það, sem hann sagði. Að endingu skal eg svo að eins áskilja mèr breytíngaratkvæði við þennan sama tölulið, að í staðinn fyrir *„fiskimönnum“,* sem kann að vera of takmarkað, verði sett að eins »*mönnum*«, eða eitthvað því um líkt.

Benedikt Sveinsson: Það lítur rètt svo út, sem hinn heiðraði þíngmaður Skagfirðínga hafi reiðst mèr, og riddarasagan hans hafi átt að vera stíluð til mín. Eg gæti að vísu borgað honum hana í líkri mynt, og sagt honum sögu í staðinn, ef mèr fyndist það eiga við á þínginu; en mèr finnst, að það sè ekki til þess, að segja skemmtisögur, þó riddarasögur sè. Eg vil að eins leyfa mèr, að minna hann á, að eg aldrei, eins og riddarinn hans, ætlaði *mèr* að verja landið móti yfirgangi útlendra, heldur ætlaðist eg til, að *lögin* gjörði það með tilstyrk stjórnarinnar. Eg játa, að lög, sem ekki er hlýtt og ekki er framfylgt, verða ónýt lög í þessu, sem öðrum efnum, en þetta á sèr einnig stað um samníngana; þeir eru og verða ónýtir, nema þeim sè haldið við hefð; því þarf vörðinn, hvort sem byggt er á samníngum eða lögum.

Framsögumaður: Eg skal einúngis svara hinum háttvirta þíngmanni því, að til þess að menn geti heimt lögum hlýtt, útheimtist, að ei sè farið ut fyrir það svæði, sem þau eru sett fyrir, því fyrir utan það hafa þau engan lagakrapt. Hinn háttvirti þíngmaður var áðan að tala um þínglýsíngu laga hèr í landi; en eg skal nú segja honum, að einmitt eins og hennar þarf með hèr, ef lögin eiga að ná gildi, eins þarf líka beinlínis samkomulag eða samníng við útlendar þjóðir, ef menn vilja einnig láta þau ná yfir þær, fyrir utan það svæði, sem þær vilja viðurkenna, að þau eptir almennum þjóðarrètti geti náð. Samþykki þeirra kemur hèr að því leyti i stað þínglýsíngarinnar í landinu sjálfu, og annars hafa þau alls engan bindandi krapt fyrir þær; þau eru þá að eins eins og hin gamla riðskóf riddarans, sem eg áðan sagði frá, og sem mèr finnst hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður þó enn alltaf vera að veifa í kríng um sig.

Benedikt Sveinsson: Eg verð þó enn einu sinni að standa upp, til að þakka hinum heiðraða þíngmanni, er nú síðast talaði

fyrir þá fjarskalegu upplýsíng, er hann nú gaf mèr, þar sem hann vildi líkja þínglestri lagaboða saman við samníng milli þjóða. Eg hefi híngað til haldið, að það væri rèttara, að líkja hinni svo kölluðu »*notification*« á samníngum þjóða í millum við þínglestur laga; og þessi *notification* er þó dálítið annað en samníngarnir sjálfir. Lög þau, sem gilda fyrír löndin, er hver þjóð beinlínis skyldug til að álíta helg og heilög, ef þau ekki stríða á móti rètti og sanngirni, og það vantar þíngmanninn að sanna, að hin gildandi lög um fiskiveiðar útlendra við Ísland gjöri; eg neita því að svo stöddu, og mèr þykir það miður heppilegt af þíngmanninum, að kalla þau »gamla riðskóf«.

Framsögumaður: Eg skal að eins svara því, að eg hefi alls ei verið að tala um nokkra tóma »*notification*«, því konúngi mundi ei einu sinni geta komið til hugar að »*notificera*« lög, er hann hefði sett fyrir utan það svæði, er hann á með; eða slík aðferð væri markleysa. En hitt hefi eg sagt, að í slíkum lögum gæti því ei heldur verið nokkurt gagn eða vörn, nema svo að eins, að aðrar þjóðir fèllist einnig á að heimila þeim, sem lögin þóttist setja, einnig þrætusvæðið allt, og það verður ei nema með samníngi eða samkomulagi við þær. Því tek eg það upp aptur, að annars eru þessi lög, sem hinn háttvirti konúngkjórni varaþíngmaður alltaf er að skírskota til, ekki annað en gömul og ónýt riðskóf.

Arnljótur Ólafsson: Eg get ekki að mèr gjört, að svara ekki hinum háttvirta *forseta* fáeinu upp á ræðu hans. Hann byrjaði með þvílíkri hegníngarræðu yfir stjórninni, að eg hèlt hann mundi hafa hitt, og ætlaði sèr að koma fram með eitthvert ágætt ráð, til að bæta úr nefndarálitinu, sem honum þótti nú öldúngis ónýtt; en það vildi ekki verða, því hann endaði með því, að fleygja sèr í faðminn á stjórninni, er hann þó skútaði út svo feykilega. Eg ætla mèr nú ekki, að segja þíngmönnum riddarasögur; en vil þó leyfa mèr að koma með dálitla dæmisögu, sem mèr datt í hug, þegar hinn háttvirti *forseti* lauk ræðu sinni. Það var eitt sinn góð og gömul skytta hèr á landi, sem reyndar aldrei hitti skepnu; en spurði jafnan, þegar hann skaut: »Piltar, heyrðuð þið eigi hvell, funduð þið eigi lykt!«

Indriði Gíslason: Það er rètt eins og maður narrist út í það, að fara að standa upp, og tala í þessu máli, þó nú reyndar nóg sè komið. Eg get ekki látið vera að geta þess, að mèr finnst hinn heiðraði þíngmaður Skagfirðínga gjöra of lítið úr lögunum gömlu, þar sem hann annars vegar heldur varla þau sè til, — og hví

skyldi þá ekki þurfa, að til taka eitthvað ákveðið? — en hins vegar segir þau ónýt og kallar »riðskóf«. Þingmanni Borgfirðinga líkar nú ekkert, nema uppástúngur nefndarinnar. Viðvíkjandi því, hver helzt fleygi sèr í faðminn á stjórninni, þá finnst mèr hann ætti og mætti finna, að nefndin sjálf fleygir sèr miklu meira í faðminn á stjórninni, en nokkur annar hefir gjört hèr á þingi, því nefndin hefir ekkert víst til tekið, og ætlar að selja stjórninni sjálfdæmi, og láta hana öllu ráða, án þess að geyma oss rètt til þess, að taka þátt í samníngunum, eða benda henni á neitt fullkomlega ákveðið, hvers vèr þurfum með í þessu tilliti, eða þarfir okkar og rèttur standi til; og ætla eg mèr því, þó ekki sè nærri gott, að áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að fjarlægðin sè ákveðin til 3 mílna. Það er þó eins gott og þetta: »*sem fremst má verða*« hjá nefndinni, því hver veit, hvað það á að vera, eða mundi verða.

Forseti: Það er hvorttveggja að til mín er komin skrifleg áskorun margra þíngmanna um, að umræðum þessum sè lokið, enda sè eg, að engi tekur framar til máls, og álít eg því þessari undirbúníngsumræðu lokið.

Var síðan upp lesin og samþykkt *bœnarskrá til konúngs* um *breytíngu á verzlunarlögunum,* þannig hljóðandi:

Til konúngs!

»Til alþíngis kom að þessu sinni bœnarskrá úr Múlasýslu, sem beiddist þess meðal annars, að þíngið bœri þá allraþegnsamlegustu bœn fram fyrir yðar konúnglegu hátign, að Seyðisfjörður mætti sem fyrst vera gjörður að aðalverzlunarstað á Austurlandi í stað Eskifjarðar.

Þíngið kaus 3 manna nefnd, til að íhuga mál þetta, og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, eins og lögboðið er, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að skýra yðar konúnglegu hátign frá áliti sínu þannig, sem nú skal greina:

Eptir því, sem segir í ástæðum fyrir frumvarpi því, sem af hendi stjórnar yðar konúnglegu hátignar var lagt fyrir þjóðfundinn 1851, virðist svo, sem stjórn yðar hátignar sjálf hafi þá litið svo á, sem Seyðisfjörður væri sá verzlunarstaður, sem líklegastur væri til aðalverzlunarstaðar í Austfirðíngafjórðúngi, enda beiddi þjóðfundurinn þess, og alþíngi bar hina sömu bœn fram 1857. En sökum þess, að hvorki sýslumaður nè læknir var á Seyðisfirði, er verzlunarlögin 15. d. aprílm. 1854 komu út, mun rèttara hafa þótt, að

Eskifjörður væri aðalverzlunarstaðurinn í Múlasýslunum, með því sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu var þar þá búsettur. Þingið verður reyndar að telja það mjög athugavert, að bjóða lækni þeim, sem skipaður verður í Múlasýslunum, að setjast að, hvort heldur á Eskifirði eða á Seyðisfjarðarkaupstað sökum þess, hvernig sveitir liggja þar; en hitt verður þingið að telja engu ísjárverðara, að skylda sýslumanninn í Norður-Múlasýslu að búa á Seyðisfirði, ef nauðsyn þætti til þess bera, heldur en sýslumanninn í Suður-Múlasýslu á Eskifirði, eins og nú á sèr stað; enda vill nú svo vel til, að bezta tækifæri býðst til þessarar breytíngar, er Norður-Múlasýsla nú er laus, og þarf því engum vandkvæðum að vera bundið, að leggja þeim manni þá skyldu á herðar, sem yðar hátign veitir þessa sýslu nú.

Það er reyndar satt, að Eskifjörður liggur sunnar á austurströnd landsins, og virðist því að liggja betur við fyrir skip þau, er koma sunnan og austan að landinu. En á hinn bóginn er það víst, að innsiglíngin er þar miklu lengri og óhægri, en á Seyðisfjörð, svo að það vegur fyllilega upp á móti vegamuninum norður með landinu til Seyðisfjarðar, enda gætir þessa munar enn minna sökum þess, að nú er miklu meiri verzlun á Seyðisfirði en á Eskifirði, og virðist fara árlega vaxandi, og því munu utanríkisskip, sem verzla ætla á Austfjörðum, helzt ætla til verzlunar á Seyðisfirði, og þá verður innsiglíngin á Eskifjörð til einskis annars, en að sýna skipaskjöl sín, og því að eins til tímatafar. Það er hvorttveggja, að íbúar allra beztu sveitanna í Múlasýslunum eiga hægra og styttri leið til Seyðisfjarðar en Eskifjarðar, enda hefir reynslan þegar sýnt það og sannað, hvor þessara staða er hentugri til verzlunarstaðar; því að á Seyðisfirði eru nú komnar þrjár sölubúðir, og er þó eigi nema 18 ár, síðan hann var löggiltur verzlunarstaður, en þar sem á Eskifirði áður voru tvær verzlunarbúðir, þá er þar nú orðin að eins ein, og verzlun þar fer allt af minnkandi. Auk alls þessa er á Seyðisfirði bæði hentugt og nægilegt húsastæði, þar sem það á Eskifirði er bæði illt og lítið, þar sem verzlunarstaðurinn er nú. Það virðast því allar líkur til, að verzlun muni framvegis fara vaxandi á Seyðisfirði, eins hèr eptir og hingað til, en minnkandi á Eskifirði; en þinginu verður að virðast það hljóta að vera langeðlilegast, að sá verzlunarstaðurinn sè aðalverzlunarstaður, sem blómlegastur er, og verzlun mest á.

Af öllum þegar greindum ástæðum leyfir þingið sèr með 16

atkvæðum gegn 2, að bera þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

Að yðar hátign allramildilegast vili breyta verzlunarlögunum 15. apríl 1854 þannig, að Seyðisfjörður verði aðalverzlunarstaður í Austfirðingafjórðúngi í stað Eskifjarðar (með 16 atkv. gegn 4). Reykjavík, 31. júlí 1861.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. Halldór Kr. Friðriksson«.

Síðan gat *forseti* verkefnis til næsta fundar, sem hann ákvað til morgundagsins kl. 11.

Fundi slitið.

Tuttugasti og níundi fundur – 1. ágúst.

Forseti gat þess, að hann í gær hefði fengið brèf frá þingmanni Húnvetninga um, að hann sökum lasleika ekki treystist framvegis til, að sitja á þingi, heldur yrði að hverfa norður, meðan hann sæi sèr fært sökum lasleika, og yrði því það sæti autt, það sem eptir væri þingtímans.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Páll Melsteð: Þar eð eg er formaður í nefndinni um lausamenn og húsmenn, verð eg að geta þess, að þingmaður Húnvetninga var einn í þeirri nefnd, og af því *forseti* hefir sagt, að hann sè farinn af þingi, verð eg eptir því, sem alþingistilskipunin heimilar, að biðja um mann í hans stað, og leyfi eg mèr að stínga upp á hinum háttvirta 4. konúngkjörna þingmanni.

Jón Pètursson: Á ekki þingið að kjósa mann?

Forseti: Í alþingistilskipuninni er leyft, að formaðurinn megi kjósa sèr mann í stað þess, sem frá fer; og sè eg því ekkert á móti, að svo sè að farið, ef hinn háttvirti 4. konúngkjörni hefir ekki á móti því.

Jón Pètursson: Eg hef ekki á móti því, ef þingið vill svo.

Sveinn Skúlason: Eg vil líka geta þess, að þingmaður Húnvetninga var í nefnd, sem eg er formaður í, nefnil. um alþingistollinn, og vildi eg því líka mega fá mann í þá nefnd, í hans stað.

Forseti: Eg vil fyrst gjöra út um hina nefndina, og fyrst þingið hefir ekki á móti þeim, sem stúngið hefir verið upp á, og

hann skorast eigi undan, álít eg það samþykkt, að hinn 4. konúngkjörni sè nefndarmaður í þeirri nefnd í stað þingmanns Húnvetninga. En má ske formaðurinn í alþingistollsnefndinni vildi stínga upp á einhverjum.

Sveinn Skúlason: Eg stíng upp á þingmanni Reykvíkínga.

Forseti: Eg vil þá spyrja þennan þingmann, hvort hann hafi á móti, að ganga í þessa nefnd.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vildi reyndar helzt vera laus við það, en eg sè ei, að eg geti haft á móti því, ef þingið vill svo.

Forseti: Eg álít það þá samþykkt, fyrst þingið hefir ekki á móti, að þessi þingmaður verði nú 3. nefndarmaður í alþingistollsnefndinni.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til *undirbúnings umræðu* málið um *laun ýmsra embættismanna á Íslandi. Framsögumaður* er hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyínga.

Var málið þá afhent *framsögumanni* er las upp nefndarálitið svo hljóðanda:

»Hið virðuiega þing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um tvær bænarskrár, er komið hafa til þingsins um launabót. Önnur bænarskráin er frá 7 embættismönnum hèr í bænum, og fer hún því einasta fram, *að þingið vili taka petta mál til góðgjarnlegrar meðferðar, og fylgja því einlæglega fram í þá stefnu, sem hið konúnglega frumvarp til þingsins 1859 virtist að beina því, eða hèr um bil samkvæmt minni hluta nefndarinnar á þinginu þá.*

Hin bænarskráin er frá tveimur dómendum í hinum íslenzka yfirdómi, og fer hún í ástæðum sínum nokkru lengra, þar sem hún fer fram á fullkomið jafnrètti allra þeirra embættismanna hèr á landi, sem þiggja laun sín úr ríkissjóði, við samkynja embættismenn í Danmörku; en í niðurlagsatriðunum er þó að eins farið fram á *launabót handa dómendunum í hinum íslenzka yfirrètti, og óskað eptir, að þeim verði launað jafnt og dómendum er launað við yfirrèttinn í Vèbjörgum.*

Vèr höfum nú vandlega íhugað þetta mál, og leyfum oss, að gjöra hinu heiðraða þingi grein fyrir áliti voru um það á þessa leið:

Nefndin leyfir sèr þá fyrst, að taka það fram, að þó bænarskrárnar, sem hèr liggja fyrir, fari að eins fram á launahækkun handa nokkrum, en ekki öllum þeim embættismönnum hèr á landi,

sem er launað úr ríkissjóði, þá ætlar hún sjálfsagt, að allir slíkir embættismenn eigi að vera undir sama skilyrði, það er að segja þeir, sem ekki nú þegar eru búnir að fá hæfilega launaviðbót; því nefndin fær ekki séð neina ástæðu til, að hækkuð verði eingöngu laun þeirra embættismanna, sem ritað hafa bænarskrárnar til þingsins, en hinir sè látnir sitja á hakanum, sem ekkert hafa látið til sín heyra í þessu efni. Það má hka telja það víst, að stjórnin sè á sama máli og nefndin í þessu efni, þar sem hún hefir lagt fyrir þingið 1859 frumvarp til laga um laun allra áðurgreindra embættismanna hèr á landi, og hefir enda optar látið á sèr heyra, að þeir þyrfti allir launabótar við. Þinginu má vera í fersku minni, að á síðasta þingi, þá er rætt var launamál íslenzkra embættismanna þeirra, er þiggja laun sín úr ríkissjóði, voru allir þingmenn á einu máli um það, að laun þessara embættismanna þyrfti viðbótar við; en um það, hversu há þessi launaviðbót ætti að vera, voru deildar meiningar í þinginu. Meiri hlutinn áleit, að á meðan Danmörk og Ísland ætti fjárhag saman, og allt stæði eins og nú stendur, þá flyti þar af, að íslenzkir embættismenn, ætti fullan rètt á, að fá jafn há laun samkynja embættismönnum í Danmörku eða með öðrum orðum: *fullkomið jafnrètti við þá.* Minni hlutinn var og á jafnrètti, en með því þá var eigi búið í Danmörku að ákveða laun ýmsra embættismanna, er hèr koma til samanburðar við íslenzka embættismenn, og með því að konúnglegt frumvarp lá fyrir, sem minni hlutinn vildi eigi fella, þá kaus hann þann veginn, að halda sèr sem næst frumvarpinu, að verða mátti, og hækkaði einúngis launin, þar sem þau voru auðsjáanlega of lág.

Nefndin verður nú að vera eindregin á því, að á meðan fjárhagur Íslands og Danmerkur er eins samtvinnaður, og nú er, eður í fám orðum: *meðan Íslendíngar og Danir í konúngsríkinu eiga einn sjóð saman*, þá eigi íslenzkir embættismenn fulla heimtíng á jafnrètti við embættismenn í Danmörku. Nefndin ætlar ekki þörf á því, að útlista hèr nákvæmlega, hvernig þessu sambandi nú er háttað, heldur byggir hún á því, sem beinast liggur við, að þar sem konúngurinn veitir öll þau embætti hèr á landi, sem launuð eru úr ríkissjóði, eins og í Danmörku, að hin sömu skilyrði eru fyrir veitíngu embættanna hèr, eins og þar, sem og er viðurkennt fyllilega með því, að Íslendíngar, er tekið hafa embættispróf við háskólann, eiga jafnan rètt Dönum til embætta í Danmörku, og að embættismenn hèr eru sömu skyldum háðir, eins og embættismenn

þar, þá verður þeim ekki með réttu synjað um sömu laun, og samkynja embættismenn hafa í Danmörku.

Þegar nú litið er til þess, hverjum kjörum embættismenn í báðum löndunum hafa átt að sæta, þá verður fljótt auðsær munurinn. Í Danmörku hafa laun embættismanna verið hækkuð til muna, einkum hin seinustu árin, og það, sem meir er í varið, að þau hækka á vissu árabili, svo að eptir því, sem embættismaðurinn eldist í embættinu, eptir því hækka laun hans; er þetta hin hagfelldasta og réttlátasta lagaákvörðun. Aptur á mót hafa laun embættismanna hèr staðið í stað um langan tíma, og stendur hèr á sama, hvort embættismaðurinn hefir þjónað sama embættinu í mörg ár eða fá, að embættislaunin eru hin sömu; er þetta eins meinlegt fyrir embættismanninn, eins og það er illt, að afleiðingunum til, fyrir embættið. Sè nú litið á þarfir embættismanna hèr og í Danmörku, þá verður hið sama ofan á; það er auðvitað, að þarfir embættismanna í Danmörku hafa aukizt til muna hin seinustu árin við vaxandi menntun og framför landsins; en sama máli er að gegna hèr. Þessi seinustu ár, einkum síðan verzlunin varð frjáls, hafa allar lífsnauðsynjar stigið afarmikið í verði, og það talsvert meira að tiltölu en í Danmörku á sama tíma, og er óhætt að fullyrða, að margar þeirra sè eins dýrar, ef ekki dýrari, en í Danmörku. Þannig er um allar útlendar vörur, sem menn hèr hafa þó svo mikla þörf fyrir, að þær hljóta að vera dýrari hèr, en í Danmörku. Sama er að segja um ýmsa landvöru, vinnu o. fl., sem embættismenn þarfnast, að það er eins dýrt, ef ekki dýrara, hèr en í Danmörku.

Til þess þingið geti enn glöggar sèð þann mun, sem nú er gjörður á dönskum embættismönnum og íslenzkum, leyfir nefndin sèr, að bera saman launaupphæð nokkurra embættismanna hèr og í Danmörku. Stiptamtmenn og amtmenn í Danmörku byrja með 2600 rd. launum, er geta stigið til 3600 rd. En hèr hefir *stiptamtmaður* að eins 2400 rd. og amtmenn 1700. Nú ætlar nefndin, að amtmannaembættin hèr sè engu síður umsvifamikil og vandasöm, en amtmannaembættin í Danmörku; og að þeir menn, sem veita hèr þessum embættum forstöðu, ekki eigi nè megi standa að neinu leyti á baki samkynja embættismönnum þar; og að því er *stiptamtmanninn* sèr í lagi snertir, þá sýnist, að hann ætti að hafa hærri laun, en stiptamtmenn í Danmörku hafa, þar sem hann svo opt og í mörgum efnum er hèr í landstjóra stað, og hlýtur

því að hafa meiri vanda á hendi, en stiptamtmenn almennt hafa í Danmörku. Biskupar í Danmörku hafa að minnsta kosti 4000 rd.; en hèr hefir *biskupinn* að eins 2400 rd., auk húsaleigustyrks. Nú vita það allir, sem nokkurt skyn bera á slíkt mál, að ekkert biskupsdæmi í Danmörku er jafnvíðlent og erfitt sem þetta. *Yfirdómarinn í hinum íslenzka yfirrètti* hefir 1600 rd., en *hver meðdómendanna* 950 rd. Í Danmörku byrja yfirdómendur með 3000 rd. og meðdómendur með 1600 rd. Svo er og þess að gæta, sem vèr höfum áður tekið fram, að launin hækka smátt og smátt eptir því, sem þeir eldast í embættinu; en hèr standa þau allajafna í stað. *Læknar* hèr hafa og miklu minni tekjur en í Danmörku; en ætti þó reyndar að hafa þær meiri, sökum þess, hvað læknisumdæmin hèr eru margfalt stærri og erfiðari en þar, og vegna þess, hvað læknar hèr hljóta að hafa lítið í aðra hönd fyrir starfa sinn, sökum fátæktar landsmanna, í samanburði við það, sem er í Danmörku. Þá hafa laun skólakennenda í Danmörku verið hækkuð til muna með lögum 28. marz 1855, og hefir stjórnin sjálf enda viðurkennt, að sú launahækkun ætti einnig að ná til *kennendanna við skólana hèr;* en svo eru nú liðin meir en 6 ár síðan, að þeir hafa enga launaviðbót fengið, nema kornbótina, sem allir embættismenn njóta. Nú liggur það í augum uppi, að þegar skólakennendurnir eru til neyddir, skólans vegna, að lifa búlausir hèr í Reykjavík, þá eru þau laun, sem nú hafa þeir, helzt til ónóg, að þeir geti sómasamlega, og eins og stöðu þeirra hæfir, framfært sig og sína á þeim.

Nefndin ætlar, að hún hèr að framan hafi leitt full rök að því, að hvort sem lítið er á rèttindi eða þarfir þeirra embættismanna hèr á landi, sem þiggja laun sín úr ríkissjóði, þá eigi þeir fulla heimtíng og þörf á jafnháum launum, og samkyuja embættismenn hafa í Danmörku. En hún getur ekki látið þess ógetið, að svo virðist, sem nokkrir menn á hinu seinasta þíngi, einkum embættismenn, væri hræddir um, að þetta jafnrètti mundi eigi fást; og þessi hinn sami ótti virðist koma fram í annari þeirri bænarskrá, er þíngið hefir fengið nefndinni til meðhöndlunar.

Af því nú að gjöra má ráð fyrir, eptir því, sem í ljós hefir leiðzt síðan á seinasta þíngi, að stjórnin sè ekki á sömu skoðun og nefndin í þessu efni, þá getur það verið varúðarvert, að taka ekki tillit til þessara skoðana stjórnarinnar á málinu, heldur ríghinda sig eingöngu við hið sjálfsagða jafnrètti. Vèr segjum þetta sè næsta varúðarvert, þegar þess er gætt, hvað brýna og bráða

þörf embættismenn hèr hafa fyrir launaviðbót, að menn ekki sè of stórlátir, eða sleppi hinu minna fyrir vonina um hið meira. Þótt nú nefndin beri í brjósti sèr það trúnaðartraust til stjórnarinnar, að hún muni, áður langir tímar líða, viðurkenna jafnrètti íslenzkra embættismanna, þá þykir henni þó varlegra, að þingið til vara biði konúng vorn um, að þeir íslenzkir embættismenn, sem hèr ræðir um, fái þó, *í hið minnsta,* þau laun, sem stjórnin ákvað handa þeim í frumvarpi því, um laun íslenzkra embættismanna, er hún lagði fyrir ríkisþíng Dana 28. janúar 1860 (sbr. Ný Fèlagsrit 20. ár bls. 160).

Þá er það enn eitt atriði í þessu máli, sem virðist hafa verið framgangi þess til nokkurrar fyrirstöðu, og sem nefndin þess vegna verður að minnast á; en það er sú skoðun, sem virðist hafa verið næsta rík á ríkisþíngi Dana, þegar launamál íslenzkra embættismanna kom þar til umræðu, og sem að öllum líkindum, hefir ráðið þar málalyktum, að þetta launamál eigi ekki og megi ekki ráðast til lykta, fyr en fjárhagsmál Íslands og Danmerkur er komið í kríng, eða með öðrum orðum: ekki fyr en fjárhagur Íslands og Danmerkur er aðskilinn.

Nefndin leyfir sèr nú að lýsa því yfir, að það engan veginn getur samrýmzt rètti og þörfum þeirra embættismanna, er hèr eiga hlut að máli, að þeir bíði eptir launabótinni, þangað til fjárhagsskilnaðarmálið er komið í kríng, því þó svo kunni að vera, sem orð leikur á, að stjórnin hafi í hyggju, að fara að flýta fyrir fjárhagsmálinu meir, en áður hefir verið gjört, þá vita menn aptur hitt, hvað langur dráttur einatt hefir orðið á úrslitum íslenzkra mála hjá stjórninni, og það þeirra, sem eru einfaldari og óbrotnari, en þetta mál er. Það er samt engan veginn sökum vantrausts á stjórninni, að nefndin leyfir sèr að láta þá meiníngu sína í ljósi, að það muni verða mjög svo hart og ósanngjarnt fyrir þá embættismenn, sem hlut eiga að máli, að bíða eptir launaviðbótinni, þangað til fjárhagsaðskilnaðarmál Íslands og Danmerkur er komið í kríng.

Nefndin hlýtur því að ráða þínginu til, að taka það sèrstaklega fram í bænarskránni til konúngs, að sú launabót, sem hann allramildilegast vill veita hinum íslenzku embættismönnum, verði ákveðin svo fljótt, að þeir fái hana frá byrjun næstkomandi fjárhagsárs.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sèr að ráða þínginu til að rita konúngi vorum svo látandi bænarskrá um þetta mál:

1. Að hans hátign allramildilegast vili sjá svo um, að þeim

embættismönnum hèr á landi, sem þiggja laun sín úr ríkissjóði, verði veitt fullt jafnrètti í launum við samkynja embættismenn í Danmörku; — og til vara:

Að embættismenn þessir fái að minnsta kosti þau laun, er til voru tekin í frumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir ríkisþíng Dana 28. janúar 1860 um laun ýmsra embættismanna á Íslandi.

2. Að sú launabót, sem veitt verður embættismönnum þessum, sè ákveðin svo fljótt, að þeir fái hana frá byrjun næstkomandi aprílmánaðar.

Reykjavík, 28. júlí 1861.

Guðmundur Brandsson, formaður. *Arnljótur Ólafsson.* *Jón Sigurðsson*, framsögumaður,

Stefán Jónsson. *Sveinn Skúlason.*

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum): Eg þarf nú ekki að fara mörgum orðum um nefndarálitið; það mælir með sèr sjálft. Nefndin vildi reyna til að bæta úr þessu vandræði embættismannanna, sem framast hún gat, hvernig sem mönnum lízt henni hafi tekizt það. En eg vona þó, að ef það fæst, sem farið er fram á í niðurlagsatriðum nefndarálitsins, muni góð bót vera ráðin á kjörum embættismanna þeirra, er nefndarálitið ræðir um.

Pètur Pètursson: Eg stend að eins upp, til að làta það álit mitt í ljósi, að mèr þykir nefndarálitið í alla staði viturlega samið og velvildarlega fyrir íslenzka embættismenn; því þar er bæði fullnægt kröfum þeirra, sem vilja framfylgja jafnrèttinu við embættismenn í Danmörku, og líka er sleginn varnaglinn, ef stjórnin sèr sèr ekki fært, að hækka launin, svo þau verði eins og laun embættismanna í Danmörku. En hver meiníng getur verið í því, að láta launabót embættismanna hèr bíða eptir fjárhagsaðskilnaðïnum? Eg sè enga meiníng í því aðra, en þá, að fleygja endurbótinni yfir á Ísland, því það sýnist auðsætt, að landið sjálft verði að bæta launin, þegar það hefir fengið fjárhagsráð, sè hún ei áður komin á; en þar á mót sýnist sem það mundi fara svo, að því hærri sem launin verða, því meira yrði danska stjórnin að leggja til, þegar aðskilnaðurinn er gjörður. Eg er nú þeirrar meiníngar, að ef þetta mál hefði komið svona undirbúið frá þínginu í hitt eð fyrra, væri nú vissulega komin mikil bót; það er ekki svo að skilja, að eg efist um, að vilinn hafi þá verið eins góður og nú, þó hann nú eins og skíni út úr nefndarálitinu; en það er eins um þetta

mál, eins og önnur, að því betur, sem menn kynnast málunum og æfast í að skoða þau frá öllum hliðum, eptir því tekst mönnum betur að laga þau í hendi sèr, og þess vegna er það líka eðlilegt, þó þetta mál komi nú fullkomnara frá hendi þingsins, en í hitt eð fyrra. Eg segi fyrir mig, að ef eg hefði ekki verið búinn að fá launaviðbót, hefði eg verið fullkomlega ánægður með svona lagaða bænarskrá þingsins. Og eg er sannfærður um, að ef málið fer svona útbúið til stjórnarinnar, verður það þingi Íslendínga til æfinlegs sóma.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg skal nú ekkert furða mig á, þótt þessi háæruverðugi þingmaður, sem nú talaði, í nafni allra embættismanna, yfir lýsti ánægju sinni við þetta nefndarálit; en það mun þykja óviðurkvæmilegt, ef eg segði, að nefndin hefði ekki nema hálfskoðað málið; hún hefir víst skoðað það að geði embættismannanna; hún hefir allt horft í sömu átt og þeir; hún hefir einblínt á herrana í öðru landi, í ríkara landi, á herrana í Danmörku, þessi óskabörn stjórnarinnar, sem allir játa, að hún hafi farið vel með, já kann ske of vel, eður betur en fjárhagurinn getur leyft, eður stjórnin hefir treyst sèr til að geta veitt yfirvöldum hèr á landi; en þessi sömu laun og jafnrètti vill nefndin fá handa embættismönnum hèr; en nú hefði nefndin átt að líta líka á hina hliðina, og bera kjör höfðíngjanna hèr í Vík saman við kjör samlanda þeirra, nefnilega alþýðunnar hèr í landi, og saman við efnahag landsins, sem embætti þeirra standa á, þá hefði mèr þótt málið betur skoðað, þá hefði nefndarmenn betur sèð, hvort sèrleg nauðsyn bæri til, að betra kjör þeirra, í samanburði við kjör annara, og hvort því efni þessa lands leyfði, að bæta mikið við þau laun, sem þeir hafa. Þingið ætti þó að gæta að því, hvort landið mundi geta framvegis, ef það fær, sem ráðgjört er, fjárhag sinn sèr, framhaldið þeirri launahæð við embættin, sem það nú vill biðja stjórnina um að skapa og útvega. Íslendíngar hafa aldrei viljað fara illa með höfðíngja sína, og vilja það ekki enn; það er engi orsök til að halda það; þeir vilja, að þeim líði vel, og að þeir hafi bezt kjör af landsmönnum, samkvæmt þeirra æðri stöðu; en það ætti að vera í rèttu tilliti og samanburði við kjör landslýðsins og við efnahag landsins, og þeir, sem sækja um embætti landsins og girnast að sitja í þeim, ætti að gjöra sig ánægða með þau jafnrík, og efni föðurlandsins geta til látið; en ekki að gjörast óánægðir, þó herrar í hinum ríku löndum fái meira.

Ásgeir Einarsson: Eg þarf ei að svara þingmanni Mýramanna, því honum var svarað áður með ræðu hins háttvirta 3. konúngkjörna þingmanns. En það er nú mín meiníng, að ef mikill ágreiníngur er á þinginu um málið, þá sè það hið fyrsta til að eyða því og spilla; eg álít betra, að slaka heldur dálítið til, þó allir sè ekki ánægðir, því »svo er margt sinnið, sem maðurinn er«. Það getur vel verið, að Íslendíngar sè ekki færir til að launa embættismönnum sínum eins vel og danska stjórnin; en á þíngið fyrir það að afneita þeim rètti, sem þeir nú eiga að hafa? engi húsbóndi, sem dregur af hjúum sínum, verður hjúasæll til lengdar; eins held eg sè nú varið með þetta; og það er ljóslega tekið fram í nefndarálitinu, hversu stjórnin hefir dregið af embættismönnum hèr, og hve lítt viðunanleg laun þeirra sè nú. En eg hefi nú það traust til embættismannanna hèr, að ef þeir sæi, að þíngið hefði góðan vilja, til að bæta úr kjörum þeirra, þá muni þeir ekki síður verða tilhliðrunarsamir við landið síðar; en þetta liggur nú utan við málið enn sem komið er.

Páll Sigurðsson: Eg verð að láta þá sömu meiníngu í ljósi nú, og eg lèt í hitt eð fyrra, að, eins og nú stendur á, þá álít eg, að embættismenn hèr hafi fullan rètt til jafnrèttis við samkynja embættismenn í Danmörku; eg lýsi því yfir, að eg vil ekki hopa eitt fet frá jafnrètti. Eg ætla nú ekki að fara út í það, hvernig síðar muni fara, ef land vort fengi fullt löggjafarvald og fjárhagsráð; það kemur varla fyrir okkur, sem hèr sitjum nú á þíngi, að ákveða þau embættismannalaun, sem þjóðþíng vort þá álítur hæfileg samkvæmt ástandi og efnum þessa lands, og synir okkar verða að sjá fyrir landstjórninni þá, og launa embættismönnunum, svo þjóðfèlagið geti staðizt; og það hljóta allir að sjá, að ekkert land getur staðizt, nema það hafi sína embættismenn, sem aptur verða að hafa sín laun; en það er aptur undir þeim sjálfum komið, hvort þeir vilja vera tilhliðrunarsamir, og láta sèr lynda þau laun, sem landið eptir efnum sínum og kríngumstæðum getur veitt þeim. Eg álít því nefndarálitið mjög vel úr garði gjört, því þar er ljóslega tekið fram, hversu tilfinnanlega lítil laun embættismanna, einkum sumra hèr, sè, og að þeir eigi rètt til sömu kjara og samkynja embættismenn í Danmörku.

Pètur Pètursson: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna sagði um það, að launaviðbótin yrði seinna að takast af efnum landsins, þá er þetta satt, ef launaviðbótin kemst

ekki á, áður en fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á fót; en verði launin hætt, áður en fjárhagurinn er aðskilinn, þá er auðsèð, að því meiri verður munurinn á tekjum og útgjöldum landsins, og því meiru verður Danmörk að skjóta til, svo að ef launaviðbótin kemst á á undan fjárhagsaðskilnaðinum, þarf landið engu að skjóta til, nema ef það finnur ástæðu til, að veita nýja launaviðbót; en það sè eg enga ástæðu til, ef að launin verða hækkuð viðunanlega, áður en fjárhagurinn er aðskilinn, og til þess yrði að koma fyrir einhverjar ófyrirsjáanlegar kríngumstæður. Eg held því, að það hafi verið misskilníngur hjá þíngmanni Mýramanna, að það leggist á landið, ef launin verða hækkuð, áður en fjárhagurinn er aðskilinn. En hvað leiddi af því, ef fjárhagurinn væri aðskilinn, áður en launin væri hækkuð? Auðsjáanlega það, að annaðhvort yrði þau ekki hækkuð, eða þá að nýja skatta yrði að leggja á landið. En ef þau eru aukin áður, hlýtur stjórnin að taka tillit til þess, þegar reikníngarnir eru gjörðir upp.

Jón Hjaltalín: Eg játa það, að nefndarálitið lýsir stórum velvilja til vor embættismannanna; en eg er samt mjög hræddur um, að enn lendi við það sama sem fyr, að við verðum hornaskellur milli ríkisdagsins og þíngsins, og þíngsins og stjórnarráðsins, eða ef mönnum skilst það betur, verðum að ráfa þetta ár eptir ár í fullri óvissu um stöðu vora. Eg kenni ekki þínginu um það, þó ríkisdagurinn hafi gjört það, sem nú er fram komið, því hann hafði frjálsar hendur, til að fara með málið, eins og hann vildi. Í þessum kríngumstæðum okkar, sem eg verð að kalla sorglegar, get eg nú að vísu ekki neitað, að nefndarálitið er í mörgu falli tiltækilegt; en eg vil þó vara menn við, að leggja ekki eins mikla *áherzlu á jafnrèttið,* eins og hèr er gjört; það hefir í raun og veru lítið að þýða. Eg vil benda t. d. á eitt atriði, það er um okkur læknana; þeir eiga að vera 8 hèr á landinu; en eru ekki, nú sem stendur, nema 5; og eg veit, að þíngið er einhuga á því, að þeim þurfi að fjölga; en þegar menn nú skoða jafnrètti um lækna eptir skilníngi Dana, þá liggur beint fyrir, að þeir muni verða fúsir á, að veita læknum hèr sömu laun og í Danmörku; en þar við er engi bót fengin, heldur þvert á móti apturför; hèraðslæknar í Danmörku hafa sumsè minni laun, en hèraðslæknar hèr; en það er aðgætanda, að læknar þar vinna það upp í »*praxi*«, því sú tilhögun er öðruvísi en hèr. Erindisbrèf okkar hèr er svo, að vèr í þessu tilliti alls eigi getum frá því vikið. Þegar læknar þar eru sóttir til fátækra,

geta þeir heimtað laun af fátækrastjórninni bæði fyrir ómak sitt og það, sem þeir leggja til af meðölum; þetta er ekki svo hèr; hèr verðum við að gegna fátækum fyrir alls ekkert; og af því fjöldi manna hèr er fátækur, verður fjöldinn líka undir fátækra-»*praxi*«, er menn kalla; og margir geta, þó þeir hafi bezta vilja, ekki látið neitt í tè. Þetta gjörir því stóran mun, sem eg er hræddur um, að Danir ekki skili, því þeim þykir nóg, að veita læknum hèr jafnrètti við lækna í Danmörku; eg er því hræddur um, að nefndarálitið og álitsskjalið, svona lagað, verði okkur læknunum að litlu gagni, þó *meiningin* sè góð, því ríkisþingið er svo tornæmt að skilja okkur hèrna, einkum þegar um peninga er að gjöra. Það hefir verið sagt, að launin yrði of há fyrir landið, þegar það fengi fjárhag sèr; eg ímynda mèr nú, að þingmenn, ef þeir hugsa sig betur um, sjái, að þetta er ekki vel grundvallað; það er aðgætanda, að þá koma mörg gjöld inn, sem ekki eru nú; menn munu þá ei verða látnir sóa brennivíninu, eins og nú er látið við gangast, án þess að greiða toll af; og þó hann væri ekki látinn vera hár, gæti það þó orðið stór summa; sama gæti orðið um fleira, t. d. ávexti af spítalasjóðunum. Eg er ekki hræddur um, að ef Íslendíngar fengi einhvern tíma fjárforráð, að þeir ætti bágt með að launa embættismönnum sínum; en eg er hræddur um, að almenníngsálitið sè, að allt sè komið undir því að spara; en það er ekki rètt, því laun embættismanna renna að mestu leyti inn í landið aptur; en því landi álít eg illa komið, þar sem embættismenn hafa mjög lítil laun, og í öllum frjálsum löndum eru embættismönnum veitt hærri laun; þetta má sjá í mörgum ritum; þannig eru í Noregi launin hèr um bil þrefalt hærri, en þau voru, áður en hann gekk undan Danmörku. Í Bandafylkjum er mjög sjaldgæft, að nokkur embættismaður hafi minni laun, en 1000 *dollars,* sem er hèr um bil sama sem 2000 rd. hjá okkur. Sama er að segja um Schweiz, Saxland og Belgíu; menn launa þessum mönnum vel, til að tryggja þá að sèr, og fá duglega menn í embættin. Þegar menn aptur á mót eiga að vinna fyrir gýg, og er illa launað, draga menn sig í hlè, og beita ekki kröptum sínum; það er rètt eins og þegar vinnumaður fær ekki nóg að borða, beitir hann ekki eins kröptum sínum. Menn finna sig særða af þessu, og hafa óþægindi af því, og draga sig því í hlè. Íslendíngar finna líka til þessa; það er bágt að neita, að helzta orsökin til þess, að menn eru nú allt af að draga sig í hlè við »*studeringarnar*«, liggur í þessu: að

það er fyrir svo litlu að vinna. Eg hefi heyrt únga efnilega menn segja: »Mèr er betra, að vera bóndi; ef eg á að fara að læra, verð eg að eyða því litla, sem eg á, án þess að fá það nokkurn tíma borgað seinna, og þar að auk beztu árum mínum«. Það er slæmt, þegar kjarkmiklir úngir menn fara að hugsa og tala svona. Vèr munum komast að þeirri niðurstöðu, að hvað sem við gjörum, til að hjálpa upp menntastofnunum hèr, mun oss verða örðugt að fá duglega menn í embættin, nema þeim sè launað vel. Eg vil taka til dæmis læknana; það er ómögulegt fyrir þá, að geta lifað hagkvæmu lífi af launununum eingöngu, því síður, að þeir hafi nokkuð afgangs á ellidögunum. Það hefir líka sannast, að í það minnsta allir landlæknar enn hafa dáið fátækir. Það er að vísu satt, að margir hèraðslæknar hafa verið hèr auðugir; en það er alls eigi að þakka launununum; þeir hafa þá fengið ríkar giptíngar, haft góð bú, verið sjálfir dugnaðarmenn, og átt duglegar konur; og það veit eg, að mörg bú gefa af sèr tífalt við launin; það sèst, þegar menn yfirvega, hversu lèttvægir peníngarnir eru, þegar þeir eiga að ganga á móti öllum þörfum. Eg tala hèr ekki einúngis mínu máli, heldur og embættisbræðra minna. Eg þekki, hvað Danir eru skilníngsdaufir og seinir að grípa allt, sem peníngaútgjöldum viðvíkur hjá oss; það verður því að hafa ber orð, en ekki það, sem má toga og teygja á alla vegu, eins og rèttvísi og sanngirni, og annað þess konar; það verða að vera hrein og bein orð, sem engi undanfærsla verður höfð við.

Ásgeir Einarsson: Það voru 2 atriði í ræðu hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, sem verulega komu málinu við, það er að segja um læknana og það, hvernig ríkisþíng Dana hefði farið með málið hingað til. Í hitt eð fyrra kom málið frá þínginu með tveimur skoðunum; en ef það kemur nú með einni skoðun, hvernig á þá að fara að, ef stjórnin ekki sinnir þessari skoðun? Það var gott, að hann hreifði við læknunum, því er hann kunnugastur; og vona eg, að þingið taki tillit til þess, og það má víst taka þá sèrstaklega fram í álitsskjalinu, svo að ríkisþíngið geti sèrstaklega tekið tillit til þessara embættismanna.

Guðmundur Brandsson: Eg er nú að sumu leyti samþykkur þingmanni Strandasýslu, en sumu ekki. Mèr þótti ræða hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns óþörf; mèr sýndist hún vera á móti nefndarálitinu, og þó var hann að þakka nefndinni fyrir það, og var með því sjálfum sèr ósamkvæmur. Hann var að tala um,

hvað bág kjör embættismannanna væri; en þess þurfti hann ekki, því nefndin hafði tekið það fram. Þar sem hann sagði, að launin væri svo há í Bandafylkjunum, þá sannar það ekkert, því hann sagði ekki um leið, hvað nauðsynjar þar væri dýrar. *Konúngsfulltrúi* tók fram um daginn, hversu jafnrètti gæti misskilizt, að t. a. m. embættismenn á Vestureyjum hefði miklu hærri laun en samkynja embættismenn í Danmörku, svo að með því sýnist mèr ekkert sannað um hið verulega jafnrètti. Þar sem hinn 5. konúngkjörni var að tala um hin bágu kjör læknanna, þá á hann nú, ef til vill, lökust kjör sjálfur; hinir hafa bújörð flestir, og ef reiknaður er hver nýmjólkurpotturinn, eins og hann gjörði sjálfur hèrna um daginn, þá hafa þeir þar góða viðbót; þess vegna furðaði mig líka, hvernig hinn heiðraði þingmaður Mýramanna tók í málið; mèr þótti hann gjöra of lítið úr góðu búi, sem þó margir embættismenn hafa út um landið, og heyrt hefi eg, að hann sjálfur hefði gott kúabú. Það er satt, að embættismenn í Noregi hafa haft lág laun að undanförnu, en stórþingið hefir bætt þau, og er svo sagt, að þeim líði vel síðan, og uni hag sínum miklu betur nú en fyr. Athugasemd hins 5. konúngkjörna um læknana sýnir yfir höfuð, hvað erfitt er að tiltaka launaviðbótina í ákveðnum tölum. Eg held því, eins og hinn háttvirti 3. konúngkjörni, að stefna nefndarinnar sè rètt, ef stjórninni þykir jafnrètti það, sem nefndin fer fram á, of mikið, þá er hitt gott til vara, að farið sè eptir frumvarpinu, sem lagt var fyrir ríkisþingið 1860. Þar sem hinn 5. konúngkjörni var að taka fram, að menn ætti að hafa skýr orð við stjórnina, þá held eg þess þurfi nú ekki fremur en hèr er gjört; stjórninni ætti að vera orðin kunnugur vili þingsins í þessu síðan í hitt eð fyrra. Stjórnin hefir lagt tvisvar fyrir ríkisþingið frumvarp um laun embættismanna hèr; en ríkisþingið hefir hafnað því í bæði skiptin, en hefir þó sagt, að það mundi ei tálma því, þó stjórnin vildi bæta við einstaka embættismenn, og það sýnist mèr sýna, að málið sè nú komið í betra horf en áður.

Björn Pètursson: Þó eg sjái, að niðurlagsatriði nefndarálitsins sè gjörð í góðu skyni, þykir mèr það samt undarlegt, að niðurlagsatriðin í þessu nefndaráliti skuli ekki vera eins eða líkt orðuð og í nefndarálitinu um launabót amtmanns Havsteins, þar eð nefndarmenn voru hinir sömu í báðum málunum. Það getur verið, að stjórnin skjóti skolleyrunum við þessari jafnrèttiskröfu, sem ekki heldur var gjörð til handa amtmanninum, og líkaði henni

má ske betur, að beðið væri um, að veita embættismönnum *hæfileg laun* með tilliti til *samkynja embættismanna* í Danmörku; hún hefir þá frjálsari hendur; og eg veit ekki heldur, hvort það er fullkomin ástæða til, eða það ætti alls kostar vel við, að heimta einmitt *sömu launatölur* fyrir embættismenn hèr, ef það er meiningin með þessari jafnrèttiskröfu. Þetta segi eg ekki af því, að eg hafi á móti því, að embættismenn fái þetta *jafnrètti*, ef það gæti fengizt; en eg held að það sè að minnsta kosti lögulegast, að sömu skoðun væri fylgt í báðum álitsskjölunum. Það er satt, sem þingmaðurinn úr Strandasýslu sagði, að ágreiningur væri skaðlegur þessu máli, og þess vegna finnst mèr það líka bezt, að þingið tæki nú sömu stefnu, og kæmist til sömu niðurstöðu í þessu máli, og það samþykkti á dögunum, með tilliti til amtmanns Havsteins næstum í einu hljóði, því þetta mál er því máli alveg samkynja. Eg heyrði, að hinn 5. konúngkjörni þingmaður var hræddur við þetta jafnrètti, og getur það verið bágt að segja, hvað jafnrètti er, því embættismenn hèr þurfa má ske ekki sömu laun og embættismenn í Danmörku. Sumir þurfa, ef til vill, meira, og sumir minna. Að því er varaatkvæðið snertir, þá sýnist mèr ekki, að þingið geti gefið því atkvæði sitt, því það frumvarp, sem menn þar eiga að gefa atkvæði um, liggur ekki hèr fyrir, og getur því ekki þingið gefið atkvæði sitt fyrir því út í bláinn, þó þingmönnum má ske sè kunnugt á annan hátt, hvað stóð í frumvarpi þessu. Eg ætla því að áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá átt, að niðurlagsatriði nefndarinnar verði orðað líkt því, sem það var orðað, þegar rætt var um launabót amtmanns Havsteins; þó getur verið, að eg falli frá þessu breytíngaratkvæði, ef eg heyri á ræðum manna, að þeir halda, að það muni spilla fyrir, því það er alls eigi tilgangur minn.

Stefán Eiríksson: Það er nú illa farið, ef stjórnin er svo skilníngslaus, eins og hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður sagði. Eg get þó ekki ætlað það nokkurri stjórn, að hún ekki skili, hvað farið er fram á í nefndarálitínu; mèr finnst nefndarálitið mjög greinilegt, og því ætla eg, að gefa atkvæði mitt fyrir 1. tölulið niðurlagsatriðanna. Eg held nú líka, að affarabezt væri fyrir þingið, að halda sig eindregið við þennan tölulið, því þá kynni þó þessari barlómstrumbu einhvern tíma að linna, því ef málið fellur núna, má búast við, að það komi inn á næsta þíng, og svo hvert þíng af öðru, og þá verða nú umræðurnar á endanum eins dýrar

og þessi launabót, sem verið er að tala um. Eg get engan veginn verið nefndinni samdóma um þetta varaatkvæði, og eg greiði atkvæði móti því; eg álít, að þingið ekki eigi að taka neitt tiliit til annars en þess, sem fyrir liggur frá þingsins hálfu, og málið er núna komið frá þinginu; þó nú þetta frumvarp frá ríkisþinginu sè í *Fèlagsritunum*, þá hefir þingið enga ástæðu til, að taka það til greina; það liggur þó alls ekki hèr fyrir. Hinn háttvirti *varaforseti* gat þess áðan, að við ekki þyrftum að taka þátt í launaviðbótum þessum, ef þær kæmist á, áður fjárhagsaðskilnaðurinn fengist; það get eg nú ekki skilið; eg held stjórnin hafi vit á, að færa þær til útgjalda Íslands, eins og hver önnur útgjöld; og við megum víst búast við, að bera þær, eins og hvern annan kostnað, hvort þær nú komast á fyr eða seinna.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Hinn háttvirti *varaforseti* hefir nú, eins og hans var von og vísa, reynt til að rífa í sundur ritníngarnar og opna augun á bæði mèr og öðrum þingmönnum; og eg veit það sæti bezt á mèr, að gefa minn skilníng fanginn undir hlýðni trúarinnar á kenníngu þessa hávitra og hálærða þingmanns; en eg get samt ekki leynt því, að mèr þykir það ætíð undarleg kenníng, að gjöra sèr vissa von um það, að Ísland geti heimtað stórt tillag frá Dönum, eptir að það er búið að taka við *sínum* eigin fjárhag, og fá hann algjörlega fráskilinn; mèr skilst samt nokkur ástæða fyrir þessari skoðun, ef Danir veita þessi háu laun og launaviðbætur, að Íslendíngum fornspurðum, að menn skyldi þá eiga að segja við þá: þið verðið að útvega fè til þess, að yfirvöldin hèr geti haldið þessum launum, því það er ykkar verk, að veita þeim svona há laun. Þessi stakkur er ekki sniðinn eptir vexti Íslands; en nú er hitt á prjónunum, að þingið hèr, *við Íslendíngar sjálfir*, skulum nú fara og biðja stjórnina að ákveða þeim, *embættunum* hèr, þessi háu laun, og svo rètt á eptir fáum vèr vorn eiginn fjárhag í hendur, og eigum þá líka sjálfsagt að fara að standa okkar kostnað sjálfir, og nú standast ekki efni landsins við þessari launahæð; ætli við getum þá heimtað fè til þess af Dönum? Skyldi þeir þá ekki svara okkur: »Sjáið þið þar fyrir, um þessa ákvörðun báðuð þið, þetta vilduð þið hafa svona«? Eg veit þingið fer sínu fram, hvað sem eg segi, og það spillir ekki fyrir málinu, þó eg láti meiníngu mína í ljósi; en hún er svo látandi: að mèr *þykir það varlega gjörandi*, að fara mikið fram í það mál, að ákveða eða fastsetja launabætur, fyr en maður getur litið á efna-

hag landsins, því meðan svona stendur, veit þingið ekki, nema það kunni að binda hendur sínar og sinna of mjög fyrir framtíðina, eða hleypi stefnunni fram í einhverja ófæru, svo örðugra verði að snúa aptur; og ættum við þó að varast það, að láta það vera okkar verk, að búa svoleiðis í haginn fyrir sonu okkar og afkomendur.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst það, sem 2 þingmenn, hinn 3. konúngkjörni þingmaður og þingmaður Mýramanna hafa talað í þessu máli, ekki koma málinu við. Vèr getum nú ekki vitað, hvernig reikníngarnir milli Íslands og Danmerkur verða, þegar fjárhagurinn verður aðkilinn, hvort Danir borga úr sínum vasa þann mismun, sem er á inntektum og útgjöldum Íslands eða ekki; og ef það verður, hvort það verður þá um styttri eða lengi tíma. Mèr finnst rangt að byggja á þessu, sem er óvíst, og rangt, að taka það fram, eða láta það heyrast, að vèr Íslendíngar viljum bæta laun embættismanna vorra, áður en fjárhagurinn er aðskilinn, til þess að Danir fái að borga launabót þessa úr sínum vasa. Spursmálið er, hvort embættismenn vorir, nú sem stendur, þurfi launabótar, og þá, hversu há hún þurfi nú að vera; en vèr eigum ekki að hugsa of langt fram í hinn ókomna tíma; látum syni vora sjá fyrir því, að launa embættismönnum sínum; *þá koma tímar og þá koma ráð.* Eg álít rètt, að launaupphæðin sè hin sama og í Danmörku, og held eg, að embættismönnum þar sè ekki of vel launað; að minnsta kosti hefi eg sèð, að sumir embættismenn eru þar mjög illa settir, eptir að launabreytíngin er komin á. Þar sem þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu fór fram á það, að niðurlagsatriði þessa nefndarálits hefði átt að vera lík niðurlagsatriðunum um launabót amtmannsins í Norðuramtinu, þá sè eg enga ástæðu til þess, því að þar er allt öðru máli að gegna; þar er að eins talað um laun eins einstaks manns, en hèr er launamálið tekið fyrir í heild sinni. Ef þíngmaðurinn hefði heyrt álitsskjalið í því máli, þá hefði hann átt að geta sèð, að þar er fylgt alveg sömu stefnu og í þessu máli, með tilliti til jafnrèttisins; en niðurlagsatriðin eru ekki alveg eins, eins og líka náttúrlegt er; hèr eru niðurlagsatriðin ákveðnari, af því að hèr er málið tekið í heild sinni. Það er satt, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að læknar hèr verði verst úti, ef þeir fá að eins jafnrètti við lækna í Danmörku; en þeir gæti fengið því breytt, að þeir eigi að lækna sveitarlimi fyrir ekkert; því þeir ætti að fá borgun fyrir lækníngu þeirra úr sveitarsjóðunum, og

eg veit ekki betur, en slíkt tíðkist sumstaðar; og eg vona, að þeir geti fengið þessu breytt, ef þeir bíða mikinn halla af því.

Indriði Gíslason: Það gleður mig, að eg þarf ekki að lofa þetta nefndarálit, af því að það eru svo margir búnir að því, og það gleður mig enn meir, að embættismenn hèrna á þínginu eru flestir samdóma í því, að stefna meira hlutans á þínginu 1859 hafi verið heppilegri en minna hlutans; mál þetta hefði líka farið betur þá, ef allir hefði þá verið á einu máli. Þetta sýnist mèr að hefði átt að vaka fyrir nefndinni, svo að nefndin ekki brenndi sig á sama soðinu og þá, og ekki fara lengra en meiri hlutinn fór á seinasta þíngi; þess vegna líkar mèr vel aðaluppástúngan undir 1. tölulið, en varauppástúngan þar aptan við spillir að eins, en bætir ekki fyrir málinu. Hún er óþörf og það má búast við því, að það verði sagt á ríkisdeginum, að hægt sè að heimta fè úr annara vasa. Ef varauppástúnga þessi er til nokkurra bóta fyrir málið, þá skil eg ekki, hvers vegna ekki var stúngið upp á líku, þegar rætt var um launabót amtmannsins í Norðurumdæminu, því tilgangurinn með því, að æskja launabótar handa honum, var sá, að hann þó fengi hana, og ef menn hefði álitið, að önnur eins uppástúnga, eins og þessi mundi bæta fyrir máli hans, þá hefði menn vissulega sett hana þar. Önnur eins niðurlagsatriði og þessi eru ekki *góð* að átta sig á; hvar er þetta danska frumvarp frá 1860? Menn geta ekki ætlazt til, að vèr vitum neitt um það, hvað í því stendur, og eiga menn því hèr, eptir þessu, að gefa atkvæði um þetta út í bláinn. *(Pètur Pètursson:* Fèlagsritin). Annað niðurlagsatriðið er hèr á þíngi, en hitt er í bókum úti um hina víðu veröld. Það er nú dáindis formlegt, að vísa í þær og þær bækur; eg held, að það hefði þá verið bezt fyrir nefndina, úr því i óefni var komið, að skera þá blöðin upp úr Fèlagsritunum sem þetta frumvarp var prentað í, og láta þau *circulera* hèrna um þíngbekkina. Eg verð því að vera á sama máli, að því er þetta snertir, og 1859, af því eg vil af hjarta bæta kjör embættismanna okkar, svo að þau verði lík kjörum samkynja embættismanna í Danmörku; þessi launauppbót er ekki heldur tekin frá okkur, svo eg sè enga ástæðu til þess, að vera á móti henni. Það er nógur tími fyrir okkur, að vera knappir á fènu, þegar fjárhagurinn er orðinn aðskilinn, og frá því sjónarmiði er það, að eg vil ekki hafa þessa varauppástúngu, því hún er einúngis til að spilla fyrir málinu. Eg verð því að vera með 1. tölulið, en ekki með varauppástúngunni, og það getur engi ætlazt til, að

vèr bændurnir getum gefið atkvæði fyrir því, sem vèr ekki sjáum hvað er; ekki vorum vèr á ríkisþínginu, og þó menn hafi lesið Fèlagsritin, þá segi eg fyrir mig, að eg man þau ekki utan að, og því sízt, hvort að í þeim er innbyrðis jafnrètti; en ef eg sè, að hún ætlar að komast í gegnum þingið, ætla eg að áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis við hana.

Guðmundur Brandsson: Mèr sýnist það vera óþarfa útúrdúrar, sem þíngmaðurinn úr Dalasýslu sagði, viðvíkjandi varauppástúngunni, þar sem hann sagði, að frumvarpið frá 1860 lægi hèr ekki fyrir; það er þó ekki svo ókunnugt, að menn viti ekki, hvað í því stendur. Nefndin gjörði alveg rètt í því, að fara ekki út í neina útúrdúra, en segja að eins það álit sitt, að embættismenn hèr ætti að hafa jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku; en af því að nefndin vissi, að stjórnin átti örðugt með, að koma þessu fram á ríkis-þínginu, þá stakk hún upp á þessu varaatkvæði. Þetta er auðskilið. (*Benedikt Sveinsson:* Eigi unnt að skilja). Að því er það snertir, sem þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu sagði, þá þarf hann ekki að furða sig á því, að niðurlagsatriðin sè hèr öðruvísi, en í uppástúngu þíngsins um launabót amtmannsins í Norðuramdæminu, því það mál var sèrstaklegt um einn embættismann, en þetta er almennt um þá alla; sú hæfilega launabót, sem þar var farið fram á, er líka sama og jafnrèttið, en þær tölur, sem varaatkvæðið bendir til, eru reyndar ekki öldúngis það sama; en nefndin vildi benda á þær, ef svo kynni óheppilega að til takast, að aðaluppástúnga hennar fengi ekki framgang; og þarf þetta engum misskilníngi að valda.

Stefán Jónsson: Að því leyti sagt hefir verið, að nefndin hafi átt að líta á efnahag landsmanna, þegar hún ákvað launaupphæð embættismannanna, þá lá það alls ekki fyrir, og hefði ekki gjört annað en villa menn; ekki heldur gat það verið ætlunarverk nefndarinnar, að spá fram í tímann um það, hvernig fjárhagsaðskilnaðurinn mundi verða, svo að nefndin hefir að minni ætlun gjört rètt í því, að taka málið rètt eins og það lá fyrir; hitt eru ekki annað en óþarfir útúrdúrar. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður var óánægður með nefndarálitið að því leyti, að honum þótti of lint tekið fram um laun læknanna, og hèlt að laun þeirra hèr mundu verða of lítil, í samanburði við laun lækna í Danmörku, ef ætti að biðja um jafnrètti handa þeim; en nefndin gat ekki tekið læknana öðruvísi fram, en hún hefir gjört, og ef hinum 5. konúngkjörna þíng-

manni eða öðrum þykir það of lint, þá er þeim frjálst að bæta úr því með breytíngar- eða viðaukaatkvæði. En tvísýnt er, að þeim verði það til mikilla heilla, og að þeir ekki spilli meir en þeir bæta með því, að ganga lengra en nefndin hefir gjört. Eg held, að nefndarálitið sýni, að nefndin vildi ekki taka neinn fram yfir annan, og kemur því ekki í neinn bága við launabót amtmannsins í Norðurumdæminu. Um varauppástúngu nefndarinnar hafa verið tvær skoðanir, og verður það að sýna sig, hvor flokkurinn er stærri, *þeirra,* sem með því eru, eða *hinna,* sem eru á móti því. Það var líka varlegra fyrir nefndina að haga niðurlagsatriðum sínum þannig, því með því gaf hún þínginu fríari hendur, og að því leyti, sem þíngmenn kunna að vera óánægðir með niðurlagsatriðin, geta þeir bætt úr þeim með því að taka það, sem þeim þykir eiga bezt við, en hafna hinu.

Framsögumaður: Það hafa að eins komið fram fáar mótbárur á móti uppástúngu nefndarinnar, og heíir þeim líka verið svarað af ýmsum þíngmönnum, en eg verð þó að svara nokkrum orðum hinum 5. konúngkjörna þíngmanni upp á það, sem hann sagði, að nefndin hefði tekið of lint fram launahækkun læknanna; þetta er alls ekki rètt skilið af honum, því hún lagði einmitt meiri áherzlu á þá en aðra embættismenn, því þeir eru þeir einu, sem hún vill að fái hærri laun, en samkynja embættismenn í Danmörku, þó þetta standi ekki í niðurlagsatriðunum, og ef varauppástúnga nefndarinnar verður samþykkt, fá læknarnir allsæmileg laun eptir því, sem ákveðið er í frumvarpi stjórnarinnar frá 28. janúar 1860; það er líka aðgætanda, að læknar hafa ætíð töluvert annað en launin í aðra hönd; og mun landlæknirinn vera einna verst farinn, af því hann þarf að vera búsettur hèr í Reykjavík, en hinir læknarnir mega, ef þeir vilja og geta, búa uppi í sveit, og þá geta þeir líka fengið nóg af mjólkinni, sem hinum 5. konúngkjörna þíngmanni þótti ekki lítils virði hèrna um daginn, og sè eg því ekki þörf á, að taka launahækkun læknanna sterkar fram, en nefndin hefir gjört. Því hefir ekki enn verið svarað, sem þíngmaður Mýramanna sagði, að nefndin hefði ekki borið launahækkun embættismannanna saman við efnahag landsins, heldur einasta við laun embættismanna í Danmörku. Eg held nú, að það yrði erfitt, ef ætti að gjöra þann samanburð með sanngirni, því það hjálpar ekki að miða launin eingöngu við fátækt landsins; vèr heimtum af embættismönnum vorum, að þeir sè jafnfærir og jafnvel að sèr, sem embættismenn í

Danmörku, og við það verðum vèr að miða laun þeirra, en ekki eingöngu við fátækt landsins, því sú regla verður að gilda í einu sem öðru, að það sem einn sáir, á hann að upp skera. Það er búið að svara því, sem þingmaðnrinn úr Suður-Múlasýslu sagði, og hann hefir líklega misskilið bæði nefndarálitin, eða sjálfsagt nefndarálitið um launabót amtmannsins í Norðurumdæminu, því í því var einmitt farið fram á jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku, þó það ekki væri tekið fram með eins sterkum orðum, eins og gjört er í þessu máli, af því það mál var svo einstaklegt, og menn vildu ekki spilla því með því að taka árinni of djúpt í — og þó það ekki stæði í niðurlagsatriðum nefndarinnar; — fram á það sama muni líklega einnig verða farið í bænarskránni til konúngs.

Jón Hjaltalín: Eg hefi heyrt, að menn hafi, á meðan eg var úti, gjört sig glaða yfir mjólkinni; en mèr sýnist, að menn eigi ekki að gjöra gis að henni, því að hún er almenn fæða hèr á landi frá vöggunni til grafarinnar, og mætti því eins leggja hana hèr til grundvallar, þegar menn mæla tekjur manna, eins og byggið er lagt til grundvallar fyrir hinu sama í Danmörku. Úr mjólk er líka flest sú fæða til búin, sem menn njóta hèr á landi, mjólkurgrautur, smjör, skyr, ostur og mysa, sem menn búa til blöndu úr, og sem þingmaður Suður-Þingeyinga mun drekka, eins og aðrir. *Framsögumaður* skildi svo orð mín, sem mèr þætti launahækkun læknanna of lint tekin fram, og er það að vísu svo, því áberzlan liggur öll í nefndarálitinu á jafnrèttinu, og þó nefndin hafi munað eptir læknunum, þá er launabót þeirra ekki svo tekin fram, að það verði sèrstaklega tekið til greina. Vèr erum þó sannarlega, að því er læknaskipunina snertir, illa farnir, því nú eru ekki nema 4 læknar í landinu, og af þeim eru 3 yfir fimmtugt, og við fáum að sjá, hvort það gengur betur hèr eptir, en hingað til, að fá íslenzka lækna frá Kaupmannahafnarháskóla í læknaembættin, ef menn ekki vilja hafa sèrstakt tillit til læknanna; og þetta sýnist mèr, að nefndin hefði átt að athuga betur. Í Danmörku geta menn ekki skilið það, að læknar slíti hèr tvöfalt meiri fötum og skóm en í Danmörku á því, að ferðast þessar löngu leiðir ríðandi eða gangandi. Hitt er það líka, að ef læknar hèr ekki vilja verða aptur úr, þá verða þeir, til þess að geta fylgt með framförum tímans í læknaíþróttinni, að útvega sèr kostbærar bækur í læknisfræðinni frá útlöndum, svo sem frá Englandi og Þýzkalandi, því þær, sem koma út í Danmórku, eru að litlu liði eða ónógar fyrir þá menn, sem

vilja gegna þessu embætti sínu með alúð. Þetta vona eg þingmenn taki til greina; en hvort eg tek mèr breytíngaratkvæði um þetta eða ekki, er að miklu leyti komið undir því, hvernig ræður þingmanna falla, og eg hefi betur hugsað mig um, að hve miklu leyti þess muni með þurfa fyrir hönd embættisbræðra minna.

Björn Pètursson: Eg verð að játa það, að eg með bezta vilja gat hvorki sannfærzt af ræðu *framsögumanns* nè þingmanns Norður-Þingeyínga; hinn fyrri sagði, að eg hefði misskilið nefndarálitið, en hinn seinni, að eg hefði hvorki heyrt eða lesið nefndarálitið; en eg hefi þvert á móti gjört hvorttveggja. Mèr fundust ástæður þingmanns Norður-Þingeyínga mjög veikar. Hann játaði, að alveg sama stefna væri í báðum nefndarálitunum; því voru þá ekki sömu niðurlagsatriði í báðum? Hann segir, af því að í öðru sè að eins talað um einstakan embættismann, en í hinu um fleiri; en þegar þessir menn eru af sama flokki, og eins stendur á fyrir þeim, að þeir þurfa launaviðbótar, þá sè eg ekki neina ástæðu til, að gjöra neinn mun á þeim. Þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að amtmaðurinn í Norðurumdæminu ætti einnig að vera innilokaður í þessu máli; ef svo er, held eg að það hafi verið óþarfi, að setja sèrstaka nefnd um launabót handa honum, og senda sèrstaka bænarskrá fyrir hann; og að minnsta kosti hefði nefndin getað beðið með að koma fram með uppástúngur sínar, þegar hún vissi af, að átti að setja nefnd í þessu almenna launamáli, einkum þar sem þíngtíminn er svo stuttur, og mörg mál fyrir á þínginu. Þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði enn fremur, að það væri vífilengjur að tala um, að þíngið gæti ekki gefið atkvæði fyrir frumvarpinu frá 28. jan. 1860, af því að það lægi ekki fyrir. Eg er reyndar ekki sterkur í forminu, en eg held þó, að það sè ekki rètt, að menn gefi atkvæði fyrir því, sem ekki liggur fyrir, og þingmenn ekki eru skyldir til að þekkja. Mèr sýnist nóg, að benda á það í álitsskjalinu, þó það sè ekki sett í niðurlagsatriði.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að svara þingmanni Suður-Múlasýslu nokkrum orðum upp á það, sem hann sagði; hann rangfærði nú reyndar orð mín; eg sagði aldrei, að hann hefði hvorki heyrt nè skilið nefndarálitið í þessu máli, og ekki heldur í launamáli Havsteins amtmanns; hann hefir víst heyrt bæði nefndarálitin; en af ræðum hans má það marka, að hann hefir hvorugt skilið rètt; hann vildi nefnilega, að sömu niðurlagsatriði hefði verið við höfð í báðum málunum, en hann hlýtur að sjá og

viðurkenna það, sem svo opt hefir verið tekið fram, að það var full ástæða til þess fyrir nefndina, að taka jafnrèttið fram með sterkari orðum, þegar launamálið er tekið fram í heild sinni, heldur en þegar ræða er um einstakan embættismann; nefndin í Havsteinsmálinu, gjörði það líka með ásettu ráði, að taka ekki sem sterkast fram þann rètt, sem hún áleit annars, að hann ætti til jafnhárra launa og amtmenn hafa í Danmörku, því hún óttaðist fyrir, að slíkt kynni að spilla fyrir málinu, og, ef til vildi, valda misskilníngi, ef amtmaður Havstein væri tekinn fram yfir alla aðra embættismenn á landinu. Það hefir verið sagt, að ekki væri hægt að greiða atkvæði um varauppástúngu nefndarinnar, af því frumvarpið, sem þar er vísað til, lægi ekki fyrir; þetta get eg ekki skilið, því menn verða að gæta þess, að hèr er ekki að ræða um það, hvað há laun hver einstakur embættismaður á að hafa, heldur hitt, hvort ganga eigi inn á uppástúngur stjórnarinnar í því efni, eða með öðrum orðum, hvort þíngið vill gefa sinn vilja fanginn undir vilja stjórnarinnar, *ef það ekki fæst, sem rèttur vor stendur til* í þessu efni. Eg vildi nú benda þínginu á það, að ef því er nokkuð annt um, að embættismenu þeir, er hèr ræðir um, fái launabót, þá er víst ráðlegast að ganga inn á varauppástúngu nefndarinnar, og biðja um það, sem þar er farið fram á *til vara* og ef hitt ekki fæst, því menn verða þó að gæta þess, að það er ísjárvert, að sleppa alveg hinu minna fyrir vonina um hið meira. Eg vil enn fremur geta þess, að það var víst alveg rètt gjört af nefndinni, að benda heldur á stjórnarinnar eigið frumvarp frá 28. janúar 1860, heldur en uppástúngur minni hluta þíngsins 1859; því menn verða að gæta þess, að frumvarp stjórnarinnar er hennar eigið verk, sem hún trauðlega getur gengið frá, vili hún gæta sóma síns, og fallist þíngið eindregið á það. Það er enn fremur athugavert, að þá launabót, sem hèr ræðir um, hlýtur stjórnin að fá úr ríkissjóðnum gegnum ríkisþíng Dana, og liggur þá í augum uppi, að henni veitir hægra, að fá sínu eigin frumvarpi framgengt á ríkisþínginu, heldur en þeim uppástúngum, sem þíngið sjálft býr til, eða tekur upp eptir einhverjum eigin skoðunum sínum.

Björn Pètursson: Ef það er meiníng nefndarinnar, eins og *framsögumaður* sagði, með að vitna í þetta frumvarp, að stjórnin skuli alveg ráða launabótinni, þá held eg sè nóg að biðja um *hæfilega launaviðbót,* eins og hún sjálf gjörði fyrir Havstein amtmann,

og þá er mèr óskiljanlegt, hvers vegna nefndin er svo mótfallin minni skoðun, sem eptir þessu er samkvæm skoðun hennar sjálfrar.

Indriði Gíslason: Eg get nú ekki skilið, að stjórnin með öllu ráði launabótinni ein. En að því er þetta góða frumvarp snertir, þá get eg ekki gefið atkvæði um það, sem eg ekkert veit um, og sem ekki liggur fyrir, og það held eg engi geti gjört. En þegar eg á hina hliðina sný mèr að málinu, þá held eg, að ekki sè til neins að biðja stjórnina um launabót eptir frumvarpi, sem fellt var á ríkisþínginu; eg verð að halda mèr að jafnrèttinu, og er með öllu fráleitur, að gefa varauppástúngunni atkvæði mitt, því eg held, að embættismennirnir, þó þeir fengi eitthvað, sem eptir frumvarpinu yrði miðað við kornverð eða korn, lifi ekki af einu saman brauði.

Benedikt Sveinsson: Eg verð að lýsa því yfir nú, sem eg sagði hèr á þíngi um daginn, að eg vil ekki hafa mörg höfuð nè fætur á þessu máli. Eg verð að álíta það mjög óheppilegt, að málið gat ekki komið allt í einni heild; en það verður nú svo að vera. Eg ætla ekki að slá nefndarálitinu neina gullhamra, því hvorki á eg gull, og er heldur engi gullsmiður. Þó eg fallist að miklu leyti á nefndarálitið, þá get eg ekki verið að gefa þeim, sem það hafa samið, neinar persónulegar þakkir. Þetta mál álít eg að hafi mikla þýðíngu fyrir alla; það er fyrir alda og óborna; það snertir ekki mestmegnis menn, heldur stèttir landsins, og að því leyti það snertir menn, við kemur það ekki eingöngu þeim, sem nú sitja í embættinu eður niðjum þeirra, heldur kjarnanum úr þjóðinni síðar meir, sem færastur er til, að gegna embættum hennar. Þegar eg hefi nú þetta fyrir augum, og að ekki er verið að ræða um það, hvort leggja eigi launabótina á landið eða ekki, heldur að eins um rètt stèttanna, þá þykir mèr undarlegt, að menn skuli vera að koma með lofræður um nefndina, hvað hún sè rífleg eður aðrar ástæður, en þær, sem eru skynsamlegar grundvallarástæður fyrir málinu, sem er rèttur stèttanna til þess, er hèr ræðir um.

Eg tek það sèrstaklega fram, að bænarskrárnar, sem til þíngsins hafa komið um þetta mál, gáfu ekki tilefni til annars, eða fóru fram á annað, en að þíngið segði álit sitt um það, hvort og að hve miklu leyti væri ástæða til að bæta laun embættismanna landsins, hvort sem það svo væri til byrða fyrir ríkissjóðinn eða Íslands fè, því þetta kemur málinu í sjálfu sèr alls eigi við. Við verðum kann ske allir dauðir, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á, og það er ólíklegt, að sú þjóð, sem ekki getur hreint og beint

lagt rètt álit á annað eins mál og þetta, jafn einfalt, fái löggjafarvald og fjárforráð allt í einu; það er nauðsynlegt, að þingið framfylgi þeirri skoðun, sem í sjálfu sèr er rètt, og treysti þjóðinni til, að hún sè fær um, að kosta embættismenn sína, ef til kæmi. Hèr liggur nú einúngis fyrir, að leysa úr þeirri spurníngu, hvort það sè rètt og sanngjarnt, að samkynja embættismenn á Íslandi fái sömu laun og embættismenn í Danmörku, eða hvort jafnrètti nefndarinnar sè nóg; þá kemur þrennt til skoðunar, eptir minni meiníngu, *skilyrði* fyrir, *ábyrgð* og *erfiðleiki* við embættin hèr og í Danmörku; það ætti sannarlega að vera eins hèr og í Danmörku, að því erfiðari, sem embættin eru, því betur ætti þau að vera launuð, og því auðveldari og ábyrgðarminni, því lakar; og þessi samanburður ætti að gilda eigi að eins um hvert einstakt embætti, heldur og um embættin yfir höfuð hèr og í Danmörku; og eg verð þó að segja, að skilyrðin eru almennt þau sömu hèr og þar, og sama er um ábyrgðina, og ekki hvað sízt um erfiðleikann, þegar rètt er álitið. Eg skal nú ekki tala meira að sinni; en einúngis áskilja mèr viðaukaatkvæði við 1. tölulið nefndarinnar í þá átt, að tiltaka tölurnar og breytíngaratkvæði við varauppástúnguna. Að vera að benda til þessa margnefnda frumvarps, er eins og að vekja upp dauðan mann. Frumvarpið, sem þar ræðir um, er ekki til í lagalegum skilníngi; þess dagar eru á enda, og það má ekki byggja á því, sem ekki er til. Það er einúngis til *sem document,* en ekki *sem mælikvarði fyrir þíngið,* og getur ekki verið mælikvarði fyrir það. Eg tek þetta fram, af því eg vil láta sjást, að eg hefi þessa skoðun, og það væri óskandi, að fleiri hefði sama álit.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg fagna því þó, að hinum háttvirta konúngkjörna varaþíngmanni og mèr kemur það ásamt, að ákvarðanir þær, sem gjörðar sè í þessu efni, þær sè ekki einúngis fyrir yfirvöldin, sem nú sitja að embættum, heldur fyrir embættin sjálf í framtíðinni, og hina yngri kynslóð; það sè hún, sem eigi að njóta þess, og þá er það líka sjálfsagt hún, sem á að bera byrðarnar af því; en þá fer nú að vandast málið fyrir mèr, og minnka um samkomulagið, þegar hann vill, að við nú undir eins eitt sinn fyrir öll fastsetjum, hvað margra ríkisdala og skildínga laun upp á eitt hár skuli fylgja hverju embætti hèr á landi á hinum ókomnu öldum; þetta er of þúngt boðorð fyrir mig, að eiga að gizka rètt á, hvað vel eigi við, og geti einatt staðizt um alla ókomna tíð; eg ætla ekki, að gefa atkvæði fyrir slíkum bænum eða setníngum.

Hinn heiðarlegi *framsögumaður,* og þingmaður Eyfirðinga voru að réttlæta það hjá nefndinni, að hún hefði ekki, eins og hún ekki hefði þurft, að líta á kjör landsbúa eður efnahag lands þessa, því slíkt hefði ekki legið fyrir, heldur hitt, að bera yfirvöldin hér saman við yfirvöldin ytra, þar eð embætti þeirra hér væri háð sömu skyldum og menntun þeirra sama kostnaði; en eg vil segja, að nefndin og þingið á að skoða embættin frá landsins og þjóðarinnar sjónarmiði, og aðgæta það í hönd faranda ástand; þó það sè gott fyrir yfirvöld hèr, að fá þau sömu laun og þeir í Danmörku hafa, þá dugar ekki ætíð, að gæta einúngis að því, *hvað vill,* en ekkert að því, *hvað verða kann.* Okkur varðar ekki um, hvaða kostnað og skyldur hið danska ásigkomulag heimtar af yfirvöldum vorum; en hitt vitum vèr, að þjóðin og þing þetta hefir gjört sèr far um, að laga kostnaðinn og tilhögunina við skólann og menntunina eptir ástæðum og efnahag landsins; og líka viljum við, að hitt fari saman, að yfirvöld vor fylgi *þeim* skyldum, að gegna og gæta að vorum þörfum, og aptur að vèr uppfyllum þeirra þarfir, og sjáum um, að þeim líði vel og sómasamlega eptir því, sem þeirra stöðu hæfir í samanburði við okkur, en ekki Dani eður annara landa herra. Áður eg sezt niður, verð eg að svara hinum háttvirta 5. konúngkjörna þingmanni því, að mèr þykir það ekkert ótilhlýðilegt, að hann tæki nýmjólkurreikninginn til dæmis við launin, því úr mjólkinni má hafa mat fyrir alla, og þó eg sè nú úr þeirri sveit, hvar góð mjólkurbú eru, eins og þingmaður Gullbringusýslu sagði, þá þyki mèr nú vel unandi við, fyrir hvern embættismann, sem, samkvæmt launareikníngi iandlæknis, getur átt víst að hafa kostnaðarlaust 36 potta af nýmjólk á hverjum einasta degi, árið út og árið inn; þetta er töluvert *lífibrauð,* að húsbóndinn sjálfur skuli ávinna þetta, fyrir utan það, sem kona, börn og hjú geta áunnið; að öllu samanlögðu held eg þetta mætti vera stórbú, og góð höfðíngja staða. Hinn sami konúngkjörni þingmaður hefir líka í ræðu sinni viðurkennt, að hèraðslæknir gæti og hefði vel lifað við sín kjör, og þá þykir mèr vel að fara, ef menntun þeirra og embættistign getur hjálpað þeim til, að sitja fyrir ríkum kvonföngum og beztu búgörðum, og mèr þykir það ekkert óráð eða ómynd, þó menn þannig leitist við, að komast af með minni laun, en margfaldi þau heldur í búi sínu af gæðum landsins og náttúrunnar, með framkvæmdum konu sinnar, barna og hjúa, sem ekki hafa embættisstörfin á hendi; slík tilhögun er þessu landi nauð-

synleg, og hún er og betri en þessi margra hundraða dala upphæð. Að því er viðvíkur landlækni sjálfum, þá held eg að hann sè nú verst farinn, af því hann verður að búa í Reykjavík, en þó má það segja hèr um, að búnað má stunda hèr nokkurn, bæði með sjávar útveg og líka eru hèr landsnytjar nokkrar, tún og hagar, sem embættismenn geta látið sitt heimafólk rækta og stunda, og sèst það á því, hvað vel að bændur geta lifað hèr, sem ekki hafa við annað að styðjast. Að því er mjólkurreikningum viðvíkur, að mjólkin sè dýr hèr, þá er aðgætanda, að það eru líka bæjarbúar, nefnilega þá yfirvöldin hèr, sem geta selt mjólkina og notið háa verðsins á henni, en ekki menn ofan úr sveitum, sízt ofan úr Stafholtstúngum.

Pètur Pètursson: Eg vil að eins tala fáein orð út af viðaukaatkvæði hins konúngkjörna varaþíngmanns, sem á að tiltaka tölurnar. Eg vil spyrja hann að, hvort það ekki nægi, að hann innibindi laun landsyfirrèttardómanda í því. Eg er hræddur um, að það kynni kann ske að spilla fyrir þeim, er láta sèr nægja minna.

Benedikt Sveinsson: Það var ekki meiníng mín að spilla fyrir neinum, eins og hinn háttvirti *varaforseti* hèlt, að breytíngaratkvæði mitt mundi gjöra, og eg sè nú ekki, að það gjöri það nè heldur viðaukaatkvæði mitt; en eg skal þó taka orð hins háttvirta þíngmanns til ítarlegrar yfirvegunar, og haga svo til, að eg sè viss um, að eg gjöri engum tjón.

Guðmundur Brandsson: Eg get nú ekki verið á sama máli og hinn konúngkjörni varaþíngmaður og þíngmaður Mýramanna, að þetta ætti að vera órjúfandi lög fyrir alda og óborna. Eg held þau geti upphafizt, eins og hver önnur lög; hvað var ekki með Konúngalögin í Danmörku; áttu þau ekki að vera órjúfandi? Þó er annað orðið ofan á með þau; hvernig er ekki ákveðið í friðarsamníngum; eiga þeir ekki að hafa ævarandi gildi? Þó bregður út af þessu. Eg held líka, að þessi lög verði ekki eilíf; þau geta breytzt, eins og annað, svo er og um laun embættismanna, þau geta annaðhvort hækkað eða lækkað. Ef atvinnuvegir manna batna, eins og menn vonast eptir og óska, þá held eg þarfir embættismannanna kann ske hækki líka, eða verði meiri. 1859 var það borið fyrir, sem ástæða fyrir þessu máli, að útlendir menn væri farnir að koma hèr fleiri, en áður, og mèr dettur í hug, út af uppástúngunni, er kom til þíngsins núna um daginn, að samgöngurnar kunni heldur að aukast en hitt, og eg held embættismenn-

irnir þurfi þá meira til þess að geta tekið á móti komumönnum, eins og höfðíngjum sæmir; svo eg held, að engi geti dregið það út úr nefndarálitinu, að lögin um þetta mál eigi að vara um aldur og æfi, án þess eigi verði unnt að breyta þeim.

Jón Hjaltalín: Þíngmaður Gullbríngusýslu sagði sama, sem eg vildi sagt hafa um eilífleika löggjafarinnar, og eg held þíngmaður Mýramanna þurfi ekki að vera hræddur um, að þessi lög bindi okkur við klafa. Mèr þótti hann gjöra of lítið úr nýmjólkinni. En ef einhverjum presti væri fengnar 3 eða 4 kýr, og fóður handa þeim, og svo fengi hann ekki meira, þá held eg hann þættist fá lítil laun. Eg tek það enn fram, að ef þíngið ekki biður um annað en »*jafnrètti*«, þá verði sama niðurstaðan og fyr. Eg held það verði einhver huldumaður, og að Danir muni ekki svo skyggnir, að þeir sjái hann. Eg vil því hafa bein orð, en ekki fleygja í stjórnina neinum skæklum. Fyrst hinn konúngkjörni varaþíngmaður tók ekki að sèr nema júristana, þá vil eg taka að mèr læknana, og taka mèr viðaukaatkvæði, er með tölum tiltaki laun þeirra.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætlaði ekki að tala neitt í þessu máli, en hinn konúngkjörni varaþíngmaður neyddi mig til þess, með því að hann tók einúngis að sèr lögfræðíngana, en hinn 5. konúngkjörni þíngmaður tók að sèr læknana, þá ætla eg að taka að mèr kennarana við skólana.

Jón Pètursson: Eg játa það, að nefndarálitið er vel og ágætlega vel samið; maður sèr af ástæðunum í því, hvað nefndin hefir meint, og hvað hún hefir viljað tákna með jafnrètti; eg hefði að vísu samt heldur óskað, að launaupphæðin væri tiltekin með tölum, og að varauppástúngunni hefði verið sleppt. Eg held embættismenn hèr hafi fullan rètt til, að fá sömu laun og samkynja embættismenn í Danmörku; og mèr finnst bezt að biðja um þau, áður en fjárhagsaðskilnaðurinn verður, því eptir það getur Danmörk ekki verið skyld til, að leggja neitt fè til landsins stjórnar, og eg held það sè ábyrgðarhluti fyrir þíngið, að koma ekki með rèttar og sanngjarnar kröfur, meðan sá hentugasti tími er.

Páll Sigurðsson: Eg er nú öldúngis samþykkur hinum 4. konúngkjörna þíngmanni, og mèr finnst einmitt jafnrèttið liggja í því, sem hann sagði. Það er líka eptirtektavert, að stjórnin hefir aðhyllzt jafnrèttið, með því hún hefir launað 2 mönnum milli þínga, og sett laun þeirra jafnhá launum samkynja embættismanna í Kaup-

mannahöfn. Eg get ekki gefið atkvæði mitt fyrir því, að jafnrètti sè ekki haldið fram, eður fyrir því, að fara að tína mola, sem neðar liggja. Ef eg skoða þingið sem ráðsmann, sem húsbóndi lætur mæla vinnumönnum sínum kaup, ætla þeir yrði ánægðir, ef þeir ekki fengi nokkurn veginn jafnt, og væri þó jafnir til verka? Nei, nei, ekki held eg það! Eg held þeir yrði rangeygðir, og segði: þessi fèkk of mikið, eg of lítið. Eg held þetta jafnrètti verði ekki tiltekið með tölum; þær geta orðið margbreyttar, og mèr þykir líklegt og sjálfsagt, að stjórnin gangi ekki inn á tölurnar. Eg vil helzt halda mèr við álit meira hlutans i hitt eð fyrra, og vil því ekki víkja fet frá meiníngu minni; eg met miklu dýrmætari rèttindi en skildíngana, eins í þessu sem öðru.

Framsögumaður: Eg held nú megi loksins segja um mál þetta, að það sè komið í horfið, eptir sem umræður þíngmanna falla hèr. Hinn konúngkjörni varaþíngmaður vildi ekki heyra neitt nefnt, nema tölurnar, eða talnajafnrèttið, og áskildi sèr hálfvegis breytíngaratkvæði í þá stefnu, en af bendíngu þeirri, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður gaf honum, fèll hann frá því aptur; en þá vill svo vel til, að þíngmaður Reykvíkínga og hinn 5. konúngkjörni ætla að bjarga króganum, og reyna til að halda í honum lífinu. Reyndar hafa þeir nú ekki gjört ráð fyrir, að sjá um nema að eins læknana og kennendurna við skólann, og sýnir það ljósast, að þeir eru þó háðir þeim breiskleika, að vera sjálfum sèr næstir; en eg vildi nú minna þá á það, að gleyma ekki geistlegu stèttinni, einkum biskupinum, sem víst þarf launahækkunar við, ekki síður en aðrir. Svo vildi eg nú minna hinn 5. konúngkjörna þíngmann á það, að taka nú nógu djúpt árinni í, að spara ekki smjörið hjá stjórninni, þegar hann kemst í það; taki hann nú þennan hráa skinnskækil, eins og hann kallaði jafnrèttið hèrna um daginn, og neyti kraptanna til að teygja það nóg út í yztu æsar. Hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að mèr skildist, að nú ættum við að semja launalög handa öldum og óbornum, eða með öðrum orðum: að það, sem nú yrði gjört, hlyti að standa um aldur og æfi (*Benedikt Sveinsson:* Misskilningur). Eg held ekki! og ef þetta er meiníng hans, þá ætla eg það sè næsta varúðarvert, að ákveða vissar tölur sem mælikvarða fyrir launununum, því eins og menn vita, breytist gildi peninganna árlega, svo það, sem þykja næg laun nú, geta þótt *ónóg laun að 10 til 20 árum liðnum.* Hann sagði þíngmaðurinn, að nefndinni hefði ekki verið fengið annað ætlunarverk

til meðferðar, en að segja álit sitt um, hvað há laun embættismenn hèr á landi ætti að hafa, en ekki um hitt, með hverjum ráðum, eða hvenær slík launabót yrði fengin; en eg verð þó að minna hinn heiðraða þingmann á það, að í annari bænarskránni, sem nefndinni var fengin til meðferðar, er það tekið fram með berum orðum, að embættismenn þeir, er hèr ræðir um, þurfi bráðrar launabótar við, og er auðlesið út úr þeirri bænarskrá, að hlutaðeigendum þykir það mestu skipta, að fá launabótina sem fyrst, þó hún kann ske yrði þá minni, en rèttur þeirra og þörf stendur til; sýnir þetta ljósast, að þó þingmaðurinn sè sjálfur svo stórlátur, að hann vili hafa þau laun full, sem hann meinar sig eiga rètta heimtíng á, eða þá ekkert að öðrum kosti, þá eru sumir stèttarbræður hans á annari meiníngu, og ætla eg, að nefndin hafi gjört alveg rètt í því, að taka þetta til greina.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði alls ekki að standa upp í þessu máli; en nú er komið nýtt tímabil í sögu málsins. Eg man, hvaða einíng var á þínginu um þetta mál í hitt eð fyrra; hèr er nú farið að teygja talnabandið hornanna á milli í þingsalnum; vita menn ekki, hvern árangur það hafði í hitt eð fyrra? hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að ekki væri líklegt, að það þíng, sem ekki gæti talið þessar tölur rètt, væri fært um að vera löggjafarþíng. Hann sagði, að sum embætti væri lakari í Danmörku, og aptur sum betri þar, en hèr, og þó ætlar hann þínginu að ákveða með tölum jafnrèttið milli þessara embætta, annars sè því ekki trúandi til, að verða löggjafarþíng; er þetta sanngirni? Hann tók það fram, að launalög þessi ætti að standa um aldur og æfi; en eg skal ekki tala um, hve lengi þau muni standa; en eg vil einúngis segja það, að ef þau standa mjög lengi, getur svo farið, sem híngað til, að peníngar lækki í verði, og embættismönnum verði lítið úr dalatölunni mót nauðsynjum sínum; eg álít, að ef jafnrètti ekki fæst, þá er embættismönnum vorum gjörður órèttur; það hefir síðan um aldamótin verið töluvert hækkuð laun yfirrèttarins í *dalatölunni;* en eg veit ekki, hvort þeir komast betur af nú, en þá, nema miður sè, og eins hlýtur að vera um aðra embættismenn, er fá laun úr ríkissjóði.

Magnús Andrèsson: Eg er samdóma því, sem þíngmaður Strandasýslu sagði. Þegar eg fór að velta fyrir mèr nefndarálitinu, datt mèr í hug, að svo vel mundi fara, að þíngið yrði einhuga á, að samþykkja það; en nú heyri eg, að ekki eru allir ánægðir með

það, og menn hafa með breytíngaratkvæðum stúngið upp á tölum; en eg ætla ekki að gefa atkvæði mitt með *þeim* tölum, því eg held, að þíngmönnum sè ofvaxið, að búa til óyggjandi jöfnuð. Það virðist sem allir þíngmenn hafi þá aðalskoðun á þessu máli, að laun embættismanna þurfi að aukast; en meiníngar þeirra skiptast að því leyti í 2 hluti, að sumir vilja halda fast við orðið: »jafnrètti«, og sýnist þeim það yfirgrípa allt málið; en aðrir vilja tiltaka launabótina með tölum. Mèr virðist nú, að nefndin hafi með varaatkvæði sínu gefið mönnum kost á, að velja um þetta tvennt, jafnrètti og tölur; en það eru þær tölur, sem stjórnin hefir sjálf stúngið upp á, og held og þær sè ekki verri fyrir það, enda má líka brúka hvorttveggja; það getur vel samrýmzt. Eg heyri, að sumir eru títt talaðir á því, að það sè áríðandi, að búið sè að hækka sem *mest* laun embættismanna, áður en fjárhagurinn verður að skilinn; eg er nú öldúngis ekki sá *spámaður,* að vita þetta fyrirfram, og heldur ekki sá *trúmaður,* að trúa því í blindni, að Danir óaflátanlega tilleggi Íslandi eitthvert fjártillag árlega úr sínum sjóði, eptir að fjárhagurinn aðskilst, ef það annars verður nokkurn tíma.

Benedikt Þórðarson: Eptir sem ræður þíngmanna hafa nú fallið, lízt mèr svo á, að varauppástúnguatriði nefndarinnar eigi það undir náð hjá þíngmönnum, að það komist að við atkvæðagreiðsluna, og hafa þeir leitt rök að því. Skyldi það nú verða, að varauppástúngan verði felld, en aðaluppástúngan undir töiulið 1 verði samþykkt, þá þykir mèr varlegra, að áskilja mèr viðaukaatkvæði við aðaluppástúnguna svo látandi: »og að dómkirkjuprestsurinn í Reykjavík fái launaviðbót, 300 rd., úr ríkissjóði, auk húsaleigustyrks þess, er hann hefir nú«. Ástæður mínar fyrir atkvæði þessu eru þær, að þar sem dómkirkjupresturinn hèr ekki hefir laun úr ríkissjóði, þá verður hann algjörlega út undan við aðaluppástúngu nefndarinnar; en hann felst undir varauppástúngunni, því hans var getið í frumvarpi stjórnarinnar til ríkisþíngsins 28. janúar 1860. Eg vona að engi, sem þekkir hèr til, mæli móti því, að bætt verði kjör dómkirkjuprestsins, því embætti hans er hèr hið erfiðasta, og ekki á hann hægra uppdráttar, að lifa í Reykjavík, en hinir piltarnir eiga, sem mikið minna þurfa á sig að leggja.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki skilið, hvernig menn fara að álasa nefndinni fyrir töluleysi, því nefndin miðaði gjörðir sínar við bænarskrárnar, sem fyrir láu, og varauppástúngan miðar við bænarskrána frá hinum 7 embættismönnum í Reykjavík. Að

frumvarpið sè ekki til, getur átt heima í lagalegum skilníngi, en »*bókstafurinn blífur*«; og þess vegna er frumvarpið til, bæði í hugsun manna og á pappírnum. Í sumum frumvörpum frá stjórninni er vitnað til brèfa frá embættismönnum, og því held eg, að þíngið hafi fullan rètt til þess, að skírskota til frumvarpsins.

Arnljótur Ólafsson: Eg er nú orðinn aptastur, og er mèr það nýtt, því eg er framfús. Eg hefði ekki staðið upp, hefði ekki komið það fyrir, sem mig sízt grunaði. Eg hèlt, að nefndarinnar 1. tölul. mundi fá hin mestu meðmæli, því þar er beðið um hið *mesta;* eg hèlt líka, að varauppástúnga nefndarinnar kæmi sèr vel, því þar er farið fram á hið minnsta, og það er þó mikill kostur, að geta þannig uppfyllt allar óskir manna, smáar sem stórar. En nú verður sú fyrn, að nú biðja þeir, sem áður beiddu um mest, um enn meira. Sumir menn hafa byggt á því, að embætti í Danmörku væri í öllum greinum jöfn embættum hèr á landi; en það get eg eigi skilið, og því vil eg ekki hafa *talnajafnrètti,* með því að það yrði ójafnrètti, ef eigi talna-ójafnrètti, þegar á allt er litið. Embættismönnum þeim, er hèr ræðir um, geta menn með rèttu skipt í 3 flokka. Í 1. flokk koma þeir, sem fá meiri laun úr ríkissjóði eptir frumvarpinu, en þeir fengi eptir talnajafnrèttinu; í 2. flokk þeir, sem fá jafnhá, og í hinn 3. þeir, sem fá minni laun. Það er nú reyndar svo, að samkynja embættismenn í Danmörku hafa meiri laun eður tekjur en íslenzkir embættismenn, en þeir hafa sumir þeirra minni laun úr ríkissjóði. Þegar svo stendur á, þá verða tölurnar of lágar, eður talnajafnrèttið verður ójafnrètti. Eg skal taka til dæmis biskupinn, læknana og stiptamtmanninn, er þurfa hèr fleiri ríkisdali úr ríkissjóði en í Danmörku. Í annan stað er það að minnsta kosti óþarft, og mundi valda ójöfnuði milli embættismannanna innbyrðis, ef sumir embættismenn fengi hèr eins mikil laun, eins og þeir mundu fá eptir talnajafnrèttinu. Eg leyfi mèr að nefna yfirdóminn, sem eg að öðru leyti nefni í heiðursskyni. Í einu orði álít eg að taka ætti öll atvik til greina, en eigi binda sig við eitt atriði eingöngu, og síðan benda á, hver væri hin hæfilegu laun. Nefndin hefir haft þetta jafnrètti fyrir augum, og hefir því ekki viljað þrælbinda sig við talnabandið og talnajafnrèttið. Eg skal þá að lyktum snúa mèr að varauppástúngunni. Það hefir verið sagt, að frumvarpið sè ekki til. Þó frumvarp þetta liggi eigi frammi fyrir oss, þá er það þó til í bókum og í sögunni, og það hjá því sama ráðaneyti konúngs, sem samdi það, og sem nú er hið sama, og

það mun víst vilja gangast við því, að það sè eptir sig. Eg held mikið af frumvarpi þessu, því mèr finnst í því tekið fram hæfilegt jafnrètti, og svo treysti eg því, að vèr fáum heldur frumvarp þetta, en nokkuð annað; og ef vèr fáum það, fáum vèr það, sem bezt er, og vil eg, að allir biði um það, sem í rauninni er bezt og fæst bezt.

Helgi G. Thordersen: Eg ætla einúngis að lýsa því yfir, að eg er samþykkur hverju orði, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði. Eg halla mèr að varauppástúngunni, og gef henni einni atkvæði mitt.

Jón Hjaltalín: Það er kominn dæmalaus töluhræðsla í þíngmann Borgfirðínga; mèr þykir nóg um, og óttast það verði nokkurs konar vatnshræðsla *(Vandskræk);* en þó ætla eg í breytíngaratkvæði mínu, að skírskota til talnanna í meira hlutans áliti í hitt eð fyrra, eingöngu til þess að vita, hvað þíngið verður samkvæmt sjálfu sèr, eins og þegar verið er að reyna hníf, hvað hann bítur.

Konúngsfulltrúi: Eg skal með fám orðum leyfa mèr að láta álit mitt í ljósi á því nefndaráliti, sem hèr liggur fyrir, og virðist mèr það þá stillilega og gætilega orðað, og að það fari rèttan meðalveg; einúngis skal eg geta þess, að mèr liggur við að segja, að það hefði verið öllu rèttara, að varauppástúnguatriðið undir nr. 2 hefði verið aðaluppástúnga eða nr. 1, því eg skil ekki betur, en að sú launaviðbót, sem stjórnin ætlaði íslenzku embættismönnunum í frumvarpinu, sem hún lagði seinast fyrir ríkisdaginn, yrði vel viðunanleg, þó ekki sè þar hið optnefnda talnajafnrètti milli dönsku og íslenzku embættismannanna, sem að öðru leyti, eptir því, sem fram er komið í málinu, er lítil eða engi von um, að stjórnin aðhyliist, þó um það yrði beðið.

Mèr sýnist hèr sè aðalspursmálið það, hver laun íslenzku embættismennirnir þurfi að fá, til þess að geta lifað samkvæmt stöðu þeirra viðunanlega og sómasamlega, og það vona eg þeir geti, ef þeir fengi laun eptir stjórnarfrumvarpinu, sem eg gat um. Þegar þetta væri fengið, þá kalla eg komið jafnrètti; þar á móti er það ekki fengið, þó embættismennirnir hèrna fengi sömu laun og í Danmörku, að því leyti þeir standa ójafnt að, og hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði líka áðan í ræðu sinni, að læknarnir hèrna fengi ekki jafnrètti, þó þeir fengi sömu laun í tölum og læknar í Danmörku; og eg held hann hafi rètt að mæla, því launin verða að fara eptir því, hvernig til hagar á hverjum stað, og tveir embættismenn sinn á hverjum stað með misjöfnum launum hafa jafn-

rètti, ef mismunurinn í laununum er samkvæmur, eða í rèttu hlutfalli við þær frábrugðnu kríngumstæður beggja. Það hefir verið sagt, að stjórnarfrumvarpið frá 1859 væri ekki lengur til, og að stjórnin hefði yfirgefið sína fyrri skoðun, og að hún nú hèldi fram talnajafnrètti milli dönsku og íslenzku embættismannanna; en eg verð að efa hið síðara, og að því er hið fyrra atriði snertir, þá gengur það hèr eins og í öðrum efnum: *það nærverandi stendur í sambandi við það undangengna;* og þannig mundi stjórnin, þegar hún færi að búa til frumvarp um betrun á launum íslenzku embættismannanna, fara eptir eða að minnsta kosti hafa fulla hliðsjón af sínu fyrra frumvarpi; þetta er skýrt tekið fram af þíngmanni Borgfirðínga.

Að taka upphæð launanna til í tölum, álít eg ekki þörf, og mèr virðist eins og það lýsi einhverju vantrausti til stjörnarinnar, að gjöra það, því eg ber það traust til hennar, að hún án slíkrar bendíngar muni ákveða launabótina, þegar þar að kemur, með hæfilegri hliðsjón af öllum kríngumstæðum og af launum hinna dönsku ambættismanna.

Það væri vissulega miður farið, ef þíngið ekki yrði nokkurn veginn á sömu skoðun í þessu máli, því það er sannlega fyrir málsins afdrif æskilegt, að allir þíngmenn kæmi sèr saman um eina og sömu aðalstefnu; og eg vona líka að svo verði. Eg skal svo ekki fjölyrða um málið, en einúngis lýsa því aptur yfir, að eg hallast helzt að varauppástúngunni, og í þá stefnu vildi eg óska, að þíngið færi í málinu, og eg get ekki sèð, að það geti orðið til fyrirstöðu, þó frumvarpið, sem þar er vitnað til, liggi hèr ekki fyrir, eða þó ekki sè tekin til launaupphæðin í tölum; en einúngis vitnað í stjórnarfrumvarpið, sem hún lagði seinast fram á ríkisþínginu.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að svara hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* fám orðum upp á það, er hann nú sagði, og verð eg að játa að mèr þykir það mjög illt, að hann skuli hafa misskilið varauppástúnguna. Mèr finnst það nefnilega skýlaus rèttur þíngmanna, að fá að vita, hvað það er, sem þeir eiga að greiða atkvæði um, og ekki að gjöra það, nema málið liggi fyrir. Nú liggur hèr ekki fyrir frumvarpið, sem varauppástúngan skirskotar til, og er því þíngmönnum bæði rètt og skylt, að greiða ekki atkvæði um það. Við höfum líka dæmin fyrir okkur í þessu efni; þegar stjórnin hèrna um árið lagði fyrir þíngið hefðarlögin og *citeraði* í norsku lög, sem þó allir gátu að vísu kynnt sèr, var málið fellt,

og víst að miklu leyti fyrir það, að þeir kaflarnir úr lögunum, sem stjórnin skirskotaði til, voru ekki lagðir fram fyrir þingið. Það er ekki nóg, þó að ráðherrastjórnin — eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði — hafi þetta frumvarp og þekki það vel, þingið verður að hafa fyrir sèr hvað eina, sem það á að greiða atkvæði um. En fyrst að nú svo margir eru með því að fá ákveðnar tölur, þá vil eg mega skjóta því til yfirvegunar hinnar háttvirtu nefndar, hvort hún vill ekki áskilja sèr, að taka allt frumvarpið fram eða tölurnar úr því, að minnsta kosti sem viðauka við varauppástúnguna, og henni til skýríngar, því þá gæti það komizt inn á atkvæðaskrána og til atkvæða.

Jón Pètursson: Eg held, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hafi misskilið nefndina. Eg held hún hafi meint þetta sem varaatkvæði til stjórnarinnar, og hefði hann skilið það svo, hefði hann varla verið á móti aðaluppástúngunni; enda finnst mèr það næstum því ógjörlegt, að ráða þínginu frá að aðhyllast hana, því verði kjör embættismannanna hèr langtum verri en í Danmörku, skal eg ekki lá neinum manni, þó hann fráráði sonum sínum, er sigla, að hverfa hingað aptur, ef þeir geta lokið sèr þar af, og það einmitt af þeirri ástæðu, að kjör embættismanna sè langtum verri hèr en þar.

Arnljótur Ólafsson: Mèr virtist hinn háttvirti *forseti* benda til formgalla á málinu (*Forseti:* Nei! eg meinti einúngis, að þíngmönnum væri vorkun, þó þeir ekki vildi greiða atkvæði) Jú! það er satt, en vegna þess vil eg þó einúngis áskilja mèr rètt til, að bera mig saman við meðnefndarmenn mína um þetta atriði.

Pètur Pètursson: Þar eð svo gæti farið við atkvæðagreiðsluna, að einúngis yrði farið fram á launaviðbót handa sumum, en ekki handa sumum af embættismönnunum, þá vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að hinir aðrir embættismenn líka sè teknir með, og skal eg orða það nákvæmar seinna.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, verð eg að álíta þessari undirbúníngsumræðu lokið.

Kemur þá samkvæmt dagskránni til *undirbúníngsumræðu* málið *um breytíngu á tíma þeim, sem manntalsþíng eiga að haldast á í Ísafjarðarsýslu*, og skal eg biðja skrifarana, að afhenda *framsögumanni*, þíngmanni Reykvíkínga skjöl málsins.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið.

»Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd til að íhuga og segja álit vort um bænarskrá frá frjálsum fundi í Ísafjarðarsýslu, dagsetta 22.—23. dag maímánaðar þ. á., um það, að manntalsþing þar byri eigi fyr, en í miðjum júlímánuði; síðar var oss fengin til íhugunar uppástúnga frá þingmanni Barðstrendínga, dagsett 14. þ. m., sem beiðist þess, að alþingi riti konúngi vorum bænarskrá um, að sektalaust væri, þótt manntalsþinginu í Barðastrandarsýslu ekki verði lokið, fyr en fyrir útgöngu júlímánaðar.

Vèr höfum vandlega íhugað mál þetta, og rætt það með oss á fundum, og er álit vort, sem nú skal greina:

Það er allt of kunnugt til þess, að það þurfi með mörgum orðum að sanna, að öll byggð í Ísafjarðarsýslu liggur strandlengis með sjó fram, og í kríngum marga firði, og að sýslubúar lifa þar að miklu leyti af sjávarafla; verstaða allra þeirra, er þar búa kríngum Ísafjarðardjúp, er í Bolúngarvík vestanhalt við utanvert Ísafjarðardjúp, og í Skálavík, sem er vestur frá mynni þess; og sumir hafa verstöðu í Súgandafirði, sem er hèr um bil 2 vikur sjávar fyrir vestan djúpið. Vertíð allra Ísafjarðarsýslubúa er frá því fyrir sumarmál, og til þess 12 vikur eru af sumri; sjóleiðin úr Súgandafirði og inn á Ísafjörð innanverðan eru allt að 10 vikur sjávar, en 3 vikum skemmra úr Bolúngarvík; en úr verstöðum þessum öllum er það sjóleiðin ein, sem farin verður í allar sveitir kríngum djúpið, og má þá öllum liggja í augum uppi, hvílíkt óhagræði það er fyrir bændur, sem því nær allir eru í veri um vertíðina, að sækja manntalsþing á þessum tíma, og verða að yfirgefa sjóróðra; margir þeirra geta ekki sótt þing, án þess að eyða 3 dögum til þess, og þetta þá bezt lætur, því auðveldlega geta þeir teppst viku og jafnvel lengur, fyrir mótvindum, þá svo vill til; eins getur það orðið, og ekki síður, að þeir ekki komist heim á þingið, svo þótt sýslumaður ómaki sig, og komi á ákveðnum degi á þingstaðina, þá getur það að borið, að ekki verður þing haldið; þeir, sem búa í vestri hluta sýslunnar, eiga að sönnu ekki eins erfiða stöðu og Djúpmenn; þó hafa þeir verstöður sínar við fjarðarmynni, og þurfa margir 2 til 3 daga til þingferðar; þess má líka gæta, að í þeim hluta sýslunnar er yfir slæma fjallvegi að fara, þrjár heiðar í Arnarfjörð, og er Breiðdalsheiði, er næst liggur Ísafirði, þeirra lökust, og opt ekki fær á hestum, fyr en seint í júnímánuði, svo tvísýnt er, að sýslumaður geti fyr yfir hana komizt.

Að því er Ísfirðingum enn fremur viðvíkur, þá hljóta þeir, jafnharðan og þeir koma heim úr verinu, að fara kaupstaðarferðir sínar, einnig yfir sjóinn á Ísafjörð, því kaupverzlun þar stendur yfir frá því seint í júnímánuði og fram allt að miðjum júli.

Vèr höfum nú hèr með leitt rök að því, hversu óhafandi sá lögboðni manntalsþingatími er í Ísafjarðarsýslu, og viljum þvínæst víkja máli til Barðastrandarsýslu. Sýsla sú hefir margt sameiginlegt með Ísafjarðarsýslu, og er bæði, þá litið er til sjóleiða þar, en þó einkum landveganna, mjög torsótt yfirferða; sýsla þessi liggur innan frá Gilsfjarðarbotni, og norðanvert með öllum Breiðafirði vestur eptir, allt vestur fyrir Látrabjarg, og þaðan kring um Vestfirði og inn að Langanesi í Arnarfirði; það má fullyrða, að vart muni torfærari fjallvegir finnast í nokkurri sýslu, en í Barðastrandarsýslu, og opt eru þar fjöll lítt fær, fyr en seint í júní. Þar er að nokkru líkt ástatt og í Ísafjarðarsýslu, að bændur sækja þar til vers; Rauðsendíngar, Barðstrendíngar, Eyhreppíngar og nokkrir Múlsveitíngar eiga verstöðvar fyrir vestan Látrabjarg á Látrum og Brimmynni; er þangað löng og hættuleg sjóleið um Rauðasandsflóa, og með öllu Látrabjargi og yfir Látraröst, og sjóleið þessi aldrei fær nema í logni eða hagfelldri vindstöðu, og ætíð verður að sæta þar sjávarföllum sökum rastarinnar og þúngstreymis í flóanum; um þann tíma, sem bændur ætti helzt þíng að sækja, þá eru þeir í verinu, og þá er þar helzt aflavon. Hefir líka reyndin sannað, að ekkert hefir orðið af þínghaldi á Barðaströnd í júnímánuði, þótt boðað væri, og sýslumaður búi þar; líkt hefir og aðborið í fleirum hreppum sýslunnar, að þíng hafa ekki orðið haldin fyr en í júlímánuði sökum ófærðar yfir fjöll og heiðar. Þegar nú þetta ber svo opt og iðulega við, sem borið hefir, að manntalsþíngahöldin í Barðastrandarsýslu hljóta að víkja frá lögboðnum tíma, sýnist oss ekkert móti því, að taka uppástúnguna til greina, svo það gæti orðið hèr eptir í lagaleyfi gjört, er gjörast verður í þessu efni.

Að svo mæltu viljum vèr ráða hinu heiðraða alþíngi til, að rita vorum allramildasta konúngi allraþegnsamlegasta bænarskrá um:

1. Að hann mildilegast vildi svo fyrir skipa, að manntalsþíng skuli hèr eptir byrja í Ísafjarðarsýslu, eigi fyr en 10. júlí.
2. Að sektalaust sè, þótt manntalsþíngum í Barðastrandarsýslu eigi sè lokið fyr en síðari hluta júlímánaðar.

Reykjavík, 29. júlí 1861.

Halldór Kr. Friðriksson, formaður og framsögumaður. *Sveinn Skúlason.* *Benedikt Þórðarson.*

Framsögumaður: Mál þetta var svo vandlega rætt við inngangsumræðuna, að eg vona nú ekki þurfi langar umræður. Eg vona þingmönnum þá hafi orðið það ljóst, að hèr ber brýna nauðsýn til fyrir Ísfirðinga að beiðast breytíngar, og frá stjórnarinnar hálfu óttast eg því síður fyrirstöðu, sem hún hefir breytt manntalsþínga tímanum í Norður-Múlasýslu.

Magnús Andrèsson: Eg ætlaði einúngis að leita einnar upplýsíngar hjá hinni heiðruðu nefnd, nefnilega um það, hversu almenn ósk Ísfirðínga þetta væri; — þetta finnst mèr ekki sjást af bænarskránni, en þó varða miklu, því annars gæti menn má ske á næsta þíngi búizt við bænarskrám í alveg mótsetta stefnu.

Framsögumaður: Eins og mönnum er kunnugt, er bænarskrá þessi, eins og hún að orði kemst, frá frjálsum fundi; en að eins undirskrifuð af forseta fundarins. Hversu margir kunna að hafa verið við staddir, er mèr reyndar ókunnugt, en önnur bænarskrá er komin frá sama fundi til þíngsins, dagsett sömu dagana, og undir henni standa yfir 200 nöfn, svo það lítur svo út, sem fundurinn hafi verið allvel sóttur, og að öðrn leyti get eg, sem kunnugur í Ísafjarðsýslu, upplýst það, að aldrei fyrir 1846 hafa manntalsþíng þar verið haldin fyr en í júlímánuði, svo eg held ekki þurfi að óttast fyrir, að Ísfirðíngar sè eigi samdóma bænarskránum í þessu efni.

Guðmundur Brandsson: Eg verð nú að segja fyrir mig, að eg ekkert get byggt á sjálfri bænarskránni; en eg þori að reiða mig á hinn heiðraða *framsögumann*, að hann ekki vili afvegaleiða þíngið. En þó furðar mig á því, að bænarskrá um þetta efni ekki skuli vera komin til þíngsins fyr en nú, ef þetta er almenn ósk. En úr því nú þíngið verður að ganga í trú en ekki í skoðun, þá ætla eg fyrir mitt leyti að trúa *framsögumanni* til þess, að fram bera i þessu máli það, sem hann sannast veit.

Framsögumaður: Það er víst, að mig ekki langar til að afvegaleiða þíngið, og hefi aldrei ætlað mèr það. Hitt finnst mèr skrítið, að þíngmaður Gullbríngusýslu furðar sig á, að bænarskráin hafi ekki komið fyr en nú. En þíng þetta hefir víst staðið jafnlengi fyrir Gullbríngusýslu, og fyrir Ísafjarðarsýslu, og hvernig stendur þá á, að ekki skuli hafa komið bænarskrá úr Gullbríngusýslu um harðfisksgjaldið, sem var hèr fyrir á þínginu fyrir skemmstu, fyr en við tókum okkur til á þessu þíngi? Þíngmaðurinn veit það

vel, að það er eigi æfinlega, að menn hlaupa til, að rita bænarskrár, þótt þeim þyki eitthvað að.

Konúngsfulltrúi: Eg skal einúngis leyfa mèr að athuga, að það getur eins og hèr stendur á, orðið því til fyrirstöðu, að reikníngur sýslnanna komi í tækan tíma til stjórnarinnar, ef manntalsþíngin eru ekki búin fyr en í miðjum júlímánuði eða seinna, og því álit eg það ísjárvert, að færa manntalsþíngin eins langt inn í sumarið, og hèr er stúngið upp á.

Framsögumaður: Mèr getur ekki skilizt þetta hjá hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa.* Mèr virðist hèr ekki geta verið að tala um annað en undanfarandi ársreiknínga; eg skil eigi það samband, sem er á milli reiknínga þeirra, sem sýslumennirnir eiga að senda í marzmánuði, og manntalsþínganna í maímánuði á eptir.

Pètur Pètursson: Eg verð, eins og eg tók fram við inngangsumræðu þessa máls, að álíta það mjög varúðarvert fyrir þíngið að ganga inn á það. Málið hefði aldrei átt að fá inngöngu á þíngið; því síður ætti nú að rita konúngi bænarskrá um það. Þó eg að vísu beri mikið traust til hins heiðraða manns, sem hefir undirskrifað þessa bænarskrá, og er mèr kunnur sem valinkunnur maður, og þó eg beri traust til hins heiðraða *framsögumanns,* þá get eg sem alþíngismaður ekki forsvarað — og eg held þíngið geti það varla sjálft — að fara í þíngmálum eptir einstöku mönnum, þó þeir aldrei nema svo sè dándismenn, sízt þegar málið varðar eins marga hreppa í heilli sýslu, eins og hèr; það þyrfti, að mèr sýnist, jafnvel fleiri en færri hreppa sýslunnar, sem óskaði þessa, til þess að alþíngi gæti forsvarað, að taka það fyrir, og rita um það bænarskrá. Þíngið hefir ekkert þess háttar við að styðjast; eða veit það má ske, hvort ekki sumir hreppar í Ísafjarðarsýslu gæti orðið óánægðir með þetta fyrirkomulag; eða veit þíngið eður *framsögumaður,* án þess eg vili rengja hann, nema að til næsta þíngs komi bænarskrár í gagnstæða stefnu? Að Ísfirðíngar engan fulltrúa hafa hèr á þínginu er ein ástæða meir fyrir mig, til þess ekki að fallast á þetta, því *fyrir það fyrsta* er eg óviss um, að hann tæki þetta með þökkum, og *fyrir það annað* vil eg geyma honum sjálfum rètt til að bera þetta upp hèr á þíngi. Hèr við bætist enn fremur frá þíngsins sjónarmiði, að tíminn er orðinn naumur, mörg áríðandi mál fyrir hendi, sem ekki þola frest, þar sem þetta mál virðist að þola hann, þar það ekki hefir komið til þíngsins fyr en nú. Eins og eg áður sagði, er það tilviljun, að

þetta mál komst inn á þingið, sumsè með 1 atkvæðis mun. Þetta mál kemur frá frjálsum fundi; en hver veit, hve fjölmennur hann hefir verið, eða hvort fleiri hreppar hafa átt þar kosna fulltrúa? Það er sagt, að það skaði ekki, þó þingið sendi bænarskrá um þetta mál. Eg held þó, að það skaði, því það geta orðið úr því rangindi móti einstökum mönnum eða hreppum, sem ekki hafa haft færi á, að láta álit sitt í ljósi. Þar að auk hefir málið ekki, það menn viti, verið borið undir álit viðkomandi sýslumanns og amtmanns. Að því er Barðastrandarsýslu snertir, þá get eg verið því fáorðari, sem eg ekki veit, hvort það varðar sektum, að draga manntalsþing aptur í júlímánuð. En það virðist mèr undarlegt, að því er bæði þessi mál snertir, að ekki skuli fyr hafa komið bænarskrár, og ekki má ske, eður að minnsta kosti ekki svo þingið víti, eitt orð talað við sýslumann eður amtmann um þetta mál, og hefði þó víst verið hægt að ná í þá. Þó nú þingið aldrei nema svo ef til vill hafi ekki breytt rètt i því, að hleypa málinu nokkru sinni inn á þingið, þá sè eg þar í enga ástæðu fyrir þingið, til að fram halda hinu sama, og fara nú að skrifa konúngi bænarskrá um annað eins málefni.

Framsögumaður: Eg verð nú að játa, að þessi ræða hins háæruverðuga 3. konúngkjörna þingmanns kom mèr heldur á óvart, þar sem hann segist bera traust til þess manns, sem hafi í nafni fundarins undirskrifað bænarskrána — hann hefir þó varla verið einn á fundinum — og vill þó vefengja orð hans *(Pètur Pètursson:* það hefi eg heldur ekki sagt). Hann hefir varla róið 2 árum jafnlangan veg og hann átti að sækja, innan úr Vatnsfirði, og út á Skutulsfjörð. Eg get með engu móti skoðað þetta, nema sem sameiginlegan vilja Ísfirðínga, og því skyldi þingið ekki gefa þessari bænarskrá gaum, rètt eins og þeirri úr Múlasýslu, sem í forminu var eins *(Gísli Brynjúlfsson:* það var líka einhver sú versta og vitlausasta bænarskrá, sem til þingsins hefir komið). Það kann að vera; en hafi ekki verið ástæða móti henni, er hún þá víst síður á móti þessari, sem þingmaðurinn víst þó álítur skárri; cða er það ekki fullkomin ástæða fyrir menn, sem mestmegnis lifa af sjónum að kjósa heldur $^1/_2$ dags reið frá búum sínum um slættinn, en marga daga, 7—10 vikur sjávar, úr fiskiverum sínum?

Björn Pètursson: Eg var nú einn af þeim, sem mótfallnir voru þessu máli við inngangsumræðuna, ekki af því, að eg vildi spilla fyrir Ísfirðíngum eða neinum, ef eg gæti sèð eða vitað með

vissu, hvort þetta er almennur vili þeirra, og þeim öllum til hagnaðar, heldur af því, að eg gat *enga vissu* fengið fyrir þessu; því það er þó aðalatriðið í þessu máli, sem snertir þá alla jafnt. Eg er svo ókunnugur þar vestra, að eg get ekki haft neina sannfæringu um það, hvort það, sem nefndin fer fram á, er almennur vili hlutaðeiganda; eg sè það að vísu á bænarskránni úr Ísafjarðarsýslu, að þetta er vili forseta fundarins, sem þar var haldinn, því hann einn hefir skrifað undir bænarskrána; en eg get ekki vitað, hvort fundarmenn og hann sjálfur hafi verið eintómir sjávarbændur eða ekki. Hafi svo verið, sem mèr þykir mjög líklegt, þá getur vel hugsast, að bænarskrá komi til næsta þings *frá frjálsum fundi* sveitabænda, eða þeirra bænda, sem meir hugsa um sláttinn en sjávaraflann, sem bæði um að allt mætti standa, eins og verið hefir. Mèr þykir, eins og fleiri þingmönnum undarlegt, að þessu máli skuli ekki hafa verið hreift fyr, ef það eru svo yfirgnæfandi ástæður til þess, og nú er látið. Það má segja um uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 2., að hún er hvorki heil nè hálf; það er beðið um, að »sektalaust sè o. s. frv.;« hví var þá ekki hreinlega beðið um, að þetta væri leyft eða lögboðið, eins og í fyrri uppástúngu nefndarinnar?

Eg held það sè bezt, að fara varlega í þetta mál, og hrapa ekki svona að því. Ef þetta er almenníngs vili í þessum sýslum, þá munu þeir senda málið betur undirbúið til næsta þings, og þá vona eg, að engi hafi á móti því.

Það var ekki rètt af *framsögumanni,* að bera þessa bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu saman við bænarskrána um Seyðisfjörð, sem eg hafði til meðferðar; það stendur allt öðruvísi á henni. Það mál er þingmönnum svo kunnugt frá undanfarandi þingum, og þetta var ekki fyrsta bænarskráin, sem að austan hefir komið um það efni. Sú, sem eg kom með, var frá báðum Múlasýslum, því á fundinum voru menn úr báðum sýslunum — (*Sveinn Skúlason:* Hverir?) Það er bæði gagnslaust og á ekki heldur við, að eg fari að telja þá alla upp hèr; en ef þingmanninn langar til að vita það, þá get eg sagt honum það utanþings. — *Framsögumaður* mun ekki geta neitað, þegar hann hugsar sig betur um, að hèr er allt öðru máli að gegna.

Benedikt Þórðarson: Í nefndarálitinu eru ljóslega teknar fram ástæður Ísfirðínga fyrir bæn þeirra, að manntalsþingin byri þar ekki fyr en í júlímánuði, og verða þær ekki hraktar; hinn heiðraði *framsögumaður* hefir líka enn að nýju skýrt það mál fyrir þing-

mönnum, og þó skilst þeim það ekki; þeir finna sèr allt til mótmæla, og einnig, að þetta sè ekki almennur vili Ísfirðinga; þeir bera fyrir undirskript bænarskrárinnar, og þykjast ekkert vita, hvort margir eða fáir hafi á fundi verið, þegar hún var samin; þeir trúa hèr engu, og rengja hèr allt, er mál þetta styður, og það er þó ekki rètt; við, sem málið flytjum hèr, erum þeir einu mennirnir á þinginu, sem þekkjum til í Ísafjarðarsýslu, og við ætlum óþarfa, að örð okkar sè rengd. Að því er þá fundinum á Ísafirði viðvíkur — þá get èg, þó ekki væri eg þar — engan veginn efað, að hann hafi verið mannmargur; hann stóð þar yfir í tvo daga, og þar var varaþingmaður Ísfirðinga á fundi, og líklegt, að sýslumaðurinn, sem býr þar, hafi líka þar verið; eg fyrir mitt leyti hlýt að trúa því, að bænarskráin sè prettalaus; eg þekki of vel til kríngum Ísafjarðardjúp til þess, að eg ekki gæti sannfærzt um, að þetta, sem um er beðið, sè þar almennur vili, og tími sá, sem um er beðið, var líka manntalsþingatími þar, meðan eg var þar í byggðarlagi, og geðjaðist þá öllum vel. Mèr þykir það nokkuð merkilegt, að eg ekki segi ómannlegt, að vèr sinnum ekki bænum Ísfirðinga, sem engan mann eiga nú à þingi, og það þá þessari bæn, sem hvorki oss nè stjórnina kostar neitt; en þeim er auðsèn hagur að fá heyrða.

Að því er Barðastrandarsýslu áhrærir, þá er það tekið skýlaust fram í nefndarálitinu, hvernig þar hagar til; eg er þó þaðan, og get sagt satt um það; nefndin fór þar ekki fram á, að breyta þingtímanum; það eina er, að framlengja hann, svo hann endist til þinghaldanna, nær svo að ber, að þingunum verður ekki lokið innan hins lögákveðna tíma, júnímánaðarloka.

Jón Pètursson: Eg þarf ekki að tala langt. Eg var þegar í byrjun á móti þessu máli, og verð nú alveg að vera samdóma hinum háttvirta 3. konúngkjörna þingmanni, því, eins og hann sagði, er hèr engi vissa fyrir, að þessi breytíng sè almennings ósk; hèr er ekki komið fram svo mikið sem að sýslumaður hafi verið spurður um álit sitt, og hann snertir þó mál þetta líka, því uppástúngan kemur töluvert í bága við hann, einkum að því, er tekjur embættisins snertir, því væri manntalsþingin ekki haldin fyr en í júlímánuði, þá gæti, þar sem sýsluembættin eru veitt frá fardögum til fardaga, sá sýslumaður, sem t. a. m. flytti úr Ísafjarðarsýslu, og hefði fengið eitthvað annað embætti, ekki náð í tekjur sínar fyrir hið undangangandi ár, nema því að eins, að fela nýja sýslumanninum

það á hendur, að krefja þær inn, og sjálfsagt borga honum fyrir. Að því er hitt snertir um þíngin í Barðastrandasýslu, þá er með öllu óþarfi, að biðja um það, sem hún fer fram á, því ef sýslumaður hefir ástæður fyrir sig að bera, og getur þeirra í þíngbókinni, varðar ekki sektum, þó þínginu sè frestað, og þá er óþarfi, að biðja um leyfið; en hafi hann engar ástæður fram að færa, en fresti þó þíngunum, þá er þetta sama sem að biðja um, að sýslumaður *ástæðulaust* megi fresta manntalsþíngunum fram yfir hinn lögboðna tíma, og það dettur víst engum í hug.

Indriði Gíslason: Mèr finnst mèr vera næstum því skylt, að tala fáein orð í þessu máli, því eg er þó dálítið kunnugur málinu. Að því er það snertir, að einúngis einn maður hafi undirskrifað bænarskrána, þá get eg nú borið um það, að fundnrinn var fjölmennur sýslufundur; eg get einnig borið um það, að varaþíngmaður sýslunnar, sem væri hèr á þíngi, hefði hann getað, hefir skrifað mèr til út af þessu máli, og beðið mig að vera heldur með því en móti. Ekki get eg skilið, að þetta geti komið í bága við *sýsluveitíngar*, það skyldi heldur vera, að það kæmi í bága við sýslumennina, ef ekki fengist frestun þíngtímans; en eg held hana ekki hættulega, þvi það er svo sem auðvitað, að þetta er sýslumanni eins í hag og sýslubúum sjálfum, því hann heldur þó varla manntalsþíng, ef engi getur komið til þíngs, vegna óveðra og illra vega, og það er eg hræddur um, að gæti skeð í Ísafjarðarsýslu, ef þíngin eiga að haldast um hávertíðina, því þar er ekki einn einasti hreppur til, sem ekki má heita byggður af tómum sjávarbændum að mestu leyti.

Páll Sigurðsson: Það er einmitt vegna formsins, að eg eins nú, eins og við inngangsumræðu þessa máls, verð að vera á móti því. Þíngið á og getur ekki tekið slíkar og þvílíkar bænarskrár til greina, sem eru svo úr garði gjörðar úr hèraði, að engi vissa er fyrir, hvort þær hafa almenníngs vilja inni að halda, og sem þess utan ganga fram hjá þeim embættismanni, sem málið varðar svo mikils, þó hann sè rètt við hendina, eg meina sýslumanninum. Þó eg þvi feginsamlega vildi styrkja þetta mál, sem vel kann að vera, að gjöri sýslubúum hægra fyrir, get eg það ekki sökum formsins. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *forseta* um það, hvort formið ekki leyfi, að mál þetta nú þegar sè fellt, án þess það komi til 3. umræðu, því við það sparaðist þó tími.

Pètur Pètursson: Eg fellst með öllu á það, sem hinn heiðr-

aði þingmaður Rangæinga talaði um, að spara sèr ályktarumræðuna. Eg verð að álíta málið sem því nær fallið vegna formgalla, því eins og eg áður sagði: þó eg *trúi mönnunum prívat,* trúi eg þelm ekki, eða rèttara sagt, hefi sem þingmaður ekki sannfærzt um, að málið sè nægilega undirbúið undir frekari aðgjörðir þingsins. Hinn heiðraði þingmaður Dalamanna hefir að vísu sagt mèr, að stór og fjölmennur sýslufundur hafi verið haldinn; þetta getur vel verið, og eg meir en trúi því, þó ekki viti eg neitt um hann, og bænarskráin alls ekki beri það með sèr. Að Ísfirðingar engan fulltrúa hafa hèr á þingum, er einni ástæðu meir fyrir mig, til þess ekki að fallast á þetta, því fyrir það fyrsta er eg óviss um, að hann tæki þetta með þökkum, og fyrir það annað vil eg geyma honum sjálfum rètt til, að bera þetta upp hèr á þinginu. Hèr við bætist enn fremur frá þingsins sjónarmiði, að tíminn er orðinn naumur, mörg áríðandi mál fyrir hendi, sem ekki má fresta, þar sem þetta mál virðist þola frest, þar það ekki hefir komið til þingsins fyr en nú. Með breytingu, er gjörð var eptir formlíkri bænarskrá úr Múlasýslu, er allt öðru máli að gegna, því það hafa opt áður komið bænarskrár um sama efni, og liggur einmitt í því vissan fyrir, að hèr sè um almennings ósk að tala. Eg vildi því, að máli þessu væri frestað til næsta þings, og vona að jafngóðir þingmenn og þeir, sem í nefndinni eru, ekki vili tefja hinn nauma tíma með því, að halda slíku máli fram til streytu, enda væri það má ske til að spilla málinu, því það er þess minni ástæða fyrir stjórnina til að taka málið til greina, sem það er lakara úr garði gjört að heiman, og frá þinginu, og þá er ef til vill spillt fyrir, svo beiðendur ekki geta komið með bænarskrá sama efnis til næsta þings. Eg vil því biðja hinn heiðraða *forseta,* að skjóta því til atkvæða þingsins, hvort mál þetta skuli ganga til ályktarumræðu eður ekki.

Stefán Eiríksson: Eg vildi nú feginn geta hjálpað upp á hinn háttvirta þingmann Reykjavíkur í þessu máli, því hann var mèr svo sèrlega geðþekkur í Papósmálinu; eg að vísu játa það, að eg er ekki persónulega kunnugur í Ísafjarðarsýslu, en mèr finnst, að eg ekki þurfi meiri upplýsínga, en fram eru komnar frá *framsögumanni,* nefndarálitinu, bænarskránni og þeim þingmönnum, sem þar eru kunnugir, til þess að eg geti með fullri sannfæringu greitt atkvæði í þessu máli; það er annars skrítin siður, og eg vil segja ósiður, þegar menn taka það fyrir, að fara að rengja bænarskrár,

sem þó er upplýst, að eru samdar á fundum, þegar menn, segi eg, fara að rengja þær af þeirri ástæðu, að ekki er nema einn maður undir, og ef menn fara að taka það fyrir, að innleiða slíkt, þá má af sömu ástæðu hrekja uppástúngu hvers einstaks þíngmanns; og vera nú við aðra umræðu að staglast á slíku, er ekki til annars en auka þínginu óbærilegan kostnað; menn ætti þá að gjöra það undir eins við fyrstu umræðu, en ekki nú að rísa upp á skekklunum, hver á fætur öðrum, upp úr sætum sínum, til að tala um formgalla; það var tekið fram í bænarskránni, minnir mig, þegar hún var lesin hèr á þíngi, að menn í Ísafjarðarsýslu væri þá á verstöðum sínum, þegar manntalsþíngin væri haldin, og því væri þau óhentug fyrir sýslubúa; það geta nú allir skilið, að Ísfirðíngum getur orðið það mjög óhagkvæmt, að yfirgefa verstöð sína, og sækja langa vegi á manntalsþíng, því, við það að missa einn einasta dag í góðri verstöð, geta þeir orðið fyrir margra dala tjóni, og miklu meiru tjóni, en þó þeir ætti að sækja þíng um sláttinn; en nefndin hefir nú farið svo hyggilega í þetta mál, að hún biður um að þíngin verði þar 10. júlí, og eptir sem venja er að byrja slátt á Íslandi, þá er það einmitt fyrir slátt. Þíngmaður Rangvellínga sagði, að þíngið gætti ekki sóma síns, ef það tæki þetta mál; þetta hefði hann nú átt að koma með fyr, en eg vil nú segja honum, að þíngið ekki gæti sóma síns, að vera nú við aðra umræðu að traðka málinu, og eg þori að fullyrða það, að þíngið heldur öllum sínum heiðri, þó það samþykki þetta mál, svo þíngmaðurinn má vera með því þess vegna; eg vona nú, að þíngmenn hafi skilið, að eg ætla að vera með nefndarálitinu.

Guðmundur Brandsson: Það er eitt, sem eg kann ekki við í niðurlagsatriðunum, og það er, að tíminn er miðaður við 10. júlí; eg kynni betur við, að það líktist frumvarpinu um þínghöld í Norður-Múlasýslu; þar er svo tekið til, að þau skuli byrja í júní- og júlímánuðum; eins vildi eg, að væri hagað í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum, því þá má hafa tillit til, hvað hentugt er í hverjum hreppi þessara sýslna, því eg ímynda mèr, að ekki standi eins á öllum þíngstöðunum, sem eg trúi að sè 8 eða fleiri í Ísafjarðarsýslu, hvað sem er í hinni. En ef eins er ástatt fyrir þeim öllum, þá geta þeir sjálfir valið hinn hentugasta tíma. Í þessa stefnu áskil eg mèr breytíngaratkvæði, og ætla að taka báðar sýslurnar undir eitt.

Framsögumaður: Eg hefi nú ekkert á móti uppástúngu þíng-

mannsins úr Gullbríngusýslu um, að breyta orðunum. En hitt er víst, að þar eru 13 hreppar, en ekki 8, og stendur alveg eins á í öllum, að verstöðvar eru langt í burt í öllum nema einum. Mèr þótti nú skrítin ástæða, þar sem 3 þíngmenn hafa sagt, að bænarskráin yrði ei tekin til greina, af því hún hefði ei komið til þíngsins nema einu sinni; en eg sè nú ekki, að hún yrði betur undirbúin, þó hún væri margtuggin í þíngið, og það er sýnt og sannað — nema ef þessir menn vilja rengja orð kunnugra manna — að þíngtíminn er óhentugur eptir öllum ástæðunum, og að fundurinn á Ísafirði var sóttur fjölmennt. Þó þíngmenn sè ei kunnugir, þá er það engi ástæða; þeir geta litið á kortið, og fengið ljósa hugmynd af því. Þíngmenn eru ekki skyldir að vera kunnugir um allt land; eg er ekki kunnugur austur á Papós, en þó get eg vel skilið, að ástæða er til að löggilda þar kauptún. Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður kom með þá athugasemd, að sýslumaður vissi ekkert um þetta; það getur vel verið; en Ísfirðíngar biðja fyrir sig, en ekki fyrir sýslumanninn, og eg verð āð telja það víst, að hann sè skyldugur að laga sig eptir þeim, en þeir ekki eptir honum. Þínghöld í Norður-Múlasýslu eru ekki 6. júní; hvernig fer með þínggjöld þar? Þar er nú líkt ástatt og beðið er um að verði í Ísafjarðarsýslu. Hvernig 13 mánuðir geta liðið, sem sýslumaðurinn þarf að bíða eptir gjöldunum, það skil eg eigi; sýslumaðurinn tekur, eptir því sem nú er, gjöldin í maímánuði; en eptir þessu á að taka þau í næsta júlímánuði, svo að biðin verður þá ekki nema í 2 mánuði. Ef sá, sem nú er sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, fær aðra sýslu til 6. júní næsta árs, fær hann gjöldin í næsta júlímánuði á eptir; þó ekki sè öll gjöld borguð þegar, þá er það engi ástæða, því þeir geta heimtað gjöldin; annað mál er það, þó þeir af góðsemi gefi mönnum borgunarfrest. Það er nú búið að margtaka það fram, að í Ísafjarðarsýslu geti menn í raun og veru alls ekki talað um sveitabændur; eg þekki ekki fjórðúng af hrepp, hvar sveitabændur lifi ei meir af sjávarafla, en sveitabúnaði. Þess vegna geta menn ekki talað um, að fá bænarskrá frá sveitabændum, þar sem engir sveitabændur eru til. Eg vil fastlega mæla á móti, að nú sè greidd atkvæði um, hvort málinu skuli vísast frá; þíngið getur fellt það við 3. umræðu, ef það vill.

Stefán Jónsson: Eg vildi feginn vera máli þessu hliðhollur, ef eg væri viss um, að þetta væri vili manna fyrir vestan; en það er eg alls eigi; hèr kom til þíngsins önnur bænarskrá frá sama

fundi, og þar voru fjarska margar undirskriptir undir, og þó var henni vísað frá, af því hún gat ekki eptir eðli sínu og efni átt undir aðgjörðir þingsins. En hvers vegna skrifuðu þessir mörgu menn, sem skrifuðu undir hana, ekki líka undir þessa, ef þeim hefir verið eins mikið um hana hugað? Mèr sýnist þetta lýsa því, að þeim hafi ekki verið eins annt um hana. Það kostar nú heldur ekki annað, að henni sè vísað frá núna, en að bíða til næsta þings, og fyrst þetta hefir átt sèr stað svo lengi hjá þeim með þinghöldin, þá geta þeir líklega beðið eins þangað til. Þessi óregla ætti annars að takast af, að bænarskrá komi til þingsins með einni undirskript, þegar það er um einstakleg mál, þess eðlis, sem ekki allir þekkja, og það verður hægast, að fyrirbyggja það með því, að þingið vísi einu sinni svo lagaðri bænarskrá frá; því það er mesta óregla, að fleygja svona bænarskrá inn á þingið, og á alls eigi, að eiga sèr stað, nema ef þingmaður vill sjálfur gjöra uppástúngu eða bænarskrá undir sínu nafni til þingsins; það er, álít eg, allt annað mál. Því þá er líklegt, að þingmaðurinn geti svo upplýst málið, sem nauðsynlegt er.

Forseti: Viðvíkjandi þessu formspursmáli um atkvæðagreiðsluna, skal eg taka það fram, að það er satt, sem *framsögumaður* sagði, að það stendur hvergi í alþingistilskip., að atkvæði megi greiða um, hvort máli skuli vísa frá ályktarumræðu; en það stendur, að atkvæði megi greiða um, hvort máli skuli vísa til nefndarinnar aptur, eða ekki.

Framsögumaður: Ef frágangurinn á nefndarálitinu er slæmur, þá má vísa því til nefndarinnar aptur. En það er annað, að greiða atkvæði um, hvort málinu skuli vísa frá ályktarumræðu eða ekki, og hvort því skuli vísast til nefndarinnar aptur eða ekki.

Forseti: Ef þingið á með að fella málið við ályktarumræðu, þá á það líka með það við undirbúníngsumræðu, ef engi veruleg breytíngaratkvæði hafa verið borin upp, til þess að styðja málið.

Framsögumaður: Ef þingið segir, að nefndarálitið sè svo ólögulega af hendi leyst, að því sè vísandi frá þess vegna, þá fellst eg á, að það vísi málinu til nefndarinnar, en nú hefi eg eigi heyrt neinar þess konar mótbárur. Eg vil svara hinum háttvirta þingmanni Eyfirðínga því einu, að mèr þykir það mjög illa farið, að hann skyldi ekki muna eptir, að stínga upp á þessari reglu, fyr en rètt núna undir þínglok. Eg hefði ekki neitt haft á móti þessari reglu, hefði verið byrjað á henni í þíngbyrjun, en mèr þykir

það undarlegt, að vilja fara að viðhafa hana núna, þegar þingið er bráðum á enda,

Indriði Gíslason: Hinn 3. konúngkjörni þingmaður hafði það á móti bænarskránni frá Ísafjarðarsýslu, að það stæði að eins eitt nafn undir henni, þar sem hin um Bolúngarvíkina væri með miklum fjölda undirskripta. En einmitt þetta, að fjöldi undirskripta er undir annari bænarskrá frá sama fundi og sama degi sýnir, að fundurinn hefir verið fjölmennur, eins og náttúrlegt er, þar sem fundurinn var haldinn nálægt verstöðunni í Bolúngarvík, því bændur áttu hægt með að sækja fund þann, sem var á Skululfjarðareyri. Þó sè liðið á þingtímann sýnist mèr, að málið eigi ekki að gjalda þess, úr því það einu sinni er komið inn á þingið. Hvers vegna var þá málið tekið inn á þingið, ef nú á að eyða því, þegar ekkert er fram komið, síðan inngangsumræðan fór fram, er geti spillt fyrir málinu? En úr því að málið var tekið inn á þingið, þá sè eg ekki betur, en að það sè rèttur þess, að það sè löglega meðhöndlað. Og þó að bænarskráin, sem var með mörgum undirskriptum, sè köllud óálitleg, og hún raunar var það nú, get eg ekki sèð, að það eigi að spilla fyrir annari, sem þó er álitleg, þó hún sè frá sömu sýslu.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það vissu allir, að eg var ekkert meðmæltur þessu máli við inngangsumræðuna, því mèr þótti það ekki svo mikils áríðandi í þetta sinn, og þingið hafa fengið nóg og annað meira áríðandi af hendi að leysa; en ekki óttast eg fyrir, að málið hafi ekki við næg sannindi að styðjast, því allir þingmennirnir, sem kunnugir eru þar vestra, mæla með því, og verð eg að trúa þeim, að þeir þekki og viti, hvernig á stendur, og það þykir mèr ný regla, ef að nú skal fara að ganga til atkvæða um það, hvort málið eigi að ganga til síðustu umræðu; eg held þá, að svo mætti gjöra um mörg mál, sem mótmælum mæta, og er þá ekki ætíð víst, hvernig færi um þau. Eg held það sè nú af mesti hampinn með þetta mál; það er búið að halda í því inngangsumræðu, kjósa nefnd, hún búin að starfa í því, og undirbúningsumræðan líklega á enda, og síðasta umræða þarf líklega ekki að vera löng, og má heita, að ekki sè annað eptir, en gefa atkvæði um þessi 2 atriði, og ef þau verða felld, þá geta Vestfirðingar rètt sig upp með bænarskrá til næsta þings; annars held eg, fyrst málinu var gaumur gefinn, að það sè lítil útlát fyrir þingið, að gjöra Vestfirðingum það til geðs, að biðja um þetta, og lítil útlát fyrir stjórnina að veita þeim það.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir það undarleg stefna, sem menn ætla að gefa þessu máli; þó meiningar manna væri skiptar um það, hvort taka skyldi bænarskrá þessa inn á þingið, hèlt eg ekki, að málið, úr því það var tekið, mundi fá allt annan gang en öll önnur mál. Allir vita, að það er alveg nauðsynlegt fyrir almenning, að hafa manntalsþing á hentugum tíma; það er opt, að menn kæra ýmislegt fyrir sýslumanni á þeim, og þurfa að fá hjá honum úrskurði á ýmsu og upplýsingar um ýmislegt, sem mönnum er áríðanda, og þegar þess vegna er búið að sýna, að tíminn sè óhentugur, eins og hann hefir verið, þá finnst mèr vera full nauðsyn á, að breyta honum. Eg sè enga ástæðu til þess, að vefengja þingmanninn úr Dalasýslu, sem sagði, að varaþingmaðurinn úr Ísafjarðarsýslu hefði skrifað sèr til, og beðið sig að styrkja þetta mál af því, að hann gæti ekki sjálfur komið á þingið. Mèr finnst það ólíklegt, að bænarskár muni koma til næsta þings í gagnstæða átt, þegar búið er að sýna, að allur þorri bænda í Ísafjarðarsýslu sè miklu meir sjávarbændur en sveitabændur. Mèr sýnist líka óþarfi, að fella nú málið, því að öllum líkindum þarf ályktarumræðan ekki að vera löng eða tefja þingið mikið. Breytingaratkvæði þingmannsins úr Gulibringusýslu sýnist mèr vera mjög heppilegt, og skal eg gjarna ganga inn á það.

Jón Pètursson: Það er orðinn misskilningur milli mín og *framsögumanns* um timann, sem eg ætla að reyna að upplýsa með dæmi. Eg set, ef uppástungan fengi framgang, að lagaboðið um það, að manntalsþing skuli halda í Ísafjarðarsýslu eptir 10. júlí, kæmi út í desemberm. 1861, og um sama bil væri sýslumanninum, sem nú er í Ísafjarðarsýslu veitt önnur sýsla; hann yrði nú að vera samt við sýsluna til 6. júní 1862, og þingar þar þá sjálfsagt í maímánuði 1862, því á þeim þingum lýsti hann fyrst lagaboðinu, og tekur öll gjöld af sýslunni fyrir það ár; á meðan er sýslan veitt öðrum, sem kemur þangað 6. júni 1862, eptir að búið er að halda þar manntalsþingin. Þessi nýi sýslumaður getur nú engar tekjur fengið af sýslunni, fyr en á manntalsþingum 1863, í júlímánuði, og verður þannig að bíða yfir 13 mánuði eptir tekjum sínum. En ef hann nú á þessu fardagaári 1862—1863 hefir fengið aðra sýslu, þá fer hann til hennar 6. júní 1863, áður en hann getur haldið manntalsþingin, og fær þannig alls engar tekjur af sýslunni fyrir heilt ár, sem hann hefir verið sýslumaður þar, því eptirmaður hans heldur manntalsþingin mánuði eptir, að hinn fer þaðan, en krefur ekki

gjöldin, því hann á þau ekki, nema ef hinn fráfarandi getur fengið hann til þess, sem þó mundi kosta nokkuð. Þetta er eins ljóst eins og að 1 og 2 eru 3. Eg vona að þingið þannig felli málið.

Jón Hjaltalín: Eg var fyrst á móti bænarskránni um þetta mál, en síðan hefi eg skilið það á ræðum manna, að bænarskráin sè frá fjölmennum fundi, og menn mega þess vegna álíta, að það sè almennings vili, sem þar er farið fram á, og þegar nú þessir menn, sem senda bænarskrána eru talsmannslausir eða þingmannslausir, þá sýnist mèr, að við eigum ekki að vera svo harðbrjósta, að ganga ekki inn á bænarskrána og uppfylla þá bæn, sem vèr eigum svo hægt með að veita; eg er líka af ræðum þingmanna orðinn sannfærður um, að vèr gjörum ekki öðrum pörtum landsins rangt til með því. Mèr sýnast líka mótbárur þingmanna vera lítilsverðar, því þetta »*ef að*“ „*ef að*“ getur gengið í það óendanlega. Mèr sýnist menn megi sjá, að menn eigi komist langt með því, heldur verða menn að taka málin, eins og þau liggja fyrir, og fara í þeim eptir því, sem hinir kunnugustu menn álíta rèttast og bezt.

Pètur Pètursson: Eg hefi heyrt, að sumir þingmenn efast um það, hvort það sè rètt form að ganga til atkvæða um það, hvort mál þetta skuli koma til ályktarumræðu, og af því eg er hræddur um, að sumir af þessum muni vera í móti málinu sjálfu, en muni sitja, þegar gengið væri til atkvæða um þetta, og þannig hjálpa málinu til, að komast til ályktarumræðu, þá ætla eg að taka þessa uppástúngu mína aptur, en ekki af því, að eg ekki sjálfur álíti það í alla staði formlegt, að leitað sè atkvæða um þetta.

Framsögumaður: Í 69. gr. alþingistilskipunarinnar stendur: ef þinginu virðist að málið, áður en það kemur til síðustu meðferðar á alþingi, þurfi ítarlegri skýrslu og umsýslunar við, má ályktun þegar gjörast því viðvíkjandi. Með þessu getur ei verið átt við annað, en vísa málinu aptur til nefndarinnar, ef það þykir ekki nægilega upplýst.

Forseti: Eptir niðurlaginu í 70. gr. 1. atr., samanborinni við niðurlag 64. gr., er það þó víst, að ganga má til atkvæða um það, hvort mál skuli ganga til ályktarumræðu eða ekki, en það kemur nú í þetta skipti ekki til mála, fyrst uppástúngan er tekin aptur, og engi hefir tekið hana upp, og málið gengur þá þann vanalega gang, og er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Því næst var upp lesin og samþykkt *bænarskrá til konúngs*

um þóknun fyrir nefndarstarfa við undirbúníng frumvarps til hjúa-, húsmanna- og lausamanna-laga, þannig hljóðandi:

Til konúngs.

»Til þessa alþíngis kom bænarskrá frá málaflutníngsmanni *Jóni Guðmundssyni* og yfirrèttardómara *Jóni Pèturssyni,* sem fer fram á það, að menn þessir fengi hæfilega þóknun fyrir þann starfa, er þeir höfðu við, að búa til frumvarp það um vinnuhjú, lausamenn og húsmenn, er stjórn yðar hátignar hafði lagt til grundvallar, og að miklu leyti farið eptir í frumvörpum þeim, er hún nú lagði fyrir þíngið í tèðum málefnum.

Þíngið kaus þriggja manna nefnd í málið, og ræddi það síðan á lögboðinn hátt á tveimur aðalfundum, og dirfist það nú þegnsamlegast að bera fram álit sitt fyrir yðar konúnglegu hátign og bænir á þessa leið:

Það er þínginu kunnugt, að *konúngsfulltrúinn,* sem var á alþíngi 1855 fól þessum mönnum, eptir að þeir, ásamt kanselíráði *Vilhjálmi Finsen*, voru kosnir í nefnd, til að semja jarðabókina nýju, samkvæmt konúngsúrskurði sama ár, — að semja frumvarp til nýrra hjúalaga hèr á landi, og að þeir þá sömdu um leið frumvarp til nýrra laga um lausamenn og húsmenn, þar þetta efni, eptir því, sem hèr á landi hagar til, má þykja í nánu sambandi við hið fyr nefnda.

Þíngið verður nú að álíta, að starf þetta hafi tekið upp mikinn tíma fyrir mönnum þessum, og verið mjög vandasamt, eins vel og frá því er gengið, því það hefir ekki verið vandalaust, að fara í gegnum öll eldri og nýrri lög, er að þessu efni lúta, breyta sumu og auka öðru nýju eptir því, sem álíta mætti að bezt ætti við landshagi og hugsunarhátt manna hèr, enda er auðsèð, að stjórn yðar hátignar hefir í flestum aðalatriðum þessara mála farið eptir frumvörpum og uppástúngum nefndarinnar, en þó stjórnin og alþíngi síðan hafi gjört nokkrar breytíngar hèr við, þá stendur þó grundvöllurinn allt að einu óhaggaður.

Með því þíngið nú veit, að menn þeir, sem kvaddir hafa verið af konúngi eða fulltrúa hans, í áþekkar nefndir, eins og til að mynda í skattalaganefndina 1846, og jarðamatsnefndina 1855, hafa fengið hæfilega borgun fyrir starfa sinn, þá verður þíngið að vera á þeirri meiníngu, að fyr nefndir menn eigi það skilið, að fá þóknun fyrir það, er þeir unnu að tèðum lagafrumvörpum; en þar sem

kanselíráð *Vilhjálmur Finsen* var einn samverkamaður þeirra, þá þótti þínginu sanngjarnt, að fara sama á leit fyrir hans hönd, enda þó hann nú væri erlendis, því þínginu var það ljóst, að hann, eins og hinir, hefði gjört sitt bezta til, að vinna að verki þessu; reyndar er þínginu ókunnugt um það, hvort hann hefir farið þess á leit, að fá nokkra borgun fyrir áminnst verk, og eins hitt, hvort hann hefir fengið hana; en skyldi nú svo vera, þá virðist þínginu, að þetta, sem hèr er farið fram á, geti ekki til hans náð. Að borgun þessi verði greidd úr ríkissjóðnum, verður þíngið að álíta það eðlilegasta, þegar athugað er, að starfi sá, er hèr ræðir um og tèðum mönnum var falinn að tilhlutun stjórnarinnar, nefnilega að búa til frá stofni og semja yfirgripsmikil lagafrumvörp, er sá starfi er stjórnarráðin sjálf eiga að leysa af hendi og almennt leysa af hendi, og treystir þíngið því, að þèr, allramildasti konúngur, leggið svo fyrir við stjórn yðar hátignar, að menn þessir fái áminnsta þóknun en með því þínginu virtist rèttara að segja álit sitt um það, hversu há hún ætti að vera, heldur en að hafa hana óákveðna, þá komst það til þeirrar niðurstöðu, að hún mætti ekki minni vera en 200 dalir til hvers þeirra; og vonar þíngið, að það þyki ekki of mikið, þegar litið er á erfiðleika þann og tímatöf, er verk þetta hlýtur að hafa haft í för með sèr, eins og áður er áminnst.

Af fyr töldum ástæðum leyfir þíngið sèr því þegnsamlegast með 16 atkv. gegn 1:

A, að láta það álit sitt í ljósi með 12 atkv. gegn 7:
Að þeir nefndarmenn, sem störfuðu að tilbúníngi frumvarpsins um vinnuhjú, lausamenn og húsmenn, fái hver um sig 200 dala þóknun úr ríkissjóðnum fyrir þann starfa sinn, og

B, allraþegnsamlegast að beiðast með 14 atkvæðum móti 7:
Að yðar hátign vili skipa svo fyrir, að áður nefndum mönnum verði veittir þessir 200 dalir hvorum, sem þóknun fyrir starfa þeirra við fyr tèð lagafrumvörp.

Reykjavík, 1. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. *Guðmundur Brandsson.*

Því næst gat *forseti* þess, að hann hefði fengið tilkynníngu frá nefndinni í stjórnarbótarmálinu um, að þingmaður Borgfirðínga væri í henni kosinn formaður og þingmaður Skagfirðínga skrifari,

og að í nefndinni um rafsegulþráð Shaffners ofursta væri þingmaður Borgfirðinga kosinn formaður.

Forseti gat þess enn fremur, að launabótanefndin hefði beðið sig, að tilkynna þingmönnum, að frumvarp um laun danskra embættismanna 28. jan. 1860 yrði lagt fram á lestrarsalinn kl. 8 e. m.

Ákvað *forseti* því næst verkefni til næsta fundar, hins 2. dags ágústmánaðar kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Þrítugasti fundur — 2. ágúst.

Allir á fundi nema þingmaður Húnvetninga, sem var alfarinn. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til *undirbúningsumræðu* málið *um að leggja alþingiskostnaðinn á jarðarhundruðin eptir hinni nýju jarðabók. Framsögumaður* er hinn heiðraði 4. konúngkjörni þingmaður.

Var nefndarálitið síðan afhent *framsögumanni,* er las það upp þannig hljóðanda:

»Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um þá uppástúngu alþingismanns Húnvetninga, að þingið sendi vorum allramildasta konúngi bæn sína um, að hann með nýju lagaboði allramildilegast vildi skipa svo fyrir, að þeir þrír fjórðu partar alþingistollsins, sem nú borgast eiga af fasteigninni, verði hèr eptir lagðir á jarðarhundruðin eptir hinni nýju jarðabók.

Vèr höfum nú íhugað málefni þetta vandlega með oss, en gátum eigi orðið með öllu á eitt sáttir, svo nefndin skiptist í tvo hluti. Urðum vèr, *Ólafur Jónsson, Arnljótur Ólafsson, Benedikt Sveinsson* og *Jón Pètursson* í meira hlutanum, en eg *Páll Sigurðsson* í hinum minna; skulum vèr nú, sem í meiri hlutanum erum, fyrst skýra þinginu frá áliti voru um málefni þetta.

Með opnu brèfi 18. júlí 1848 var svo skipað fyrir, að $^3/_4$ partar kostnaðar þess, er leiðir af alþingi, skyldi, þangað til öðruvísi yrði ákveðið, jafna niður á jarðirnar eptir afgjöldum þeirra; þar frá voru þó undanskildar jarðir þær, er til guðsþakka voru lagðar. Ákvörðun þessi var tekin eptir tillögum alþingis, því það virtist ógjöranda, að leggja þennan nýja toll á jarðirnar eptir hundraðatali

þeirra, þar gæði jarðanna ekki færi eptir hinum forna dýrleika þeirra, sem þá var eigi búið að breyta; samt var það viðurkennt, að tilhögun þessi mundi í útfærslunni verða mjög örðug og mörgum annmörkum bundin, og reynslan hefir fyllilega sannað þetta.

Það er fjarska fyrirhöfn, sem þessi gjaldtekja, *ekki að eins veldur hreppstjórum,* ef þeir vilja vanda verk sitt í þessu, þar sem þeir eiga að útvega og undirbúa ár hvert skýrslurnar um jarðaafgjöldin, *heldur einnig sýslumönnum og stiptamtmanni,* sem síðan eiga að rannsaka þær.

Auk þessa munu skýrslur þessar opt vera miður áreiðanlegar, því hreppstjórarnir munu vera misjafnir, sem eiga að undirbúa þær, og opt og tíðum eigi unnt fyrir sýslumanninn að komast eptir því, þó þær sè rangar, en við þetta skekkist allur grundvöllurinn fyrir skattgjaldi þessu, eins og það er líka nokkuð óviðkunnanlegt, að láta það ekki vera byggt á fastari grundvelli en þetta.

Enn fremur eru jarðagjöldin reiknuð út til penínga eptir verðlagsskrá þeirri, sem fallin er úr gildi, þegar þau eiga að lúkast landsdrottni, sem ollað getur því, að tollurinn í raun og veru leggist mjög misjafnt á jarðeigendurna, er endurgjalda eiga leiguliðunum tollinn, svo einn jarðeigandi getur til að mynda goldið 4 sk. af hverjum ríkisdal, sem afgjöldin af jörðum hans eru, en annar þar á móti 5 sk. Loksins veit engi, hvað jarðarafgjöldin af öllu landinu ár hvert eru mikil, sem alþíngistollurinn hvilir á, og þó allir trúi stiptamtmanninum fyrir því, að jafna tollinum rètt niður, og eigi hærri, en þörf gjörist í hvert skipti, þá getur þó engi láð mönnum það, þó þeir álíti ákjósanlegra, að gjöld þessi væri lögð á jarðirnar á þann hátt, að jarðeigendur betur gæti sèð, hvað tollurinn yrði af hverri jörð sinni, þegar þeir fengi að vita upphæð alþíngiskostnaðarins alls. Vèr fáum nú eigi betur sèð, en að allir fyr tèðir annmarkar falli burt, ef þeim hluta af tollinum, er hvílir á jarðeigninni yrði jafnað niður á jarðir þær, sem hann hvílir á, eptir hundraðatali því, er þær nú hafa fengið í hinni nýju jarðabók, sem nú er búið að löggilda. Þar að auki hefir auðsjáanlega verið ætlazt til þess í öndverðu, að alþíngistollinum eigi skyldi jafna niður á jarðirnar á þann hátt, sem segir fyrir í opnu brèfi 18. júlí 1848, lengur en nauðsynlegt væri, og hið nýja jarðamat væri að komast í kríng; en þegar það væri komið á, skyldi jafna honum niður eptir því. Loksins virðist ekkert eðlilegra, en að það einnig sè látið vera grundvöllurinn fyrir þessum tolli, eins og fyrir öllum

öðrum tollum, er á jarðaeignina leggjast, og það því fremur, sem jarðartíundinni, er var orðin eldgamall skattur, og hvíldi á jörðunum eptir hinni gömlu hundraðatölu, einnig nú hefir verið breytt eptir hinu nýja jarðamati. En þó vèr nú þannig álítum, að þeim hluta alþíngistollsins, sem hvílir á jarðagózinu, eigi að jafna niður á jarðirnar eptir hinu nýja jarðamati, þá má þó þetta eigi ske, nema því að eins, að á þeim jörðum eður eignum, sem prestsmata hvílir á, eða annar sèrskildur tollur til hins opinbera, sè tekin frá nokkur hundruð, er alþíngistollurinn ekki leggist á, og þegar menn gæta að því, að 20 hndr. jarðir byggjast vanalega með 1 hndr. landskuld, svara hverjar 10 al. af prestsmötunni eður tollum þessum hèr um bil til þess, að vera afgjald af 1½hndr., og sem því ætti að vera undanþegin alþíngistolli.

Að vísu kom það til umtals i nefndinni, hvort ekki mundi rèttara, að þíngið beiddist þess, að alþíngistollsskyldan væri lögð á allt jarðagóz í landinu, nema lènsjarðir presta [og annara embættismanna, því bæði gæti orðið misskilníngi undirorpið, hverjar jarðir væri til guðsþakka lagðar, og væri því undanskildar alþíngistollsgjaldinu, og kynni í þessu tilliti sinni reglunni að vera fylgt á hverjum staðnum, og líka er nú þessari reglu ekki lengur stranglega fylgt í löggjöfinni, þar sem alþíngistollurinn nú aptur hefir verið lagður á bændakirkjujarðir, nema hvað prestsmötuna snertir, sem þá mega allt eins vel kallast að vera lagðar til guðsþakka, sem margar þær jarðir, er hreppar eiga og fleiri, sem alþíngistollurinn ekki hvílir á. Þar að auki er það auðsèn hlutur, að byggja má jarðir þær dýrara, sem alþíngistollurinn ekki hvílir á, en þær, sem honum eru háðar; en þetta veldur bæði nýjum ójöfnuði millum jarðagózins, sem þó ekki er ákjósanlegur, og líka verður afleiðíngin af því með tímanum auðsjáanlega ekki einúngis sú, að vernda stofnanir þær, er jarðir þær eiga, sem lausar eru við alþíngistollinn, fyrir rýrnun í tekjum þeirra, heldur einnig til að auka tekjur þeirra um annað eins, sem alþíngistollurinn nemur. En þrátt fyrir þetta vildi þó nefndin ekki stínga upp á því, að þíngið nú í þessu efni gengi út fyrir uppástúnguna.

Af fyr tèðum ástæðum leyfir meiri hluti nefndarinnar sèr því, að stínga upp á því, að þíngið sendi konúngi vorum þegnsamlega bænarskrá um það, að sá hluti alþíngistollsins, sem lögin fyrirskipa að borgast eigi af fasteigninni, verði jafnaður niður á jarðir þessar eptir því hundraðatali, sem þær nú hafa í hinni nýju jarðabók,

þó svo, að á jörðum þeim, sem prestsmata hvílir á, eða annar því um líkur sèrskildur tollur til hins opinbera, dragist frá hundraðatalinu, 1½ hndr. fyrir hverjar 10 álnir, sem tollur þessi nemur, er af jörðunni er goldinn, og að þessi hundruð sè laus við alþíngisgjaldið.

Reykjavík, 27. júlí 1861.

Ólafur Jónsson, formaður. *Arnljótur Ólafsson,* skrifari. *Benedikt Sveinsson.* *Jón Pètursson,* framsögumaður.

Með tilliti til míns ágreiníngsálits *Páll Sigurðsson.*

Eg undirskrifaður get ekki fallizt á skoðun minna heiðruðu meðnefndarmanna um mál þetta, og færi eg þar til eptirfylgjandi ástæður:

Það er bæði þínginu og allri þjóðinni kunnugt, hversu að þau nýju jarðarhundruð standa nú langt frá því, að vera í nokkrum innbyrðis jöfnuði móti gæðum; þetta hefir verið tekið svo ljóslega fram á nokkrum undanfarandi þíngum, að eg þarf ekki að fara mörgum orðum þar um. Á þínginu 1859 urðu þeir, er mest mæltu fram með löggildíngu þessa jarðamats, þó að viðurkenna þær stórkostlegu ójöfnur, er á því væri, einkum milli sýslna og amta, og af þeim ástæðum rèð þíngið til, að fresta löggildíng þess, og reyna til áður, að lagfæra stórkostlegustu ójöfnurnar; en stjórnin hefir nú hafnað þessum tillögum þíngsins, og látið löggilda jarðabók þessa óbreytta; en þær ójöfnur, sem voru á henni þá, hljóta því að vera á henni enn; það verður þíngið að viðurkenna, vili það vera sjálfu sèr samkvæmt.

Meiri hlutinn telur það helztu ástæðu til að umflytja gjald þetta, að hægra veiti að krefja tollinn svo, en hreppstjórum veiti mjög örðugt að semja þær skýrslur nú, eptir hverjum tollur þessi á að útreiknast. Að hægra kunni að vera að innkalla toll þennan, eins og meiri hlutinn stíngur upp á, því verður ekki neitað, að satt sè, þar sem eru ískyldulausar bændaeignir, en af bændakirkjujörðum álít eg ísjárverða uppástúngu meira hlutans, því það er mèr kunnugt, að afgjaldið allt af kirkjujörðum, með prestsmötu meðtaldri, er sumstaðar langt frá að standa í því hlutfalli, að hverjar 10 álnir svari til 1½ *al* úr jörðinni, og þar sem þetta á sèr stað, má búast við, að upp komi þrætur, hvort prestsmatan sè rèttilega undan þegin alþíngistollinum, og hvorki meira eða minna af jarðeign þessari. En að hreppstjórum veiti örðugt, að búa til skýrslur yfir al-

þingistollinn, þá er mèr kunnugt, að þeim veitir það miklu hægra nú en fyrst, eptir að lagaboðið frá 18. júlí 1848 kom út, því bæði eru þeir nú verkinu vanari, og svo liggur skýrslan hjá þeim yfir öll jarðagjöld í hrepp hverjum, er alþingisgjaldið hvílir á, og sem ekki þarf að breyta að öðru; en þar sem leigumáli breytist við ábúanda skipti, eða svo leiðis að reikna svo út verðlagið á gjaldaurum þessum, eptir hvers árs verðlagsskrá; en þó skýrslur þessar sè ekki reglulegar eða komnar á rèttan stað nógu tímanlega eða reikníngar auglýstir, er ekki löggjöfinni að kenna, heldur sljóu eptirliti og aðhaldi embættisfærslunnar.

Alþýða hefir heldur ekki fundið að tollgreiðslu þessari að öðru en því, að hann væri lagður á of fáa gjaldstofna, því þar alþingið ætti að vera til góðs fyrir allar stèttir landsins, þá væri líka sanngjarnt, að allir tæki þátt í kostnaði þeim, er þingið hefði í för með sèr; en þetta er ekki grundvallarregla meiri hlutans, heldur einasta að færa toll þennan af stofni þeim, sem er verulegur, af gjöldunum, yfir á annan, sem er viðurkennt að sè ramskakkur, þau nýju jarðarhundruð. Eg verð því að álíta, að þingið ætti að fresta þessu máli nú, þar til þjóðin er búin að fá nokkra reynslu, hvort henni sýnist þá vera hagkvæmt, að miða opinber gjöld við þessi nú löggiltu jarðarhundruð, að meira eða minna hluta, og þá fyrst álít eg tíma kominn til að taka fyrir þetta alþingistollsmál í heild sinni, til að yfirvega, hvernig því bæri að jafna niður sanngjarnlegast á landið. Af hèr töldum ástæðum leyfi eg mèr, að ráða alþingi frá:

Að rita konúngi nokkra bænarskrá um þetta efni að þessu sinni.

Reykjavík, 28. júlí 1861.

Páll Sigurðsson.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Eg ætla ekki að sinni að mæla frekar fram með máli þessu, en nefndarálitið gjörir; en vona að eins, að þingið samþykki meira hluta nefndarinnar. Mèr sýnist það undarlegt, að hafa 2 máta til þess að reikna út eptir tolla þá, er á jarðirnar leggjast, og sýnist mèr, að annaðhvort ætti allir tollar þessir að útreiknast eptir jarðahundruðunum eða eptir afgjaldinu. Tilgangurinn með hinni nýju jarðabók, að minnsta kosti eptir meiníngu stjórnarinnar, er sá, að leggja þessa tolla, er á jarðagózinu liggja, á það eptir hundraðatölunni í hinni nýju jarðabók; en stjórnin hefir lýst því yfir, að hún ætli að bíða með, að gjöra breytíngu á þeim gjaldmáta, sem nú er á alþingistollinum, að því

leyti hann liggur á jarðagózinu, þangað til hún fær bendíngar þar um frá þínginu, en þá vili hún og gjöra það, og leggja hann á eptir hinu nýja hundraðatali. Og mèr sýnist því síður ástæða til, að halda þeirri reglu, að alþíngistollurinn leggist á eptir jarðaafgjöldunum, sem þíngið 1859 óskaði, að tíundin yrði goldin eptir hundraðatölu hinnar nýju jarðabókar, og er þó það gjald eldra en alþíngistollurinn, og var orðinn fastur tollur á jörðunum, sem í margar aldir hafði haft áhrif á gangverð jarðanna í kaupum og sölum.

Guðmundur Brandsson: Það var tvennt í nefndaráliti meira hlutans, sem eg ekki skildi, og sem eg óska, að *framsögumaður* vildi upplýsa betur; þar er sagt, að sumstaðar leggist 4 sk., og sumstaðar 5 sk. á hvern dal af jarðaafgjaldinu (*Framsögumaður:* Nei!) eða að megi leggja (*Framsögumaður:* Ekki heldur). Eg verð þá að fá það betur skýrt, hver meiníngin er. Hitt, sem þar stendur er það, að jarðeigendur megi byggja dýrar þær jarðir, sem alþíngistollur er ekki á; þetta get eg ekki skilið, því landsdrottinn á að gjalda alþíngistollinn, nema ef hann á móti lögunum má slengja þessu gjaldi yfir á leiguliðann; þetta er alveg ósamkvæmt lögunum; það hefir verið tekið fram sem sterkasta ástæðan fyrir þessari breytíngu á gjaldmáta alþíngistollsins, að með því fengist meiri vissa fyrir, að gjaldið væri rètt heimt, og að það yrði þá hægra að leggja gjaldið á. En óvissan er ekki minni með lausafèð, heldur en verið hefir. Menn geta að sönnu gizkað á, hversu mikið eigi að leggja á lausafjártíundina á öllu landinu, þegar menn vita, á hvað mörg jarðarhundruð að tollur þessi verður lagður, og hvað margir skildíngar á hvert hundrað; en eg held, að margir viti nú ekki, hvað mörg hundruð eru undanþegin þessu tollgjaldi, og þá kemur sama óvissan fram, svo að það, sem menn fá upp úr þessu, er vissa í öðru, en óvissa í hinu, og það er það, sem eg finn að þessari uppástúngu; þar að auki er það, að hún lýsir mistrú til embættismannanna, að þeir ekki leggi alþíngistollinn rètt á; en þess er nú óþarfi, þar sem sú mistryggíng getur horfið, þegar þeim nú er skipað að auglýsa opinberlega á prenti alla opinbera reiknínga, því þar undir skil eg líka alþíngistollinn. Minni hluti nefndarinnar vill bíða, þangað til alþíngistollsgjaldinu yrði hreift í heild sinni, og gjaldi þessu yrði, samkvæmt ósk alþýðu, dreift yfir á fleiri gjaldstofna; vèr höfum lengur búið við gjaldmáta þann, sem nú er á tolli þessum, en þó vèr þyrftum að

bíða, þangað til vèr höfum heyrt, hver vili landsmanna er í þessu efni, þá sýnist mèr að vèr getum vel gjört það. Í gær var það haft á móti einu máli, að það stæði að eins eitt nafn undir bænarskrá þeirri, sem málið var byggt á; hèr stendur nokkuð líkt á, þar sem uppástúnga þessi ekki er nema frá einum þingmanni, svo af þessu verður ekki ráðið, hvort þetta er þjóðarvili eða ekki. 1849 var talað um, að leggja alþingistollsgjaldið á fleiri gjaldstofna, og samþykkti þingið, að það skyldi verða lagt á timburhús; en stjórnin samþykkti það ekki, en af hvaða ástæðum hún ekki gjörði það, það er mèr ókunnugt.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg vil taka það betur fram, sem sessunautur minn nú sagði, að sá höfuðkostur, sem átti að vera við þessa uppástúngu, er nú algjörlega horfinn; það átti að verða allt ljósara fyrir gjaldendur, hvort þeim væri gjört rètt, ef gjaldið lægi á jarðahundruðunum, þar jarðabókin sýni mönnum hundraðafjöldann á landinu, og upphæðina á alþingiskostnaðinum árlega geti menn fengið að vita; en þegar draga skal frá allar prestsmötur, þá held eg, að smábúrarnir verði ófróðir í þeim reikníngi, og hverir af þeim eru það, sem vita, hvað mörg jarðarhundruð það eru, sem eru nú undanþegin alþingisgjaldinu; það fer líka fjarri, að hverjar 10 álnir úr prestsmötunni samsvari $1\frac{1}{2}$ hundraði í hverri þeirri jörð, sem kvöð þessi liggur á. Að breytíng þessi verði lèttir fyrir hreppstjóra, held eg sè nú minnst í varið, því mesti örðugleikinn í þessu efni er búinn, því afgjaldabók er komin í hverri sveit, hvar í öll jarðagjöldin standa skrifuð, nema rètt að leiðrètta á ári það litla, sem við ábúanda skipti kann að breytast á 2 til 3 býlum; á sýslumönnunum eða stiptamtmanninum held eg ekki þurfi að lètta, því eg held það sè hægðarverk fyrir þá, að taka við afgjaldaskránum með sinni rikisdalatölu frá eiðsvörnum hreppstjórunum, sem eptir reglunni senda þær fyrir hver árslok. Eg sè ekki þann ávinníng við breytíngu þessa, að vert sè að fara að ónáða stjórnina, og biðja um, að fá bilt gjaldi þessu á annan gjaldstofn, sem ekkert er hentugri, nema miður sè, rètt áður en kann ske verður farið að haga gjaldi þessu öðruvísi, og leggja það á fleiri gjaldstofna; samkvæmt sanngirni og því, sem áður hefir verið ráðgjört, þá þarf að taka málið fyrir í heild sinni, og getur það spillt, að hafa verið að biðja um óþarft lagaboð í sama málinu árinu áður; eins og þingmaðurinn frá Gullbríngusýslu skil eg heldur ekkert í því, sem nefndarálitið segir, að sumir jarðeigendur

verði á sama ári að gjalda 5 sk. af rd., en sumir 4 sk.; *framsögumaður* verður að leggja mèr það betur út. En þó skil eg hitt síður, sem nefndarálitið segir, að þær jarðir, sem undanþegnar sè alþingisgjaldinu megi byggja dýrara, nema það sè meiníng *framsögumanns,* að með þessari breytíngu skuli kasta þessu alþingisgjaldi af landsdrottnum niður á fátæka leiguliða alþýðu, og prestum sè með þessari aðvörun gefin bendíng til, að seta upp skuldirnar á lènsjörðunum, svo sama kúgun komist líka á þá, svo þeir sleppi ekki heldur; kann ske *framsögumaður* geti komið þessari flugu í munn þínginu, að biðja konúnginn um svo sómasamlegt lagaboð.

Magnús Andrèsson: Mèr geðjaðist ekki að uppástúngu þessari, þegar hún var borin hèr upp á þínginu, því eg áleit bæði, að hún væri óþörf og að hún kæmi of snemma. Það hefir verið sagt, að jarðabókin sè komin í kríng; en mèr sýnist hún ekki vera það, meðan löggildíng hennar er ekki birt alþýðu, og sá tími ekki kominn, sem stjórnin tiltekur að hún skuli ná lagagildi, og þar sem stjórnin tók fram í því sama lagaboði, sem löggildir bókina, að þessi tollur skyldi greiðast, eins og verið hefði, finnst mèr ei ástæða til, að fara fram á annað. Það getur verið, eins og *framsögumaður* tók fram, að stjórnin ætlist til, að þíngið stíngi upp á þessari breytíngu (*Framsögumaður:* Það stendur í ástæðunum). Það getur verið; en þetta, sem hèr liggur fyrir, er hvorki heilt nè hálft; ef breytt væri gjaldmáta alþíngistollsins á annað borð, ætti að hafa tillit til þess, sem vakir fyrir öllum landsmönnum, að hann eigi að leggjast á allt jarðagózið, eða má ske fleiri gjaldstofna, og því vildi eg, að þessu væri ekki hreift, fyr en málið væri tekið fyrir í heild sinni. Það hefir verið sagt, að þessi gjaldmáti væri hægri, og það kann að virðast svo í fljótu bragði, en áður en búið er að koma þessu í verk, er eg hræddur um, að einhver ruglíngur verði á gjaldmáta þessum, ekki síður en þeim, sem nú er við hafður; því þó menn hafi þetta nýja hundraðatal, þá eru samt ekki allfáar jarðir, sem ekkert hundraðatal er á. Í þykkvabænum í Rangárvallasýslu eru t. d. 32 býli, sem ekkert nýtt hundraðatal er á, og þó þau hafi gamalt hundraðatal, er það ekki áreiðanlegt, því sum af þeim hafa vesnað, og sum batnað, síðan að það var gjört, og eru nú orðin ýmsra manna eign. Öll þessi býli eru tíunduð, og væri betra, að undirbúníngur sá, sem hèr þarf með, væri um garð genginn áður en farið er að leggja fleiri gjöld á þau eptir hundraðatali.

Í *Járngerðarstaðatorfunni* hèrna í Gullbríngusýslu eru 10 býli, og í Krísivík 8 býli, og er á engu þeirra til hvorki gamalt nè nýtt hundraðatal, og engi tíund af þeim goldin, því þær jarðir voru Skálholtsstólseign, og hafa því tíundarfrelsi, svo eg öfunda ekki sýslumann af, að taka alþíngistollinn af þessum jörðum eptir jarðahundruðunum; eg er hræddur um, að það yrði ruglíngssamt, og væri því bezt að bíða, þangað til búið væri, að meta hundraðatöluna á þeim jörðum, sem ekkert hundraðatal er til á. Þó menn dragi $1\frac{1}{2}$ hundrað af hverri jörð, fyrir hverjum 10 ál. af prestsmötunni, eins og meiri hluti nefndarinnar stíngur upp á, þá er eg hræddur um, að engi jöfnuður verði úr því, því að það yrði sumstaðar of mikið og sumstaðar of lítið; eg hefi veitt því nokkra eptirtekt, þar sem eg til þekki; mèr sýnist því, að menn ætti að bíða með, að biðja um að leggja þennan toll á þau nýju jarðahundruð. Mèr er það ókunnugt, hver nefndin ætlast til að jafni tolli þessum niður, hvort það er stiptamtmaður eða sýslumenn, sem eiga að gjöra það; en hvort sem er, er ekki auðhlaupið að því fyrir þá, eptir hinni nýju jarðabók, því það stendur hvergi í henni, hvaða jarðir lagðar sè til guðsþakka, og hverjar ekki, og gæti því komizt ruglíngur á gjaldið eptir þessum máta. Það hefir verið sagt, að alþíngistollsskýrslurnar væri svo óáreiðanlegar og skakkar; en eg veit ekki til þess, að þær sè eins slæmar og sagt hefir verið; eg hefi í nokkur undanfarin ár samið þær fyrir hreppstjóra í minni sveit, og er mèr því kunnugt, að þetta er ekki annað eins vandaverk, og látið er. Eg verð líka að álíta afgjöldin áreiðanlegri og hæfilegri gjaldstofn, en jarðahundruðin, því jarðaafgjöldin eru þó nokkuð verulegt, en ef til vill ekki hundruðin, og finnst mèr tilhlýðilegra að greiða af því, sem er, en af því, sem ekkert er.

Framsögumaður: Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að í áliti meira hlutans stæði, að megi leggja 4 sk. á einn, en 5 sk. á annan; en það er ekki sagt þar, heldur er meiníng þess, sem þar er sagt, að það heiti svo, sem jafnt eigi að gjalda af hverjum ríkisdal, en í útfærslunni verður það misjafnt, og skal eg taka dæmi upp á það. Skýrslur hreppstjóra til alþíngistollsins haustið 1860 voru byggðar á þá gildandi verðlagsskrá, er gilti frá miðjum mai 1860 til miðs mai 1861, en sú verðlagsskrá var byggð á almennu gangverði, er var frá miðjum október 1858 til miðs októbers 1859. Setjum nú tvær jarðir; af annari eru goldnir 8 fjórð. smjörs, en af hinni 8 fjórð. í ull, og meðalgangverð á smjörinu frá miðjum október

1858 til miðs októbers 1859, 16 sk. pnd., en á ullinni 24 sk., og þessu samkvæmt hefði verðið verið á þessum tveimur landaurum í verðlagsskránni frá miðjum mai 1860 til miðs mai 1861; í skýrslu hreppstjóra haustið 1860 hefði því landskuldin af annari jörðinni verið reiknað 13 rd. 32 sk., en hinni 20 rd. Hefði nú stiptamtmaður 1860 jafnað niður í alþingistollinn 4 sk. af hverjum ríkisdal, er jarðaafgjöldin væri, hefði leiguliðarnir á jörðum þessum greitt í alþingistoll, annar 53 sk., en hinn 80 sk.; nú skyldi verðlagið í hinni nýju verðlagsskrá, er gilda ætti frá miðjum mai 1861 til miðs mai 1862, vera óbreytt á smjörinu, en ullin hafa fallið ofan í 20 sk.; þá fengi nú landsdrottnarnir eptir þessari verðlagsskrá í fardögum 1861 eptir jarðir þessar, annar 13 rd. 32 sk., þar af ætti hann að endurgjalda leiguliða þá 53 sk., er leiguliði hafði goldið í alþingistoll fyrir hann, og sem svarar 4 sk. af hverjum ríkisdal, en hinn 16 rd. 64 sk., og þar af ætti hann að endurgjalda leiguliða sínum 80 sk. í alþingistoll, er svarar 5 sk. af hverjum ríkisdal, er hann fær. Ójöfnuðurinn getur orðið langtum meiri en þetta; því vörutegundirnar geta á hálfu öðru ári stigið og fallið langtum meira í verði, en hèr er tilgreint. Það er reyndar ekki hægt að gjöra þeim þetta skiljanlegt, sem ekki kunna reikníng, þó það sýnist ljóst; eg veit og að þeir, sem ekki eru lægnir á reikníng skilja þetta og því um líkt, er reikníng áhrærir, ekki á svipstundu, og vil eg því ráða þingmönnum, að þeir, þegar eitthvað það stendur í álitsskjölum nefndanna, sem reikníngskunnátta krefur, að hugsa um það, áður þeir koma inn í þingsalinn; þeir geta má ske betur komizt út úr því heima hjá sèr, og það er betra fyrir þá, en segjast ekki skilja það, þegar þeir koma á þingið; en eg tók þetta dæmi, til þess að skýra með því það, sem nefndin sagði, og það gæti sèzt af alþingistíðindunum. Að leggja gjald þetta yfir á fleiri gjaldstofna, upp á því stakk nefndin ekki, af því hún áleit það ekki vera sitt ætlunarverk. Að landsdrottinn leggi þetta gjald á leiguliða, er alveg rètt og leyfilegt, þegar svo er um samið þeirra á milli; því allir samníngar eru leyfilegir, sem ekki ganga út á neitt ósæmilegt eður sem lögin banna. Menn verða að gjöra mun á tvenns konar lögum, þeim útskýrandi og þeim bjóðandi; lögin segja í báðum þessum tilfellum: *skal* eða *má;* lög um samninga eru sem optast skýrandi eður segja, hver skuli álítast að hafa verið meining eður vili hlutaðeiganda, ef þeir eigi hafa gefið til vitundar samkomulag eður vilja sinn á annan hátt, en þá að eins bjóðandi, ef þau banna

samníngínn eður samkomulagið; og svona er það í fleirum viðskiptum manna; það væri gaman að vita, hvernig þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu og þíngmaður Mýramanna álíta, að erfðir skuli vera, þegar þær ekki eiga að ganga í niðurstígandi línu. Lögin segja, að þá *skuli* erfðir ganga í uppstígandi eður síðulínu; en þó má maður þá gefa allt, er hann eptirlætur sèr, burt, ef hann vill, með testamenti. Þarna eru því lögin útskýrandi um síðulínu, og segja einúngis, hvernig fara skuli, þegar ekki er gjört testamenti, en þar á móti eru þau bjóðandi um erfðarètt hinnar niðurstígandi línu, því þá má maður ekki *testamentera* burt allar eigur sínar, því niðjar manna eiga þá að erfa. Menn mega þannig ekki hneykslast á því, þó lögin segi, að landsdrottinn eigi að endurgjalda alþíngistollinn leiguliða, því honum er að eins uppálagt það, ef engi annar samníngur er þar um gjörður millum þeirra. Það gildir fullkomlega hið sama um þetta tilfelli, sem um jarðartíundina. Lögin segja, að hver skuli lúka tíund af því, sem hann á, bæði í föstu og lausu; en aptur segja þau, að maður á heimting á jarðartíundinni af þeim, sem á jörðu býr; þessar setníngar tvær verða ekki samrýmdar öðruvísi en svo, að leiguliði á að borga tíundina af jörð sinni, en hefir aptur aðganginn með, að fá hana sèr endurgoldna af eiganda. En um þetta, hvort eigandi skyldi endurgjalda leiguliða hana, hafa menn einkægt álitið, að þeim stæði frjálst fyrir að semja um; og þess vegna er það opt í gömlum byggíngarbrèfum áskilið, að leiguliði skuli borga tíundina án alls endurgjalds af húsbónda, en ef það ekki er áskilið, þá á landsdrottinn að endurgjalda hana. Þetta er reyndar málinu óviðkomandi, en eg hefi orðið að fara út í það, af því að það var haft sem ástæða á móti nefndarálitinu. Um það, hve hægt sè að búa til þessar afgjaldaskýrslur eru menn ekki á sama máli, og játa flestir, sem því eru vel kunnugir, að það sè ekki hægt verk fyrir hreppstjóra, og þíngmaður Árnesínga játaði, að hann hefði búið þær til fyrir hreppstjórann sinn, og hefir þá hreppstjórinn líklega ekki getað það sjálfur; það er ekki heldur auðhlaupið að því fyrir bændur. Meðan eg var sýslumaður, fèkk eg góðar skýrslur fyrsta árið frá einum hreppstjóra, því hann naut aðstoðar góðs manns; árið eptir sendi hann mèr líka skýrslur sínar, og gætti eg ekki lengi vel að þeim, af því þær voru svo góðar frá honum fyrra árið; en þegar eg undir þíngin fór að gæta að þeim, voru þær alveg eins og fyrra árið, og allt reiknað út eptir sama kapítalstaxta;

og er eg hræddur um, að þetta muni viðgangast víðar, nema höfð sè því meiri gát á skýrslunum af sýslumönnum. Það hefir verið sagt, að það væri almenn ósk landsmanna, að gjald þetta verði lagt yfir á fleiri gjaldstofna, og segja menn, að það sè óþarfi, að biðja um þetta nú þegar vegna þess, að það muni koma til næsta þings bænir um, að gjaldinu verði jafnað niður á fleiri gjaldstofna. En mèr þykir skrítið, að ef þetta er almenn ósk landsmanna, skuli ekki vera komin nein bænarskrá um það til þingsins; eg held því, að þetta sè fremur spádómur en að menn viti það, að það sè svo. Eg get ekki sèð, að það sè vissara að byggja gjald þetta á afgjöldunum en jarðahundruðunum, þar sem búið er að sýna, að afgjaldaskýrslurnar sè ekki áreiðanlegar Meiri hluti þingsins áleit 1859, að ætti að löggilda jarðabókina til þess, að gjöld yrði lögð á eptir hundraðatali hennar; ef menn nú vilja hafa, að öll gjöld skuli leggja á afgjöld jarðanna, þá er þó jarðamatið og löggilding þess til einskis, og því bað þá þingið um, að það yrði löggilt? Mèr sýnist bezt, að öll gjöld þau, sem á jarðagózinu liggja, sè goldin eptir sömu reglu, og fyrst nú nýja jarðamatið er orðið löggilt, þá sýnist mèr rèttast, að farið sè eptir því; því það á að vera ein og sama regla fyrir alla tolla af jörðunum.

Guðmundur Brandsson: Það væri má ske ókurteysi af mèr, ef eg ekki þakkaði *framsögumanni* hans löngu skýringar; en eg vil ekki segja, að þær hafi verið góðar, því reikningsdæmi hans mátti vera helmingi styttra, og svo hefði átt að burtkasta hinu af því, sem þá var eptir, eða með öðrum orðum: reikningsdæmi hans sannaði ekkert það, sem eg vissi ekki áður; það er engi, sem fæst við að semja slíkar skýrslur, sem ekki veit, að ef reiknað er eptir ýmsum verðlagsskrám á sama árinu, þá verða skyrslurnar vitlausar, en hann átti eptir að sanna, að þær hefði verið útreiknaðar þannig, svo hann hefir eiginlega ekki sannað neitt með sínu langa dæmi. Ef gallar eru á skýrslunum, eiga sýslumenn að leiðrètta þá (*Framsögumaður:* Það fyrra misskilningur). Ef það er löglegt, að alþingistollurinn gangi frá landsdrottnum yfir á leiguliða, þá mætti má ske fara eins með öll önnur gjöld, og opnaðist þá nýr vegur fyrir þau og margan ójöfnuð, sem þar af mundi leiða. (Þar eð *framsögumaður* greip æði opt fram í, mælti *Forseti:* Eg verð að biðja þingmenn að taka eigi svo opt fram í ræður þingmanna; það er rètt eins og hèr sè einlægt mögl á þinginu). *Framsögumaður* sagði, að tíund væri nú gengin yfir á leiguliðana, en

hann vantaði að sanna, að það hefði ekki lètt á afgjaldinu, sem áður var á jörðunum; það sem hann sagði, sannar einúngis að það má fara í kríngum lögin, þau verða trauðla svo til búin, að sumir geti það ekki; en eg veit ekki til hvers lög eru, ef þannig má draga þau á hárinu. Í nefndarálitinu er farið fram á, að eins og tíund á að taka af jardahundruðunum, eins eigi að taka önnur gjöld af þeim; þá er þó nokkur munur á því, því að tíund er engi tekjuskattur, heldur eins konar nafnverð; en alþíngistollurinn er alltaf lagður á vissar tekjur, nefnilega jarðaafgjöldin; það er líka valt með þessi jarðahundruð, því það getur verið, að í þessi 20 ár, sem jarðamatið mun eiga að standa óhaggað, að einhver jörðin ekki byggist eða leggist í eyði, en alltaf er sama hundraðatala á þeim, og af því á að gjalda, þó að jörðin sè ónýt og gagnslaus; en ef jarðir ganga úr sèr lækkar afgjaldið og hækkar má ske eins, ef jörðin batnar, og er þess vegna talsvert meiri jöfnuður í því, að borga alþíngistollinn eptir jarðarafgjaldinu heldur en eptir hundraðatalinu.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það er nú ekki með lögum ákveðið, að leiguliðar tíundi ábýli sín, heldur orðin venja, líklegast fyrir ágengni ágjarnra og hardráðra jarðeiganda, og til þess sama munu refarnir vera skornir með skilmála þessa, er sumir landsdrottar eru farnir að setja, að hefð geti komizt á þá móti lögum, að leiguliðarnir greiði alþíngisgjaldið; *framsögumaður* kallar þetta samníng, en fyrst er það, að eg veit ekki, hvort menn eiga með að gjöra ólöglega samníng, því það er lögskipað, að jarðeigendur beri þessa byrði en ekki landsetar; svo getur þetta varla heitið samníngar, því eg held, að hèr standi ójafnir að samníngi, ríkir landsdrottnar og fátækir og fávísir leiguliðagarmar; eg held harðráðir jarðeigendur ráði þar fyrir báða, og skapi og skikki, og leggi það á hina, sem þeir ætla sèr í þessu falli. Með reikníngsheilabrotum sínum þykir mèr vel, hafi *framsögumaður* skýrt málið fyrir sjálfum sèr; fyrir hinum mun það varla hafa skýrzt. Eg veit til að hreppstjórar hafa leyst afgjaldaskrárnar fullvel og áreiðanlega af hendi með minni reikníngaumbrotum; það er einfalt að meta hverja afgjalda tegund eptir því, sem hún stendur í þeirri verðlagsskrá, sem þá er í gildi; verðlagsskráin gildir frá miðjum maí, en ekki október (eins og *framsögumaður* sagði) og til sömu tíðar vorið hitt; leigurnar eru landsdrottnar búnir að fá á þessari tíð, og hafa getað notið taxtana á þeim, og þó að taxtinn sè orðinn

annar á vorin í fardögum, þá landskuldin kemur, þá kemur sá taxti fram hitt árið í afgjaldaskránni, og kemur það fyrir hið sama; svo gengur þetta jafnt yfir alla jarðeigendur, svo það er ósatt, að einn þurfi að svara meiru en annar af hverjum ríkisdal í afgjöldunum.

Konúngsfulltrúi: Eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna, að þessi uppástúnga hefði það til síns ágætis, að hún gjörði niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins óbrotnari og hægri fyrir alla hlutaðeigendur, og að almenníngi með því fyrirkomulagi yrði auðvelt, að hafa yfirlit yfir niðurjöfnunina; en eg get þó ekki sèð, að þessir kostir við uppástúnguna sè svo yfirgnæfandi, að ástæða sè til nú þegar að breyta reglunni, sem nú gildir, meðan hið nýja jarðamat er óreynt *in praxi*. Afgjaldaskýrslurnar eru nú komnar í það lag, að þær geta kallazt áreiðanlegar sem undirstaða fyrir afgreiðslunni. Eg er því ekki viss um, að almenníngur mundi una betur breytíngunni, og svo mikið er víst, að eptir hinni gildandi reglu í þessu efni borgar engi af öðru en því, sem hann á eður tekur inn, og það atriði er mikilsvert, en það er búið að sýna fram á, að þetta yrði ekki ætíð eptir hinni reglunni. Hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna hèlt það væri hægt fyrir sýslumann og stiptamtmann, að leiðrètta skýrslurnar, eins og þeir gjöra, en það get eg þó sagt honum með vissu, að það útheimtir mikinn tíma og fyrirhöfn, ef vel á að vera; en eg get einnig fullvissað hann um, að allir hlutaðeigendur gjöra sèr annt um skýrslurnar, að þær sè eins og þær eiga að vera, og nú eru menn orðnir vanir við að semja þær, og þær eru því orðnar yfir höfuð all áreiðanleg undirstaða; en sè svo, til hvers er þá að breyta frá því, sem er nú þegar, og áður en jarðamatið nýja hefir fengið lagagildi?

Sè misfellur á afgjaldaskýrslunum, eru þær líka á jarðamatinu, eins og að líkindum ræður, og sú mun raunin og verða. Loks skal eg geta þess, að þar sem því hefir verið hreift, að leggja þíngkostnaðinn einnig á timburhús í kaupstöðunum, sem að vísu virðist sannngjarnt, þá leiddi þar af, að sú regla, sem hèr er stúngið upp á, ekki gæti náð þar að. Þetta ræður hjá mèr þeirri skoðun, að rèttast sè, að allt standi að svo komnu, eins og það nú er ákveðið í lögum um þessa afgreiðslu.

Forseti: Eg skal geta þess, að þíngmaður Eyfirðínga er sökum lasleika genginn af fundi; en viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði um skyldur landsdrottins og leiguliða

sín á milli í sambandi við þetta mál, þá skal eg ekki ganga inn á það, að útskýra, hverjar skyldur þeirra sè; en þar sem *konúngsfulltrúinn* sagði, að það spursmál lægi fyrir utan umræðurnar, skal eg geta þess, að eg vildi ekki teppa umræðurnar um það, af því eg skildi þær svo, sem þær væri fyrirsögn fyrir breytíngaratkvæði við uppástúngur nefndarinnar, og álít eg þess vegna ekki, að þær liggi alveg fyrir utan málið, þó að því sè ekki hreift í nefndarálitinu.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera hinum heiðraða *forseta* samdóma í því, að það spursmál liggi fyrir utan málið, hvort jarðeigandi geti skyldað, eða réttara sagt samið við landseta sinn um, að borga alþíngiskostnaðinn af jörðinni, og eg álít það réttast af þínginu, að fara hèr ekki inn í það spursmál í þessu máli; eg skal einúngis benda á, að í tilskipuninni frá 1848 stendur með berum orðum, að leiguliði skuli borga þennan kostnað, en jarðeigandi aptur endurgjalda honum; mèr skilst ekki betur, en að hèr sè því skýrt lagaboð um afgreiðsluna, en að öðru leyti er það dómstólanna, að skera úr spursmálinu um það, hvort samníngar milli jarðeiganda og leiguliða um þetta atriði sè gildir að lögum.

Björn Pètursson: Eg verð að þakka hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir þær upplýsíngar, sem hann hefir gefið. og einkum fyrir það, að hann er mótfallinn þessari uppástúngu. Eg ætlaði mèr einmitt að biðja hina lögfróðu menn, að skýra eitt atriði, sem *framsögmaður* drap á, nl. um skyldur landsdrottins og leiguliða, hvað alþíngisgjaldið snertir, því það kann að vera, að landsdrottna langi til, þegar þeir lesa þessa ræðu hins löglærða þíngmanns í þíngtíðindunum, að fara þannig að, eins og hann sagði að væri leyfilegt, og leggi alþíngisgjaldið á leiguliða sína, sem þeim hefir ekki dottið híngað til í hug; og eg verð að taka það fram, að mèr þætti það æskilegt og ómissandi, að allir hinir lögfróðu menn, sem hèr eru á þíngi, lèti í ljósi meiningu sína um þetta atriði, fyrst því var á annað borð hreift. Að því er snertir uppástúngu meira hlutans, þá er eg henni af hjarta mótfallinn, ekki samt af því, að jarðamatið hefir hækkað í Múlasýslum, eins og einhverir þíngmenn hreifðu við inngangsumræðu þessa máls, því alþíngistollsgjaldið verður þar ekki hærra fyrir það, en það er nú, því þó hundraðatalan væri þar lág áður, þá eru afgjöldin þeim mun hærri. Það er sagt í nefndarálitinu að almennt sè 1 hundraðs landskuld af 20 hundraða jörð, en í Múlasýslum er vanalega 1 hundraðs landskuld af 12

hundraða jörð. Eg er uppástúngunni mótfallinn einmitt af því, að þessi nýi gjaldstofn, hundraðatalan er svo fjarskalega ójöfn, ekki einúngis í Múlasýslum, eins og eg hefi áður sýnt, heldur einnig alstaðar á landinu meir og minna. Alþíngi hefir líka sjálft ætíð viðurkennt að jarðamatið væri ójafnt (*Arnljótur Ólafsson:* Nei!) Jú! og einmitt þíngmaðurinn sjálfur á þíngi 1859, og það er ekki betra fyrir það, þó það sè löggilt; það gefur að skilja, að það hefir ekki batnað neitt í sjálfu sèr fyrir það. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu tók það skýrt fram, og munu menn hafa skilið það betur en reikníngsdæmi *framsögumanns,* að afgjöldin sè réttari gjaldstofn en jarðahundruðin, því landskuldin færist niður, þegar jarðirnar ganga af sèr, en upp, ef þær batna, en jarðahundruðin, sem ímynduð eru, standa óbreytt, hvort sem jörðin batnar eða vesnar. Afgjaldaskýrslurnar eru má ske ekki áreiðanlegar, en eg sè ekki ástæðu til þess, að fella góðan gjaldstofn af því, að embættismenn gjöri ekki það, sem er skylda þeirra, nl. að sjá eptir að skýrslurnar sè réttar; það gladdi mig, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að þeim væri óðum að fara fram; þær verða sjálfsagt góðar á endanum.

Eg hlýt að játa það, eins og fleiri þíngmenn, að eg skildi ekki hið langa reikníngsdæmi hins háttvirta *framsögumanns,* og eg vil ráðleggja honum, þegar hann kemur með þess konar reikníngsdæmi, sem hann býst ekki við, að þíngmenn skili, fyr en má ske ári síðar heima hjá sèr, að hafa þá með sèr krítarstykki og stórt spjald, og reikna svo út að þíngmönnum ásjáanda, því þá þykir mèr líklegt, að þeir skildi. Þetta er ómissandi, því það getur engan sannfært, sem hann ekki skilur. Mig furðar annars mikillega á því, að hinn háttvirti meiri hluti, sem tekur svo nærri sèr 1 skildíngs halla, og eg held *ímyndaðan,* að hann skuli þá ekki taka sárt til þess halla, sem er miklu meiri. Eg skal taka eitt dæmi, sem fáar tölur eru í, og sem eg vona, að allir skili. Það eru 2 jarðir, af hverjum önnur er metin $^1/_2$ meir, en hún ætti að metast, og önnur $^1/_2$ minna, en hún ætti að metast að réttu; hèr verður þá helmíngi meira alþíngisgjald af annari jörðinni, en það ætti að vera, en helmíngi minna af hinni, og vona eg að allir sjái, að þetta er miklu meiri halli. Mèr fmnst það líka vera varúðarvert, að breyta þessum gjaldstofni að landsmönnum fornspurðum, og eg verð að segja það, að eg hefi ekki heyrt neina óánægju meðal landsmanna út úr þeim gjaldmáta alþíngistollsins, sem verið

hefir; en eg hefi heyrt, að það er almenn ósk landsmanna, að gjaldið verði lagt á fleiri gjaldstofna. Eg vil því fresta þessu máli að minnsta kosti til næsta þings. 1862 verður jarðabókin að lögum, og held eg að hægt sè að þreyja þorrann og góuna, þangað til 1863. Mín von er gagnstöæ von *framsögumanns,* því eg vona, að uppástúnga þessi verði felld í einu hljóði.

Framsögumaður: Eg ætla hvorki að kenna þingmönnum lög nè reikníng, því hvorttveggja liggur fyrir utan þingið, en eg hèlt, að hverjum manni mundi skiljast, að ef það er leyfilegt að taka í afgjald af 20 hndr. jörð 1 hndr. landskuld, og 4 rd., 6 rd., 8 rd. o. s. frv. að auki, þá yrði það líka að vera leyfilegt að taka af líkri jörð 1 hndr. landsskuld og að auk því, sem alþingistollsgjaldinu nemur, sem er hið sama og áskilja sèr, að leiguliði endurgjaldslaust greiði það. Eg verð að játa það, að eg er ekki svo skilníngsgóður, að eg skildi þingmanninn úr Suður-Múlasýslu. Þó einn maður, sem býr á helmíngi verri jörð, en annar, borgi helmíngi meira en hann, þá er það leyfilegt samkvæmt lögunum; þingmaðurinn álítur þó ekkert ósanngjarnt í því, að einn taki 20 rd. vexti af hundrað dölum, sem hann hefir lánað, þó annar taki að eins 4 rd. í leigu eptir þá. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að jarðamatið væri ónýtt, og því ætti ekki að leggja alþingistollinn á hundruðin eptir því; stjórnin álítur samt ekki, að jarðamatið sè ónýtt, þar sem hún löggildir það, til þess að skattar skuli leggjast á jarðirnar eptir því. Þingið áleit ekki 1859, að það væri svo slæmt, þegar það stakk upp á, að tíundin væri lögð á eptir því, og það gjörði þingið án þess nokkrar bænir hefði komið um það frá landsmönnum. *Konúngsfulltrúi* sagði, að tími væri ekki enn þá kominn til þess að biðja um þetta, af því að bænarskrár væri ei komnar um það frá landsmönnum; en 1859 vissi þingið ekki, hvort almenníngur óskaði, að tíundin yrði lögð á jarðirnar eptir hinu nýja jarðamati, og fyrst þingið hefir álitið jarðamatið nógu gott, til þess að jafna tíundinni niður eptir því, þá er undarlegt að álíta það óhafanda, til þess að jafna niður eptir því alþingistollsgjaldinu.

Arnljótur Ólafsson: Það er sjálfsagt, að þingmenn, sem hafa talað á móti nefndarálitinu, hafa vel lýst skoðun sinni, og sèr til frægðar og sóma; en það er einn ókostur á ræðum þeirra allra, að þeir hafa misst sjónar á aðalmálinu. Eg vil spyrja: hvaða breytíng er hèr gjörð frá hinum gildandi lögum? Ekki önnur en sú, að skattstofninn verði jarðahundruðin í stað afgjaldanna. Kem-

ur þá til skoðunar, hvort eru jarðahundruðin eða afgjöldin betri skattstofn? Eða, sem er það sama, jarðabókin og afgjöldín koma til skoðunar; en þar að auki koma til skoðunar, hvor skattgjaldseður kröfumátinn sè léttari eða vissari. Hvað jarðamatinu viðvíkur, þá er annað tveggja, að þingið hefir ekki skilið, hvað það gjörði, þegar það vildi löggilda jarðamatið, eða þá, að það hefir búið til jarðamatið, til þess að það yrði skattstofn, eða það þá hefir gjört það til einskis. Eg segi fyrir mig, að þegar eg á síðasta þingi var með löggildingu nýju jarðabókarinnar, þá gjörði eg það með meðvitund og vissu um, til hvers jarðabókin ætti að vera; en það getur verið, að sumir hafi kann ske alveg óviljandi verið með henni og alveg út í bláinn, og hafi alls eigi vitað, hvað þeir gjörði, og þá get eg líka fyrst skilið mótbárur þeirra nú. Um að alþingistollurinn greiðist af afgjöldunum, eins og sumir vilja, þá getur það nú verið mikið gott, því það er þá tekjuskattur, og sá kostur er jafnan við hann, að menn gjalda af því, sem menn fá, en það er líka sá ókostur við tekjuskattinn, að menn geta ei komizt eptir, hvað þeir fá. En hvernig leggst alþingistollurinn á afgjöldin; leggst hann á það, sem menn fá, eður á meira eða minna? Það hefir verið talað mikið um verðlagsskrárnar; eg vil spyrja hina heiðruðu hreppstjóra eða þingmenn, sem hafa hreppstjórn á hendi: Er ekki sú verðlagsskrá, sem gildir fyrir 1861—62, gjörð eptir verðlaginu frá miðjum október 1859 til miðs októbers 1860? Ef svo er, sem eg vona að sè rètt, þá segi eg: þá eru afgjöldin útreiknuð eptir því verði, sem var næstum tveim árum áður, en eigandinn fær afgjöldin; en ef þau væri reiknuð eptir því verði, sem er sama árið, og hann fær afgjöldin, þá væri það sannur tekjuskattur. Nú geta aurar þeir, sem afgjaldið er greitt í, fallið í verði, en aðrir stigið, og eptir því getur líka tollurinn hækkað og lækkað, svo að það getur jafnvel numið 20%, eptir því, sem vörurnar eru í háu eða lágu verði. Eg skal svo ekki fara lengra út í verðlagsskrárnar. Eg vil biðja þá þingmenn, sem hafa sagt, að það væri svo lètt, að búa til skýrslurnar, að gjöra sèr það ómak, að sjá meir en sínar eigin skýrslur, því ef þeir sæi þær allar, þá mundu þeir komast að raun um, að ekki veitir öllum hreppstjórum lètt, að búa þær til, og að sýslumönnum er ekki vel hægt, að taka gjöld eptir þeim, einkum þegar þeir fá þær ekki fyr en sama daginn á þingstaðnum. Þeir munu líka sjá, að það er örðugt fyrir stiptamtmann, að endurskoða allar þessar skýrslur, þar sem hann verður að taka hverja skýrslu fyrir

sig, gæta að, hvaða leigamáli er á þessari og þessari jörð, í hverju goldið sé, snúa því í peninga eptir verðlagsskrá, og reikna þannig út gjaldið af hverri einustu jörð. Og þó nú hreppstjórarnir komist nokkurn veginn af með, að reikna út það, sem stendur í verðlagsskránni, hvernig fer þá með það, sem ekki stendur í verðlagsskránni? Eg get fært dæmi upp á, hvernig menn hafa þá farið að; eg hefi séð í einni skýrslu, að veturgamall gemlingur var metinn á 5 álnir, en veturgamall sauður á 10 álnir. Þetta hugsaði eg að væri þó nokkuð líkt, eður ætti að vera jafndýrt; þetta var í skýrslu frá manni, sem menn sízt skyldi hafa búizt við því af, að nokkuð yrði að fundið; eg tek þetta dæmi, af því eg vil ekki taka dæmi mér í hag. Eg skal nú ekki orðlengja meir um þetta; en ef þessir háttvirtu þingmenn hefði gjört sér ómak fyrir, að bera gott skyn á þetta mál, þá hefði þeir getað sparað sér mikið af því, sem þeir hafa sagt. Það er beinlínis skylda vor, að vilja leggja alþingiskostnaðinn á jarðahundruðin, ef vér ei viljum komast í beina mótsögn við það, að vér samþykktum jarðabókina; en þó engi jarðabók hefði verið samin, þá hefði alþingistollurinn þó átt að leggjast fremur á jarðahundruðin, en afgjöldin. Hvað 3. atriðið snertir, þá er afgjaldsmátinn, eins og allir hljóta að sjá, miklu léttari og vissari með því, að leggja tollinn á jarðahundruðin. Það er talið til gildis fyrir öllum skattalögum, að skattarnir sé lagðir á eptir jöfnuði, að kostnaðurinn við kröfuna sé sem minnstur, og að þeir sé sem fastast ákveðnir, svo að ekkert gjörræði komist að. Eg bið menn að gá að því, að ekkert getur verið glöggara, en að leggja vissa skildingatölu á vissa hundraðatölu; það liggur í augum uppi, að það hlýtur að vera sá greiðasti og vissasti vegur.

Benedikt Sveinsson: Það er nú má ske slettirekuskapur af mér, að fara að tala um það, sem í rauninni ekki kemur því máli við, sem hér ræðir um, hvort sá samningur sé gildur að lögum milli jarðeiganda og leiguliða, er ákveður, að leiguliði skuli bera alþingistollinn, en af því að eg á að heita löglærður maður, og hinn heiðraði þingmaður Suður-Múlasýslu skoraði á lögfræðingana hér á þingi, ætla eg að tala fáein orð um þetta atriði.

Eg vil þá biðja hinn heiðraða þingmann, að gæta þess, að hér ræðir eigi að eins um skilning á lögunum yfir höfuð, heldur miklu framar um skilning og gildi samninga einstakra manna í milli. Slík úrslit, sem þessi, heyra undir dómstólana að lögum, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók fram, en alþingi er engi

dómstóll, og þess vegna koma slíkar spurníngar því ekki við; alþíngi á einúngis að tala um lögin að því leyti, sem spurníngin er um að breyta þeim, eður búa ný lög til, en alls eigi að skera úr því, að hve miklu leyti lögin heimili samninga, sem gjörðir hafa verið einstakra manna á miili. En setjum nú, að alþíngi væri dómstóil, eins og eg held þíngmaðurinn ímyndi sèr, en þá verður hann þó að gæta að því, að eptir þeim reglum, sem gilda um rèttarfar hèr á landi, þá heyrir spurníng hans ekki undir þíngið, og það af tveim ástæðum. Fyrst er það, að engi dómstóll er skyldur til, að skera svona allt í einu úr máli án undirbúníngs, og svo vantar þíngmanninn að sýna, að hann eigi sjálfur í slíkri þrætu, sem hèr ræðir um. Eg vona nú að hinn háttvirti þíngmaður sjái af þessu, sem eg hefi sagt, að hinir lögfróðu menn, sem hèr eru á þíngi, eru alls eigi skyldir til að svara spurníngu hans, allrasízt þeir, sem eru dómarar. En til þess að þíngmaðurinn sjái, að eg vil ekki svara honum út af, þá vil eg benda honum til þess aðskilnaðar á lögunum, sem hinn háttvirti *framsögumaður* tók fram; hann verða menn vel að þekkja, og vita, undir hvorn flokkinn sú laga ákvörðun heyrir, sem hèr ræðir um. Eg vil nú í þessu efni leyfa mèr að benda á það, hvernig lög þau eru yfir höfuð hèr á landi, sem að þessu máli lúta. Eg meina landbúnaðarlög vor Íslendínga. Maður má ei gleyma, að ákvarðanir Jónsbókarinnar, landsleigubálkur er allt annað en búnaðarlögin í Danmörku, sem eg held, að á sínum tíma í mörgum greinum hafi verið sannkallaður kúgunarbálkur. Í þessum lögum eru margar ákvarðanir, sem líkt líta út og sú lagasetníng, sem hèr ræðir um, og sem engi vafi getur verið um að sè bindandi, þannig að henni eigi verði breytt með samníngum milli landsdrottins og leiguliða, en það kemur til af því, að þegar lögin yfir höfuð eru svo hörð á móti leiguliðanum, þá verða þau líka að vernda hann gegn kúgun landsdrottins á hinn bóginn. En þessi skoðun á ekki við Jónsbókina, allur andi hennar er frjálslegur og heldur sèr til þeirrar grundvallarreglu, að frjálsir samníngar sè gildir manna í milli, og á þessum grundvelli hvílir hið lagalega samband milli landsdrottins og leiguliða hèr á landi yfir höfuð að tala. Gæti maður enn fremur að lögum þeim, sem hèr ræðir um, þá mega menn ekki gleyma því, að aðalaugnamið þeirra er ekki það, að setja takmörk á milli þess, hvað landsdrottinn megi heimta af leiguliða eður eigi, heldur sá, að kveða á um það, á hvern gjaldstofn í landinu alþíngistollurinn eigi að leggjast. Þegar menn

gæta alls þessa, mun það verða vafasamara, en heyra er á mönnum hèr á þingi, hvort samníngur sá, sem hèr ræðir um, eigi sè gildur, og víst er það, að sá, sem fer fram á ógildi hans, verður að sanna og sýna, að hann eptir lögunum hafi rètt fyrir sèr, og þessi sönnun liggur alls eigi beinlínis í orðum laganna, því orðið *„skal“* stendur opt, þar sem lögin þó að eins eru útskýrandi, *declaratorisk*, en eigi bjóðandi, *præceptive*. Eg verð þá að segja, að eptir hlutarins eðli og almennum lagasetníngum hèr á landi sè slíkur samníngur, sem hèr ræðir um, gildur og góður, hafi hann verið gjörður; sá, sem er óánægður með hann, mun verða að leita dómstólanna; en eg efast um, að þeir skeri öðru vísi úr málinu, en eg hefi bent til frá almennu sjónarmiði.

Indriði Gíslason: Eg held að megi nú segja um þetta mál, eins og Espólín kemst að orði í Árbókunum, að »nýjúngar væri leiðar«. Það hafa komið ósköp margir þrepskildir, sem nefndarálitið á að detta um. Einn kom frá þíngmanni Arnesínga, að ekkert hundraðatal væri á kotunum í Þykkvabænum, en eg vil spyrja: Á gildi jarðabókarinnar að verða að engu fyrir það, þó hjáleigurnar í Þykkvabænum sè ekki metnar hver fyrir sig? Eg held að það nægi, að hundraðatalan er sett á Þykkvabæinn í einu lagi; og eg ímynda mèr, að það væri ekki verra verk fyrir hreppstjórana, að gjöra áætlun um hundraðatölu fárra kota einu sinni fyrir allt, en að búa til afgjaldaskýrslurnar. Það hefir mikið verið talað um, hvort ætti ei að velta alþíngiskostnaðinum á leiguliðann; það kemur nú ekki þessu máli við; en það hefði þó átt að stínga upp á því, að opið brèf 18. júlí 1848 væri látið falla úr gildi. Eg held að þetta væri mjög óhyggilegt, og ef eg ætti margar jarðir og væri svona sinnaður, sem sumir hèr, mundi eg heldur hækka landskuldina dálítið, án þess að nefna tollinn og vinna hann þannig óbeinlínis upp á þeim, heldur en beinlínis að skipa þeim að greiða hann, og sýnist sem sumum liggi hann of þúngt á hjarta. En meðan þetta opna brèf hefir gildi — og það ætti sem lengst að hafa gildi — geta menn ekki beinlínis skipað leiguliðum sínum að greiða alþíngistollinn, svo ræður manna um þetta hafa verið harðla óþarfar. En um það, að brèfið hafi sitt gildi, þá hefir það eins gildi, þó alþíngistollurinn sè lagður á jarðahundruðin í stað afgjaldanna, því landsdrottinn getur eins endurgoldið leiguliða sínum alþíngistollinn fyrir því. Það getur líka verið eigi unnt fyrir leiguliðann, að segja svo skýlaust frá landskuldinni, sem þarf; og hvorki landsdrottinn nè

leiguliði geta ákveðið þetta nákvæmlega; en hreppstjórinn getur ekki tekið fram fyrir hendurnar á þeim, eða ákveðið, hvað afgjöldin ætti að vera há; landsdrottinn getur samið við leiguliða sinn, að hann skuli gjalda sèr í þessu og þessu á tilteknum tíma, en svo getur hann aptur breytt þessum samníngi af tilhliðrunarsemi við leiguliða sinn, eða einhverju öðru, og sumstaðar eru engi byggíngarbrèf, og landdrottinn veit ekki einu sinni hvað hann kann að geta fengið í landskuldina. Sumir eru á móti nefndarálitinu, af því þeir vilja taka málið fyrir í heild sinni; því taka þeir sèr þá ekki breytíngaratkvæði um, að tollurinn sè lagður á öll jarðahundruð, eins þær jarðir, sem gjalda eitthvað til guðsþakka eins og hinar? Þar skyldi eg ekki vera neitt á móti, og eg líklega tek mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu.

Jón Hjaltalín: Eg sannfærist æ betur og betur um, að þessi gjaldregla, sem nú er höfð hèr á landi, er sá eiilifur grasagrautur, að mèr þykir það frábært, að þíngmenn skuli vera að halda henni fram, þar sem alls engi undirstaða er fyrir henni, en vilja hafna hinni, sem er samkvæm venju í öllum öðrum löndum, nefnilega að fara eptir jarðamatinu; það er nú rètt nýlega komið í kríng, og þó á nú strax að fara að ónýta það *(Halldór Kr. Friðriksson:* Það er óhafandi) Því verra, ef vèr gefum lög, sem eru óhafandi, þá megum vèr með kinnroða játa, að »ónýtir þjónar erum vèr«, og það er alveg á móti æru þíngsins, og eg segi fyrir mig, eg hefi tilfinníng fyrir því, þegar þíngið fer svo sjálft með sig. Það eru fullkomnar sannanir fyrir því, að skýrslurnar um þennan gjaldstofn, sem nú er hèr hafður, koma of seint til sýslumannanna, og þegar þær loksins koma, eru þær vitlausar; og það er auðvitað, að þar sem grundvöllur gjaldsins er vitlaus, þar hljóta að verða órèttindi í gjaldinu sjálfu. Það hefir borið opt við — eg bendi því ekki að þíngmanni Mýramanna, því eg veit, að hann er hirðusamur með þess konar — að skýrslurnar koma fyrst á þíngið, þegar tollurinn hefir átt að innheimtast, og í sömu skýrslu hefir sami hluturinn verið stundum ýmislega reiknaður; er nú nokkur rèttvísi í þessu? Hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna sagðist ekki geta vorkennt sýslumönnunum og stiptamtmanni, að iagfæra skýrslurnar; en hvernig getur það verið hægt? Skýrslurnar koma fyrst til sýslumanns á þíngstaðnum, og stiptamtmaðurinn getur þar af leiðandi ekki fengið þær frá sýslumönnum, fyr en hann á að fara að jafna niður. Eptir hverju á þá að fara? Eg skil nú ekki, hvernig nokkur maður með fullri

skynsemi getur verið að mæla fram með þessu. Þar að auki liggja í þessu þeir afkrókar fyrir þá, sem vilja ganga á hluta annara, en hlífa sjálfum sèr, að það verður líkt með það og með framtalið á fènu; það má segja um það, eins og eg hefi heyrt gamlan mann segja hèr: »Það er guðs mildi, að nokkur ærlegur maður skuli vera á Íslandi«; og þetta er náttúrlegt, þar sem hverjum er gefið í sjálfs vald, að leggja skatt á sjálfan sig; það mega vera miklir rèttlætismenn, sem þetta fer ekki í neinum ólestri hjá; það er þó varla ný bóla, að það sè talað um tíundarsvik hèr á landi, og þar til er sama undirstaða og til þessa; og yfir höfuð held eg, að það komi allt af fram, að »*Selvbeskattelse*«, er menn kalla, er eyðileggjanda fyrir alla rèttlætistilfinníngu, og það er mikið, að ekki skuli hafa flotið verra af henni hèr á landi, en hefir gjört. Þeir, sem eru móti nefndarálitinu, hafa þó játað, að í jarðamatinu væri þó einhver undirstaða, en hafa sagt, að það væri svo órèttvíst; það er nú slæmt, ef svo er; og það er nú líklega að nokkru leyti; en það er nú fátt, sem ekki megi að finna; að minnsta kosti veit eg enga tollheimtu, sem ekki hafi verið fundið að. En ef þessi órèttur af jarðamatinu verður svo stór, að almenn óánægja rísi af, þá er ólukkan einúngis sú, að jarðamatið verður því betur endurskoðað í annað skipti. Það var sagt, að það væri hart, ef jörð ei byggðist, að jarðeigandi þyrfti að borga eptir hana, meðan hún væri óbyggð; en það getur skeð, að það sè jarðeigandanum sjálfum að kenna; hann getur hafa þjakað svo að leiguliða sínum, að hann hafi ekki sèð sèr vært lengur, og þá er ekkert á móti, að hann gjaldi þess. En þó jarðamatið hafi marga bresti, þá geta menn átt von á, að þeir verði bættir; og það er gott, að þeir, sem kvarta yfir órètti í alþíngistollsgjaldinu, geti fært því betri rök fyrir máli sínu. Eg vona því, að þíngið hugsi sig vel um, áður en það vill halda áfram, að synda í þessum gamla graut, og áður en það kastar þessari uppástúngu. Eg ætla að mæla með henni, og gefa atkvæði fyrir henni, því eg álit, að hún sè sá eini rètti vegur, til að ná rèttum grundvelli fyrir alþíngistollsgjaldinu.

Stefán Eiríksson: Það lítur nú út fyrir sem umræðurnar um þetta mál ætli að verða nokkuð langar, og því ætla eg nú ekki að verða langorður í þetta sinn, ef eg get. Eg ætla heldur ekki að að fara út í nein reikníngsdæmi, þó eg nú kunni dálitið í reikníngi, því mèr fannst satt að segja, að tveir hinir heiðruðu þíngmenn, sem voru með reikníngsdæmin, komast sannarlega illa frá

þeim; mér finnst nú, að menn hèr sè að tala um þetta mál, eins og það væri verið að tala um að leggja nýjan gjaldstofn á jarðamatið. Eg vil biðja menn að gá þess, að hèr er einúngis verið að tala um að flytja þessa gjaldagrein yfir á aðra undirstöðu; þessi gjaldagrein, segi eg, hefir hvílt á jarðamatinu áður, og það er miklu sanngjarnara, að hún hvíli á hundruðunum, en afgjöldunum, og sè ekki hin nýju hundruð fær um að bera þetta; til hvers eru þau þá fær? Það er búið, bæði við þessa umræðu og inngangsumræðuna, að leiða ljós rök að því, að gjaldaskýrslurnar eru víðast hvar í ólagi; þíngmaðurinn úr Suður-Múlasýslu sagði við inngangsumræðuna út af því, sem eg sagði þá, að skýrslurnar mundu hvergi vera í ólagi, nema í Skaptafellssýslunni; en eg held hann sè nú ekki svo kunnugur landskuldarskýrslunum í Múlasýslum, að hann geti dæmt um þær; en eg get sagt honum það, að eg hefi sèð allar gjaldaskýrslur úr Skaptafellssýslum, og það er langt frá því, að eg geti hrósað þeim. Þíngmaður Borgfirðínga hefir nú sýnt fram á dálítið brot af því, hversu rèttar reglur væri við hafðar við samníngu skýrslnanna, þegar veturgömul kind er reiknuð til 10 ál., og alinin líkast til eptir meðalverði allra meðalverða, í stað þess, ef rètt aðferð er við höfð, á að setja kindina eins og hún kostar í verðlagsskránni; mig furðar á þíngmanni Mýramanna, sem þó hefir opt viljað hlynna að hreppstjórum, að hann skuli endilega vilja, að þessi starfi hvíli á þeim. Eg get þó sannarlega unnt þeim þessa lèttis. Eg skil nú ekki, hvernig sýslumenn geta, þó þeir svo vildi, haft eptirlit með, að gjaldaskýrslurnar væri rètt samdar; þeir verða þá að hafa öll byggíngarbrèf úr sýslunni, en annars er þeim ómögulegt að geta sagt neitt um skýrslurnar, nema að því er snertir reikníngsvillu; þá er nú enn eitt að þessu fyrirkomulagi, sem verið hefir með greiðslu tolls þessa, að almenníngur veit ekkert, hvort hann er rètt reiknaður eða ekki, því það eru fæstir af almenníngi, sem kunna brotareikníng, en við alþíngistollsskýrslurnar þarf opt að hafa brotareikníng; en sè nú tollur þessi lagður á hundruðin, getur hvert barn vitað, hvað láta skal, og þar á ofan er þetta ómetanlegur hægðarauki fyrir öll yfirvöld; af því mèr skildist af nefndarálitinu — og það hefir líka komið fram í umræðunum — að meiri hlutinn vildi lètta alþíngistollinum á jarðeigendum, þá ætla eg að taka mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að alþíngistollur hèr eptir, eins og híngað til, hvíli á jarðeigendum.

Ásgeir Einarsson: Eg vil áskilja mèr breytíngaratkvæði um,

að *alþingistollinum skuli verða jafnað niður á allar jarðir* í landinu eptir hinni nýju jarðabók. Einnig vil eg geyma mèr rètt til breytíngaratkvæðis um, að tollurinn sè lagður á timburhús, múrhús og steinhús, og mun eg orða það betur seinna, því eg get ekki fengið af mèr, að lengja þíngræðurnar núna.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Grasagrauturinn er rammastur af tilsjónar- og regluleysi yfirvalda, og ekki kannast eg við það, að afgjaldaskrár komi ekki til sýslumanna fyr en á manntalsþíngum; það er þá þeim að kenna, að líða slíkt, og heimta þær ekki fyr; því það er reglan, að hreppstjórar afgreiði þær sýslumanni fyrir hver árslok. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að það væri ekki byggt á því, sem til væri, því það næðist ekki ætíð það rètta, ef farið væri eptir afgjaldaskrám hreppstjóranna; þær væri ekki svo áreiðanlegar, en eg vil þá segja, að það næst ekki fremur það rètta, þó farið sè eptir jarðamatinu nýja; það er ekki svo áreiðanlega rètt á hverri jörð; hinn sami þíngmaður spurði líka, hvernig hreppstjórar ætti að fara að, þegar goldið væri eptir jarðirnar í þeim aurum, sem ekki stæði í verðlagsskránni, og nefndi til gemlínga að vorlagi; en það gengur yfir mig, að þessi þíngmaður skuli spyrja um þetta; er hann svo ófróður að vita ekki, að hreppstjórar hafa fullan myndugleika að taka sèr 2 aðstoðarmenn, og setja með samkomulagi þeirra verð á þá muni afgjaldanna, sem ekki standa í verðlagsskránni? Það er stjórnarherrabrèf frá 18. júlí 1848, sem gefur þeim fullan myndugleika til þessa, og kemur það opt fyrir; og hafa hreppstjórar fullgott vit á því, að verðleggja þessa aura, og t. a. m. er landsvenja, að gemlíngur á vordag, goldinn, sè 10 álnir, og álnir eru þó í verðlagsskránni. Sama myndugleika hafa hreppstjórar að skapa sjálfseignarábúendum skuldir á þeirra bújörðum; þessar skýrslur hafa hreppstjórar, það eg til veit, fullkomlega áreiðanlega getað samið, og gjört það líka, og eru þó í mörgum sveitum 60—70 og fleiri býli; en þegar þeir geta þetta, sem mest er, þá þykir mèr ekki ofverk fyrir sýslumennina, að aðgæta svo sem 9 eða 10 hreppstjóraskýrslur, að þær sè með rèttri reikníngsfærslu, og þegar sýslumennirnir eru búnir að gegnum ganga þær, þá held eg sè vandalítið fyrir stiptamtmanninn að taka við summunum, eins og þær eru, og virðist mèr ekki þurfi, að breyta lögum þess vegna; af því hinn háttvirti *framsögumaður* skildi ekki það, sem þingmaðurinn frá Suður-Múlasýslu sagði, þá vil eg skýra honum það betur; hann sagði, að það legðist svo þúngt á *fram-*

sögumanninn sá 1 skildíngsmunur á rd. á millum landsdrottna, sem þó ekki væri til, nema eptir ímyndun, en hinn mismuninn taldi hann að engu, sem yrði á löggjöfinni við það sem er, ef ágjarn landsdrottinn, sem velur sèr fávísan og meinlausan landseta, setur upp jarðarskuldirnar að þriðjúngi, og um leið getur slengt á hann alþíngiskostnaðinum, kann ske svo sem 5—6 rd. á ári, og prestar geti sett upp skuldir á mensaljörðum, að þessu sama skapi. Eg vil játa það, að öll umræða um þetta atriði, átti hèr lítið við; en nefndarálitið sjálft vakti það upp, þegar það gaus upp þeirri hugsun, að jarðir, sem væri undanþegnar alþíngisgjaldi, mætti byggjast dýrara.

Páll Sigurðsson: Það mátti kalla, að hèr fæddist örverpi eitt, og það hefir vel verið farið með það, síðan það barst hèr inn í heiminn, og þarf eg því færra að tala með uppástúngu minni, sem búið er að taka fram margar ástæður, sem eg ætlaði að hafa máli mínu til stuðnings. Eg vil því að eins tala um málið yfir höfuð. Hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga sagði, að þíngið hefði í hitt eð fyrra viljað löggilda jarðamatið, og því væri ósamkvæmni af því, að vilja ei taka skatt eptir því núna. Það er nú satt, að margir vildu löggilda jarðamatið í hitt eð fyrra, en engir án breytínga, eða án þess, að gallar þess væri eigi áður lagaðir, svo jarðabók þessi er löggilt mót álýktun og vilja þíngsins; og þar til voru líka margir, sem ekki álitu fært, að hjálpa því við; hinn heiðraði þíngmaður var þá móti því, að löggilda jarðamatið, eins og það er nú, því hann áleit það óhafanda, ef ekki væri við hafður amtadeilir, og þá finnst mèr nú koma fram nokkur ósamkvæmni líka hjá honum. Það hefir verið mikið talað um, hvað það væri örðugt fyrir hreppstjóra, að semja þessar afgjaldaskýrslur; það eru nú margir hreppstjórar hèr á þíngi, sem geta dæmt um það; eg get ekki gjört svo mikið úr þessum örðugleika, eg held, að það sè margt örðugra, sem hreppstjórar eiga að gjöra, og ef þeir ekki geta búið til þessar skýrslur, þá geta þeir að mínu áliti ekki verið hreppstjórar, og þá verður að fá menntaða menn til að vera hreppstjóra, og þar af flýtur þá aptur, að það verður að fara að launa það embætti. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni var, eins og vant er, fljótur á skeiðinu; ef hann er stilltur í aðra áttina, þá er hann of fljótur á sprettinum í hina. Þessi tilskipun um löggildíng jarðabókarinnar er nú dagsett 1. apríl 1861, og þar stendur, að alþíngiskostnaðinum skuli jafna niður eins og verið hefði, þangað til öðruvísi verði ákveðið. Þíngið sam-

þykkti nú í hitt eð fyrra þessa uppástúngu, og á það nú að fara að verða eins og þeytispjald á móti sjálfu sèr? Jarðarbókin verður nú fyrst þínglesin 1862, og þá verður ekki farið að taka gjöld eptir henni fyr en 1863; mèr sýnist því rèttara, að menn hlaupi ekki svona í gönur eptir uppástúngu eins manns, en láti jarðabókina heldur koma fyrst undir álit þjóðarinnar; og mèr finnst eins gótt að bíða, þangað til farið er að taka tíundina eptir henni. Þar sem talað er um þær jarðir, sem gjaldi til guðsþakka, þá eru þar fleiri ískyldur, sem takandi eru til greina, svo sem *prestslamb, pèturslamb* og *maríulamb*. Þá held eg, að líka sè landsskikar, sem þræta er um, hver á að gjalda af þeim hundruðum, meðan þar er engi viss eigandi. Eg skal ekki fara fleiri orðum um málið, enda álít eg það orðið nægilega rætt.

Forseti: Það er komin ósk frá þingmönnum um, að umræðunum verði hætt.

Gísli Brynjúlfsson: Eg stend að eins upp til þess, að taka mèr það breytíngaratkvæði, sem eg allt af hefi ætlað mèr, að alþingistollurinn verði lagður á hundruðin í öllum jörðum í landinu án undantekníngar, og, ef til vill, á ýms hús í kaupstöðum. En þar sem mèr nú heyrðist þingmaður Strandasýslu boða breytíngaratkvæði í sömu stefnu, þá skal eg að eins áskilja mèr rètt til, að sameina mig við hann. Hafi eg að öðru leyti nokkuð að segja um þetta mál, skal eg geyma það til ályktarumræðunnar.

Benedikt Þórðarson: Af því mèr þykir meiri hluti nefndarinnar nokkuð ógreinilegur, vil eg, skyldi svo fara, að hann fengi samþykki þíngsins, áskilja mèr viðaukaatkvæði þannig orðað: »en að öðru leyti skal allt standa við það, sem fyrir er sagt í opnu brèfi 18. júlí 1848, 1. og 2. gr.

Björn Pètursson: Eg vildi taka mèr breytíngaratkvæði i sömu stefnu og þíngmaður Strandasýslu, ef svo ólíklega skyldi fara, að meiri hlutinn yrði samþykktur.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúníngsumræðu lokið.

Eptir dagskránni kemur þá til *ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu* málið um *fiskiveiðar útlendra.*

Var málið síðan afhent *framsögumanni*, þíngmanni Skagfirðínga.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: *um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.*

1. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar* við 1. uppást. nefndarinnar (tölul. 6):

   Að hans hátign allramildilegast vili verja því, að útlendar þjóðir fiski nær Íslandi en gildandi lög leyfa, og láti stjórn sinnar hátignar í því skyni senda híngað næg herskip í byrjun aprílmánaðar ár hvert, er haldi strangan vörð á, að útlendar þjóðir ekki fiski innan hinna lögbönnuðu takmarka, allt fram í byrjun septembermánaðar.

2. *Nefndin:* Ný uppástúnga, er komi á undan tölul. 6.

   Að hans hátign, þangað til betur verður úr ráðið með almennum samníngi við útlendar stjórnir um fiskiveiðar útlendra við Ísland, vili skipa svo fyrir, að útlendum fiskimönnum verði varið með nægum herskipum, að fiska nær Íslandi frá því í byrjun aprílmánaðar, en nú gildandi lög leyfa og stjórnin sjálf hefir viðurkennt.

3. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs:*

   Að höfð verði sterk og stöðug regla yfir útlendum fiskiskipum umhverfis Ísland, þannig, að þau leiti aldrei fiskjar nær landi en svo, að 1 míla vegar sè frá yztu annesjum út til þeirra, og komi aldrei til veiða inn á víkur, firði eða flóa.

4. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar:*

   Að hans hátign enn fremur, svo framarlega sem þörf þætti á, að breyta hinum gildandi lögum um fiskiveiðar útlendra undir ströndum Íslands, allramildilegast leggi fyrir næsta alþíngi frumvarp til nýrra laga um þetta mál.

5. Orðabreytíng *Arnljóts Ólafssonar:*

   Að fyrir orðin (í niðurlagsatriði nefndarinnar tölul. 6): »þannig lagaður«, komi: *þess efnis.*

6. *Nefndin:* 1. niðurlagsatriði.

   Að hans hátign sem allrafyrst gjöri samníng við útlendar stjórnir, einkum Frakka keisara, þannig lagaðan:

   a, Að ákveðið verði greinilega, hversu nærri yztu annesjum Íslands og úteyjum kríngum landið útlendir menn megi koma til fiskiveiða.

   b, Að þeim verði fyrirmunað, að fara inn á nokkurn fjörð eða flóa til fiskiveiða, og

7. Breytíngaratkvæði *Indriða Gíslasonar* við niðurlagsatriði nefndarinnar 1. c tölul. 8):

Að takmörkin verði sett svo langt út frá yztu annesjum og eyjum landsins, að það sè að minnsta kosti 3 milur danskar.

8. *Nefndin:* 1. niðurlagsatr. stafl. c.:

c, Að takmörkin verði sett svo langt undan yztu annesjum landsins, sem fremst má verða.

9. Viðaukaatkvæði *Stefáns Eiríkssonar* við 1. niðurlagsatr. nefndarinnar, sem yrði nýr stafliður:

Að gjörðir verði svolátandi samníngar við útlendar stjórnir, um fiskiveiðar þeirra við Ísland, að þeir framvegis ekki komi undir strendur landsins fyr en um maímánaðarbyrjun ár hvert.

10. *Nefndin:* Ný viðaukauppástúnga — við 1. niðurlagsatriði, sem yrði nýr stafliður:

Að alþíngi veitist tækifæri á, að segja álit sitt um samníng þennan, áður en hann verði fullkomlega samþykktur af konúngi.

11. Viðaukaatkvæði *Björns Péturssonar:*

Að hans konúnglega hátign allramildilegast vili skipa svo fyrir, að sendar verði híngað til landsins að minnsta kosti 2 herskútur á ári hverju svo snemma á vorin, sem þörf er á, til þess að varna yfirgangi útlendra fiskimanna bæði á sjó og landi.

12. *Nefndin:* Breytíngaratkvæði við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 14):

Að fyrir orðin: »íslenzkum fiskimönnum« verði sett: *heimilisföstum mönnum á Íslandi.*

13. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar* við 2. niðurlagsatriði (tölul. 14):

Að í staðinn fyrir: *„íslenzkum fiskimönnum“* verði sett: *„búsettum mönnum á Íslandi“.*

14. *Nefndin:* 2. niðurlagsatriði:

Að íslenzkum fiskimönnum, þeim er vilja koma hèr á þiljuskipaveiði, gefist kostur á, að fá lán til þessa hjá stjórninni á þann haganlegasta hátt, sem orðið getur.

15. Viðaukatkvæði *Benedikts Þórðarsonar:*

Að alþíngi riti nú hans hátign Frakklands keisara bænarskrá,

og tjái honum þau vandræði og atvinnuhnekki, sem hafa leitt, og nú sèrdeilis leiða af fiskiveiðum Frakka hèr við landið; og biði, að hann, samkvæmt tign sinni og keisaralegu vizku og mildi, líti á nauðsyn landsins í þessu efni, og feli herstjórn sinni hèr við landið ábyrgðarumsjón þess, að frakkneskir fiskimenn þröngi ekki svo kostum landsmanna, sem þeir nú gjöra, heldur að þeir haldi sig við fiskiveiðar sínar kríngum landið utan takmarka þeirra, er rèttur og þörf landsins útheimta samkvæmt venju og lögum, eins að þeir engar óspektir nè óskunda gjöri hèr landsmönnum.

16. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (Gísli Brynjúlfsson): Það var seinast talað svo mikið um málið sjálft, að eg skal nú að eins leyfa mèr að fara nokkrum orðum um þau breytíngar- og viðaukaatkvæði, sem síðan hafa komið til, og nú standa hèr á atkvæðaskránni. Þá er nú fyrst breytíngaratkvæði hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns, og þykir mèr vænt að sjá, að hann mun nú vera orðinn miklu vægari, en í upphafi leit út fyrir, því nú talar hann að eins um gildandi lög, og má af því ráða, að hann meini nú ei, heldur en vèr, önnur lög, en þau, sem stjórnin sjálf álítur sèr fært að fylgja fram við útlendar þjóðir. Munurinn á þessu breytíngaratkvæði og hinni nýju uppástúngu nefndarinnar, undir tölulið 2, er því að eins sá, að í henni er einnig beinlínis gjört ráð fyrir samníngum, sem við allt af verðum að álíta aðalúrræðið, og eg verð því heldur að ráða þíngmönnum til að fallast á hana, af því þá verður meiri samkvæmni í uppástúngum þíngsins, ef það einnig, eins og eg vona, fellst á aðaluppástúngur nefndarinnar um samninginn. Eg hefi áður sagt við undirbúníngsumræðuna, hvers vegna nefndin mundi vera fús á, að bæta þessu atriði einnig við, nefnilega miklu fremur af því, að hún áliti það rètt í forminu, að þíngið ítrekaði nú aptur þessa bæn sína til konúngs, ef því svo sýndist, heldur en af hinu að hún ímyndaði sèr, að árangurinn af þessari bæn mundi nú verða meiri en híngað til; það er satt, og eg hefi líka áður játað það, að það kann að hafa verið galli á nefndarálitinu, að það var ei nógsamlega tekið fram í því, hve svar stjórnarinnar um fiskiveiðamálið í hinni síðustu auglýsíngu til þíngsins er með öllu ónógt, en með hinni hörðu og snjöllu ofanísetníngaræðu við stjórnina, er hinn háttvirti *forseti*

flutti við undirbúningsumræðuna, vona eg nú að full bót sè á þessu ráðin, eins og eg líka er sannfærður um, að það mun ei þykja minna til þess koma, að ofanígjafir þessar komu nú frá sjálfum *forseta* þingsins, heldur en þó þær að eins hefði komið frá einni lítilli þingnefnd. Tilgangur nefndarinnar var æfinlega sá, að fara sem hægast og vægast að stjórninni, en biðja hana þó um það, sem verulegt úrræði væri, án þess að það þó væri nokkrum verulegum vandkvæðum bundið fyrir hana, að minnsta kosti að gjöra tilraun til þess, og því vildi hún, að þingið skyldi biðja konúng vorn að gjöra reglulegan samning um fiskiveiðarnar undir Íslandi við útlendar þjóðir, en eg sè nú, að hinn háttvirti konúngkjörni varaþingmaður hefir efnt heit sitt, og ætlar að gjöra þessa tilraun nefndarinnar alveg ónýta með breytíngaratkvæði sínu undir tölul. 4, er eg nú því og skal fara nokkrum orðum um. Eg verð þá fyrst að segja það, að mèr er alls ekki ljóst, hver lög hann eiginlega meinar, hvort það eru einkaleyfin gömlu frá 1631 og 1636, sem eg efast svo mjög um, að í raun og veru sè rètt að kalla lög, eða hvort það þá heldur eru verzlunarlögin frá 1787, sem alls ekki tiltaka neitt um fjarlægðina frá landi, svo stjórnarbrèfið 1812, er telur að eins eina mílu undan landi, og eins erindisbrèfið til foríngjans fyrir danska herskipinu 1859, sem fer í sömu stefnu, eru nú hið einasta, er menn geta haldið sèr til í því efni. Leyfisbrèfin gömlu, sem stjórnin veitti einokunarfèlögum til verzlunar og fiskiveiða við Ísland, svo að þau mætti bægja Englendíngum 4 vikur frá landi og öðrum útlendum þjóðum 6 vikur, segja í raun og veru ekki mikið, nema það sè fyrst útkljáð, hvort konúngur hafi haft vald yfir því svæði, sem hann þannig fèkk fèlögunum til yfirráða; menn gæti allt eins vel ímyndað sèr, að fèlögin hefði þar keypt köttinn í sekknum, því eg veit heldur ei, að stjórnin nokkurstaðar hafi heitið að verja þetta einkaleyfi, er hún seldi einokunurfèlögunum, þó hún á 17. öld leyfði þeim sjálfum að taka sèr rètt, ef þau gæti. Annaðhvort hefir hin danska stjórn haft rètt til þess, að setja lög um 4 og 6 mílur, eða hún hefir ekki haft það; hafi hún haft það, þá hefði og aðrar þjóðir viðurkennt þennan rètt, og þá þyrfti alls eigi að breyta lögunum, því þau væri oss þá nógsamlega í hag; en hafi hún ekki haft það, þá er hið annað breytíngaratkvæði hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns heldur meiníngarlaust, og hann fer að minnsta kosti nokkuð aptan að siðunum, þar sem hann vill láta þingið biðja konúng að leggja

fyrir það frumvarp til laga, sem ei að eins koma Íslandi við, heldur og útlendum þjóðum, sem við getum ei sett lög, og það án þess, að biðja konúng að gjöra fyrst samníng við þær um málið. Eg verð því að ráða mönnum frá að fallast á þetta breytíngaratkvæði, sem að eins miðar til þess að setja ekkert í staðinn fyrir það, sem nefndin hefir stúngið upp á, og eg tek það enn hèr fram, að samníngurinn er einmitt því nauðsynlegri, sem stjórnin sjálf hefir sagt i hinum síðustu optnefndu brèfum sínum (sbr. brèf 27. júní 1859 í »Stjórnartíðindunum«) að hún áliti sèr ei heimilt að verja sjóinn lengra, en eina mílu undan landi, og að Bretastjórn hafi jafnvel ei viðurkennt þessa heimild lengra en 3 enskar mílur út, eða $^3/_4$ úr danskri mílu. Hvað Frakka stjórn hefir sagt, vitum vèr ei, eða hvort hún yfir höfuð hefir sagt nokkuð; en það er varla efunurmál, að hún mun ei víkja frá ensku stjórninni í þessu, og það vitum við að minnsta kosti, að hún hefir svarað í verki með því, að lofa fiskiskipum sínum að fara landinu jafnvel miklu nær en svona. Eg get því ei sagt, hver blindni það væri, ef menn vildi nú ei einmitt biðja konúng vorn að gjöra eitthvað verulegt til þess að afstýra þessu vandræði, og það getur hann að eins með því, að gjöra samníng fyrir vora hönd, við Frakka einkum; það er hin eðlilegasta aðferð, að ósk í þessa stefnu komi einmitt fyrst frá landsmönnum, og eg fæ alls ei skilið, hvernig slikt gæti styggt nokkurn konúng eða nokkra stjórn, eða gripið á nokkurn hátt inn í rètt þeirra, eins og hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður hefir verið að segja. Eg veit það vel,að konúngar og stjórnir eiga að gjöra alla samninga, en það er einmitt líka það, sem vèr óskum, og hin nýja viðaukauppástúnga nefndarinnar undir tölul. 10. miðar að eins til, að þíngið geti þó líka haft svo mikil áhrif á málið, sem hugsandi er, og vona eg hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður geti að minnsta kosti ei haft á móti þessu; en að öðru leyti erum vèr nú einmitt hèr á þínginu, til þess að segja, hvers við óskum, að helzt verði gætt í samníngum, og getum því að vonum jafnvel haft nokkur áhrif á málið fyrirfram. Nefndin hefir viljað að takmörkin yrði sett svo langt undan yztu annesjum o. s. frv., sem fremst má verða, og skil eg því ei, til hvers breytíngaratkvæðið undir 7. tölul. gæti gagnað, því *lengra en fremst má verða* komumst við þó aldrei; en að öðru leyti hefi eg ekkert móti meiníngunni, og mundi einmitt álíta það gott, ef tekið væri fram í álitsskjalinu um 3 mílur undan landi, og eg vona, að hinn hátt-

virti varaþingmður fyrir Dalasýslu gjöri sig líka ánægðan með það. Nefndin hèlt, að óhætt væri að treysta stjórninni til að fara svo langt, sem unnt væri, ef hún annars fengist til að semja, og því vildi hún alls eigi binda hendur hennar fyrirfram á nokkurn hátt; og vona eg, að hinn háttvirti konúngkjörni varaþingmaður muni einnig treysta stjórninni svona vel, þar sem hann jafnvel treystir henni til, að fara í strið við hinar voldugustu þjóðir um málið. (*Benedikt Sveinsson:* Hver segír það?) Eg segi, að það sè beinlínis afleiðíng af því, sem hinn háttvirti þíngmaður hefir sagt, hafi annars nokkur meiníng verið í því. En að öðru leyti skal eg nu að eins geta þess, með tilliti til hinna annara breytíngaratkvæða undir tölul. 3, 9 og 11 frá hinum háttvirtu þíngmönnum Snæfellínga, Austur-Skaptfellínga og frá Suður-Múlasýslu, að mèr finnast þau að mestu leyti vera orðin óþörf, ef hin nýja og fyrsta uppástúnga nefndarinnar verður samþykkt, þar eð þau fara öll hèr um bil í sömu stefnuna; og að því er viðaukaatkvæði hins háttvirta þíngmanns Barðstrendínga undir tölulið 15 að endíngu viðvíkur, þá skal eg að eins segja, að eg þykist bæði vera viss um, að það á hèr ei við, og eins líka hitt, að þíngmenn munu ei verða á því.

Stefán Eiríksson: Eg skildi svo niðurlagsatriði nefndarinnar hèr um daginn, og eg skil þau svo enn, þar sem þau eru undir tölulið 6. og 8. á atkvæðaskránni, að það væri verið að tala um nýjan samníng við útlendar þjóðir, og því tók eg mèr þetta viðaukaatkvæði, sem hèr er undir tölulið 9; en eg heyrði nú samt, að hinn háttvirti *framsögumaður* ekki gat fallizt á það; mèr sýndist þó, að stjórnin mega hafa þetta atkvæði til hliðsjónar við samningana, og okkur ríður það á mestu, að fiskiskipin ekki kæmi hèr fyr en með maímánaðarbyrjun, svo eg vona, að þíngið fallist á þennan viðauka minn við nefndina, og enda *framsögumaður,* þegar hann nú gáir betur að, því viðaukaatkvæði mitt á ekkert skylt við atkvæðið undir tölulið 11. Eg felli mig nú vel við þessa nýju uppástúngu nefndarinnar undir tölul. 2, en hún miðar einúngis til að fá eptirlit með útlendum fiskurum, á meðan ekki koma á nýir samníngar; mèr fyndist líka, að þíngið ætti að samþykkja þessa nýju uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 10; þíngið ræður nú, hvað það gjörir við þetta viðaukaatkvæði mitt. Eg ætla nú ekki að tala meira fyrir því, en verði nefndarinnar samþykkt, þà ætti ekki að kasta því.

Indriði Gíslason: Eg ætla að standa upp snöggvast, af því eg á 1 breytíngaratkvæði á þessari atkvæðaskrá, og gjörði eg það mest af því, að mèr fannst nefndin ekki nógu fastákveðin um það, hvernig samníngurinn skyldi verða. Það veit engi, *hvar skórinn kreppir, nema sá sem ber hann,* og því held eg stjórnin taki til þakka, að fá að vita, hvað okkur er hentugast, og eg held, að okkur kynni að iðra, ef, vegna aðgæzluleysis okkar, stjórnin semdi Frökkum í hag en okkur í óhag. Mèr sýnist líka öll breytíngaratkvæðin miða til þess, að skýra málið, og eg held þau öll gjöri gott eitt. Það vakti fyrir mèr, þegar eg samdi breytíngaratkvæðið, að allir vildi fá fiskinn friðaðan, og eg held, að ekki veiti af 3 mílum. Fyrir Snæfellsnesi til að mynda, sem er eitthvað hið bezta fiskipláz, eru víða fiskileiti 3—4 mílur undan landi, að eg ekki tali um hákallaveiðar, sem menn sækja til langtum lengra. Sumstaðar er róið til fiskjar 10 vikur sjávar, svo sem í Fljótum og Siglufirði og miklu víðar. Eg held því takmörkin megi alls eigi vera minni en 3 mílur.

Pètur Pètursson: Eg skal ekki vera langorður. Mèr fannst *framsögumaður* fara lauslega yfir breytíngaratkvæðið undir tölulið 3; hann sagði, að ef uppástúnga nefndarinnar, undir tölulið 2, yrði samþykkt, þá innibindi hún í sèr uppástúnguna undir tölulið 1. Í tölul. 3 er stúngið upp á 1 mílu, og nefndin vill það, virðist mèr, en eg veit það þó ekki, því hún hefir ekkert tiltekið *(Framsögumaður:* Stjórnín hefir tiltekið það sem það minnsta). Mèr finnst og töluliður 2 koma í bága við tölulið 6, því í 2. tölulið er ekki gjört ráð fyrir, að þetta muni verða svo fljótt, en töluliður 6 biður þó um það, *sem allrafyrst.* Ef þessir báðir töluliðir verða samþykktir, þá virðist það vera ósamkvæmni að biðja um eitthvað *sem allrafyrst*, en biðja þó um annað áður. Breytíngaratkvæðin undir tölul. 1 og 3 eru í nánu sambandi, nema hvað tölul. 1 er nákvæmari, að 1 mílu fjarlægðinni fráskilinni. Ef þíngið fellst á tölul. 1, þá má í álitsskjalinu benda á, hve nær þörf sè að skipin komi, og nær þau megi fara, og það er kurteysara, en að til taka vissan dag eða mánuð. Eg þori ekki að segja, hvort einnar mílu fjarlægðin er nóg, en þegar tekið er til frá yztu annesjum, þá held eg það bæti úr, og þegar líka er tekið fram, að þeir ekki megi fiska inn á víkum eða flóum, því þar muni víðast hvar á landi fiskimiðin vera. Eg verð að álíta sundið milli lands og Vestmanneyja vera flóa, og þá ætti takmarkið að vera 1 míla til hafs frá Vest-

manneyjum. Eg hefði kunnað betur við breytíngaratkvæðið, ef þar hefði staðið gildandi lög. Eg gef atkvæði mitt með 1 mílu fjarlægðinni, ef eg má skilja hana eins og eg vil. Eg vil leyfa mèr að leita upplýsínga hjá þíngmanni Barðstrendínga um, hver meiníng hans hefir verið með viðaukaatkvæðinu undir tölulið 15, hvort brèfið skuli ganga gegnum *forseta* til Frakka keisara, eða gegnum *konúngsfulltrúa* til dönsku stjórnarinnar, og svo til Frakkastjórnar. Þetta væri líklega kröptugasta ráðið, ef það gæti orðið, en eg efast um, að eg sem þíngmaður og þegn Danakonúngs geti fylgt því.

Forseti: Eg sè ekkert á móti því, að þíngmaður Barðstrendínga geti gefið þessar upplýsíngar, án þess þar fyrir, að missa orðið á eptir. *(Benedikt Þórðarson:* Eg er ekki áfram um að tala tvisvar).

Björn Pèturssón: Eg er samdóma hinum heiðraða *framsögumanni* í því, að breytíngaratkvæði mitt sè nú orðið óþarft. Nefndin hefir að nokkru leyti tekið það undir þennan nýja tölulið 2. Eg vildi, að herskipin sæi eins um, að þessir fiskimenn gjörði ekki tjón á landi, eins og á sjó, að þjófnaði, ránum o. s. frv. væri hamlað, eins og eg tók fram við undirbúníngsumræðuna, og eins það, að skipin ekki hundruðum saman lægi inni á fjörðum, og biði þar hvert eptir öðru, og öll eptir flutníngsskipunum, sem sækja til þeirra fiskinn. En þetta mætti taka fram í álitsskjalinu til konúngs. Stjórnin þarf að fá að vita, hvernig þessir útlendu fiskimenn brjóta lögin á allan hátt. Þeim er t. a. m. beinlínis bannað, að sigla inn á nema þessar 6 hafnir, sem tilteknar eru í lögunum 15. apríl 1854; en svona traðka þeir þeim lögum, eins og eg hefi áður frá skýrt, t. d. á Fáskrúðsfirði. Mèr finnast hinar nýju uppástúngur nefndarinnar vera miklu betri, en þær fyrri, og gef eg þeim því atkvæði mitt.

Páll Sigurðsson: Eg vil taka það fram, að stjórnin hefir lýst því yfir, að hèr um sè gildandi lög, og þá sýnist mèr eiga að biðja um, að þeim sè fram fylgt, og þau vernduð, svo landið líði ekki tjón, og hefði stjórnin viljað upphefja þau, þá hefði hún átt að lýsa því yfir, og það hefði hún eflaust gjört. Eg get ekki verið á sama máli og hinn 3. konúngkjörni þíngmaður um, að kalla sundið milli lands og Vestmanneyja flóa, og held því að ekki veiti af 3 mílum. Eg held við eigum þó fullan þjóðrètt til að biðja konúng vorn að vernda oss, svo vèr í fullri friðhelgi getum leitað atvinnu vorrar á sjónum og henni sè ekki spillt fyrir oss, eða næst-

um öll hrifin frá oss af annari þjóð; og til þess svo sè, má takmarkið ekki vera minna. Við vitum sjálfir bezt, hvar skórinn kreppir, og því held eg, að við eigum að benda á hin nauðsynlegu takmörk. Meðan eg ekki hefi fulla vissu fyrir því, að hin eldri lög sè upphafin, held eg enga ástæðu til, að biðja um nýjan samning, því þá er fyrst tími til samníngsins, þegar búið er að upphefja lögin. Eg held, að það væri mjög gott, að skrifa Frakka keisara til, því hann er víst svo rèttsýnn, að hann vill ekki láta þegna sína taka matinn úr munni fátækrar þjóðar, eins og við Íslendíngar erum. Mèr þykir vel til fundin uppástúnga þíngmanns Austur-Skaptafellssýslu, hvað tímann snertir, því það er mjög skaðlegt, þegar þessir útlendu fiskimenn fara að veita okkur ónæði og særa og veiða fiskinn, áður en hann er lagstur á miðin, eins og kallað er, því það er full orsök til, að hann leggist ekki, heldur hlaupi aptur út til djúpa.

Benedikt Sveinsson: „Frestur er á illu beztur“, og *„illu er bezt af lokið“* segir máltækið. Eg er nú svo seinfær bæði á sál og líkama, að eg á heldur en ekki bágt með að fylgja hinum virðulega *framsögumanni* út í alla þá króka, sem mèr virtist að hann færi í. Mèr til hægri verka ætla eg að skipta ræðu hans í 3 atriði. Í hið fyrsta skipa eg hinum almennu athugasemdum hans, sem eg álít að ekki komi málinu við, og eg þurfi því eigi að svara. Þá kemur nú hið annað, það, sem hann sèr í lagi hafði á móti breytíngaratkvæðum mínum. Eg átti ekki von á því, að hinn heiðraði *framsögumaður* tæki svo ómjúkt á þessum breytíngaratkvæðum, og mèr finnst ekki betur en að atkvæðaskráin beri það með sèr, að eg hafi ekki getað átt von á því. Hèr eru sumsè komnar nýjar uppástúngur frá nefndinni, sem vissulega að miklu leyti eru líkar breytíngaratkvæðum mínum, og eg verð að segja, að þær sè einmitt lagaðar eptir þeim, því þær eru seinna til orðnar, og að minnsta kosti hefi eg þó ekki getað apað eptir nefndinni. Við undirbúníngsumræðuna kallaði hinn virðulegi *framsögumaður* lögin *riðskóf;* þessa riðskóf hefir nú nefndin aðhyllzt í hinum nýju uppástúngum sínum, því *nú gildandi lög* er þó sannarlega ekki annað en *gildandi lög*, og til þess gæti eg fært hinum heiðraða *framsögumanni* ótal dæmi. Það gleður mig nú, að nefndin hefir þannig slakað til og viðurkennt það, sem eg hefi farið fram á í þessu máli, að það sè rètt, að þíngið biði stjórnina um, að sjá um að lögunum sè betur hlýtt hèr eptir, en hingað til hefir verið gjört.

Mèr virtist það fremur óheppilega til orða tekið af hinum heiðraða *framsögumanni* um breytíngaratkvæði mitt, tölulið 4, að eg færi aptan að siðunum, að fara því fram, að frumvarp væri lagt fyrir alþíngi, ef breyta þyrfti lögunum um fiskiveiðarnar hèr við land; það liggur í augum uppi, að þetta gengur ekki of nærri stjórninni frá þíngsins hálfu, þar sem verið er að ræða um löggjafarmál, en hitt væri að fara aptan að siðunum við rètt þíngsins og þjóðarinnar, ef menn færi því á flot með hinum heiðraða *framsögumanni,* að svipta þau rètti sínum í þessu eður öðrum löggjafarmálum, hvort sem hann svo er fólginn í því, að biðja um slíkt frumvarp, er hèr ræðir um, eða í því, að segja álit sitt um það á sínum tíma.

Þá kemur til 3. atriðið í ræðu *framsögumanns,* og það eru samníngarnir, þessir litlu almennu samníngar! Það lítur svo út, sem nefndin ætlist til, að konúngur vor eigi að semja við alla keisara, konúnga, fursta í öllum heimi. Þetta er mikið í munni, eigi verður því neitað. Skyldi þeir allir eiga að koma á eina stað? Það má reyndar brúka blek, penna og pappír, eins og hinn virðulegi fulltrúi Borgfirðínga sagði um daginn; en þá þarf sendiherrana, *Gesanterne,* og þá líklega fleiri en einn, nema ef menn skyldi geta ímyndað sèr, að hinn heiðraði *framsögumaður* yrði sá aðalsendiherra, *Generalgesant,* sem byggi þennan makalausa samníng til við öll ríki. Mèr dettur þetta í hug, af því það á svo að bera samníninginn undir alþíngi. Skyldi maður nú, hvað sem öðru líður, geta gjört ráð fyrir, að allir einvaldarnir eður veldin yrði svo litillát eða ráðþægin, að leita atkvæða alþíngis um samninga sína við konúng vorn? Eg fyrir mitt leyti játa, að mig hálfsvímar, þegar eg hugsa út í þessa háfleigu samníngahugmynd, sem liggur svo langt fyrir ofan mitt vit. Eins og eg hefi áður sagt, þekki eg ekki til, að samníngar millum ríkja sè lagðir fyrir annað eins þíng og alþíng er. Eg vil að þessu leyti minna þíngið á það, sem fram fór á ríkisþíngi Dana hèrna um árið, þegar nýju konúngserfðalögin voru að komast í kríng; kom það ekki þar fram og varð niðurstaðan, að konúngurinn einn, og engi annar hefði rètt til þess, óháður af þínginu, að gjöra samníng við aðrar þjóðir? og verður því víst ekki neitað, að það mál var varið með mælsku og fylgi frá þíngsins hálfu. Ætli það væri nú ekki bezt fyrir oss Íslendínga, að svo stöddu, að sleppa þessari samníngshugsun; eg treysti konúngi vor-

um til þess, að hann muni semja við aðrar þjóðir, eptir því sem hann sér þarfir vorar útheimta, og staðizt getur með valdi hans yfir landinu *(Territorialhöihed)*.

Eg ætla nú ekki að fara fleirum orðum um þetta mál; og þó eg geti nú ekki tekið aptur til máls um það, treysti eg því, að þingið láti ekki hinn heiðraða málsnjalla *framsögumann* hlaupa með sig í neinar gönur.

Forseti: Það lítur út fyrir, að umræðurnar verði miklu lengri en komið er, því margir hafa þegar beðið sér hljóðs, en fleiri munu þó eptir, og vil eg því fresta umræðunum, um þetta mál og það málið, sem eptir er á dagskránni til kveldfundar, sem eg á-kveð í dag kl. 6 e. m.

Fundi slitið.

Þrítugasti og fyrsti fundur —2. ágúst.

(Kveldfundur).

Forseti gat þess, að þingmaður Árnesinga og þingmaður Eyfirðinga hefði skýrt sér forföll sín frá að koma á þing í dag.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni *framhald af ályktarumræðu um fiskiveiðar útlendra,* og gengur síðan málið til atkvæða; skal eg biðja skrifarana að afhenda málið *framsögumanni,* þingmanni Skagfirðinga.

Framsögumaður (Gísli Brynjúlfsson): Eg ætla mér að svo stöddu að eins að segja það, að þó að mér að vísu þætti ræða hins konungkjörna varaþingmanns, er fundinum seinast var lokið með, merkileg að mörgu, þá þykir mér hún þó ei svo merkileg, að eg þurfi nú þegar að svara henni einni; og vildi eg því enn gjarna, áður en eg svara, heyra tillögur fleiri manna um málið yfir höfuð.

Benedikt Þórðarson: Hinn heiðraði 3. konungkjörni þingmaður skoraði á mig í ræðu sinni, að eg gjörði grein fyrir, hvernig eg hefði hugsað mér að viðaukaatkvæði mitt, undir tölulið 15., ætti að ganga fram; hann spurði, hvort eg ætlaðist til, að það gengi til *konungsfulltrúans,* og frá honum til konungs vors, og konungur sendi það keisaranum. Þessu svara eg því, að eg ætla slíkt ávarp til Frakka keisara, sem atkvæðið hljóðar um, *kon-*

úngsfulltrúa vorum beinlínis óviðkomandi, því hann er hèr fulltrúi konúngs vors, en ekki fulltrúi Frakka keisara, og á því einúngis að taka við þeim málum frá þínginu, er ganga eiga til konúngs. Hitt hugsaði eg, að þingið sendi ávarp þetta gegnum *forseta* sinn, til fulltrúa Frakka keisara í Kaupmannahöfn, og bæði hann að koma því á fram færi fyrir keisarann; mèr þótti nú annars vænt um, að þessi sami heiðraði þingmaður unni atkvæðinu sannmælis, og áleit það mundi geta til góðs komið, ef því yrði framgengt, þar á móti var hinn heiðraði *framsögumaður* allur annar; hann minntist á atkvæðið, en fór stutt yfir málið, og las að eins upp dauðadóm þess, en leiddi þó engi rök að þeim dómi; hann rèði þingmönnum frá, að gefa atkvæðinu gaum, og mat það vansæmandi, að leita þannig útlendrar stjórnar; eg verð nú að segja honum, að mèr sýnist þetta á annan veg; hèr felast þó engi landráð undir, og engi kvörtun er það yfir stjórn vorri og lögum þeim, er hún hefir oss gefið, og sem vèr höfum svo fullan rètt til að njóta, að engi þjóð, hversu voldug sem hún er, á með að svipta oss þeim; vèr biðjum ekki Frakka keisara að gefa oss lög, heldur er hitt, að vèr tilkynnum honum, að eins í hógværum anda, að oss gagnist ekki lög vor fyrir yfirgangi þegna hans; vèr biðjum, að hann seti lög þegnum sínum; en ekki þegnum konúngs vors, seti þau lög, er viðurkenni og lúti undir landslög vor; þessa bið eg menn gæti, sem og hins, að eins göfugur og eðallyndur höfðíngi og Frakka keisari er, mundi virða hèr mál vort, þannig fram borið, og finna það tign sinni og stjórn ósamboðið, að þegnar hans óvirði lög konúngs vors, *og veiti oss saklausri og varnarlausri* þjóð yfirgang og óskunda. Vèr höfum beðið konúng vorn og biðjum enn, að hann sendi oss herskip hingað, til að verja oss ágangínum; vèr vitum, að hann og stjórn hans hefir bezta vilja til þessa, og því máli hefir vel verið tekið, en þó er, sem er, að vörnin hefir ekki komið, og það getur enn dregizt, að hún komi; margt getur orðið í vegi eins hèr eptir sem hingað til, og eg get vel ímýndað mèr, að stjórn vor þurfi að fara hægt í sakirnar að verja oss hèr með hervaldi; hver veit, hvað af því gæti leitt, þar sem voldug og herská þjóð er hins vegar, ef hèr lenti í nokkuð illt milli Frakka og Dana; Danir þurfa að hafa frið við alla menn, eins og vèr, og því, ekki síður en vèr, opt og tíðum að sigla milli skers og báru, þar við ofurefli er að etja; gætum þessa, efumst ekki í, að stjórn vor vill oss vel, en vilinn er ástundum ekki ein-

hlítur. Það eina, sem oss kemur að liði í máli þessu, er það, sem með góðu fæst, hvar sem það verður fengið.

Konúngsfulltrúi: Það er nú búið að ræða mikið um breytíngaratkvæði þau, sem standa á þessari atkvæðaskrá, en eg skal þó leyfa mèr að fara um þau nokkrum orðum.

Breytíngaratkvæðin nr. 1—3 fara yfir höfuð í líka stefnu, nema hvað nr. 2 gjörir ráð fyrir samníngi við útlendar stjórnir um fiskiveiðar við Ísland; en eg aðhyllist þó helzt breytíngaratkvæðið nr. 3, því það er kurteyslega orðað og rètt hugsað, og um leið og það lýsir trausti til stjórnarinnar, að hún muni halda uppi rèttindum landsins í þessu efni, bindur það ekki hendur á stjórninni við vissar tilteknar ákvarðanir, og þetta er og frá þíngsins sjónarmiði, og eptir stöðu þess, einnig það tilhlýðilegasta, og því leyfi eg mèr að mæla meðfram með því, að þíngið beini málinu í þessa stefnu í þess þegnsamlegustu bænarskrá til stjórnarinnar, sem hefir lýst því yfir, að hún fylgi og ætli að fylgja málinu fram þessu samkvæmt.

Viðvíkjandi breytíngaratkvæðinu nr. 4, þarf eg ekki að vera margorður, því eg vona, að þíngið geti ekki aðhyllzt það, eins og það liggur fyrir.

Að stjórnin, eins og breytíngaratkvæðið nr. 6 fer fram á, gjöri samninga sem allrafyrst við útlendar stjórnir um fiskiveiða-rètt útlendra hèr við land, sèr í lagi við Frakka keisara, virðist að vísu, skoðað út af fyrir sig, sennileg ósk, en eg hygg þó, að alþíngi fari, ef til vill, heldur langt; en annað mál væri það, ef slíkt kæmi frá þínginu, eins og bendíngaratkvæði *(Henstillingspunkt)*, og þá skyldi eg ekki hafa á móti því.

7. breytíngaratkvæðið hlýt eg að ráða þínginu frá að aðhyllast, af þeirri ástæðu, að það er engi von til þess, að stjórnin geti orðið við þeirri ósk þíngsins, eptir því sem nú er orðin almenn regla milli þjóðanna um yfirráðin yfir hafinu; og hið sama gildir um breytingaratkvæði þíngmannsins frá Skaptafellssýslu undir nr. 9, þar sem það vill leggja band á útlenda fiskimenn, sem hvorki hefir stað í hlutarins eðli, nè nokkur mögulegleiki til að halda vörð á í framkvæmdinni, og þarf slíkt ekki ítarlegri útlistunar við.

Viðvíkjandi breytíngaratkvæðinu nr. 11, um að stjórnin sendi hingað árlega 2 herskip, til þess að halda vörð, leyfi eg mèr að vísa til hinnar konúnglegu auglýsíngar, sem í þetta skipti kom til þíngsins.

Viðvíkjandi nr. 14 á átkvæðaskránni, skal eg ítreka það aptur

hèr, að stjórnin vill hlynna að þeim fyrirtækjum, sem miða til þess, að koma hèr upp fiskiveiðunum, þegar hún sèr að landsmönnum er það full alvara, og einkum, ef þeir stofnaði hèr fiskifèlög. Þessu hefir stjórnin lýst yfir, en eg sè þó ekkert verulegt á móti því, að þessu sè hreift hèr.

Áhrærandi breytíngaratkvæðið nr. 15 vil eg innilega vara þíngið við, að gefa því nokkurn gaum, því það liggur algjörlega fyrir utan þíngsins köllun, og gæti það því orðið mikill ábyrgðarhluti fyrir þíngið, ef það tæki þannig í málið; — þíngið getur ekki, og má ekki bera upp óskir sínar, nema við sína eigin stjórn; það liggur í augum uppi.

Eg skal svo ekki fjölyrða meir en komið er um þetta mál; en einúngis leyfa mèr að óska og vona, að þíngið fari í þetta mál með allri þeirri stillíngu og varúð, sem eðli þess útheimtir, og ekki gjöri aðrar kröfur en þær, sem með sanngirni og fullri hliðsjón af kríngumstæðunum geti orðið veittar og uppfylltar af stjórn vorri, og því fremur vona eg, að hið heiðraða þíng fari í þessa stefnu, sem það getur verið sannfært um, að stjórnin hefir fullan áhuga á málinu.

Páll Melsteð: Eg vildi láta mèr vera það hugfast í þessu máli, að við hafa sem mesta varúð og hógværð, og það því fremur, sem málið er meir áríðandi og velferðarmál vort Íslendínga, þar sem um annan aðalatvinnuveg vorn er að tala, því eg held það megi svo að orði kveða, að land vort verði lítt byggilegt, ef fiskiveiðar vorar leggjast niður. Eg hefi borið hèr upp 1 breytíngaratkvæði, sem stendur hèr á atkvæðaskránni undir tölulið 3.; það kemur hèr fram eins og ofurlítið einsmannsfar innan um þennan stórskipagrúa, sem á atkvæðaskránni fljóta. Að eg tók til 1 mílu vegar frá landi, kom til af því, að eg hèlt þetta mundi vera það svið, sem stjórnin gæti varið og vildi verja. Með orðunum *„sterkri og stöðugri“* meina eg, að bæði sè næg herskip send híngað og svo árlega, eður á hverju ári, og treysti eg stjórninni til, að verða vel við þessari bón, ef hún laglega og hógværlega er fram borin. Við yztu annes meinti eg yztu odda landsins, t. a. m. Reykjanes, Snæfellsnes o. s. frv., og Vestmannaeyjar þar í innifaldar, eins og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður drap á. Þetta virðist mèr einnig mega leiða út af ráðherrabrèfinu, sem að mig minnir hinn heiðraði *framsögumaður* læsi upp. Það er ekki svo að skilja, að mig langi til að útlendir fiskimenn komi inn að 1 mílu takmarkinu; eg vildi

heldur 3 mílna sviðið, og helzt vildi eg aldrei sjá þá, en hitt gekk mèr til, að tiltaka 1 mílu, að eg hèlt þetta væri það mesta og einasta, sem fengist, og Danir geti verndað. Menn verða að gæta að, hvernig ástatt er, öðrum megin Frakkar, stór þjóð og voldug, hinum megin Danir, fámenn þjóð og óstyrk í samanburði við stórþjóðirnar. Þetta er að vísu hvergi nærri nóg, sem eg hefi tiltekið, nl. 1 mílan, en hún er betri en ekki neitt, og öllum er það kunnugt, að fiskimenn útlendir hafa farið rètt upp í landsteinana; eg held því, að það væri ekki svo óhyggilegt, að fallast á þetta breytíngaratkvæði, og gleður það mig, að hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* og 3. konúngkjörna þíngmanni leyst vel á það. Að því er viðaukaatkvæðið, sem hèr stendur undir tölulið 15, snertir, þá er innihald þess bæði gott og mikið; en mèr dettur þó ekki í hug, að gefa atkvæði mitt með því, því eg álít það alveg ólöglegt, að það gangi þennan veg út frá þíngi. Þíngið getur ekki *sem þíng* snúið sèr til Frakka keisara. Annað mál væri, að skrifa Frakka keisara bænarskrá utan þíngs, og hægt mundi að koma því skjali á framfæri, og skal eg ekkert segja, nema *Napoleon* keisari, sem er mikill og ágætur höfðíngi, tæki því vel, og gæfi því góðan gaum.

Guðmundur Brandsson: Það er þá aptur komið hèr fram í ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* sama efasemin og áður um, hvað sè lög í þessu fiskiveiðamáli, og um magn stjórnarinnar til að láta hlýða þeim. Hann vissi ekki einu sinni, hvort hún mundi geta varið hina stærri firði og flóa, og þá gjöri eg nú lítið úr öllu saman; því ætti hún samt að geta varið 1 mílu fyrir utan Vestmannaeyjar, þá yrði einhver glundroði á, þegar línan væri dregin frá Reykjanesi beina leið þar austur eptir, því þá færi nú flóarnir að stækka. Eg held nú reyndar að bezt væri að halda 3 mílunum, þar sem eigi meiri vissa er fyrir því, að stjórnin geti varið 1 mílu heldur en þrjár. Það verður ekki klórað yfir það: stjórnin veit það ekki einu sinni sjálf, hvað hún á að gjöra í þessu máli, og væri þó engum skyldara en henni, að vita það, og að verja þegna sína yfirgangi. Eg get þó ekki kastað þúngum steini á viðaukaatkvæðið undir tölulið 15, þó það má ske ekki sè í rèttu formi, og mèr í öllu falli þyki það of snemma upp borið, því eg vildi þó fyrst fá að sjá, hvernig stjórn vor nú tekur í málið; en að öðru leyti sè eg ekki, hvað hneykslanlegt er í því, að leita hjálpar hjá öðrum, þegar þeir, sem að manni standa ekki geta, eður ekki vilja hjálpa, enda er engum skyldara en Frakka keisara að sjá um það, að þegnar hans gjöri

ekki saklausum mönnum skaða. Óvissa um fjarlægðina, sem ætti að vera, sýndi sig hèr á þingi bezt við það, að *konúngsfulltrúi* skildi það sem 3 danskar mílur, sem aðrir lögfróðir þingmenn álitu 3 enskar mílur, og er munurinn töluverður. Stjórnin hefir nú enn alls ekkert aunað gjört við mál þetta, en berja við vandkvæðum sínum og úrræðaleysi; en hver veit, kann vera nú takist betur til? Frakkar eru siðferðislega skyldugir til vináttu við Dani, sem opt hafa veitt þeim vel og drengilega, og lagt mikið í sölurnar fyrir, ekki sízt núna um seinustu aldamót, þegar Frakkar áttu í ófriði við enska menn. Hver veit, nema Frakkar, með tilliti til þessa, slakaði til við Dani? Hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* leizt einna bezt á breytíngaratkvæðið undir tölulið 3., en bæði vantar mig nokkuð inn í það, nefnilega um tímann, sem skipin ætti að vera komin á híngað, og svo hefir það, eptir minni meiníngu, þann ágalla, að þar er tiltekin 1 míla sem fjarlægð, sem mèr þýkir of lítið; það er meir en satt, sem þíngmaður Snæfellínga sagði, að ef fiskiveiðarnar eru frá okkur teknar, þá er landið óbyggjandi, og mèr finnst Danir híngað til hafi viljað ráða svo miklu yfir okkur, að engum sè skyldara en þeim, að sjá um að landið ekki eyðist, því það er hætt við, að það yrði snúníngasamt og kostnaðarauki, að flytja okkur núna niður á Jótlandsheiðarnar, eins og einhvern tíma var ráðgjört. Það hefir nú mestur ágreiníngurinn orðið milli hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns og *framsögumansins;* sumt hefir verið svo smátt af því, sem þeim hefir borið á milli, að eg ekki skal minnast á það; en það er einkum verulegt, sem fram hefir komið hjá varaþíngmanninum, undir tölulið 4; en þetta breytíngaratkvæði hans, sem eg að sumu leyti felli mig ekki svo illa við, hefir þann ágalla, að það er svo óákveðið, því hver segir til, þegar þörf er á að breyta hinum gildandi lögum; líklega stjórnin sjálf! Og eptir orðunum verður maður beinlínis að taka það svo, eður stjórninni er með öðrum orðum falið allt á vald, og þykir mèr þetta draga nokkuð úr gæðunum, svo eg veit ekki, hvort hún eptir því færi að leggja frumvarp fyrir næsta þíng, og þess vegna held eg breytíngaratkvæði hans bæti ekki úr fyrir nefndinni; í öllu falli virðist ekki svo mikið djúp staðfest milli þeirra, að þau ekki gæti sæzt fullum sáttum; munurinn er þessi, að nefndin óskar, að samið verði um fiskiveiðarnar, og sá samníngur lagður fyrir þíngið, áður en hann verði samþykktur; en breytíngaratkvæðið fer því fram, að frumvarp verði lagt fyrir þíngið í sama máli, og sè eg ekki, að það sè

í neinu betra. Að öðru leyti skal eg nú ekki fara fleirum orðum um þetta mál; en einúngis geta þess, að eg verð með breytíngaratkvæðunum tölulið 7. og 9., því eg vil láta stjórnina sjá, hvað við viljum í þessu máli.

Árni Einarsson: Það er sannur óþarfi fyrir mig að standa upp, því margir hinir háttvirtu þíngmenn, sem talað hafa í þessu máli, eru búnir að taka það svo ljóslega fram og það miklu betur, en eg hefði gjört; mèr finnst, að málið vera komið í það horf, að eg get ekki annað haldið, en stjórnin hljóti að sýna því meiri framkvæmd, en verið hefir, ef hún er ekki alveg búin að gleyma nauðsyn lands þessa; því hvað duga tóm loforð, eins og hèr hefir verið tekið fram í salnum, ef þau eru ekki uppfyllt? eg verð því að vera þeim heiðruðu þíngmönnum samþykkur, sem hafa farið því fram, að við eigum að biðja stjórnina, að fram fylgja þeim gildandi lögum, fremur en um nýja samninga.

Það hefir verið vafasamt fyrir hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* hvort Faxaflói eigi að vera nndanskilinn fiskiveiðum útlendra; hvað mun þá austur með landi, t. a. m. frá Reykjanesi að Dyrhólaey? Og verði þessi 1 mílu fjarlægð tiltekin, þá verður Vestmannaeyjum illa borgið, þar sem eru $1\frac{1}{2}$ míla milli lands og eyja, og aptur dýpstu fiskimið fullkomnar 3 vikur sjávar frá eyjunum, svo eg held það veiti ekki af, að tiltaka 4 mílur.

Það hefir verið talað hèr um tölulið 15.; eg held það væri kann ske bezta ráðið, sem þar er farið fram á; en hvort það getur átt við, að þíngið fari þess á leit, álít eg vafasamt.

Jón Hjaltalín: Mèr sagði þegar í fyrstunni hugur um, að nefndin hefði hèr fengið mikið vandamál að eiga við, og að hún ekki mundi leysa verk sitt svo af hendi, að öllum líkaði. Þetta er nú, sem von var á, fram komið, og held eg þó, að nefndin hafi farið í rètta stefnu, og þá einustu, sem farin varð. Nefndin vissi mjög vel, að lög voru til, bæði verzlunarlögin frá 1787 og mörg önnur fleiri; en öll þessi lög eru ekkert annað, en nýr viðbætir, sem er kominn fram til enn frekar að sanna þessa sorglegu reynslu, sem við Íslendíngar höfum fengið þefinn af, nefnilega hvaða gagn er að lögum, sem engi fram fylgir og engi hlýðir, það er þetta gamla »pappírsgagn«. Lögin hafa staðið, en samt hefir yfirgangurinn ár frá ári vaxið, svo nú horfir til eyðileggíngar. Nefndin hèlt nú, að til lítils væri aptur á ný að ámálga við stjórnina um, að framfylgja þeim lögum, sem híngað til aldrei hefir verið fram-

fylgt, og hèlt nefndin að stjórninni mundi ekkert hægra fyrir nú en áður. Enda sèr það hver, sem á vill líta, að þar sem stjórnin ekki segist geta sent hingað nema svo sem 2 skútur, mundi hún eiga örðugra með að senda hingað flota, oss til varnar. Það sèr líka hver, sem vill vera sanngjarn, að stjórninni er vorkun; hún liggur, eða rèttara sagt Danmörk liggur, að kalla má, í hálfgjörðu stríði, eður má þá og þá búast við styrjöld við ofurefli sitt, til að vernda þjóðrèttindi sín; henni veitir ekki af öllu sínu þar, og hefir því, ef til vill, ekki frjálsar hendur til að tvístra sínum fáu kröptum. Þetta þóttist nefndin sjá fram á, og kaus hún því eina veginn, sem henni fannst liggja fyrir, nefnilega bænarveginn, til þess að þingið með tillögum sínum styddi stjórnina, þegar hún færi að semja við hlutaðeiganda stjórnir. Engi af nefndarmönnum hefir talað um, að hann byggist við, að »*Congres*» yrði haldinn; það hefir nefndinni aldrei dottið í hug, og dettur víst engum, nema rètt í glensi, sem má ske ekki á sem bezt við í eins alvarlegu máli. Þá hèlt nefndin líka, að Dönum ekki veitti af vinfengi við Frakka, og þóttist því gefa stjórninni gott vopn í hendur með því, að gefa henni kost á, að ota okkur, sem órèttinn líðum, sem þeim, er kvörtuðu yfir honum; og eg er handviss um, að jafn eðallyndur, göfugur og mannúðlegur höfðingi og Napóleon 3. er, Frakka keisari, mundi engu síður, að eg ekki segi miklu fremur, láta undan hógværum og mannúðlegum bónum fátækrar, varnarlausrar og undirokaðrar þjóðar, en undan nokkrum kanónum; hann hefir rólega horft á þær áður, ógurlegrl en hèr gæti orðið um að tala, og ekki orðið hlessa. Eg verð því, samkvæmt þessu, að verða á móti breytíngaratkvæðunum, sem fram eru komin, því þó þau taki sig mjög vel út á pappírnum hèrna, held eg lítið gagn í þeim; það er rètt eins og allir eða flestir þingmenn sè máli þessu alveg ókunnugir. Eg kann að vísu að vera það líka, en svo mikið get eg þó frætt þá menn hèr á þingi, sem hafa álitið, að vegalengdin, sem ákveðin væri í samníngnum milli Frakka og Englendínga við Newfoundland, væri 3 danskar mílur, að hún engan veginn er 3 danskar eður geographiskar mílur, heldur að eins 3 enskar mílur eða $^3/_4$ partar úr danskri mílu. Þetta hefir sagt mèr gagnkunnugur maður, sem hefir sjálfur verið herskipaforíngi við Newfoundland. Það er því ekki til nokkurs hlutar að hugsa til þess, að fá 3 danskar mílur; eða dettur nokkrum í hug að halda, að Frakkar og Englar gjöri okkur hærra undir höfði en þeir hver öðrum innbyrðis? Eg

verð því móti öllu því, sem stefnir í þessa átt. Að því er snertir hina »*nýju uppástúngu*« frá nefndinni, sem stendur hèr undir tölulið 2., þá verð eg að vísu að vera með henni, af því eg slakaði þar til við meðnefndarmenn mína, og, eg segi það hreinskilnislega, að eg finn hana engu betri en fyrri uppástúngu nefndarinnar. Það hefir verið talað mikið um það, að ef samníngur kæmist á, ætti að leggja hann fyrir þíngið, áður hann alveg yrði fastgjörður; en eg get ekki sèð, að þetta sè til neins, nema til að tefja tímann, því líki okkur hann nú, þá föllumst við á hann; en hann kemst þá þess síður í fullt gildi; en líki hann á hinn bóginn ekki, hvað þá? Þá getum við ekki annað, en mótmælt honum; við getum ekki sett nýjan í staðinn, og þá gæti nú þetta mál átt sèr langan aldur. Eg held því, að allrabezt væri, að treysta stjórninni til þessa; geti hún ekki ráðið úr þessu vandamáli, og gjört góðan samníng um þetta mál, þá mun varla bæta um, þó til okkar kasta komi, því engi efast víst um, að hún vili, já, geti stjórnin, segi eg, ekki lagað samninginn, sem mest eptir þörfum landsins, er eg hræddur um, að við gjörum það ekki betur.

Framsögumaður: Mèr finnst nú mál þetta vera farið að komast í það horf, að eg vona menn á endanum muni fallast á uppástúngur nefndarinnar, og skal eg því ei tala margt um hvert einstakt atriði eða allar þær mótbárur, sem fram hafa komið, þegar þær ei hafa snert sjálf aðalatriðin í málinu. Hinn háttvirti 3 konúngkjörni þíngmaður kallaði það ósamkvæmni, að biðja nú í hinni nýju uppástúngu sinni, eins og til bráðabyrgðar um það, að útlendum mönnum verði varið að fiska nær landinu, en lög leyfa, og svo hins vegar að biðja konúng vorn »*sem fyrst*« að gjöra samníng um málið; en eg get þó ei sèð, að þetta sè nokkur ósamkvæmni, því þó nú væri farið að semja sem allrafyrst, þá gat nefndin þó ei ímyndað sèr, að allt væri svo undir eins komið í kríng fyrir því, og að líkindum ekki hin fyrstu árin — en á meðan er einmitt nauðsyn á að hafa við hvert það meðal, sem lög og þjóðrèttur heimila, til þess að verja þennan aðalatvinnuveg landsins, sem fremst má verða. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og ýmsir þíngmenn hafa einnig tekið það fram, sem kost við breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Snæfellínga, að þar er einmitt tiltekin 1 míla frá landi sem það takmark, er útlendir fiskimenn megi eigi koma inn fyrir; en eg get þó ei sèð, að þetta sè nokkur verulegur kostur, og mèr finnst að minnsta kosti vera með öllu óþarft, að

nefna þetta takmark, þar sem stjórnin sjálf hefir einmitt sagt í því brèfi sínu til amtmanna, er eg opt hefi nefnt, að hún álíti það hið rètta, svo við því má búast, að hún muni, hvort sem heldur er, halda sèr við það að minnsta kosti; — en nefndin vildi eigi heldur útiloka, að lengra svæði yrði varið, ef þess væri nokkur kostur. Að öðru leyti verð eg enn að þakka hinum hæstvirta *konúngsfulltrúi* fyrir það, hvað hann tók nú síðast vel í málið, og vona eg þingið taki eptir því, að hann álítur það ei óhæfilegt í nokkurn stað, að alþingi biði konúng vorn að gjöra samníng við útlendar stjórnir; en þar sem hann þó sýndist að hafa eitthvað á móti uppástúngu nefndarinnar undir tölul. 10, þá furða eg mig reyndar nokkuð á þessu, og það því fremur sem mèr áður hafði heyrzt annað á honum. Þó skal eg engan veginn vera harður á þessu atriði, því nefndin bætti því, eins og eg áður hefi sagt, að eins við til frekari tryggíngar þíngsins vegna, og hún ímyndaði sèr því, að þingið mundi að minnsta kosti ekki hafna því, og það get eg heldur aldrei sèð, að slík aðferð í nokkurn máta megi heita ólögleg, því eg veit að minnsta kosti, að hin brezka stjórn á líkan hátt hefir lagt samníngа, er við komu þeim nýlendum hennar, fyrir þíngin í Canada og í Nýfundnalandi, sem helzt má bera saman við alþingið í tilliti til dönsku stjórnarinnar, áður en þeir voru alveg samþykktir; og þó eg geti ei með vissu sagt, hver áhrif þetta á endanum kann að hafa haft á samníngana sjálfa, þá þykir mèr þó auðsætt, að stjórn vor þarf í engu að skammast sín fyrir að fara að dæmum hinnar brezku stjórnar í líkum málum. En þingið ræður nú, hvað það gjörir, og hefði eg þó haldið, að hinn konúngkjörni varaþíngmaður mundi að minnsta kosti ei hafa nokkuð á móti slíkri aðferð; skal eg og enn að eins geta þess með tilliti til atkvæðaskrárinnar, að mèr yfirsást í fyrra skiptið, sem eg talaði, með tilliti til viðaukaatkvæðis hins háttvirta þíngmanns Austur-Skaptfellínga, undir tölul. 9, því það er satt, að það er ný uppástúnga, sem eg í sjálfu sèr ekki get haft nokkuð á móti, nema hvað eg get ei ímyndað mèr, að slíkt nokkurn tíma fáist, og vildi eg því helzt biðja hinn háttvirta uppástúngumann að gjöra sig ánægðan með, að slík bendíng yrði að eins tekin upp í álitsskjalið til konúngs, en eigi beinlínis gjörð að niðurlagsatriði. En eg skal nú snúa mèr að ræðu hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns, sem eg hingað til hefi leitt fram hjá mèr, og það meðfram af því, að eg þykist mega þakka flutníngsmanni hennar og því, hve fjarskalega hann fór í málið,

fyrir það, að mèr finnst það nú vera farið að komast í það horf, sem eg áðan sagði, að vonanda væri að samnings-uppástúngan, sem hann hefir haft mest á móti, gengi fram á þínginu. Eg vildi því og helzt mega sleppa alveg að svara orðum hans, en eg er þó að nokkru leyti neyddur til þess sjálfs mín vegna, og eg vona og að hinn háttvirti *forseti* muni ei meina mèr þetta, þar sem hann leyfði hinum konúngkjörna varaþíngmanni að halda slíka skammarræðu yfir mèr (*Forseti:* Eg skyldi þó ei að það væri beinlínis skammir); mèr gat þó ei annað skilizt, og svo veit eg líka fleiri hafa skilið það, þar sem hann allt af sneri sèr að mèr einum, og tók mig út úr nefndinni, til þess eins og að leggja mig í einelti, en eg skal þó vera svo vægur í svari mínu, sem eg get. Hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður byrjaði þá á því, að »illu væri bezt af lokið«, og þóttist eg strax sjá á því, að hann mundi hafa eitthvað illt í hug, eins og það líka var auðsætt af því, hvernig hann endaði, að hann hafði vonda samvizku, þar sem hann eins og ætlaði að hræða mig með stóryrðum tómum frá því að svara, og með því fyrirfram að kalla það gauragang úr mèr, ef eg dirfðist að taka nokkuð alvarlega til máls á móti honum, þar sem hann mætti nú ei tala optar í þessu máli. En eg veit vissulega ei, hvort það er nokkurt veglyndi, að láta fyrst öllum illum látum í því trausti, að það muni haldast manni uppi, af því menn muni hlífast við að svara af misskilinni vægðarsemi; og þessi von hans skal að minnsta kosti ei hindra mig í að segja það, sem eg álít rètt; heldur ekki hefir nokkur enn brugðið mèr um, að eg færi gaurslega eða staurslega í nokkurt mál, en »margur heldur mann af sèr«, og skal eg því ei fara lengra út í það. Mèr hefir æfinlega þótt gaman að hestum og góðum sprettum, en þeir verða þá líka að fara vel, svo bæði sè gaman að sitja á og á að horfa; en þegar hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður seinast talaði, þá fannst mèr það helzt vera, eins og þegar hestur fer um stakksteinótt holt á versta illhryssíngsbrokki, og það var sannarlega hvorki gaman að heyra nè sjá, en sízt þó fyrir mig, að verða fyrir slíkri útreið, ef ferðin hefði verið eins mikil, og aðferðin var illhryssíngsleg. Hinn háttvirti þíngmaður sagði, að eg væri að leiða þíngið í gönur, útum öll lönd, með samnings-uppástúngunni; en fyrst og fremst á eg nú þá uppástúngu engan veginn einn, heldur að eins jafnt og meðnefndarmenn mínir, svo hvort heldur hún verður oss nú til minnkunar eða sóma, þá elgum við jafnan þátt í hvorutveggja; og svo verð

eg og að leyfa mèr að spyrja, hvort það er ei miklu fremur að leiða þingið í gönur, að vera að bera sig að fá það til að biðja konúng vorn um eitthvað það, sem í augum er uppi, að ekkert getur komið út af, eins og er um breytíngaratkvæðið undir tölul. 4? Mèr þykir það gegna furðu um svo mikinn lagamann, sem hinn háttvirta konúngkjörna varaþíngmann, að hann skuli ei enn geta sèð, að hèr er einmitt ekki um nokkurt innlent löggjafarmál að gjöra (*Benedikt Sveinsson:* Jú!); nei, það er ei, því útlendar þjóðir neita, að vèr eigum sjóinn, nema svo og svo langt út, rètt eins og þegar þræta er á milli tveggja jarðeigenda út af óvissri landareign; því það er eg viss um, að hinn háttvirti þíngmaður mundi þá ei vilja fara svo að, að ráðgast að eins um við heimilisfólk sitt, og setja svo landamerkin, hvar sem hann vildi, án þess að hafa nokkurt tillit til, eða einu sinni að tala um málið við hinn jarðeigandann eða nágranna sinn; af slíkri aðferð mundi í daglegu lífi meðal manna leiða mál, en meðal þjóða getur ekkert úr því orðið, nema stríð á endanum, ef hvorugur lætur undan. (*Benedikt Sveinsson:* Það hefi eg hvergi sagt). Nei, en eg segi það sè beinlínis afleiðíng af allri aðferð hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns í þessu máli, og það er einmitt þessi aðferð, sem eg segi sè að leiða þingið í gönur, að vera svona að brokka með það út um ófrjófsama staði og illileg hrjóstur, en alls ei hitt, að segja mönnum hreint og beint hvernig á málinu stendur í raun og veru; því það er ei að fara í neinar gönur, að nefna bæði Frakka og Englendínga eða aðrar þjóðir, þar sem einmitt um það ræðir, að nauðsyn sè fyrir konúng vorn, að gjöra samníng fyrir Íslands hönd við þessar þjóðir. Að öðru leyti get eg ei annað, en glaðst yfir því, að hinn konúngkjörni varaþíngmaður hafði nú svo fáar ástæður á móti nefndinni og uppástúngum hennar, að öll hin stóryrða ræða hans var eiginlega að eins um tvö lítil orð í uppástúngunni undir tölul. 2, er hann fyrst misskildi, og svo hèlt sèr dauðahaldi við, eins og maður sem nær í hálmstrá í því hann er að drukkna; það kann því að vera, að það í raun og veru sè synd að svipta hann nú þessari litlu frelsisvon í dauðans ósköpunum, en eg neyðist þó til að gjöra það. Það sem hann þá fyrst sagði út af orðinu »*almennur* samníngur«, um einhverja allsherjar-samkomu keisara og konúnga hèr í landi, tekur engu tali og fellur alveg um sjálft sig, þegar að eins er að því gáð, sem nefndin meinti, að orðið »*almennur*« hefir hèr tillit til efnisins í samníngnum, og merkir

ekki annað en það, að samníngurinn eigi að vera um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland yfir höfuð; og hvað hinu viðvíkur, sem hann sagði um orðið »*nú*« fyrir framan »gildandi lög«, þá er það í sjálfu sèr svo lítilvægt, þó hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður sýndist að vera næsta reiður út af því, að eg skyldi vera fús á að gefa honum það, ef eg að eins gæti, og ef eg vissi það mætti frelsa hann frá að drukkna. Og þá held eg nú eg hafi svarað öllu því, sem svarandi var í ræðu hins konúngkjörna varaþíngmanns; en þar sem hann þó allt af var svo ódæll við mig og þíngið í uppástandi sínu, og sýndist í orðum eins og vilja »launa mèr lambið gráa«, án þess eg þó geti vitað, hvað grátt hann eiginlega átti að gjalda mèr — þá skal eg þó að endíngu leyfa mèr að segja þínginu dálitla dæmisögu um það, hvernig stundum fer, þegar menn með of miklu kappi sækjast eptir því, sem fjær liggur, en sleppa hinu á meðan, sem hægra er, og þegar í höndum, því það kalla eg þíngið gjörði, ef það lèti nú hinn konúngkjörna varaþíngmann leiða sig til, að sleppa að biðja konúng vorn, að gjöra samníng við útlendar þjóðir, sem að líkindum má fá, en heimta af honum lög á móti þeim, sem honum er ómögulegt að setja. Svo stóð á, að ófriður var á milli Ólafs konúngs hins helga í Noregi og Ólafs hins sænska Svíakonúngs, er var miklu ríkari höfðíngi; Gautum, sem næstir eru Noregi, leiddist þessi ófriður, og fengu Eymund lögmann sinn af Skörum, til þess að fara til Uppsala á fund konúngs, og tjá honum sín vandræði, en það var mjög örðugt, sakir dramblætis Ólafs konúngs, að fá hann til að slaka til, og var þó Eymundur hinn vitrasti maður. Eymundur kom til Uppsala, er konúngur sat yfir málum manna, og laut hann honum hæversklega; en er konúngur spurði almæltra tíðinda af Gautlandi, þá sagði hann honum sögu þá, er eg áðan gat um. Hann kvað það nú margtalaðast með þeim Gautunum þar vestra, að *Atti dælski*, er þeir kölluðu mestan veiðimann og bogmann, hefði farið af Vermalandi upp á Markir með skíð sín og sleða að skjóta dýr og fugla; hann skreið á skíðum allan daginn og veiddi svo vel, að hann hafði brátt fyllt sleðann, en þá sá hann þar einn lítinn íkorna, og nú vildi Atti líka ná honum. Hann skildi þá eptir sleðann með allri veiðinni, og fór að elta íkornann; en það gekk miður en hann hugði, því íkorninn var stundum niður við viðarrætur, en stundum efst uppi í greinum, og hvernig sem Atti lèt, þá hafði hann þó aldrei þennan litla íkorna; myrkrið datt á og Atti varð að hætta við svo búið; en þegar hann

kom þar, sem hann hafði skilið eptir sleðann og veiðina, þá var allt horfið, og Atti varð að snúa heim aptur slippur — það hafði hann af ofurkappi sínu. Aðra sögu sagði og Eymundur líks efnis um Gauta Tófason (*Forseti* grípur fram í); en eg sleppi því, og get þess að eins, að daginn eptir, þegar konúngur spurði spekínga sína — en þeir voru 12, og helzt nafngreindir þrír bræður, Þorviður stami, Freyviður daufi og Arnviður blindi — hvað Eymundur lögmaður mundi hafa meint með sögum sínum, þá varð engi til að svara, nema Þorviður stami, hann kom með naumindum út úr sèr þessum orðum: »*Atti, atsamr, ágjarn, illgjarn, dælskur, fólskur*«; en Freyviður eða Arnviður bróðir hans lagði þau svo út, að Eymundur mundi hafa viljað sýna konúngi, til hvers of mikil ágirni eður ofurkapp leiddi. Eg leyfi mèr nú að heimfæra þetta upp á vort mál, og eg vildi sannarlega óska, að þíngið lèti ei af neinni dælsku leiða sig i þá fólsku, að telja oss Íslendínga svo alveg fyrir utan allan þjóðarrètt, að vèr þurfum ekkert tillit að taka til hans; og eg tek það hèr upp aptur, sem eg áður hefi sagt, að slík aðferð er að eins samboðin riddaranum Don Quijote og hans nótum, en ei heilbrigðum mönnum. Að byggja allar vonir sínar á gömlum lögum eða löggjafarvaldi konúngs einu í þessu máli, eins og hinn konúngkjörni varaþíngmaður vill, er að eins að veifa gamalli riðskóf, og eg get því ei heldur kallað það annað en atsemi af honum, að vera enn allt af að berja slíkt blákalt fram; en þíngmönnum verð eg að segja það, að, ef þeir samt fallast á breytíngaratkvæði hans, en hafna uppástúngum nefndarinnar, þá get eg ei annað sèð, en að þeir hafi gjörspillt málinu, því það er sannarlega hið sama sem að segja, að maður í raun og veru vili ekki neitt verulegt úrræði eða endurbót; að fallast á breytíngaratkvæðið undir tölul. 4, það er að vilja ekki neitt. En þetta er nú á þíngsins valdi, og ráði það! Eg skal að eins að endíngu geta þess, að sá er enn munur á breytíngaratkvæðunum undir tölul. 12 og 13, að hið fyrra er yfirgripsmeira, því »heimilisfastir menn« geta bæði verið lausamenn og húsmenn, þó ei sè víst þeir megi heita »búsettir«; en þessa menn vildi nefndin ei heldur með nokkru móti útiloka, því þeir geta eins verið, og eru opt líka hinir allrabeztu sjómenn og mestu fiskimenn.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hefi ekki talað fyr í þessu máli, og vona, að þíngmenn fyrirgefi mèr, þó eg tali nokkur orð.

Hinn heiðraði *framsögumaður* kannast víst við söguna um

Kára og Þorgeir Skorargeir, er þeir riðu tveir eptir þeim Sigfússonum, og hittu þá sofandi í dæld einni, og Þorgeir spurði Kára, hvort þeir skyldi vekja þá; þá mælti Kári: »Eigi spyrðu þessa af því, að eigi hafir þú þetta ráðið með þèr, að vega eigi að liggjandi mönnum, og vega skammarvíg« En hann hefir víst eigi munað eptir þessu, þegar hann var með þessa ræða sína, því að mèr finnst þetta geta átt heima við ræðu *framsögumanns*, er hann ekki einúngis vegur að hinum konúngkjörna varaþíngmanni, sem ekki getur svarað honum, og má því líkja við sofandi mann, er enga vörn getur veitt, heldur jafnvel margsaxar hann, og hefir gaman af; það er sannlega ódrengileg aðferð, enda verð eg að segja fyrir mig, að mèr finnst *framsögumaður* hafa verið töluvert óvæg-ari við hinn konúngkjörna varaþíngmann, en hinn konúngkjörni varaþíngmaður við hann, þar sem hann ber honum á brýn, að hann vili flækja stjórn vora í ófrið við aðrar þjóðir; hann veit þó víst, hvað á því segist, að egna til styrjaldar; en þá má hann líka vita, hversu ábyrgðarmikið það er, að brígsla öðrum um slíkt *(Benedikt Sveinsson:* Heyr! heyr!). Þegar eg sný mèr nú til málsins, þá virðist mèr það rètt, sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að við eigum að halda okkur við lögin, meðan þau eru til, og biðja stjórnina um, að verja okkur eptir þeim. Stjórnin hefir sett lög 1631 og 1636, og í verzlunartilskipuninni 1787 er sagt, að útlendir fiskimenn megi ekki fiska *undir landinu;* þetta er óákveðið, og hlýtur að miðast við eitthvað, sem áður er til. Eru nú þessi lög upphafin, eða eigi upphafin? Mèr stendur á sama, hverju svarað er. Ef þau lög væri upphafin með lögunum 1812, þá eru það lög; sè þau ei upphafin með neinu lagaboði, þá eru þau enn gildandi. Það liggur því beint við, að biðja stjórnina að vernda landið eptir gildandi lögum; en það er stjórnin, en eigi þíngið, sem á að skera úr því, hvað gildandi lög sè. Að biðja um samníng, er sama sem að biðja um, að upphefja gildandi lög. Ef stjórnin ekki treystist til að fram fylgja gildandi lögum, þá liggur næst, að hún óski breytíngar á þeim, og leggi það fyrir alþíngi; eða ef stjórnin segir: „*þetta* eru gildandi lög«, þá er tími til að biðja um breytíngu, ef lögin eigi eru nógu tryggjandi, eða duga. Stjórnin hefir aldrei sagt, að hún ekki treystist til, að fram fylgja gildandi lögum, og aldrei gefið það í skyn; en þótt henni eigi sè auðið að fram fylgja lögunum í einu einstaka tilfelli, á þá að upphefja lögin fyrir það? og ef stjórnin ekki getur sent upp skip, þá er hún jafnófær til

allrar varnar, hvort sem svæðið er minna eða stærra; og þó samningur komist á, þá á hún eins óhægt með að sjá um, að *honum* verði framfylgt, ef hún lendir í ófriði. Stjórnin þarf jafnt að senda skip til að verja víkur og voga, hvort sem heldur er eptir gildandi lögum eða samningum. Til hvers eru veiðilögin okkar? Ef frakkneskir menn færi inn á Breiðafjörð og færi að skjóta æðarfuglinn, ætla lögin nái þá ekki til þeirra, og ætli það væri ekki saknæmt, þó stjórnin segði: eg gat ekki sent upp skip þetta árið, sökum sèrstaklegra atvika. Þar sem *framsögumaður* var að tala um, að viðurkenna lög, þá virðist mèr þetta barnæði eitt, og ætti víst ekki við, að setja slík orð í brèfi til konúngs. Þar sem hann skírskotar til þínga í *Newfoundlandi* og *Canada,* þá verður hann fyrst að sanna, að þau þing sè sett með sömu lögum og alþingi, og hafi sama vald, og ekki meira, áður en hann fer að líkja því saman. *Framsögumaður* sagði, að *konúngsfulltrúi* hefði verið með nefndarálitinu; en mèr skildist eigi betur en svo, að ræða hans væri að öllu leyti gegn því; en þar sem *konúngsfulltrúi* sagði, að töluliður 3. væri kurteysari en töluliður 1., þá get eg eigi sèð, í hverju sú kurteysi er fólgin; eg held, að 1. töluliðurinn sè öllu kurteysari, því að þar er stjórninni lagt á frjálst vald, að ákveða takmörkin. Eg held, að stjórnin ekki megi gefa nokkuð eptir af rètti sínum sem löggjafari Íslands, og eg get ekki sèð, að útlendar þjóðir geti gefið Íslandi lög; það er konúngur einn og þingið, sem getur það. Eg gef nú ekki meira fyrir *hald framsögumanns,* en *mitt;* hann skírskotaði til auglýsíngarinnar til þingsins í vor, þar sem stjórnin segir, að hún skuli senda herskip hingað, *svo opt sem því verði við komið;* þar með segir hún ekki, að hún ekki treysti sèr; en það verður að vorkenna Dönum, þó þeir ekki á ófriðartímum geti sent skip; það hafa stærri þjóðir einatt ekki getað, þegar eins hefir staðið á. Viðvíkjandi því, að samningurinn verði lagður fyrir þingið, þá er eg nú þar með öllu frá. Uppástúnguna undir tölulið 15. vil eg helzt leiða hjá mèr, og mun hvorki á þingi nè utanþings gefa henni atkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Það var nú komin slík værð á mig, að eg var nærri því sofnaður; en eg vaknaði ekki sízt af því, að eg sit svo nærri þingmanni Reykvíkinga, og eg vona, þingmenn taki mèr ekki illa upp, þó eg tali með meiri værð en hann og *framsögumaður* töluðu. Eg hefi reynt að taka eptir því, hvað mönnum ber á milli, en það eru *samníngar* nefndar megin, en *lög*

hinum megin, og þeir menn, sem eru í þeim flokki, vilja að stjórnin skuli segja, hvað lög sè. Eg held hún eigi bágt með að segja, hvað lög eru; það dugar ekki að vitna í einkaleyfisbrèfin frá 1631 og 1636, sem giltu, meðan verzlunin var í höndum konúngs, en síðan hún er orðin frjáls, gilda þau ekki; enda hafa engi einkaleyfisbrèf síðan komið út. Eg gjöri heldur ekki mikið úr úrskurðinum frá 1812, að minnsta kosti sem lögum hèr á landi, því það er hann alls eigi. En hitt er auðvitað, að þó engi lög sè gildandi, þá er þó ætíð til *rèttur* konúngs yfir sjónum hèr. En hversu langt nær hann? Eg ætla að öll þau lög, er konúngar setja um það efni, hafi ekki skuldbindandi krapt fyrir aðrar þjóðir. Þeir, sem hafa haft á móti því, að gjörður sè samníngur, hafa ekki fundið að honum sjálfum, heldur sagt, að hann væri ekki til neins gagns, en þeir hafa ekki sannað, að ekki væri eins hægt, eður eg þori að segja miklu hægra, að framfylgja samníngnum en einhliðuðum lögum. Það er líka merkilegt, að við skulum ekki vilja hafa samníng, eins og allar aðrar þjóðir hafa, og að við ekki skulum álíta það tryggjandi fyrir oss, sem þeir álíta hina mestu trygging fyrir sig; eða ætla aðrar þjóðir *semi,* af því þær eru ekki eins færar um, að gefa lög, sem Danakonúngur? *(Benedikt Sveinsson:* Nei!) Nei! heldur gjöra þær það sèr til tryggíngar. Eg get ekki skilið, að það sè neinn verulegur ágreiníngur, milli nefndarinnar uppástúngu, tölulið 2., og breytíngaratkvæðisins undir tölulið 1., nema hvað hinn konúngkjörni varaþíngmaður er nokkuð heimtufrekari. Báðir vilja hafa *næg* herskip, en breytíngaratkvæðið undir tölulið 1. vill hafa þau hèr við land fram til 1. september, er nefndin áleit óþarft. Þá kemur töluliður 4., sem er náskyldur 10. tölulið; 4. tölul. biður um frumvarp, 10. biður um, að þíngið megi fá að sjá samníginn; eg sè ekki betur, en það sè hèr sama í báðum í rauninni, og ekki annað en orðamunur. Ef stjórnin fer að semja, þá á samníngurinn að nokkru leyti að vera lög fyrir Ísland, og eptir alþíngistilskipuninni á að bera undir þíngið öll ný lög,er viðkoma eignarrètti. Samníngurinn getur ekki komið í bága við lög, ef engi lög eru til; en ef hann skyldi koma í bága, þá leggur stjórnin fyrir þíngið þær greinir, sem breyta lögunum, sem álitsmál eptir 10. tölulið, eða þá tekur þær úr, og gjörir þær að frumvarpi eptir 4. tölulið. Stjórnin leggur ekki fyrir þíngið annað en þá breytíngu, sem samníngurinn gjörir á lögunum, eður það nýmæli, er hann gjörir á veiðirètti landmanna. Eg skal svo ekki tala meira

um breytíngaratkvæðin, nè um tölul. 15, nema hvað mèr finnst ráðlegast það, er þíngmaður Snæfellínga stakk upp á; en hitt er víst, að þíngið *ex officio* getur ekkert við það gjört. Eg veit líka, að Bretar skrifuðu *Napoleon* nýlega til stórt brèf, svona privat, og sendu menn með.

Eg get ekki sagt annað, en að eini munurinn á áliti nefndarinnar og hins konúngkjörna varaþíngmanns er sá, að nefndin stígur feti framar; hún vill fá samníng þjóðinni til tryggíngar, hún vill, að vèr Íslendíngar komumst í samband við aðrar þjóðir, og eg ætla, að vèr hefðum gott af að fá samníng við Frakka. Eg held það sè óhætt fyrir þíngið, að fara sama veg, sem allar þjóðir álíta sèr sæmilegan, og til hinnar mestu tryggíngar, og eigi því að biðja konúng vorn að gjöra samníng.

Framsögumaður: Eg skal að eins svara hinum háttvirta þíngmanni Reykvíkínga því, sem eg er neyddur til, en það er það, að eg verð að biðja menn að minnast, að eg var ei sá, sem fyrst byrjaði nokkurt fjarskalegt tal í þessu máli, og eg svaraði að eins því, sem maklegt var. En »ber er hver á bakinu, nema sèr bróður eigi«, og það vissi eg æfinlega, að hinn konúngkjörni varaþíngmaður átti sèr nú slíkan hrauk í horni, þar sem þíngmaður Reykvíkínga er, þó hann væri sjálfur dottinn úr sögunni um sinn; eg vissi, að hann gat þó æfinlega svarað mèr með munni hins háttvirta þíngmanns Reykvíkínga, og eg þurfti því alls eigi að hlífa honum þess vegna. Að öðru leyti er mèr það mjög svo leitt, að vera að kýtast við einstaka menn í þessu máli, sem er miklu meira vert en svo; og eg skal því, áður en til atkvæða er gengið, að eins óska þess, að stjórnin taki vel í málið, eins og eg líka vona, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* muni verða því meðmæltur í þá stefnu, sem eg nú enn helzt verð að biðja þíngið að beina því í. En þar sem þíngmaður Reykvíkínga kallaði það barnalegt, að ímynda sèr, að stjórnin mundi ei fara miklu lengra, en hún sjálf viðurkenndi, að hún hefði rètt til, ef menn að eins beiddi hana um það, þá skal eg að eins leyfa mèr, að spyrja, hvort barnalegra er, að ímynda sèr þetta, eða þá hitt, að vilja alls eigi biðja hana annars, en einmitt þess, sem hver heilvita maður má sjá, að hún hvorki getur gjört, nè nokkur árangur má sjást af? Og að svo mæltu legg eg málið enn á þíngsins vald.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg þessari á-

lyktarumræðu lokið, og vil biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu atkvæði þannig:

1. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar* samþykkt með 11 atkvæðum gegn 9.
2. *Nefndin* fallin eptir atkvæðagreiðslunni við tölul. 1.
3. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs* fallið eptir atkvæðagreiðslunni við tölul. 1.
4. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar* samþykkt með 12 atkvæðum gegn 7.
5. Orðabreytíng *Arnljóts Ólafssonar* samþykkt í einu hljóði.
6. *Nefndin* (fyrirsögnin) samþykkt með 11 atkv. gegn 7.

Við stafl. *a* var leitað atkvæða með nafnakalli, og fellu atkvæði þannig, að

»*já*« sögðu:	»*nei*« sögðu:
Benedikt Þórðarson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Árni Einarsson.	Benedikt Sveinsson.
Arnljótur Ólafsson.	Helgi G. Thordersen.
Ásgeir Einarsson.	Jón Pètursson.
Björn Pètursson.	Páll Sigurðsson.
Gísli Brynjúlfsson.	Pètur Pètursson.
Guðmundur Brandsson.	
Indriði Gíslason.	
Jón Hjaltalín.	
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Haugum.	
Páll Melsteð.	
Stefán Eiríksson.	
Sveinn Skúlason.	

(Þingmaður Árnesinga, Húnvetníngа og Eyfirðínga voru fjærverandi).

Stafl. *a*, af uppástúngu nefndarinnar tölul. 6., þannig samþykktur með 14 atkv. gegn 6.

—— *b*, samþykktur með 16 atkv. gegn 1.

7. Breytíngaratkvæði *Indriða Gíslasonar*.

Við þennan tölulið var atkvæða leitað með nafnakalli, og fèllu atkvæði þannig, að

»*já*« sögðu:	»*nei*« sögðu:
Benedikt Þórðarson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Árni Einarsson.	Arnljótur Ólafsson.
Guðmundur Brandsson.	Ásgeir Einarsson.
Helgi G. Thordersen.	Björn Pètursson.
Indriði Gíslason.	Gísli Brynjúlfsson.
Jón Sigurðsson frá Haugum.	Jón Hjaltalín.
Páll Sigurðsson.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
Pètur Pètursson.	Páll Melsteð.
Stefán Eiríksson.	Sveinn Skúlason.

(Hinn 4. konúngkjörni og hinn konúngkjörni varaþíngmaður greiddu ekki atkvæði; en fjærverandi voru þíngmaður Árnesínga, Húnvetnínga og Eyfirðínga).

Tölul. 7. þannig felldur með 9 atkv. gegn 9.

8. *Nefndin* samþykkt með 19 atkv.
9. Viðaukaatkvæði *Stefáns Eiríkssonar* samþykkt með 10 atkv. gegn 7.
10. *Nefndin* samþykkt með 11 atkv. gegn 7.
11. Viðaukaatkvæði *Björns Pèturssonar* fallið eptir atkvæðagreiðslu 1. tölulið.
12. *Nefndin* samþykkt með 17 atkvæðum.
13. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar* fallið.
14. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
15. Viðaukaatkvæði *Benedikts Þórðarsonar* tekið aptur.
16. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 16 atkv.

Forseti: Í þeirri von, að ekki verði langar umræður, ætla eg þá, samkvæmt dagskránni, að láta koma til *ályktarumræðu* og *atkvæðagreiðslu* málið *um þann tíma, sem manntalsþíng skuli halda í Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslum. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Reykvikínga. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg, að þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: þegnleg uppástúnga um *að breyta tímanum til manntalsþínga í Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslum.*

1. Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar:*

Að uppástúngur nefndarinnar 1.—2. orðist þannig:

»Að konúngurinn mildilegast vildi skipa svo fyrir, að mann-

talsþíng í Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslum þurfi ekki hèr eptir að byrja fyr en í júní og júlímánuðum«.

2. *Nefndin:*
   a. Að hann (ɔ: konúngurinn) mildilegast vildi svo fyrirskipa, að manntalsþíng skuli hèr eptir byrja í Ísafjarðarsýslu eigi fyr en 10. júlí.
   b. Að sektalaust sè, þótt manntalsþíngum í Barðastrandarsýslu eigi sè lokið fyr en síðara hluta júlímánaðar.
3. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Af því þetta mál var rætt hèr svo mikið í gær, og af því svo miklar orrahríðir hafa orðið hèr í dag, þá vona eg, að menn komi sèr saman um, að vera ei langorðir nú, enda er málið ekki stórt, og eg vona, að við, sem kunnugir erum á Vesturlandi, höfum skýrt það svo vel, að öllum sè ljóst, hver nauðsyn er á, að þetta fáist. Það var að eins þíngmaður Strandasýslu, sem ekki var við í gær af þeim þíngmönnum, sem kunnugir eru; og af því að brigður voru bornar á orð okkar hinna, sem kunnugir erum þar, væri gott, að hann vildi láta álit sitt í ljósi, svo þíngið hefði einum fleiri kunnugra manna að halda sèr til.

Jón Pètursson: Eg áleit í gær, að nefndaruppástúngan ætti ekki að takast, og færði ástæður fyrir því, sem eg þarf ekki að taka upp aptur. En eg geng alveg inn á breytíngaratkvæði þíngmanns Gullbríngusýslu, því það getur fullkomlega samrýmzt við þau lög, sem eru um sýsluveitíngar. Sýslumaðurinn á, eptir nú gildandi lögum, að byrja að þínga í maí, og ef hann ekki gjörir það, verður hann að færa rök fyrir því í þíngbókinni. En eptir þessu breytíngaratkvæði er honum yfirlátið, að láta þínghöldin bíða þangað til í júní og júli, eptir því, sem honum og sýslubúum hezt hentar. Ef hann á að fara frá sýslunni, getur hann þíngað á hinum lögskipaða tíma, sem nú er, svo hann geti fengið inn gjöldin, áður en hann fer. Þetta breytíngaratkvæði er því til betra fyrir alla hlutaðeigendur, og því gef eg því full meðmæli mín.

Páll Melsteð: Eg vil líka láta í ljósi, hvernig eg ætla að gefa atkvæði. Eg fellst á breytíngaratkvæði þíngmanns Gullbríngusýslu; en get ei fallizt á nefndaruppástúnguna.

Benedikt Þórðarson: Að því er Barðastrandarsýslu snertir, þá

fer breytíngaratkvæði þíngmanns Gullbríngusýslu öldúngis í sömu átt og uppástúnga nefndarinnar; en um Ísafjarðarsýslu er nokkuð öðru máli að gegna, en þó er hèr munurinn ekki mikill, svo nefndin mun ekki setja sig á móti því, þó breytíngaratkvæðið komist að.

Ásgeir Einarsson: Af því hinn háttvirti *framsögumaður* skoraði á mig, svo sem kunnugan, þá verð eg að tala nokkur orð. Eg hefi lýst því yfir áður, að það, sem hann sagði um þetta mál, hefði hann sagt satt; og þó eg sè ekki vel kunnugur þar vestra, þá hefi eg þó komið þar nokkrum sinnum, og eg vildi því óska, að þeir þar fengi bæn sína uppfyllta. Að því er undirbúníng þessa máls snertir, sem eg frètti að hefði þótt svo slæmur hèr á þínginu í gær, þá held eg það þurfi ekki að verða að meini; stjórnin hleypur varla af sèr hornin með að veita þetta; hún notar sèr líklega rètt sinn eptir alþíngistilskipuninni, og leggur frumvarp um það fyrir þíngið, eða þá má ske ritar amtmanni og sýslumanni um það, svo eg held, að þetta sè engi ástæða til að fella málið; og eg held, að það hafi ekki verið sterkara form á sumum málum, sem hafa verið samþykkt á þíngi. Mèr þykir það annars býsna hart, þegar menn vilja ekki hafa neitt tillit til þess, sem kunnugir menn segja; eg hafði hèr eitt mál til meðferðar, sem sèrstaklega viðkom kjósendum mínum, og mèr hefði þótt hart, ef þíngið hefði ei tekið tillit til framsagnar kunnugra manna; en eg þarf ekki að kvarta, því þíngið fór sómasamlega með það. Eg vil ei setja mig á móti hèraðsmálum, sem kunnugir menn segja, að sè á góðum rökum byggð, þó þau sè ekki vel formleg eða í hæfilegum fegurðarbúníngi; og það getur vel verið, að Ísfirðíngar ekki sè vel fastir í þessum reglum, og hafi gleymt að láta skrifarann skrifa undir fundarálitið. Þar að auki hefir frètzt, að varaþíngmaðurinn hafi ekki verið búinn að fá tilkynníngu frá þíngmanni í tækan tíma, svo þar af leiddi, að þeir höfðu engan vissan að halda sèr til.

Framsögumaður: Af því minnst hefir verið á breytíngaratkvæðið undir tölul. 1, þá vil eg taka það fram, að þó eg óskaði heldur, að þíngið hefði fallizt á uppástúngu nefndarinnar, þá vil eg þó með fúsu geði ganga að breytíngaratkvæðinu, ef þíngið vill það heldur; því það er mest í varið, að málinu sè hreift, svo stjórnin sjái vilja manna í þessu efni, því eg geng vakandi að því, að stjórnin sjálfsagt muni leggja frumvarp um það fyrir þíngið í næsta skipti.

Pètur Pètursson: Þó eg vili nauðugur þreyta þolinmæði þíngmanna, þá verð eg þó að láta í ljósi, hvernig eg greiði atkvæði

mitt. Eg tók skýrt fram í gær, að, bæði frá þingsins og Ísfirðinga sjónarmiði, hlyti það að vera varúðarvert, að senda um það bænarskrá til konúngs; eg nenni ekki að taka ástæður mínar fyrir þessu upp aptur; eg veit líka, að þingið muni vera búið að skapa sèr sannfæringu um málið. Ósk Ísfirðinga er alls eigi fullnægt með breytíngaratkvæði þingmanns Gullbríngusýslu; þeir biðja um, að þingin dragist til 10. júli, af því þeir sè að fiskiveiðum þangað til; en eptir þessu er þeim ekki gjört neitt hægra fyrir, eptir en áður, ef sýslumaðurinn vill ei draga þínghöldin fram að 10. júlí. Eg skil nú þó i, að Ísfirðíngar biði um þetta; en eg skil ekkert í þessu þíngdrolli hjá Barðstrendíngum um miðjan slátt; eg gæti skilið, ef beðið væri um þetta eptir slátt. Eg veit reyndar, að þíngmanninum þaðan hefir gengið gott til með uppástúngu sína, og vill gjöra gagn með henni; en eg efast um, að hún verði að neinu sönnu gagni, ef menn eiga að fara að ríða á þíng um miðjan slátt, og fara yfir örðugar og langar leiðir, þá held eg það verði töluverð tímatöf. En það er eiginlega undirbúníngur málsins, sem kemur mèr til að vera á móti því, og þíngið og flutníngsmenn verða að ábyrgjast, að því reiði vel af.

Guðmundur Brandsson: Eg þarf ekki að mæla mikið með breytíngaratkvæði mínu, því það hafa allir fremur stutt það, nema hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður. Þó finnst mèr hann nú komast í nokkra mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann sagði í ræðu sinni áðan, að ósk Ísfirðínga væri ekki fullnægt með breytíngaratkvæði mínu; en við undirbúníngsumræðuna sagðist hann ekki þekkja neinar óskir Ísfirðínga í þessu tilliti. Að því er breytíngaratkvæði mínu viðvíkur, þá getur það nú aldrei spillt fyrir Ísfirðíngum, því 10. júlí er þó í júlímánuði, og geta þeir þá haft hann til þínghaldsins, ef þeim er hann hentugri en aðrir dagar; en eg vildi ekki binda byrjun þessara þínga við þennan eina dag, sízt í tveimur sýslum, og því orðaði eg breytíngaratkvæðið, eins og það er hèr komið fram; eg vissi líka um þessi þínghöld í Norður-Múlasýslu, og mun vera líkt ástatt á báðum stöðum. En eg tók mèr þetta breytíngaratkvæði, til að koma sáttum á milli þeirra tveggja sundurleitu flokka, sem komu fram í máli þessu, og hèlt, að allir mundu verða ánægðir með það. Því hefir verið slegið fyrir, að það væri engi vissa fyrir, hvort margir eða fáir hefði ritað undir bænarskrána, eða að hún hefði verið send með vitund sýslumannsins. Þó þetta væri nú satt, þá held eg, að allt

gæti jafnazt, ef breytíngaratkvæðið væri samþykkt, því eptir því getur sýslumaðurinn komið sèr saman við sýslubúa sína um það, hve nær þíngin skuli haldast í hverjum hrepp. Mèr gekk einúngis það til, að reyna að liðka málið, svo að bænarskrá yrði send til stjórnarinnar. Hún ræður svo, hvað hún gjörir, hvort hún leggur frumvarp um það fyrir þíngið seinna eða ekki.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Af því eg ætla að gefa atkvæði á móti þessu máli, verð eg að gjöra grein fyrir, hvers vegna eg gjöri það, og það er þá einkum af því, hvernig málið er undir búið, að það er engi vissa fyrir því, að það sè nema frá einstökum mönnum. Það hefir verið sagt af sumum þíngmönnum, að það væri hart, að tortryggja þessa kunnugu menn, sem mælt hafa fyrir málinu um, að þetta, sem hèr er farið fram á, væri nauðsynjamál Ísfirðínga; en eg held, að það sè engan veginn hart eða ósanngjarnt, að tortryggja þá um, að þetta sè almenn ósk Ísfirðínga, því fyrir því hafa þeir ekki fært eina einustu ástæðu. En til þvílíkrar breytíngar sem þessarar, er hèr er farið fram á, þarf almenna ósk. Ef einhver hreppur er í sýslunni, sem ekki er sjávarhreppur, er honum sýndur beinlínis ójöfnuður með því, að taka af honum þann rètt, sem nú gildandi lög heimila honum, að þíng sè haldin í maí og júnímánuðum; að þessu bið eg þíngmenn vel að gá, því til þess að þíngið gangi inn á þessa breytíngu, sem hèr liggur fyrir, heyrði, að bænarskrár hefði komið um það frá hverjum hrepp í sýslunni; annars á ekki þíngið og má ekki breyta, eða stínga upp á að breyta þínghaldatímanum. Það hefir verið sagt, að breytíngaratkvæði þíngmanns Gullbríngusýslu bætti úr þessu máli, og það er satt að nokkru leyti. Það fullnægir óskum Ísfirðínga, svo framarlega sem hann hefir vissu fyrir, að vili Ísfirðínga sè líka vili sýslumannsins. En ef sýslumaðurinn vill nú byrja að þínga í júnímánuði, hvernig er þá vilja þeirra fullnægt, ef þeir biðja um, að þínghöldin dragist fram að 10. júlí? Þetta verður því auðsjáanlega allt komið undir sýslumanninum einum, og hafa menn víst enga vissu fyrir, að þó sá sýslumaður, sem nú er, ef til vill, vili þetta, að allir sýslumenn hèr á eptir verði sama sinnis. Eg held því, að það sè mjög varúðarvert fyrir menn, að samþykkja málið, eins og það nú liggur fyrir, og það því fremur, sem Ísfirðíngum, ef málið er fellt núna, stendur opinn vegur fyrir, að senda um það almenna og formlega bænarskrá til næsta þíngs.

Framsögumaður: Eg skil ekki í, hvernig menn geta allt af

verið að tönglast á sveitahreppum, sem engir eru til í Ísafjarðarsýslu. Eg get þó sagt enn, að eg þekki ekki einn bæ, þar sem bóndinn ekki stundar sjóinn mestmegnis. Það getur verið, að einhver bóndi sè heima um hinn lögskipaða þínghaldstíma, af því hann fer ekki sjálfur til sjávar, en lætur vinnumeun sína róa, og það getur líka verið, að einhver einyrkinn sè heima, sem sökum fátæktar ekki getur komizt til sjávar; en þetta sannar alls ekki, að allir lifi ekki yfir höfuð á sjónum. Eptir því, sem nú er fyrirskipað, er sýslumaðurinn skyldur að þínga í maí, en eptir breytíngaratkvæðinu þarf hann ei að þínga fyr en í júní og júlímánuðum; og eg get ei ímyndað mèr, að sýslumaðurinn hafi á móti, að þínga á þeim tíma, sem er bæði hentugur fyrir sýslubúa, og fyrir sjálfan hann, þar sem hann er eins settur og í Ísafjarðarsýslu.

Benedikt Sveinsson: Eg þarf ekki að vera langorður; eg vil að eins taka það fram, sem eg drap á við inngangsumræðuna, að mèr finnst þíngið allt af fylgja þeirri reglu, að þegar einstök hèruð biðja um eitthvað, þá vili það allt af taka tillit til þess, og skal eg eigi lasta það, ef það er ekki beðið um neitt, sem raskar góðri reglu í fèlaginu, en nauðsyn manna er á aðra hlið. Í þessu máli hafa nú komið fram nokkuð ólíkar skoðanir, og getur verið, að báðir partar hafi nokkuð til síns máls. En mèr að mínu leyti finnst breytíngaratkvæði þíngmanns Gullbríngusýslu miðla svo vel málum, að eg er í engum efa um, að gefa atkvæði mitt með því.

Jón Hjaltalín: Eg er líka alveg meðmæltur þessu breytíngaratkvæði; það er svo vel úr garði gjört, að með því eru allar mótbárur jafnaðar, og allur efi tekinn burt, svo eg álít sjálfsagt, að það verði samþykkt.

Björn Pètursson: Eg lèt í ljósi ástæður mínar á móti þessu máli við undirbúníngsumræðuna, og þarf nú ekki að lengja þíngræðurnar með því, að taka þær upp aptur, því bæði hinn 3. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Suður-Þíngeyínga hafa tekið það fram, sem eg vildi hafa sagt. Á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu get eg ekki fallizt, þó það sè gjört í góðu skyni. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu fann mótsögn hjá hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, þar sem hann nú sagði, að óskum Ísfirðínga yrði ekki fullnægt með breytíngaratkvæðinu, en hefði áður sagt, að hann þekkti engar óskir Ísfirðínga. Þetta er engi mótsögn, því hann hefir aldrei vefengt, að þetta væri ósk *sumra* Ísfirðínga, en hann hefir vefengt, að það væri ósk *allra* Ísfirðínga.

Þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu taldi það breytíngaratkvæði sínu til gildis, að takmörkin væri svo rúm eptir því, en eg held það komi samt ekki, ef til vill, beiðendum að notum, því það er allt komið undir sýslumanni, hve nær þíngað er, og getur hann, ef honum sýnist, þíngað á hinum óhentugasta tíma, t. d. 1. d. júním. í Ísafjarðarsýslu, og um hásláttinn í Barðastrandarsýslu. Beiðendum stendur það ekki á neinu, þó máli þessu verði frestað til næsta þíngs, og vil eg að það sè gjört, svo að málið geti komið betur undirbúið. Eg get ekki greitt atkvæði fyrir því, sem mörgum sýslubúum er, ef til vill, óhagur að.

Framsögumaður: Eg verð að svara þíngmanninum úr Suður-Múlasýslu því, að ræða sú, sem hann hèlt, hefði betur verið óhaldin, því hún lýsti bæði því, að hann þekkti lítið til, og hefir gjört sèr litið far um, að taka eptir því, sem talað hefir verið. Það hefir verið margsinnis tekið fram, að bæði sè allir sýslubúar við sjóinn allan júnímánuð, og líka að sýslumanni sè lítt auðið, að ferðast um sýsluna vegna ófærða í júnímánuði, þar sem hann verður að fara yfir vondar heiðar *(Björn Pètursson:* Menn geta farið sjóveg!) Maður fer ekki sjóveg yfir heiðarnar *(Björn Pètursson:* Menn geta farið sjóleið í kríngum tangana). Það getur orðið æði langt, einar sjö vikur sjávar úti á reginhafi, og vill sýslumaður sjálfsagt heldur fresta þínginu, en fara allan þann veg úti í hafi. Eg get ekki ætlað sýslumanni, að hann, af stríði við sýslubúa, haldi þíngið á óhentugum tíma.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Þeir, sem hafa talað á móti þessu máli, hafa fundið það til, að ekki sè full vissa fyrir því, að öllum komi í hag, þó því sè farið fram, sem bænarskrá Ísfirðínga óskar, þar hún sè einasta frá þeim mönnum, sem stunda sjó á vorin, en þó kunni sumar sveitir að vilja forðast að halda þíng um sláttinn, og svo viti engi, hvað sýslumaður vili í þessu efni; úr þessu sýnist mèr, að breytíngaratkvæði þíngmanns Gullbríngusýslu bæti öllu saman, þar þíngin mega haldast í júní og júlí; þeir, sem þá vilja forðast að halda þau um sláttinn, geta fengið að halda þau í júní; hinir geta fengið þau eptir 10. júlí, og sýslumaðurinn vill víst, og getur haldið þau, eptir því sem honum og hverri sveit í sýslu hans hagar bezt, og á nú frjálst að semja um það eptir ástæðum, ef fyrir því er fengið þetta lagaleyfi; svo hefir hver fengið sinn vilja, en engum er þá óhagur gjörður; er þá ekki sjálfsagt að standa upp fyrir þessu breytíngaratkvæði?

Indriði Gíslason: Það er mæða, hvað bágt menn eiga með að sannfærast af uppástúngum kunnugra manna í þessu máli, og furðar mig á því, þar sem það hefir verið svo skýrt tekið fram, hvernig á stendur í Ísafjarðarsýslu. Menn hafa haft það á móti bænarskránni, að það stendur að eins eitt nafn undir henni; en menn ætti að gæta að því, að þínginu hefir borizt frá sama degi og stað bænarskrá með mörgum undirskriptum, og undir þeirri bænarskrá finnst ekki nafn forseta fundarins, af því hann hefir ekki verið því samþykkur, að sú bænarskrá væri send til þingsins, en hefir álitið, að nóg væri að hann skrifaði einn undir þessa bænarskrá, sem hann var samþykkur, í fundarins nafni sem forseti. Þetta er ekki heldur eindæmi, því hèr hefir verið tekið við fleiri bænarskrám, sem að eins hafa verið með einu eða fáum nöfnum. Eg vildi gjarna vita, hvernig hinn 3. konúngkjörni þingmaður getur trúað einum manni sem maður, en ekki sem þingmaður. (*Pètur Pètursson:* Eg skyldi segja það, ef eg mætti tala). Eg gladdist af því, að þessi þingmaður sagði, að ósk Ísfirðínga væri ekki uppfyllt með breytíngaratkvæði þingmannsins í Gullbríngusýslu, því nú er að sjá, sem hann þó álíti þetta ósk margra fleiri Ísfirðínga en í gær, þegar hann að eins áleit það ósk eins manns; mèr sýnist hreinn óþarfi að spilla þessu máli fyrir Ísfirðíngum; breytíngaratkvæðið er gott, bæði fyrir sýslumann og sýslubúa eptir því, sem þar hagar til; því það er eins þarft fyrir sýslumanninn, að manntalsþíngið sè haldið á hentugum tíma, svo það þurfi ekki endilega að vera þá, þegar honum er nærri því alveg ómögulegt að komast áfram um sýsluna vegna ófærða og illra vega, og er það því hið hollasta, að halda sèr að breytíngaratkvæði þingmannsins úr Gullbríngusýslu, einkum þar eð eg sè, að ekki fæst samþykkt nefndarálitið.

Konúngsfulltrúi: Það er engan veginn svo, að þingið tortryggi *framsögumann* út af bænarskránni, heldur hitt, að þingið álítur að bænarskráin ekki sè komin fram í rèttu formi; hún er undirskrifuð af einum einasta manni, og þannig er engi vissa fyrir vilja hlutaðeiganda í Ísafjarðarsýslu, en hún þarf þó að vera til staðar. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr að taka það fram, að það er vegna reikníganna nauðsynlegt, að manntalsþíngin ekki dragist langt fram á sumarið, því næstliðins árs sýslureikníngar standa í nánu sambandi við reikníginn næst á eptir, og þarf eg ekki að útlista þetta hèr nákvæmar.

Framsögumaður: Eg bjóst ekki við þessari ræðu af hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa;* eg hèlt að fyrst hann stóð upp, mundi hann koma með einhverjar nýjar ástæður, og mèr finnst það eitthvað ólögulegt af embættismanni, að tortryggja annan embættismann. Forsetinn á fundinum hefði ekki sagt: »*á frjálsum fundi*«, ef hann hefði verið einn, sem var á fundi, eða óskaði þessarar breytíngar, og hvers vegna hefir þíngið tekið á móti bænarskrám frá öðrum fundum, sem hafa að eins verið undirskrifaðar af forseta og, ef til vill, skrifara fundanna. (*Forseti:* Þetta er ekki rètt tekið fram; það hefir verið skýrt frá, hvernig á þeirri bænarskrá stendur, sem skirskotað er til). Hèr hafa komið bænarskrár bæði frá Þíngvallafundi, Kollabúðafundi og Þórnesfundi, sem einúngis hafa verið undirskrifaðar af forseta og skrifara (*Pètur Pètursson:* Það er annað; þetta varðar almennar álögur). Það er það sama, því eg ætla ekki forseta að segja, að bænarskráin sè frá fundi, nema fleiri hafi verið á fundinum. Að því er reikníngа þá snertir, sem eiga að vera samdir í marzmánuði, þá koma þeir litið við manntalsþíngum, sem haldin eru í maímánuði á eptir. Eg vona, að eg þurfi nú ekki að standa optar upp, eða taka optar upp það, sem eg hefi sagt; þetta, sem beðið er um, hlýtur að vera almenn ósk, því það, sem nú við gengst þar, er óhagræði bæði fyrir sýslubúa og sýslumann. Um Barðstrendínga má segja hið sama; þar stendur eins á fyrir hálfri sýslunni. Suðurhreppar þessarar sýslu þurfa þessarar breytíngar reyndar ekki; en þeim verður að standa á sama, hvort manntalsþíng eru haldin í maí- eða júnímánuði. Sumstaðar í öðrum sýslum eru þíng líka ekki haldin fyr, en í júlímánuði, svo sem í Siglufirði í Eyjafjarðarsýslu; eða er ekki svo? (*Sveinn Skúlason:* Jú!). Þar þykir þá ekki ótækt að fara frá slætti á þíng, og sýslumanni er það víst líka hentugra.

Forseti: Mèr sýnist horfa til mikilla óefna með svo lítið mál, sem þetta er, og mèr virðist það eigi kapplaust sótt af *framsögumanni.* Spursmálið er um það, hvort komnar sè fram í bænarskránni til þíngsins svo almennar óskir Ísfirðínga, að þíngið þess vegna finni ástæðu til þeirrar lagabreytíngar, sem hèr er farið fram á; þeir sem hafa á móti málinu, gjöra það ekki til þess að spilla fyrir því, heldur vilja þeir ekki, að vèr sèum að búa til lög, sem einmitt Ísfirðíngar sjálfir kynni má ske að afbiðja á næsta þíngi. Það hefir verið sagt, að til alþingis hafi einatt komið bænarskrár frá fundum að eins undirskrifaðar af funda forseta; þetta er satt; en

það, sem í þeim hefir verið farið fram á, hefir optast nær verið mál sem áður hafa verið rædd hèr á þingi; það getur meir en verið, að það sè hentugt að hafa manntalsþingin seinna í einstöku hreppum, heldur en lögákveðið er; en þá væri betra að undanskilja þá einstöku hreppa frá hinni almennu reglu, en láta regluna ekki ná svona yfir alla sýsluna. En ef þingið nú *ekki* fèllist á þessa uppástúngu, eins og hún liggur nú fyrir, þá eiga sýslubúar kost á, að koma á næsta þing með eindregna bænarskrá og almenna um þetta, og er því engu spillt fyrir beiðendum, þó menn fari varlega í málið að þessu sinni.

Framsögumaður: Það stendur í breytíngaratkvæðinu, að manntalsþíng skuli halda í júní- og júlímánuðum; er nú ekki hægt að haga sèr eptir þessu, eptir því, sem á stendur í hinum einstöku hreppum? Eg get ekki ætlað sýslumanni það, að hann ekki vili haga sèr með manntalsþíngahaldið eptir því, sem sýslubúum er haganlegast, þegar það er ekkert mein fyrir hann. Hvernig getur *forseti* eða aðrir ímyndað sèr, að menn vili hafa þíngin framvegis, eins og híngað til, í maímánuði, þegar allir, sem vetlíng geta valdið, eru við sjóinn, því þeir vilja heldur missa $^1/_2$ dag frá slættinum, en að fara langar leiðir frá sjónum til þíngsins *(Arnljótur Ólafsson:* Þeir geta sent griðkurnar sínar); það er hreint fjarstætt, að ímynda sèr nokkur vili senda vinnukonu sína á þíng, til þess að heyra lög.

Páll Sigurðsson: Eg er einn af þeim, sem hafa mælt móti þessu, ekki af því, að eg vildi með því gjöra Ísfirðíngum ógagn; en eptir því, sem á stendur, er eg í óvissu um það, hvort Ísfirðíngum er meir hagur að því, að menn sè nú með málinu, en að því sè vísað heim aptur, svo að það geti komið betur undirbúið til næsta þíngs. Eg er hræddur um, að stjórnin hugsi sig um, að gjöra þetta að lagaboði, sem nú er farið fram á, eptir því, sem nú stendur á máli þessu, og mjög lítil líkindi, að hún láti leggja frumvarp fram; og væri því betra, að málið væri vel undirbúið til næsta þíngs úr hèraði. Það verður má ske til þess, að seinka því, ef nú væri rituð bænarskrá um það til konúngs; og þegar eg geng út frá þessu sjónarmiði, verð eg að greiða atkvæði á móti málinu.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, þá er ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar.*

Um þennan tölulið var óskað nafnakalls, og var það viðhaft.

»Já« sögðu:	»Nei« sögðu:
Benedikt Þórðarson.	Arnljótur Ólafsson.
Páll Melsteð.	Björn Pètursson.
Árni Einarsson.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
Ásgeir Einarsson.	Páll Sigurðsson.
Benedikt Sveinsson.	Pètur Pètursson.
Gisli Brynjúlfsson.	
Guðmundur Brandsson.	
Halldór Kr. Friðriksson.	
Helgi G. Thordersen.	
Indriði Gíslason.	
Jón Hjaltalín.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson frá Haugum.	
Stefán Eiríksson.	
Sveinn Skúlason.	

(Magnús Andrèsson, Ólafur Jónsson og Stefán Jónsson voru fjærverandi).

Var þessi töluliður þannig samþykktur með 15 atkv. gegn 5.

2. *Nefndin* fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við tölulið 1.
3. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 15 atkv. gegn 5.

Var þá dagskránni lokið.

Forseti skýrði frá dagskráarefni til næsta fundar; ákvað fund til næsta dags, laugardagsins hins 3. d. ágústsmánaðar kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Þrítugasti og annar fundur — 3. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, vil eg vekja athygli formannanna í konúngsmálunum að því, að eptir því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir nú ákveðið þinglengínguna, að hvorki nefndarálit í þeim málum nè öðrum geta komið til umræðu á þessu þingi, ef þau verða ekki komin til mín að minnsta kosti á þriðjudaginn, 6. þ. m.

Pètur Pètursson: Eg vona, að hinn háttvirti *forseti* hafi fengið í gær nefndarálit í hjúalagamálinu.

Forseti: Eg fèkk það í gær, en allir geta sèð, að það hefir ekki getað komið á dagskrá í dag, þar sem þurfti að taka afskript af því, til þess að láta prenta eptir; en nefndarálitið ásamt frumvarpinu eru 14 arkir skrifaðar. Og eg ímynda mèr, að þingmenn geti eigi kynnt sèr til hlítar svo umfangsmikið mál, þó að það sè lagt á lestrarsalinn.

Arnljótur Ólafsson: Sem formaður í einu konúngsmáli, póstmálínu, vil eg leyfa mèr að skýra frá, að nefndin hefir ekkert getað gjört enn í því, og getur eptir því, sem út lítur fyrir, ekkert gjört í því til þriðjudags.

Benedikt Sveinsson: Eg vil vekja athuga að því, að það vantar mann í kláðanefndina í stað þingmanns Húnvetnínga, og vildi eg biðja um, að mega stínga upp á einhverjum í hans stað.

Forseti: Það er sjálfsagt, að þingmenn hafa rètt til að stínga upp á manni, þegar svona kemur fyrir; enda var það nýlega gjört.

Benedikt Sveinsson: Eg vil þá leyfa mèr, að stínga upp á þingmanni Eyfirðínga, ef hann hefir ekki móti því.

Stefán Jónsson: Eg hefi ekki á móti því, að svo miklu leyti sem heilsa mín leyfir það; störf hindra mig ekki frá því, en líklega verð eg ekki góður liðsmaður.

Forseti: Þingmenn hafa heyrt, upp á hverjum hefir verið stúngið, og að hann hefir ekki færzt undan; svo að ef þingmenn hafa ekki á móti, álít eg það samþykkt, að þingmaður Eyfirðínga gangi í nefndina í fjárkláðamálinu, í stað þingmanns Húnvetnínga.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til *undirbúníngsumræðu málið um kollektusjóðinn. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Rangæínga.

Var málið þá afhent *framsögumanni,* er las upp nefndarálitið svo látanda:

»Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um uppástúngu undirskrifaðs þingmanns Rangæínga, þess efnis, að nefnd þeirri, sem sett verður, til þess að hafa til meðferðar fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur, verði einnig falið á hendur, að rannsaka stjórn og meðferð kollektusjóðsins frá árslokum 1797 o. s. frv. Vèr höfum nú vandlega íhugað málið, og leyfum oss því, að kveða upp álit vort á þessa leið:

Það er nú nú í fjórða sinni, að alþingi tekur þetta mál til meðferðar, og skulum vèr því, þar sem gjöra má ráð fyrir, að flestum þingmönnum sè málið svo kunnugt, að eins stuttlega drepa á aðalatriði þess.

Eptir hin miklu harðindi og óáran um síðari hluta 18. aldar, og einkum eptir Skaptáreldinn 1783, var Ísland mjög svo báglega statt, einkum Suðausturlandið, og það svo, að jafnvel horfði til landauðnar víða. Var þá safnað gjafafè til Íslands bæði í Danmörk og í Noregi, samkvæmt konúnglegum leyfisbrèfum frá 10 desember 1783 og 15. júlí 1785, og af því fèð, sem þannig fèkkst, var síðan með tveim konúnglegum úrskurðum 29. marz og 18. október 1786 stofnsettur sjóður, er svo segir um í úrskurðunum, að fjárstofn hans og það, sem síðan við bætist á sama hátt handa þeim, sem fyrir tjóni hafi orðið af harðærunum í Íslandi, skuli geyma *(deponere)* í konúngssjóði, en gjalda af 4% í vöxtu á ári hverju frá þeim degi, er fèð sè lagt inn í konúngssjóð til geymslu. Af þessu er auðsætt, að stjórnin ætlaðist svo til, að fè þetta skyldi geyma sem sjóð, er ætlaður væri til þess að styrkja Íslendínga með í bágindum, og þessari skoðun hèlt stjórnin enn 1798; því undir árslokin 1797 var auglýstur reikníngur yfir allt kollektufèð í lögþíngisbókinni fyrir sama ár, og var þá upphæð sjóðsins að öllu samtöldu 47,822 rdl. 54sk.; þangað til vita menn og ei dæmi til, að fènu hafi verið varið á móti hinum upprunalega tilgangi gefanda; en 28. maí 1800 var það leyft með konúngsúrskurði, að verja vöxtunum af kollektusjóðnum til þess, að endurgjalda með kostnaðinn við strandmælíngarnar á Íslandi, og 9. marz 1804 var því enn bætt við í nýjum konúngsúrskurði, að það, sem þessi kostnaður næmi meira á ári en 1700 rdl., er taka mætti af vöxtum kollektufjárins, skyldi beinlínis greiða úr ríkissjóði. Af þessu er það auðsætt, að upphæð sjóðsins hefir 1804 verið hèr um bil hin sama sem 1797; og þó öllum vöxtunum hefði síðan verið varið til ýmislegs, fyrst til strandmælínganna og svo annars, þá sèst þó engi orsök til, að sjóðurinn geti nú verið orðinn minni, en hann var um aldamótin, því fyrir því finnst engi konúngsúrskurður, að sjálfum stofninum hafi mátt eyða. Mönnum hefir því æfinlega þótt það mjög svo kynlegt, er *konúngsfulltrúinn* skýrði fyrst frá því á alþíngi 1845, að kollektusjóðurinn væri nú ei stærri en 28,049 rd., og kvað þá upphæð fastráðna með konúngsúrskurði 25. júlí 1844; því skýrsla sú, sem hann þá enn fremur gaf um það, hversu kollektufènu hefði

verið varið frá 1799 til 1835, sýndist líka beinlínis að bera það með sèr, að hinna eldri konúngsúrskurða hefði ei æfinlega verið gætt sem skyldi, og þó hefir stjórnin þrisvar sinnum síðan, og nú seinast í þessa árs auglýsingu sinni til alþíngis, svarað þínginu svo, er það hefir leyft sèr, að spyrja nokkuð vandlegar, hvernig á þessu standi, að um þetta mál sè ei meira að tala, því það sè nú einu sinni útkljáð með hinum síðasta konúnglega úrskurði. Vèr getum nú reyndar ei skilið svo, og oss finnst að minnsta kosti, að vèr eigum þó rètt á, að fá að vita, hvernig á rýrnuninni stendur; vèr vantreystum hvorki stjórninni, nè viljum vera óhæverskir við hana, en það er hvorki vantraust nè óhæverska, þó vèr förum bónarveg að henni, og biðjum hana að gefa oss upplýsíngar um það, sem oss er eigi lítilsvarðandi, og vèr annars fáum ei skilið. Nú sýnist og því fremur ástæða til þessa, sem það má álíta víst, að nefnd danskra og íslenzkra manna verði sett á þessu ári til þess, að undirbúa fjárhagsaðskilnað milli Danmerkur og Íslands; og ekkert virðist því betur til fallið, en að þessari nefnd yrði einnig falið á hendur, að rannsaka betur reikníngа kollektusjóðsins, en hingað til hefir verið gjört; því vèr erum fullkomlega sannfærðir um, að bræðrum vorum í Danmörku mundi einnig sjálfum þykja það verst, ef þetta tækifæri væri nú ei notað, þar sem þeir víst ei munu vilja, að vèr Íslendíngar, svo fátæk og lítil þjóð, skulum hafa nokkra ástæðu til þess að halda, að vèr höfum verið afskiptir í sambúðinni við þá, svo auðuga og sællega þjóð, er það fè má muna litlu, sem oss er mikilsvert.

Af þessum ástæðum leyfum vèr oss því, að ráða þínginu til, að fara því nú enn á flot við stjórnina í fjórða sinni, að nú verði loks fullkomlega gjörð grein fyrir kollektusjóðnum og meðferðinni á honum, og það á þann hátt:

> Að konúngur skipi svo fyrir, að nefnd sú, er sett verði í Kaupmannahöfn, til þess að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur, skuli einnig rannsaka reikníngа kollektusjóðsins frá því um árslok 1797, og með fullu tilliti til konúngsúrskurðanna 18. oktbr. 1786, 28. maí 1800 og 9. marz 1804.

Reykjavík, 30. júlí 1861.

Páll Sigurðsson, form. og framsögumaður. *Gísli Brynjúlfsson,* skrifari. *Arnljótur Ólafsson.*

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Eg þarf nú ekki að segja

margt nefndarálitinu til meðmælíngar, því fyrst er það, að þíngmenn eru búnir í því að heyra ástæðurnar fyrir uppástúngu minni, sem eg gjörði nú í 4. skipti, og svo er þíngmönnum líka kunnugt þetta mál frá fyrri þíngum, svo það er óþarfi að fara mörgum orðum um það; nefndin var einhuga á að sleppa ei þessu tækifæri, til að biðja konúng að leggja þetta mál fyrir nefnd þá í Kaupmannahöfn, sem setja á, til að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur, því henni sýndist, að málið geta frá okkar hlið fullkomlega heyrt þar undir, því það, sem Íslendíngar þykjast eiga tilkall til hjá Dönum, geta Danir má ske fært rök fyrir, að þeir hafi haft heimild fyrir að nota. Eg vona, að háttvirtir bræður vorir í Danmörku taki mál þetta til ítarlegrar yfirvegunar, og þó þeir kann ske geti borið hitt og þetta sem sönnun fyrir, að þeir hafi haft rètt til að brúka fèð, þá verða þeir þó, að eg hugsa, að viðurkenna, að einvaldur konúngur hafi lagt það í ríkissjóð Dana, sem geymslufè, og hann ákveðið með ljósum úrskurðum, að þar skyldi það ávaxtað vera, en höfuðstóll þessa fjár geymast óskertur, svo Íslendíngar gæti átt þar nokkurn hjálparstyrk í hallærum; því vona eg að þeir láti okkur þó, sem erum fátæk þjóð, njóta rèttinda vorra, sem vèr eigum fremur en áður nú tilkall til, þegar vèr eigum að fara að ráða fjárhag vorum og stjórn sjálfir, og sjá fyrir þörfum vorum. Eg vona, að þíngið samsinni nefndarálitinu, eins og það hefir gjört að undanförnu.

Konúngsfulltrúi Eg leyfði mèr þegar þessi uppástúnga kom fram hèr á þínginu, að mæla á móti nefnd, og lýsti því yfir, að mèr þætti það lýsa hæverskuskorti hjá því heiðraða þíngi, ef það tæki nú þetta mál til meðferðar, einmitt í sömu andránni, sem konúngur væri í auglýsíngu sinni til þíngsins búinn að lýsa því yfir, að bæn þíngsins í þessu máli ekki gæti til greina komið, þar sem búið væri að ráða málinu algjörlega til lykta; þíngið setti eigi að síður nefnd í málinu, og nú liggur álit hennar fyrir, og eg tel það því víst, að málið, eins og á undan förnum þíngum, fái góða undirtekt, og að þíngið sendi um það konúngi vorum bænarskrá; eg skal því ekki fjölyrða um málið, en einúngis skjóta því til þingsins velsæmis tilfinníngar, hvort þessi aðferð geti staðizt með sóma þíngsins, og hvort það ekki sè áhorfsmál fyrir það, að eyða tíð sinni og kröptum frá öðrum málum til þessa máls, sem ekki er nein von um, að geti fengið önnur úrslit, en þegar eru fengin.

Það er sjálfsagt á þíngsins valdi, hvernig það tekur í málið;

en eg hefi ekki getað leitt hjá mèr að láta þinginu í ljósi mína skoðun á því, eins og eg nú hefi gjört með þessum orðum.

Framsögumaður: Eg þarf nú ekki að svara hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* mörgu; hann sagði, að það væri óhæverska af þinginu, að fara að senda bænarskrá um þetta til konúngs enn, því það væri búið svo opt að því áður, og undirtektir stjórnarinnar hefði verið svo þúngar; hann hefði þá átt að gefa þessa sömu ráðleggíngu við fleiri mál, eins og t. d. læknamálið; stjórnin hefir þó tekið þúnglega undir það. En eg vil segja honum nokkuð, og það var það, að það var orðin venja, eg man ekki, hvort lög voru fyrir því, að birta lagaboðin á dönsku. Það þótti nú ósvinna, að biðja um, að þessu væri breytt, og þó var bænarskrá opt send um það til konúngs, og nú vita allir, hve mildilega áheyrslu það fèkk að síðustu, og það er ekki vonlaust um, að ekki fari eins með þetta mál; stjórnin getur að minnsta kosti ekki reiðzt, þegar vèr biðjum um það með hógværð og stillíngu; heldur vona eg, að danskir bræður vorir taki tillit til rèttinda vorra, þegar málið kemur þeim fyrir sjónir, því líklega hefir það híngað til að eins komið til stjórnarinnar.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg er nú ekki að hugsa upp á mikinn ávinníng eður gróða við þessa uppástúngu, því eg þykist vita, að stjórn vor hafi bæði forsjállega og rèttvíslega farið með þetta kollektufè; en hitt get eg ekki skilið, sem sá hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það sè ókurteysi, að biðja þess auðmjúklega, að við fáum að sjá, okkur til ánægju, hvað vel að stjórnin hefir breytt við okkur í þessum reikníngum. Eg hefi því ímyndað mèr, að það mætti vera stjórninni yndislegt og ánægjusamlegt, að skýra okkur frá allri meðferð og reikníngum þessa sjóðs, frá því er menn vissu síðast til, 1797, og til þess, að konúngur lagði úrskurð á upphæð hans 1844, því það má vera gott fyrir stjórnina, *til hreins að taka;* og þegar þjóð vor sèr, hvað gott og hreint að þetta allt er frá stjórnarinnar hendi, þá verður hún svo hjartanlega ánægð, og vinskapurinn svo góður á milli þessara beggja, svo eg get nú ekki skilið, að stjórnin verði á móti því, að sú tilvonandi fjárhagsskilnaðarnefnd rannsaki þessa reiknínga, og færi þá í ljós, því þá virðist mèr fyrst einhver skuggi í málinu og meðferð þess, ef hún brúkar þessa snubbóttu og þurlegu neitun, og segir: þið verðið að hafa úrskurðinn af 1844, eins og hann er lagaður; meira fáið þið ekki.

Helgi G. Thordersen: Eg skal ekki tala langt nú, heldur en vant er. Þegar eg hygg að niðurlagsatriði nefndarinnar, sýnist mèr það vera byggt á því, að nefnd verði sett í Kaupmannahöfn, til að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn; en nú vil eg biðja menn að upplýsa mèr, hvort svo sè víst, að nefnd verði sett (*Gísli Brynjúlfsson:* Það er víst). Sè það víst, þá er eg orðinn of gamall eða of mikið farinn að ganga í barndóm, ef mèr skilst það ekki rètt, að kollektusjóðurinn líka heyri þar undir, og þó að stjórnin hafi skýrt okkur frá, að þetta sè afgjört, þá hefir hún þó líka — að því sem mèr er sagt — gefið það í skyn, að þessi fyr umrædda nefnd verði sett; hún hefir að mínu áliti upphafið hið fyrra álit sitt, ef hún ætlar að setja nefndina. Kollektusjóðurinn er svo mikið atriði í fjárhag okkar, að hann hlýtur að takast til greina við fjárhagsaðskilnaðinn. Sè þetta ekki rètt álitið, þá kann eg ekki heldur lengur að finna orðum mínum stað. Sè það því víst, að nefndin verði sett, þá fer nefndin alveg rètta stefnu, að vilja vísa honum þangað líka, hvað svo sem stjórnin hefir sagt áður; eg fæ ei að svo komnu skilið, að henni geti verið þetta á móti, því þessi orð rísa ei af tortryggni, heldur af löngun til, að allt málið verði útkljáð í einu, og sú umrædda nefnd fái það í heild sinni til yfirvegunar.

Konúngsfulltrúi: Út af því, sem hinn háæruverðugi þingmaður nú sagði, að stjórnin hefði með því að setja nefnd um fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur, upphafið konúngsúrskurðinn frá 1844, sem lagði endilegan úrskurð á reikninga kollektusjóðsins, skal eg leyfa mèr að athuga, að þessi skoðun hans getur með engu móti staðizt, og hlýt eg fastlega að mótmæla henni; það er nú heldur engi vissa fyrir, að þessi nefnd verði sett, en þó svo yrði, að hlutaðeigandi stjórnarherra setti hana, er það þó í augum uppi, að slík nefnd ekki gæti raskað hreinum og beinum konúngsúrskurði, og að vísu þyrfti hún til þess heimild frá konúngi; en slíkt leyfi eða heimild frá konúngi er næstum óhugsanleg. Það var ekki hrapað að því, að útkljá reikninga kollektusjóðsins, þeir voru rannsakaðir vandlega í stjórnarráðinu, og svo lagði konúngur á úrskurð sinn; en þetta á nú allt að gjöra upp aptur frá rótum; þetta kalla eg allt of langt farið, og það er ekki von, að stjórnin geti gefið slíkri kröfu nokkurn gaum.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir vænt um, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* er sjálfum sèr samkvæmur, og heldur enn, að bænarskrá um þetta hafi eins lítinn árangur sem *konúngsfulltrúi*, eins

og áður, meðan hann var á þingmannabekkjunum. Hann hefir nú sagt, að málið mundi engan árangur hafa, því stjórnin hafi lýst því yfir í auglýsingunni, að hún fyndi ekki neina ástæðu til, að taka það til greina. En eg er ekki vonlaus um, að stjórnin hafi fundið nokkra ástæðu til þess, þó hún láti það ekki beinlínis í ljósi, því í auglýsingunni stendur ekki: »neina ástæðu«, eins og hann sagði, en það stendur um sum önnur mál. Það hefir í þessari auglýsingu verið neitað um 19 mál; en eg held, að menn eigi ekki að hræðast það; það hjálpar ekki annað, en halda áfram með þau fyrir það; það dugar ekki að salta þau öll, þó þeim sè neitað einu sinni eða tvisvar. Viðvíkjandi nefndinni, sem *konúngsfulltrúi* sagðist ekki vita neitt um, þá stendur í auglýsingunni til alþingis, að þegar sè gjörðar ráðstafanir til, að flýta fyrir fjárhagsmálinu; *konúngsfulltrúinn* hefir ekki skýrt þinginu frá, hverjar þessar ráðstafanir sè, ef það er ekki þessi nefnd, sem á að setjast, og sem líka er getið um í blöðunum. Af því vèr álítum nú, að ef nefndin yrði sett, þá ætti þettà mál sjálfsagt að takast þar undir með öðrum málum, og af því að stjórnin álítur málið útkljáð, og álítur má ske ekki eins sjálfsagt, að vísa þessu máli til nefndarinnar, eins og öðrum, þá er bezt að nota nú tækifærið; eg get ekki ímyndað mèr, ef að konúngsúrskurðirnir eru hver á móti öðrum, að sá seinasti sè látinn ráða, og þeir geta ekki verið nefndinni neitt til fyrirstöðu, því hún má víst tala frjálslega um öll fjárhagsmálefni yfir höfuð.

Pètur Pètursson: Eg er nú einn af þeim, sem ekki veit fullkomlega, hvort þessi nefnd verði sett; þó eru víst miklar líkur til þess, að það verði. Ef þessi nefnd verður sett, þá er líklegt, að hún líti ekki að eins á viðskipti Íslands og Danmerkur, eins og þau eru nú, heldur og á umliðnum tímum, og þá er líklegt, að kollektusjóðurinn komi líka til umtals. En af því það hefir verið sagt hèr á þingi áður, að nafnið *„kollektusjóður«* lèti illa í eyrum stjórnarinnar, og mèr sýnist það undarlegt, að biðja þessa nefnd að taka fyrir, að rannsaka einn einstakan sjóð, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið: »að nefnd þeirri, sem sett verður í Kaupmannahöfn, til að undirbúa fjárhagsaðskilnað milli Íslands og Danmerkur, verði falið, að rannsaka öll fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur, að minnsta kosti frá árinu 1750.

Arnljótur Ólafsson: Eg þarf víst ekki að tala með málinu, af því að hætt sè við, að það fái ekki góðan framgang á þinginu;

en af því eg var einn í nefndinni, ætla eg að svara hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* nokkrum orðum. Hann sagði, að það væri óhæverska af þínginu, að fara nú í fjórða sinn, eða svo opt, eins og hann sagði, að senda konúngi bænarskrá í máli þessu. Eg álít, að það geti aldrei verið umtalsmál, að það sè óhæverska af þínginu að biðja; það er hinn eini rèttur, sem það hefir, og það er eigi að eins rèttur, heldur er það skylda þess, að biðja og ekki þreytast, svo framarlega, sem það er rètt, sem það biður um. En ef þingið biður um það, sem er rangt, þá er það óhæverska, þegar í fyrsta sinn, að biðja um það. Um málið sjálft, þá er nú farið fram á nokkuð annað í þessu nefndaráliti, en áður hefir verið, það er að segja: málinu er nú beint í aðra stefnu, og það kemur af því, að nefndin byggir á nýjum viðburði, þeim, að nefnd verði sett í Kaupmannahöfn, til að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur. Eg veit ekki, hvort hún er sett; en hitt veit eg, að dómsmálastjórnarráðherrann lofaði hátíðlega á þingi Dana, að taka málið fyrir, og leggja fram skýrslu um það á næsta þingi, er byrjar 2. okt. í haust, og hann var búinn að hugsa sèr mennina í nefndina, þegar eg fór frá Höfn í sumar. Ráðherrann sagði sjálfur hverjum manni, sem átti tal um þetta við hann, að hann ætlaði sèr, að setja nefnd í þetta mál. Þetta held eg sè fullvissa fyrir því, að nefndin verði sett, og svo mikil vissa, sem getur verið fyrir nokkrum hlut. Eg tel það víst, að þegar þessi fjárhagsnefnd verður sett, taki hún ekki að eins fyrir úrskurðinn frá 1844, heldur og aðra úrskurði um fjárhag vorn, svo sem um ársgjaldið til skólans og prestaskólans. Eða ætli þeir verði ei teknir til greina? Ætli verði gengið fram hjá því, sem konúngur hefir skuldbundið sig til að sjá fyrir? Ætli það sè þó eigi hugsandi, að þessum úrskurðum verði breytt? En þá er líka hugsandi, að úrskurðinum 1844 verði breytt. Mèr þykir þetta mál nú komið í gott horf, þar sem stjórnin hefir sjálf gefið tilefni til, að það sè tekið fyrir. Kollektan er eitt atriði í fjárhagsmálinu, og þegar stjórnin ætlar að taka allt fjárhagsmálið fyrir, hví mun þá ekki þetta eina atriði verða tekið með?

Stefán Jónsson: Mèr virðist ein ástæða með þessu máli. Stjórnin hefir nýlega gefið þau lög út, að þeir landsmenn, sem hafi opinbera sjóði undir höndum, gjöri greinilega reikninga fyrir þeim; eg ímynda mèr því, að stjórnin vili standa í sínum sporum, og gefa glögga reikninga um það, sem vèr þykjumst eiga í hennar höndum. Það skyldi vera sá umtalaði konúngsúrskurður það

einu, sem stæði fyrir því; en eg held þó ekki, að hann ætti að verða málinu til fyrirstöðu.

Magnús Andrèsson: Það er nú hvorki djúpsæ nè lagaleg skoðun, sem eg ætla að koma með. Eg hefi tekið eptir því, að á öllum þessum þingum, sem kollektumálið hefir komið fyrir, hefir *konúngsfulltrúi* verið móti málinu. En eg hefi líka tekið eptir því, að *konúngsfulltrúi* hefir aldrei varið, að sjóðnum hafi verið varið móti tilgangi sínum. En það er ekki vonlaust um, að lag komist á þetta, fyr en búið er að aðskilja fjárhaginn. Eg hefi nú allt af tekið mótbárur *konúngsfulltrúa* svo, að hann talaði móti málinu, af því hann á að tala máli stjórnarinnar, og vissi, að hún mundi ei vera meðmælt því; og því tali hann, eins og hann talar, en ekki af því, að hann sjái ekki, að hèr er eitthvað bogið. Eg er því ekki enn vonlaus um viðrèttíngu á þessu, og er því alveg með nefndarálitinu, og það því fremur, sem eg heyri, að þessi nefnd eigi að verða sett.

Guðmundur Brandsson: Þíngmaður Eyfirðínga tók nú fram að sumu leyti það, sem eg vildi hafa sagt, einkum þar sem hann minntist á það sem ástæðu fyrir málinu, að embættismönnum er nú skipað, að auglýsa reikninga hinna opinberu sjóða, sem þeim er trúað fyrir; en það er annað atriði, sem eg vil líka taka fram í þessu máli. Áður fyr hefir þíngið beðið um endurreisn sjóðsins, sem byggð væri á hinum eldri konúngsúrskurðum, sem hèr eru nefndir, og hefir þetta verið skýrt tekið fram í bænarskránni frá þínginu til konúngs; en hèr fer málið í allt aðra átt; þess vegna held eg, að það sè engi þrákelkni, þó þíngið biði um þetta nú; hèr er einúngis beðið um, að leggja málið fyrir nefndina, sem sett verður í Kaupmannahöfn, svo hún geti sèð og sagt álit sitt um, hvernig sjóðnum hafi verið varið, hvort heldur samkvæmt upprunalegum tilgangi hans eða ekki. Eg held nú, að það ætti ekki að vera ofverk stjórnarinnar, að sýna skýrslu fyrir, hvers vegna sjóðnum hefir verið svo og svo varið; í skýrslunni, sem hún lèt *konúngsfulltrúa* gefa alþíngi 1845, er sagt, að nokkuð af honum hafi gengið til strandmælínga Íslands, nokkuð til byggíngar á skólahúsinu hèrna, og svo til ýmislegs annars, sem þar er nefnt; en hvers vegna nokkru af sjóðnum hefir verið þannig varið, fyrir því vantar alla rèttlætíngu; seinna, eg trúi að á alþíngi 1853 kæmi skrifuð skýrsla frá stjórninni um, hvernig sjóðnum hefði verið varið síðan 1844, og þó eg muni lítið úr henni, þá man eg þó, að þar var

sagt, að ýmsir iðnaðarmenn, einkum jarðyrkjumenn, hefði fengið styrk af sjóðnum, til að vera í Kaupmannahöfn; þeir voru þar allir nefndir á nafn, og man eg vel, hverir þeir voru, þó eg nú ekki fari að telja þá upp; ekki veit eg, hvort þeir hafa lært þar mikið eða lítið, eða hvað mikið gagn sumir þeirra hafa gjört Íslandi síðan; en víst hefir stjórnin veitt þeim styrk þennan í góðum tilgangi; annað mál er það, hvort hann hefir verið réttilega tekinn af sjóði þessum. Ef stjórnin getur réttlætt, hvers vegna hún hefir farið þannig að, þá þagna undir eins allar umkvartanir; og það ætti ekki að vera ofverk einnar stjórnar, að sýna þegnum sínum, hversu réttlát og góð hún er.

Jón Pétursson: Mér sýnist ekki þingmenn hafi gætt þess, að þetta er sérstakur sjóður, sem er stofnaður í vissu augnamiði; þannig eru fleiri sjóðir, svo sem legöt handa þeim, sem læra við háskólann, eins og t. d. legat Þorláks biskups; þessi sjóður er því alls ekki stofnaður í almennu augnamiði, er við komi stjórn Íslands, og við kemur því ekki fjárhagsaðskilnaðinum, eður því, hvað mikið stjórnin eigi að leggja til Íslands, til þess að stjórn þess geti borizt; því öðruvísi get eg ekki ímyndað mér aðskilnaðinn, en að einmitt þetta verði þá umtalsefnið, en sjóðurinn má alls ei ganga til að borga stjórn landsins með. Það er satt, að ef menn ímynda sér fjárhagsaðskilnaðinn svo, að hann sé, eins og þegar verið er að gjöra upp skuldir milli 2 manna, þá get eg skilið, að menn vili taka bæði þennan og alla aðra sjóði með; en þannig get eg ekki ímyndað mér aðskilnaðinn. Einn þingmaður ætlar sér að taka breytingaratkvæði um, að reikningarnir sé rannsakaðir frá árinu 1750; það álít eg að komi alls eigi þessu máli um kollektusjóðinn við, og held eg, að þingið geti alls eigi tekið það til greina, þar sem þetta er ný uppástúnga, sem ekki hefir verið hér borin upp á reglulegan hátt. Ef það er víst, að þessi fjárhagsaðskilnaðarnefnd eigi að setjast og stjórnin ætli að taka fjárhagsmálið fyrir; og sé það ætlunarverk nefndarinnar að gjöra upp öll viðskipti Danmerkur og Íslands, sem sumir þingmenn halda, þá er þar að auki ógjörlegt fyrir þingið, að biðja stjórnina um það, sem það veit, að hún ætlar að gjöra. Eg skil nú ekki, hvers vegna hann miðar einmitt við árið 1750, nema ef það væri af því, að nýju innréttingarnar komu þá á gang.

Helgi G. Thordersen: Eg vil spyrja hinn háttvirta 4. konúngkjörna þingmann, hvað hann skilur við sérstaklegan sjóð, er

það ekki landsmanna sjóður? (*Jón Pètursson:* Jú); ef hann er landssjóður, heyrir hann þá ekki undir nefndina? Og sè hann með almennu sjóðunum, hlýtur hann að koma þar undir, svo framarlega sem almennir sjóðir verða teknir til greina af nefndinni; þetta held eg sè svo augljóst, sem nokkur hlutur getur verið.

Konúngsfulltrúi: Þíngmanni Borgfirðínga þótti eg hafa ofmælt, að kalla það óhæversku af þínginu, að hreifa þessu máli nú í 4. sinni við stjórnina; en eg held eg geti fundið orðum mínum stað, og að vísu kalla menn það óhæversku, þegar einhver þrábiður, einkum sèr meiri menn, um það, sem hann er búinn að synja honum opt um áður, og búinn að segja, að hann af gildum rökum ekki geti veitt; mèr sýnist þetta geta vel heimfærzt upp á bænir þegnanna til stjórnarinnar, eins og hèr er ástatt. Hinn sami heiðraði þíngmaður sagði, að menn ætti að biðja, og ekki þreytast; en það er því að eins satt, að bænin sè rètt og góð; bænir eiga ekki saman, nema að nafninu. Hann talaði einnig um, að reikníngar skólans yrði að koma til yfirvegunar og rannsóknar við fjárhagsaðskilnaðinn; það getur vel verið; en það er allt öðru máli að gegna með þá reikníngа, en með reikníngа kollektusjóðsins; það á því ekki við, að bera þá reikníngа saman. Þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, að uppástúngan um kollektusjóðinn væri allt önnur nú en áður; þetta er satt; hún er það í forminu, en í aðalefninu er hún hin sama; það er þó beðið um, að gjöra upp reikníngа sjóðsins frá rótum, eins og engi endileg úrslit væri á þeim orðin.

Hann talaði líka um, að það væri rèttvís krafa til stjórnarinnar, sem Ísland ætti heimtu á, að stjórnin rèttlætti, hvernig hún hefði ráðið reikníngunum til lykta; en hefir stjórnin ekki gjört þetta, hefir hún ekki sagt, að hún hafi látið rannsaka reikníngana í stjórnarráðunum út í allar æsar, og svo ráðið þeim algjörlega til lykta, og þau úrslit verið látin ráða, sem hagfelldust voru fyrir landið? er þetta ekki fullkomin rèttlæting frá stjórnarinnar hálfu?

Uppástúnga hins háæruverðuga 3. konúngkjörna þíngmanns, að allir reikníngar milli Danmerkur og Íslands yrði gjörðir upp frá árinu 1750, þykir mèr nokkuð stórtæk; það liggur þá næst, að gjöra þá upp frá þeim tíma, að landið kom undir konúng, og allt til vorra daga; en hinn heiðraði fulltrúi hlýtur að sjá, að þessi uppástúnga liggur fyrir utan málið, sem hèr ræðir um.

Jón Pètursson: Mèr sýnist að kollektusjóðurinn geti kallazt landsins eign, þó að hann sè aðskilinn frá fjárhagnum, eins og t. a.

m. spítalasjóðirnir; engi neitar því, að þeir sè landsins eign, og þó nú þeir væri undir hendi stjórnarinnar, gæti stjórnin samt haldið reikningnum yfir þeim aðskildum frá reikningum fjárhags Íslands, þegar fjárhagur Íslands yrði í stjórnlegu tilliti aðskilinn frá fjárhag Danmerkur; eins er því varið með kollektusjóðinn, að reikningar hans geta haldizt út af fyrir sig, þó fjárhagur Danmerknr og Íslands væri aðskilinn.

Pètur Pètursson: Hinn 4. konúngkjörni þingmaður fór að fordæma breytingaratkvæði mitt undir einsk; eg hèlt reyndar, að það væri nógur tími til þess við ályktarumræðuna; en »illu er bezt af lokið». Hann byggði ástæður sínar á móti breytingaratkvæði mínu á því, að kollektusjóðurinn ætti ekkert skylt við fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur; en eg hefi ekki stúngið upp á því, að vísa þessu máli til þeirrar nefndar, sem sett verði í Kaupmannahöfn, til þess að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn. Ef kollektumálið er svo fjarstætt því, sem fjárhagsnefndin á að meðhöndla, að það getur ekki komið undir hana, þá vil eg ekki gefa atkvæði mitt með því, að beðið verði um þetta; en ef það heyrir undir nefndina, sýnist mèr betra, að menn taki málið meir almennt, því að það getur má ske orðið landinu til enn meiri hags. Mèr þykir það undarlegt, að hinn 4. konúngkjörni þingmaður skyldi hugsa, að eg meinti til hinna svokölluðu »nyju innrèttinga», þar sem mèr datt margt annað í hug, svo sem stólseignasalan; menn mega ekki, af því að eg er konúngkjörinn þingmaður, álíta, að eg hafi tillit til þess, sem er landinu í óhag; þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að eg færi ekki nógu langt til baka í tíðina, og þætti eðlilegra, að reikningar allir væri endurskoðaðir frá elztu tímum, þá hefi eg ekkert í móti því, að svo sè, ef hann vill mæla fram með því við stjórnina. Eg get ekki haldið, að það liggi fyrir utan verkahríng fjárhagsnefndarinnar, að skoða ástand annara opinberra sjóða eða sèrstaklegra sjóða, sem landið á hjá stjórninni, ef kollektusjóðurinn heyrir undir hennar verkahríng; og með því að segja, að sèrstaklegir sjóðir allir liggi ekki undir þessa nefnd, verða menn þó að segja, að kollektusjóðurinn geti ekki heldur heyrt undir hana, og að vèr megum ekki biðja um þetta.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að tala fáein orð viðvikjandi breytingaratkvæði hins 3. konúngkjörna þingmanns, ef það gæti orðið til þess, að stytta umræðurnar um það efni. Eg verð þá að vísu að álíta það satt, að það, sem farið er fram á, liggi ekki fyrir ut-

an fjárhagsnefndina í Kanpmannahöfn; en eg álít það svo fjærskylt uppástúngunum í þessu máli, að eg er á sama máli, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður, að það liggi alveg fyrir utan verkahríng alþíngis í þessu máli, að taka þær uppástúngnr, er hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður ráðgjörði, því þær eru ekki *breytíngar* á niðurlagsatriði nefndarinnar, heldur *ný uppástúnga*. Mèr finnst standa alveg eins á því og breytíngaratkvæði því, sem einn þíngmaður tók sèr með leyfi *konúngsfulltrúa* á síðasta þíngi; það var í Skeljavíkurmálinu, um að fá Straumfjörð löggiltan; það var ný uppástúnga óskyld hinni, sem hún var borin upp við; og stjórnin synjaði alþíngi bænheyrslu um Straumfjörð, af því að hún sagði — eins og í alla staði er rètt og satt — að það mál væri ólöglega uppborið á þíngi.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af því, sem hèr hefir verið talað svo opt um, viðvíkjandi verkahríng nefndar þeirrar, er sett yrði í fjárhagsaðskilnaðarmálinu, benda á, að menn geta ekkert sagt um það hèr, hvernig nefndarinnar verkahríngur muni verða ákveðinn af hlutaðeiganda stjórnarherra, og það hjálpar því ekki, að byggja neitt á þessu atriði, sem öllum hèr hlýtur að vera fullkomlega óljóst.

Pètur Pètursson: Fyrst hiun háttvirti *forseti* álítur, að breytíngaratkvæði mitt komi ekki eiginlega málinu við, tek eg það aptur.

Stefán Jónsson: Eg man það, að *konúngsfulltrúi* hèr á þíngi hefir 1845, og jafnan síðan, getið þess, þegar þetta mál hefir verið rætt, að reikníngur þessi hafi verið gjörður; en hann hefir líka getið hins, að ágreiníngur hafi verið um upphæðina. Annaðhvort verður nú að vera, að reikníngarnir, sem byggt var á, hafi ekki verið glöggir og góðir, eða að þeir hafi ekki aliir verið góðir reiknínsmenn, sem reikníninginn gjörðu, því sama verður jafnan að koma út hjá öllum, ef rètt er reiknað. Vèr höfum ekki heldur neina vissu fyrir því, að hærri upphæðin sè rèttari en sú lægri, eða fyrir því, að önnur hvor upphæðin sè rètt. Eg neita því ekki, að það var vel gjört af stjórninni, að taka meiri upphæðina Íslandi í hag. Ef nú reikníngar þessir yrði enn rannsakaðir, kynni máske önnur upphæð að koma fram, og þessi óvissa og ágreiníngurinn getur verið orsök til þess, að menn eru svo mikið áfram um, að fá nýja rannsókn á reikníngunum.

Arnljótur Ólafsson: Eg neyðist til þess, þó það kunni að

þykja óhæverska, að svara hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* upp á það, er hann sagði um hæverskuna, því það er áríðandi, bæði fyrir sóma þingsins og einkum nefndarinnar, að vita, hvort það er óhæverska að biðja um það, sem nefndin stíngur upp á. Eg veit það, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* er manna kurteysastur; en hann verður að fyrirgefa oss, þó vèr líka viljum vera kurteysir, og viljum færa rök fyrir því, að vèr gjörum oss ekki seka í okurteysi, þó vèr biðjum stjórnina um það, er nefndin stíngur upp á. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri óhæverska af undirmanni, að biðja yfirmann sinn opt um hið sama; þetta er rètt; en hèr stendur nokkuð öðruvísi á; þingið hefir bænarrètt, og það er þess einasti rèttur, og fyrst það nú hefir þennan rètt, þá er það líka bein skylda þess, að biðja um allt það, sem það álítur rètt að biðja um, og það er skylda þess, að biðja og þreytast ekki í bæninni, hversu opt sem stjórninni kann að þóknast að neita. Eg hefi enn þá eina ástæðu, og það er þá, að vèr biðjum um, að eitt atriði, sem viðkemur fjárhagsaðskilnaðinum verði tekið til greina, þegar öll hans atriði verða yfirveguð. Stjórnin gefur oss bendíngu um, að þau muni öll verða tekin til greina; og vèr biðjum að eins um, að eitt þeirra verði tekið til greina; þetta er sannarlega engi ókurteysi.

Konúngsfulltrúi: Þíngmaður Eyfirðínga talaði um, að ágreiníngur hefði verið um reikníngа á kollektusjóðnum milli þeirra, sem rèðu þeim til lykta, og ályktaði hann þar af, að eitthvað óhreint hlyti að hafa í þeim verið. Þetta lýsir ókunnugleik hans á málinu. Það voru menn úr ýmsum stjórnarráðum, sem rannsökuðu reikníngana, og það var því eðlilegt, þó þá kynni að greina á um ýms útgjaldaatriði, líklegast helzt í því tilliti, hvort þau væri rètt talin sjóðnum til útgiptar, eptir hans upprunalega tilgangi; en einmitt þessi ágreiníngur er vottur þess, að rannsóknin hafi verið gjörð með nákvæmni. Þíngið greinir líka við stjórnina, — og það er undirrótin til þíngsins umkvörtunar, — á um það, hvort fè sjóðsins hafi verið rètt varið eða ekki, en konúngsúrskurðurinn hefir nú skorið úr því spursmáli, og þeim úrskurði getur engi stjórnarherra eða nefnd raskað.

Jón Hjaltalín: Eg talaði á móti þessu máli 1859, af því eg áleit það óviðurkvæmilegt þá, að fara fram á það; og svo hèlt eg líka, að það, eins og það lá þá fyrir, mundi engan framgang fá. Eg vona, að þeir, sem lesa bænarskrána til konúngs 1859, sjái, að

þar er farið fram á allt annað en það, sem hèr liggur fyrir, og get eg því ei látið þau mótmæli, sem eg þá hafði á móti málinu, gilda nú, því að þá var öðruvísi tekið í málið, og miklu stinnar en nú; og þó virðist mèr af orðum hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*, sem þetta mál sè orðið nokkurs konar „*Noli me tangere*“; en eg hefi ekki af ræðum hans getað sannfærzt um, að þingið skerði æru sína með því, að fara því fram, sem nefndin nú stíngur upp á. Eg get ekki skilið það, að sjóðir, sem Ísland á hjá stjórninni, sè óviðkomandi þessari fjárhagsnefnd, sem á að setja í Kaupmannahöfn. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* segist ei vita, hver verkahríngur hennar sè, en efast þó um, að þetta mál muni verða lagt fyrir hana. En eg ímynda mèr, að í þessari nefnd muni sitja þeir menn, sem heimti allar mögulegar upplýsíngar í málinu, og sem ekki hræðast einn konúngsúrskurð eða svo; það getur verið, að konúngsúrskurður iiggi fyrir öllu, þegar vel er á botninn hvolft. Mèr sýnist það því engi óhæverska, þó vèr reynum að koma þessu heimalambi voru á góða haga í nefnd þessari, því eg er viss um, að þar fer betur um það, en að láta það vera að hröklast hèr á milli okkar og stjórnarinnar þíng eptir þíng, til þess að lengja umræðurnar og tefja tímann; það liggur ekki heldur blá og ber neitun stjórnarinnar í auglýsíngunni til þíngsins um þetta mál. Hún segist að eins *ekki hafa fundið ástæðu* til þess, að taka bæn þíngsins í þessu máli til greina; þetta er það sama, og eg átti von á, og þó er það jafnvel linar í dönskunni, svo eg get ekki dregið þar af, að stjórnin áliti það óhæversku, að þíngið mælist til, að mál þetta verði lagt fyrir þá nefnd, sem á að setja í Kaupmannahöfn, til að undirbúa fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur; og þó vèr biðjum ekki um það, held eg að jafnvel nefndin sjálf muni biðja um þau skjöl, er hún þarf til þess, að aðskilnaðurinn verði sem hagkvæmastur fyrir oss, og þess vegna verð eg að vera á móti því breytíngaratkvæði, er hinn 3. konúngkjörni þíngmaður tók sèr; eg veit ekki upp á víst, hvort hann hefir tekið það aptur; það er gott, að þíngið styrki og leiðbeini þessari nefnd, svo allt verði sem réttsýnast. Menn þurfa líklega ekki heldur að kvíða því, að Danir muni verða ofurliða bornir í þessari nefnd; þar situr þó líklega ekki nema 1 Íslendíngur, og þó hann má ske sè á við 2, er Dönum ekki misboðið fyrir það. Þrátt fyrir ræður hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*, get eg ekki álitið það óhæversku að fara fram á það, sem nefndin nú fer fram á, því málið er nú í allt öðru horfi en 1859.

Pètur Pèturson: Þó að nefndarálitið sè lipurlega og hæversklega samið, sýnast mèr niðurlagsatriði þess hvorki vera heilt nè hálft; þar er að eins talað um, að rannsaka reikníngana; en það er ekki tekið fram, hverjum eigi að skýra frá rannsókn þeirra, og ekki heldur, að við reisa skuli sjóðinn aptur, ef misfellur kynni að finnast á hinum gömlu reikníngum. Ekki ætla eg samt að taka mèr breytíngaratkvæði um þetta; eg veit ekki, hvort það kann að þykja eiga við málið; en mèr sýnist, að nefndin, úr því hún tók málið fyrir á annað borð, hefði átt að fara feti lengra, og biðja hreinlega um, að sjóðnum yrði bætt allt það aptur, sem hefir af honum verið varið, öðruvísi en ætlazt var til í öndverðu, því þá kemur sú sanna meiníng nefndarinnar fram. Hitt er ekki meiníng nefndarinnar, að Danir hafi ekki lagt rètt saman 2 og 2. En ef það er meiníng manna, að sjóðnum hafi verið rangt varið, ætti menn að vilja reisa sjóðinn upp aptur. En af því eg er mótfallinn endurskoðun kollektusjóðsreikninganna, fer eg ekki þessu fram. Hitt sagði eg á þínginu 1859, að eg væri því ekki samdóma, hvernig kollektusjóðnum hefði verið varið, og að eg væri sannfærður um, að honum hefði ekki verið varið heppilega; en þetta atriði málsins liggur hèr ekki fyrir, og því er ekki um það að tala; en reikníngana vil eg alls ekki vefengja.

Benedikt Sveinsson: Eg vil að eins leyfa mèr, að æskja upplýsínga af nefndinni, af því mèr ekki er ljóst niðurlagsatriði nefndarálitsins. Mèr finnst það óljóst, hvaða áhrif nefndin hugsar sèr, að nefnd sú, sem sett verður í Kaupmannahöfn, hafi á þetta mál, ef það fer hèðan svona frá þínginu; eg er raunar því ekki samdóma, sem mèr virtist vera meiníng hins háttvirta *varaforseta,* að þingið hefði átt að biðja um, að Kaupmannahafnar nefndin breytti gildandi konúngsúrskurðum eður endurreisti kollektusjóðinn; en um það skal eg ekki tala meir; því eg ímynda mèr, að *varaforsetinn* hafi hugsað allt annað; en eg fyrir mitt leyti verð að óska upplýsíngar hjá nefndinni um það, ef málinu verður vísað til Kaupmannahafnarnefndarinnar, hvaða þýðíngu hún hugsi sèr það hafi fyrir málið. Eg hefi reyndar heyrt sagt, að það ætti að setja nefnd þá, sem hèr ræðir um; en eg held, að engi geti sagt, að nefnd þessi sè sett, eða bún fyrir *víst* muni *verða* sett, því það liggur í eðli stjórnarfyrirkomulagsins í Danmörku, sem nú er, að margt getur þar skipazt á annan veg, en ráðgjört er; og breytíngar þær, sem stjórnin kann að gjöra á fyrirætlunum sínum, fljúga ekki svo fljótt híngað út

til Íslands. En sleppum þessu, og látum oss gjöra ráð fyrir, að nefndin verði sett; en þá þykir mèr vanta nokkuð, ef nefndin getur ekki sagt, hvaða þýðingu þessi fjárhagsnefnd á að hafa; hún getur nú haft svo margar þýðingar; ætlunarverk hennar getur verið svo takmarkað, að þetta mál heyri alls eigi undir hana, og þó svo væri, vantar mikið samt; eg vildi vita, hvort nefndin á að vera, og verður að eins leiðbeinandi fyrir stjórnina, eður jafnvel óhagganlegur grundvöllur fyrir fjárhagsaðskilnaðinn, að minnsta kosti frá stjórnarinnar hálfu. Eg vil fá upplýsingar um ætlunarverk nefndarinnar, sem að þessu lýtur, því eg get ekki samþykkt uppástúngu nefndarinnar, nema mèr sè það ljóst, hvernig nefndin að minnsta kosti hefir hugsað sèr málið.

Framsögumaður: Viðvíkjandi fyrirspurn hins konúngkjörna varaþíngmanns, skal eg svara því, að nefndin hafði ekki annað til leiðbeiníngar en það, sem stendur í auglýsíngu konúngs til þíngsins, að nefnd þessi yrði sett, til að íhuga fjárhagsaðskilnaðinn; en um verkefni þeirrar nefndar gat nefndin ekki gjört sèr aðra hugmynd en þá, að hún ætti að vera leiðbeinandi fyrir stjórnina, til þess að rannsaka fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur. En að nefndin ekki hafi tekið þetta ljóst fram, um það verð eg að vísa þíngmönnum til niðurlagsatriðis nefndarálitsins, þar sem stendur, »að nefndin skuli rannsaka reikníngа kollektusjóðsins frá því um árslok 1797, og *með fullu tilliti til konúngsúrskurðanna* 18. okt. 1786, 28. maí 1800 og 9. marz 1804«. Þetta niðurlagsatriði held eg að sè ljóst, og þetta er aðalatriðið, sem þíngið vill, að gengið sè út frá í þessu máli. Nefndin hèlt ekki, að Kaupmannahafnarnefndin mundi fá vald til þess að úrskurða, að sjóður þessi skyldi reisast við aptur, en upplýsa það, af hvaða ástæðum sjóðnum hefði verið varið öðruvísi en ætlazt var til í upphafi. Vili einhver taka sèr breytíngaratkvæði, er sè skýrara en uppástúnga nefndarinnar, mun nefndin vera fús á að ganga inn á það.

Helgi G. Thordersen: Eg er reyndar fyrir utan nefndina, en þar sem talað var um ætlunarverk Kaupmannahafnarnefndarinnar, þá álít eg það sjálfsagt, að hún sè leiðbeinandi fyrir stjórnina í fjárhagsaðskilnaðarmálinu; en svo kemur málið sjálfsagt aptur frá stjórninni til þíngsins, og þá fáum vèr aptur á ný tækifæri, til þess að tala um það; og er ekki hundrað í hættunni, þó vèr biðjum um, að mál þetta sè athugað; en það er vor sök, að segja álit vort um það, þegar það kemur aptur frá stjórninni.

Arnljótur Ólafsson: Af því eg er nefndarmaður, vil eg leyfa mèr að svara spurníngu hins konúngkjörna varaþíngmanns. Í niðurlagsuppástúngu vorri stendur, »að nefnd sú, er sett verði í Kaupmannahöfn, til þess að undir búa fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur o. s. frv.». Nefnd sú, sem sett var í kollektumálið byggði á því, að þessi nefnd yrði sett, og að hún yrði sett, ekki til að taka ályktun, heldur til að »undir búa» málið fyrir stjórnina. Annaðhvort verður nefndin sett, eða hún verður ekki sett. Ef hún verður ekki sett, hefir hún engi ábrif á þetta mál; en ef hún verður sett, á hún ekki að gjöra annað, en að undirbúa málið. Það, sem hún gjörir, getur ekki verið skuldbindandi fyrir stjórnina eður ríkisdaginn; þau þurfa ekki að fylgja því, sem nefndin stíngur upp á; það hefir verið tekið fram, hvers nefndin í kollektumálinu óskaði af Kaupmannahafnarnefndinni, svo eg tek það ekki upp aptur; en eg tek það upp aptur, að eptir eðli hlutarins getur það ekki hugsazt, að álit nefndarinnar í Kaupmannahöfn verði bindandi fyrir stjórnina, og ekki heldur fyrir ríkisdaginn, sem hefir fullkomið vald yfir fjárhag vorum, meðan hann er sameinaður fjárhag Danmerkur.

Stefán Eiríksson: Eg ætla nú ekki að tala mikið í þetta sinn; og þó þetta sè nú kölluð þrábeiðni og barnabrek, að fara fram á þetta mál enn á ný, þá finnst mèr þó í því engi ókurteysi, þó menn biði um skýra reiknínga, og mig furðar því heldur á stjórninni, ef hún skyldi neita okkur um skýra og góða reiknínga, í sömu andránni og hún skipar embættismönnunum, að gjöra glögga reiknínga fyrir sjóðum þeim, er þeir hafa undir hendi. Þíngið getur heldur ekki annað, eptir þeim lögum, sem það hefir enn brúkað þrábeiðnina, og eg veit ekki til að nokkurt mál, sem eitthvað hefir snert stjórnina, hafi hafzt fram, án þess að ítreka það þráfaldlega; þegar menn nú skoða, hver kollektusjóðurinn var 1797, og bera það saman við konúngsúrskurðinn af 1844, þá vantar af sjóðnum 19,773 rd, og þó menn nú vili fá að vita, til hvers þetta hefir verið brúkað, þá eru það engar öfgar; hefði menn nú haft þessa skildínga núna, til að bæta úr harðærinu hjá okkur, þá hefðum við ekki þurft að óttast fyrir hungursneyð; mèr finnst því heldur ástæða til, að senda þetta mál núna enn einu sinni til stjórnarinnar, sem verið er nú að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ætla að áskilja mèr viðaukaatkvæði við uppástúngu nefndarinnar, því eg er samþykkur þeim, sem álíta, að hún hafi ekki farið nógu langt út í málið, og

mun breytíngaratkvæði mitt stefna í þá átt, að niðurstaða sú, sem nefndin í Kaupmannahöfn kemst að, verði síðan lögð fyrir þing hèr á landi, og líka að uppástúngan verði orðuð þannig: »að nefnd sú, sem ráðgjört er að sett verði« í staðinn fyrir: »nefnd sú, sem sett verði«.

Benedikt Sveinsson: *Framsögumaður* og þíngmaður Borgfirðínga hafa ekki svarað spurníngu minni svo vel, sem eg óskaði; þeir sögðu reyndar, hvernig þeir hefði hugsað sèr ætlunarverk nefndarinnar, og var það eins og eg hèlt, að það væri; en það er mèr alls ekki nóg. Þeir sögðu, að nefndin bindi ekki hendur ríkisdagsins; það datt mèr aldrei í hug, að hún mundi gjöra; en eg vil fá nákvæmar upplýsíngar um »Instrux« eður erindisbrèf nefndarinnar, og hvaða áhrif hún í gjörníngnum *(de facto)* hefir á fjárhagsmál Íslands síðar meir. Eg skal annars ekki vera að biðja nefndina um, að segja mèr það, sem hún veit ekki, og getur ekki vitað; en sem hún þó hefði *átt* að vita, *áður* en hún bjó til *þessa* uppástúngu sína, sem hèr stendur á dagskránni, en úr því hún ekki getur svarað spurníngum mínum, og gefið mèr þær upplýsíngar, sem eg hefi óskað, get eg ekki heldur gefið atkvæði mitt fyrir uppástúngu hennar.

Gísli Brynjúlfsson: Að því leyti sem eg var einn nefndarmaðurinn, skal eg að eins svara því, að vèr gátum alls ei skilið, að fjárhagsnefndin, sem setja á, mundi verða annað en vanaleg rannsóknarnefnd, sem ætti að skoða málið nákvæmlega og búa það svo undir fyrir stjórnina, áður en hún gæti lagt það fyrir ríkisdaginn. Eg fæ því alls ei skilið, hvers vegna hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður þykist einmitt þurfa að þekkja »Instrux« nefndar þessarar frá stjórninni, áður en hann geti fallizt á uppástúngur vorar í þessu máli; og eg skal að eins leyfa mèr að leiða athygli manna að því, að það var einmitt af því, að vèr þekktum ei þenna »Instrux«, að oss þótti það mjög tilhlýðilegt, að sú bæn kæmi nú frá þínginu, að stjórnin lèti fjárhagsnefndina einnig rannsaka reikníngа kollektusjóðsins, svo að þetta atriði þá því fremur mætti verða tekið líka upp í »Instrux« hennar. Að öðru leyti skal eg ekki vera neitt á móti breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns úr Suður-Þíngeyjarsýslu; því nefndin tók þetta atriði, sem reyndar stóð í uppástúngunni, að eins ekki fram, af því hún áleit það svo sjálfsagt, að ei þyrfti að efast um, að engi grein af fjár-

hagsmálinu mundi verða útkljáð, an þess að málið fyrst yrði lagt fyrir alþingi eptir loforði konúngs vors.

Pètur Pètursson: Eg vil leyfa mèr að spyrja nefndina, hvort hún vill ekki bæta við úrskurði konúngs frá 1844, því mèr sýnist ólögulegt, að sleppa svona einum konúngsúrskurðinum, úr því hinir eru teknir.

Þar eð 10 þingmenn höfðu óskað þess, að umræðunum væri lokið, leitaði *forseti* atkvæða um það, og var það samþykkt með 18 atkv.

Sveinn Skúlason: Af því mèr líkaði ekki, hvernig þingmaðurinn úr Suður-Þingeyjarsýslu orðaði breytingaratkvæði sitt, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði við uppástúngu nefndarinnar í líka stefnu.

Forseti kvað þá þessari undirbúningsumræðn lokið.

Forseti: Þá kemur til *ályktarumræðu* og *atkvæðagreiðslu* málið um *launabót embættismanna. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður úr Suður-Þingeyjarsýslu. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, sem eg vona, að þingmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: *um laun íslenzkra embættismanna, er þiggja laun sín úr ríkissjóði.*

1. Breytingaratkvæði *Björns Pètursonar* við niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 2.):

   Að hans konúnglega hátign vili sjá svo um, að öllum þeim embættismönnum hèr á landi, er þiggja laun sín úr ríkissjóði, verði, með fullkomnu tilliti til launa samkynja embættismanna í Danmörku, veitt hæfileg launaviðbót frá 1. degi aprílm. 1862.

2. *Nefndin* 1. niðurlagsatriði:

   Að hans hátign allramildilegast vili sjá svo um, að þeim embættismönnum hèr á landi, sem þiggja laun sín úr ríkissjóði, verði veitt fullt jafnrètti í launum við samkynja embættismenn í Danmörku.

3. Viðaukaatkvæði *Jóns Hjaltalíns* við 1. niðurlagsatriði (tölul. 2):

   Að þingið með ljósum tölustöfum vili útþýða hið svokallaða *fulla jafnrètti,* svo þessi útþýðing geti komizt í álitsskjalið.

4. Viðaukaatkvæði *Benedikts Sveinssonar* við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 2):

Þó þannig, að landlæknirinn byri með 1200 rd., og fái launaviðbót fyrir hver 3 ár, er hann þjónar embættinu, unz laun hans eru orðin 1600 rd.

5. Viðaukaatkvæði síra *Benedikts Þórðarsonar* við sama niðurlagsatriði (tölul. 2):

Og að dómkirkjupresturinn í Reykjavík fái 300 rd. launaviðbót úr ríkissjóði, auk húsaleigustyrks þess, er hann nú fær.

6. Varabreytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar:*

Ef »1. Að hans — Og til vara« fellur, að í staðinn fyrir orðin: »Að embættismenn þessir« komi: *Að hans hátign allramildilegast vili sjá svo um, að embættismenn þeir hèr á landi, er laun sín þiggja úr ríkissjóði,* o. s. frv. (sjá varauppástúnguna tölul. 7).

7. *Nefndin,* varauppástúnga:

Að embættismenn þessir fái að minnsta kosti þau laun, er til voru tekin í frumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir ríkisþíng Dana 28. janúar 1860 um laun ýmsra embættismanna á Íslandi.

(*Benedikt Sveinsson,* uppástúnga, að varauppástúngan (tölul. 7.). falli burt).

8. *Nefndin,* 2. niðurlagsatriði:

Að sú launabót, sem veitt verður embættismönnum þessum, sè ákveðin svo fljótt, að þeir fái hana frá byrjun næstkomanda aprílmánaðar.

9. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Voru síðan skjöl málsins afhent *framsögumanni,* þíngmanni Suður-Þíngeyjarsýslu.

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum): Það er því miður margbreyttar skoðanir á þessu máli, og er það víst skaði fyrir það, því þess meiri eindrægni, sem hefði verið í því, þess betri framgang hefði það sjálfsagt fengið. Embættismennina greinir sjálfa á í þessu máli, og er það skaði, því ef þeir hefði verið allir á eitt sáttir, mundi það hafa fengið greiðan framgang á þínginu. Sumir þeirra vilja hafa jafnrètti, en með þeim hætti, að þeir skapi sèr það sjálfir, aðrir vilja og svo hafa jafnrètti, en gjöra ekki grein fyrir því, hvað þeir meina með slíku jafnrètti; en það held eg þó að þeir þyrfti að gjöra; hinn þriði flokkurinn vill þiggja allt, sem stjórnin vill gefa, hvort það er mikið eða lítið, og er þakklátari

en frá megi segja. Nefndin hefir, að eg ætla, farið meðalveginn milli þessara flokka; hún hefir haldið fast fram jafnrèttinu, og fært ástæður fyrir því í nefndarálitinu, þó með sèrstöku tilliti til þess, hvernig á stendur hèr á landi, svo að þeir, sem gjöra sig ánægða með það minna, missa ekki það meira. Eg ber nú sèrlega mikla virðingu fyrir hinni stórlátu setningu þeirra manna, sem annaðhvort vilja hafa *allt* eða *ekkert* í hverju máli sem er; því það lýsir æfinlega einstöku drenglyndi; en í þessu máli verða menn þó altènd að líta til afleiðinganna, sem geta orðið þær, að af því menn ekki vilja lúta að hinu litla, missa menn hið meira; því eins og allir vita, hefir stjórnin ekki enn viðurkennt þetta þráttnefnda talnajafnrètti íslenzkra embættismanna hèr á landi.

Eg skal þá víkja mèr að atkvæðaskránni, sem hèr liggur fyrir; það er þá fyrst breytíngaratkvæðið undir 1. tölulið, sem eg vildi minnast á með nokkrum orðum; mèr finnst það fara í sömu stefnu, og uppástúnga nefndarinnar undir 2. tölulið; það er að vísu orðfleira, en þó sömu meiníngar og mikið óákveðnara; það var hèr um daginn verið að tala um breytíngaratkvæði, sem gjörð væri af fordild; en ef nokkurt breytíngaratkvæði hefir verið gjört af fordild, þá er það þetta, og skyldi nú þetta breytíngaratkvæði fá framgang, þá skil eg ekki, hvernig ástæður verða færðar fyrir því í bænarskrá til konúngs.

Svo kemur nú viðaukaatkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns undir tölulið 3, að þíngið með ljósum tölum vili útþýða hið svokallaða fulla jafnrètti í álitskjali sínu til konúngs. Eg skil nú ekki, hvernig það getur komizt að við atkvæðagreiðsluna, eins og það nú liggur fyrir. Mèr skilst það svo, sem þíngið eigi að biðja konúng um, að lofa sèr að útþýða þetta fulla jafnrrètti (*Jón Pètursson:* það er upphvatníng til þíngsins). Það er gott, ef svo er; en þá hefði uppástúngumaður átt að koma fram með það í ræðum sínum; en til atkvæða getur það ekki komið, eptir því sem eg hefi bezt vit á. Þá kemur 4. töluliður, breytíngaratkvæði hins konúngkjörna varaþíngmanns um laun landlæknisins. Þar er undantekníng frá aðalreglunni um talnajafnrèttið, sem þó uppástúngumaðurinn hefir fylgt svo fast fram hingað til. Þessi launaupphæð er hærri, en læknar í Danmörku hafa (*Benedikt Sveinsson:* Nei!); og þá er talnajafnrèttinu raskað, sem þíngmaðurinn hefir þó haldið svo fast við. Eg væri nú ekkert fjarri því, að gefa þessari uppástúngu atkvæði mitt, ef eg sæi ástæðu til þess, að hefja landlækn-

inn upp úr talnajafnrèttinu, og upp yfir aðra embættismenn í landinu; og svo veit eg ekki, hvort því muni verða framgengt hjá stjórninni, því stjórnin hlýtur að reka augun í það, þegar einn einstakur embættismaður er settur hærra en aðrir samkynja embættismenn. Það er ekki þar fyrir, að eg vil unna þessum heiðursmanni, sem hèr á hlut að máli alls góðs. Breytíngaratkvæði þíngmanns Barðstrendínga undir tölulið 5., um launabót handa dómkirkjuprestinum í Reykjavík, finnst mèr óþarft, einkum ef varauppástúnga nefndarinnar fær framgang, að frumvarp það, sem stjórnin lagði fyrir ríkisþíng Dana 28. jan. 1860 verði lagt til grundvallar við launabót þeirra embættismanna, er hèr ræðir um, því að í því frumvarpi er stúngið upp á 250 dala launabót handa dómkirkjuprestinum; hèr er reyndar stúngið upp á 50 dölum meira; en eg er viss um, að dómkirkjupresturinn fæst ekki um það, hvort sem hann fær 50 dölum meir eða minna, og mèr finnst þíngmaðurinn, sem upp á þessu hefir stúngið, mega vera ánægður, ef varauppástúnga nefndarinnar fær framgang, svo eg held honum megi nægja með það, ef hann gefur henni atkvæði sitt.

Uppástúngan, sem er á milli töluliðanna 7. og 8., getur ekki til atkvæða komið, og það er víst heldur ekki ætlazt til þess af uppástúngumanni.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það er eitt breytíngaratkvæði hèrna á atkvæðaskránni, sem eg þarf að leita upplýsíngar við, áður en eg fer að gefa atkvæði um það; það er hins 5. konúngkjörna þíngmanns undir tölulið 3., er hljóðar svona: »að þíngið með ljósum tölustöfum vili útþýða hið svokallaða fulla jafnrètti, svo þessi útþýðíng geti komizt í álitsskjalið«. Eg veit nú ekki, hvernig þíngmaðurinn hefir hugsað sèr framkvæmdina á þessu; samt held eg varla, að hann, eins og *framsögumaður* sagði, vili láta fara að skrifa konúngi bænarskjal um, að hann með frumvarpi til næsta þíngs skipi því, að leysa þessa þýðíngu af hendi, því eg held þíngmanninum þyki þetta of langur dráttur. En það kann að vera hinn vegurinn, sem hann meinar, að fyrst sè gengið til atkvæða um, hvort þíngið skuli takast þennan starfa á hendur, og ef það verði samþykkt, þá hlýtur að kjósa nefnd, og hún að fá tíma til að yfirvega og útþýða þetta og semja þar um álit sitt, svo að ræða það á tveim fundum, og fella í því ályktun þíngsins; og til þess að þetta komizt inn í álitsskjal þíngsins til konúngs, kynni *konúngsfulltrúi* að þurfa að láta þíngið hínkra svo sem 1 daginn eptir álitsskjali

þessu; það er annars þeirra góð trú, sem biðja svona um hærri laun, en annars viðgangast í sjálfri Danmörk, að stjórnin skjóti lengi hingað stóru tillagi til slíks; eptir undirtektunum í málinu, sem núna var rætt næst á undan, þá vil eg við þökkum fyrir, ef við fáum góð skil á öllu því, sem við eigum með rètti hjá Dönum fyrst, áður en þeir fara að skeinkja okkur árlegt tillag, til að bæta við launin hèrna.

Jón Hjaltalín: Eg get eins vel staðið upp undireins, eins og seinna, og skal eg þá reyna til, að taka úr mönnum hræðsluna um, að eg muni fá »of mikið», og sýna þeim það, ef þeir skilja við jafnrètti annað en orðið eitt. Laun hèraðslæknanna í Danmörku eru ýmisleg, og eins laun „*Provinds*"-læknanna, þau eru frá 7—1200 dala; þetta hafa þeir sem föst laun, fyrir utan allt annað, sem þeir hafa, sem er hundraðfallt meira, en það, sem landlæknirinn getur haft hèr, eptir lögum lands þessa. Þetta er nú að vísu stutt; en eg vona, að nú fari hræðslan að ganga yfir. Að því er viðaukaatkvæði hins konúngkjörna varaþíngmanns snertir, undir tölul. 4, þá er það ekki annað en rèttlætiskrafa; eg hefi líka sýnt stjórninni fram á það, og eg vona ljóslega, en stjórnin hefir ekki viljað ganga inn á það; brèf mitt var dagsett 19. júním. Fyrst höfðu hèraðslæknar 300 rd., og landlæknirinn 600 rd.; þetta stóð nú svona til 1833, þá flutti landlæknirinn inn í Reykjavík, og fèkk þá persónulega launaviðbót, nfl. 300 dali, og 150 dali í húsaleigustyrk; áður hafði hann góða bújörð og arðsama ey þar framundan, sem hvorttveggja má telja að minnsta kosti 400 rd., hversu lágt sem það er virt, því eyjan ein gefur af sèr 300 rd. Þetta tók stjórnin þó ekki til greina. Loksíns var málið lagt fyrir ríkisdaginn; þá fengu læknarnir 600—1000 dali; en landlæknirinn 1000—1400; þetta læt eg mèr ekki lynda, hvorki fyrir mína hönd nè eptirmanna minna, að minnsta kosti ekki þegjandi. Að því er þá snertir uppástúngu mína undir tölulið 3., þá skal eg, ef þíngmenn vilja hafa í því nýja nefnd, ekki vera móti því; en eg setti hana, til þess þíngið ekki skyldi fleygja í stjórnina gorblautum skinnskæklum; það má toga þá og teygja; eg þarf ekki að taka það fram, eg gjörði það um daginn. Eg efast ekki um, að þíngmenn vili einhuga, að við embættismennirnir fáum hæfilega og næga launaviðbót, svo við getum lifað sómasamlegu lífi, og eg trúi því ekki, að þíngið, ef það vill vel gjöra, geti ekki sett tölustafi fyrir orð. Eg er á móti 6. og 7. tölulið, nfl. varabreytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga og

varauppástúngu nefndarinnar; og eg held þingið ekki geti nú staðið upp fyrir því, sem það áður hefir hafnað. Að því er 8. töluliðinn snertir, þá held eg, að okkur embættismönnunum hefði þótt eins gott, að fá launin fyrir árið, sem leið.

Guðmundur Brandsson: það er, finnst mèr, ekki gott, að gjöra öllum til hæfis. Í hitt eð fyrra skipti þingið sèr í 2 flokka í máli þessu, og síðan vita menn, hvernig því reiddi af hjá stjórninni. Ef menn nú eru nógu eindrægnir, þá hefi eg von um, að betur takist til, og ef menn vilja að fyrri uppástúnga nefndarinnar sè sjálfri sèr samkvæm, þá er bezt að fella 7. tölulið, en samþykkja 2. tölulið, heldur en að menn sè svona sundurþykkir í aðalefninu; sumir vilja hafa jafnrètti við embættismennina í Danmörku, en aptur vilja nú sumir hafa heldur nokkuð en ekkert, og þess vegna aðhyllast varauppástúngu nefndarinnar; eg vil nú segja, að það sè embættismönnunum að kenna, ef málið fer illa í þetta sinn.

Framsögumaður hefir minnst á breytíngaratkvæðin, og hann sagði, að töluliður 1 væri ekki annað en orðabreytíng á tölulið 2, uppástúngu nefndarinnar; eg er nú ekki á sama máli, heldur held eg, að breytíngaratkvæðið undir 1. tölulið hafi verið miðað við niðurlagsatriði nefndarinnar í launabótamáli *Havsteins,* og eg þykist sjá, hvað breytíngaratkvæðið fer; en það er sjálfsagt, að nefndaruppástúngan tölulið 2. er ljósari og skýrari, og útskýrir fyrra málið, er eg drap á; þó 1. töluliður verði ekki samþykktur, þá spillir það ekki málinu.

Það tekst óhappalega með tölul. 3., nl. uppástúngu hins 5. konúngkjörna þíngmanns, og eg get ekki láð *framsögumanni* og þíngmanni Mýramanna, þó þeir misskildi hana; en það er audvitað, að sá, sem bar hana upp, hafði ekki ætlazt til, að það væri skilið svo. Að því er breytíngaratkvæðið undir 5. tölulið snertir, þá held eg það sè ekki á rèttum stað; eg held það ætti að vera breytíngaratkvæði við varauppástúngu nefndarinnar, og sama er að segja um breytíngaratkvæðið undir tölulið 4. Nefndin fer fram á fullkomið jafnrètti í fyrri uppástúngunni; en ef læknar í Danmörku ekki hafa sömu laun, og íslenzkir læknar, þá held eg komi flækja í málið. Heldur ekki sè eg, að töluliður 5. heyri undir 1. uppástúngu nefndarinnar; eg veit ekki, hvort dómkirkjuprestar í Danmörku fá laun úr ríkissjóði. Eg drep á þetta, til þess að vekja athygli þingsins á, hvort þessi 2 viðaukaatkvæði standa á rèttum stað.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum 5. konúngkjörna

þingmanni nokkrum orðum upp á ræðu hans; hann að vísu hallmælti ekki nefndinni, eða nefndarinnar uppástúngum, stórkostlega, en samt líkaði honum reyndar ekkert af því, sem er á atkvæðaskránni, nema ef það skyldi vera viðaukaatkvæðið undir tölul. 4., og fyrir öllu hinu ætlar hann að sitja. Mèr stendur nú reyndar á sama, hvort hann situr eða stendur við þessa atkvæðagreiðslu, sem nú liggur fyrir, því það má eiga þar heima: *„sèr stríðir vesall«;* hann veit það þó þingmaðurinn, að það, sem nefndin hefir gjört í þessu máli, það hefir hún gjört fyrir embættismennina, en ekki fyrir sig. Hann var nú hreint mótfallinn varauppástúngu nefndarinnar, og þykir það allt svo lítið og smámunalegt, sem þar er farið fram á; og sýnist mèr það ganga með hann þvert á móti lögum náttúrunnar og því, sem almennt viðgengst; það er sumsè almennt viðtekið, að því lengur, sem maður sveltur, því smálátari verði maður; nú gengur þetta alveg öfugt með þennan þingmann, því á þinginu í hitt eð fyrra var hann svo lítillátur, að hann vildi þiggja jafnvel hvað lítið, sem stjórnin vildi miðla honum; þá fer hann þessum orðum um málið: »Eg held við þökkuðum fyrir eitthvað, heldur en ekkert, en eg held þessi sanngirni verði ofurlètt í maganum. Eg veit ekki, hvort aðrir embættisbræður minir hugsa þannig, en svona hugsa eg, og mèr finnst það vera skylda fyrir oss að segja þetta; og þetta vil eg, að þingið hafi hugfast«. Svona lítillátur var nú þingmaðurinn þá; en nú er hann svo stórlátur, að hann ekki einu sinni gjörir sig ásáttan með þau laun, er samkynja embættismenn honum hafa í Danmörku.

Björn Pètursson: Eg skal leyfa mèr að tala fáein orð, af því eg á eitt breytíngaratkvæði á atkvæðaskránni. Mèr þykir *framsögumaður* hafa lagt á það nokkuð harðan dóm, því hann sagði beinlínis, að það væri gjört af fordild, af því það færi í sömu stefnu og nefndin. Mèr þykir mikið fyrir því, að hinn háttvirti *framsögumaður* skyldi vera svo skjótur til, að nema þetta orð: »fordild«, því eg vildi sízt, að sannaðist á honum, að *auðnæm væri ill danska;* það lítur svo út, eins og hann hafi hent það á lopti, undir eins og einn þingmanna kastaði því inn á þingið hèrna um daginn. Eg verð að segja það, að mèr finnst hann ekki vel sterkur í íslenzku, ef hann getur ekki gjört nokkurn mun á *tilliti* og *jafnrètti,* og það þykir mèr enn verra fyrir hann. Hann var einn í nefndinni, sem hafði launabótamál amtmanns Havsteins til meðferðar, og mèr sýnist því, að *hann* ekki hefði átt að kasta þúngum steini á breytíng-

aratkvæðið, sem alveg fer í sömu stefnu, og er eins orðað. Nefudin heimtar fullkomið jafnrètti, en breytíngaratkvæðið er nokkuð rýmra, og ekki eins rígbundið, og það er eini munurinn. Eg gjörði þetta breytíngaratkvæði engan veginn af »fordild«, og ekki heldur til að spilla fyrir málinu, heldur af því eg áleit, að breytíngaratkvæði þetta væri betra en 1. uppástúnga nefndarinnar, ef varauppástúngan kynni að falla, sem ekki er ólíklegt að verði, þegar sumir meðal sjálfra embættismannanna ekki vilja með neinu móti hafa hana. Það er mjög líklegt, að orð svo merkra manna muni geta haft þau áhrif, að þeir geti fengið nógu marga þíngmenn í lið með sèr, til að fella varauppástúnguna. Ef svo færi, þá hefir breytíngaratkvæðið þann kost fram yfir aðaluppástúngu nefndarinnar, að þar er stjórnin beðin um, að *hafa tillit til launa samkynja embættismanna í Danmörku;* en nefndin krefst þessa *jafnrèttis,* sem, að sögn, hefir áður með fram orðið þessu launamáli að fótakefli; auk þess, sem eg áður hefi tekið fram, að það er eðlilegast og lögulegast, að sama yrði niðurstaðan í þessu launamáli og hinu, sem nýlega er um garð gengið, þó að þar sè talað um 1 embættismann, en hèr um fleiri. Eg vona, að þeir, sem vilja fella þetta breytíngaratkvæði ætli sèr að ganga inn á varauppástúngu nefndarinnar, og þá gildir mig einu, hvort er; en mèr þykir tvísýnt, hvort hún verður ofan á, eins og eg hefi áður sagt. Mèr er nú í sjálfu sèr ekkert sárt um, þó tölul. 1. falli; en eg vil þó biðja menn, að gá að því, að ef varauppástúnga nefndarinnar yrði felld, þá held eg, að breytíngaratkvæðið væri betur ófellt. Eg skal ekki tala meira í þessu máli; eg hefi viljað gjöra mitt bezta til, að embættismennirnir fengi launabót, því þeir þurfa hennar sannarlega við, og þíngið ræður, hvað það gjörir. Eg vona, að það líka vili gjöra sitt bezta til þessa.

Indriði Gíslason: Eg stend nú upp, einúngis til þess að gjöra grein fyrir, hvernig eg muni greiða atkvæði mitt, og eg ætla þá að vera með uppástúngu nefndarinnar undir tölul. 2. — 1. tölulið, breytíngaratkvæði þíngmanns Suður-Múlasýslu er nú *framsögumaður* búinn að dæma, og er eg þeim dómi öldúngis samþykkur, því jafnrèttiskrafan í nefndarálitinu sjálfu er að minni meiníngu hollust fyrir embættismennina. Að því er tölul. 3. snertir, þá sè eg honum ekkert verða talið til gildis, nema ef vera skyldi framhald af formleysi; og að taka það í álitsskjal til konúngs, sem hvergi hefir legið fyrir, og ekki er í nefndarálitinu, er ekki annað,

að því er mèr sýnist, en óhafandi formgalli, sem eigi á að eiga sèr stað. Að því er tölulið 4. snertir, þá sýnist mèr það, að taka svona einn mann út úr, að það vera einúngis til þess að sundra öllu málinu, og það er merkilegt, að embættismennirnir skuli í því vera verri en við bændurnir (*Jón Hjaltalín:* Það er búið að vísa okkur veginn). Sama er að segja um tölulið 5.; hví er þíngmaður Barðstrendínga einúngis að hugsa um prófastinn, en ekki málið í heild sinni? 6. tölulið get eg ómögulega fallizt á, því það liggur ekki fyrir, og er mjög náskylt varauppástúngunni (*Arnljótur Ólafsson:* Það hefir legið á lestrarsalnum). Eg er ekki skyldugur til að greiða atkvæði um allt, er þar liggur, og ekki skyldugur til að sækja neitt þangað, eða greiða atkvæði um neitt það, sem ekki er lögformlega komið til atkvæðagreiðslu. Við vorum ekki á ríkisþínginu bændurnir, hvað sem um aðra er, og mig furðar á því, að þegar ríkisþíngið ber svo gott traust til embættismannanna, þess drottinsholla parts, sem það kallar, að þeir nú ekki skuli bera það traust til ríkisþíngsins eða stjórnarinnar, að hún líti samngjörnum og rèttlátum augum á málið.

Magnús Andrèsson: Eg vil einúngis taka það upp aptur, að eg óska, að málið sundrist sem minnst. Nefndin hefir farið meðalveginn, og eg veit ekki, hvort breytíngaratkvæðin bæta hið minnsta. Eg ímynda mèr, að uppástúngumaður fyrsta töluliðs hafi haft fyrir augum launabótamál Havsteins; en hèr er öðru máli að gegna; hèr er um marga að tala, en þar er ekki nema um einn. Eg felli mig við jafnrèttið; eg held stjórnin megi bezt vita, og víst betur en bændur hèr á landi, hvernig hún launar embættismönnunum á sínum stöðum. Tölul. 3. á alls ekki við; eg skil ekki, hvernig það getur náð undir nokkrar þingreglur; heldur ekki sýnist mèr eiga við, að vera að taka vissa menn út úr, og sízt þá, sem fá laun sín að öllu leyti úr ríkissjóði. Að því er varauppástúngu nefndarinnar snertir, þá veit eg nú ekki, hvað um hana skal segja; mèr heyrist, að menn, og það embættismennirnir sè móti henni, og mun koma af því, að þótt þar sè *tölur,* sem þeir halda að vísu margir meir upp á, en hið þráttnefnda jafnrètti, þá sè þær tölur allt of lágar, eptir þeirra skoðunarmáta, og því er má ske rèttast, að greiða atkvæði samkvæmt 1. uppástúngu nefndarinnar, en forkasta öllu hinu.

Pètur Pètursson: Eg skal nú ekki taka upp aptur það, sem eg hefi áður sagt; en einúngis taka það fram, að mèr finnst viðaukaatkvæðið undir tölulið 5 vera á góðum rökum byggt. Þíngið

var 1859 samhuga á því, að dómkirkjupresturinn þyrfti launabótar úr ríkissjóði, og stjórnin hefir og verið á því, það sèst af frumvarpinu frá 1860. Það er því vonandi, að þingið fallist á það núna líka. Eg kynni betur við, að það hefði staðið sem viðaukaatkvæði við varauppástúnguna, þá hefði það staðið, að mínu áliti, á réttum stað. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal ekki lengja þingræður mikið; eg býst við, að þingmönnum hafi þótt eg gjöra það nóg í þessu máli í hitt eð fyrra. Við undirbúningsumræðu áskildi eg mèr breytingaratkvæði, en eg hefi þó ekki komið fram með það, til þess ekki að þreyta þingmenn á því, og losa þá við ómakið, að fella það; því þingmenn eru svo fastir við orðajafnrètti, en vilja ekki heyra tölurnar nefndar; það má líka nægja, að það sè skýrt tekið fram í ástæðunum fyrir álitsskjalinu. Eg get ekki verið á sömu skoðun um 3. tölulið, og eg heyri að sumir þingmenn eru. Mèr er sama, hvað það heitir, hvort það heitir viðaukaatkvæði eða áskorun eða hvað helzt annað. Það er auðsèð, að það er stílað til þingsins, og er þeirrar þýðingar, að þingið í álitsskjalinu taki fram tölurnar *(Forseti:* Eg skil það líka svo, sem það sè stílað sem áskorun til þingsins). Að því er 4. tölulið snertir, þá er það víst, að það er brýn nauðsyn til, að taka landlæknirn fram sèr í lagi. Allir vita, hve mikill munur er á launum hans og lækna í Danmörku, þó þeir margir hverir hafi engi laun úr ríkissjóði, því þeir hafa svo miklar aukatekjur fyrir vinnu sína, sem landlæknirinn ekki hefir. Sama er að segja um 5. tölulið; það er nauðsynlegt, að taka þann mann fram. Dómkirkjupresturinn getur ekki lifað hèr af þeim tekjum, sem hann hefir af brauðinu *(Arnljótur Ólafsson:* En skólamennirnir?) Það er satt, að þeir hafa ekki nóg, og eg sè ekki, að eg geti haldist hèr við við laun min, heldur verði, ef þau ekki verða bætt, að feta í fótspor eins kennarans, sem þegar er farinn; þeir er eiga að nota penínga hèr í Reykjavík vita bezt, hvað hver dalurinn stendur lengi við. Eg gef atkvæði mitt fyrir 2. 4. og 5. tölulið; og eg sè ekki, hvað því er til fyrirstöðu, að tölul. 3. komist að í því skyni, sem hann er fram borinn. En varauppástúngu nefndarinnar get eg ekki gefið atkvæði mitt, því eg sè ekki að hún sè til neins gagns.

Páll Sigurðsson: Það er ekki von, þetta blessist. Mèr sýnist vera einhver óeiníng í þinginu, og mest í embættismönnunum sjálfum. Eg verð að segja það, að eg fyrir mitt leyti virði meira

jafnrètti en penínga. Eg held, að embættismennirnir hefði átt að hugsa sig betur um, og leggja fyrir þingið talnafrumvarp, til að segja álit okkar um, fyrst þeir byggja alla trúna á tölum; 1859 fór frá þinginu tölutrossa; en stjórnin fèllst ei á hana; hún gjörði ekki meira úr þeim þá en jafnrèttinu, svo tölurnar urðu þeim þá ónýtar.

Að því er dómkirkjuprestinn snertir, þá er hann nú fyrir utan þetta að nokkru, því hann hefir ekki öll laun sín úr ríkissjóði.

Eg held með jafnrètti, og gef atkvæði mitt með tölul. 2., og eg held það gæti tekizt, ef allir væri á einu máli. Stjórnin hefir opt átt við vandasamari mál en þetta; eg held henni veiti hægt að bera tölurnar saman, og finna jafnrèttið út milli danskra og íslenzkra embættismanna, sem þjóna samkyns embættum hèr; um lærdómsstig og embættisdugnað hlýtur henni og að vera nokkuð kunnugt, en þörf þeirra hèr fmnst sumum mikil, og nauðsyn á, að sem fyrst verði bætt úr henni.

Ásgeir Einarsson: Það hvetur mig til þess, að standa upp, að einn þingmaður sýndist benda til þess, að einhverir þingmenn væri búnir að ávinna sèr atkvæði þingmanna. Eg held að þingmenn láti telja sig á slíkt til skaða, en það er farið að tíðkast, að menn gefa ekkert atkvæði í sumum málum á þinginu; eg hefi nú ekki með jafnaði haft þessa reglu, nema ef eg kann að gjöra það nú, af því eg verð í vafa um, hvað beiðendur vilja sjálfir, þar þá greinir svo mjög á; en fyrir aðaluppástúngu nefndarinnar gef eg hiklaust atkvæði mitt. Það þótti ekki gott voru forna alþingi, að eyða málum með sundrúngu, og það er víst ekki betra núna; en fari atkvæði í þessu máli mjög á sundrúngu, þá óttast eg það spilli alveg fyrir málinu, eins og seinast. Eg vil biðja þá, sem eru hræddir við jafnrètti, að skoða fáein jafnrèttisatriði, sem farið hafa að undanförnu milli Íslands og Danmerkur. Kristján konúngur 8. vildi gefa Íslendíngum jafnrètti, þegar hann gaf þeim hluttekníngu í standaþíngum Danmerkur; en þegar hann sá, að það var ekki það jafnrètti, sem Íslandi gat komið að tilætluðum notum, gaf hann okkur þíng sjálfum. Nú leið og beið, til þess er Danir fengu stjórnarbót, og vor allramildasti konúngur vildi gefa okkur jafnrètti; en hvernig fór? Það er alkunnugt, og þetta jafnrètti höfum við ekki fengið enn, þó það sè viðurkennt í orði. Þegar verzlunarmálið var í undirbúníngi, var það borið fyrir, málinu til fyrirstöðu, að alþíngi hefði stúngið upp á 5 rd. tolli af hverju lestarúmi af útlendra þjóða skipum. Þó þíngið gjörði þetta, var það

til að miðla málum frá 50 rd. tollinum; en svona gat stjórnin og ríkisdagurinn akað seglunum eptir veðrinu í þessum tveimur málum. Nú er konúngur ekki einráður, að því er jafnrètti það áhrærir, er hèr ræðir um, milli embættismanna hèr og í Danmörku, því ríkisdagurinn ræður útgjöldunum; en hvernig fer, ef embættismennirnir fá ekki neina launabót, eins og sumir óttast, ef um jafnrètti er beðið fyrir þá? reynslan er farin að sýna það; sumir sækja um embætti erlendis, sumir sækja frá skólanum um prestsembætti í sveit, og loks verður engi eptir, já! þá má segja, eins og hershöfðínginn forðum: »hver á að stjórna Rússlandi«? Það er því í augum uppi, að stjórnin hlýtur að gjöra eitthvað við þetta mál; eg get því með engu móti ímyndað mèr, að stjórnin láti þetta jafnrèttisorð fæla sig frá að líta á nauðsyn þessa máls; en hvað tillögur alþíngis snertir, þá er betra, að stjórnin eða ríkisþíngið neiti um þetta umtalaða jafnrètti, heldur en alþíngi afneiti því. Að því er viðaukaatkvæðið 3. áhrærir, þá hefi eg heyrt, að hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hefir ljóslega og skýrt tekið fram við stjórnina, hvað hann hafi viljað fá og álitið rètt, og er það víst, að hann hefir ekki gleymt tölunum, en þrátt fyrir það hefir hann þó ekki fengið neitt enn; en ef stjórnin getur teygt þessa jafnrèttiskröfu þíngsins eins og »hráan skinnskækil«, þá getur eitthvert hornið náð til hins 5. konúngkjörna þíngmanns.

Framsögumaður: Það var einungis viðvíkjandi tölulið 4. og 5. á atkvæðaskránni, sem eg vildi tala, og álít eg rèttara að þessir töluliðir sè settir undir varauppástúngu nefndarinnar, en ekki undir aðaluppástúngu hennar, eins og þeir standa nú, því eins og í þessum viðaukaatkvæðum eru tilteknar vissar töluupphæðir, eins voru þær tilteknar í frumvarpinu, sem varauppástúngan skýrskotar til, en í aðaluppástúngunni eru engar tölur ákveðnar, og þó varauppástúngan aldrei nema svo falli, má víst eins fyrir það bera undir atkvæði þessa töluliði.

Sveinn Skúlason: Eg ætlaði einmitt að geta hins sama, og hinn heiðraði *framsögumaður* nú tók fram, að mèr þykja töluliðirnir 4 og 5 rèttara settir þannig, og það því fremur, sem eg vona, að varauppástúngan ekki falli. Í öllu falli vil eg biðja hvern þann þíngmann, sem vill embættismönnum vel, að hugsa sig vel um, áður hann gefur atkvæði móti varauppástúngunni, því verði hún samþykkt, fá embættismennirnir þó dálítið, ef að stjórnin gengur inn á hana (*Benedikt Sveinsson:* Já, ef að, ef að!); já! eg sagði »ef

að«, því ef að stjórnin ekki gengur inn á neitt, nú, þá er bezt, að senda henni ekkert, og þegja eins og steinn; en það getur vel skeð, að stjórnin gangi inn á hið minna, þó hún ekki vili ganga inn á hið meira, og lítið er betra en ekki neitt.

Stefán Jónsson: Eg get ekki að því gjört, að mèr finnst það geti vel verið, að stjórnin kynni að ganga inn á hið minna, þó ekki gengi hún inn á hið meira. En mèr virðist svo á ræðum sumra þingmanna, sem þeir óttist fyrir því, að varauppástúngan, sem hèr ræðir um, má ske muni spilla fyrir, að hið meira fáist, þar sem það kynni að vera mögulegt, að stjórnin gengi inn á hið meira, ef ekki gæfist kostur á hinu minna, eða með öðrum orðum: ef varauppástúngan væri ekki til, þá mundi stjórnin ganga inn á aðaluppástúnguna, og þetta getur að vísu skeð. En mèr finnst á hinn bóginn, að hver maður geti stúngið hendinni í sinn eiginn barm, og munu þá allir játa, að þeir, sem eru nauðþrengdir, heldur vili lítið en alls ekkert. Eg skal ekki tefja tímann með umræðum í máli þessu, en það mun geta skilizt mönnum, að eg sem nefndarmaður á bágt með að yfirgefa nefndarálitið.

Benedikt Sveinsson: Eg get ekki neitað því, að mín skoðun á máli þessu gengur í aðra átt, en flestra þeirra þingmanna, sem enn hafa talað. Mín skoðan er þessi: hèr er spurníngin alls ekki um hækkun eður ekki hækkun launa, en um hitt, að þingið láti í ljósi álit sitt um það, hvort að íslenzku embættismennirnir eigi jafnrètti við hina dönsku embættismenn til launa af ríkissjóðnum. Þetta hefi eg áður látið í ljósi, og þetta var og er aðalatriði málsins. Hèr er verið að tala um rètt stèttanna, en ekki hinna einstöku embættismanna, og geti þingið ekki leyst úr þessari spurníng, er það hið sama, og að segja: eg veit ekki, hvaða laun eg vil láta embættismennina hafa. Það má svo að orði komast, sem allir embættismenn landsins spyri þingið: hvaða rètt höfum vèr, að því er laun snertir úr ríkissjóðnum eptir *áliti* þingsins, og hverju vill það gefa sitt meðmæli? höfum vèr nokkurn rètt til meiri launa, en vèr nú höfum, eður eigi? Svona hugsaði eg mèr málið að mínu leyti, og að minnsta kosti datt mèr alls ekki í hug, að fá launaviðbót hjá þinginu, enda er eg hræddur um, að hún ætli að verða lítil. Eg vil einúngis hafa svar upp á spurníngu þessa: Hvaða rètt hafa embættismenn landsins eptir áliti og óskum þingsins til launa, hafa þeir jafnrètti við aðra samkynja embættismenn í Danmörku, eður hafa þeir það ekki? Upp á þessa spurníngu getur þingið

ekki svarað öðru en annaðhvort »*já*« eður »*nei*«; en þetta »*já*« eður þetta »*nei*« verður að vera svo skýrt og greinilegt, að það skilist, því annars er það hvorki »já« nè »nei« að mínu áliti. Það væri í sannleika illa komið milli bænda og embættismanna, ef embættismennirnir ekkert svar gæti fengið upp á þessa spurníngu, og ef menn ekki vildi svara henni. Menn eru rètt eins og hræddir við að nefna tölur; en því má ekki tiltaka þær, eins og þær eru nú tilteknar í Danmörku, því fullt jafnrètti skil eg ekki, að geti verið annað, en blátt áfram sama peníngaupphæð og samkynja embættismenn í Danmörku hafa; eg álít því betra, að fella allt, en aðhyllast varauppástúnguna, sem hvorki er heilt nè hálft, og sem þar að auki, eins og eg og *forseti* þíngsins áður gat um við undirbúníngsumræðu þessa máls, er í alla staði í röngu formi og ranglega upp borin, því frumvarp það, sem hún skýrskotar til, er alls ekki til í *lagalegum* skilníngi, þó það kunni að vera til í Fèlagsritunum eður í alþingisskápnum eður á lestrarsal þíngsins. Það er sannarlega ný kenníng og nýr skarpleiki í formspursmálum, sem hinn háttvirti fulltrúi Borgfirðínga kom með, að kalla það eða það lagt fram fyrir þíngið, þó einhver kunni að hafa snarað því inn á borðið í lestrarsalnum. *Framsögumaður* brá mèr um það, að eg hefði sýnt ósamkvæmni, vegna þess eg hefði komið fram með viðaukaatkvæðið, sem hèr stendur undir tölulið 4, af því það færi fram á hærri laun handa landlækninum, en viðgengist í Danmörku, og áleit hann, að eg hèr hefði brugðið út af jafnrètti því, sem eg vil fram fylgja. Að vísu hefir hann nokkuð fyrir sèr, það sumsè, að launin, sem tölul. 4. fer fram á, eru hærri en við gangast í Danmörku, en hefði hann tekið betur eptir mèr, þegar eg talaði síðast um þetta mál, mundi hann hafa sèð, að hann þó ekki gæti brugðið mèr um neina mótsögn. Eg sagði þá, og eg segi það enn, að það geti gefizt sèrstaklegar kríngumstæður, sem ekki einúngis heimila, heldur jafnvel gjöra nauðsynlega undantekníngu frá hverri sem helzt aðalreglu, og hann veit víst, að engi regla er án undantekníngar, og þá er þessi regla um jafnrètti til launa úr ríkissjóði það ekki heldur; eg vona nú, að hann ekki bregði mèr optar um ósamkvæmni í þessu máli, því það er rangt, og verður ekki dregið út úr orðum mínum; en hitt held eg, að þíngið og Íslendíngar, sem eru þakklátir og veglyndir menn, sýndi ósamkvæmni, ef þeir ekki vildi, að landlækni sínum væri sómasamlega launað úr ríkissjóðnum. Við vitum, hvaða ágætismenn hafa setið í þessu

embætti, og við vitum líka, hvern við nú höfum í því. Eg get gjarna lýst honum, því mèr gengur ekkert persónulegt til í þessu máli; það er einúngis rèttlætistilfinníng mín og sómi Íslendínga, sem býður mèr að tala. Maðurinn, sem nú situr í embættinu, er einhver sá bezti Íslendíngur, einhver sá lærðasti og fjölfróðasti maður um háttu og hagi siðaðra þjóða, og veit mikið vel, að menntun og þekkíng er metin vel og álitin góðra launa verð í öðrum löndum; hann er og ágætur, duglegur og menntaður læknir, sem alstaðar gæti lifað með betri kjörum en hèr; og er nú — má eg spyrja — nokkur samkvæmni í því og sómi fyrir Íslendínga, að vilja hafa slíkan mann í embætti sem þennan — sem eg þó ímynda mèr, að allir vili hèr á þíngi — heimta af honum, að hann leggi heilsu sína, og ef til vill líf í sölurnar, ofurseli frelsi sitt nótt og nýtan dag, og kúrist hèr uppi á Íslandi eingöngu til að stjana undir aðra, en vilja að hann hafi lítið sem ekkert í aðra hönd, nema vanþakkir einar? Eru nú þetta ekki sèrstakar kríngumstæður, sem eru næg ástæða fyrir tölulið 4? Jú, eg held það, að minnsta kosti þangað til menn sýna mèr, að öðruvísi sè. Eg tek það upp aptur; eg tala hèr ekki af persónulegum hvötum; það er einúngis rèttlætistilfinníng mín, sem hvetur mig *(Sveinn Skúlason:* Hví voru þá ekki hinir læknarnir teknir *með*?); fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að þeir, sem geta haft bú í sveitinni, standa ólíkum mun betur að vígi en landlæknirinn, sem býr hèr á mölinni; og í annan stað tel eg það ekki ofverk hinna heiðruðu þíngmanna sjálfra, að bera fram læknirinn sinn, eins og þeir gátu borið fram amtmann sinn. Áður en eg skil við aðalmálið, skal eg enn einu sinni taka það fram, að spurníngin er hèr ekki peníngaspurníng, heldur *rèttar*spurníng, sem þíngið verður að svara, eptir þekkíngu sinni og rèttlætistilfinníngu.

Benedikt Þórðarson: þegar eg lít á atkvæðaskrá þessa, þá sè eg, að hèr liggur fyrir til atkvæða æðimargt; en þegar eg glöggva mig á því marga, sýnist mèr líkast, að fátt af því fái samþykki þíngsins. 1. breytíngaratkvæðið og 1. niðurlagsatriði nefndarinnar met eg, að efninu til, svo náskyld, að mèr stendur á sama, hvoru þeirra eg gef atkvæði mitt; um atkvæðið undir tölulið 3. ætla eg ekkert að segja; en atkvæðið undir tölulið 4. lízt mèr dável á, og vil samþykkja það, af ástæðu þeirri, er fram hefir verið tekin, að hin föstu laun lækna erlendis eru, með tilliti til aukatekjanna þar, svo lítil ákveðin, að þau eru næsta ónóg handa landlækni hèr; þá

kemur viðaukaatkvæði mitt undir tölulið 5; mèr þykir mjög líklegt, að þingmenn gefi því góðan róm, og sjái hversu brýn nauðsyn ber til þess, að dómkirkjupresturinn í Reykjavík hafi viðunandi embættislaun, hann, sem hefir eitthvert hið erfiðasta og vandamesta embætti á hendi, og nú hlýtur að búa hèr á mölinni í staðnum; það geta allir sèð, að vandfenginn er prestur, er hæfur sè í Reykjavík, og að ekki væri vanráðið, að tryggja veru þess, sem hèr er nú, því vart mun hann lengi geta unað hèr við laun þau, er hann hefir, þegar hann getur valið um beztu brauð í landinu, nær sem þau losnaði; en eins og nú horfir með embættismannaefni, ætla eg ekki verða vandræðalaust, að fá hæfilegan mann hingað í stað hans; eg tala þar um ekki fleira, en vænti þingmenn sjái, hvað bezt og þarfast er í þessu efni, og samþykki atkvæðið. Hitt, sem fyrir neðan er á atkvæðaskránni, læt eg eiga sig; það fellur líklega allt saman, og þá er nóg.

Forseti: Áður en gengið er til atkvæða, skal eg tala fáein orð um atkvæðaskrána, og skal eg fyrst snúa mèr að varauppástúngu nefndarinnar undir tölulið 7.; og verð eg, eptir reglum þeim, sem hingað til hafa við gengizt hèr á þingi, að álíta hana óformlega. Stjórnin hefir sjálf sýnt það, að hún ekki láti sèr nægja, að mál sè tekin til meðferðar, sem ekki hafa verið lögð fram fyrir þingið (*Arnljótur Ólafsson:* Frumvarpið er lagt fram), nei, það er ekki lagt fram *fyrir þingið*, þó því sè snarað á lestrarsalinn. Eg álít því ísjárvert fyrir þingið, að yfirgefa þessa reglu, eða svo gott sem yfir lýsi því, að alþingi standi það alveg á sama, hvort þær uppástúngur, sem eiga að koma til umræðu og atkvæða, sè *lagðar fram á þingi*, eður ekki, og eg trúi því varla, að nefndinni hafi verið alvara með varauppástúnguna (*Arnljótur Ólafsson:* Jú, henni var); eg trúi því þó varla, því nefndinni gafst tækifæri á því milli undirbúnings- og ályktarumræðu, að koma fram með beinar tölur, hinar sömu og frumvarpið hafði tiltekið, og koma þeim þannig inn á atkvæðaskrána, en það hefir nefndin ekki viljað þýðast. Að því er tölulið 4 og 5 snertir, þá gat eg ekki borið þá upp í annari röð, en þeir nú standa í á atkvæðaskránni, eptir því sem þeir voru bornir upp fyrir mèr; eg þóttist ekki hafa rètt til þess að skipa þeim öðruvísi. Að því er viðaukaatkvæðið, tölulið 3, snertir, þá get eg, þrátt fyrir ræðu þingmanns Reykvíkinga, ekki skilið, hvernig það getur komizt að; þó að meiningin kunni að vera góð, eins og hann skilur það, þá hefði atkvæðið sjálft átt að bera

það með sèr, eður uppástúngumaður að skýra það betur með þeim »ljósu tölum«, sem þar er óskað eptir.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að játa, að eg er í standandi vandræðum í þessu máli bæði að efninu og meðferðinni til, og þykir mèr það hálf ergilegt, að láta vísa fyrir mèr svona einu málinu eptir annað frá þínginu, sökum formgalla; einu er búið að hrinda, og lá við sjálft, að öðru til mundi verða vísað frá, hèrna fyrir skemmstu. Eg skal að vísu fúslega játa, að margir eru mèr fremri í því, að dæma um þíngsköp og málatilbúnað, en mèr þætti þó hart, ef þessu líka yrði vísað burt, þrátt fyrir það, að eg get sýnt dæmi um, að heilt lagaboð hefir orðið til á sama hátt og hèr ræðir um; og hinn háttvirti *forseti* studdi það mál þá manna mest; eg meina lagaboðið um fjárforráð ómyndugra. Að því er hefðarlögin snertir, var þeim alls eigi hafnað sökum formgalla, heldur sökum efnisgalla. Menn vildu sumsè ekki lögleiða dönsku hefðarlögin, í stað Jónsbókar laga í þessu efni. Þetta mál mun öllum fullkunnugt; en sè menn orðnir svo ólmir eptir forminu, að menn vili blanda öllu saman, nú þeir um það, þeir mega það gjarna fyrir mèr, þó menn svo vili blanda saman himni og jörð. Að eg nú snúi mèr að atkvæðaskránni, þá þykir mèr að breytíngaratkvæðið undir tölulið 1. hafa orðið fremur hart úti, og það er nærri mèr að vilja fara að verja það, því mèr er það næst geði, ef varauppástúngan kynni að falla, að gefa atkvæði mitt með því, því þá slitnar öll hin atkvæðatrossan, allt hitt talnabandið aptan úr. Þeir, sem vilja hið beinharða jafnrètti í tölum, ætti enga undantekníng frá því að gjöra. Eg játa, að það líka hefir verið mín meiníng, að embættismenn á Íslandi ætti að nokkru leyti „*de jure constitutionis*“ rètt á sömu launum og samkynja embættismenn í Danmörku; en eg hefi sèð fram á, að þetta getur valdið órètti, þar sem sumir embættismenn eru launaðir úr ríkissjóði, sumir ekki; það er nú t. a. m. biskupinn; biskupar í Danmörku hafa fáir laun sín úr ríkissjóði; og ætti þá biskupinn hèrna engi laun að hafa; eða hvernig ættum vèr að útvega honum jöfn laun við biskupa í Danmörku? Hið sama má segja um læknana, að þeir hafa minni laun í Danmörku, en hèr, og yrði menn því að svipta þá hèr nokkru af launum þeim, er þeir nú hafa, ef þessu talnajafnrètti ætti að verða framgengt í allri sinni dýrð. Það sýnir sig bezt á viðaukaatkvæðinu, tölul. 4, að hinn heiðraði konúngkjörni varaþíngmaður er þó ekki svo allskostar ánægður með talnajafnrèttið, þar sem hann þó fer fram á, að einstökum embættis-

manni verði veitt hærri laun, en samkynja embættismönnum í Danmörku, og þó hann nú kalli þetta sem undantekníng frá aðalreglunni, þá verður hann víst að játa mèr því, að geti undantekníng átt sèr stað um hærri laun, getur hún einnig átt sèr stað á hinn boginn. Eg verð að benda þessu að mínum heiðraða vin, sem eg annars er samdóma í aðalefninu og nefndin líka, því hún fer einmitt fram á jafnrètti; en sá er munurinn, að nefndín er ekki eins stærilat; hún vill þiggja hið minna, ef ekki hið meira fæst. Nefndin hafði líka heyrt það, að stærilætið vissi opt á fall, og vildi því ekki með því stuðla til, að mál þetta fèlli; hún vildi ekki gjöra stjórninni það örðugra, en þurfti, að bæta kjör embættismanna sinna. Það er óneitanlega mjög drengilegt af hinum heiðraða konúngkjörna varaþíngmanni, að líta ekki á, hvort hann geti haft nokkurt gagn eður ekkert af máli þessu; en eg held það væri ekki drengilegt af þíngínu, ef það með þessu móti spillti fyrir embættismönnum, sem þurfa hjálpar, þó lítil væri, og hennar bráðrar. Að eg taki það upp aptur: nefndin fer einmitt fram á jafnrètti, en hvergi upp úr þessu jafnrètti, þann heiður á hinn konúngkjörni varaþíngmaður, að hafa fyrstur brugðið af reglu þeirri, er hann hefir sjálfur sett. Nefndin hefir að eins gefið stjórninni kost á, ef hún vill, þá að ákveða laun embættismanna hèr hærri, en í Danmörku, eður þá jöfn þeim, eður þá lægri, eingöngu einhver bót fáist; þó eg að vísu hvorki sè embættismaður, nè heldur innundir hjá stjórninni, er mèr samt dálítlð kunnugt um skoðun hennar á þessu máli, og ætla eg, að hún fari eptir atvikum um laun embættismanna á hverjum stað í ríkinu, sem er; þannig eru önnur laun ákveðin í Slesvík, önnur í Holsetalandi, og enn önnur laun í Vesturheimseyjum, á Íslandi enn önnur, og á Grænlandi enn önnur, allt eptir atvikum og málavöxtum. Værum vèr líka undir ríkisdagsins lögumdæmi, þá værum við í sama *casu* sem embættismenn í Danmörku; en eg ætla, að stjórnin muni ekki hugsa svo, enda gæti henni víst varla dottið í hug, að launa, t. a. m. biskupi, stiptamtmanni, eður yfirrèttinum jafnhátt hèr og í Danmörk *(Benidikt Sveinsson:* Hvaða stjórn meinar þíngmaðurinn?); það er hvorttveggja, að eg er ekki að kenna »*Stats*«-rètt, enda finust mèr spurníng þessi óþörf frá jafnmiklum lögfræðíng, og hinum konúngkjörna varaþíngmanni. Eg skal nú ekki þreyta þíngið lengur með umræðum um þetta mál, og vildi helzt, að til atkvæða væri gengið.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð að segja hið sama um breyt-

íngaratkvæðið undir 1. tölul., og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, því mèr finnst orðun þess jafnvel vera samkvæmari öllum andanum í nefndarálitinu, heldur en niðurlagsatriði nefndarinnar sjálfrar. Það er auðsætt af nefndarálitinu, og þingmaður Borgfirðinga hefir líka sagt það með berum orðum, að nefndin vildi einmitt ekki skilja við »*jafnrètti í launum*“ hið sama sem talnajafnrètti að eins, og sè nú svo, þá verður það ekki varið, að það hefði einnig verið betra, að orða þessa meiningu á þann hátt, að engi efi gæti orðið um hana, eins og gjört er í breytíngaratkvæðinu, þar sem orðin: »með fullkomnu tilliti til launa samkynja embættismanna í Danmörku«, einmitt innibinda það allt í sèr, sem nefndin hefir meint, og það miklu ljósara, en þetta nú kemur fram hjá henni sjálfri. En auk þessa, þá verður því heldur ei neitað, að það færi líka í sjálfu sèr betur á, að orða niðurlagsatriði þetta eins í þessu máli, og í bænarskránni um launabót amtmannsins fyrir norðan, og það því fremur, sem sömu mennirnir hafa verið í báðum nefndunum; og það er því svo fjarri, að eg geti verið samþykkur hinum háttvirta *framsögumanni* í dómi hans um breytíngaratkvæðið, þar sem hann jafnvel vildi segja, að það væri gjört af *fordild einni,* að eg, ef nokkuð skyldi vera, mundi heldur kalla það talsvert undarlegt, að hin háttvirta nefnd skuli svona hafa yfirgefið uppástúngu sjálfrar sín í eins náskyldum málum, og þessi eru. Eg fyrir mitt leyti verð því að þakka hinum háttvirta þingmanni úr Suður-Múlasýslu fyrir það, að hann hefir viljað gjöra nefndina aptur samkvæma sjálfri sèr með breytíngaratkvæði sínu, því hann hefir ei gjört annað, en að taka einmitt upp aptur sama niðurlagsatriðið, sem hún áður hafði haft í málinu um launabót amtmannsins fyrir norðan, og eg verð að gefa atkvæði mitt fyrir því, þar sem það og auðsjáanlega er gjört í hinum bezta tilgangi; en falli það, þá skal eg þó ei hika við, að gefa einnig hinni fyrstu uppástúngu nefndarinnar atkvæði mitt, eins og hún nú er orðuð, einkum þar eð nefndin sjálf hefir viðurkennt, að meiníng hennar sè þó ei önnur en sú, sem að mínu áliti kemur að eins betur fram í breytíngaratkvæðinu. Að öðru leyti skal eg að eins segja það, að það er þó einkum varauppástúngan undir tölul. 7., sem eg felli mig bezt við, þar sem eg þykist geta gengið að því vísu, að eitthvað muni helzt af henni leiða fyrir beiðendur, ef þingið vill fallast á hana, og skal eg í því tilliti leyfa mèr, að fara fáeinum orðum um málið sjálft, eins og það nú liggur fyrir. Hinn háttvirti konúng-

kjörni varaþíngmaður hefir nú reyndar sagt, að hið einasta, sem hèr lægi fyrir, væri, að fá fullt og greinilegt svar upp á þá spurníngu, hvern rètt að þíngið áliti, að íslenzkir embættismenn hefði til launabótar, i samanburði við embættismenn í Danmörk sjálfri; en eg verð þá aptur að leyfa mèr, að spyrja þíngið, hvort þetta geti með nokkru móti staðizt, og hvort menn muni ei betur muna, hvernig á því stóð, að þetta mál komst nokkurn tíma hèr inn á þíngið, en svo, að það tjái nú að snúa því svona við? Eg veit ei betur, en að það stæði einmitt svo á því, að bænarskrá kom hèr fram á þínginu frá nokkrum embættismönnum um launabót; og spursmálið er því nú, og hefir æfinlega að eins verið um það, hvort þíngið vildi mæla fram með slíkri bænarskrá eður eigi; það er með öðrum orðum, hvort það vili hjálpa embættismönnum vorum til þess, að fá launabótina eður ekki, en alls ei um hinn almenna rètt embættismanna hèr í landi til sömu eða meiri launa, en samkynja embættismenn hafa í Danmörk. En fyrst nú einu sinni er farið að fara út í þetta rèttartal, þá skal eg þó geta þess, að eg get alls ekki sèð yfir höfuð, að embættismenn hafi nokkurn lagarètt til meiri launa, en þeir nú hafa; og eg sè það ei til nokkurs, að vera allt af að ota þessu tóma rèttarnafni fram. Embættismenn eru þjónar stjórnar og þjóðar, sem hafa tekizt á hendur vissan starfa gegn ákveðnum launum; og eg er vissulega í hópi þeirra, sem álíta það eigi að eins sanngjarnt, heldur og nytsamlegt og nauðsynlegt, að launin sè sem ríflegust, svo menn því fremur geti valið um beztu menn í embættin; en hversu nauðsynlegt og nytsamt, sem þetta svo er, þá verður það þó æfinlega annað en lagarèttur, sem menn geti staðið fast á og heimt eptir, því í því tilliti hafa embættismennirnir engan annan rètt en þann, að neita stjórninni í upphafi að ganga að embættunum, nema með þeim og þeim kjörum; en hafi þeir einu sinni gjört það, þá er lagarètturinn horfinn, og sanngirniskrafan er ein eptir. Eg skil það ei heldur, til hvers það er að vera allt af að slá í kríngum sig með orðum eins og »jafnrètti« o. s. frv., því sè lagarètturinn engi, eins og eg hefi nú sýnt, þá er jafnrèttið heldur ekki neitt *(Benedikt Sveinsson:* Embættismannastèttin í heilu lagi hefir rèttinn!) Nei, embættismennirnir yfir höfuð hafa að eins fullkomna sanngirniskröfu, og það hefi eg áður sagt, að eg væri eins fyllilega á því og nokkur annar, að henni væri einmitt fyllilega fullnægt, en það verður aldrei með þessu fánýta rèttarstagli, sem eg því vildi óska menn hætti

hèr í salnum. Að öðru leyti verð eg og að segja hinum háttvirta konúngkjörna varaþíngmanni það, að eg viðurkenni alls ei neina embættismannastètt, eða stètt manna, sem hafi nokkurn sèrstaklegan rètt til embætta, því sú skoðun er að eins ein af hinum illu og ófrjálslegu menjum einveldisins; vèr erum allir þegnar eins þjóðfèlags, er hver á að vinna eptir hæfilegleikum sínum, og mèr er illa við þessa þóttalegu hugmynd um stèttir, einkum embættismannastètt, er ein eigi að hafa rètt til embættanna, af því þeir menn einkum hafi fullnægt þeim kröfum með embættisprófum, o. s. frv., er einveldisstjórnin áður áleit svo einhlítar og tryggjandi. Það hefir áður verið tekið fram hèr í salnum, að einmitt tveir menn, sem alls ekki höfðu fullnægt þessum kröfum, hafi nú þessi seinustu árin sýnt sig sem eina hina duglegustu sýslumenn hèr á landi, og eg álít yfir höfuð rètt, að hver stjórn seti þá í embættin, sem hún áiítur hæfilegasta, án alls tillits til annars; mèr þykir því og vænt að geta sagt, að skoðun hinnar dönsku stjórnar er allt af líka, síðan þjóðfrelsi komst á í Danmörk að hneigjast i þessa stefnu, sem lengi hefir ráðið í hinum miklu og frjálsu þjóðríkjum, er lengst eru komin, því þegar Tscherning ofursti hreifði þessu máli á þíngi Dana í vetur, þá svaraði ráðgjafinn honum, að það væri ei einu sinni nokkur lög, heldur að eins regla, sem einveldisstjórnin hefði haft, að setja að eins menn, er tekið hefði embættispróf við háskólann, í valdstjórnarembættin, og hann yrði að álíta, að stjórnin væri nú alls ei bundin við þessa reglu, frekar en hún sjálf vildi. En eg sleppi nú þessu, og skal að endíngu minna þíngið á, að hèr ræðir að eins um, hvort það vili styrkja embættismenn vora til að fá launabót eður ei; vili þíngið það, þá er að fara liðlega og lipurlega í málið, og spilla því ei með eintómu rèttarstagli, því menn geta sannarlega spillt máli með því, að bruna þetta allt af blint áfram, og hlaupa svo á skerin. Þegar eg sè slíka aðferð, þá dettur mèr æfinlega í hug það, sem sagt er um Staðarhóls-Pál, þegar hann ætlaði sèr að brjóta skerið, og kvað vísu þessa:

Ýtar sigla austur um sjó
öldu-jónum káta,
skipið er nýtt, en skerið hró,
skal því undan láta.

En hvernig fór nú þó? Skipið brotnaði, en skerið stóð sem áður; og svo get eg að enn mundi fara fyrir launabótinni, að hún strandaði, ef þíngið færi nú enn einu sinni að senda þessa ónýtu jafnrèttisbyttu

suður um sjó til Danmerkur, og því vildi eg ráða þeim, sem vilja embættismönnum vorum vel, að gjöra það ei. Látum gaurinn hafa rètt til að fara gaurslega að, en tökum ekki þátt í því; hrúturinn þykist og hafa rètt til að hlaupa beint áfram, en hann brýtur líka stundum í sèr hausinn, og hleypur af sèr hornin; og eg er sannfærður um, að þingið mun alls eigi kjósa sèr slíkar fyrirmyndir til eptirbreytni, heldur hafna þeim með öllu, og fara svo liðlega í þetta mál, að árangurinn megi verða annar, en orðin tóm fyrir embættismennina. Eg fyrir mitt leyti gef sjálfsagt atkvæði fyrir varauppástúngu nefndarinnar, og það því fremur, sem eg helzt hefði viljað, að hún væri aðaluppástúngan; fyrir breytíngaratkvæðinu undir tölul. 1., hefi eg og áður sagt, að eg mundi gefa atkvæði mitt, og á móti fyrsta niðurlagsatriði nefndarinnar skal eg að eins ekki vera af því, að nefndin hefir tekið það fram, að hún meinti ei með »jafnrèttislaunum« hið sama talnajafnrètti, sem mál þetta áður hefir strandað á.

Framsögumaður: Eg hefði ekki staðið upp, til að tala fleira í þessu máli, hefði ekki hinn heiðraði þingmaður Skagfirðínga haldið þessa dómadagsræðu um rèttleysi embættismanna hèr á landi. Eg hèlt það ætlaði á hann sami gauragangurinn, og um daginn í fiskiveiðamálinu; eg get ómögulega verið honum samdóma um það, að þeir embættismenn hèr á landi, sem launað er úr ríkissjóði, hafi engan rètt til jafnhárra launa og samkynja embættismenn hafa í Danmörku. Hann veit það þó þingmaðurinn, og það er opt búið að taka það fram, að ef embættismönnum hèr er gjört að skyldu, að vera jafnvel að sèr og embættismenn eru í Danmörku, eða með öðrum orðum: hèr eru þau sömu skilyrði fyrir embættisveitíngunni og í Danmörku, og sömu skyldur, sem embættismenn hèr eru háðir; hèr eru og flest embætti örðugri en í Danmörku, og því skyldi þá ekki embættismenn hèr hafa rètt til sömu launa og embættismenn hafa í Danmörku? Mèr fannst sannarlega þingmaðurinn fara í gönur í þessu máli. Það játa eg, að það er hyggilegra að fara hóflega í þetta mál, ekki af því, að nokkur efi geti verið um rèttindi vor í því, heldur af hinu, að þingið, sem er ráðgjafarþing, getur í raun rèttri aldrei gjört kröfu sína gildandi hjá stjórninni, og hlýtur jafnan þess vegna, í hverju máli sem er, að fara þennan auðmjúka bónarveg. Það gjörir mèr illt, að eg verð að svara hinum heiðraða meðnefndarmanni mínum, þingmanni Borgfirðínga, nokkru upp á ræðu hans; mèr skildist sumsè, eins og hann væri alveg fallinn á breytíngaratkvæðið undir 1. tölulið, og þætti það nú

betra en uppástúnga nefndarinnar undir tölul. 2.; þessu verð eg að vera alveg mótfallinn, eins og fyr; það er miklu óákveðnara en nefndaruppástúngan, einkum eptir þeirri þýðingu, sem sjálfur uppástúngumaðurinn lagði í það. Mèr skildist, að hann ætlaði að gjöra það að þessum hráa skinnskækli, sem svo opt hefir verið talað um í þessu máli, og sem teygja má út í allar áttir. Þíngmaður Borgfirðínga taldi það eins og víst, að varauppástúnga nefndarinnar yrði felld hèr á þínginu; eg get nu ekki verið eins hræddur um þetta, eins og hann, því það hafa þó margir góðir drengir orðið til að styðja hana; en skyldi nú svo fara, að hún yrði felld, þá vildi eg skjóta því til þíngsins, einkum hins háttvirta *forseta,* hvort nokkuð sè á móti því, að taka upp í bænarskrána, sem þíngið sendir konúngi um þetta mál, hinar helztu ástæður, sem færðar hafa verið fyrir varauppástúngunni, bæði í álitsskjali nefndarinnar, og svo í ræðum sumra þíngmanna; sumar þessar ástæður hafa verið næsta merkilegar, og þess verðar, að þeim sè gaumur gefinn. Hinn konúngkjörni varaþíngmaður fann að því enn einu sinni við nefndina, að hún hefði ekki skýrt með tölum þetta margumtalaða *jafnrètti*; því gjörði hann það ekki sjálfur? Nefndin hefir nú sannlega skýrt það nægilega í álitsskjali sínu; þar er full-ljóslega tekið fram, hver munur nú er gjörður á embættismönnum hèr og í Danmörku, og hve órèttlátur slíkur munur er; en hinu er eg fyrir mitt leyti ekkert á móti, að þetta verði tekið enn sterkar fram í bænarskrá þíngsins til konúngs.

Jón Pètursson: Þíngmaður Borgfirðínga sagðist vera í standandi vandræðum, bæði að því er form og efni snertir, út af varauppástúngu nefndarinnar, og trúi eg því dável, því eg er hinum háttvirta *forseta* samdóma í því, að hún alls ekki geti komizt að til atkvæða. Þíngmaður Borgfirðínga vildi rèttlæta þessa aðferð með því, að vitna til lagaboða, sem upp á þennan hátt hefði verið tekin til greina á þínginu; en það er allt öðru máli að gegna með lagaboð; þau þekkja allir *(Arnljótur Ólafsson:* Svo?). Já! eður ætti og gæti að minnsta kosti þekkt; menn hafa þau prentuð á þann hátt, að menn ekki geta rengt þau ástæðulaust. *(Arnljótur Ólafsson:* Á íslenzku?). Þessi aðferð um lagaboðin, sem hann vitnaði til, hefir líka allt af verið höfð hèr áður. Hinn sami heiðraði þíngmaður talaði einnig mikið um, hvernig *hann hèldi,* að stjórnin liti á þetta mál; en eg held, að maður sè nú jafnnærri fyrir það, þó menn fái að vita eitthvað um »*haldið*« hans. Honum þótti það

svo gott við varauppástúngu nefndarinnar, að hún gæfi stjórninni frjálsar hendur, til þess að ákveða laun embættismanna hèr, bæði yfir og undir því, sem samkynja embættismenn hefði í Danmörku, og kann það að vera mikið gott; en því stakk hann þá ekki upp á því, að þingið hefði ekki stúngið upp á neinu í þessu efni, því þá hefði stjórnin óneitanlega haft enn frjálsari hendur. Honum þótti vikið frá jafnrèttisreglunni í viðaukaatkvæðinu, tölulið 4, af því þar væri farið fram á hærri laun en í Danmörku; en eg held hann hafi ekki gætt vel að því, að landlæknirinn á Íslandi bæði er *Physicus* og líka hèraðslæknir, og hefir þannig tvö embætti örðug, að hann þar að auki ekki á að hafa öll sín laun úr ríkissjóði, heldur og lifa af lækningum sínum; hið sama er og með lækna í Danmörku; en þar er gjört ráð fyrir, að læknar helzt lifi af *praxis* þeirri, sem þeir þar hafa, og þurfa þeir þar því lítil laun úr ríkissjóði; en þingmönnum er fullkunnugt um, að læknar hèr vinna sèr lítið inn við *praxis* sína, en því meiri laun verða þeir að fá úr ríkissjóði. Þingmaður Skagfirðinga hèlt langa og snjalla ræðu, en mèr sýndist hún öll eður mestmegnis snúast í kríngum það, að sanna, að embættismenn engan *juridiskan* rètt hefði til launa; en hver talaði um þennan *juridiska* rètt? En eg bið hann að gæta að því, að rèttlætiskrafa líka er »rèttur«, þó ekkert viðtekið lagaboð sè til um það. Heldur ekki virðist mèr jafnrèttisreglunni haggað, þó dómkirkjuprestinum væri, eptir tölulið 5, veittir 300 ríkisdalir úr ríkissjóði, því prestar í kaupstöðum í Danmörku hafa þar nokkrir laun úr ríkissjóði. Þingmaður Borgfirðinga gat um, að samkynja embættismenn í Danaveldi ekki alstaðar hefði sömu laun, þau væri mismunandi fyrir þá í Danmörku frá því, sem þeir í Holstein hefði; en hann verður að gæta að því, að fjárhagurinn er þar, að minnsta kosti að nokkru leyti, aðskilinn, og á því þetta alls ekki við, því við höfum ekki fengið þennan aðskilnað, og meðan verður sama regla að gilda um embættismenn í Danmörku og hèr; eður hví eigum við að vera olbogabörn? Eg tek það upp aptur, sem eg sagði við undirbúníngsumræðu máls þessa, að eg álít það ábyrgðarhluta fyrir þingið ekki alllítinn, ef það ekki, áður en fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á, lýsir því yfir, hvaða laun embættismennirnir ætti að hafa, því setjum svo, að þegar aðskilnaðurinn væri á kominn, að mönnum hèr fyndist embættismenn of lítið launaðir, þá kæmi hækkun launanna til að hvíla á landinu. Menn sjá það, að embættismenn eru að sækja hèðan burt til Danmerkur, og er þeim

eins lítið láandi, eins og föður þeirra manna, sem búnir væri að læra í Kaupmannahöfn, væri það láandi, þó hann varaði syni sína við því, nokkurn tíma að snúa aptur heim til fósturjarðarinnar, þar sem þeim ekki væri launað fyrir starfa sinn, nærri eins vel og erlendis.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg álytarumræðu þessari lokið, og skal eg biðja hina heiðruðu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan til atkvæða gengið, og fèllu atkvæði þannig:

1. Breytíngaratkvæði *Björns Pèturssonar* við niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 2), fellt með 15 atkv. gegn 4.
2. *Nefndin,* 1. niðurlagsatriði, samþykkt með 19 atkvæðum.
3. Viðaukaatkvæði *Jóns Hjaltalíns* við 1. niðurlagsatriði (tölul. 2), tekið aptur af uppástúngumanni.
4. Viðaukaatkvæði *Benedikts Sveinssonar* við niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 2), samþykkt með 12 atkvæðum gegn 3.
5. Viðaukaatkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við sama niðurlagsatriði (tölulið 2), samþykkt með 15 atkvæðum gegn 1.
6. Varabreytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* fallið.
7. *Nefndin,* varauppástúnga.

Hèr var nafnakall við haft og

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pètursson.	Benedikt Þórðarson.
Gísli Brynjúlfsson.	Árni Einarsson.
Guðmundur Brandsson.	Ásgeir Einarsson.
Helgi G. Thordersen.	Benedikt Sveinsson.
Jón Sigurðsson frá Gautl.	Indriði Gíslason.
Pètur Pètursson.	Jón Pètursson.
Stefán Jónsson.	Jón Sigurðsson frá Haugum.
Sveinn Skúlason.	Magnús Andrèsson.
	Páll Melsteð.
	Páll Sigurðsson.
	Stefán Eiríksson.

Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður greiddi ekki atkvæði, og þíngmaður Húnvetníinga var fjærverandi. Var uppástúngan þannig felld með 12 atkvæðum gegn 9.

8. *Nefndin,* 2. niðurlagsatriði, samþykkt með 17 atkvæðum.

9. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 16 atkvæðum.

Forseti: Dagskránni er að vísu ekki lokið enn; en þar svo áliðið er á þingtímann, ræð eg af, að fresta umræðunum um þetta eina mál, sem eptir er, til kveldfundar, og ákveð fund til þess kl. 7 í kveld.

Fundi slitið.

Þrítugasti og þriði fundur — 3. ágúst.

(Kveldfundur).

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti lèt fyrst lesa upp 2 álitsskjöl, er þingið samþykkti:

1. Bænarskrá til konúngs um *konúnglegt frumvarp um kaupstaðarrètt og bæjarstjórn Akureyrar:*

»Til konúngs.

Fulltrúi yðar konúnglegu hátignar lagði fyrir alþingið að þessu sinni, af hendi stjórnar yðar hátignar, »frumvarp til reglugjörðar um, að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn málefna þar«, og skoraði á það, að íhuga það og kveða upp álit sitt.

Þingið kaus 5 menn í nefnd í þessu máli, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum, eins og í lögum er fyrir mælt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að kveða upp álit sitt þannig, sem nú skal greina:

Eptir beiðni Akureyrarbúa tók alþingi 1859 þetta mál til meðferðar, og bjó til frumvarp til reglugjörðar um aðskilnað Hrafnagilshrepps og Akureyrar; lagði þingið til grundvallar fyrir frumvarpi þessu reglugjörð 27. d. nóvemberm. 1846 um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, en breytti þar til, sem reynslan hafði þegar sýnt, að nauðsyn bæri til, eða betur mætti fara. Þetta frumvarp sitt beiddist þingið allraþegnsamlegast, að yðar konúnglega hátign allramildilegast vilduð löggilda, án þess það væri lagt fyrir þingið aptur. En stjórn yðar hátignar gat eigi fallizt á ýmsar uppástúngur í frumvarpi þessu, einkum þær, er lutu að síðustu úrslitum málanna, með því að alþingi vildi láta amtmanninn leggja hinn síðasta úrskurð á

í öllum þeim málum, sem snerti kosníngar bæjarfulltrúa (5. og 10. gr.); og í öðru lagi vildi þíngið láta bæjarbúa hafa sem frjálsastar hendur með, að ákveða gjöld sín það og það árið, þar sem það á hinn bóginn taldi sjálfsagt, að ef ræða væri um þau útgjöld, sem jyki álögur bœjarbúa um meira en eitt ár, mætti slíkt eigi eiga sèr stað, nema með samþykki stjórnarinnar (19., 22., 25. gr.). Þessum ákvörðunum hefir stjórnin því breytt, og talið sem hina helztu ástæðu fyrir breytíngunum, að Akureyrarbúar fengi þá meira sjálfsforræði gagnvart stjórninni, en veitt er Reykjavíkurbæ eða nokkurri bæjarstjórn í Danmörku, nema Kaupmannahöfn. En þíngið gat eigi fallizt á þessa skoðun stjórnar yðar hátignar; það varð að álíta, að þegar semja ætti reglugjörð um bæjarmálefni hèr á landi, yrði menn einúngis að fara eptir því, hvað hèr á landi eigi bezt við, en eigi eptir því, hvað bezt á við, þegar þvílíkar reglugjörðir á að semja um bæi í Danmörku, og hvar öllu er öðruvísi háttað, en hèr. Þíngið varð því og að halda fast við þá skoðun, að það væri mjög óhentugt, að láta úrslit málanna, að svo miklu leyti hjá því yrði komizt, liggja undir stjórnina, þar sem hún væri í svo miklum fjarska, að þau gæti dregizt meir en æskilegt væri, og sú hefir og reynd á orðið í Reykjavík, opt og einatt, enda getur þíngið eigi sèð ástæður til, að amtmanni eigi sè trúandi til, að skera úr öllum þeim málum, sem snerta kosníngarnar.

Samkvæmt þeirri grundvallarreglu, sem þegar er um getið, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að stínga upp á nokkrum breytíngum við hinar einstöku greinir frumvarpsins, jafnframt og það leyfir sèr að geta þess, að enda þótt að frumvarpi alþíngis hafi verið breytt allvíða, án þess að það sjái ástæðurnar fyrir þeim breytíngum, og hefði heldur óskað, að frumvarp alþíngis hefði verið óbreytt að því leyti, hefir það þó eigi fundið næga ástæðu til, að biðja um breytíngu, þar sem efnið að mestu leyti var samkvæmt skoðun þess.

1. grein.

Þar sem stendur í öðrum lið þessarar greinar, að bæjarfógetinn og fulltrúarnir hafi á hendi alla stjórn bæjarmálefna »*undir tilsjón amtmannsins yfir Norður- og Asturumdæminu og yfirstjórn hlutaðeiganda stjórnarráðs*«, þá virðist þínginu, að þetta sè eigi alls kostar rètt orðað; því að þessi orð virðast að benda til þess, að bæjarstjórnin megi engu til lykta ráða, heldur verði ávallt að leita samþykkis amtmanns eða hlutaðeiganda stjórnarráðs, en það er þó eigi svo í raun og veru; þau eru mörg málefni, sem bæjar-

stjórnin útkljáir upp á sitt eindæmi, án þess amtmaður eða hlutaðeiganda stjórnarráð eigi nokkurn þátt í; en hitt er víst, að bæjarstjórnin má eigi útkljá öll mál, og með því það er tekið fram á sínum stöðum í frumvarpinu, þá virðist þinginu réttast, að setja í stað hinna umgetnu orða: »með þeim takmörkunum, sem síðar segir«.

5. grein.

Með því þingið getur eigi séð næga ástæðu til, að breyta fyrsta kafla þessarar greinar, frá því, sem hin tilsvarandi grein er orðuð í frumvarpi alþingis 1859, og reglugjörð um bæjarstjórn í Reykjavík, 27. nóvember 1846, og getur eigi heldur séð, að neitt vinnist við breytinguna, vill þingið halda þessum kaflanum óbreyttum, eins og hann er á þessum stöðum, og þar sem þvílíkar greinir eru öðruvísi orðaðar í dönskum lögum, verður þingið að telja slíkt óskylt mál hèr á landi.

Samkvæmt grundvallarreglu þeirri, sem áður var tekin fram um síðustu úrslit málanna, verður þingið enn fremur að leyfa sèr að beiðast þess, að í stað »*æðri yfirvöld*« síðast í greininni verði sett »*amtmann*«.

7. grein.

Inn í fyrri lið þessarar greinar leyfir þingið sèr að stínga upp á, að bætt verði: »*og kjörgengi*« á eptir orðunum: »sem »*kosníngarrètt*«; því að enda þótt kosníngarrètturinn og kjörgengin fari saman, eptir ákvörðun 4. greinar, þá virðist það þó eigi alls kostar rètt, að láta hinna kjörgengu að engu getið, þegar semja skal skrá yfir þá.

10. grein.

Eptir öllum ástæðum þessa lands, virðist þinginu það næsta óhagkvæmt, að hver og einn skuli mega skjóta úrskurði amtmannsins til stjórnarinnar, eins og amtmanni eigi væri treystandi til, að skera úr slíkum málum, er kjörstjórnin hefir skýrt honum frá öllum málavöxtum. Ef hlutaðeigandi bæjarfulltrúi eða kjörstjórn ætti ávallt að eiga kost á, að skjóta málinu til úrskurðar stjórnarinnar, gæti af því leitt þann drátt, að engi kosníng, sem gild væri, fram færi því nær allt árið; t. a. m. ef málið væri sent hèðan með póstskipinu í marzmánuði, þá mætti hæglega svo að bera, að úrskurðurinn frá stjórninni eigi kæmi norður að Akureyri fyr en í ágústmánuði, og þá gæti kosníngin eigi fram farið, fyr en í septembermánuði; og ef eins yrði að farið með næstu kosníngu, þá yrði enn

að bíða eptir úrskurði stjórnarinnar til næsta vors; og þannig yrði eitt sætið í bæjarstjórninni óskipað meir en heilt ár. Eigi getur þingið heldur séð, að rètti amtmannsins væri í neinu hallað, eða vald hans rýrt, þótt hann ætti að leggja úrskurð á málið, án þess að hlutaðeigandi bæjarfulltrúi eða kjörstjórn eigi mætti skjóta málinu til stjórnarinnar; þvert á móti væri vald hans að meira. Sökum þessa verður þingið að beiðast þess, að 2. og 3. liður þessarar greinar verði óbreyttir, eins og þeir eru í frumvarpi alþingis 1859.

17. grein.

Úr byrjun þessarar greinar leyfir þingið sèr þegnsamlega að stínga upp á, að úr verði felld orðin: *„Skal með skýrslu þessa farið í öllu samkvæmt N. L. 3–5, þó“;* því að auk þess, sem slíkar skýrskotanir til annara laga, sem almenníngi eru lítt kunn, ætti að forðast sem mest, virðist þessi skýrskotun til N. L. eigi skýra málið að neinu; ákvarðanir þessa lagastaðar eru sumpart breyttar með þessu frumvarpi, er það fær lagagildi, og teknar upp í það, og sumpart geta þær eigi við átt, eptir allri stefnu frumvarpsins, enda má koma þeim inn undir önnur almenn lagaboð.

19. grein.

Þar sem stjórn yðar hátignar eigi hefir getað fallizt á þá ákvörðun í frumvarpi alþingis, að áætlunin skyldi gild án samþykkis amtmannsins, og hefir því breytt niðurlagi greinarinnar eptir 19. gr. í reglugjörð 27. nóv. 1846, þá getur þingið hvorki fallizt á þessa breytíngu, nè ástæðurnar fyrir henni. Því að langeðlilegast virðist þó, að bæjarbúar megi sjálfir ráða fè sínu, og verja því til ýmissa umbóta í bænum, án þess að amtmaður geti tálmað því, eða lagt bann á, þegar eigi er að ræða um önnur útgjöld en þau, sem lokið er með hverju gjaldári; það er allt annað mál, ef bæjarbúar vilja byrja á einhverju því fyrirtæki, sem krefur nýjar álögur á bæjarbúa um mörg ár, eða jafnvel stöðugar álögur, þá er það öldúngis rètt og eðlilegt, að bæjarstjórnin verði að fá til slíks leyfi æðri yfirvalda; því að þá leggja bæjarbúar álögur eigi að eins á sig, heldur og á eptirkomendur sína. Hitt virðist þínginu þessu máli óviðkomandi, hvort bæir í Danmörku hafa slíkt sjálfsforræði eða ekki, eins og það væri rangt, að gefa bæjum hèr slíkt sjálfsforræði, ef það væri óhollt og óhagkvæmt, þótt bæir í Danmörku hefði það, og enda þótt Reykjavíkurbúar eigi hafi slíkt skipulag á hjá sèr, þá getur það eigi verið næg ástæða, til að synja Akureyrar-

búum um það; miklu fremur væri ástæða til, að breyta til fyrir Reykvikínga, og láta þá fá hið sama sjálfsforræði, sem nú er beðið um handa Akureyrarbúum, enda munu flestir þeir, er gegnt hafa fulltrúastörfum í Reykjavík játa, að það skipulag, sem nú er á hjá þeim í þessu efni, sè óhagkvæmt, og mun varla á löngu líða, uns beðið verður breytíngar. Jafnónóg virðist þínginu sú ástæðan gegn þessu, að það sè eigi þeir eingöngu, er gefi atkvæði um áætlunina, sem eigi að greiða gjöldin, ef hún annars er rètt; því að bæjarbúar kjósa fulltrúa sína, og það sjálfsagt þá, er þeir trúa bezt til, að sjá bæjarins sanna hag, enda getur þíngið eigi látið sèr í hug detta, að fulltrúarnir færist í fang þau störf, sem meiri og betri hluti bæjarbúa telja óþörf, eða sèr of vaxin. En til þess þó að búa sem tryggast um, að bæjarstjórnin engu óþarfa gjörræði beiti við bæjarbúa, vill þíngið setja þá ákvörðun inn í greinina, að þyki amtmanni eitthvað athugavert við áætlunina, skuli hann bera það atriði undir almennan fund bæjarbúa, og skuli þeir úr skera með atkvæðafjölda.

20. grein.

Samkvæmt breytíngu þeirri, sem upp á er stúngið í 19. grein, verður að breyta upphafi greinarinnar: *„Ef amtmaður — samkvæmt«*, og setja: »*Að því gjörðu; sem fyrir er mælt í«*.

21. grein.

Það þykir þínginu ljósar orðað, að bætt sè orðinu »gjaldþegna«, á eptir *„þyki einhverjum“*, í byrjun greinarinnar.

22. grein.

Niðurlag greinarinnar virðist þínginu næsta óljóst orðað, því að tilætlunin getur naumast verið önnur en sú, að því fè, sem til þeirra útgjalda þarf, sem á falla misreitis, og eigi er ráð fyrir gjört í aðaláætluninni, þurfi eigi að jafna niður, fyr en með næsta árs gjöldum, og samkvæmt þessu vill þíngið láta breyta greininni.

25. grein.

Af breytíngu þeirri, sem þíngið hefir leyft sèr að stínga upp á í 19. gr., leiðir það beint, að úr verður að fella orðin: »*að veita gefins fjárstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdölum*«. Enn fremur verður að breyta ákvörðuninni um byggíngarstörfin, því að fái bæjarbúar vald til, að kveða á um ársgjöld sín, verða þeir og að hafa það í byggíngarstörfunum; enda virðist sú ákvörðun í frumvarpi stjórnar yðar, að fulltrúarnir megi eigi auka álögurnar úr því, sem þær hafi verið 3 undanfarin ár að meðaltali, eigi eiga við; því að eptir

því, ætti áætlunin ávallt að standa við það, sem hún hefði verið 3 fyrstu árin; en það er með öllu óhugsandi.

Loksins leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess, að fyrirsögninni verði breytt, eins og síðar segir; með því að aðalatriðið er eigi það, að Akureyri fái kaupstaðarrètt, heldur hver þessi rèttur sè.

Samkvæmt þegar greindum ástæðum leyfir þingið sèr með 21 atkvæði allraþegnsamlegast að beiðast þess, að frumvarp þetta fái sem fyrst lagagildi, með þeim breytingum, sem nú skal greina.

1. *(Með 20 atkvæðum):* Að í 1. grein, 2. atr., í stað orðanna: »undir tilsjón amtmannsins« — »hlutaðeiganda stjórnarráðs« verði sett: »þó með þeim takmörkunum, sem síðar segir«.
2. *(Í einu hljóði):* Að 1. liður 5. greinar verði þannig orðaður: Engi sá getur tekið þátt í kosningu bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosningu, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, jafnvel þótt hann hafi ekki sætt þeirri hegningu, er samkvæmt opnu brèfi, dags. 29. d. októberm. 1824, og tilsk. 24. janúarm. 1838, 4. gr., lit. a, sviptir borgararèttí; eigi heldur sá, er lagasókn á liggur um nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti eða svipt getur borgararèttí, fyr en hann með dómi, er eigi verður raskað, er dæmdur alsýkn sakar. Eigi hefir heldur sá kosningarrètt nè er kjörgengur, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að hann eigi hafi full ráð fjár síns að lögum«.
3. *(Með 20 atkvæðum):* Að niðurlagsorðum 5. gr.: »æðri yfirvöld« verði breytt í »amtmann«.
4. *(Í einu hljóði):* Að í fyrri hluta 7. greinar eptir »kosningarrètt« verði bætt: »og kjörgengi«.
5. *(Með 20 atkvæðum)*: Að tveimur hinum síðari köflum 10. greinar verði þannig breytt: »Nú þykir einhverjum hlutaðeiganda vafi á, að kosningin sè lögmæt, á hann rètt á, að bera slíkt upp fyrir kjörstjórninni, en hann skal hafa gjört það, áður 8 dagar sè liðnir, frá því kosning fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun engi gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda málið, ásamt áliti sínu, amtmanni til úrskurðar, og leggur amtmaður þá úrskurð á,

áður hálfur mánuður sè liðinn. En hvort sem slík umkvörtun kemur fram eða eigi, skal amtmanni ávallt senda skýrslu um kosninguna«.

6. *(Í einu hljóði):* Að orðunum í 17. gr.: »Skal með sýslu þessa farið í öllu samkvæmt N. L. 3—5; þó«, verði sleppt.
7. *(Með 19 atkvæðum):* Að í síðasta kafla 19. greinar í stað: »Áætlunarskráin skal send amtmanni« til enda greinarinnar verði sett: »Áætlunarskráin skal send amtmanni, en þyki honum eitthvað athugavert í henni, skal hann bera málið undir almennan fund gjaldþegna, er hann lætur í því skyni saman kalla, svo fljótt sem því verður við komið; skera þeir þá úr því með atkvæðafjölda, hvort breyta skuli áætluninni í því efni eða ekki«.
8. *(Með 20 atkvæðum):* Að byrjun 20. greinar: »Ef amtmaður — samkvæmt« verði þannig breytt: »Að því gjörðu, sem fyrir var mælt í«.
9. *(Í einu hljóði):* Að í byrjun 21. greinar á eptir: »þyki einhverjum« verði bætt inn í: »gjaldþegna«.
10. *(Í einu hljóði):* Að endir 22. greinar: »skýrslu—gjöldum næsta árs« verði þannig breytt: »niðurjöfnun, heldur skal jafna því niður með næsta árs gjöldum«.
11. *(Með 19 atkvæðum):* Að í 25. grein, 2. atriði, verði úr felld orðin: »Að veita gefins fèstyrk, er meiru nemi, en 30 ríkisdölum«.
12. *(Í einu hljóði):* Að í sömu grein verði orðunum: »að færast í fang byggingarstörf — að meðaltali« breytt þannig: »Að færast í fang þau byggingarstörf, er hafa í för með sèr álögur á bæjarbúa um meir en 1 ár«.
13. *(Í einu hljóði):* Að fyrirsögnin verði þannig orðuð: »Reglugjörð um kaupstaðarrètt Akureyrar og stjórn bæjarmálefna þar«.

Að öðru leyti var frumvarpið samþykkt í einu hljóði.

Reykjavík, 3. ágúst 1361.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Halldór Kr. Friðriksson.

2. Álitsskjal til konúngs *um spítalahluti á Vestmannacyjum.*

»Til konúngs.

Fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir þingið konúnglegt álitsmál

þess efnis, hvort spítalahlutir á Vestmannaeyjum hèr eptir skyldi leggjast til læknasjóðs þess, sem stofnaður er með konúngsúrskurði af 12. ágúst 1848, eða tilfalla fátækrasjóð Vestmannaeyínga, eins og hefir átt sèr stað nokkurn undanfarinn tíma.

Þíngið kaus 3 manna nefnd í málið, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast að segja álit sitt um málið á þessa leið:

Af 2 skjölum þeim, sem fram komin eru í þessu máli, annað frá fyrverandi sýslumanni Vestmannaeyja A. Kohl af 4. ágúst 1859, og hitt frá stiptamtmanninum yfir Íslandi af 3. febrúar 1860, getur þíngið ekki sèð neinar ástæður, er geti gefið tilefni til, að breyta þeirri ályktun, er alþíngi gjörði um mál þetta með miklum atkvæðamun 1857, því Vestmannaeyíngar eru nú, að því er ráðstafanir um læknahjálp snertir, miklu betur farnir, en ekki einasta allir hreppar í landinu, heldur einnig, þó þeir sè miðaðir við margar sýslur, sem nú eru læknalausar; og er þá augljóst, að Vestmannaeyíngar, að því er læknahjálp snertir, kosta hið opinbera, að rèttu hlutfalli eptir fólkstölu, miklu meira, en nokkur annar hluti lands þessa, og þá geta Vestmannaeyíngar heldur ekki haft neina sanngirnislega kröfu til sèrstaklegrar undanþágu frá, að leggja fram að sínum hluta þann á öllu landinu lögboðna spítalahlut, sem um undanfarin rúm 100 ár hefir legið á öllum öðrum landsbúum, og liggur enn á þeim sem sjálfsagt skyldugjald, og eigi þúngbært, til þess að viðrètta og efla læknahjálp á öllu landinu yfir höfuð að tala.

Það er að sjá af brèfi sýslumanns Vestmannaeyja, að yfirsetukonu þar sè borgað úr sveitarsjóði 30 rd. sem árleg laun, og hefir bæði sýslumaðurinn og stiptamtið í álitsskjali sínu til stjórnarinnar talið þetta meðal annars sem ástæðu fyrir því, að spítalahlutirnir þar á eyjunum ætti að tilfalla sveitasjóðunum framvegis, eins og verið hefir. En þíngið verður að álíta, að yfirsetukona eyjamanna eigi ekki að hafa þau rèttindi, fram yfir allar aðrar yfirsetukonur, sem nú eru í landinu, og sem eru yfirheyrðar af landlækni eða hèraðslæknum, og þó fá engi laun, er telja megi, af opinberu fè, — að hún ein fái laun af spítalahlutum, er nú falla á eyjum þessum, bæði af skipum eyjamanna og Rangæinga, er þar sækja sjó, svo læknasjóðurinn líði þar fyrir nokkurn halla. Þíngið verður líka að álíta, að efnahagur eyjabúa sem sveitar eður fátækrafèlags sè í góðu hlutfalli við alla aðra sjávarhreppa hèr á Suðurlandi, því þeir hafa veiðistöðu eins góða og flestir þeirra, og þar til hafa þeir

fuglafang mikið, sem hinir ekki hafa, og eiga þar til álitlegt fé í sveitarsjóði. Og ekki getur þingið heldur álitið, að þeim veiti örðugra að veita forsorgun fátækum mönnum, þó að fátækrasjóður þeirra beri eigi úr býtum tíund af fasteign og lausafé, því það kemur í sama stað niður, hvort bændur fæða þurfamenn sína á tíund og aukaútsvari til samans, eða á aukaútsvari að öllu, þegar tíundin er ekki lögboðin.

Þó þingið af hèr töldum ástæðum finni ekki tilefni til, að víkja frá þeirri skoðun, er það kvað upp á málinu 1857, þá verður þingið þó að fallast á þá uppástúngu nokkurra þingmanna, að Vestmannaeyingum veitist 3. ára frestur á breytíngu þess fyrirkomulags, sem hèr ræðir um, svo að þeim á þessu tímabili gefist tækifæri á, að gjöra þær ráðstafanir viðvíkjandi sveitastjórn sinni, er þeim þætti bezt henta, og gjörði þeim breytínguna síður tilfinnanlega.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfir þingið sèr með 17 atkvæðum, að bera upp það allraþegnsamlegasta álit sitt (með 20 atkvæðum gegn 2):

> Að hospítalshlutirnir á Vestmannaeyjum, bæði af fugli og fiski, renni frá 1. degi janúarmánaðar 1865 inn í hinn almenna læknasjóð, er stiptaður er með konúngsúrskurði af 12. ágúst 1848, en að konúngsúrskurður af 20. febrúar 1750, viðvíkjandi þessum hlutum, verði úr lögum numinn.

Reykjavík, 3. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. Páll Sigurðsson.

Forseti: Eg skal geta þess, að *konúngsfulltrúi* hefir tjáð mèr, að hann gæti eigi komið á fund í kveld, og hafi falið hinum konúngkjörna varaþíngmanni að vera í sinn stað á þessum fundi.

Þá kemur samkvæmt dagskránni *til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu* málið *um að leggja alþíngistollinn á jarðahundruðin eptir hinni nyju jarðabók. Framsögumaður* er hinn heiðraði 4. konúngkjörni þíngmaður. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona að þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: þegnleg uppástúnga um *að leggja alþíngistollsgjaldið á jarðahundruðin eptir hinni nýju jarðabók.*

1. Breytíngaratkvæði *Ásgeirs Einarssonar, Gísla Brynjúlfssonar, Indriða Gíslasonar og Björns Þèturssonar,* að í staðinn fyrir meiri hluta nefndarinnar komi svo látandi grein:

Að sá hluti alþingistollsins, sem opið brèf af 18. júlí 1848 fyrirskipar, að borgast eigi af fasteigninni, verði hèr eptir jafnaður niður á öll jarðahundruð í landinu, eptir því hundraðatali, sem þær nú hafa eptir hinni nýju jarðabók, og greiddur á þann hátt, sem nýnefnt brèf ákveður í 3. gr.

2. *Nefndin*, meiri hlutinn, niðurlagsatriðið:
Að sá hluti alþingistollsins, sem lögin fyrirskipa að borgast eigi af fasteigninni, verði jafnaður niður á jarðir þessar eptir því hundraðatali, sem þær nú hafa í hinni nýju jarðabók, þó svo: að á jörðum þeim, sem prestsmata hvílir á, eða annar því um líkur sèrskildur tollur til hins opinbera, dragist frá hundraðatalinu, 1½ hndr. fyrir hverjar 10 álnir, sem tollur þessi nemur, er af jörðunni er goldinn, og að þessi hundruð sè laus við alþingisgjaldið.
3. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar, Gísla Brynjúlfssonar, Indriða Gíslasonar* og *Björns Þèturssonar:*
   1. Á hús þau í kaupstöðum, sem byggð eru af steini, múr eða timbri, þannig: að hvert 50 rd. virði jafngildi 1 hndr. í fasteign.
   2. Alþingistoll þennan borgi þeir, sem húsin brúka, en eigendur skuli endurgjalda þeim, sem húsin hafa tekið á leigu.
4. Viðaukatkvæði *Benedikts Þórðarsonar* og *Stefáns Eiríkssonar* við uppástúngu meiri hluta nefndarinnar:
   »En að öðru leyti skal standa við það, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 18. júlí 1848 1. og 3. gr.
   (Minni hluti nefndarinnar, *Páll Sigurðsson*, uppástúnga: »Að rita ekki konúngi neina bænarskrá að þessu sinni»).
5. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?
   Málið afhent *framsögumanni.*

Forseti: Eg vil leyfa mèr, áður en *framsögumaður* byrjar framsögu sína, að gjöra athugasemd viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir tölul. 1. og tölul. 3, ef það mætti verða til að spara umræður manna um það; eg álít, að af því það inniheldur nýja og sèrstaka uppástúngu um alveg nýja gjaldstofna, þá sè það líkt og Straumfjarðaruppástúngan í fyrra, er smeygt var inn í Skeljavíkurmálið, og eigi því þessar uppástúngur alls ekki að koma til umtals í sambandi við þetta mál, heldur verði að gjöra um það uppástúngu sèr.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Það er satt, sem hinn háttvirti *forseti* sagði, að 1. og 3. breytíngaratkvæðið leggur alþíngistollinn á nýja gjaldstofna; þess vegna geta þau víst ekki komizt að til atkvæða. Breytíngaratkvæðin eru yfir höfuð ekki svo, að þíngið geti fallizt á þau. Þá er fyrst breytíngaratkvæðið undir 1. tölul.; það vill leggja alþíngistollinn á öll jarðahundruð. Það er einmitt þetta, sem margir hafa haft á móti opna brèfinu, sem búið er að gefa nefndarálit um, og sem stendur hèr á sama blaði og atkvæðaskráin í þessu máli, að það t. d. á ekki við, að jafna niður á þrætuparta, sem settir eru til hundraðatals; eg má jata, að eg veit ekki, hver er sá leiguliði, sem gjaldið ætti að heimtast af, eða hver er sá landsdrottinn, sem leiguliði ætti að snúa sèr til. Sama er að segja um margar jarðir, sem tollar til hins opinbera hvíla á, að alþíngistollurinn ætti þá að borgast af þessum tollum; eg held því að breytíngaratkvæðið geti ekki gengið í gegn. 3. viðaukaatkvæðið er nú um, að leggja tollinn á timburhús, múrhús og steinhús; það yrði býsna mikið, sem kirkjan hèrna ætti að borga; hún er þó nokkurra 50 rd. virði, eins er um skólahúsið og fleiri slíkar byggíngar; þetta lètti töluvert kostnaðinn á hinum. Söfnuðurinn ætti þá sjálfsagt að borga, eða dómkirkjupresturinn, og hafa svo aðgang að konúngi með endurgjaldið? En af yfirrèttarhúsinu, hver ætti að borga af því? *(Arnljótur Ólafsson:* Yfirrètturinn*)*; og hann ætti þá að hafa aðgang að »justits«-kassanum? Þetta held eg að eigi alls ekki við. Undir sama fellur nú viðaukinn undir 3. tölul. 2. gr. Breytíngaratkvæðið undir tölul. 4. sýnist mèr óþarfi, svo umtals efnið virðist mèr að eins vera um meiri hlutans og minni hlutans uppástúngur, hvort á að biðja um, að alþíngistollinum verði jafnað niður eptir því, sem meiri hlutinn fer fram á, eða þá ekki að biðja um það.

Páll Melsteð: Þegar eg heyrði og sá þessa uppástúngu um tilbreytíngu á alþíngistollsgjaldinu, fèll mèr hún undir eins vel í geð; eg held, að ef hún kemst á, verði hún hlutaðeigendum geðfelldari, en hin tilhögunin, sem verið hefir. Hreppstjórum verður eptir þessari uppástúngu miklu hægra að búa til skýrslurnar en áður, sýslumönnum og stiptamtmanni gjört hægra fyrir, að endurskoða þær; eg get borið um, að alþíngistollsskýrslurnar hafa margar hverjar verið mjög ófullkomnar í þeim sýslum, sem eg hefi verið við flæktur, síðan 1849; veit eg þó, að hreppstjórar hafa haft mjög mikið fyrir þeim, en þó hafa sumir þeirra leyst þær svo af hendi, að þær hafa verið stundum lítt viðunanlegar. Þíngmaður

Mýramanna sagði við undirbúníngsumræðuna, að það væri orðið hægra nú, en áður, að búa til þessar skýrslur; og átti það meðfram að koma til af því, að hinar eldri skýrslur, eins og eins konar fyrirmynd fyrir hinum síðari, væri til í skjalasöfnum hreppstjóranna; en eg verð að segja, og enda fullyrða, að þessi skjalasöfn við hreppstjórnarembættin eru víðast mjög ófullkomin, og sumstaðar því nær engi. Skjöl þessi hljóta að vera á sífelldum flækíngi, því hreppstjórar eru manna lausastir í embættum, sem við er að búast. Á þessum flækíngi farast skjölin. Auk þess, sem þetta áform þannig léttir fyrir hreppstjórum, er það miklu betra fyrir gjaldendur, að hafa alltaf vissuna fyrir sèr, og hana hafa þeir í jarðahundraðatölunni. Eptir því, sem nú til hagar, heyra margir gjaldþegnar að eins á manntalsþíngunum, hvað mikið þeir eiga að gjalda í alþíngistoll, og svo vita þeir ekki meira um það; þetta getur gefið orsök til tortryggni við hreppstjóra og sýslumenn; en sú tortryggni er skaðleg. Eg vil því halda mèr til nefndarinnar, ef eg get; að eins vildi eg minnast á eitt, sem eg vildi fá upplýsíngu um hjá *framsögumanni;* í niðurlagsatriði nefndarinnar stendur: »þó svo, að á jörðum þeim, sem prestsmatan hvílir á, eða annar því um líkur sèrskildur tollur til hins opinbera, dragist frá hundraðatölunni, 1½ hndr. fyrir hverjar 10 al., sem tollur þessi nemur o. s. frv«. Mèr finnst úr þessu geta orðið ruglíngur. Eg vil setja dæmi: 20 hndr. jörð svarar 20 áln. tolli til hins opinbera; nú dragast 1½hndr frá fyrir hverjar 10 álnir; þá verða eptir 17 hndr., sem alþíngisgjaldið fellur á; þetta ætla eg mig skilja rèttilega, og setja rèttilega fram. En nú vil eg setja annað dæmi: 3 hndr. jörð svarar 30 ál. tolli til hins opinbera; nú dragast 1½ hndr. frá fyrir hverjar 10 álnir, og þá er jörðin komin upp í 4½ hndr.; þá nær ekki til, og reglan ekki heim. Það getur verið, að þetta standi öfugt í skilníngi mínum, og það bið eg, að hinn háttvirti *framsögumaður* vili fræða mig um. Hafi eg rangt að mæla, og verði þetta mèr ljóst, þá felli eg mig við niðurlagsatriði nefndarinnar. En ef það er rètt, sem eg hefi sagt, þá líkar mèr ekki greinin, og þá get eg ekki heldur gefið henni atkvæði mitt. 3. tölul. álít eg að alls eigi geti komizt hèr að; að öðru leyti gef eg ekki atkvæði með neinu, nema nefndinni, eins og áður er sagt.

Framsögumaður: Eg þekki ekkert dæmi til, að prestsmata sè á 3 hndr. jörð 30 ál., svo að svarað sè af henni 3 fjórð. smjörs; eg veit að eins 1 eða mest 2 dæmi, hvar prestsmatan verður að vera

renta af hærra höfuðstól, en annexíujörðin sjálf er; en menn verða að gæta þess, að prestsmatan liggur ekki að eins á heimajörðinni, heldur á allri eigninni, sem stendur í veði fyrir prestsmötunni. Dæmið, sem eg þekki, er Kolbeinsstaðaeignin fyrir vestan; þar hrökkva ekki leigur og landskuld af Kolbeinsstöðum fyrir afgjaldi til prestsins á Hítarnesi. En eg held, að ekki sè þvílíkar ójöfnur á jarðabókinni, að landskuldir og leigur af kirkjujörðum nemi ei prestsmötunni; ef annars eignin væri svo ónýt, að afgjöldin hrykki ekki fyrir prestsmötunni, þá væri það engi eign. Fyrst búið er að löggilda jarðabókina, sem grundvöll fyrir skattatekju, þá er líka nauðsynlegt að ákveða, hve mörg hundruð eigi að dragast frá fyrir tolli, sem borgast af jörðunum til hins opinbera, því það er þó auðvitað, að menn eiga að borga af tekjum, en ekki útgjöldum jarðanna; en þetta má ekki vera upp og niður, eptir því, sem er í ári, og eptir því, sem verðið er á verðlagsskránni, heldur fastákveðið, hvað mörg hundruð eigi að takast frá fyrir tollinum. Nefndin fann nú ei annað betra að byggja á, en það, að 20 hndr. jörð er venjulegast leigð með 1 hndr. landskuld; og þá hefði strangt tekið átt að draga frá 1 hndr. og 80 áln.; en þetta er smámunasemi, svo nefndinni þótti viðurkvæmilegt, að draga 1½ hndr. frá fyrir hverjar 10 álnir. Ef menn nú ekki geta fellt sig við þennan viðauka nefndarinnar, að taka vissa hundraðatölu frá, þar sem tollur er goldinn til hins opinbera, þá er líka bezt, að fella allar uppástúngur nefndarinnar. Ef þetta er rangt útreiknað hjá nefndinni, þá hefði einhver átt að koma með betur útreiknað breytíngaratkvæði.

Pètur Pètursson: Mèr skildist, að hinn háttvirti *framsögumaður* meinti, að hann vissi ekki nema 1 eða 2 tilfelli, þar sem afgjaldið af jörðinni ekki hrykki fyrir prestsmötunni, eða var það ekki meiníng hans? (*Framsögumaður:* Jú). Ef 30 álnir eiga að borgast af 3 hndr. á heimajörðum, þá held eg, að alstaðar sè svo, að heimajörðin á kirkjujarðir, og gjaldið á eins að jafnast á þær, eins og heimalandið, svo þetta getur aldrei að borið, að prestsmatan verði hærri, en afgjaldið, því kirkjugózið má ei aðskilja; það er heild, sem prestsmatan hvílir á. Ef svo væri, að prestsmatan væri meiri en afgjaldið, væri sú kirkjueign gjaldþrota; en það er svo undirbúið frá gömlum tímum, að það er ómögulegt.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það segja sumir, að altènd vili eitthvað til eilífs lífs, og svo er hèr; það horfðist til, að hèr mundi verða, eins og kveðið var að orði um daginn, einn eilífur grasa-

grautur, og svo ramur, sem hann hefir verið eptir þeim reglum, sem brúkaðar hafa verið, þá yrði hann bæði ramur, svartur og sangur, eptir þessum nýja prestsmötu-reikníngsgraut, sem fæstir mundu skilja; eða hvernig á að fara að krefja leiguliðana um alþíngistollinn, þegar ekkert tillit skal hafa til afgjaldsins á þeim stóru jarðartorfum, sem metnar eru í einu lagi, en hafa fjölda býla og margar hundraðalausar hjáleigur? ekki eiga jarðeigendur sjálfir að greiða úr þessu, eður gegna kröfum þessum; þeir eru líka kann ske á öðru landshorni; og eg held, að yfirvöld yrði hèr ekki í minni vandræðum með gjaldheimtuna, en eptir þeirri reglu, sem hefir verið; annars er það undarlegt, að prettir og forsómun embættismanna skuli verða að valda því, að umsteypt sè þörfu og hentugu lagaboði í annað verra. En hèr er orðið gott í efni; hèr er upp fundið eitt gott bragð; því það er komið hèr eitt breytíngaratkvæði inn á atkvæðaskrána, að alþíngisgjaldið sè lagt undantekníngarlaust á öll jarðahundruð í landinu, sem jarðabókin hljóðar yfir, hvort sem það eiga bændur, konúngur, kirkjur, kennimenn, fátækir eða aðrar stiptanir; þar fæst það sem menn vilja, þarna verður reikníngurinn hægur og glöggur fyrir hvern, sem hefir jarðabókina, og veit upphæðina á summu þeirri, sem jafna þarf niður á hverju ári; mèr þykir líklegt menn þýðist þetta breytíngaratkvæði; um formið á því skulum við ekki tala; það er ekki frá mèr eða einum manni, það er undir því heill flokkur af þíngmönnum, og einn, sem víst kann að formum og þíngreglum, því hann hefir einatt setið alþíngi, síðan það hófst á ný, og einn, sem er mentaður, já, hálærður bæði utanlands og innan, og hefir þótt kunna að siðum með tignum mönnum, bæði hèr og í öðrum löndum, svo nú er vonanda, að grauturinn sætni.

Benedikt Þórðarson: Eg ætla fátt að mæla um þessa atkvæðaskrá; það nægir að aðrir gjöri það; breytíngaratkvæðið, undir tölulið 1, og viðaukaatkvæðið, undir tölulið 3, ætla eg ekki komist að sökum annmarka, er allir sjá á þeim, og fram eru teknir. En viðaukaatkvæði mitt og þíngmannsins úr Austur-Skaptafellsýslu vona eg þó, að komist að, svo framarlega menn samþykkja niðurlagsuppástúngu nefndarinnar undir tölulið 2.; því þá má þess ei án vera; þegar menn líta á hið opna brèf 18. júli 1848, þá er þar fleira undan þegið alþíngisgjaldi en hjá nefndinni, t. a. m. prestakalla jarðir og fl., sem nefnt er í 1. grein, og í 3 gr. er það ákveðið, að ábúendur greiði alþíngisgjaldið móti endurborgun frá

eiganda; menn verða að gæta þess vandlega, að samþykkja ekki nokkuð það, sem ónýtir gildandi lög ástæðulaust. Þetta hèr greinda opna brèf er enn í fullu lagagildi, nema að eins í því atriði, er síðar var með lögum breytt, er viðvíkur bændakirkju-eignum; eg bendi að eins á þetta, þó eg efi að nefndaruppástúngan verði samþykkt, og mèr er næst að halda bezt væri, að fella hana, og þá þarf viðaukaatkvæðisins ekki við.

Páll Sigurðsson: Mèr fannst það alveg rètt, sem þíngmaður Snæfellínga tók fram, að reikníngur sá, er meiri hlutinn tekur til um prestsmötuna, sè nokkuð óáreiðanlegur; og eptir því, sem eg hefi optar hugsað um prestsmötuna, því meira myrkviður hefir mèr þótt hún, og eg er hræddur um, að prestsmatan standi ekki í neinu hlutfalli við það, sem nefndin hefir stúngið upp á, að draga frá hundraðatali jarðanna; og út úr því spinnst ruglíngur og þrætur, svo eg held að síðari villan verði argari hinni fyrri; og menn eru þó orðnir vanari því, sem nú er, og allir verða að játa, að afgjöld jarða sè verulegur gjaldstofn, en hundraða tala þeirrar nýju jarðabókar, í engu rèttu hlutfalli móti gæðum. Breytíngaratkvæðið undir 1. tölulið er næst geði mínu, því þar er það tekið til greina, sem eg veit að er vili landsmanna, nfl. að alþingistollsgjaldinu sè jafnað niður á fleiri gjaldstofna, og því væri eg helzt tilleiðanlegur, að gefa þeirri uppastúngu atkvæði mitt; eg játa það, að uppástúnga þessi er má ske ekki nógu vel og rètt undirbúin; en það hefir má ske í dag hlaupið inn á þíngið breytíngaratkvæði, sem stóð í litlu betra sambandi við aðalmálið; og til hvers er þá að vera hörundsárari með eitt málið en annað? En það er hugboð mitt, að landsmönnum yfir höfuð geðist litt að meiri hlutans uppástúngu. Það er líka margt fleira, sem er ískylda til presta, en prestsmatan, t. a. m. djáknapeníngar og margt fleira; það eina, sem mælir með uppástúngu nefndarinnar, er það, að það er hægra að jafna niður alþíngistollsgjaldinu eptir henni, ef allt væri bændaeign í landinu. Taki þíngið ekki fyrsta breytíngaratkvæðið, vona eg það fari eptir uppástúngu minni, og láti málið bíða fyrst um sinn.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla mèr hvorki að fara mikið út í lög eða reikníng; en geta þess að eins, að mèr sýndist það, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði um kapítalstaxtana, ekki vera ástæða á móti gjaldmátanum, eins og hann hefir verið af afgjöldum jarðanna, heldur væri það ástæða á móti kapítalstöxtunum sjálfum, og að grundvöllur kapitalstaxtans væri rangur, en ekki að gjaldmátinn

væri rangur. Hann játaði líka, að afgjöldin væri góður og í raun-inni hinn réttasti gjaldstofn; það er líka eðlilegt af því, að afgjöld-in eru þó nokkuð verulegt, en eru ekki einúngis ímynduð eins og jarðahundruðin; mèr stendur á sama, hvað mörg hundruð ein jörð er talin, ef ekki eru meiri tekjur af henni en annari, sem er talin að vera færri hundruð. Hvað varðar um það, hvort jörðin er talin 20 hndr., 30 hndr. eða 40 hndr., ef afgjaldið af 40 hndr. jörð-inni eigi er meira, en af 20 hndr. jörðinni. Það væri allt annað, ef menn væri sannfærðir um, að hundratalan svaraði til gæða jarð-anna; en eg held það sè engi, sem er sannfærður um það. *(Arn-ljótur Ólafsson:* Jú, eg!). Eg held í sannleika, að það sè engi. Það hefir allt af verið sagt, að miklar ójöfnur væri á jarðamatinu, og hefir engi nú á hinum þremur síðustu þíngum borið á móti því, að svo sè, en þeir hafa sagt, að þær væri minni en í hinum eldri jarðamötum, og að þetta jarðamat væri þó reynandi. Eg skil það næsta vel, að sýslumenn vili gjarna hafa þessa breytíngu, því að þeim verður miklu greiðara fyrir um að vita, hvað þeir eiga að heimta, og því heldur hreppstjórarnir, því að þeir losast þar alveg við töluverðan starfsauka, og væri eg fús á, að fallast á þessa breytíngu, ef eg sæi, að næg ástæða væri fyrir, að breyta gildandi lögum, sem játað er að rètt sè í sjálfu sèr, sökum þess, að hægra veitti að fylgja þeim fram, ef þeim væri breytt. Mèr finnst, að fyrst verði að sanna, að hitt sè ekki hafandi, og því verði ekki fram fylgt, því annars er engi ástæða til þess, að breyta gildandi lögum. Mèr sýnist líka nógu fljótt, að biðja um þetta tveimur ár-um áður, en jarðabókin kemur í gildi, því eg get ekki sagt, að hún gildi, fyr en menn eru farnir að fara eptir henni; eg held það væri bezt að sjá fyrst, hvernig mönnum geðjast að henni, þegar menn fá upphvatníngu til þess að gæta þess, hvernig jarðamatið er. Eg hefi sagt það áður, að eg hefði ekki á móti þessari breytíngu í sjálfu sèr; en eg vil ráða mönnum til þess, að sleppa henni fyrst um sinn, og sjá, hvort ekki koma bænarskrár til þíngsins, er biðja um, að jarðamatið verði úr lögum numið; mèr sýnist ei vera nægar ástæður til þess, að þeir menn, sem hèr á þíngi eiga að fram fylgja vilja þjóðarinnar, skuli gjöra þessa breytíngu, þegar almenn-íngur er óánægður með jarðamatið; mèr sýnist hèr um slíkt mál að gjöra, að það sè skylda þíngsins, að vita álit almennings um það, áður en það biður konúnginn, að það sè gjört, og eg verð að segja fyrir mig, að ef nokkurn tíma er ástæða til þess, að þíng-

ið fái að vita álit almennings um nokkurt mál, þá virðist mèr það sannarlega vera um þetta. Það er ekki opt, að eg stend upp, til þess við ályktarumræðu að lýsa því yfir, hvernig eg muni gefa atkvæði mitt, en eg gjöri það í þetta skipti, því eg vildi gjarna að almenningur sæi, hvernig og af hvaða ástæðum eg gæfi atkvæði á móti þessari uppástúngu, og mun þó engi bera mèr það á brýn, að eg gefi atkvæði mèr til fordildar. Eg væri í standi til að fallast á breytíngaratkvæðið undir 1. tölulið, ef eg vildi vera svo hrekkjóttur, að eg vildi ónýta málið.

Gísli Brynjúlfsson: Þó eg, eins og ýmsir aðrir, væri á móti því á alþíngi í hitt eð fyrra, að hin nýja jarðabók yrði strax löggilt, eins og hún nú er, af því mèr fannst henni þá, og finnst enn, ábótavant í mörgu, þá getur mèr þó ei fundist það annað, en ósamkvæmni af þínginu, að vilja nú ei nota hana sem undirstöðu fyrir nýjum gjöldum eður álögum, þar sem þíngið, sem hefir samþykkt hana, má þó vel vita, að þetta var einmitt tilgangur hins nýja jarðamats. Eg hefi og æfinlega verið á því, að rèttast væri, að leggja alþíngistollinn undantekníngarlaust á öll jarðahundruðin, og við það breytíngaratkvæði mitt og þriggja annara þíngmanna, undir tölul. 1., ætla eg mèr að halda, hvað sem svo þíngið gjörir við viðaukaatkvæði okkar undir tölul. 3., og sem eg meðfram ekki skal verja, af því eg get ei neitað, að það hefir tekizt nokkuð óhappalega að orða það; eg veit og, að hinir háttvirtu bræður mínir i breytíngaratkvæðunum munu gjöra þetta miklu betur, en eg, og skal eg þá að eins geta þess, þar sem sagt hefir verið, að engar óskir hafi komið frá landsmönnum í þessa stefnu, að i ávarpi því til þíngsins frá Skagfirðíngum, sem þíngmönnum er kunnugt af lestrarsalnum, og sem líka í byrjuninni ætlaði að verða nokkurs konar títt nefndur Anþór hèr í salnum, var það einmitt annað atriðið, sem verulega mátti taka til greina á þínginu, að drepið var á það, hve miklu haganlegra það mætti verða, ef tollurinn væri lagður jafnt á alla fasteign í landinu, og eins t. a. m. á verzlunarhús í kaupstöðum. Það var því og meðfram af þessari ástæða, að eg hafði æfinlega ætlað mèr, að taka mèr breytíngaratkvæði í þessa stefnu, er málið kæmi fyrir; en aðalástæðan er þó sú, að mèr finnst allur gjaldmátinn með þessu verða greiðari og einfaldari, og það hefi eg mest á móti uppástúngu nefndarinnar, að mèr finnst hún vera svo margbrotin; fyrri hluta greinarinnar undir tölul. 2., fram að »þó svo«, get eg að vísu alveg fallizt á, en þá kemur

þessi »*attandinæ*«, sem breytir öllu og gjörir greinina að minu áliti að þeirri ófreskju, að mèr dettur ósjálfrátt í hug lýsing skáldsins: »manns ef höfði málara pensill« o. s. frv., svo mèr er með öllu ómögulegt að sætta mig við slíkt. Það er að vísu satt, að eg hefi aldrei verið góður í reikningi, en eg hefi ei heldur enn getað komizt niður í því, hvað eiginlega allur þessi nákvæmi brotareikningur á að hafa gott með sèr, annað en að gjöra allt enn flóknara, en hingað til hefir verið, og væri eg því fús á, að mega fræðast um þetta, einkum utanþings, af hinum háttvirta *framsögumanni*, sem er svo mikill reikningsmaður, því eg skal ei neita því, að mèr finnst í uppástúngunni eitthvað girnilegt til fróðleiks; en nú sem stendur getur þetta ei komið mèr að nokkru haldi, og eg get því að svo stöddu engan veginn fallizt á þennan hinn síðara hluta uppástúngunnar, þar sem það einmitt var aðaltilgangur minn með breytíngaratkvæðinu undir tölul. 1., að gjöra niðurjöfnun alþingistollsins hægari og einfaldari, en ei flóknari, eins og mèr finnst seinni hlutinn af uppástúngu nefndarinnar verða að gjöra það. Eg verð því sjálfsagt fyrst að halda mèr við breytíngaratkvæði okkar félaga, undir tölul. 1., og falli það, sem eg ei vona, þá við fyrra hlutann af uppástúngu nefndarinnar, ef henni má skipta við atkvæðagreiðsluna, eins og eg áðan veik á; annars neyðist eg, að líkindum til, að gefa atkvæði mitt fyrir uppástúngu minna hlutans, að fresta málinu um sinn. Um viðaukaatkvæðin skal eg ei tala meir en eg áður hefi sagt; það er á valdi þingsins, hvað það gjörir við þau.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að útskýra breytíngaratkvæðið betur, þó að þingmaður Skagfirðínga gjörði það reyndar bezt sjálfur, með því að sýna, hvernig það væri undir komið, að farið hefði verið fram á þetta í einhverju ávarpi til þingsins; þetta sýnir einmitt, að hèr þurfti nýrrar og sèrstakrar uppástúngu við, til þess að málið gæti komið til umræðu; og því átti þingmaðurinn, sem flutti þetta skjal, annaðhvort að gjöra um það sèrstaklega uppástúngu, eða sleppa því alveg, en ekki að smeygja því inn sem breytíngaratkvæði við annað mál, sem því er óskylt að öllu leyti; og er það alveg rètt, sem þingmaður Reykvíkínga sagði, að breytíngaratkvæðið væri einúngis til þess að eyðleggja málið, en ef menn vilja ráða af að fella málið, þá er miklu hreinlegra, að gefa atkvæði beint í móti sjálfri uppástúngunni, heldur en að eyða málinu með því að aðhyllast breytíngaratkvæðin tölulið 1. og 3.; því sè sá vegurinn valinn,

þá má ganga að því vísu, að þingið fái ofanígjöf hjá stjórninni, fyrst henni þótti það ólöglegt í fyrra, að smeygja Straumfirði inn sem breytíngaratkvæði í Skeljavíkurmálið. Eg verð að vara þingið við þessum breytíngaratkvæðum, og þykist mega til að bera undir atkvæði þingmanna, hvort það sè að forminu til rètt, að bera þau að efninu til undir atkvæði þingsins.

Jón Hjaltalín: Nú, nú! hann er þá kominn inn á þingið aptur þessi grasagrautur og tvöfaldur í roðinu, sem von er á, því nú er hann apturgenginn. Eg hefi heyrt því hreift um jarðamatið, að kirkjujarðir væri of hátt metnar, en bændajarðir þar á mót of lágt, og sýnist mèr því nefndin hafi farið í nokkurn veginn rètta stefnu; en þá kemur þingmaður Skagfirðínga, og fer að reikna; eg held honum sè margt betur gefið, og flest allt, heldur en reikníngskunnáttan, því hann hefir sannarlega hrært í grasagrautnum. Eg skil ekki, hvernig nokkrum dettur í hug að koma við tölulið 1. og 2. á atkvæðaskránni; eða hvernig skyldi menn vilja reikna það út, hvað mörg hundruð t. a. m. kirkjan yrði, hvað mörg skólinn, og hver á að borga? ætti kann ske piltar, eða kennarar, eða presturinn við kirkjuna að gjöra það?! Já! það er satt, þetta er einhver hinn svartasti grasagrautur, sem eg hefi sèð á æfi minni. Eptir því, sem hèr stendur í 2. viðaukaatkvæði, ætti hvort 50 rd. virði að vera jafngildi 1 hundraðs í fasteign. Kirkjan yrði þá eptir þessum reikníngi jöfn 8 hundruðum hundraða í fasteign, skólinn á við 16 hundruð hundraða í fasteign, og stiptamtmannsstofan á við 12 hundruð hundraða í fasteign. Af þessu litla dæmi má nú ráða, hvað allar timbur- og steinbyggíngar í kaupstöðunum mundi hlaupa; og eg skil eigi, að nokkur hèr í salnum sè svo blindur, að hann sjái eigi, hvað af því mundi leiða, ef þetta og annað því um líkt fengi framgang hèr í salnum. Eg vil, fyrir mitt leyti, eigi hafa svo mikið við, sem að standa upp fyrir einu einasta atriði, því er nú stendur hèr á þessari atkvæðaskrá.

Framsögumaður: Eg verð að segja það, að mèr fór að lítast allvel á þingmann Skagfirðínga í fyrri parti ræðu hans, en til allrar ógæfu lítur svo út, sem hann ekki sè góður reikníngsmaður, því óðar en hann kom að seinna kafla í uppástúngu meira hlutans, og tók til að reikna, fór hann að sundla, af því hann sá þar brotna tölu koma fyrir, sem hann sagðist ekkert skilja í. Hann mæltist til, að eg vildi koma sèr í skilníng um þetta utanþíngs, og það vildi eg gjarna gjöra, ef eg gæti; en eg þori ekki að treysta

því, að eg geti það, því það lítur svo út, sem hann viti ekki, hvað hálfur er. Af því þingmanninn hefir sundlað, þegar hann kom að seinni kafla uppástúngu meira hlutans, hefir hann slegið upp á tveimur breytíngaratkvæðum, en sem sanna það bezt, er hann segir, að hann skili ekkert í reikníngi, því annars hefði hann ekki komið með þvílíka vanskapnaði. Eg þori að ábyrgjast honum, að ef kirkjan hèr yrði metin, yrði hún að minnsta kosti eptir uppástúngu hans 1000 hndr., og virðist mèr því uppástúnga hans, sem hann hefir viljað hnýta aptan við fyrri kafla uppástúngu meira hlutans, líkjast skepnunni hans Hóratíusar, sem honum þótti svo vænt um í ræðu sinni, heldur en nokkurn tíma nefndarálitið; það er kann ske ekki rètt af mèr, að vera að ögra dauðum manni, sem menn kalla hèr á þíngi, það er að skilja manni, sem ekki má svara aptur. Eg bjóst við því, að þíngmaður Mýramanna, sem er svo mikill lagamaður, mundi fara að tala um lögin, og var eg búinn við því, og hafði því tekið Jónsbók með mèr; hún liggur hèrna; það er bók, sem hann þykist þekkja, en hann varaði sig á því í þetta skipti; hann lenti í þess stað núna allur í grasagraut, torfum og prestsmötu. Það var rètt eptir smekk þíngmanns Mýramanna, að falla vel í geð töluliður 3., 1. grein. Hann hèlt hann mundi lítið skilja í, hvað koma ætti á hvert jarðahundrað, þó menn vissi upphæð alþíngistollsins. Eg gjöri nú ráð fyrir því, að einhver mundi verða til að láta prenta skrá um þær jarðir, er alþíngistollurinn liggur á, ef stiptamtmaðurinn sjálfur ekki gjörði það, og þá gæti þíngmaðurinn keypt eina slíka skýrslu, og þá gjöri eg ráð fyrir, að honum verði eitthvað til, að komast út úr þeim reikníngum. Viðaukaatkvæði þíngmanns Barðstrendínga álít eg vel hugsað; en það er þó sá galli við það, að það er yngra lagaboð til, sem hefir lagt alþíngistollinn á bændakirkjujarðir, sem þá yrði numið við það aptur úr lögum, ef uppástúnga þessi fengi framgang. Þíngmaður Rangæínga gat um, að prestsmatan væri ekki jöfn á hjáleigum og heimajörðum; en þetta er sök milli eiganda heimajarðarinnar og hjáleignanna, og viðkemur ekkert því opinbera; frammi fyrir því er eignin öll ein heild, eður sem einn maður. Þíngmaður Reykvíkínga sagði, að nýja jarðabókin gæti ekki verið grundvöllur til að byggja á, en það getur þó ekki staðizt með sóma þíngsins, að segja slíkt, úr því það óskaði, að hún yrði löggilt.

Arnljótur Ólafsson: Eg álít mèr skylt, að tala fáein orð í þessu máli, af því eg hefi verið í tveim nefndum, sem haft hafa

skyld mál þessu til meðferðar, það er í nefndinni um jarðamatskostnaðinn og í alþingistollsmálinu, þótt eg reyndar viti, að eg ekki bæti um það, sem hinn heiðraði *framsögumaður* hefir þegar sagt. Eg skal þá fyrst snúa mèr að breytíngaratkvæðinu, sem hèr stendur undir tölulið 1, og þykir mèr það sárt, að vinur minn, sem situr andspænis mèr *(Gísli Brynjúlfsson)* skuli vera kominn inn í samkvæmið þar. Mèr sárnar það, af því eg þykist viss um, að hann varla hefði beðið um þetta, hefði hann athugað málið betur. Opið brèf af 18. júlí 1848 er ekki hið eina lagaboð, sem gildir um alþíngiskostnaðinn; það er líka til annað opið brèf 2. marz 1853 um alþingistoll af bændakirkjujörðum. Á nú þetta síðara brèf að standa óbreytt? Eptir breytíngaratkvæðinu tölulið 1 hlýtur það að vera meiníngin, og þá lentu nú tveir tollar á bændakirkjunum, annar eptir brèfi 2. marz 1853, hinn eptir breytíngaratkvæðinu, ef það fengi framgang; og þykir mèr þetta heldur en eigi hart. En fremur stendur í sama breytíngaratkvæði, að kostnaðurinn verði jafnaður niður á »*öll jarðahundruð*«. Hvað er það »*öll jarðahundruð*«? Hefði þeir virðulegu þíngmenn, sem hafa borið upp þetta breytíngaratkvæði gjört sèr það ómak, að kynna sèr ofurlitla ögn nefndarálitið um jarðamatskostnaðinn, hefði þeir varla komið fram með þetta og annað eins. Því hèr er auðsjáanlega ætlazt til, að leggja skuli *toll* á *toll,* svo sem ef alþíngistollur væri lagður á prestsmötuhundruðin, og jafnvel á það, sem má vera að ekki *sè* einu sinni *til,* það er að segja þrætupartana, sem þó eru metnir til hundraða í jarðamatinu. Eg skal að vísu játa, að það er handhægast fyrir þá, sem ekki eru góðir í reikníngi, að leggja svona toll á »*allt*«; það er einhvern veginn svo hreinn og skiljanlegur reikníngur!!. Þá kemur nú viðaukaatkvæði hinna sömu þíngmanna undir tölulið 3. Þar er líka nýr skattstofn, og get eg ekki fundið mun á skipulagi þessara tveggja tölulíða; töluliður 1 vill leggja toll á »*allt*« eður öll jarðahundruð, og töluliður 3. vill leggja toll á hús, sem aldrei fyr hefir verið minnst á. *(Ásgeir Einarsson:* jú!); nei! ekki fremur en á hitt.

Þar sem því hefir verið hreift, að jarðamatið væri óhafanda eður óhæfilegur skattstofn, þá vil eg biðja menn vel að gæta sóma síns í því, að rífa eigi með kappi niður sínar eigin gjörðir og gjöra nú ekki gyllíngar til þess, að ný bænarskrá komi híngað um, að af taka jarðamatið, með því nú að álíta það óhafanda og ónýtt. Mèr virðist það samvizkusök fyrir þíngið, að sitja hèr og eyða fè

þjóðarinnar, til þess að það sè að óreyndu aptur rifið niður, er áður var byggt með miklum kostnaði, það er að segja jarðamatið. Látum jarðamatið vera svo slæmt, sem það vera vill; við eigum þó ekki að fleygja því frá okkur, fyr en við erum búnir að reyna það. Eg held, að eigi sè ástæða til, að mönnum lítist betur á vegabótarlögin, og dettur þó víst engum manni í hug, að afmá þau lög að óreyndu. Nei! látum oss *fyrst* reyna lögin, og síðan hnekkja þeim, ef þau reynast illa. Eg verð að taka það fram, að verði töluliður 1. samþykktur, þá er þar með ónýtt málið um jarðamatskostnaðinn; en verði uppástúngu nefndarinnar hrundið, eður afgjaldsskránum haldið, og kostnaðurinn ekki lagður á jarðahundruðin, þá er í aðalatriðum sínum fellt málið um alþíngistollinn, því óvissa sú, er fylgir afgjaldaskýrslunum, þar sem afgjöldin eru svo misjöfn ár hvert, er uppsprettan til þess ruglíngs, sem kominn er á það mál, enda er það í sannleika vont verk, og ekki fært nema góðum reikníngsmönnum, að reikna út afgjaldið af hverri jörð á landinu, sem þó stiptamtið verður að gjöra.

Guðmundur Brandsson: Eg verð að segja það, að eg lifði í þeirri voninni í fyrstu, að ekki mundu verða langar umræður um þetta mál, því hinn háttvirti *forseti* varaði þíngið svo fastlega við því, að gefa breytíngaratkvæðunum gaum, svo mèr hefði fundizt það liggja næst, að leita atkvæða um það, hvort þau mætti ræðast sökum formgallanna, svo tíminn hefði sparazt. Þau eru nú samt rædd, og það töluvert, og hefir *forseti* með því má ske viljað breyta frjálslegar en með hinu, að hamla umræðunum. Eg verð að segja fyrir mig, að mèr þykir sitt að hvoru, bæði að breytíngaratkvæðunum og meiri hluta nefndarinnar, og held, að það sè hið langhezta, að láta allt bíða, þangað til menn geta fengið að vita vilja landsmanna í þessu efni, og er þess máske ekki langt að bíða. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður gat þess, að menn hefði sagt, að kirkjujarðirnar væri metnar of hátt. Það kann að vera, þó eg ekki muni það; en hitt man eg, að menn kvörtuðu yfir, að hlunninda-jarðirnar væri of hátt metnar. Að því er breytíngaratkvæðin snertir og meira hluta nefndarinnar, þá má þetta allt gjarna falla fyrir mèr; og að því er sumar undanþágurnar snertir, sem mjög hefir orðið margrætt um, þá get eg bætt við þessum, t. a. m. skipáróðri, mannsláni, *pèturs-* og *maríu-*lambi, og er eg hræddur um, að eitthvað þætti flókið, þegar skyldi meta allt þetta, og draga það frá jarðahundruðunum. Að því er jarðamatinu sjálfu viðvíkur, þá

get eg ekki játað, að það sè samþykkt eptir þingsins ósk, eins og það nú liggur fyrir, og eigi þetta að vera aðalástæðan fyrir máli þessu, er hún mjög veik. Mèr virðist aðalástæðan vera sú, að hægra verði að sjá, hvað gjalda eigi, bæði fyrir gjaldendur og hina, sem krefja; en mèr finnst það skrítin ástæða, til að breyta góðum og gildandi lögum, þó bæði æðri og lægri yfirvöld hafi vanrækt skyldu sína, að fylgja þeim. Það er allt annað mál með tíundina; hún hvíldi, hvort sem var, áður á jarðahundruðunum, en ekki á afgjaldinu. Eg verð þess vegna að vera á því, að bezta og einasta ráðið sè, að fresta máli þessu, þangað til menn geta gengið úr skugga um, hver vili þjóðarinnar sè í þessu efni.

Björn Pètursson: Eg skal fúslega játa, að það, sem hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, viðvíkjandi viðaukaatkvæði mínu og hinna 3 heiðvirðu þingmanna undir tölulið 3., hefir við álitleg rök að styðjast. Eg hlýt að játa það, að það eru á því einhverir *lítilfjörlegir* formgallar, og einkum hitt, að það er með öllu ófært, að leggja alþingisgjald á hina heilögu kirkju, sömuleiðis skólann, og einkum *yfirèttarhúsið;* það var heldur ekki meiningin; en það hefir einhvern veginn gleymzt í þessum asa, að skilja þessi hús undan. Þess vegna er eg fyrir mitt leyti staðráðinn í, að taka breytíngaratkvæði þetta aptur. Mèr finnst nokkuð öðru máli að gegna um breytíngaratkvæði okkar undir tölulið 1. Ef nokkur formgalli er á því, þá er það nefndinni, eða meiri hluta hennar að kenna. Meiri hlutinn segir: »að sá hluti alþíngistollsins, sem lögin fyrirskipa, að borgast eigi af fasteigninni«, það er með öðrum orðum $^3/_4$ alþíngiskostnaðarins verði jafnað niður á »jarðir þessar«. Hvaða jarðir? Víst á allar jarðir í landinu! (*Framsögumaður:* Nei!); jú, því hèr er engi undantekin nema prestsmötu-jarðirnar, eða rèttara sagt: það á að draga frá $1^1/_2$ hndr. fyrir hverjar 10 álnir, sem tollur þessi nemur. Breytíngaratkvæðið var gjört í því skyni, að skýra meiníng nefndarinnar. En hafi þetta ekki verið meiníngin, þá hefir hún leitt okkur í gönur með því, að orða þetta svona ógreinilega og tvírætt. En vegna þess eg heyrði, að hinn háttvirti *forseti* og fleiri þíngmenn hafa látið í ljósi, að þetta ekki mundi hafa verið meiníng nefndarinnar, þá verð eg að játa, að breytíngaratkvæði þetta getur ekki heldur komizt að, og eg er þá líka fús, að taka það aptur, svo þíngið ekki að nýju gjöri sig sekt í formvillu, því nóg er komið áður af svo góðu. Um málið sjálft þarf eg ekki að tala, og eg nenni ekki að taka upp aptur þær á-

stæður, sem þingmenn hafa borið fyrir sig, og eg sjálfur hefi tekið fram við undirbúningsumræðu þessa máls, og það því síður sem þingmaður Reykvíkinga hefir nú nýlega tekið þær svo skýrt og skörulega fram, að eg hélt hann mundi hafa sannfært allan þingheim. Opt hefir mèr líkað vel við hann, en aldrei betur en nú, og ekki einu sinni í Seyðisfjarðarmálinu. Áður eg skilst við málið, skal eg geta þess, að það er sami gallinn á meiri hlutans uppástúngu, og *framsögumaður* sagði, að væri á breytíngaratkvæðinu. Meiri hlutinn hefir heldur ekki undanskilið þrætupartana, sem þó eru matnir til hndr. í jarðabókinni, svo eins mætti leggja á þau hndr. eptir uppástúngu nefndarinnar. Það er aðalgallinn í þessu máli, að alla sönnun vantar fyrir, hver vili sè landsmanna, og hver veit, nema við gjörum þeim mjög óþægt verk með þessu? það er sannur málsháttur, að sjaldan kemur sèr vel óboðin þjónusta. Að minnsta kosti álít eg miklu varlegra, að bíða til næsta þings. Þá gæti menn líklega fengið að vita vilja landsmanna í þessu efni, og þá mætti taka málið fyrir í heild sinni, og gjöra úr garði svo, að það ekki yrði fellt fyrir lítilfjörlega formgalla. Að síðustu skal eg vara þingmenn við því, að fallast á viðaukaatkvæðið tölulið 4., því eptir þeim ljósu og sannfærandi ástæðum, sem *framsögumaður* færði á móti því, sè eg, að það er *með öllu óhafandi!* Eg vona því, að þingið felli alla atkvæðaskrána, nema minna hluta nefndarinnar.

Stefán Eiríksson: Eins og þingmönnum er kunnugt, þá hefi eg nú verið með því síðan fyrst, að þetta mál kom hèr inn á þing, að alþingistollurinn legðist á hundruðin, í stað afgjaldanna; og eg hefi ekki heldur fengið sannfæríngu fyrir, að breyta þessari skoðun minni, því það hefir alls ekki neitt komið fram í ræðum þeirra, sem hafa verið móti málinu, sem hefir sannfært mig, því þó þeir hafi verið móti breytíngunni, þá hafa þeir þó í rauninni játað, að þetta væri rètt í sjálfu sèr; þingmaður Mýramanna var að tala um jarðartorfu, sem hefði mörg útbyli, en útbýlin hefði enga sèrskylda dýrleika í jarðabókinni, og því væri ekki hægt að vita, hve mörg hundruð væri hvert útbýli, en eg held nú, að hverjnm eiganda sè hægt að vita, hve mörg hundruð hver þeirra á, ef þeir eru fleiri en einn; eg get þó ómögulega ætlað það nokkrum manni, að hann ekki viti, hvað hann á, þó þeir sè svo 10 til 20 um sömu jarðartorfuna; og aptur á hinn bóginn veit eg ekki til, að nokkurt byggíngarbrèf sè svo ófullkomið, að það ekki hafi inni að halda þá

og þá hundraðatölu úr jörðinni, þar sem margir ábúendur eru; hann færði það til líka, að bæði þessi annmarki og annmarkinn um prestsmötuna hyrfi, ef alþingistollurinn væri lagður á allar jarðir; þetta hefir nú alls engar ástæður við að styðjast, því á því fleiri gjaldstofna, að tollurinn leggst, því fleiri kvaðir verða að takast til yfirvegunar. Eg get nú ekki gjört svo mikið úr þessari prestsmötu, eins og sumir gjöra. Eg ætla þó hverjum sýslumanni að vera svo vel að sèr, að geta reiknað hana frá, um breytíngar- og viðaukaatkvæðin ætla eg lítið að tala, því sumir af eigendum þeirra eru nú búnir að taka þau aptur; en ef það þykir formgalli að taka bænarskrá, sem rituð er á fundi, af því að ekki er nema einn maður undir, þá er það sannarlegur formgalli að taka mál, sem svona eru undir komin; menn muna víst, hvað stjórnin sagði um Straumfjörð, og því var það öldúngis rètt fyrir höfunda þessara atkvæða, að stínga þeim nú niður í vasa sína. Hinn háttvirti *framsögumaður* gat ómögulega, þá hann stóð upp í fyrsta sinn, fallizt á viðaukaatkvæði mitt og þíngmanns Barðstrendínga; en þegar hann stóð upp í annað sinn, var hann að mestu fallinn á það, svo eg veit, að hann verður við atkvæðagreiðsluna alveg fallinn á það. Eg vona nú samt, þó hann geti ekki fengið sannfæríng fyrir því, að allur þorri þíngmanna skili stefnu þessa viðaukaatkvæðis, því satt að segja er hægra að skilja það, en niðurlagsatriði meira hlutans. Eg ætla nú ekki að tala meira; en lýsi því yfir, að eg ætla að gefa atkvæði mitt með málinu.

Framsögumaður: Þessi þíngmaður, er seinast talaði, er meðmæltur meiri hlutanum; en þeir tveir, er þar á undan ræddu, voru á móti honum, báðir af þeirri ástæðu, að þeir vildu, að ekkert nýtt jarðamat hefði komizt á, og eg er hræddur um, að ef þeir hefði allir setið á þíngi 1859, sem nú sitja hèr, þá hefði þeir ráðið því, að ekkert nýtt jarðamat hefði þá komizt á. Ef þíngið nú ekkert hirðir um sínar fyrri gjörðir, þá er eg óttasleginn fyrir því, að þíngið bráðum fari að biðja um, að jarðamatið verði aptur allt ónýtt. Þíngmaður Gullbríngusýslu vildi öldúngis ekki leggja á jarðahundruðin, heldur fara eptir skýrslum hreppstjóranna; hann þekkir víst einúngis sínar skýrslur, sem víst eru ágætar; en þegar það þá athugast, er *forsetinn* sagði, að skýrslur þessar hefði verið því nær ótækar, nema fyrir eitt einasta ár, þá geta þær ekki verið óyggjandi gjaldmáta grundvöllur. Þíngmaður Suður-Múlasýslu er á móti öllu þessu nýja jarðamati, og hver veit, nema hann með lipurleika

sínum hefði í hitt eð fyrra getað komið þinginu þá til, að ráða frá, að það yrði löggilt; en nú er svona komið; hann var þá til allrar ógæfu ekki hèr á þingi, til að koma vitinu fyrir það, og honum verður því ekki kennt um, hvernig komið er með þetta *(Björn Pètursson:* það væri hart). Honum lá við að hneykslast á þessum orðum í niðurlagi meira hlutans: »*jarðir þessar*«, en það er opt í niðurlagi vitnað til hins fyrra. Það sèst hèr greinilega af því undangengna, að orðin »*þessar jarðir*« lúta að jörðum þeim, sem alþingistollurinn hvílir á. Eg skal svo ekki tala meira í þessu máli; þingið verður að gæta sóma síns, og komast ekki í mótsögn við sjálft sig; að öðru leyti skiptir mig engu, hver úrslit málið fær.

Magnús Andrèsson: Eg ætlaði að grípa orðin, sem *framsögumaður* sagði seinast, er hann var að tala um sóma þingsins, og eptir því, sem hann sagði þá, er það sómi þingsins að fara fram á það, sem meiri hlutinn vill, en ósómi að gjöra það ekki; en þetta get eg ekki skilið, þó þetta sè fram komið af uppástúngu eins manns, og engi vissa um, að það sè vili þjóðarinnar, heldur jafnvel þvert á móti; heldur ekki get eg skilið, að það sè að ónýta fyrra verk þingsins, eins og þingmaður Borgfirðínga sagði. Eg get ekki annað, en verið á sömu skoðun og fyr, að bezt sè að bíða, þangað til meira verkefni kemur, þessu máli viðvíkjandi, og tollinum þá dreift á fleiri gjaldstofna. Þó mèr ekki ætíð hafi komið saman við þingmann Reykvíkínga, þá vildi eg nú óska, að eg hefði talað allt, sem hann talaði, nema þar sem hann sagði, að hann kynni að gefa atkvæði fyrir tölul. 1., ef hann vildi vera hrekkjóttur. Eg er ekki hrekkjóttur, en þó getur verið, að eg gefi honum atkvæði mitt; eg hefi heldur ekki úr háum söðli að detta, þó eg gefi atkvæði fyrir einni formleysu.

Stefán Jónsson: Eg skal nú ekki tala um breytíngaratkvæðin, því eg vona, að hinir, er eiga þau, feti í fótspor þingmanns Suður-Múlasýslu, og taki þau til baka. Eg hefi nú heyrt ástæður með og mót nefndinni í dag, en ekki í gær, af því eg gat þá ekki verið á fundi; en þær ástæður, sem eg hefi heyrt móti nefndinni, hafa ekki getað breytt skoðun minni, að það sè á góðum rökum byggt, að flytja allt það gjald yfir á jarðahundruðin, sem lagt er á jarðaafgjöldin, og eg held, að þær ójöfnur, sem á því yrði, sè ekki jafnvægi á móti kostum þeim, sem af því leiða. Eg vil ekki, að beðið sè eptir bænarskrám til næsta þings um það efni; eg held,

að það valdi einúngis tímatöf og kostnaði, en annað vinnist ekki með því.

Konúngsfulltrúi (Benedikt Sveinsson): Mèr virðist, að það megi ráða af þingræðunum í þessu máli, sem eru orðnar býsna langar, að þingið bæði hafi skýrt málið nægilega fyrir sèr, og að það sè á þeirri stefnu í málinu, sem vera mun rèttust og heppilegust.

Hinn háttvirti *forseti* vakti athygli þingsins á göllum þeim, sem eru á breytíngaratkvæðinu, tölulið 1., og á viðaukaatkvæðunum undir töluliðunum 3. og 4. á atkvæðaskránni, að forminu til, og með því, að fleiri þingmenn hafa talað í sömu átt, og það er með öllu auðsèð, að þessi atkvæði vantar nægan grundvöll í uppástúngu þeirri, sem til þingsins er komin, og geta eigi komizt að, án nýrrar uppástúngu, álít eg óþarfa að fara um þetta atriði fleiri orðum, enda hefir einn hinna virðulegu uppástúngumanna tjáð sig fúsan til, að falla frá atkvæðunum; það flýtur þá og af sjálfu sèr, að eigi þarf heldur að ræða um sjálft innihald þeirra, sem að öðru leyti er mjög athugavert.

Viðvíkjandi niðurlagsatriði meira hluta nefndarinnar, þá verður því alls eigi neitað, að það hefir marga kosti til að bera, og þó að margar mótbárur hafi komið á móti því, þá ætla eg, að þær sè ekki svo verulegar, að þær í sjálfu sèr jafngildi því, sem á yrði unnið með hinu, sem meiri hlutinn fer fram á. Því verður ekki neitað, að jarðahundruðin er eðlilegri mælikvarði fyrir alþíngiskostnaðargreiðslunni en afgjöldin; það verður og með þessu máli auðveldara, að jafna gjaldinu niður á landsbúa, og í þriðja lagi verður gjaldskyldan ljósari fyrir almenníng, og það er aðalkostur við sèrhvert gjald, að menn viti gjörla, *hvað* þeir eiga að greiða, og *hvers vegna* þeir eigi að greiða. Þegar maður samt sem áður gætir að því, að hèr er ekki byggt á neinni bænarskrá um þetta mál, heldur að eins á uppástúngu 1 þíngmanns, sem hefir margar raddir á þínginu á móti sèr, er það efunarmál, hvort þingið eigi gjörir rèttast í því, að þessu sinni, að fresta tillögum sínum um breytíngu á þeim lögum, sem nú gilda, því bæði er það rètt og hyggileg grundvallarregla, að hugsa sig vel um allar lagabreytíngar, og svo verð eg líka að álíta, að umræðurnar um þetta mál núna geti eigi að síður komið að góðum notum síðar meir, og nú þegar vakið athygli landsmanna á því.

Ásgeir Einarsson: Það er nú búið að tala flestallt, sem talað verður. Mèr þótti sá maður, sem nú situr í *konúngsfulltrúa-*

sætinu, tala með skynsemi og stillingu um mál þetta. Eg vildi, að menn væri vel búnir að hugsa sig um, að gjöldin mætti takast af jarðahundruðunum, áður en það er borið upp við konúng; mèr er ætíð illa við að maður breyti nýju lagaboði, sem hefir verið heldur vinsælt, án þess að vera búinn að hugsa sèr eitthvað skárra. Það kunna líka að koma bænarskrár til næsta þings í aðra átt, og eg vildi óska, að menn vildi hugsa sig um þangað til. *Framsögumaður* var að tala um, að menn ætti að gæta sóma þingsins, og fallast ekki á formgalla breytíngaratkvæðisins; en eg ætla nú að leita að, hvort eg ekki geti fundið neinn formgalla á nefndarálitinu. Þar stendur: »þessar jarðir«; en hvaða jarðir? allar, sem hundraðatal hafa í landinu eptir jarðabókinni; er það að gæta sóma þingsins að fallast á þetta? Hvernig sem maður snýr þessu, getur maður aldrei komizt að neinni niðurstöðu.

Framsögumaður: Það fer hetur, að þessi þingmaður er ekki fógeti; eg held hann færi þá í gönur, er hann ætti að sjá um, að dómum væri fullnægt. Það er annars verst, að hann hefir ekki lesið neitt í álitsskjalinu, og það er slæmt, ef hann heldur, að einúngis eigi að senda konúngi niðurlagsatriðið, og svo ekki lifandi lífsins agnar ögn annað. Orðið »*þessi*« er orð, sem menn kalla *pronomen,* sem lýtur að öðru orði, og er haft til að forðast, að taka upp aptur það, sem áður hefir verið sagt.

Það er sjálfsagt, að þingmaðurinn á ekki í málum, en ef hann læsi dóma, þar sem vitnað er til ástæðnanna, þá held eg hann kæmist í bobba; aðrar eins ástæður og þessar, sem hann kom með, eru mikið daufar, og eg veit, að þingmenn eru betur að sèr en svo, að þeir láti þær telja sèr hughvarf. Mèr er ekki neitt sèrlega umhugað um málið, en eg vil síður láta það falla, úr því það einu sinni er komið inn á þingið, og maður verður eptir því, sem á undan er gengið, að álíta það þjóðarvilja. Það er verið að segja, að það muni koma bænarskrár til næsta þings; kann ske þær biði um, að aftaka allt jarðamat. En mèr sýnist, að þingið geti ekki með sóma sínum gjört nú þvert ofan í það, sem það hefir áður gjört.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Þar sem *framsögumaður* sagði, að þetta, sem hèr er farið fram á, væri almennings ósk, þá er það ekki rètt hermt, því það hafa engar bænarskrár komið frá hèruðum um þetta mál, og ekki ein einasta rödd frá landsmönnum hefir heyrzt um breytíng á alþingistolls-gjaldmátanum. Eg held

því, að betra sè að bíða með þetta mál að sinni. Um ósamkvæmni hjá þinginu út af jarðamatinu eða löggildingu þess, verður ekki talað, úr því þingið ekki samþykkti jarðamatið, nema því yrði breytt, því eg þori að fullyrða, að margir, sem þá gáfu atkvæði með því, að jarðamatið yrði löggilt, hefði verið á móti því, ef þeir ekki hefði búizt við, að því yrði breytt áður, eins og þingið 1859 með miklum atkvæðafjölda fór fram á.

Eg átti að skila því frá þingmanni Gullbringusýslu til *framsögumanns*, að hann hèldi hann hefði misminnt um bænarskrána, sem fór því á flot í hitt eð fyrra, að aftaka jarðamatið, en inn leiða aptur afgjaldsmat, sem margt mælir með; hann heldur að hún hafi verið skyld sjálfum honum, eða kann ske dóttir hans. (*Framsögumaður:* Eg átti ekkert í henni, og hún var mèr með öllu óskyld). Mèr þótti *framsögumaður* vera heldur harðleikinn í orðum við þingmann Strandasýslu. Hann gat ekki búizt við, að þingmaður Strandasýslu skildi dóma eins vel, eins og hann, því sá þingmaður hefir víst aldrei setið í dómarasæti og aldrei samið dóma, allrasízt í yfirrèttinum (*Framsögumaður:* Þá átti hann ekki að fordæma nefndarálitið). Jú! nefndarálitið er ekki dómur. En eg verð að segja svo mikið um uppástúngur nefndarinnar, að ef dómar almennt ekki væri skiljanlegri en þær eru, þá væri þeir illa úr garði gjörðir; og eg er viss um, að dómar *framsögumanns* eru mikið skiljanlegri en nefndaruppástúngurnar.

Indriði Gíslason: Eg skal nú vera svo meinlaus, sem eg get, og þá sjálfsagt svo gagnslaus, sem mèr er vant að vera svo lagið; og lýsi eg því þá fyrst yfir, að eg tek aptur breytingar- og varaatkvæði mín, að svo miklu leyti sem eg á hlut í þeim, og er það bæði af því, að eg vil ekki vinna fyrir þau, að gjöra þingsafglöp, og hins vegar, að eg vil ekki spilla fyrir svo nauðsynlegu máli, sem þetta mál er. Þingmaður Snæfellínga var að taka til dæmis 3 hundruð, sem 30 álna kvöð væri af goldin; en er nokkurt þvílíkt dæmi í jarðabókinni? Það vantaði að sýna þetta. Eg vil nú ekki elta þingmann Mýramanna, þar sem hann sagði, að ómögulegt væri, að fá mat á torfu, sem 10 ætti. Það er hægt; þeir vita víst allir, hvað þeir eiga, einkum þar sem torfan er metin í einu lagi, og mundi því hreppstjórum eins hægt að gjöra mat á þeim býlum, eins og að semja jarðaafgjaldsskrárnar. Eg skal nú ekki hugsa til, að snúa huga manna, því eg get það ekki, en hitt vona eg, að menn með tímanum sansi sig á þessu.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn ganga til atkvæða. Vil eg fyrst biðja þá greiða atkvæði um, hvort töluliður 1. og töluliður 3. sè löglega upp bornir.

Var það samþykkt með 11 atkvæðum gegn 5, að þeir væri ólöglega upp bornir.

Þá var gengið til atkvæða um:

Tölul. 2., niðurlagsatr. meira hlutans, og atkvæða leitað með nafnakalli.

»*já*« sögðu:	»*nei*« sögðu:
Benedikt Þórðarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	Árni Einarsson.
Indriði Gíslason.	Ásgeir Einarsson.
Jón Pètursson.	Björn Pètursson.
Pètur Pètursson.	Gísli Brynjúlfsson.
Stefán Eiríksson.	Guðmundur Brandsson.
Stefán Jónsson.	Helgi G. Thordersen.
Sveinn Skúlason.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
	Jón Sigurðsson frá Haugum.
	Magnús Andrèsson.
	Páll Melsteð.
	Páll Sigurðsson.

(Hinn konúngkjörni varaþingmaður greiddi ekki atkvæði, en hinn 5. konúngkjörni og þingmaður Húnvetninga voru fjærverandi).

Var uppástúngan þannig felld með 12 atkv. gegn 8.

Eptir þessari atkvæðagreiðslu var:

Tölul. 4. og
— 5. fallnir.

Forseti gat mála til næsta fundar, og ákvað fund á mánudaginn, 5. ágúst, kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Þrítugasti og fjórði fundur — 5. ágúst.

Allir á fundi nema hinn konúngkjörni varaþingmaður, er hafði tilkynnt *forseta,* að hann ekki gæti komið fyrra part fundarins. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg leyfa

mèr að lesa upp *svar stiptamtmannsins* upp á *áskorun og uppástúngur þingsins í fjárkláðamálinu;* svar þetta er dagsett í dag, er komið til mín í dag, og hljóðar þannig:

»Hið heiðraða alþingi hefir í brèfi frá 27. f. m. út af bænarskrá, er til þingsins var komin um stjórn og meðferð á fjárkláðamálinu í Suðuramtinu, skorað á stiptamtið, að fylgja fram eptirfylgjandi uppástúngum:

1. Að nákvæmar og áreiðanlegar skoðanir fram fari hið allrabráðasta á öllu sauðfè í Suðuramtinu, sem nokkrar líkur eru til, að veikt sè (samþykkt með 15 atkvæðum móti 2).
2. Að allt það fè, sem veikt kynni að finnast, sè tafarlaust tekið undir lækníngar undir opinberri umsjón um 6 vikna tíma, nema því að eins að eigandi þess skeri það niður í stað (með 17 atkvæðum).
3. Að hver sú kind, sem ekki er allæknuð að þeim tíma liðnum, sè tafarlaust skorin (með 17 atkvæðum).
4. Að allt fè í Suðuramtinu, sem nokkrar líkur eru til, að veikt sè, sè vandlega skoðað í haust í fyrstu rèttum, og að eigendur þess fjár, er þá kynni að reynast veikt, sè gjörðir 2 kostir, annaðhvort að selja fè sitt undir opinbera lækníngaumsjón, eða skera það þegar í stað. Með þá kind, sem eigi er læknuð eptir 6 vikna tíma, sè farið samkvæmt 3. atriði (samþykkt með 19 atkvæðum).
5. Að í vetur komanda fram fari að minnsta kosti 3 skoðanir með jöfnu millibili, og sè þá eins að farið, ef veikt fè finnst, eins og fyrir er mælt í 3. og 4. atriði (með 17 atkvæðum).
6. Að stiptamtið með ráði þingmanna, er bezt þekkja til, skipi vissa menn, er hafi á hendi alla umsjón og framkvæmd á því, sem nú er sagt, með nægu valdi og fullri ábyrgð (með 15 atkvæðum).
7. Að mönnum þessum verði sæmilega launuð vinna sín, og að laun þeirra og annar kostnaður, er að þessu lýtur, borgist af eigendum hins sýkta fjár að rèttri tiltölu, að því leyti sem stjórnin ekki leggur fè til þess (með 17 atkvæðum).
8. Með allt það fè, sem kemur inn í þetta amt frá hinum ömtunum í haust, og kláði kynni að finnast í, sè farið á sama hátt og segir í 4. atriði (með 15 atkvæðum).
9. Að stiptamtið auglýsi sem fyrst uppástúngur þessar á prenti,

og að hve miklu leyti það sjái sèr fært, að taka þær til greina, og hlutist svo til, að þær verði almenningi kunnar, og gefi þinginu jafnframt til vitundar, gegnum *forseta* þess, undirtektir sínar undir þetta mál (samþykkt með 17 atkv. gegn 1).

Þessari áskorun skal eg hèr með leyfa mèr að svara, sem fylgir:

Að 1. Það ræður að líkindum, að stiptamtinu sè ómögulegt að fá því framkvæmt, sem hèr er stúngið upp á, meðan sláttur stendur yfir, og eg sè heldur ekki nauðsyn til þess, þar sem það ekki er vitanlegt, að kláðinn sè hèr nú á fè nokkurstaðar í Suðuramtinu, því sá litli vottur, sem vart varð við á Suðurnesjum í vor, er nú algjörlega horfinn eptir skýrslu þess skoðunarmanns, sem amtið sendi þangað seint í næstliðnum mánuði.

Að 2. Það er sjálfsagt, að ef vart skyldi verða nokkurstaðar við kláða í Suðuramtinu, muni tafarlaust verða gjörðar þær nauðsynlegu ráðstafanir, bæði til þess að fyrirbyggja, að hann breiðist út, og líka til að lækna hann, samkvæmt því, sem átt hefir sèr stað að undanförnu.

Að 3. Að fè, sem veikt kynni að finnast, og því yrði tekið undir lækníngu, skuli, ef það ekki er fulllæknað á 6 vikum, skorið niður, hlýtur að að vera komið undir kríngumstæðum þeim, sem fyrir hendi eru, og sèr í lagi undir því, hvort fèð er í tilbærilegri hirðíngu og vöktun.

Að 4. og 5. Þar eð skoðun fjárins bæði í rèttunum í haust og að vetri komanda virðist nauðsynleg, og í eðli sínu, mun amtið gjöra þær ráðstafanir, sem þar að lúta, og vonar amtið þess áhuga á málinu hjá öllum almenníngi, sem hlut á að máli, að þessu geti orðið tilbærilega framkvæmt.

Að 6. Það, sem í þessari grein er borið upp, getur amtið ekki gengizt undir, því það skortir heimild til þess, upp á sitt eindæmi, að skipa menn með fullu valdi og ábyrgð til þess starfa, sem hèr ræðir um, og þegar í næstu grein, hinni 7., einnig er á skilið, að amtið skuli ákveða þessum mönnum hæfileg laun hjá eigendum fjárins, að því leyti stjórnin ekki leggi fè til í þessu skyni, er það auðsætt, að amtið hlýtur að bera það mál undir stjórnina, og bíða eptir hennar úrskurði í því efni.

Að 8. Að því leyti þingið hefir gengið út frá því sem vissu, að engi kláði væri á fè í Norður- eða Vesturamtinu, virðist ekki betur, en að þessi uppástúnga sè óþörf, því það leiðir af sjálfu sèr,

að ef kláði skyldi koma fram á fè úr þessum ömtum, muni með það fè verða farið samkvæmt þeim hèr gildandi reglum í því efni.

Að endíngu skal eg leyfa mèr að taka það fram, að máli þessu mun frá amtsins hálfu eptirleiðis, eins og híngað til, verða gefinn allur sá gaumur, sem kríngumstæðurnar ýtrast leyfa, og þar sem hlutaðeigendur virðast hafa fengið meiri áhuga á málinu, en þeir sumir hverir, ef til vill, hafa haft híngað til, er því meiri vissa fyrir því, að þetta mál leiðist til æskilegra og algjörðra lykta, ef þær ekki geta álitizt þegar komnar.

Að lyktum skal eg geta þess, að þar sem alþíngistíðindin bera með sèr, hversu hið heiðraða þíng hefir tekið í þetta mál, og hvers það hefir óskað, því til framkvæmdar, og hvern áhuga það hefir að öðru leyti á þessu landsins velferðarmáli, sè eg ekki brýna nauðsyn til, að birta þetta brèf almenníngi, en eigi að síður skal eg þó, svo fljótt sem kríngumstæðurnar leyfa, birta það í einhverju blaði, sem hèr kemur út, fyrir almenníngi.

Íslands stiptamtshúsi, 5. ágúst 1861.

P. Jónasson.

settur.

Til

forseta á alþíngi 1861.

Forseti: Eg skal samkvæmt brèfi því, er eg hefi fengið frá nefndinni í fjárkláðamálinu, láta afhenda brèf þetta skrifara nefndarinnar vegna þess, að formaður hennar er ekki viðstaddur.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til *ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu kollektumálið; framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Rangæínga. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, er eg vona, að þíngmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: um kollektusjóðinn.

1. Breytingaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum við niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 2):

   Að á eptir orðin »nefnd sú«, verði sett: *„sem ráðgjört er að“.*

2. *Nefndin,* niðurlagsuppástúnga:

   Að konúngur skipi svo fyrir, að nefnd sú, er sett verði í Kaupmannahöfn, til þess að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur, skuli einnig rannsaka reikníngа kollektusjóðsins frá því um árslok 1797, og með fullu tilliti

til konúngsúrskurðanna 18. október 1786, 28. maí 1800 og 9. marz 1804.

3. Viðaukaatkvæði *Sveins Skúlasonar:*
   Og að álit tèðrar nefndar um þetta atriði, eins og hin önnur atriði fjárhagsmálsins, verði síðan lagt fyrir þing hèr á landi, áður en því er ráðið til lykta.
4. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum:
   Að hún gefi greinilega skýrslu um þessa reikninga; og að sú skýrsla verði lögð síðan fyrir þing hèr á landi.
5. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögmaður (Páll Sigurðsson): Eg skal því síður vera langorður nú, sem mál þetta var furðanlega lengi rætt við undirbúningsumræðuna, og vil eg að eins minnast lítið á breytingar- og viðaukaatkvæðin. Á móti breytingaratkvæðinu undir 1. tölulið hefir nefndin ekkert, því þó það sýnist augljóst af auglýsingu konúngs, að nefnd þessi verði sett, þá er það þó má ske ekki nema ráðagjörð enn. Viðaukaatkvæðinu undir 3. tölulið er nefndin að öllu leyti samþykk í aðalatriðunum, að þetta mál, eins og hin önnur atriði fjárhagsmálsins, verði lögð síðan fyrir þingið; en það kann að vera, að í því liggi nokkuð annað og nýtt, nl. öll atriði fjárhagsmálsins, sem hèr liggja ekki fyrir í þessu máli, og lízt mèr því má ske fullt eins vel á viðaukaatkvæðið undir 4. tölulið, því þó nefndin áliti það sjálfsagt, að nefndin, sem falið væri að rannsaka reikningana, yrði að gefa skýrslu um þá niðurstöðu, sem hún kæmist að, og að það mundi ekki verða farið í neina launkofa með þessa skýrslu, þá er samt nefndin ekki á móti því, að þetta sè tekið skýrt fram, eins og gjört er í viðaukaatkvæðinu undir 4. tölulið. Eg vona, að það verði ekki langar umræður um þetta mál.

Pètur Pètursson: Eg verð þó að halda, að það sè til lítils gagns fyrir þingið að fara í þá stefnu, sem nefndin hefir ráðið því til, því maður getur ímyndað sèr, að þessi nefnd, þar sem mál þetta er útkljáð með konúngsúrskurði, muni hika sèr við, að hreifa við honum; en ef nefndin þannig skorast undan að taka málið fyrir, þá stendur landið ver að málinu eptir en áður, því þá hefir það einnig fengið þessa nefnd á móti sèr. Við breytingar- og viðaukaatkvæðin hefir málið fengið vissa stefnu, sem það ekki hafði áður, því það var einhver hula yfir nefndarálitinu; en eg læt það ósagt, að málið hafi unnið við það. *Framsögumaður* tók rèttilega

fram, að viðaukaatkvæðið undir 3. tölulið væri varúðarvert, vegna þess að það blandaði óviðkomandi máli saman við þetta mál, og hefði eg því heldur fallizt á viðaukaatkvæðið undir 4. tölulið, ef eg væri ekki alveg á móti uppástúngu nefndarinnar. Fyrst vitum vèr ekki, hvort þessi nefnd verður sett, og því síður vitum vèr, hvort hún muni þora að hreifa við þeim konúngsúrskurði, sem mál þetta er útkljáð með; en ef hún þorir það ekki, erum vèr ver farnir en áður; því þá er málið dottið niður um aldur og æfi; þess vegna vil eg, þó að eg búist við, að atkvæði mitt verði léttvægt, ráða því frá þessari stefnu í þetta skipti.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki verið á sama máli og hinn 3. konúngkjörni þíngmaður, að nefndin, sem sett yrði í fjárhagsmálinu, muni ekki taka að sèr málið um kollektusjóðinn, því að þíngið biður, ef uppástúnga nefndarinnar hèrna verður samþykkt, konúng vorn, að skipa svo fyrir, að nefnd sú, o. s. frv., skuli einnig rannsaka reikníng kollektusjóðsins; ef nú konúngur skipar henni að gjöra það, þykir mèr ólíklegt, að hún skorist undan því, og það eru líka teknir fram þeir konúngsúrskurðir, sem á að leggja til grundvallar, þegar mál þetta er rannsakað; að gjöra ráð fyrir slíku, er líkt og ef alþíngi visaði frá sèr frumvörpum eða álitsmálum stjórnarinnar, og vildi ekkert við þau fást. Að þessi nefnd verði, ef til vill, ekki sett, gjörir ekkert til; það er einúngis beðið um þetta, ef hún verður sett, en verði það ekki, bíður málið; en hvenær sem nefnd þessi kemur saman, liggur það opið fyrir. Meira ætla eg mèr ekki að tala í þessu máli; eg vildi einúngis reyna að leiðrètta misskilníng hins 3. konúngkjörua þíngmanns.

Forseti: Eg skyldi ekki hafa tekið til máls, til þess að tala um málefnið sjálft, ef eg áliti það ekki meðfram nauðsyn, út af ræðum ýmsra þíngmanna, og þar til skyldu mína frá þessum stað, einkum út af ræðum hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* er hann sagði í undirbúníngsumræðu málsins á þá leið, að það sè óviðurkvæmilegt eða ósómi fyrir þíngið, að fara máli þessu fram í þá stefnu, sem nefndin hefir bent á; því þegar sagt er hèr í salnum eða sveigt berlega að því, að þíngið stefni að því, að gjöra sèr ósóma, þá er engum skyldara að taka til máls, en *forseta* þíngsins, og því finn eg mèr skylt að fara nokkrum orðum um málið frá þessum stað, þó að ýmsir þíngmenn þegar hafi ljóslega sýnt, að þessi aðsveigíng sè ekki á rökum byggð. Það vildi nú að vísu svo óheppilega til, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* las upp önnur orð úr hinni konúng-

legu auglýsingu, eða kann ske úr einhverri annari auglýsingu, en þau, sem eru um kollektumálið í þ. á. auglýsingu til alþingis; en þó það hefði staðið þar, sem hann las upp, þá getur það ekki átt við þetta mál, eins og nefndin hefir nú stefnt því; því þó að stjórnin svo »hefði fundið enga ástæðu til«, að failast á það, sem þingið fór fram á 1859, þá er það engi ástæða fyrir því, að það sè ósómi, sem þingið nú fer fram á. Þá bað þingið um, að endurreisa kollektusjóðinn, og leggja til grundvallar reikningana, sem stjórnin sjálf lèt auglýsa hinu forna alþingi árið 1797; hèr er farið fram á allt annað; hèr er að eins beðið um, að það sè falið fjárhagsmálsnefndinni, sem kunni að verða sett, að rannsaka reikninga þessa sjóðs með tilliti til hinna eldri úrskurða frá 1786, 1800 og 1804, sem til eru teknir; hèr er ekki beðið um, að reisa sjóðinn við aptur, og ekki um, að leggja til grundvallar reikninga sjóðsins frá 1797, en einúngis beðið um, að nefnd sè falið, að rannsaka þetta mál með *tilliti til eldri úrskurða,* en ekki krafizt, að byggja á þeim sem ófrávíkjanlegum grundvelli. Svo framarlega sem alþingi hefir bænarrètt í nokkra stefnu og í nokkru máli, þá virðist mèr sú stefna, sem nú er tekin hin kurteysasta, sem orðið getur. Einmitt af þessari ástæðu ætla eg ekki að fara lengra inn í það, hvort reikningarnir sè rèttir eða ekki; það er eins fjarri mèr, og hinum háttvirta *konúngsfulltrúa,* að efa þeir sè »*rèttir*« að því leyti, að þar sè ekki skakt lagt saman, nè rangt dregið frá; en þá held eg líka að allt sè komið, sem rètt er í þeim, því hitt er svona hèr um bil allt saman auðsjáanlega rangt, þegar hinar einstöku útgjalda greinir eru bornar saman við heimildina fyrir þeim í konúngsúrskurðunum 28. maí 1800 og 9. marz 1804. Menn vita, að eptir reikningum *„finantscollegiisins“* voru 13,000 rd. meira borgað út úr sjóðnum, en eptir reikningum *rentukammersins;* og þó að nú að konúngur staðfesti þá upphæðina sem rètta, er fremur var í hag fyrir Ísland, eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, og virtist að gjöra svo mikið úr, þá vil eg mega spyrja, hvort þetta sè nokkur sönnun fyrir því, að reikningar *rentukammersins* hafi verið *rèttir,* að reikningar »*finantscollegiisins*« reyndust fjarstæðari og heimildar minni en þeir. *Konúngsfulltrúi* hèr á þingi 1845 sýndi, að eptir báðum reikningunum hefði verið brotið á móti konúngsúrskurðum frá 1800 og 1804, sem voru sú eina gildandi ákvörðun, er stjórnarráðin höfðu til heimildar fyrir hverju og hvað miklu mætti verja úr kollektusjóðnum til *annarlegra* útgjalda, er honum

voru alveg óviðkomandi eptir stofnunarbréfum hans, að eptir reikningum *rentukammersins* hefði verið *minna* brotið á móti þeim. Það hefir líka opt verið sýnt, að konúngsúrskurðir hafa verið aptur kallaðir, og er það heldur ekki nein óhæfa, því þeir hafa ekki meiri helgi en gildandi lög, og vita allir, að þeim er opt breytt með öðrum lögum. Það eru til 3 eldri konúngsúrskurðir fyrir sjóði þessum frá 18. okt. 1786, 28. maí 1800 og 9. marz 1804, og þegar nú hefir verið sýnt fram á, að bæði »*finantscollegiið*« og *rentukammerið* hafa farið lengra í brúkun fjárins, en leyft er í þessum úrskurðum, þá er líka sýnt fram á það, að úrskurðurinn frá 1844 staðfestir þá heimildarlausu brúkun fjárins, sem eldri stjórnarráð leyfðu sèr. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu svaraði bæði stutt og vel hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, og gekk það hreint yfir mig, að hann skyldi koma með aðra eins ástæðu á móti málinu, svo eg þarf ekki frekar um það að tala.

Sveinn Skúlason: Eg tók mèr þetta breytíngaratkvæði, til þess að skýra málið, af því eg vildi, að það væri skýrt tekið fram, að þíngið álíti ekki úrslit nefnarinnar bindandi fyrir sig; en eg get ekki sèð, að það sè ný uppastúnga, eins og *framsögumaður* sagði, því þó að bent sè í almennum orðum til fjárhagsmálsins, þá er ekki gengið inn á það fyrir það, heldur er bent til þess, að þetta mál komi ekki í bága við sjálft fjárhagsmálið, og miðar það þá til þess að skýra málið; en ef þínginu ekki sýnist, að það skýri málið, stendur mèr á sama, hvort það fellur eða stendur.

Arnljótur Ólafsson: Það er eitt atriði í ræðu hins 3 konúngkjörna þíngmanns, sem eg verð að svara; Eg skildi hann svo, sem hann áliti, að málið væri komið í óvænt efni, ef það væri falið þessari nefnð, sem á að setja í Kaupmannahöfn. Eg held helzt, að honum hafi orðið mismæli, og hann hafi ætlað að segja *vænlegt efni*, því honum mun vera kunnugt, að það er gjört ráð fyrir því, að í þessari nefnd siti 2 Íslendíngar, sem báðir eru vel að sèr í þessu máli, og má jafnvel kalla annan þeirra föður þessa máls; og ef þeir fjalla um þetta mál í nefndinni, munu þeir verða hinir kunnugustu því, og hinir harðfylgnustu. Eg er ekki frá því, að það væri nokkuð endasleppt, ef málið væri að eins fengið nefndinni, og svo væri búið; en úr því má bæta, ef fylgt er viðaukaatkvæðunum undir 3. og 4. tölulið, hvort sem þíngið heldur kýs, því með því er girt fyrir það, að nefndin geti gjört úrskurð í þessu máli, eða ráðið því fullkomlega til lykta. Eg veit, að hinn 3. kon-

úngkjörni þingmaður ber það traust til þessara nefndarmanna, að hann mun vart geta stillt sig um, að gefa uppástúngum þessum atkvæði sitt, einkum þar eð farinn er sá hæverskasti vegur, sem nokkurn tíma hefir verið farinn, og getur orðið farinn.

Jón Hjaltalín: Eg saknaði eins í uppástúngu nefndarinnar, þess, að beðið væri um, að mál þetta yrði lagt fyrir ríkisdaginn, því eg efast um, að vèr verðum spurðir til ráða í því, og sýnist mèr málið fara í líka stefnu og áður, ef beðið er um, að það verði lagt fyrir þingíð. Eg er líka hræddur um, eptir því sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir talað í þessu máli, að hann muni ekki verða því ósköp meðmæltur. Eg held líka, að sá Íslendíngur, sem í nefndinni verður, muni ekki víla fyrir sèr að biðja um þessa reikníngа, ef hann sèr það fært, svo það stendur líklega á litlu, þó vèr biðjum ekki um þetta. Mèr lízt ekki á breytíngaratkvæðin, einkum þar eð sleppt er að biðja um, að mál þetta verði lagt fyrir ríkisdaginn; eg er hræddur um, að þetta mál verði seint á enda, ef það ekki verður fyr, en þíngið og stjórnin eru orðin á sama máli í því, og því sýnist mèr nú málið vera komið í sama horfið og áður.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að tala fáein orð út af því, sem hinn háttvirti *forseti* nú mælti; hann hafði það eptir mèr, að eg hefði kallað það óhæversku frá þingsins hálfu, að fara þessu máli á flot við stjórnina; eg kannast við, að eg fór þeim eða líkum orðum; en eg vona, að eg jafnframt hafi rèttlætt þau ummæli.

Hinn háttvirti *forseti* sagði líka, að nú væri málið borið upp í mildara og öðru formi, en áður hefði verið; þetta er þó reyndar ekki nema í formlegu tilliti; en meiníngin er þó hin sama, sú nefnilega, að fá reiknínga kollektusjóðsins gjörða upp frá rótum, eins og konúngsúrskurðurinn frá 1844 væri ekki til, og um hið sama hefir verið beðið að undanförnu; hann tók það líka fram, að þegar »*finantscollegiið*« og »*rentukammerið*« hefði gjört upp reiknínga kollektusjóðsins, þá hefði reiknínгarnir hjá báðum, eins og hann kvað að orði, verið vitlausir, en þó skárri hjá »*rentukammerinu*«; en hvað liggur næst að álykta hèr af viðvíkjandi konúngsúrskurðinum, sem samþykkti reiknínгana þannig ásigkomna? Hinn heiðraði *forseti* hefir vissulegu ekki ætlað, að leggja þessa tvíræðu meiníngu í orð sín; en hún liggur þó mjög nærri. Viðvíkjandi þeirri opt nefndu fjárhagsaðskilnaðarnefnd, sem á að biðja konúng vorn um, að hann láti rannsaka að nýju kollektusjóðs-reiknínгana,

er mèr óskiljanlegt, hvernig þingið geti farið því fram, því hlutaðeigandi stjórnarherra mun setja þessa nefnd, en ekki konúngur, og ætlunarverk nefndarinnar getur varla orðið annað, en að undirbúa málið, eptir þeim undirstöðuatriðum, sem henni yrði fengin; og nefnd þessi mun vissulega ekki leyfa sèr, eða þykjast bær um að ónýta reikníngsmál, sem konúngur er búinn áður að samþykkja, og það er því óhugsandi, að hún fái vald til að rannsaka og breyta skýrum og beinum konúngsúrskurði, sem hèr liggur fyrir; og það er þó þetta, sem þingið vill biðja um, en frá því ræð eg þinginu innilega.

Framsögumaður: Eg get ekki í öllu verið samþykkur hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa*, ef eg skoða þetta mál sem einstakt mál, og fjárhagsaðskilnaðarmálið yfir höfuð; því mèr sýnist þingið þá nota hið rètta tækifæri, ef það biður um það, sem nefndin hefir stúngið upp á. Ef ætti að eins að hafa tillit til þess, sem stjórnin nú leggur til, til þess að kosta stjórnina hèr á landi, þá þyrfti enga nefnd að setja, til þess að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn, og vona eg því, að konúngur taki frjálslegar í þetta mál, en hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók fram. Eg vona líka, að fjárhagssamband Íslands og Danmerkur verði skoðað frá rótum, og það því fremur, sem eg hefi heyrt, að sumir Danir hafi á ríkisdeginum lagt með því, að Íslendíngar fengi sín eigin fjárforráð, og að þeir hafi sagt, að þar eð Íslendíngar áður hefði beðið skaða af fjársambandinu við Danmörku, væri sanngjarnt, að þeim sè lagt fè til þess, að kosta landstjórnina hèr fyrst um sinn, þangað til þeir sè búnir að rètta við aptur. Og þegar stjórnin, samkvæmt þessu, setur nefnd í fjárhagsmálið, þá viðurkennir hún, að tími sè kominn til þess, að taka fjárhagsmálið fyrir, og líta á það sama, og sjá, hvort Íslendíngar hafi orðið fyrir halla. Þegar það er skoðað, sem dregið hefir niður krapt Íslands, þá á það vel við, að sú sama nefnd, sem tekur það mál fyrir, taki einnig þetta. Eg verð einnig að svara hinum 5. konúngkjörna þingmanni, er áleit, að mál þetta heyrði undir ríkisdaginn, því, að ef það er nokkurt mál, sem við kemur báðum þingum, bæði alþingi og ríkisdeginum, þá er það fjárhagsmálið; og allt, er snertir fjárviðskipti og alla reikninga í fjárstjórn Dana stjórnar á þessu landi; og vona eg því, að Dana stjórn sè svo rèttlát, að hún leyfi oss að segja álit vort um það, þó því að líkindum verði ráðið til lykta á ríkisþinginu. Mál þetta stendur í fullu sambandi við mál það, sem nefndinni verður falið á hendur, og er það sá

mildasti vegur, sem farinn verður í þessu máli, að biðja um, að það verði tekið fyrir í henni, eða lagt undir hennar rannsókn.

Konúngsfulltrúi: Það er óhugsandi, að nefndin muni taka, eins og *framsögumaður* sagði, langt fram fyrir sig, þegar hún færi að taka málið um fjárhagsaðskilnað Danmerkur og Íslands fyrir; eða hvar ætti hún þá að byrja? ef nefndin ætti að fara yfir öll reikníngsviðskipti Danmerkur og Íslands, yrði það ókljúfandi verkefni fyrir hana, og það getur heldur ekki verið meiníngin, heldur tekur nefndin, ef hún verður sett, fjárhagsmálið fyrir, eins og það nú liggur fyrir, og tekur því að eins tillit til þess undangengna, að það standi í nauðsynlegu sambandi við hið nærveranda. Hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að mörgum konúngsúrskurði hefði seinna verið breytt, eða hann verið felldur úr gildi, og ályktaði þar af, að eins mætti fara með konúngsúrskurð frá 1844, um reikníngа kollektusjóðsins; þessi ályktun er ekki rètt, af því að hèr ræðir um úrskurð, sem eptir eðli sínu ekki getur orðið breytt, því hèr er ekkert nýtt atriði, sem ekki væri kunnugt, þegar konúngsúrskurðurinn fèll, komið fram í málinu, og yfir höfuð er það í hlutarins eðli, að reikníngar, sem búið er einu sinni að leiða til endilegra lykta, og hèr er það með konúngsúrskurði, hljóta að standa óhaggaðir, nema ný atriði, sem sýni að undirstaða sú, sem reikníngurinn er byggður á, hafi verið röng, komi fram; en hèr er ekki því máli að gegna.

Jón Pètursson: Eg tók fram við undirbúníngsumræðuna þá skoðun mína, að kollektusjóðurinn, eins og hver annar sjóður, sem stofnaður væri í sèrstöku augnamiði, við kæmi ekki hinni almennu stjórn landsins. Það er reyndar satt, að landið à þennan sjóð; en það á líka marga aðra sjóði, svo sem spítalasjóðinn; og ef sá sjóður hefði staðið undir stjórninni í Danmörku, þá þyrfti hún ekki að taka hann til greina, þegar talað væri um, hvað mikið fè hún þyrfti að leggja Íslandi, til þess að kosta stjórnina hèr. Ef því stjórnin fengi nefndinni þetta mál til meðferðar, gæfi hún henni nýjan starfa, sem lægi fyrir utan hennar eiginlega verkahríng. Eg hefi nú að vísu aðra skoðun á fjárhagsaðskilnaðinum, en mèr heyrist sumir þíngmenn hafa. Eg ímynda mèr ekki, að nefndin eigi að *gegnum* ganga öll viðskipti Danmerkur og Íslands að fornu og nýju, því eg get ómögulega ímyndað mèr, að nefndin geti komizt fram úr því, þar sem það er alveg ómögulegt að reikna sumt til penínga, svo sem, hvað mikið Danir hafi grætt af hinni bundnu

verzlun, er hèr var áður, eða hvað Íslendíngar hefði átt að leggja til konúngsborðs. Ef nefndin færi þennan veg, er eg hræddur um, að það yrði lítil bót fyrir kollektusjóðinn, því eg fæ ekki sèð, að nefndin gæti nokkurn tíma lokið við sitt ætlunarverk, og þá yrði reikníngar kollektusjóðsins fljótt útkljáðir!! Eg held, að aðskilnaðurinn verði annars allt öðruvísi, eins og eg optar hèr á þínginu áður hefi tekið fram, og vil eg því ekki taka það hèr upp aptur, en eptir þeirri skoðun er það víst, að mál þetta heyrir ekki undir nefndina. Ef eg ímyndaði mèr aðskilnaðinn, eins og sumir þíngmenn hafa hugsað sèr hann, þá yrði álit nefndarinnar seinna bæði að berast upp undir alþíngi og líka ríkisdagínn, og hver á þá að leggja úrskurð á málið þar á eptir? Eg get ekki sèð það, hver úrskurðinn ætti að gjöra þá. En ef þíngið vildi fara fram á það, að konúngur vildi leyfa, að reikníngar kollektusjóðsins mætti rannsakast á ný, þrátt fyrir konúngsúrskurð þann, er ráðið hefir því máli til lykta, þá virðist mèr að þíngið ætti að beiðast þess, að hin íslenzka stjórnardeild mætti fá allrahæstu skipun um, að taka reikníngana þessa fyrir á ný og rannsaka þá, og fá svo í gegnum dómsmálaráðgjafann nýjan konúngsúrskurð; en þetta liggur hèr ekki fyrir. Ef menn fallast á þetta, sem þíngnefndin nú hefir stúngið upp á, virðist mèr menn skemma mjög fyrir málinu.

Björn Pètursson: Eg álít nú óþarfa, að vera að tala lengur um þetta mál; það ætti að vera orðið öllum svo ljóst frá undanfarandi þíngum, að þess þyrfti ekki, og það er nú að nýju svo skýrt fram tekið af nefndinni og þeim þíngmönnum, sem hafa stutt það. Eg vona, að allir fallizt á það, nema ef það skyldi vera þeir einir, ef nokkrir væri, sem efast um, að hin danska stjórn og hin danska þjóð vili breyta *rèttvíslega* og *ráðvandlega* við okkur, þó við sèum minni máttar. *Konúngsfulltrúi* hèlt, að stjórnin mundi ekki taka til greina bænir alþíngis um þetta; það er þá ekki spónnýtt, þó hún neiti bænum vorum, og mèr þætti líklegt, að þíngið væri orðið svo vant við þetta, að það fengi ekki fyrir hjartað, þó svo færi; og vèr eigum alls eigi að fella niður nauðsynlegar og rèttlátar bænir vorar fyrir það. Mèr líkar vel við breytíngar- og viðaukaatkvæðin. Það kann reyndar að vera lítilfjörlegur formgalli á viðaukaatkvæðinu undir tölul. 3., og það er víst nokkuð svipaður galli á því og viðaukaatkvæðinu nr. 3, sem sáluðist hèr í fyrra kveld; eg vildi heyra álit hins háttvirta *forseta* um það, því, ef ekki er

formgalli á því, mun eg heldur gefa því atkvæði mitt, en viðaukaatkvæðinu undir tölul. 4.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ætla ekki að mæla margt með breytíngaratkvæðum minum; mèr hefir heyrzt flestir vera meðmæltir breytíngaratkvæðinu nndir 1. tölul. Það hefir orðið ágreiníngur um 3. og 4. viðaukaatkvæðið, hvort betra væri; en eg held, að það sè svo sem auðsèð, að viðaukaatkvæðið undir tölul. 4, er miklu yfirgripsmeira og ákveðnara en hitt, sem er töluvert óákveðið. Þar er t. a. m. farið fram á, að álit nefndarinnar í fjárhagsmálinu sè lagt fyrir þíngið; en hvað hefir þíngið að gjöra með það álit, ef ekki fæst meira; svo er í sjálfri nefndaruppástúngunni alls eigi gjört ráð fyrir því, að nefndin semi neitt *álit* um málið, heldur einasta, að hún rannsaki kollektusjóðs-reikníngana. Það er líka auðsèð, að þessi orð viðaukaatkvæðisins: »önnur atriði fjárhagsmálsins« eiga ekki við, meðan menn vita ei neitt um, hvort þessi *önnur atriði fjárhagsmálsins* verði lögð fyrir þíngið eður ekki, og eg vil segja, að það getur orðið kollektumálinu til fyrirstöðu, að setja það svona í samband við hin fjárhagsmálin, því það getur verið, að þetta verði skilið svo, að ef fjárhagsskilnaðarmálið verður ekki lagt fyrir þíngið, þá sè ei heldur beðið um, að kollektumálið sè lagt fyrir það.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að ef kríngumstæður breyttist, kynni konúngsúrskurði að verða breytt, en annars ekki; en eg vil nú segja, að hèr hafa kríngumstæður breytzt töluvert, síðan konúngsúrskurðurinn í þessu máli var felldur 1844; þá var ekkert farið að tala eður hugsa um, að aðskilja fjárhag Íslands og Danmerkur; stjórnin hafði allan fjárhaginn sameiginlega í hendi sèr, og það var venja, að, ef einhver nauðsyn krafði, eða bágindi, eða bjargarskortur kom hèr upp á, þá hljóp stjórnin undir bagga, og sendi híngað hjálp af sameiginlegu fè, svo þá virtist á líku að standa, hvort sjóður okkar hjá Dönum var látinn heita meiri eða minni. Nú er öðru máli að gegna; nú á að fara að skilja fjárhaginn, og hver vill og þarf að fara að eiga sitt, og hver að vita, hvað hann á; og síðan verzlunin varð frjáls, hefir stjórnin skorast undan því, að senda okkur hjálp, þó á lægi, og því þyrfti nú styrktarsjóður Íslands að halda sínum fulla rètti og tölu; annars get eg ekki skilið, að konúngi sè svo fast í hendi með þennan úrskurð af 1844, að hann ekki geti leiðst til þess, fyrir bænastað okkar, að lofa ástæðum hans að koma fyrir manna sjónir; sè reikníngarnir svo úr garði gjörðir, að allri meðferð, að

úrskurðurinn sè á góðum og gildum rökum byggður, þá er engu spillt að leiða það í ljós. En skyldi þá koma upp úr kafinu við rannsókn nefndarinnar, að meðferð stjórnarráðanna á fè þessu, á því umtalaða tímabili frá 1797 til 1844, hefði ekki verið sem bezt, samsvarandi tilgangi stofnunarinnar, og reikníngar og ástæður fyrir úrskurðinum af 1844 þannig óréttvísar, þar engi frá Íslands hálfu átti kost á að líta til, eður segja álit sitt um þær skýrslur, og konúngsúrskurðurinn þess vegna ekki heldur réttlátur, og alþíngi fengi síðan kost á að yfirvega þetta álit og ransókn nefndarinnar, og að biðja konúnginn að líta náðarsamlega á málsástæður þessar, þá get eg ekki ímyndað mèr annað, eptir því sem konúngur vor er mildur og réttvís, og hefir sèr í lagi sýnt sig okkur Íslendíngum svo velviljaðan, en að hann líti fúslega á réttindi vor, og láti til leiðast að setja til síðu þann miður hentuga úrskurð af 1844. Eg er ekki sömu meiníngar og hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður, að sá hæstvirtí *konúngsfulltrúi* leggi misjafnt til þessa máls, þá hann skrifar um það til stjórnarinnar, því þó hann í þeirri stöðu, sem hann nú stendur hèr, fram fylgi nú verandi áliti stjórnarinnar, og tali hennar máli, þá ræð eg af og treysti honum því betur, að hann allt eins dyggilega tali okkar máli, þegar hann á orðaskipti við stjórnina, því bæði hefur hann sýnt sig sannan réttindavin, er Íslands sonur, og mun hafa íslenzka sannfæríngu fyrir málinu. Eg hika þess vegna ekki við, að fram fara enn þessari bæn, og gefa mitt atkvæði fyrir nefndarinnar uppástúngu.

Framsögumaður: Eg vil bæta fáeinum orðum við það, sem hinn heiðraði fulltrúi Mýramanna sagði; þar sem *konúngsfulltrúi* sagði, að það hefði ekki verið ástæða fyrir stjórnina, að breyta konúngsúrskurðinum frá 1797, af því tíðin hefði ekki breytzt síðan, þá vil eg segja, að hun hefir mikið breytzt. Stjórnin hafði fundið skyldu sína að birta lögin á alþíngi hinu forna, sem lengi áður hafði hönd í með lagaákvörðunum eða mörgum samþykktum, sem landi þessu voru þarflegar, þar sem konúngurinn með stjórnarráði sínu var í öðru landi, og hlaut því skorta þá þekkíngu, hvað hèr átti bezt við, sem þó er hverri stjórn ómissandi að hafa, ef hún á að geta sett sanngjörn og þjóðholl lög; en einmitt þá 1797 var alþíngi að ganga til grafar, eins og menn vita. Það neytti seinasta bænarréttar síns 1796, þar sem það bað um verzlunarfrelsi; en undirtektir stjórnarinnar undir það voru þá, eins og kunnugt er, mjög þúngar; svo lagðist þíngið í dá, þangað til 1845, og gat því

á þessum tíma ekki neytt réttar þess, er það átti að fornu, með að hafa atkvæði og eptirlit um þarfir landsins, og það eru einmitt reikníngar sjóðsins á þessu tímabili, sem menn eru að biðja um, að verði endurskoðaðir. Það er líka auðsèð, að stjórnin hefir fengið hugvekju af þessu, þar sem hún 1844 útvegaði hjá konúngi nýjan úrskurð um kollektusjóðina. Svo var nú alþíngi reist við aptur 1845, og með þessu nýja alþíngi má segja, að Íslendíngar fengi nýtt líf og fjör, því með því fengu þeir líka aptur bænarrètt sinn fram fyrir hans hátign. Á hinu myrkra tímabilinu frá 1797—1845 gafst engi kostur á, að láta í ljósi bænir sínar; eg held því, að það sè allt af full ástæða fyrir Íslendínga til, að fara þessu á flot. Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það yrði eyðileggjandi fyrir málið, að leggja það undir þessa Kaupmannahafnarnefnd; það getur verið, að hann sjái það; eg sè það nú ekki. Hann spurði að: ef þetta mál verður lagt bæði fyrir ríkisþíngið og alþíngi, hver á þá að skera úr? Eg vil svara honum með því að spyrja hann að annari spurníngu: verzlunarlögin voru rædd bæði fyrir ríkisþínginu og alþíngi; hver skar þar úr? Ætli nú sè ekki líkt með þetta mál? *(Jón Pèturson:* Það var ekki fjárhagsmál).

Stefán Eiríksson: Eg ætla nú ekki að tala mikið um þetta mál, nema einúngis óska þess, að farið verði þegar að greiða atkvæði, þar mál þetta er bæði nú og á undanförnum þíngum svo margrætt, að það getur litlar upplýsíngar fengið við nýjar umræður, og þar til veit eg, að mál þetta fær öll atkvæði, nema ef vera kynni 3 eða 4, eins og svo opt áður á þíngum. Það hafa nú sumir af þíngmönnum, sem talað hafa, verið á móti viðaukaatkvæðinu tölulið 3.; en mèr finnst nú ekkert vera á móti, að taka þetta viðaukaatkvæði við uppástúngu nefndarinnar, því heldur sem nefndin eða þíngið fer með þessa bæn sína til nefndar þeirrar, sem sett er, til að aðskilja fjárhaginn, og fjárhagsaðskilnaðurinn verður þó víst lagður fyrir þíngið, áður hann verður samþykktur af konúngi.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið. Af því að skorað var á mig, að segja álit mitt um viðaukaatkvæðið undir 3. tölul., þá vil eg fara um það fám orðum. Það geta verið tvær meiníngar um það, annaðhvort að það sè ný uppástúnga um, að leggja önnur fjárhagsmál fyrir þíngið, eða þá, að láta kollektumálið verða samferða hinum fjárhagsmálunum, að svo miklu leyti sem þau yrði lögð fyrir þíngið. Viðaukaatkvæðið

getur eins vel skilizt á þennan síðari hátt, og því álít eg ekki á-stæðu til, að hrinda því þess vegna.

Að svo mæltu skal eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau á þessa leið:

1. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum við niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 2), samþykkt með 21 atkvæði.
2. *Nefndin,* niðurlagsuppástúnga, samþykkt með 19 atkv. gegn 3.
3. Viðaukaatkvæði *Sveins Skúlasonar* fallið með jöfnum atkvæðum.
4. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum samþykkt með 20 atkv. gegn 1.
5. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Um þennan tölulið var óskað nafnakalls; var það veitt, og fèllu atkvæði þannig, að

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Benedikt Þórðarson.	Benedikt Sveinsson.
Páll Melsteð.	Jón Hjaltalín.
Árni Einarsson.	Jón Pètursson.
Arnljótur Ólafsson.	Pètur Pètursson.
Ásgeir Einarsson.	
Björn Pètursson.	
Gísli Brynjúlfsson.	
Guðmundur Brandsson.	
Halldór Kr. Friðriksson.	
Helgi G. Thordersen.	
Indriði Gíslason.	
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Haugum.	
Magnús Andrèsson.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	
Ólafur Jónsson var fjarverandi.	

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 18 atkv. gegn 4.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til undirbúníngsumræðu málið um, *að opið brèf 1. apríl 1861,* um jarðamatskostn-

aðinn, *verði úr lögum numið. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Rangæinga.

Var málið þá afhent *framsögumanni,* er las nefndarálitið upp svo hljóðanda:

»Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd, til þess að segja álit vort um uppástúngu frá þingmanni Rangæinga og varaþingmanni Dalamanna þess efnis, að alþingi biði konúng vorn, að taka úr lögum opið brèf 1. apríl þ. á., um jarðamatskostnaðinn, en að hann leggi mál þetta fyrir þingið á lögskipaðan hátt, samkvæmt fyrstu grein alþingistilskip. og tilsk. 28. maí 1831, áður en ákveðið er, hvernig jarðamatskostnaðurinn skuli greiðast.

Nefndin hefir vandlega íhugað þetta mál og leyfir sèr nú að kveða upp um það álit sitt á þessa leið:

Í 1. gr. frumvarps þess um endurgjald jarðamatskostnaðarins, er lagt var fyrir hið síðasta þing, standa eyður fyrir upphæð jarðamatskostnaðarins. Í ástæðum frumvarpsins er þess reyndar getið, að kostnaður jarðamatsins 1849—50 hafi orðið samtals 5720 rd. 92 sk., en svo er færður til annar kostnaður samtals 2639 rd. 86 sk., er mest allt gekk til jarðamatsnefndurinnar í Reykjavík. En þótt nú kostnaðar þessa sè getið í ástæðunum, þá verður eigi annað sagt, en að jarðamatskostnaðurinn hafi eigi verið lagður fyrir alþingi 1859, fyrir því, að hann var eigi tilfærður í frumvarpinu sjálfu. Aðferð þessa gat þingið 1859 eigi skilið á annan hátt, en að stjórnin legði það á vald alþingis, að ákveða upphæðina, jafnframt því, sem það veitti *(voterede)* hana, með því að þingið gat eigi ætlað, að stjórnin byði því eyður þessar í nokkru öðru skyni, svo sem vegna þess, að stjórnin vildi eigi, einhverra hluta vegna, leggja jarðamatskostnaðinnm fyrir þingið. Alþingi gjörði að vísu mun á jarðamatskostnaðinum 1849—50 og hinum síðari kostnaði, en fór eigi lengra út í málið fyrir því, að eigi var þá útsèð um jarðabókina. Þess vegna rèð þingið frá, að frumvarpið yrði gjört að lögum að svo komnu. En nú hefir svo undarlega til borið, að frumvarp þetta er gjört að lögum, þrátt fyrir skýlausar tillögur alþingis, og þrátt fyrir það, að jarðamatskostnaðurinn hefir eigi verið lagður fyrir þingið. Nefndin hlýtur að álíta slíka aðferð öldúngis óvanalega og »*móthverfa stjórnarlögum vorum*«, einkum 4. gr. tilsk. 28. maí 1831, sbr. 1. gr. alþingistilsk., og getur því eigi betur sèð, en að þinginu hafi verið misboðið í þessari grein.

Auk þess, sem nú var sagt um »*skapnaðar*«-galla þann, sem á »*er*« þessu opna brèfi 1. apríl 1861, þá er efni þess í mörgum greinum svo athugavert, að nefndin ætlar, að það muni eigi geta staðizt, eins og nú er það. Fyrst er það, að jarðamatskostnaðurinn er of hár, með því að ekkert tillit hefir verið haft til þess, að 2639 rd. 86 sk. af allri upphæðinni 8360 rd. 82 sk. eru öðruvísi undirkomnir, en þeir 5720 rd. 92 sk., er jarðamatið 1849—50 kostaði. Nefndin hlýtur að álíta rètt, að gjöra mun á þessum kostnaði, eins og gjört var á síðasta þíngi, en þó mundi hún eigi hafa gjört það að miklu umtalsmáli, ef lagaboðið hefði ei marga aðra galla að geyma, því nefndinni finnst, að 2639 rd. sè of lítil upphæð til þess, að Íslendíngar geti verið að þrefa um þá við stjórn sína »*fyrst hún eigi fann það skyldu sína, að borga þá með fyrsta*«, með því og, að nefndinni er eigi ókunnugt um, að stjórnin hefir eigi peninga til þess hèðan af, nema að sækja um þá til ríkisdagsins. En hitt verður nefndin að álita meiri galla, að þessum 8360 rd. er jafnað niður á of stuttan tíma, því fyrst er það, að nefndin getur eigi sèð neina nauðsyn til þess, að kostnaður þessi sè endurgoldinn á einum tveim árum, og svo verður nefndin að álíta það eigi nærgætnislegt, að jafnað sè, til lúkníngar alls þessa kostnaðar, $4\frac{5}{8}$ sk. niður á hvert jarðahundrað tvö ár í röð, þegar þess er gætt, að $\frac{3}{4}$ af alþíngiskostnaði leggst á jarðirnar, sem nú er orðin næsta tilfinnanleg álaga, og þó einkum það, að landið er nú sèrlega bágstatt, sem vorkun er, því að nú hafa dunið yfir landið harðindi til lands og sjávar, »*ógurlegur fjárkláði*«, og *verzlunarkreppan almenna* náði híngað til lands, og varð mönnum þúngbær, bæði með því, að sumur kaupeyrir landsmanna fèll nær því um helming, hvít ull t. a. m. fèll úr 44 sk. niður í 25 sk., og svo hitt, að kaupmenn heimtuðu þá skuldir sínar af landsmönnum. Í 1. gr. þessa opna brèfs er svo sagt, að kostnaðinn skuli borga þannig, að honum sè jafnað niður á allar jarðir í landinu, og lagt jafnt á hvert jarðahundrað í hinni nýju jarðabók. Nefndin getur eigi sèð, hvernig svo má verða, án þess að lagaboðið valdi hinum mesta ójöfnuði. Það er kunnugt, að prestsmatan er lögð til jarðanna í hinni nýju jarðabók og er upphæð hennar, eptir skýrslu jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík, samtals 3350 rd., eður $\frac{1}{10}$ af öllum afgjöldum jarðanna. Það er nú auðsætt, hversu ranglátt það væri, ef kirkjubændur ætti að greiða jarðamatskostnað af prestsmötunni, sem er gjald á þeim til uppeldis prestunum; það væri að gjalda toll af

tolli. Sama er að segja um heimajarðir klaustranna, þær sem orðnar eru bændaeign, að prestskaup eður klausturgjald er þar hið sama sem prestsmata. Þar að auki hvíla sèrstakar kvaðir til almennings þarfa á sumum jörðum, svo sem *maríu*-lamb, *pèturs*-lamb eður prestslamb, sem er eins háttað og prestsmötunni, en ætla má, að hafi verið virt með jörðunum, samkvæmt sömu reglu, sem við var höfð um prestsmötuna. Nefndin veit og til þess, að bænhústollur, sem hvílir enn á sumum jörðum, er færður til hundraðatalsins í jarðabókinni nýju, og er honum öldúngis eins háttað sem prestmötunni. Þá eru nokkur bundruð til færð í hinni nýju jarðabók, sem engi viss eigandi er að, svo sem eru þrætupartar þeir allir, sem metnir eru sèrskilt, og fær nefndin eigi sèð, hvernig goldinn verður jarðamatskostnaður af slíkum jarðahundruðum, þar eð eigi verður sagt, hver eigandi þeirra sè, fyr en dómur er upp kveðinn í þrætumálunum, og getur því ábúandi eigi haft þann aðgang til eiganda, sem honum er veittur í annari grein lagaboðsins, því eigi verður sagt, að sá sè eigandi þrætupartsins, sem á þeim tíma er handhafi hans, eður hefir byggt hann öðrum. Enn fremur verður nefndin að álíta, að það sè miklum vafa undirorpið, hver sè eigandi að sumum jörðum; einkum þykir nefndinni það óljóst, hver sè eigandi að stöðum *(beneficiis)* og kirkjujörðum þeim, er stöðum fylgja, hvort það sè kirkjan á stöðunnm eður konúngur vor.

Af þessúm ástæðum leyfir nefndin sèr, að ráða alþíngi til, að biðja konúng vorn:

> Að nema opið brèf 1. apríl 1861, um endurgjald jarðamatskostnaðarins, úr lögum; en að leggja fram á næsta þíngi frumvarp um þetta mál, og sè þar til tekin upphæð jarðamatskostnaðarins, og hvernig hann skuli greiddur.

Reykjavík, 31. júlí 1861.

Arnljótur Ólafsson, formaður. *Páll Sigurðsson*, framsögumaður. *Indriði Gíslason*, skrifari.

Benedikt Sveinsson. *Jón Hjaltalín* með þeim skilmála, að hið »púnkteraða[1]« gangi út, og eg fái breytíngaratkvæði framfylgt, þó það sè eigi samkvæmt niðurlagi því, er hèr er.

---

1) Þetta „punkteraða“ hjá hinum 5. konúngkjörna, dr. J. Hjaltalín stendur hèr í nefndarálitinu með „cursiv“-letri milli „“. Í stað: „er“ á eptir: „„skapnaðar“-galla þann, sem á“ hefir hann sett: „virðist“, og í staðinn fyrir: „ógurlegur fjárkláði“ á eptir: „harðindi til lands og sjávar“, hefir hann sett: „ýmsar hættulegar fjárveikjur“. Ritnefndin.

Jón Hjaltalín: Eg var ekki á fundum með nefndinni, og átti því engan þátt í samningu nefndarálitsins.

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Það voru nú margar orsakir, hversvegna hinn háttvirti 5. konúngkjörni ekki gat mætt á nefndarfundum; en þó hefir hann víst getað kynnt sèr nefndarálitið. Að því er nú snertir efni málsins, þá eru nú skýrt teknir fram í nefnarálitinu gallarnir á þessu lagaboði; ástæðurnar, sem nefndin hefir fært fyrir tillögum sínum, eru að nokkru leyti þær sömu, sem nefndin tilfærði í hitt eð fyrra: fyrst nú að engi tala er tiltekin í frumvarpinu, og svo að nefndin gat ei álitið, að allir þessir 8000 rd. ætti að jafnast niður, þar sem hún gat ekki skoðað allt þetta gjald fyrir jarðamatið 1849—50, heldur nokkuð skrifstofustörf. Þetta sama álitur nefndin nú. Nefndin, sem sett var í skattamálinu, fèkk þó borgun fyrir starfa sinn úr konúngssjóði; líkt held eg sè nú varið með þessa. En það, sem mest er um að gjöra í þessu máli, er það, að þar sem þingið í hitt eð fyrra hafnaði frumvarpinu til þessa lagaboði, skuli nú vera búið að gjöra það að lögum með öllum sínum göllum, því nefndin varð að álíta, fyrst frumvarp til þessa lagaboðs var ekki lagt fyrir þingið í rèttu formi, þar eð í því var ekki tilfærður neinn jarðamatskostnaður eða upphæð hans. Allar prestsjarðir eru undanþegnar alþingistollsgjaldi; en þetta gjald á nú að leggjast á allar jarðir, og það án þess að leita álits þingsins. Þar að auk er það býsna stuttur tími, að leggja þetta gjald saman við alþingistollsgjaldið á 2 ár, og það er alveg mótsett því, sem stjórnin hefir áður álitið tiltækilegt. Þar sem nú þvílíkir formgallar eru á þessu lagaboði, verður þingið að gæta sóma síns, og gæta þess, að rèttindum sínum sè ei misboðið. Nefndin ræður því til, að þingið fari fram á, að þetta lagaboð sè úr lögum numið, og stjórnin leggi frumvarp um þetta mál fyrir næsta alþingi í löglegra formi. Fleira þarf eg ekki að tala að sinni, því nefndarálitið er svo skýrt, að þess þarf ekki.

Konúngsfulltrúi: Eg leyfði mèr við inngangsumræðuna í þessu máli, að ráða hinu heiðraða alþingi frá því, að fara þeirri uppástúngu fram, sem hèr liggur fyrir í því nú upplesna nefndaráliti, um það, að numið verði aptur úr lögum opið brèf frá 1. apríl, er næst leið, um endurgjald jarðamatskostnaðarins, og sèr í lagi get eg með engu móti aðhyllzt þær ástæður, sem þingið byggir á þessa uppástúngu, eins og eg leyfði mèr nokkuð að taka fram við inngangsumræðu málsins. Eg tók þar fyrst og fremst fram, að sú að-

greiníng kostnaðarins, sem þíngið gjörir milli hins eiginlega jarðamatskostnaðar, þess nefnilega, sem leiddi af undir- og yfirmati jarðanna, og þess, er leiddi eptir á út af nefndinni, sem sett var af *konúngsfulltrúa*, eptir þar til veittum myndugleika frá stjórninni, vantaði lagaheimild, og að hið gagnstæða leiddi beinlínis af ákvörðun tilskipunarinnar frá 27. maí 1848 í § 7, samanbornum við § 5; en eg skal bæta því við, að alþíngið bað sjálft um jarðamatsnefndina í bænarskrá þess árið 1853, og þar er beðið um, að allur sá kostnaður, sem þar af leiði, og þar á meðal borgun til nefndarmanna, megi fyrirfram verða greiddur úr jarðabókarsjóðnum, og þar í liggur þá viðurkenníng af því, að landið síðar eigi að borga kostnaðinn, og þessa sömu skoðun virðist þíngið að hafa haft 1857, því þíngið mótmælti þá ekki með einu orði ákvörðun konúngsúrskurðarins frá 27. maí s. á.; um það, að borgun til nefndarmannanna ætti að endurgjaldast ríkissjóðnum, en þíngið hækkaði eða bætti við þessa borgun 100 ríkisdölum til hvers eins af nefndarmönnum, svo það er reyndar fyrst nú að þessum aðgreiníngi í kostnaðinum af jarðamatinu er hreift af þínginu. Þíngið rèði að vísu frá að lagafrumvarp það, sem í hitt eð fyrra var lagt fyrir þíngið, kæmi út að svo stöddu, og studdist það einkum við þá ástæðu, að nýja jarðabókin væri ekki búin að fá lagagildi, en á meðan væri of snemmt að ákveða um það, hvort eða að hvað miklu leyti sá af jarðamatinu leiddi kostnaður ætti að endurgjaldast ríkissjóðnum, því jarðabókinni kynni að verða eitthvað breytt með nýrri endurskoðun, og þar af að leiða nýjan kostnað.

En eins og þessi ástæða nú er fallin algjörlega í burt, þar sem jarðabókin nú er löggilt, þannig er það á hinn bóginn auðsætt, að það samband, sem þíngið áleit vera milli löggildíngar jarðabókarinnar og endurgjalds jarðamatskostnaðarins, ekki er þess eðlis, að þar af nauðsynlega leiddi frestur á borgun jarðamatskostnaðarins. Að stjórnin ekki hafi lagt málið um jarðamatskostnaðinn reglulega fyrir þíngið, er, að minni ætlun, algjörlega röng skoðun frá þíngsins hálfu; og eg leiddi rök að því við inngangsumræðuna; og víst er um það, að þíngið hreifði engri slíkri mótbáru á seinasta þíngi; eg vil því biðja þíngið vel að athuga, hvernig það muni líta út í augum stjórnarinnar, þegar hún fær að sjá þessa mótbáru, með þeim ummælum, að þínginu hafi verið misboðið í þessu tilliti, og að stjórnin hafi brotið á móti alþíngistilsk. 1. grein. Eg vil innilega biðja þíngið að varast slík ummæli, því

þau þurfa sannarlega að hafa gildar ástæður við að styðjast, ef þau eiga að geta orðið réttlætt fyrir stjórninni.

Um það atriði, að kostnaðurinn er lagður á allar jarðir í landinu, hefi eg áður talað, og stjórnin hefir í ástæðunum fyrir lagafrumvarpi hennar fullkomlega réttlætt þessa ákvörðun, og ástæðurnar eru bæði ljósar og sannfærandi. Viðvíkjandi ójafnaði þeim, sem hèr af leiði, sèr í lagi þar sem prestsmata er borguð af eigninni, skal eg einúngis geta þess, að eg ætla það sè einhver misskilníngur hjá nefndinni, þegar hún segir, að prestsmatan hafi verið lögð til jarðanna í hinni nýju jarðabók, mèr skilst til þess, að rífka upp hundraðatöluna. Mèr virðist þvert á móti, að hið gagnstæða hljóti að eiga sèr stað, nefnilega að prestsmatan, sem byrði á eigninni, hafi orðið að rýra verð hennar, því svo er það, þegar þessar jarðeignir fara að kaupum og sölum, því matan, sem greiðist prestinum, dregur frá arðinum eða leigunni af jörðunni, eptir því, sem hún er mikil eða lítil til, og þannig þekki eg eitt dæmi, að jörð var seld einúngis með því skilyrði, að kaupandi greiddi mötuna, sem hvíldi á eigninni; annað borgaði kaupandi ekki fyrir jörðina; og er hinum heiðraða þíngmanni Skaptafellssýslu víst þetta kunnugt.

Nefndin talar um, að það sè óvíst, hver sè eigandi að staða- og kirkjujörðum, kirkjan eða konúngur, og eins að prætulöndum. Að því er staða- og kirkjujarðir snertir, virðist auðsætt, að *usufructuarius*, presturinn á að borga kostnaðinn, og handhafi fyrir prætulandi; og þetta hlýtur, að eg ætla, að vera öllum ljóst, og engum vafa bundið. Að borguninni er skipt niður einúngis á 2 ár, getur, ef til vill, eptir því er nú stendur hagur landsins, orðið of tilfinnanlegt; en það lá þá nær, eða næst, að senda konúngi bænarskrá um það, að borguninni yrði jafnað niður á fleiri ár; það gæti stjórninni ekki heldur mislíkað, en hitt hlýtur henni að mislíka, ef þíngið færi að biðja hana um, að taka lagaboðið aptur, og það af þeirri ástæðu, að hún ekki hefði lagt það fyrir þíngið á lögboðinn hátt.

Eg skal að svo komnu ekki fjölyrða meir um málið, þar sem eg treysti því, að þíngið ekki muni aðhyllast nefndarálitið, eins og það liggur fyrir, og allrasízt senda konúngi um það bænarskrá í þá stefnu, sem nefndin mælir fram með.

Jón Pètursson: Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að jarðamatsnefndin hefði lækkað þær jarðir í verði, sem prestmata hvíldi á, þá var það þvert á móti; það get eg

borið um, því eg var einn í þeirri nefnd. Eptir því, sem stjórnin hafði fyrirlagt og alþingi samþykkt, átti að skoða öll afgjöld í einni sýslu sem 4% rentu af hinu sanna verði jarðanna þar, til samans teknu, svo hið þannig breytta matsverð væri á móti afgjaldinu, eins og 100: 4. Þegar nefndin svo fór að lesa saman afgjöldin, tók hún ekki beinlínis afgjöld þau, er til landsdrottins runnu, heldur líka önnur gjöld, sem á jörðunni hvíldu til hins opinbera, og þess vegna líka prestsmötuna; síðan margfaldaði hún með 25, til að finna höfuðstólinn. Af þessu leiddi, að sú einstaka jörð, sem prestmata var borguð af, hækkaði líka í verði; en nefndin vonaði, að prestsmatan og þessir tollar yrði aðgreindir frá, þegar nýr tollur yrði lagður á jörðina, svo að nokkur hundruð í jörðinni yrði þá tekin frá sem laus við tollinn, þetta var meiníng jarðmatsnefndarinnar, eins og hinn háttvirti *forseti* getur borið vitni um. En hvort alþingi 1857 hefir breytt þessu nokkuð, má hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* bezt vita, því hann var einn í þeirri nefnd, sem alþingi setti, til að rannsaka verk jarðamatsnefndarinnar, Eg er ekki svo kunnugur alþingistíðindunum fyrir 1857, því hann man bezt, að eg var þá ekki á þingi, að eg geti sagt neitt um þetta með vissu. En mèr sýnist æfinlega nauðsynlegt, að aðgreina þau hundruð frá, sem prestsmatan verður álitin sem renta af, því það má ekki borga skatt af þeim höfuðstól, sem er fullkomlega forrentaður fyrir hið opinbera.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr, út af orðum hins 4. konúngkjörna þíngmanns, þá athugasemd, að þegar eins stendur á, og hann sagði, greiðir ekki eigandi jarðarinnar, heldur sá, sem hefir afnotin af jörðunni, gjaldið.

Guðmundur Brandsson: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* fór mörgum og fögrum orðum um, að þíngið ætti að fara með kurteysi við stjórnina; en honum fannst nú brugðið út af því, þar sem nefndin kvartaði yfir, að ekki hefði verið farið rètt að í þessu máli af stjórnarinnar hálfu. Eg held, að það væri ei erfitt að sanna, að hèr hefir ekki verið formlega farið að; en án þess eg vili fara lengra fram í það núna, þá vildi eg mega spyrja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* að einni spurníngu, og hún er þessi: Hvers vegna var frumvarp aptur lagt fyrir þíngið um rètt Gyðínga til að dvelja hèr á landi? Þíngið vísaði fyrra frumvarpinu frá; en þá kom aptur annað frumvarp; hvers vegna fór stjórnin svona að? hví löggilti hún ekki fyrra frumvarpið þvert ofan í tillögur þíngsins? Nei! hún reyndi á nýjan leik, að fá þíngið til að samþykkja þetta; hví

var ei eins farið að nú? þingið vísaði eins í þessu máli frumvarpinu frá í hitt eð fyrra, af því að því þótti sumt í upphæðinni, sem tilfært var í ástæðum þess, ekki koma jarðamatskostnaðinum við, og af því að það vissi ekki, hvenær hin nýja jarðabók yrði löggilt. Þegar frumvarpið var lagt fyrir þingið 1857 um jarðamatið, og kostnað þann, er leiddi af Reykjavíkurnefndinni, var að eins tiltekið, hvað mikið nefndarmenn ætti að hafa í laun fyrir starfa sinn, og að því var ekkert fundið af þinginu, heldur bætti það við upphæð þá, sem stjórnin hafði stúngið upp á; en þar var ekkert tiltekið um, hvaðan kostnaðurinn ætti að takast, hvorki af stjórninni nè þinginu. Mèr finnst því þetta ekkert sanna. Og eg skil ekki, að það sè ókurteysi af nefndinni, hvernig hún hefir borið málið fram, heldur finnst mèr þvert á móti, að ástæðurnar fyrir nefndarálitinu sè fullkomlega til greina takandi.

Jón Hjaltalín: Þó það kann ske ekki sæmi mèr sem konúnglegum embættismanni, að tala í móti stjórninni, þá get eg þó ekki á hinn bóginn talað móti sannfæringu minni, og það veit eg líka, að hún ætlast ei til. Eg held, að menn geti ekki neitað því, að frumvarpið er ei svo nákvæmlega orðað, að þingið gæti vænzt þess, að það yrði gjört að lögum, án þess það áður væri lagt fyrir þingið. Stjórnin ætti í þess konar málum að taka tillit til tillaga alþingis. En það er nú bót í máli, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* vill mæla fram með, að lagaboðið verði lagfært, svo það komi ei í bága við ástand landsins. En það er samt ei að furða, þó þingið sè óánægt með, að frumvarpið var svo óljóslega orðað, sem það var 1859, og að það þess vegna eigi bjóst við, að það yrði löggilt. Þinginu má því virðast til vorkunar, þó það tæki málið fyrir, en þó getur verið, að of hvössum orðum sè farið um það í nefndarálitinu, en frumvarpið frá 1859 var óneitanlega mjög ófullkomið, og því er líklegt, að stjórnin slaki til, svo gjaldtíminn að minnsta kosti verði lagaður eptir tillögum alþingis, og það því fremur, sem í frumvarpinu 1859 ekkert víst er talað um tímann, nær hann skuli greiddur.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu sagði, að þegar ákveðið hefði verið árið 1857 borgun til nefndarinnar í jarðamatsmálinu, hefði ekkert verið ákveðið um það, hvaðan hana ætti að taka; það er satt, en þess þurfti heldur ekki, því þingið var búið að taka það fram á undan, árið 1853, að það ætti að greiða borgunina úr jarðabókarsjóðnum fyrirfram, og þar í lá

aptur beinlínis viðurkenníng frá þínginu, að kostnaðinn ætti að endurgjalda af landinu, eins og eg er áður búinn að taka fram. Hinn sami heiðraði þingmaður vildi rèttlæta þessa meðferð á málinu, sem nefndin fylgir fram, með því að stjórnin hefði lagt málið um, að Gyðíngar mætti setjast hèr að, aptur fyrir þíngið, eptir að það hefði verið búið að ráða frá því; en þetta er allt annað mál, og ólíku saman að jafna.

Eg er búinn að taka það fram, að þíngið hreifði engum mótmælum gegn stjórnarfrumvarpinu, um endurborgun jarðamatskostnaðarins á seinasta þíngi, og sèr í lagi ekki þeirri mótbáru, að málið væri ekki rètt upp borið; þíngið bað einúngis um frest á borguninni, þangað til jarðamatið væri búið að fá lagagildi; nú er það búið að fá lagagildi, og þá er það skilyrði, sem borgunin var bundin við, komið, og gjalddagi er hinn sami, sem alþíngi sjálft hafði tekið til árið 1863, en nú vill þíngið, að minnstu kosti, ekki að svo komnu, borga kostnaðinn, og byggir það á þeim ástæðum, sem það aldrei hefir áður komið upp með, eða hreift í þessu máli — og það er einmitt þessi aðferð, frá þíngsins hálfu sem eg hlýt að mótmæla.

Guðmundur Brandsson: Það var eitt atriði í ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* sem eg vildi svara. Hann sagði, að þíngið 1859 hefði haft á móti frumvarpinu, af því að jarðabókin hefði þá ekki verið löggilt; en nú væri sú fyrirstaða úr vegi. En eg vil þá taka það fram, að jarðamatið er löggilt á móti tillögum þíngsins, þar sem það bað um, að löggildíngunni yrði frestað þangað til 1863; það verður því tvennt, sem hèr kemur til skoðunar: 1. að jarðamatið er ekki löggilt beinlínis eptir ósk alþíngis, og 2. að lagaboð er gefið út um endurgjald kostnaðar þess, er af því leiddi, án þess að leggja það fyrir þíngið á löglegan hátt. Hvað launum Reykjavíkurnefndarinnar viðvíkur, þá sè eg nú ekki, að það sè beinlínis skylda fyrir landið, að borga þann kostnað, sem verður þó að skoðast sem skrifstofukostnaðnr; það gæti samt verið umtalsmál með nefndina hèr, en alls ekki útreikníngínn á jarðabókinni á skrifstofunni ytra, sem þíngið heldur aldrei óskaði eptir, og þó það kann ske sè rètt reiknað þar, þá getur þó vel verið, að það hefði verið eins vel gjört hèr, og að landið hefði þá borgað það. Það mætti eins segja, að öll sanngirni mælti með því, að við borguðum *konúngsfulltrúa* hèr á þínginu; og held eg þó, að engi láti sèr detta það í hug; en eg veit ekki, hvort það væri öllu fjarstæðara en þetta.

Indriði Gíslason: Eg býst nú ekki við, að eg geti sannfært *konúngsfulltrúa* betur en aðrir; en nefndarálitið sýnir ljóslega gallana á þessu lagaboði; þó þeir kann ske ekki virðist miklir í fljótu bragði, þá verða þeir það þó, þegar menn hyggja betur að, því þar er bæði formgalli og efnisgalli; og eptir því á að leggja á nýjan gjaldstofn, sem aldrei hefir fyr verið lagt á, það er að segja: skattur lagður á skatt ofan. En hvað málið sjálft snertir, síðan frumvarpið var lagt fyrir þingið 1859, þá hefir nú stjórnin ekki gjört ráð fyrir öðrum kostnaði, en fyrir jarðamatið frá 1849—50; og svo hefir hún lagt það fyrir þingið með einhverri óákveðinni upphæð. *Konúngsfulltrúi* viðurkenndi sjálfur, að það væri of hátt, að jafna þessu niður á 2 ár, og er það líka gagnstætt grundvallarreglu stjórnarinnar sjálfrar, sem hún til færir í ástæðunum fyrir opnu brèfi 18. júlí 1848. Þetta er nú háskaleg formleysa, þar sem stjórnin veit ei, hvað mikill kostnaðurinn er, enda hefir hún ekki enn fengið skýrslur frá Akureyri eða Ísafirði, eða frá námunum í Þingeyjarsýslu eptir því, sem hún segir sjálf í ástæðum fyrir stjórnarfrumvarpinu. Þar að auki er nú þessi nýi gjaldmáti öldúngis óheyrður, að leggja á öll hundruð; eg held nú að það liggi í augum uppi, að það verður bágt að vita, hver á að borga af sumum hundruðum. Allir sjá, að jarðirnar eru metnar eptir gæðum og afgjaldi því, sem á þeim hvílir, hver sem það tekur, eða án þess að dregin sè frá sú hundraðatala, sem goldið er af til hins opinbera. Eg vil nú biðja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* að upplýsa mig um, hvernig færi nú, þegar sýslumaður færi að heimta þetta gjald af hundruðum, sem prestsmata eður aðrar þvílíkar kvaðir hvíla á; mundi ekki *proprietarius* segja, þegar sýslumaðurinn færi að krefja hann: »eg á ekki þessi hundruð, og geld því ekki jarðamatskostnað þeirra«, þá fer sýslumaðurinn til prestsins; presturinn segir: »Ekki á eg það; það eru eins og önnur laun, sem eg fæ«. Af hverjum á sýslumaðurinn þá að krefjast gjaldsins? ef hann þá snýr sèr að kirkjunni, mundi prófastur geta samþykkt, að hún borgaði? Þetta held eg því, að geti valdið hinum mesta rekstri og vandræðum í gjaldheimtunni. Það sýnist nú þegar orðinn nógur brokkgangur á henni, þó ekki sè stofnað til nýrra vandræða. Sama er að segja um þrætuland; ef að 3 menn brúkaði nú sama þrætulandið, kann ske sinn daginn hver, af hverjum mundi þá, eptir þessu, hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* heimta gjaldið sem sýslumaður? Eptir þessu held eg nú, að betra sè að biðja stjórnina,

að af nema þetta lagaboð, en að fara í þessar ógöngur; og eg tel víst, að þó stjórnin sè búin að gjöra frumvarpið að lögum, muni hún taka til þakka með þessa bendíngu, og verða fús til að breyta því.

Stefán Eiríksson: Eg ætlaði nú að vísu ekki að tala neitt í þessu máli; en þar eg stóð upp á annað borð, lýsi eg því yfir, að eg verð því heldur að vera með þessu máli, sem mèr, eins og öðrum getur ekki fundizt, að stjórnin hafi farið alls kostar rètt að, og því heldur hefir þíngið ástæðu til þessa, sem það í hitt eð fyrra ekki gat fallizt á frumvarp stjórnarinnar. Það sem eiginlega knúði mig til að standa upp, var það, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* var að tala um jarðartorfu, sem eg mundi þekkja. Þetta mun nú eiga að vera Hoffellstorfan. Eg að vísu held nú, að hann þekki hana eins vel og eg, því hann hefir haft hana lengi milli handa sem dómari; hann sagði, að því heldur sem jörðin hefði meiri kvaðir, því minna verði væri hún seld; en eg held hann geti nú ekki dregið dæmi af Hoffellseigninni í því efni, því maðurinn, sem keypti, átti að láta fyrir jörðina 18 kúgildi eður 108 ær, og borga svo árlega 18 fjórðúnga smjörs, svo þetta gat ekki álitizt neitt sældarkaup. Það voru einúngis þessar skýríngar, sem eg vildi gefa þínginu út af orðum hins háttvirta *konúngsfulltrúa.*

Arnljótur Ólafsson: Þegar eg lít á málið sjálft og það, sem fram hefir farið í því, neyðist eg til að tala fáein orð. Ástæður nefndarinnar, til að fá lagaboðinu breytt, eru byggðar bæði á skipulagi þess og efni; það held eg sè á góðum rökum byggt, að málið sè ekki lagt fyrir þíngið, þar sem eyðurnar eru. 1859 var allt öðru máli að gegna, því að þá þýddu eyðurnar það, að þíngið sjálft ákvæði upphæðina; en auðsætt er það, að gengið er fram hjá þínginu, ef gjald þetta yrði lagt á landið án álits þíngsins, því tilskipun 28. maí 1831, 4. gr. heitir því, að engi álaga skuli verða lögð á landsmenn, nema því að eins, að hún fyrst verði lögð fyrir þíngið. *Konúngsfulltrúi* tók það fram, að þetta væri sama sem þíngið segði, að það ekki vildi borga; en því er ekki svo varið. Nefndin getur einúngis ekki álitið gilt þannig undirkomið lagaboð, og vill því fresta því. Að vísu er það satt, að nefndinni þykir kostnaðurinn of hár; en nefndin gjörir mjög lítið úr því. Það gleður mig, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* er nefndinni samdóma í því, að nærgætnislegra hefði verið, að gjald þetta greiddist á fleiri, en 2 árum. Sömuleiðis er hann samdóma nefndinni í því, að ekki eigi

að leggja þennan toll á prestsmötuna; en hvort sem það var rètt eða rangt af jarðamatsnefndinni, að leggja prestsmötuna við jarðirnar — og að minnsta kosti verð eg að álíta, að hún hefði heldur átt að að láta það ógjört — þá getur þessi nefnd ekki að þessari snurðu gjört. Viðvíkjandi klaustursgjaldinu hefir nefndin eiginlega verið einúngis að taka hag ríkissjóðsins til greina, því klausturgjaldið er dregið af tekjum klaustursins, en ekki frá þeim, sem á heimajörðinni situr, eða tekið af eiganda hennar, ef hún er seld. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* var að tala um *„Besiddelse“* eða *„Besidder“* af þrætulandi, og að hann ætti að gjalda. Það er víst; að það er eitt af tvennu, annaðhvort er þrætulandið notað eða ekki; en sá, sem þannig notar sjálfur eður byggir þrætulandið, er engan veginn þar fyrir sama sem *eigandi* þess, þótt hann sè *handhafi* þess. En nú eru að eins nefndir *eigendur* í 2. gr. þessa opna brèfs, en eigi *handhafar,* og því getur það eigi náð til þeirra. Eg hefi heyrt menn segja: »Ef eg ætti þrætuland, þá skyldi eg verða fúsastur manna til að borga fyrir, því að þar með sanna eg eignarrètt minn«. Þetta yrði sannarlega ekki dýrkeypt landareign; eg veit ekki, hvað dómstólarnir mundu segja um annað eins, að minnsta kosti yrði það víst »*kort Proces*«, eins og Danir kalla, ef þetta atvik skyldi geta sannað eignarrèttinn. Eg heyrði eigi glöggt, hvern *konúngsfulltrúi* telur eiganda staða eður »*beneficia*“, hvort það er presturinn eða kirkjan, landið eða landssjóður, ef hann væri til, eða eitthvað annað. Mèr heyrðist hann kalla kirkjuprestinn eiganda; en eg kalla hann *ábúanda*, því hann er »*usufructuarius*“, eður nýtur jarðarinnar upp í laun sín.

Forseti: Til mín er komin ósk 10 þíngmanna, að þessari umræðu verði hætt; vil eg því biðja þíngmenn stuttlega að koma fram með breytíngaratkvæði þau, er þeir kynni að vilja bera upp, áður en til atkvæða er gengið um það, hvort umræðunum skuli hætta eður ei.

Jón Hjaltalín: Eg áskil mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, að gjaldtíminn sè lengdur.

Forseti: Eg skal þá biðja þíngmenn að ganga til atkvæða um, hvort þessari umræðu skuli lokið.

Var síðan til atkvæða gengið, og samþykkt með 20 atkvæðum, að umræðunni skyldi lokið.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúníngsumræðu málið um rafsegulpráð Shaffners; framsögumaður* er

þingmaður Borgfirðinga, og skal eg biðja skrifarana að afhenda honum skjöl málsins.

Framsögumaður las síðan upp nefndarálitið svo hljóðanda:

»Hið heiðraða þing hefir kosið oss í nefnd, til þess að íhuga uppástúngu, er til þess kom frá þingmanni Borgfirðinga þess efnis, að þingið tæki til meðferðar þráðamál Shaffners, að því er Ísland snertir, semdi um það lagafrumvarp, og síðan beindi málinu áleiðis.

Hinu heiðraða þingi er það kunnugt, að herra Tal. P. Shaffner, ofursti frá bandafylkinu Kentucky í Vesturheimi fèkk hjá hans hátign, konúngi vorum, einkaleyfisbrèf dags. 16. agúst 1854, til að leggja rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturheims, yfir Grænland, Ísland og Færeyjar til Kaupmannahafnar, og til að nota þráð þennan um 100 ár, frá dagsetníngu leyfisbrèfsins að telja. Einkaleyfi þetta stendur enn óbreytt, hvað Ísland snertir. Nefndin má nú telja víst, að hinu virðulega þingi sè fullkunnugt, bæði efni einkaleyfisins og um allt það, er fram hefir farið síðan í þessu máli, að svo miklu leyti, sem land vort snertir, og því finnur hún það eigi nauðsynlegt, að taka það hèr fram.

Að því, er nefndinni er kunnugt, þá má telja líklegt, að farið verði að leggja þráðinn híngað til lands, eður jafnvel hèr á landi, nú að sumri komanda, en sjálfsagt, að þráðurinn verði lagður hèr sumarið 1863, ef allt fer með feldi. Með því nú að konúngur vor hefir eigi lagt frumvarp fram á þessu þingi um þetta mál, en of langt verður að bíða næsta þings, þá sèr nefndin eigi annað ráð, en að þingið semi lagafrumvarp í málinu, samkvæmt rètti þeim, sem því er heimilaður í alþingistilsk. 59. og 69. gr. (sbr. tilsk. 28. maí 1831, 5. gr., samborinnl við 1. gr. alþingistilsk. og orð *konúngsfulltrúa* á alþingi 1849, 656 bls.) og samkvæmt því, er þingið hefir áður gjört (sbr. alþ.tíð. 1847, 204. bls. og alþ.tíð. 1849. 559. bls.) En nefndin verður að álíta það öldúngis nauðsynlegt, að til sè lög í landinu um þetta efni, áður en þráðurinn er lagður; hún verður að álíta þetta sjálfsagða nauðsyn, hvort sem litið er til eiganda einkaleyfisins, eður til landsrèttar vors (sjá tilsk. 28. maí 1831 4. gr., sambr. við alþingistilsk. 1. gr.; sjá og enn fremur, um sakalög, konúngl. auglýsíngu til alþingis 1847, II. 1. tölul. í alþ.tíð. 1847, 13. bls.) Nefndin hefir því tekizt á hendur, að búa til frumvarp, samkvæmt því, er hið virðulega þing hefir falið henni á hendur.

Frumvarp

til tilskipunar, um rafsegulþráð Tal. P. Shaffners og félaga hans, á Íslandi.

1. gr.

Herra Tal. P. Shaffner, ofursta frá bandafylkinu Kentucky í Vesturheimi og félögum hans veitist einkaleyfi í níutíu (90) ár frá dagsetningu þessa lagaboðs, til að leggja rafsegulþráð eður rafsegulþræði á land á Íslandi, bæði á meginlandið og eyjar þess, yfir landið og frá því aptur, að við halda þræði eða þráðum þessum, og hafa hvervetna frjálsa leið að þeim, svo og fram með þeim og aptur, að svo fyrirskildu, að sagður Shaffner eður félagar hans komi á rafsegulþráðarsambandi milli Íslands og útlanda, og hafi lokið því á tíu (10) árum hinum næstu, frá dagsetningu þessa lagaboðs og að rafsegulþráður eða rafsegulþræðir þessir milli Íslands og útlanda liggi aldrei ónotaðir þrjú ár í senn eður lengur. En haldi sagður Shaffner eður félagar hans eigi skildaga þessa, þá hafi þeir fyrirgjört þessu einkaleyfi sínu.

2. gr.

Skylt er því hverjum að leyfa, að rafsegulþráður þessi eður rafsegulþræðir sé lagður yfir lönd hans, hvar sem er. Heimtingu á landeigandi á sanngjarnri borgun, ef þráðurinn er lagður innan búfjárhaga hans, en fyrirgjört hefir landeigandi henni, ef hann eigi eður umboðsmaður hans, sé hann utan fjórðungs, krefst bóta, áður sextíu dagar sé liðnir frá því, er hann vissi að þráðurinn kom inn í búfjárhaga hans. Nú semur eigi landeiganda eður umboðsmanni hans og þeim Shaffner um gjaldið, og skal þá landeigandi eður umboðsmaður hans, kveðja sýslumann áreiðar á landið, til að meta bæturnar með tveim óvilhöllum mönnum, er sýslumaður sjálfur kýs. Virðing sú skal haldast, er þeir gjöra, nema sýslumaður hafi traðkað rètti annarshvors málsaðila, og má þá stefna áreiðargjörðinni til ónýtingar og málinu til nýrrar áreiðar til yfirdómsins, og skal þá sýslumaður greiða áfríunarkostnaðinn, ef málið gengur honum á móti, en annars áfríandi. Áreiðarkostnaðinn skulu báðir málsaðilar greiða, sinn helminginn hvor þeirra.

Nú er segulþráður þessi lagður fyrir utan búfjárhaga manna, og skal þá eigi landeigandi eiga nokkra heimtíng á bótum, þótt yfir land hans liggi.

3. gr.

Hver sem vísvitandi skemmir rafsegulþráð þennan, verður sek-

ur um 25—250 rd., eður sætir líkamlegri refsíngu, frá 6 til 20 vandarhagga, eptir málavöxtum, og greiði skaðabætur að auki.

Ástæður.

1. grein er samin því nær orðrètt eptir fyrirmælum herra Shaffners í brèfi hans til þíngmanns Borgfirðínga.
2. greinin er og mjög svo samin eptir uppástúngu hans. Að vísu hefir hann óskað, að ef sèr og iandeigendum eigi semdi um borgunina, mætti málið leggjast í gjörð yfirdómsins; en eptir því, sem hèr hagar til, álítum vèr þetta miður gjörlegt, og betra að landeigandi skyldi þá krefja sýslumann áreiðar, til að láta meta bætur þær, er honum bæri fyrir það, að þráðurinn væri lagður um landareign hans og átroðníng þann, er hann af því yrði fyrir; og skyldi standa við þá virðíngu, nema sýslumanni hafi orðið eitthvað þvílíkt á, er gjört gæti áreiðina ómerka; því þá skyldi sá, sem vanhaldinn þættist, mega stefna henni til ónýtíngar, og málinu til nýrrar áreiðar fyrir yfirdóminn innan viss tíma, og álítum vèr, að það ætti að ske innan 3. mánaða, því það mundi vera nægur og hæfilegur frestur. Þar sem þráðurinn er lagður fyrir utan búfjárhaga manna, getum vèr ei annað sèð, en að mönnum mætti vera meinalaust, eður svo meinalítið, að landeigendur eigi ætti að geta heimtað endurgjald fyrir það.
3. greinin er og samin bæði með hliðsjón til uppástúngu herra Shaffners og eins laga frá 29. des. 1853, sem gefin eru um skemmdir á rafsegulþráðum í Danmörku. Að vísu er í lagaboði þessu ákveðin hegníng fyrir það, ef menn óvart skemma segulþræði þessa, en þó má hegníngin falla burt, ef yfirsjónin er lítilfjörleg, og hinn seki strax segir frá því næsta lögreglustjóra eður einhverjum af embættismönnum eður þjónum þeim, sem yfir vegina eður segulþræðina eru settir; en með því það er þó bæði nokkuð óeðlilegt og óvenjulegt, að hegna mönnum fyrir yfirsjónir þær, er þeim verða á af vanvara, og herra Shaffner eigi heldur hefir stúngið upp á því, áleit nefndin, að hún ætti að leiða hjá sèr, að ákveða hegníngu fyrir þetta. Líka er í nefndu lagaboði lögð hegníng við, ef menn skemma útbúnað *(Apparater)* segulþráða, en hvorki hafði herra Shaffner krafizt hegníngar fyrir þetta, enda geta skemmdir þessar ástundum verið einskisvirði, og það virðist nóg, að hlutaðeigendur borgi skaðann, en sleppi hegníngarlaust, þegar þráðurinn sjálfur ekki

skemmist neitt, svo verkið eins eptir sem áður getur haft sinn fulla framgang, og skemmdirnar ekki eru til neinnar fyrirstöðu tilgangi þess. Hegníngin fyrir það, þegar menn vísvitandi skemma þráðinn, er ákveðin líkt og í áminnstu lagaboði, en þó með hliðsjón til hinna gildandi laga hèr.

Reykjavík, 31. júlí 1861.

Arnljótur Ólafsson, Jón Pètursson. Pètur Pètursson.
formaður og framsögumaður".

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg skal að svo stöddu að eins geta þess, að úr 2 greininni hefir fallið, að ef áreiðin gengi til yfirdóms, þá skyldi það vera »innan 3 mánaða« *(Forseti:* Hefir þetta gleymzt í því prentaða?) já bæði í því skrifaða og prentaða.

Stefán Eiríksson: Eg vildi leyfa mèr að tala fáein orð viðvíkjandi 2. gr. í þessu frumvarpi; nefndin ætlast til, að hver landeigandi láti af hendi land, hvar sem er, til þráðarleggíngarinnar; eg er nú samþykkur að svo þurfi að vera, því annars getur verkið ekki fengið framgang; svo ætlast nefndin til, að landeigandi fái að eins borgun fyrir þráðarleggínguna yfir búfjárhaga. Eg ímynda mèr nú raunar, að þetta orð: »búfjárhagar« verði skilið á marga vegu, og að það megi teygja það og toga í ýmsar áttir, og af því að orðið: »búfjárhagar« skilst ekki hèr á Íslandi almennt um tún eða slægjur, þá hefði eg viljað benda nefndinni til, hvort hún ekki vildi bæta inn í greinina ákvörðun um tún og engjar. Eg vildi einúngis taka þetta fram, því eg efa ekki, að nefndin tekur það til greina, án þess að eg fari að taka mèr breytíngar- eða viðaukaatkvæði.

Framsögumaður: Það væri víst rètt að taka til tún og engjar, og það er líka auðsèð meiníng nefndarinnar. Þar sem stendur: »innan búfjárhaga« er meint til þess svæðis, sem almennt fylgir jörð; en það eru líka til heiðar, almenníngar, eyðilönd og sandar, sem ýmsum jörðum fylgja, og áleit nefndin þetta svo lítilsvirði fyrir eigendurna, að það eingöngu væri tímatöfin ein, ef þar ætti að fara að gjöra áreið á. Nefndin vildi líka að landsmenn sýndi það, að þeir ekki lèti hvern 2 skildínginn muna sig, en hugsuðu meira um að greiða fyrir slíku fyrirtæki.

Magnús Andrèsson: Eg hefði fellt mig betur við, ef staðið hefði »landareign« en ekki »búfjárhagar«, því bæði getur það orðið misskilníngi undirorpið, hversu langt búfènaður fèr um hagana,

og svo geta líka út um heiðar verið selstöður, sem ekki er minna í varið, en túnin sjálf, og vil eg vekja athuga þingmanna á þessu.

Indriði Gíslason: Það er nú eins fyrir mèr og þingmanni Austur-Skaptafellssýslu, að eg er hræddur um að misskilja megi orðið »búfjárhaga«; eg vildi því að stæði »tún, engjar og búfjárhagar«, en »landareign« virðist mèr aptur of vítt, því það getur náð yfir þær heiðar og firnindi, sem búsmali aldrei kemur á. En eptir því, sem *framsögumaður* vildi láta vera, eiga þess háttar heiðarlönd að vera útilokuð.

Benedikt Sveinsson: Nokkrir þingmenn hafa nú þegar bent á það, sem eg vildi hafa hreift. Eg er á sama máli og *framsögumaður*, að við eigum að taka málinu vel; en þó ekki betur eður öðruvísi, en rèttar og almennar lagagrundvallarreglur af oss heimta. Sá, sem á land, á lagakröfu á því, að fá bætur fyrir alls konar jarðusla, eins hvar sem er. Landeigandi á kost á bótum eptir málavöxtum (*Jón Pèturssón:* Sanngjarnri borgun); já það er sjálfsagt; en nefndarálitið miðar allt við búfjárhaga; en eg vil miða við skaðann, eins og mörg þess konar lög gjöra erlendis; eins og t. a. m. opið brèf frá 1801, sem tekur fram, að sá, sem láti land af hendi, skuli fá fulla borgun eptir því, sem hann lætur í tè. Eg hefði því kunnað betur við »landareign«; og áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá átt.

Jón Hjaltalín: Það sèst nú bezt núna, sem eg sagði um daginn, að það væri ekkert heljarverk, að semja frumvarp í þessu máli, því nefndarinnar liggur nú fyrir, og virðist mèr það bæði stutt og greinilegt; og er það einhver hinn mesti kostur við öll lög; og virðist mèr bæði landsmenn og þeir, sem þráðinn legði, vera fulltryggðir af þessu frumvarpi. Eg hefi því ekkert við þetta nefndarálit að athuga, annað en það, að eg vildi áskilja mèr viðaukaatkvæði við 2. grein um, að undanþegin væri öll slægju- og skóglönd, sem upp á heiðum eður utan búfjárhaga kynni að liggja.

Benedikt Þórðarson: Mèr líka allvel uppástúngur nefndarinnar í máli þessu, þó fer mèr, sem fleiri þingmönnum, að mèr geðjast ekki alls kostar vel að því, er nefndin hefir gjört aðskilnað á landareigninni, og undan þegið allt land, sem ekki eru búfjárhagar, þóknun fyrir, að rafsegulþráðurinn sè þar lagður yfir; í 1. gr. er þess getið, að einnig leyfist að leggja þráðinn yfir eyjar; en skyldi þá fyrir því verða varpeyjar, sem margar eru kríngum landið, þá geta þær eyjar sízt heitið búfjárhagar, en þráðarlagníngin

yfir þær orðið eigendum að mesta tjóni; þó á fastalandi sè landeign einhvers, sem ekki getur talizt búfjárhagi hans, þá getur hún þó haft margt við sig það, að eiganda ekki væri skaðlaust, að þar sè lagður þráðurinn; tún og engjar telst og eigi heldur með búfjárhögum, því hvorttveggja það er varið fyrir bitpeningi; nú er það víst, að nefndin ætlast til, að slíkt sè ekki undan þegið; en svo þetta orð »búfjárhagar«, ekki spilli málinu, þá sýnist mèr bezt að útrýma því, og áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að orðin: »ef þráðurinn er lagður innan búfjárhaga hans« falli burt, en komi í stað þeirra eptir orðín »heimtíngu á landeigandi á sanngjarnri borgun«: »eptir sem á landeigninni stendur«, og þá sjálfsagt, að niðurlag greinarinnar: »nú er rafsegulþráður þessi lagður, o. s. frv.« falli burt. Bæturnar hljóta að metast eptir sanngirni, og þá fæst það, sem nefndin vildi fá, að lítið og á stundum ekkert gjald verði tekið þar, sem yfir svarðleysur, fjöll, heiðar og hraun er lagt, alstaðar þar sem eigandi missir einskis í við þráðarlagníngunа. Þetta er það, er mèr sýndist að taka til greina við uppástúngu nefndarinnar.

Magnús Andrèsson: Eg áskil mèr breytíngaratkvæði í sömu stefnu og eg hreifði áðan, því eg álít mann ekki skyldugan til, að láta burtu nokkurn part landareignar sinnar borgunarlaust, og áskil eg mèr rètt til að bera mig saman við hinn konúngkjörna varaþíngmann.

Framsögumaður: Eg áskil nefndinni rètt til, að koma fram með breytíngaratkvæði, sem innibindur allt þetta í sèr, það er að segja, að setja orðið »heimaland«, og þá vona eg hitt falli burtu. Viðvíkjandi því, sem þíngmaður Barðstrendínga sagði, skal eg geta þess, að nefndin hugsaði sèr, að eigendur þráðarins og landsmenn mundu fyrst semja, og reyna að koma sèr saman um verðið á landinu; en gæti menn ekki það, þá ætti sýslumaðurinn fyrst að skerast í, og hafa 2 óvilhalla menn með sèr, til að meta skaðabæturnar. Nefndin áleit því óþarfa, að setja þeim reglur, og lítt mögulegt, að telja þær upp allar. Að öðru leyti skal eg mælast til þess, að breytíngaratkvæði hinna heiðruðu þíngmanna verði svo löguð, að þau eigi vel við hugsun þessa lagaboðs.

Páll Sigurðsson: Eg verð að segja það, að mèr líkar vel við nefndarálitið, en það er einúngis að eg ætla að vekja máls á einu atriði, til að vita, hvort hin heiðraða nefnd vildi taka það til greina, nl. hvort landeigandi skuli fá borgunina, ef leiguliðinn verður fyrir skaðanum, ef að skaði er að; mèr virðist leiguliði, þar sem svo á

stæði, að landeigandi ekki er sjálfur ábúandi, verða fyrir hallanum; og skal eg því, ef nefndin ekki tekur það til greina, geyma mèr rètt til, að taka mèr breytíngaratkvæði í þessa stefnu.

Benedikt Sveinsson: Af því eg sè, að *framsögumaður* vill taka breytíngaratkvæði mitt til greina, skal eg einungis leyfa mèr, að bera mig saman við hann. En eg vil þá aptur áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá átt, að full tryggíng verði fyrir því, að matið á skaðabótum landeiganda fari alstaðar á landinu eptir einni og sömu reglu, því ella mætti svo verða, að þetta mál gangi líkt og jarðamatið nýja, að sinni reglunni verði fylgt á hverjum stað, og sitt verði ofan á í hvert skiptið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið, og er þá dagskráin þrotin.

Síðan gat *forseti* þess, að nefndarálit um konúnglegt frumvarp í hjúalagamálinu kæmi til undirbúníngsumræðu á næsta fundi, sem hann ákvað til þess á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Þrítugasti og fimmti fundur — 6. ágúst.

Allir á fundi; þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúníngsumræðu hjúalagamálið; framsögumaður* er hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður, og skal eg biðja skrifarana að afhenda honum skjöl málsins.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Þar eð bæði nefndarálitið og frumvarpið liggur prentað fyrir þíngmönnum, álít eg óþarfa að lesa það upp (Margir þíngmenn: Já, það er óþarfi). Eg sleppi því þá. Nefndarálitið er svo hljóðandi:

»Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til þess að íhuga og láta í ljósi álit vort um konúnglegt frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

Höfum vèr á fundum með oss vandlega rætt og íhugað þetta mál, og er álit vort um það, sem nú skal greina. Áður en vèr kveðum upp álit vor um hverja einstaka grein í lagafrumvarpinu, viljum vèr í stuttu máli gjöra nokkrar athugasemdir við það yfir höfuð að tala, ef ske mætti, að vèr með þessu móti gætum girt

fyrir það tvennt, ítrekanir, sem valda óþarfa málalengíngum, og misskilníng á þeim aðalgrundvallar-rótum, sem vèr byggjum álit vort á.

Vèr viljum þá fyrst og fremst geta þess, að oss þótti í þessu máli, eins og endrarnær, er gefa á ný lög, um hvert efni sem er, það vera mjög svo áríðanda, að lögin væri, sem mest mætti verða, byggð á þeirri rèttarmeðvitund og venju, sem lifir og er í landi voru. Þótt því verði alls eigi neitað, að menn hafa lengi mátt sakna laga, er gæfi nokkurn veginn ítarlegar reglur um skyldur húsbænda og hjúa innbyrðis hèr á landi, þá er þó hitt eins víst, að hinn sanni og rètti grundvöllur fyrir þessum lögum er rèttarhugsun sú og vani, sem drottnar meðal almennings. Sè lögin byggð á þessari undirstöðu, verða þau þjóðleg og ávinna sèr hylli og hlýðni almennings, en vili maður annan grundvöll, mæta lögin ótal mótspyrnum, og komast má ske aldrei, sem skyldi, inn í meðvitund og félagslíf þjóðarinnar. Það sannast hèr, sem optar, að sá gefur bezt og happadrjúgust lög fyrir lýðinn, sem bezt heyrir, hvað gjöríst meðal hans.

Það er þá fyrst frá þessu sjónarmiði, sem vèr höfum ráðið til, að gjöra ýmsar breytíngar á stjórnarfrumvarpinu, er vèr fundum í því ákvarðanir, sem alls eigi munu koma heim við hugsunarhátt manna hèr á landi; og vèr gátum engan veginn álitið það næga eður eðlilega ástæðu fyrir því, að lögleiða þær hèr á landi, að þær finnast í hjúalögunum dönsku 10. maí 1854; þá er annað aðalatriði, sem vèr höfum gjört oss far um að hafa sem fastast fyrir augum; það er ekki nóg, til þess að lögin verði góð og geti byggt landið, að þau sè, að grundvellinum til, byggð á rèttarmeðvitund lýðsins; lögin koma þó ætíð með eitthvað nýtt, og sem ekki hefir verið áður lög, því ella væri þau óþörf, og þau verða þá sjálf að vera svo tilbúin, að allar grundvallarreglur þeirra, og meiníng hverrar einstakrar ákvörðunar, sè svo ljós og liggi svo nakin fyrir heilbrigðri skynsemi, sem framast verða má, ella verða lögin dauður bókstafur, sem aldrei nær borgarasæti í meðvitund alþýðu manna.

Til þess útheimtist aptur, að lagasetníngarnar sè svo óbreyttar og einfaldar, sem unnt er. Það er ofætlun fyrir nokkur lög, að ætla að tæma mannlífið, eður telja upp öll hin einstöku atriði, sem undir lögin heyra; mannlífið er óendanlega margbreytt; því er betra, að lagasetníngarnar sè svo almennar, að þær nái yfir allt, en svo einstaklegar, að þær útiloki allt, sem þær eigi tala um sèrstaklega. Vèr höfum að þessu leyti þótzt finna eigi fáa galla á frumvarpi

stjórnarinnar og forðumst þá hvervetna. Lagasetníngarnar verða líka að vera sjálfum sèr samkvæmar, og mega ekki koma í bága hverjar við aðra, því slíkt truflar mjög rèttan skilníng á lögunum, og eyðir helgi þeirra og áliti, því það er rètt hugsun og ómeinguð skynsemi, sem á að drottna í mannfèlaginu, og henni verða lögin að fullnægja. Oss virtist nú, að ýmsar ákvarðanir í stjórnarfrumvarpinu hefði ekki þessa kosti til að bera, sem vèr nú nefndum, og höfum vèr gjört oss annt um að fjölga þeim, en eigi fækka.

Þær aðalgrundvallarreglur, sem vèr nú í fám orðum höfum drepið á, ætlum vèr að eigi ekki hvað sízt að takast til greina í slíkum lögum, sem hèr ræðir um, sem í fyllsta skilníngi eru gefin fyrir alþýðu manna hèr á landi, og viljum vèr nú, að svo mæltu, snúa oss að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Við 1. grein.

Það getur víst ekki verið neinum efa undirorpið, að eptir Jónsbókinni er hver og einn, er búinn var að ná 16 ára aldri, bær um að ráða sig í vist, og þessi regla lögbókarinnar liggur auðsjáanlega til grundvallar í fátækra reglugjörð fyrir Ísland 8. janúar 1834, 6. gr., sbr. opið brèf 8. júlímánaðar 1848. Það er því með öllu eðlilegt, að hin almenna rèttarvenja og rèttarmeðvitund manna hèr á landi hafi rótfest þessa reglu, enda munu þess engi dæmi, að vistarráð, er gjörð hafi verið af únglíngi 16 ára gömlum, hafi verið ógild gjör, af því hann hafi verið of úngur, til að ráða sig í vist, þar sem það á hinn bóginn gengst almennt við, að únglíngar á þessum aldri vistráða sig. Líti maður á tilsk. 21. desember 1831, I. 1. gr., sbr. 18. febr. 1847, og beri hana saman við fátækrareglugjörð 8. janúar 1834, sbr. opið brèf 6. júlímán. 1848, virðist það liggja beint við, að samrýma þessi lagaboð þannig, að tilskip. gefi reglur um fjárforræði manna, en reglugjörðin þar á móti um sjálfforræði þeirra. Auk þessa leiðir það beinlínis af hinni almennu reglu: *lex posterior derogabit priori*, þ. e. yngri lög breyta hinum eldri, að þó það hafi verið meiníng löggjafans með tilsk. 21. desbr. 1831, að innleiða einnig hèr á landi reglur D. L. 3—17 um sjálfforræði manna, þá er breytíng á þessu aptur gjör í reglugjörð 1834, sem einmitt gefur reglur um sama efni, því það getur engan veginn verið meiníng lagaboðsins, að sá skuli ver farinn að lögum, sem ekki elst upp á sveit, eður þá að sá, sem elst upp á sveit, hljóti að sjá fyrir sèr sjálfum, þegar hann er 16 ára, en megi það þó ekki í þeirri vist, sem hann á-

lítur sèr geðfelldasta og bezt henta. Af þessu leiðir þá aptur, að 18 ára aldurs takmark það, sem stendur í stjórnarfrumvarpinu, er nýmæli hèr á landi, og með því nefndin fær eigi sèð, að það komi í bága við rèttar löggjafarreglur yfir höfuð að tala, að úngir menn sè búnir að fá nokkra reynslu í því, að ráða sjálfum sèr, áður en þeir fá svo verulegan þátt í fjárforráðum sínum, sem löggjöfin heimilar þeim, er þeir verði 18 ára, nè heldur að lagaregla vor, sem nú er, þess vegna valdi ósamkvæmni í lögum vorum, eða misskilningi á þeim, þá vill nefndin, að í staðinn fyrir »18 ára« í stjórnarfrumvarpinu sè sett »16 ára«, og það því fremur, sem nýmæli þetta, auk annars, óneitanlega hefir í för með sèr ýms vandkvæði, allt þangað til fátækrareglugjörðinni 1834 og op. br. 1848 yrði breytt samkvæmt því; en um það er aptur alls eigi spursmál.

Þar á móti áleit nefndin, að það ætti alls kostar vel við, að binda gildi vistarráða þeirra, sem eru ófermdir, við vilja og ráð hlutaðeigandi sálusorgara. Ákvörðunina um, að foreldrar og aðrir forráðamenn geti veitt þeim, er hlut eiga að máli, myndugleika til að vista sig, gat nefndin ekki fallizt á, því að því leyti sem það kynni að verða álitið, að hún innibindi meir, en hinar almennu reglur um fullmakt, þá er mjög hætt við, að hún yrði misbrúkuð, og að því leyti, sem hún endurtekur þær, áleit nefndin hana ónauðsynlega. Síðasta málsgrein áleit nefndin að ætti að falla úr, samkvæmt 2. grein.

Við 2. grein.

Nefndin verður að vera á því, að hin almenna rèttarmeðvitund hèr á landi bindi vistarráð við eins árs tímabil, og víðast hvar frá 14. maí til 14. maí. Þó þess sè mörg dæmi, að hjú dveli hjá sama húsbónda um fleiri ár, kemur það alls ekki til af því, að slíkur samningur hafi verið gjörður fyrirfram, heldur er hann jafnan endurnýjaður ár hvert. Annað mál er það, að þegar hjú er búið að vera hjá húsbónda sínum fleiri ár, liggur það víst ekki fjærri skoðun alþýðumanna hèr, að þá megi hjú og húsbóndi hvort um sig gjöra svo ráð fyrir, að ekki verði breytt til um vistina, nema uppsögn eigi sèr stað frá annars hvors hálfu. Nefndin verður nú að ætla, að ísjárvert sè með nýjum lögum að gjöra nokkra breytíng á þessu, og getur því hvorki fallizt á, að löggilda lengri vistasamninga, en hèr hafa tíðkazt um land allt, og heldur ekki að breyta eðli þeirra þannig, að það skuli liggja í vistarráðum fyrir

eitt ár yfir höfuð, sem almenn regla, að þau haldist einnig næsta ár, nema uppsögn komi til.

Á hinn bóginn virðist nefndinni það miður vel við eiga hèr á landi, að gjöra vistarráð ónýt fyrir þá sök, að þau eigi eru gjörð fyrir heilt ár, og fær hún eigi betur sèð, en að slík ákvörðun bæði kæmi illa heim við 3. gr. frumvarpsins, er heimilar hjúi, að vistráða sig hjá fleirum sama árið, að helmíngi, þriðjúngi o. s. frv., eins og við hefir gengizt hèr á landi, og svo hefir hún einnig þann annmarka í för með sèr, að hver og einn, sem óvistaður væri á krossmessu, eða á einn eður annan hátt losaðist úr vist, eður færi úr henni eptir þann tíma, hlyti annaðhvort að vera vistarlaus til næstu hjúaskildaga, eða maður yrði að víkja frá reglunni í stjórnarfrumvarpsins 4. gr., sem nefndin varð að álíta miður vel til fallið. Aptur á mótl sýndist þó nefndinni óráðlegt, að einskorða vistarráðin við mánaðartíma, eins og gjört er í stjórnarfrumvarpinu, er hún óttaðist fyrir því, að slík einskorðun mundi miklu fremur trufla hina almennu venju hèr á landi, að hjú vistráði sig árlangt, en styðja hana, og þar sem gagnstæð venja kynni að eiga sèr stað, svo sem í kaupstöðunum, þá gjörði nefndin ráð fyrir, að bezt væri, að gefa henni lausan taum, með því hún líka varð að vera á þeirri skoðun, að það væri í sjálfu sèr ekki tímalengdin, sem gjörði verkasamninga að vistforráðum, heldur miklu fremur eðli og efni samníngsins að öðru leyti, og þær skyldur og rèttindi, sem innbyrðis af honum leiða.

Við 3. og 4. grein hefir nefndin eigi fundið ástæðu til að gjöra neinar breytíngar.

Við 5. grein.

Eptir breytíngu þeirri, sem nefndin hefir stúngið upp á við 2. gr. frumvarpsins, að engi vistarráð skuli vera bindandi til lengra tíma, en 12 mánaða í senn, virtist henni 5. gr. ekki gæti staðið, eins og hún er orðuð, því úr því vistarráðin í hvert skipti verða bundin þegar í öndverðu við þetta tímatakmark, hlýtur þeim að linna af sjálfu sèr, jafnskjótt sem það kemur; af þessu leiðir þá, að engrar uppsagnar þarf með frá húsbónda eða hjúsins hálfu, og að það eigi getur valdið ógildi vistarráða, að hún eigi hefir átt sèr stað. En með því það lifir í meðvitund manna hèr á landi, að það sè rangt, og ekki eigi að vera, að fala hjú frá öðrum, áður en afráðið er um vistarráð þess eptirleiðis hjá húsbónda, og þetta aptur gjörist almennast fyrir jól, er húsbóndi og hjú eru búin að

læra að þekkja hvort annað, þá hefir nefndin stúngið upp á því, að breyta 5. gr. frumvarpsins þannig, að ef hjú vistast hjá öðrum fyrir jól, þá sè það ógilt, nema afráðið sè um vistarráðin milli húsbónda og hjús eptirleiðis.

Við 6. grein.

Nefndin hlaut að öllu leyti að fallast á fyrsta kafla greinar þessarar, er hann virtist koma heim við hlutarins eðli, almennings venju og ásigkomulag allt hèr á landi. Þar á móti fèkk hún eigi betur sèð, en að báðir hinir síðari kaflar greinarinnar, er gefa reglu um það, hvað af því skuli leiða, ef húsbóndi vanrækir skyldu sína, að vitja hjúsins, sè miður vel tilfallnir. Reglur þessar virtust nefndinni mikils til of flóknar og margs konar vafa undirorpnar, eins og hún fèkk eigi heldur sèð, að þær að öllu leyti væri svo samkvæmar almennum rèttarreglum, sem óskanda væri. Nefndin varð að álíta, að það kæmi bezt heim við grundvallarregluna í fyrsta kafla greinarinnar, að sá húsbóndi, sem eigi vitjaði hjúsins, ætti að fullu að bæta því þessa forsómun sína. Á hinn bóginn virtist nefndinni, að taka yrði tillit til þess, að opt er langur vegur að flytja hjú í vist hèr á landi, vegir opt og tíðum lítt færir og ýmislegt annað, er gæti hindrað húsbóndann. Samkvæmt þessu þótti nefndinni rèttast, að húsbóndi vitjaði hjúsins, eður þá á annan veg ráðstafaði því, kostaði dvöl þess, þar sem það er, gildi því umsamið kaup; en að hjúið að sínu leyti ynni húsbóndanum það gagn, er það gæti, á þeim stað, sem það er á. En með því nefndin gjörði ráð fyrir, að húsbóndi jafnan gæti vitjað hjúa sinna fyrir þíngmaríumessu, eptir því sem tilhagar ferðum og flutníngum hèr á landi, áleit hún, að hjúið ætti ekki, að sínu leyti, að vera bundið lengur við vistina, en til þess tíma, og að húsbóndi væri þá jafnsekur við hjú, eins og það sjálft flyti sig til hans, og hann vili eigi við því taka án lögmætra orsaka, að fráskildum ferðakostnaði hjúsins. Að öðru leyti virtist nefndinni, að tilfelli þessi eigi að varða ábyrgð fyrir húsbónda, samkvæmt hinni almennu reglu um vistarrof frá húsbóndans hálfu í 10. grein.

Við 7. grein.

Nefndinni virtist það vera ógjörníngur, að telja upp öll þau atvik, er gæti gefið húsbóndanum heimild til að segja upp vistarráðum við hjú, og áleit miklu hentara, að gefa almennar reglur, er byggðar væri á því, sem viðgengst um samníng manna á meðal yfir höfuð, og eptir þessari grundvallarskoðun ræður nefndin til, að

hver sá hjúasamníngur geti orðið rofinn af húsbónda, sem álíta verður, að hann hafi gjört við hjúið, sökum þess, að það hefir dregið hann á tálar, með því að telja sèr til gildis þá kosti eður hæfilegleika, sem það ekki hefir til að bera, eður þá með því móti, að leyna á sèr ókostum þeim, sem á því eru. Það er nú að vísu svo, að þessi regla kemur því að eins til greina, að húsbóndi hafi eigi þekkt hjúið svo, að hann vissi kost og löst á því, eins og maður varla getur heimtað það af ókunnugu hjúi, að það sjálfkrafa og að fyrra bragði teli upp ókosti sína; en eins og hin fyrri mótbáran á fullt eins vel við hin einstöku atriði, sem tekin eru fram í stjórnarfrumvarpinu yfir höfuð að tala, þannig virðist það og æskilegt, að lögin sè svo löguð, að húsbóndi fái hvöt til þess, að kynna sèr um hagi hjúsins, áður en hann ræður það til sín í vist, sè það honum ókunnugt, og það sè tekið sem ítarlegast fram í samníngum millum hjús og húsbónda, fyrir hverju hann hefir hjá því að gangast. Fyrir utan þessa almennu reglu, sem miðar sig við sjálfan vistasamninginn, áleit nefndin nauðsyn á, að taka ýms önnur atvik til greina, er fyrir gæti komið, eptir að vistaráðin væri gjörð, en áður en hjúið kæmi í vist sína. Í þessu efni gat nefndin ekki annað, en fallizt á 8. gr., 6. atr., í frumvarpi stjórnarinnar, er öll sanngirni mælir fast með því, að húsbóndi sè ekki skyldur að taka á móti hjúi, sem vissa er fyrir, að verði ómagi um lengri tíma, en hefir að eins breytt timanum samkvæmt næstu grein á undan og látið takmarkið vera þíngmaríumessu. Eins virtist það sjálfsagt, að húsbóndi mætti losa sig við slíkt hjú, er fremur svívirðilegan glæp, eptir að það er vistráðið hjá honum, og loksins áleit nefndin, að hvert það hjú, er gjörir svo stórkostlega á hluta húsbónda, náúnga hans eður heimilisfólks, að það á að varða burtrekstri þess úr vist, þegar það er í hana komið, ætti sökum þess einnig að missa allan rètt til vistarinnar hjá húsbónda, þó það eigi væri til hans flutt, því eins og fullar líkur eru til, að slíkt hjú jafnan mundi illa reynast, þannig virðist og, að meðvitund hjúsins um skyldur sínar við tilvonanda húsbónda sinn ætti þegar að kvikna, er það ræðst í vist til hans. — Þar á móti verður nefndin að ráða til, að 1., 2., 3., 4., 5. og 7. atriði falli burt;

að 1. það virðist næsta ísjárvert, að skipa svo fyrir, að það hjú, sem einhvern tíma hefir drýgt glæp, sè alla sína æfi rækt úr vist fyrir þær sakir, þótt aldrei nema húsbónda væri

það ókunnugt, þar sem þó hjúið vel getur hafa bætt ráð sitt um lengri tima.

a, að 2. Þessi ákvörðun virtist nefndinni óþörf og ekki, strangt tekið, rètt; það mun sumsè hvorttveggja, að húsbónda mun vart vera það ókunnugt, ef hjú hefir hegðað sèr illa þar, sem það var síðast í vist, enda ætlar nefndin, að það sè að eins það, sem beinlínis eður óbeinlínis kemur fram við hann, er rèttlæti í raun og veru brigði á vistinni við hjúið; gagnstæð grundvallarregla mundi leiða af sèr ýmsa annmarka.

b, að 3. Nefndin áleit, að þessi ákvörðun væri miður vel til fallin af sömu ástæðum og hún taldi við 1. atriði, því þó hjúið einhverstaðar, þar sem það hefir verið í vist, hafi tælt börn til illra verka, getur það hæglega hafa sèð svo að sèr, að engi ástæða sè til að gjöra það vistarrækt síðar meir, enda innibindur og orðið: »börn« enda fullorðið fólk, þegar aldur þeirra er ekki til tekinn, sem eigi þarf ráð fyrir að gjöra, að hjúið tæli til ills.

að 4., 5. og 7. Það sem hèr er tekið fram, ætlar nefndin, að eigi geti varðað vistarbrigðum, nema að svo miklu leyti sem það flýtur af 1. atr. þessarar greinar, eins og nefndin hefir ráðið til, að hún yrði orðuð.

Við 8. grein.

Nefndinni þótti betur fara á því, að taka það með berum orðum fram, að hjúið sè skylt að fara í vist til húsbónda, er hann vitjar þess, eins og tilsvarandi skylda húsbóndans þannig er tekin fram í 6. gr.; og nefndin hefir og álitið rèttast að orða þessa grein að öðru leyti sem bezt mátti verða í þá átt, að það blasti við í lögunum allur jöfnuður á þeim skyldum, sem hvíla á húsbónda og hjúi innbyrðis. Samkvæmt þessu hefir nefndin stúngið upp á, að þessi grein lagaboðsins gæfi einfaldar og almennar reglur, álíka og gjört er í fyrnefndri grein.

Við 9. grein.

Nefndin gat ekki betur sèð, en að tilfelli það, sem þessi grein hljóðar um, sè svo einstaklegs eðlis, og þar að auki svo hægt, að heimfæra það undir reglur þær, sem eiga við samkynja tilfelli í lögum þessum, einkum 12. gr., að það væri með öllu óþarft og jafnvel miður rètt, að gefa um það sèrstaka reglu; aptur á móti þótti nefndinni nauðsynlegt, að taka fram í þessari grein ástæður

þær, er lögmætar væri fyrir hjú, til að skorast undan því að fara í vist til húsbónda, og að því leyti, sem unnt er, svöruðu til þess, sem fyrir er mælt í 7. grein; 13. gr. frumvarpsins, sem talar um þetta efni, þótti nefndinni miður vel til fallin, því bæði er það, að maður getur varla gjört ráð fyrir því hèr á landi, að hjú sè svo ókunnugt um húsbónda, eins og þar virðist vera gjört ráð fyrir; enda þótti nefndinni ærið ísjárvert að gefa hjúum kost á slíkri rannsókn um húsbændur sína, sem greinin ræðir um; þess ber sumsè vel að gæta, að grein þessi talar um ávirðíngar, sem húsbóndi hefir gjört sig sekan í við önnur hjú, en það, sem hlut á að máli, og þó hjúinu sè lögð á herðar sú skylda að sanna sögu annara, er slíkt mun optast vera byggt á, þá mundi niðurstaðan verða sú, ef þessi grein yrði gjörð að lögum, að slaður og rógburður óhlutvandra hjúa mundi jafnan nógur til að spilla vistarráðum húsbænda og hjúa á milli, og verður nefndin að álíta slíkt með öllu óhæft. Það virðist ólíkum mun rèttara, að taka inn í þessa grein, sem eptir tillögum nefndarmanna verður 9. grein, þær ávirðíngar eður atvik, sem á einhvern hátt snertir hjúið sjálft, eða gjörir því veru sína hjá húsbónda óþolandi, og gagnstæða því, sem ætlast mátti til, er um vistarráðin var samið, og hefir nefndin leitazt við að orða grein þessa í þessa stefnu svo vel, sem hún hafði föng á, og virtist henni vel eiga við, að taka inn í greinina meðal annars síðustu málsgrein 14. greinar frumvarpsins, þar sem henni aptur á móti fannst með öllu ógjörníngur að fallast á fyrstu málsgrein hennar, er hún jafnvel gæti valdið því, að hjú væri ekki skyldugt, að flytja til húsbónda síns á næsta bæ, ef honum hefði gleymzt að gjöra ráð fyrir því við hjúið; liggur það í augum uppi, að slík ákvörðun á alls ekki við hèr á landi.

Við 10. og 11. gr.

Eins og drepið er á í hinum almennu athugasemdum nefndarinnar við frumvarp stjórnarinnar, virtist nefndinni, að reglur þær, sem frumvarpið gefur um afleiðíngar þær, sem skilmálarof milli húsbænda og hjúa eigi að hafa yfir höfuð, vera heldur en ekki margbrotnar, og þó alls eigi svo lagaðar, að þær fremur en almenn regla gæti vegið eður mælt strangan rètt eður sanngirni milli húsbænda og hjúa. Nefndin ætlar miklu fremur, að slík fjölyrði og óragrúi af ákvörðunum híngað og þangað í lögunum gjöri það einúngis að verkum, að alþýða trauðlega geti fundið til helgi laganna, sem er undir því komið, að hin almenna regla, sem allt þetta

byggist á, þrengi sèr sem bezt inn i rèttarmeðvitund manna. Einkum af þessum ástæðum hefir nefndin kosið að gefa almenna reglu fyrir því, ef hjú svíkur húsbónda, eða hann hjú, og ætlar hún, að hentast muni að benda að eins til þessarar grundvallarreglu, þar sem við á í lögunum og samkynja atvik bera að höndum, og gefa svo aptur, þar sem bezt þætti við eiga, almenna reglu fyrir því, hvernig beygja skuli grundvallarregluna og laga eptir eðli hinna margbreyttu atvika, sem undir hana lúta. Nefndinni virtist og, að skipulag lagaboðsins mundi verða ljósast og bezt með því, að setja þessa grundvallarreglu á þann stað í lögunum, þar sem fyrst er gjört ráð fyrir vistarbrigðum frá húsbónda og hjúa hálfu, bæði eptir rèttri hugsun, og eins eptir þeim tíma, er hjúasamningurinn miðar sig við. Eptir þessu fannst nefndinni það bezt til fallið, að láta 10. gr. laganna hljóða um það, hvað húsbóndi skyldi greiða hjúi, ef hann sviki það um vist, og þá 11. gr. um það, hverju það varðaði frá hjúsins hálfu, ef það brygðist húsbóndanum. Nefndin getur nú ekki leitt hjá sèr að geta þess, að henni virðist sú aðalskoðun frumvarpsins, að það sè ósaknæmara fyrir húsbónda eða hjú, að rjúfa vist, áður en hjúið er komið til húsbónda, vera á miður rèttum rökum byggða. Að vísu verður því alls eigi neitað, að svo megi opt ráð fyrir gjöra, að húsbóndi og hjú, hvort um sig, eigi hægra með að bæta sèr vistartjónið, sè vistin rofin fyrir hjúaskildaga, eður, sem þó, ef til vill, ekki verður eitt og hið sama, áður en það kemur í vistina. En að gjöra þetta sjónarmið að mælikvarða fyrir því, hvað húsbóndi eður hjú skuli greiða hvort öðru fyrir vistarsvik, er, eptir því sem nefndin fær bezt sèð, ekki alveg rèttur lagalegur skoðunarmáti (strængt retligt Standpunct), og sem, ef vel er að gáð, hefir marga annmarka í för með sèr. Það, sem hèr ræðir um, eru samníngar og afbrigði út af þessu, sem stríðir gegn lögum og rètti. Það er þar fyrir utan samníngar, sem eiga að vera og verða í almennings augum svo tryggir og órjúfanlegir, sem framast má verða, því undir þeim er komin velferð bænda í landi voru yfir höfuð, sem aptur eru máttarstólparnir undir velferð og velmegun þjóðar vorrar. Því meira sem nú brotið er á samníngnum í sjálfu sèr, því harðara á á því að taka; en þá er brot mest á samníngi, er menn geta ekki gjört ráð fyrir, að nein lögmæt ástæða til þess sè; hafi menn þetta fyrir augum, og gæti jafnframt að því, að það er mjög svo ólíklegt, að húsbóndi og hjú hafi nokkuð til saka hvort við annað, áður en hjúið kemur í vist-

ina, nema þá því að eins, að brotið sè augljóst, og engum vafa undirorpið, þar sem það á hinn bóginn optast nær verður örðugra, að komast til hlítar eptir því, sem húsbónda og hjúi kann að bera á milli, hvoru við annað, er það er komið á heimili hans; gæti maður þessa, segjum vèr, og svo hins, að stjórnarfrumvarpið, eins og líka nefndin verður að ætla að rèttast sè, miðar ekki útlát húsbónda við hjú, eður útlát þess við hann, við þann skaða, sem þau í það og það skiptið, eptir kríngumstæðunum hafa orðið fyrir, og sanna, að þau hafa beðið, heldur ákveður þau eptir vissum, almennum mælikvarða, þá virðist það auðsætt, að þær fyllstu bætur fyrir vistarrof eigi einmitt við, þegar húsbóndi eður hjú rjúfa vistina, áður en hjúið er komið í hana; þetta verður enn þá ljósara, ef menn hyggja að því, að sè hjúið komið einu sinni í vistina, þá muni bæði húsbóndi og hjú kinoka sèr við því, bráðlega að gjöra svo hvort á annars hluta, að vistarrof sè, eða þá slíta vistinni án orsaka; en sè hjúið búið að vera hjá húsbónda um hrið, er vistarsamníngurinn einnig á báða bóga að nokkru leyti uppfylltur, svo að það er einúngis tíminn, sem eptir er, sem þá er um að ræða.

Hvað því næst það snertir, hvað hæfilegt sè, að húsbóndi bæti hjúi eður hjú honum, svíki þau hvort annað um vist ástæðulaust, þá gat nefndin ekki betur séð, en að regla Jónsbókarinnar sè í alla staði sú, sem næst muni komast rètti og sanngirni í þessu efni, og að hún sè einnig byggð á þeirri grundvallarskoðun, sem nefndin hefir fram á. Eptir þessari reglu á húsbóndi, ef hann ranglega bregður vist við hjú sitt, að gjalda því slíkt kaup, er hann hafði heitið því, og matarverð, sem óeytt er, og það flýtur þá af sjálfu sèr, að það verður að vera matarverð fyrir allan þann tíma, sem um var samið, sem húsbóndinn á að greiða hjúi, svíki hann það, áður en það kemur í vist til hans, því þá er matarverð allt óeytt. Þessari reglu hefir nú nefndin fylgt, og álitið að eins nauðsynlegt að ákveða upphæð matarverðsins 1 hundrað á landsvísu, svo að það hvorki yrði óákveðið, eða vafa undirorpið, nè heldur svo hátt, að mönnum yrði ofvaxið að greiða það, eptir því sem lífsnauðsynjar nú eru orðnar dýrar hèr á landi, og efnahagur manna almennt bágborinn. Þess ber líka að gæta, að gjöra má ráð fyrir, að hjúið á hverjum tíma árs sem er, muni ætíð geta unnið að nokkru leyti fyrir sèr, og þótt það aldrei nema hafi verið rekið ranglega úr vist, eiga lögin þó ekki að vera svo, að hjúið fyrir þær sakir hafi freistni til þess, að leggjast í leti og ómennsku.

Regla Jónsbókarinnar um það, að hjú, sem riptar vist við húsbónda, skuli borga honum slíkt, er hann átti að greiða því, erbæði með öllu samkvæm því, er hún ákveður um skyldu húsbóndans við hjúið, og líka án efa í sjálfu sèr með öllu rètt, svo að nefndinni gat ekki blandazt hugur á því, að aðhyllast hana.

Við 12. gr.

Þess er áður getið, að nefndinni virtist innihald hinnar 9. greinar í stjórnarfrumvarpinu svo einstaklegt, að óþarft mundi, að hafa um það sèrstaka grein, og það því síður, sem það virðist samkynja því, sem 10. gr. frumvarpsins ræðir um. Munurinn á þessum greinum er nefnilega í raun og veru ekki annar, en sá, að hjúið eptir 9. grein hefir seinna meir undir gengizt, eður boðið húsbónda að flytja sig í vistina, þar sem 10. grein ráðgjörir, að hjú og húsbóndi hafi þegar í öndverðu samið um þetta atriði sín á milli. En eins og þessi tilfelli eru náskyld, þannig virðist það alls eigi eiga við, að gjöra slíkan mun á þeim, eins og gjörður er í 9. og 10. gr. frumvarpsins, og einkum fær nefndin með engu móti sèð, hver skynsamleg ástæða getur verið fyrir því, að hjúið geti dregið komu sína í vistina fram að fardögum, af því það, eptir að vistarráðin voru gjörð, hefir lofað að flytja sig í vistina, en má ekki gjöra það viku lengur, hafi það undir gengizt strax að sjá um flutníng sinn í hana. Eptir þessu varð nefndin að álíta rèttast, að búa til eina grein, er gæti innibundið í sèr bæði 9. og 10. grein frumvarpsins. En nefndin verður nú enn fremur að geta þess, viðvíkjandi þessari grein, að hún gat ekki sèð, að það væri rètt, að gjöra svo mikinn mun á því tilfelli, að hjú ætti að flytja sig í vist, og hinu, að húsbóndinn ætti að sjá um flutníng hjúsins í vistina, eins og gjört er í stjórnarfrumvarpinu; því í raun og rèttri veru er alls engi annar munur á þessu tvennu, en sá, sem flýtur af þessum einstaklega samníngi, en að öðru leyti verður skylda húsbónda og hjús, hvort við annað, alveg hin sama og ella. Nefndin hefir þess vegna farið því fram, að í þessari grein væri vísað til greinanna á undan um sama efni, nl. 7., 8., 9., 10. og 11. gr., en að það jafnframt væri tekið fram, að sá samníngur, er hèr ræðir um, ætti að haldast, eins og um væri samið, og að brot á honum varðaði vistarrofum frá hálfu hjúsins; nefndinni þótti bezt við eiga, að láta sömu reglu gilda hèr, og gefin er í 8. gr., þegar hjú, sökum veikinda, ekki getur farið i vist, þegar húsbóndi vitjar þess, og því er sjálft skyldugt til að flytja sig á sinn eiginn kostnað; 11., 12., 13. og

14. grein frumvarpsins álítur nefndin, að eigi að falla burt. Hvað viðvíkur 11. grein, þá virðist hún hèr á landi næsta óþörf, þar ekki þarf að gjöra ráð fyrir, að nokkur húsbóndi muni leyfa sèr að halda hjúi með ofbeldi og ofríki frá því að fara úr vist, og flytja til húsbónda síns, enda getur nefndin eigi sèð betur, en að þetta tilfelli, ef það annars kæmi nokkurn tíma fyrir, heyrði beinlínis undir sakarlögin 4. október 1833, eins og það væri auðvitað, að sá húsbóndi, sem rètt ætti á hjúinu, ætti heimtíng á fullum skaðabótum hjá þeim, sem hèldi því kyrru, fyrir vinnutjón það og skaða, sem hann hefði orðið fyrir. Viðvíkjandi 12. grein frumvarpsins, getur nefndin ekki fallizt á þann mun, sem þar er gjörður á því, að ripta vistarráðin fyrir og eptir jól, og álítur rèttara, samkvæmt aðalskoðun hennar á málinu, sem áður er greint, að farið sè eptir hinni almennu reglu í 6. grein.

Um 13. og 14. gr. er áður talað í 9. gr.

Við 13. og 14. gr. Nýjar greinir, sbr. frumvarpsins 18. gr.

Á þessum stað, eða næst eptir frumvarpsins 12. grein, áleit nefndin, að bezt ætti við að láta koma frumvarpsins 18. gr. En viðvíkjandi henni getur nefndin þess, að henni þótti innihald hennar allt of takmarkað. Nefndin varð sumsè að álíta, að það ekki að eins gæti komið fyrir, að hjú fengi annan, til að gegna einstöku verkum fyrir sína hönd, sem greinin einkum mun ræða um, heldur einnig, að það vildi algjörlega losast ur vistinni, með því að það útvegaði annað hjú í sinn stað, og með því þetta hvorttveggja virðist leyfilegt, ef húsbóndi gefur lof sitt og leyfi til þess, og alls ekki er svo ótítt hèr á landi, fèkk nefndin ekki betur sèð, en hvorttveggja þetta ætti að takast inn í hina einu og sömu grein, er þá yrði sú 13. í röðinni. En í sambandi við þessa ákvörðun, fannst nefndinni einnig nauðsynlegt, að gefa í nýrri grein, eða 14. gr., húsbónda leyfi til þess að skipta um vist við hjú sitt, ef það samþykkti það, þar nefndin þóttist sjá fram á, að menn ella kynni að álíta slíkt óleyfilegt, sem þó hefir opt borið við hèr á landi, ellegar þá skildi lögin þannig, að húsbóndi væri í þessu efni rètthærri, en hjúið, sem væri hættulegur misskilningur á lögunum, þá virtist og nefndinni bezt eiga við, að taka inn í þessa grein líka 30. gr. frumvarpsins, þannig breytta, eins og henni fannst nauðsyn á vera. Í þessu tilliti getur nefndin þess, að henni virtust orðin: »Á þann hátt — hinn látna« óþörf, og orðin: »þó ber svo — tímabil« verða að ganga út, eptir því, sem áður er sagt. Eins áleit

nefndin, að síðasta málsgrein greinarinnar verði réttari, ef hún sè orðuð þannig, að búinu sè skylt að útvega hjúi aðra jafngóða vist, og ella gjalda því laun fyrir vistarrof.

Við 15. gr., frv. 16. gr.

Nefndinni þótti betur fara, að láta frumvarpsins 16. gr. ganga á undan hinni 15., og skjóta inn í byrjun hennar orðum, sem gæfi til kynna þá breytíngu á efninu í lögunum, sem kemur við þessa grein; að öðru leyti er þessi grein frumvarpsins óbreytt.

Við 16. gr., frumv. 15. gr., sbr. 38.

Nefndin stíngur upp á, að við þessa grein sè bætt innihaldi 38. gr. frumvarpsins, þannig breyttu, að hjúið hafi í þrotabúi húsbónda forgangsrètt til síðustu 12 mánaða kaups; þessi ákvörðun finnst nefndinni réttari, en sú, sem er í 38. gr. frumvarpsins, því hún veit ekki til, að D. L. 5—14—37. sè í heild sinni lögleiddur hèr á landi, nè heldur opið brèf 23. júlí 1819.

Við 17. gr., frv. 17. gr. óbreytt; frv. 18. gr. sjá 13. gr. að framan.

19. gr. frumvarpsins, stíngur nefndin upp á, að falli burtu, því hún virðist óþörf eptir innihaldi hinnar 17. greinar.

Við 18. grein.

Þessi grein er orðrètt, eins og frumvarpsins 20. grein.

Við 19. grein.

Þessi grein er eins og frumvarpsins 21. grein, nema hvað nefndin ræður til, að láta ákvörðunina um vandarhaggarefsíngu, og í Reykjavík vatns- og brauðshegníngu í 5—10 daga, falla burtu, er henni virðist þessi hegníng of hörð.

Við 20. gr., frv. 22. gr.

Nefndin fær ekki betur sèð, en að húsagi hèr á landi sè með öllu nauðsynlegur, og að það sè miður rètt að gjöra mun á því, hvort hjúin eru úng eða gömul. Hitt álítur hún þar á móti réttara, bæði að binda húsagann við það skilyrði, að hjúið sýni húsbóndanum persónulega áreitni í orði eður verki, og svo að takmarka hann þannig, að hvorki sè misboðið velsæmistilfinníngu hjúsins, eður því sè misþyrmt, svo það bíði meiðsli af eður skaða. Og til þess ítarlega að girða fyrir vanbrúkun á þessum rètti húsbónda, hefir nefndin viljað, að það væri með berum orðum tekið fram í lögunum, að ef húsbóndi gengi fram yfir þessi takmörk, væri hann jafnsekur, og hann refsaði vandalausum manni. Þegar húsaginn verður þannig lagaður, getur nefndin ekki álitið rètt, að hegníng

sú, sem hjúið hefir bakað sèr fyrir áreitni sína, falli burtu, því hann verður að eins eins konar rèttur, til að verja hendur sínar og persónu fyrir hjúsins röngum árásum, sem húsbóndinn á að geta gjört, til að halda við hlýðni og reglu á heimili sínu.

Við 21. gr., frv. 23. gr.

Þessi grein frumvarpsins fannst nefndinni ekki eiga við hèr á landi, þar sem mjög sjaldan getur verið spursmál um fangelsi fyrir utan Reykjavík, eins og líka það flýtur af sjálfu sèr, að ákvörðun á ekki við, þegar vistarráðunum er þrotið, og húsbóndi því átti ekkert kaup að gjalda hjúinu. Henni virtist ólíkum mun rèttara að gjöra ráð fyrir vinnutjóni á hjúum fyrir glæpi þess og yfirsjónir, svo sem meðan rèttarrannsókn væri yfir því haldin, og að hjúið þá skyldi missa kaup fyrir þann tíma, og gjalda húsbónda fullar skaðabætur, ef hann sannaði, að hann hefði orðið fyrir meira skaða, en kaupinu nemur; að öðru leyti flýtur það af sjálfu sèr, og þarf eigi að takast fram, að þetta hvorttveggja er bundið því skilyrði, að húsbóndi sè ekki samsekur með hjúinu.

Við 22. gr., frv. 25. gr.

Nefndin stingur upp á, að í stað orðanna: »Og það sè að — aðferð«, verði sett: »af sjálfsvöldum«, því ótilhlýðileg aðferð eru ógreinileg orð, sem geta valdið misskilningi; einnig fannst nefndinni, að betur færi, að 25. gr. væri sett á undan 24. gr. frv.

Við 23. gr., frv. 24. gr.

Þessi grein er óbreytt, nema hvað nefndin ræður til, að orðin: »eður af hverri annari orsök« verði sett í staðinn fyrir orðin: »eða af hverri annari — aðferð« þar þau eru tvíræðari.

Við 24. gr., frv. 26. gr.

Þessi grein frumvarpsins er óbreytt, nema hvað það flýtur af greinaröð nefndarinnar, að (»22. og 23. gr.«) hlýtur að koma í staðinn fyrir (»24. og 25. gr.«).

Við 25. gr., frv. 27. gr.

Nefndin varð að öllu leyti að fallast á grundvallarregluna í þessari grein frumvarpsins, en hún verður þó jafnframt að stinga upp á því, að áherzlan sè lögð á það, hvort hjúið fer burt úr vistinni, sakir veikinda, fyrir tilstilli húsbónda, því þetta innibindur líka það, ef húsbóndi án samnings gjörir hjúinu svo harða kosti, að það neyðist til að fara í burtu, og virðist einnig nauðsynlegt, að taka það fram, að húsbóndi ætti að endurgjalda þeim, sem þá hefði þyngsli af hjúinu í veikindum þess.

Við 26. gr., frv. 28. gr.

Þessi grein er eins og greinin í frumvarpinu, nema hvað »23. gr.« verður að setjast fyrir: »24. gr.« eptir greinaröðinni á undan.

Við 27. gr., frv. 29. gr.

Á byrjun greinar þessarar í stjórnarfrumvarpinu fellst nefndin með öllu, en þar á móti fannst henni næsta ísjárverð sú ákvörðun, að hjúið skyldi endurgjalda sveit þeirri, sem það er í, kostnaðinn aptur; hún varð að álíta réttara, að með þetta lán úr sveitarsjóðnum, þar sem hjúið dvelur, væri farið eins og annað sveitarlán, þannig, að framfærsluhreppur hjúsins endurgyldi það, ef annar væri. Ef þessi ákvörðun væri ekki gjörð, mundi sem optast svo fara, að hreppur sá, sem hjúið dvelur í, kæmi til að bera þýngsli af fátækum hjúum, sem ætti framfærsluhrepp annarstaðar, en það virðist nefndinni óeðlileg breytíng frá hinum gildandi lögum um fátækra styrk. Seinni hluti greinarinnar, hefir nefndin stúngið upp á, að væri svo orðaður, að um greptrunarkostnað hjúsins skyldi farið eptir sömu reglu, sem lækníngakostnaðinn í fyrstu málsgrein.

Frumvarpsins 30. gr. fellur burt, sjá 14. gr. að framan.

—— 31. - — — — 2. og 5. gr. að framan.

Við 28. gr., frv. 32. gr. og 14. gr., 2. málsgrein breytt.

Í staðinn fyrir 1. atriði í þessari grein ræður nefndin til, að vísað sè til 7. gr. 1. og 2. atr. a, sem innibindur nærri hin fyrstu atr. frumv. í þessari grein; 2., 3., 9., 10., 11., 12. og 15. atr. þeirrar greinar stíngur nefndin upp á að falli burtu;

Að 1. Að hjú sè rekið úr vist fyrir þær sakir, að það hafi sætt hegníngarvinnu, hefir eigi átt sèr stað hèr á landi; fyrst er það, að slík dæmi eru fremur sjaldgæf, og svo mun það varla nokkurn tíma geta að borið, að menn eigi viti, að svo standi á fyrir hjúinu, sem hèr er gjört ráð fyrir, og yrði þá þessi ákvörðun þýðíngarlaus.

Að 3. Eins og alkunnugt er, og áður er getið, er fangelsi hèr svo sjaldgæft, að þetta atriði virðist eigi eiga við, enda virðist það næsta hart, að hjú skyldi geta orðið rekið úr vist fyrir grunsemi fyrir glæp, sem það svo eptir á yrði, ef til vill, dæmt sýknt saka fyrir.

Að 9. Þessi ákvörðun fellur beinlínis undir hina almennu reglu í 7. gr., og er hèr því óþörf.

Að 10. Nefndin fær eigi betur sèð, en að þetta atriði sè þess eðl-

is, að það hljóti að liggja í augum uppi, að það geti alls eigi átt við hèr á landi.

Að 11. Jafnvel þótt nefndin játi, að það væri æskilegt, ef unnt væri, að hamla lauslæti hjúa, verður hún þó að álíta, að það sè miður heppilega tilfallið, að taka það inn í lögin, að það varði því, að húsbóndi geti rekið hjú úr vist fyrir þær sakir.

Að 12. Þessi ákvörðun virðist nefndinni geta innibundizt í hinni almennu reglu í 7. gr., og að því leyti, sem hún ekki gæti heimfærzt undir hana, virðist hún of hörð móti hjúinu.

Að 15. Eins og um er talað við 7. gr. hèr að framan, virðist þessi ákvörðun ekki eiga við hèr á landi, þar sem engar vitnisburðarbækur eru innleiddar. Eptir þeim breytíngum, sem nefndin hefir stúngið upp á við þessa grein, flýtur það af sjálfu sèr, að hin almenna ákvörðun í enda hennar á miður vel við, og ræður nefndin því til, að hún falli burt.

Við 29. gr., frv. 34. gr. breytt.

Nefndin stíngur upp á, að í stað orðsins: »fer« í 7. lið, setist »flytur«. Henni hefir og betur þótt fara á þeirri greinaröð, að 34. gr. frumvarpsins væri höfð á undan 33. gr.

Við 30., 31., 32. og 33. gr., frv. 33., 35., 37. og 36. gr. breytt.

Eins og talað er um við 10. og 11. gr. að framan, þótti nefndinni það rèttast, að gefa almenna reglu um vistarrof frá húsbænda og hjúa hálfu, er yrði löguð eptir kríngumstæðunum á sem rèttastan og sanngjarnastan hátt. Í þessu tilliti virðist það þá auðsætt, að matarverð það, sem húsbóndi á að greiða hjúinu fyrir vistarrof, hlýtur að minnka í hlutfalli við tíma þann, sem það hefir dvalið í vistinni, svo að það er að eins kaupið og matarverð fyrir þann tíma, sem eptir er, sem húsbóndi á að greiða hjúinu. Á hinn bóginn hlýtur og hjúið, þegar það riptar vistinni einhvern tíma á árinu, að eiga kaup skilið fyrir þann tíma, sem það hefir unnið húsbóndanum, svo það á aðeins að greiða húsbóndanum eins mikið, og svarar þeim hluta kaupsins, sem óunnið er fyrir; en fyrir þá sök, að það getur verið undir atvikum komið, hvernig jafna eigi niður kaupinu, á ýmsum tima árs, ræður nefndin til, að þetta sè ákveðið eptir mati tveggja óvilhallra manna, undir eiðs tilboð í hvert einstakt skipti. Að öðru leyti getur nefndin þess, að henni fannst sjálfsagt, að gjöra engan mun á því, hvað vistarrofin sjálf snerti, hvort húsbóndi eður hjú ripti vistarráðum, þannig, að þau sliti

vistinni án orsaka, eður þá gjörði svo hvort á annars hluta, að hitt fengi rètt á því, að slíta henni, svo framarlega sem þau nota sèr þennan rètt. Þar á móti flýtur það af sjálfu sèr, að hjú og húsbóndi, hvort um sig, hljóti að sæta þeirri hegningu og skaðabótum, sem þau í þessu seinna tilfelli kunna að hafa bakað sèr eptir öðrum lagaákvörðunum, og hefir nefndin ráðið, að gefa um þetta einslátandi ákvörðun í enda 30. og 31. gr. Loksins þótti nefndinni sú greinaröð betur fara, að 37. gr. frumvarpsins stæði á undan 36. gr.

Frumvarpsins 38. gr. fellur burt samkvæmt 16. gr.

Við 34. gr. Ný grein.

Nefndinni fannst öll þörf á, að gefin væri regla í lögunum um það, hvernig að skyldi farið, ef hjú er ráðið heima fyrir næsta ár, og hjúið eða húsbóndinn riptar vistinni, áður en hið nýja vistarár byrjar, og stingur hun þá upp á, að þetta verði álitið sem vistarrof fyrir bæði árin, það sem er að líða, og líka hitt, sem á eptir fer, og að því sè í þessari grein vísað til þeirrar greinar á undan, sem reglurnar fyrir hvorutveggja standa í.

Við 35. gr., frv. 39. gr. breytt.

Af því það getur verið miklum vanda og vafa undirorpið, hvernig heyja skuli fjárnám það, sem ræðir um í frv. 39. gr., stingur nefndin upp á, að við enda þessarar greinar sè bætt ákvörðun um, að sá, sem fjárnámið gjörir, skuli með tveim skilríkum mönnum, er hann með sèr kveður, leggja út skuldina í þeim gjaldgengum aurum, sem húsbóndi vill helzt án vera.

36. gr., frv. 40. gr. óbreytt.

Frv. 41. gr. fellur burtu, samkvæmt því, sem áður er sagt.

Við 37. gr., frv. 42. gr. breytt.

Vegna greinatölu nefndarinnar, verður nefndin að stínga upp á, að 26. gr. setist i staðinn fyrir 28. gr.

Samkvæmt öllu framangreindu ræður nefndin hinu heiðraða alþingi til, að aðhyllast frumvarpið, með breytíngum þeim, sem hún hefir gjört við það, og verður frumvarpið eptir þeim, eins og meðfylgjandi fylgiskjal sýnir.

Reykjavík, 2. d. ágústm. 1861.

Jón Sigurðsson, skrifari. *Pètur Pètursson*, formaður. *Benedikt Sveinsson*, framsögumaður.

Ólafur Jónsson, fjærverandi. *Páll Sigurðsson.* *Guðmundur Brandsson.*

Indriði Gíslason.

Nefndar-frumvarp

til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi með breytíngum nefndarinnar.

1. gr., frumv. 1. gr. breytt.

Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem ýngri eru, en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

2. gr., frumv. 2. gr. breytt.

Engi vistarráð skulu vera bindandi til lengra tíma, en 12 mánaða í senn, en gild skulu þau, þó skemur sè um samið.

3. gr., frumv. 3. gr. óbreytt.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim, eða fleirum, til helmínga, þriðjúnga o. s. frv.

4. gr., frumv. 4. gr. óbreytt.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hèruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar.

5. gr., frumv. 5. gr, breytt.

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eður hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vili endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.

6. gr., frumv. 6. gr. breytt.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sè um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest, og skal húshóndi annast þann flutníng á sinn kostnað, og ekki láta það rýra áskilið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á rèttum tíma, nè heldur ráðstafar því, og hann eigi hefir gildar ástæður, til að rjúfa vistarráð við það eptir 7. gr., skal hann skyldur til að greiða því kostnað þann allan, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sèr, án þess það skerði um samið kaup, uns hann vitjar hjúsins eður ráðstafar því; þó skal hjúi skylt, að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á. Viti húsbóndi ekki hjúsins eður ráðstafi því fyrir þíngmaríumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og er þá húsbóndi sekur um vistarrof við það, sjá 10. gr. Það eru og vistarrof frá húsbónda hálfu, ef hjú flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra

orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka, þaðan sem það kom.

7. gr., frumv. 7. gr. breytt.

Húsbóndi hefir löglegar ástæður, til að ripta vistarráðum við hjú sitt, áður en það kemur í vistina:

1. Hafi það tælt hann á sèr með því, annaðhvort að telja sèr til gildis þá kosti, sem það ekki hefir, en húsbóndi gekkst fyrir, eða leynt á sèr þeim ókostum, er mundi hafa fælt hann frá, að ráða það til sín, og bæti þá hjú húsbónda, sem fyrir vistarrof.
2. Eða ef það, eptir að það er orðið vistráðið:
   a, Drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
   b, Enn fremur, ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir þau veikindi eða líkamamein, að vissa sè fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að þingmaríumessu, eður lengur.
   c, Ef hjúið gjörir sig bert að slíkri breytni við hinn tilvonanda húsbónda sinn, náúnga hans eður heimafólk, er eptir 28. gr. varðar burtrekstri þess, þegar það er komið í vistina, og bæti það honum, sem fyrir vistarrof, og sæti að auki hegníngu þeirri og skaðabótum, sem það að öðru leyti kann að hafa unnið til.

8. gr., frumv. 8. gr. breytt.

Hverju hjúi er skylt að fara í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, eptir 6. gr., eður ráðstafar því, og færist hjú undan því án lögmætra orsaka, þá er það vistarrof við húsbónda, sjá 11. gr.

Nú er hjú veikt og ekki ferðafært, og skal það þá skylt til að flytja sig sjálft í vistina á sinn eiginn kostnað, jafnskjótt og það er ferðafært orðið, nema því að eins, að svo standi á fyrir hjúi, sem segir í 7. gr. 2., bókstaf *b,* og húsbóndi láti það vita, að hann vildi ekki við því taka. Dragi það komu sína í vistina viku lengur, gjörir það sig sekt í vistarrofinu, sjá 11. gr.

Frumvarpsins 9. gr., sjá 12. gr., breytt.

9. gr., sbr. frumv. 13., 14., ný grein.

Hjú hefir lögmætar ástæður, til að skorast undan því, að fara í vistina:

1. Ef húsbóndi hefir meitt mannorð hjúsins, eptir að hann samdi við það um vistarráð, eður gjört því annað til miska, svo að öll líkindi sè til, að hann verði því slæmur húsbóndi, og er

hann þá sekur um vistarrof við hjúið, auk þeirra skaðabóta og hegninga, sem hann eptir öðrum lögum kann að hafa bakað sèr.

2. Það eru og vistarrof við hjú, ef húsbóndi er fluttur af landi burt, eður vissa er fyrir því, að hann gjöri það það ár, nema hjú hafi um það vitað, er það rèðst til hans.
3. Ef grunur fellur á húsbónda fyrir glæp, er svívirðilegur er í almennings áliti, eður á heimafólk hans, svo að rèttar rannsókn af því leiði, og hún nái til húsbónda, og hún annaðhvort ekki er til lykta leidd, er hjú á að fara í vistina, eða húsbóndi er orðinn sannur að sök um slíkan glæp, nema hjúi hafi verið þessar kríngumstæður kunnar, er það rèð sig í vistina.

Frumvarpsins 10. gr., sjá 12. gr., breytt.

10. gr. ný grein.

Verði húsbóndi sekur um vistarrof við hjú eptir 6. gr. og 9. gr., 1. og 2. atr., skal hann gjalda því umsamið kaup og matarverð, eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði.

Frumvarpsins 11. grein fellur burtu.

11. gr. ný grein.

Verði hjú sekt um vistarrof við húsbónda sinn eptir 8. gr., eður hefir látið sèr svo farast, sem sagt er í 7. gr., 1. og 2. *c*, þá greiði það húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup.

Frumv. 12. gr., sjá 33. grein, breytt.

12. gr., frumv. 9. og 10. gr.

Hafi húsbóndi og hjú samið svo sín á milli, að húsbóndi ekki þurfi að sjá um flutníng þess í vistina, þá skal það haldast, er þau urðu ásátt um, en að öðru leyti skal þó farið eptir því, sem fyrir er mælt í 7., 8., 9., 10. og 11. gr. Svo eru það og vistarrof við húsbónda, ef hjúið dregur viku lengur að nauðsynjalausu að koma í vistina.

Frumvarpsins 13. grein fellur burtu.

13. gr., sbr. frumv. 18. gr., ný grein.

Eigi má hjú setja annan fyrir sig í vist, án samþykkis húsbónda, nè heldur til að gegna verkum sínum, nema húsbóndi leyfi, eða bráð nauðsyn krefi.

14. gr., sbr. frumv. 30. gr., ný gr.

Eigi má húsbóndi eptirláta eður afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Deyi húsbóndi, skal vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur; en sè búi brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist jafngóða því,

að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof, sjá 10. og 31. gr.

Frumvarpsins 14. grein, sjá 9. gr., breytt.

15. gr., frumv. 16. gr. breytt.

Nú er hjú komið í vist til húsbónda, og skal hann veita því viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu, og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því, sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita, auk kaups.

16. gr., frumv. 15. og 38. grein breytt.

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hvenær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið þá hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú, sökum klæðleysis, eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimtíng á, að það taki nægileg föt í kaup sitt, þótt hjú hafi áskilið sèr það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum.

Rètt goldnir eru hjúi í kaup: peníngar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið, og skal, þegar lagðir skulu peníngar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera, undir eins og vistartíminn er á enda.

Í þrotabúi húsbænda hefir hjúið forgöngurètt til síðustu 12 mánaða kaups, næst löglegum veðskuldum.

17. gr., frumv. 17. gr. óbreytt.

Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eða sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sèrstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur, og ekki er öðrum á að skipa.

Frumv. 18. gr., sjá 13. gr., breytt.

Frumv. 19. gr. fellur burtu.

18. gr., frumv. 20. gr. óbreytt.

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón, eða skemmdir, er það veldur honum vísvitandi eða af skeytíngarleysi, eða af því það eigi kann til verka þeirra, er það lèzt kunna, er það rèðst í vistina, og eins hvern annan skaða, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess, og má húsbóndi halda jafnmiklu inni af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

19. gr., frumv. 21. gr. breytt.

Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eða illyrði við húsbónda sinn, eða þann, sem fyrir hans hönd á yfir að segja, skal hjúið sektast um 1—20 rd., en seti það sig upp á móti þeim, eða áreiti þá í verkum, þá sektist það 5—30 rd., nema svo sè, að það hafi unnið til meiri hegníngar eptir öðrum lögum.

20. gr., frumv. 22. gr. breytt.

Húsbóndi má refsa hjúi sínu fyrir illyrði þess eður áreitni í verki, en þó svo, að hann hvorki misbjóði því, nè heldur misþyrmi, svo það leiði meiðsli af. En refsi húsbóndi hjúi fyrir engar eður aðrar sakir, skal það metið, sem við vandalausan gjört væri.

21. gr., frumv. 23. gr. breytt.

Verði húsbóndi fyrir vinnutjóni á hjúi sínu, sökum glæpa eður yfirsjóna, er það fremur, og sem það er sett undir lagaákæru fyrir, missir það kaup fyrir þann tíma, og sanni húsbóndi, að hann hafi orðið fyrir meiri skaða þess vegna, þá gjaldi það honum fullar skaðabætur.

22. gr., frumv. 25. gr. breytt.

Sýkist hjú eða slasist af sjálfsvöldum, skal það sjálft kosta lækninguna, og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimtíng á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

23. gr., frumv. 24. gr, breytt.

Slasist eða veikist hjú, og húsbónda sè um það að kenna, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því var um megn, eður og óvanalegan starfa, þann er einhverjum sèrstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækníngu hjúsins og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þyngri hegníng eptir öðrum lögum.

24. gr., frumv. 26. gr. breytt.

Veikist hjú eða slasist af öðrum atvikum, en nú voru talin (22. og 23. gr.), þá skal það sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sèrstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður vertíð, eða mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal það einskis í missa af kaupi sínu, en fatlist hjú lengur frá verkum, en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er veikt. Deyi hjúið, hafa erfíngjar þess ekki heimtíng á kaupi eptir það fyrir lengra tíma, en það var búið að vera í vistinni, áður en það varð ófært til verka.

25. gr., frumv. 27. gr. breytt.

Fari hjú sakir veikinda úr vistinni fyrir tilstilli húsbónda, hvort heldur svo hefir verið um samið eður eigi, þá hverfur eigi fyrir það skylda hans til að annast hjúið, samkvæmt því, sem nú var sagt, og ber honum að endurgjalda þau þyngsli, er aðrir hafa af hjúinu.

26. gr., frumv. 28. gr. breytt.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sè á enda, nema læknir eða söknarprestur eða 2 aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sè ekkert mein þar af búið, nè öðrum, ef sýkin er sóttnæm.

Flyti húsbóndi samt hjúið burt, skal hann sæta sektum eða þyngri hegníng eptir 23. gr., og standast að auki allan kostnað af lækníng og hjúkrun sjúklíngsins.

27. gr., frumv. 29. gr. breytt.

Þegar hjú, sem veikist eða slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækníngakostnað og kostnað fyrir sèrstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum, þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins, ef annar er. Sama er og um greptrunarkostnað hjúsins, deyi það í vistinni.

Frumv. 30. gr. fellur burt, sjá 14. gr.

Frumv. 31. gr. fellur burtu, sjá 2. og 5. gr.

28. gr., frumv. 32. gr. breytt.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:

1. Ef hjúið gjörir sig sekt í yfirsjónum þeim, sem nefndar eru í 7. gr. 1. atr. og 2. atr. a.
2. Ef hjúið leggur hönd á húsbónda eður vandamenn hans á heimilinu, eður aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum.
3. Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eða stöðugt skeytíngarleysi, eða ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.
4. Ef hjúið tælir börn eður vandamenn húsbónda á heimilinu til illverka eður ósiðsemi, eða ef þeim er augsýnileg hætta búin af skeytíngarleysi þess, eða illri meðferð.
5. Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans, eða misþyrmir skepnum þeim, er hann á, eða hefir undir hendi.
6. Ef hjúið sýnir af sèr framúrkeyrandi eða ítrekað skeytíngarleysi með ljós, eld, eða annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.
7. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminníngar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
8. Ef hjúið með ill-lyndi eða rógi raskar reglu og friði á heimilinu, og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminníngar húsbóndans.

Frumv. 1.—3., 9., 10., 11., 12. og 15. atr. fellur burtu, ásamt síðustu málsgrein.

29. gr., frv. 33. gr. breytt.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 28. gr., þá bæti það húsbónda, eins og ákveðið er í 11. gr. að framan, þó þannig, að því ber kaup, eptir því, sem tveir óvilhallir menn undir eiðstilboð meta, fyrir þann tíma, sem það hefir unnið í vistinni. Auk þessa sæti hjúið hegníngu þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sèr.

30. gr., frv. 34. gr. breytt.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga úr vistinni:

1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu.
2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt hjúið beri sig upp undan því við hann.
3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.

4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.
5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.
6. Ef lífi eða heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu.
7. Ef húsbóndi flytur af landi burt.

31. gr., frumv. 35. gr. breytt.

Ef hjú fer úr vist fyrir þær sakir, sem nú voru greindar, þá á það heimtíng á fullu árskaupi, eins og segir í 10. gr., og matarverði, sem óeytt er, 10 álnir fyrir hvern mánuð, 30 nætur, er eptir er vistarverunnar. Svo sæti og húsbóndi þeirri hegníngu og skaðabótum, sem hann að öðru leyti kann að hafa bakað sèr.

32. gr., frumv. 37. gr. breytt.

Ef hjú hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, greiði það húsbónda um samið kaup samkvæmt 29. gr.

33. gr., frumv. 36. gr. breytt.

Reki húsbóndi hjú úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimtíng á kaupi og matarverði, eins og fyrir er mælt í 31. gr.

Frumv. 38. gr. fellur burt, sjá 16. gr.

34. gr. ný grein.

Sè vistarrofin annaðhvort af hálfu hjús eða húsbónda, eins og segir í 28., 32., 30, og 33. gr., og hjú er ráðið heima fyrir næsta ár, skal auk þess, sem sagt er í 29. og 31. gr., einnig farið eptir því, sem fyrir er mælt í 11. og 10. gr. í lögum þessum um vistarrof.

35. gr., frumv. 39. gr. breytt.

Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó eigi má vera frá eldra tíma, en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni, og skal sá, er fjárnámið gjörir, ásamt með tveim skilríkum mönnum, er hann með sèr kveður, leggja út skuldina í þeim gjaldgengum aurum, sem húsbóndi vill helzt án vera.

36. gr., frumv. 40. gr. óbreytt.

Fógeti eða hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupi eða matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimtíng á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda, eptir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

Frumv. 41. gr. fellur burtu.

37. gr., frumv. 42. gr. breytt.

Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurètt. Brot á móti 26. gr. skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll þau mál, er risa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna.

Framsögumaður: Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta mál, áður en eg heyri tillögur þingmanna um það. Einúngis vil eg leyfa mèr að benda til þess, að þingnefndin hefir að vísu í mörgum greinum farið fram á breytíngu á stjórnarfrumvarpinu, en aðalbreytíngarnar eru þó mestmegnis fólgnar í því, að gjöra málið eður frumvarpið sem stytzt og óbrotnast, og svo hefir nefndin sleppt úr einstaka ákvörðun, sem henni þótti eiga miður vel við hèr á landi. Að svo stöddu skal eg þá ekki orðlengja þetta meir.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vildi leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta *forseta* og þingsins, hvort ekki væri ástæða til að ræða mál þetta í köflum.

Framsögumaður: Eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því.

Forseti: Eg get heldur ekkert sèð á móti því, að málið verði rætt í köflum, nema það, að eg ekki sè, að hægt sè að skipta því, og álít eg því jafnvel betra, að það ekki sè rætt í köflum, fyr en má ske við ályktarumræðuna; en ef þingmenn óska þess, skal eg gjarna leita atkvæða um það (Margir þingmenn: Nei! nei!)

Jón Sigurðsson frá Haugum: Þar eð engi stendur upp, þá er næst að eg gjöri það, og vil eg þá láta *meiníngu mína* í ljósi, að mèr þykir verk nefndarinnar vel af hendi leyst, og þó stjórnarfrumvarpið í þessum hjúalögum væri ekki sem lakast, þá þykir mèr það stórum umbætt með þessu frumvarpi, sem nefndin hefir samið; er það hvorttveggja, að í nefndinni hafa setið hinir vitrustu menn, enda er það auðsèð, að þeir hafa lagt sig til, með mestu vandvirkni, að athuga þessi lög, og laga þau eptir ástandi og tíðarvenju í þessu landi, og það, sem nefndin hefir fellt burtu úr danska frumvarpinu, þykir mèr flest mega missa sig. Eg get því ekki annað skilið, en að lög þessi græði nú lítið á því, eða málið yfir höfuð, að þingmenn fari nú að brjála miklu af þessu, sem nefndin hefir með nægum tíma og nákvæmustu yfirvegun sett; það kann samt að vera á einstaka stað smávegis athugasemdir, sem betur færi að yfirvega, eða víkja til, t. a. m. við 2. gr.; þar líkar mèr það ekki, að vistarráð sè gild til skemmri tíðar, en 12 mánaða; það er óvanalegt, og eg held óhentugt, hèr á landi; eg meina,

þegar hjú ráða sig, svona á árinu áður, til eptirtíðar, og aptur þykir mèr 36. gr. í nefndarfrumvarpinu vera óþörf, og hún á ekki við þessi lög; hún tilheyrir aukatekjureglugjörð sýslumanna og hreppstjóra, og miðar rètt til að spilla kjörum hreppstjóra; og er það undarlegt, þar sem kjör þeirra hafa þó þótt heldur slæm, en góð híngað til. Rètti hjúsins er borgið eptir 35. gr., þar það getur fengið, að kaup sitt sè útnumið, en fjárnámsgjörðarkostnaðurinn ætti sjálfsagt að greiðast eptir löglegum reglum og venju.

Jón Hjaltalín: Þegar eg lít á þetta ólgubaf, sem fyrir mèr liggur í þessu máli, sè eg ekki fyrir endann á því, hvernig eg muni ná landi, án þess að hafa »lóðs«; en með því meina eg lögfróðu þíngmennina. Eg vildi því óska, að menn töluðu sem minnst í þessu máli, en notuðu »lóðsana«.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Mýramauna sagði um vistarráð upp á skemmri tíma, en 1 ár, skal eg geta þess, að bæði er þessi ákvörðun reyndar nokkuð öðruvísi í frumvarpi stjórnarinnar, og svo hafði nefndin og fyrir augum sèr, að það viðgengst allopt í kaupstöðunum, að hjú ráði sig skemur, en eitt ár, og þótti nefndinni því hæpið, að samníngurinn skyldi vera ógildur, þó hann væri upp á styttri tíma, en heilt ár; en með því eg verð að álíta, að þessi grein frumvarpsins yrði skilin svo, að vistarsamníngurinn væri gildur, þó hann næði eigi yfir heilt ár, ef eigi er öðru vísi með berum orðum ákveðið, verð eg að segja, að mèr finnst það alls ekki svo áríðandi, að þessi ákvörðun standi í greininni. 36. greinin er orðrètt tekin úr 40. grein stjórnarframvarpsins, og kemur því ekki fram með neitt nýtt.

Björn Pètursson: Mèr þótti það skaði, að ekki varð af því, að mál þetta yrði rætt í köflum; það er svo flókið og svo mikið vandamál, að ekki veitti af, að ræða það, að minnsta kosti, í 2 köflum. Annars er eg hræddur um, að hvorki eg nè aðrir geti áttað sig á því. Eg er nú sömu meiníngar og þíngmaður Mýramanna, að eg vil ekki leyfa mönnum, að vista sig upp á skemmri tíma, en 1 ár, því það væri ekki til annars, en reyna að uppala lausamenn í landinu, sem sjálfsagt skákuðu í þessu hróksvaldi, og segði sig ráðna eður vistaða þá og þá vikuna eða ½ mánuðinn á þessum eða hinum staðnum; og væri ekki auðgefið fyrir lögin að sjá við þessu. Vistartíminn er líka almennt heilt ár, nema þegar sama hjúið ræðst til fleiri, en eins húsbónda til helmínga, þriðjunga o. s. frv. Það geta ekki heitað »*vistarráð*«, þó menn taki

daglaunamenn, svo sem viku eður ½ mánuð, eður þó lengur sè, til einhvers starfa. Eg felli mig í þessu tilliti betur við stjórnarfrumvarpsins 2. grein, ef felldur er burt síðasti kaflinn: »sè samið um vinnu fyrir skemmri tíma en 1 mánuð« o. s. frv. Mèr finnst nefnilega þessi grein í frumvarpi stjórnarinnar vera á góðum rökum byggð, þar sem það í ástæðunum er tekið fram, að samníngar um fleiri ára vist ekki stríði móti lögum eður góðum siðum, sem þó samkvæmt grundvallarreglum laganna er einasta ástæðan til að hamla frelsi manna í samníngum. Það getur opt staðið svo á, að það sè hagur bæði fyrir húsbónda og hjú, að gjöra þess konar samníng. Eg vil samt ekki, að hjúinu sè gjört ómögulegt, að rjúfa samninginn, undir öllum kríngumstæðum, en eg vil ekki að hjúið geti rofið samninginn bótalaust, eins og líka frumvarpið fer fram á í dönskunni; þar er sagt, að það skuli þá borga ½ árskaup. Þó það hafi fallið úr í íslenzkunni. Að öðru leyti er ýmislegt fleira, sem eg vildi hafa talað um; en sem eg sleppi að þessu sinni.

Stefán Jónsson: Eg verð að vera mótfallinn því, sem þíngmaður Suður-Múlasýslu fór fram á, að binda vistarráð um lengri tíma en 1 ár, því eg álít það hreinan óþarfa, og jafnvel skaðlegt. Óþarfi er það, ef vel fer milli hjússins og húsbóndans, því þá mun, þegar hverjum líkar við annan, ekki þurfa að óttast, að samníngurinn ekki verði endurnýjaður; en skaðlegt getur það orðið, af því að margt getur upp á komið á heilu ári, hvað þá á lengri tíma, og gæti því báðir partar má ske sárið rast eptir að hafa gjört samninginn. Hèr á þíngi er ekkert hjú, og er það því fremur skylda þíngsins, ekki síður að gæta þess, að rètti þeirra eigi sè hallað, fremur en húsbændanna. Eg álít það að vísu ekki sem heppilegast, að leyfa vistarráð upp á skemmri tíma en heilt ár, en samt álít eg engu spillt til með því, ef einúngis við það væri bætt breytíngu; en eins og það nú er, virðist mèr það geti valdið óreglu, því það er svo óákveðið; þegar t. a. m. hjú gæti fengið hátt kaup fyrir stuttan tíma, þá er hugsandi, að það vísti sig tíma og tíma, og verði laust með köflum á sama ári; en það getur valdið óreglu. Aptur á hinn bóginn er það óneitanlega víst, að svo getur staðið á, að hjú, án þess það sè því að kenna, t. a. m., ef húsbændur þess deyja, svo búinu er brugðið, eður þess háttar, geti orðið vistlaust eptir hjúaskildaga; og væri nú bannað að vista sig upp á minna, en heilt ár, yrði hjúið annaðhvort að verða vistlaust, eður

þá vista sig til sama dags árið eptir, og kæmi þetta aptur í bága við vinnuhjúaskildagann, en ætti að jafnast í upphæð kaupgjaldsins; því vildi eg hafa þann viðauka, að hjú, sem vistaðist þannig, ekki væri bundið í vistinni, lengur en til næstu vinnuhjúaskildaga, eður með öðrum orðum, að við yrði bætt þessum orðum: »þó svo að vistarráðin sè miðuð við vinnuhjúaskildagann næst á eptir, og það er mitt breytíngaratkvæði«.

Stefán Eiríksson: Eg er nú að öllu leyti samþykkur hinum háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanni í því, að það er engi hægðarleikur að fara í gegnum öll þessi frumvörp, með því líka, að málefni þetta er nú, sem maður kallar, búið að ganga í gegnum 3 hreinsunarelda, svo eg segi fyrir mig, að eg er ekki maður til að gjöra neinar verulegar breytíngar, og því ætla eg mèr að vera nefndinni í aðalstefnunni samdóma. Það er nú að vísu ekki sem heppilegast, að mínu áliti, að hafa vistartíma hèr á landi lögbundinn fyrir skemmri tima, en eitt ár, og því líkar mèr ekki seinni hluti 2. greinar; og eg álít, að ekki þurfi annað, en nema á burtu seinni hlutann við atkvæðagreiðsluna; þá er nú líka í 6. gr. talað um, að viti húsbóndi ekki hjúsins, eður ráðstafi því fyrir þíngmaríumessu, þá sè hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin; mèr finnst nú, að þetta atriði eigi betur við, eins og það er í stjórnarfrumvarpinu, nefnilega að tíminn sè bundinn við fardaga. Það er, eins og menn vita, að hreppaþíng eru fyrirskipuð í fardögum, og þá er þó öldúngis nauðsynlegt, að hver einn viti, hve margt fólk hann hefir fram að telja; en það getur hann ekki eptir þessari uppástúngu nefndarinnar.

Framsögumaður: Eg þykist eigi þurfa að vera að taka upp aptur það, sem nefndin hefir til greint í ástæðum sínum fyrir nefndarálitinu, en leyfi mèr að biðja hina heiðruðu þíngmenn að veita því athygli, svo eigi þurfi að margtala hið sama. Með tilliti til 2. gr., þá má nú sjá, að nefndin var á líkri skoðun og þíngmaður Eyfirðínga, og eg held, að eg gæti fært dæmi til, að skemmri vistarráð, en um eitt ár, eigi sèr stað í kaupstöðum, t. a. m. hèrna í Reykjavík sumstaðar, og auk þess sem þíngmaður Eyfirðínga gat um, að gæti valdið því, að hjú yrði vistlaus á miðju ári, þá getur það líka viljað til, að hjú hlaupi úr vist eður sè rekið úr henni, og þá yrði annaðhvort að gjöra, að brjóta regluna um hjúaskildagann, eður hjúið yrði að vera vistlaust til næstu krossmessu. Að öðru leyti álít eg, að ákvörðunin um, að 14. maí skuli vera hjúa-

skildagi, muni gjöra viðauka þann, sem þingmaður Eyfirðinga talaði um, óþarfan; það er og gömul venja fyrir því, að menn ekki vistráða sig lengur, en til næstu hjúaskildaga, þó menn vistráði sig á miðju ári. Það sem þingmaður Suður-Múlasýslu fór fram á, að menn ætti að geta ráðizt í vist upp á lengri tíma, en 1 ár, þá er það nú fyrst og fremst móti gamalli venju hèr á landi; það getur í annan stað valdið vanbrúkun og undirokun hjúa, eins og þingmaður Eyfirðinga sagði, og í 3. lagi er þetta svo óákveðið, að þá ætti samningurinn að geta gjörzt upp á lífstíð, nema viss áratala væri ákveðin, eða hvar yrði þá takmarkið? eg held því að nefndin í þessu efni hafi farið hinn rètta meðalveg, og þegar hún vill gefa húsbóndanum forgöngurètt, til að vistráða hjúið til jóla, getur hann endurnýjað samninginn, ef hann vill, í tæka tíð.

Björn Pètursson: Með tilliti til þess, sem *framsögumaður* sagði, skal eg játa það, að nefndinni hefir gengið gott eitt til með þessari ákvörðun. Samt get eg ekki að því gjört, að mèr finnst nokkuð hart, að banna þess konar samninga með lögum, eða gjöra þá ómögulega; það getur þó átt sèr stað, að þeir sè báðum hagfelldir; en eg vil ekki gjöra neitt kappsmál út úr þessu. Viðvíkjandi 4. grein skal eg geta þess, að mèr hefði þótt betra, að hjúaskildaginn hefði verið fastákveðinn, hinn 14. maí (*Framsögumaður* og *Jón Pètursson:* Það stendur hèr). Það stendur hèr að vísu sem almenn regla, en undantekníng er gjör strax á eptir, og þær undantekníngar eiga sèr víst mjög víða stað, og það svo víða, að þær eru, að eg held, almennari en aðalreglan. Eg held, að betra væri að ákveða vissan hjúaskildaga fyrir allt landið. Það getur hæglega verið misskilníngi undirorpið, hver skildaginn meintur er, þegar hjúið ræðst, og ef til vill mál risið út úr því. Eg vildi einnig leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *framsögumann,* viðvíkjandi 5. grein, hvort það er meiníng nefndarinnar, að vistarráðin sè svo »ógild«, að hjúið þurfi ekki að borga neitt, eða með öðrum orðum: hvort nefndin álítur það ekki vistarrof. Yfir höfuð sè eg ekki, hvernig á að fara að, þegar hjú bregður vistarráðum, sem þó optast kemur fyrir (*Guðmundur Brandsson:* Jú); nei! það stendur hvergi hjá nefndinni; í 8. grein er einúngis talað um, að það sè vistarrof, ef hjúið vill ekki fara í vistina, þegar þess er vitjað. En á þá húsbóndi endilega að senda eptir hjúinu, þó það hafi látið hann vita, að það ætlaði að svíkja hann um vistina, til þess að geta sektað hjúið fyrir vistarrof? Það er heldur ekkert talað um

það, hvernig fara skal að, þegar hjú vistast hjá fleirum sama árið; það kemur þó opt fyrir; hver þeirra á þá rèttinn, til að taka hjúið?

Framsögumaður: Mèr virðist svarið upp á spurníngu hins heiðraða þíngmanns Suður-Múlasýslu ljóslega liggja í 5. greininni, sem er byggð á þeim ástæðum, að það er komið inn í meðvitund þjóðarinnar, að það sè ekki einúngis ljótt og rangt, heldur jafnvel lúalegt, að sölsa hjú frá öðrum. En hafi hjúið vistað sig hjá fleirum, en einum, þá liggur það blátt áfram í almennri grundvallarreglu um samníngа manna á milli yfir höfuð, að fyrsti samníngurinn, sè hann annars lögmætur í sjálfu sèr, hefir forgöngurètt fyrir hinum yngri, er verða að víkja; en af hinum síðari hjúasamníngum leiddi þá aptur, að hjú, sem þannig hefir vistað sig hjá fleirum en einum, og því ekki getað uppfyllt samninginn við alla, verður sekt um vistarrof við þá, sem það þannig kann að hafa prettað, án þess þeir vissu, að hjúið áður væri öðrum vistað.

Pètur Pètursson: Það hlýtur víst að hafa fallið úr íslenzka textanum, í 2. gr., um ½ árs kaup, sem þóknun handa húsbóndanum, ef hjúið segir upp samníngi, sem það hefir gjört við hann upp á lengri tíma, en 1 ár, því þetta stendur í danska textanum. En þetta gæti eptir minni meiníngu misbrúkast, og orðið hrekkir úr. Óvandaður húsbóndi gæti þannig narrað hjú til sín, og farið svo með, án þess það hefði lagaástæðu til uppsagnar, að það neyddist til að fara í burtu, eingöngu til þess hann gæti náð í ½ árs kaup. Eg held líka, að það komi mjög sjaldan fyrir, að hagnaður sè að því, að ráða hjú upp á lengri tíma, en 1 ár. Að því er vinnuhjúaskildagann snertir, þá verður því ekki neitað, að gömul og föst venja hefir myndast í því efni, ekki sízt fyrir vestan, og virðist mèr hæpið að breyta henni, því þá yrði þó hjúin að ganga laus, að minnsta kosti um tíma, og eins er að segja um það, ef ekki mætti vista hjú upp á skemmri tíma, en heilt ár, að það hlyti að leiða af sèr hið sama, og væri það hin mesta upphvatníng til lausamennsku. Það er erfitt að til taka hinn stytzta tíma, og eins að ákveða takmörkin milli hjúa og daglaunamanna; en mèr virðist það ekki heldur vera tíminn, sem gjörir mismuninn á hjúum og daglaunamönnum; það, sem myndar sambandið milli hjúsins og húsbóndans, er fyrst og fremst það, að hver um sig finni til þess, hjúið, að það sè hjú, og eigi að vinna húsbónda sínum allt gagn með dyggð og trúmennsku, húsbóndinn, að hann sè húsbóndi og hjúi sínu skyldugur um alla góða umgengni, kaup, kost og hjúkrun,

og yfir höfuð allar skyldur móti hjúinu. Það er þessi tilfinning, sem myndar sambandið milli húsbænda og hjúa, því þetta er hin siðferðislega hlið samningsins. Það er ekki tímalengdin eingöngu, sem gjörir einn að húsbónda og hinn að hjúi, þó eg samt álíti það rètt, að tiltaka einhvern vissan vinnuhjúaskildaga.

Framsögumaður: Það, sem hinn háttvirti *varaforseti* gat um, að fallið hefði út úr íslenzka textanum við 2. gr., er auðsjáanlega prentvilla; að öðru leyti skal eg leyfa mèr að benda á, að það, sem hann sagði um 2. gr. nefndarinnar, er einmitt ljóslega tekið fram í ástæðum hennar fyrir þessari grein.

Forseti: Af því eg óskaði að taka þátt í umræðum þessum frá þingmannabekkjunum, hefir hinn háttvirti *varaforseti* gjört svo vel að lofa, að ganga í *forseta* sætið á meðan.

Guðmundur Brandsson: Viðvíkjandi 4. gr. skal eg skýrskota til þess, sem hinn háttvirti *varaforseti* nú síðast talaði, og í tilefni af því, sem þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, þá vil eg ekki, að 1 dagur sè svo fast ákveðinn yfir allt landið, að aldrei megi út af honum bregða. Menn geta hlaupið úr vist, eður verða reknir úr henni; menn geta án allra saka neyðzt til að fara úr vistinni, og verða þá að ganga lausir og liðugir til næsta vinnuhjúaskildaga, ef ekki væri leyft að ráða sig upp á minna, en heilt ár, eður nema frá vissum degi á árinu til sama tíma árið eptir. Eg álít því ekki rètt, að takmarka þetta of mikið, og ekki nema brýn nauðsýn til beri. Um það að vistarráð megi inngangast upp á lengri tíma, en 1 ár, fannst nefndinni — og mèr finnst einnig — ekki ástæða vera til þess, því bæði er það, að við sjáum, að ekki er lengi að breytast veður í lopti með samkomulag hjúa og húsbænda, heldur en með svo margt annað, og svo virðist mèr hitt líka ærið lítil útlát fyrir húsbóndann, að endurnýja samninginn við hjúið, ef þeim semur vel, en það getur aptur á hinn bóginn orðið rètt eins og að þrælbinda mann, að ráða hann upp á mörg ár, kann ske á þeim tíma breyttist svo kringumstæður hjúsins eða húsbóndans, að þeim væri betra að skilja í tíma, heldur en vera saman of lengi; húsbóndinn getur á þeim langa tíma orðið svo fátækur, að hann geti ekki goldið hjúinu kaup, auk margs annars, sem þá gæti komið í veginn. Eg skal ekki neita því, að eg vildi síður að fardagar væri til teknir, heldur en þingmaríumessa, sem tímatakmark það, á hverjum húsbóndinn ætti að vera búinn að vitja hjúsins eða ráðstafa því, því það *getur* svo á staðið, að *ómögulegt* sè fyrir menn, að vitja

hjúa sinna til þess tíma; þetta varð líka margrætt um í nefndinni; menn vita, að svo getur opt staðið á, að maður í Norðurlandi visti til sín mann hèr á Suðurlandi; nú er vistartími hans hèr ekki úti, fyr en 14. maí, og um það leyti er lítið um ferðir milli Norður- og Suðurlands, og svo líður vorið allt, fram undir byrjun júlímánaðar; þá fyrst getur gefizt tækifæri til að sækja manninn, eða láta vitja hans.

Þingmaður Borgfirðinga, sem nýkominn var á fund, stakk síðan upp á, að ræða málið i köflum, og þar eð fleiri óskuðu þess, skaut *forseti* því til atkvæða þingsins, og var það fellt með 16 atkvæðum gegn 5.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að vera mótfallinn þingmanni Suður-Múlasýslu í því, að 14. maí sè fastákveðinn sem vinnuhjúaskildagi um allt landið, því það gæti gjört fólki töluverðan baga; eg þekki nú t. a. m. til í Ísafjarðarsýslu, þar sem þetta væri ófært, því þá stendur mitt á vertíðinni.

Björn Pètursson: Fyrst eg á orðið, þá er bezt eg standi upp, til að leiðrètta það, sem þingmaður Gullbríngusýslu sagði, þegar hann kenndi mèr það, sem eg var ekki valdur að. Það var þingmaður Austur-Skaptfellínga, en ekki eg, sem fann að þingmaríumessu nefndarinnar. En það er ekki svo að skilja, að eg ekki gjarna geti gengizt við því fyrir hann, því eg er mjög mótfallinn þessari þingmaríumessu. Mèr þykir það miklu betra að binda þetta við fardaga, eins og bæði Reykjavikurnefndin og stjórnarfrumvarpið hafa gjört. Það væri hart, að skylda hjú til að bíða þangað til um þingmaríumessu eptir því, að húsbóndinn vitjaði þess. Ef hann nú ekki vitjar hjúsins á þessum degi, þá fyrst má það fara að koma sèr í vist, og kann ske getur ekki. Eg get ekki betur sèð, en húsbóndanum sè alhægt að vera að minnsta kosti búinn að *ráðstafa* hjúum sínum fyrir fardaga, eða semja við þau um, að flytja sig sjálf, ef þau eru langt í burtu, og hann getur ekki flutt þau sjálfur eða látið flytja.

Eg er að vísu ekkert fastur á, að sami hjúaskildagi skuli gilda á öllu landinu, en þó held eg, að það gæti komið í veg fyrir allar þrætur um það efni, og eg get ekki sèð, að það þyrfti að valda neinum óþægindum fyrir húsbændur nè hjú, nema einúngis fyrsta árið, meðan það væri að komast á.

Hvað 7. grein nefndarinnar viðvíkur, þá þykir mèr 7. greinin

í stjórnarfrumvarpinu miklu betri. Þar eru skýrt tekin fram þau tilfelli, sem gefa húsbóndanum rètt til að ripta vistarráðum við hjúið, áður það kemur í vistina, og það er aldrei of skýrt fram tekið í þessum lögum, sem svo mikið ríður á, að sè sem ljósust og skiljanlegust alþýðu; samt þykir mèr mjög ísjárvert að halda 1. tölulið í þessari grein stjórnarfrumvarpsins. Það væri ófært, ef hjú skyldi ætíð vistrækt, ef það hefði einhvern tíma á æfinni stolið, eða því um líkt, og það jafnvel, þó það væri búið ekki einúngis að aflplána brotið, heldur einnig bæta ráð sitt. Eg kann ekki heldur við orðið: »*fölsuðum*« (vitnisburðum), i tölulið 7; eg vildi heldur hafa: »ósönnum« vitnisburðum. En þessi 7. grein nefndarinnar er bæði ógreinileg og óákveðin, og þó býsna hörð. Eptir tölulið 1. á það að valda *vistarrofi*, ef hjú telur sèr til gildis þá kosti, sem það ekki hefir. Það væri þó sannarlega hart, að skylda, t. a. m. vinnumann, sem í verunni væri dálítið grobbinn, til að borga heilt árskaup, ef honum yrði það á, að segja heldur mikið af sjálfum sèr, og sama er að segja um hina síðari ákvörðun, sem gjörir hjúi að skyldu, að segja til allra sinna synda, ef það vill komast hjá, að gjöra sig sekt í vistarrofi og miklum útlátum. Svo er nú líka þetta orðatiltæki: »er *mundi* hafa fælt hann frá« o. s. frv., alveg óákveðið, og þess vegna þrætum undirorpið. Margt fleira get eg fundið að þessu nefndaráliti, t. d. 9. grein; en eg ætla að geyma mèr að tala um það, þangað til síðar, svo fleiri þíngmenn geti fengið orðið.

Guðmundur Brandsson: Það gekk ekki yfir mig, þó þíngmaður Suður-Múlasýslu fyndi eitthvað athugavert við 7. gr. í stjórnarfrumvarpinu, þó hann í öðru orðinu hældi henni, því það væri sannarlega hart, ef maður aldrei væri tekinn í vist, úr því honum einu sinni hefði orðið á, t. a. m. að stela einhverju smálegu, sem hann hefði verið hýddur fyrir, svo sem 10 vandarhögg; en eins og þessi fyrsti töluliður greinarinnar er viðsjárverður, eins eða líkt má segja um 2. og 3. tölulið; og vona eg þíngmaðurinn sjái það, ef hann gætir vel að þeim. En að öðru leyti held eg, að hann hafi ekki vel borið greinarnar saman í stjórnarfrumvarpinu og uppástúngum nefndarinnar; en það þurfti hann að gjöra, til þess að geta rèttilega dæmt um þær. Nefndin hefir tekið upp það, sem ekki var í stjórnarfrumvarpinu, nefnilega þar sem hún talar um glæp, drýgðan eptir að hjúið er orðið vistráðið, og finnst mèr meira í það varið. Að því er vitnisburðina snertir, sem stjórnarfrumvarpið talar um, þá er ekki gjört ráð fyrir þeim hjá nefndinni,

en ákvörðunin um þá er víst tekin úr hjúalögunum dönsku, af því þar eru vitnisburðabækur lögskipaðar.

Björn Pètursson: Þetta er víst mikill misskilningur hjá hinum heiðraða þingmanni, er nú settist. Það er skýrt tekið fram í fyrirsögn 7. greinar stjórnarfrumvarpsins með þessum orðum: »Húsbóndi hefir löglegar ástæður, til að ripta vistarráðum við hjú, áður það kemur í vistina, ef honum voru þær ástæður *ókunnar,* nær það hjá honum rèðist». Nú sjá það allir heilvita menn, að húsbóndi getur ekki vitað *fyrirfram* þær yfirsjónir, sem hjúið kann að gjöra sig sekt í, *eptir að* það er orðið vistráðið; þess vegna eru þær honum *ókunnar,* þegar hjúið ræðst, og þá heyrir þetta tilfelli beinlínis undir þessa grein stjórnarfrumvarpsins.

Ur því hinn sami heiðraði þingmaður minntist á »vanfæra vinnukonu», þá vil eg svara honum því, að það tilfelli getur ekki ætið heyrt undir 7. grein 1. tölulið í nefndarálitinu. Það getur sumsè vel hugsazt, að hún hafi ekki vitað þetta sjálf, þegar hún rèðist, og þá getur engi sagt, að hún hafi *leynt því,* sem hún *ekki vissi sjálf.* Eg get því ekki betur sèð, en að vistarráð hennar sè gild eptir þessari grein nefndarinnar. En mèr þykir það hart, að húsbóndi skuli mega til að sitja með hana, þó hún sè eða verði handónýt, og gjalda henni um samið kaup að auki. Þetta er að minnsta kosti ekki samkvæmt þeim óheyrilega strangleik, sem síðar kemur fram hjá nefndinni, t. d. 10. og 11 grein.

Guðmundur Brandsson: Eg held þó, að þetta sè misskilningur hjá þingmanninum, því þetta er tekið fram í 1. grein.

Jón Pètursson: Eg álít nú að vísu stjórnarfrumvarpið og eins nefndarálitið gott, en það gildir einu, hvað góð lögin eru, ef þeim ekki verður framfylgt, og er eg hræddur um, að hèr verði nokkur örðugleiki á því. Það sjá allir menn, að ætti menn út af þess háttar málum, sem hèr ræðir um, hjúamálum, út af öðrum eins smámunum, og þau optast ganga út á, að fara að sækja sýslumann ef til vill langar leiðir, og láta taka upp þingsvitni hèr og hvar, þá vinnur engi þetta fyrir, því það yrði miklu kostnaðarsamara, en þeir 9., 10 eður 11 rd., sem málið sjálft kynni að ganga út á. Mèr virðist því auðsætt, að rèttargangsmátinn í þess konar málum fyrst og fremst verði að gjörast svo auðveldur, sem kostur er á. Að svo fáar klögur rísa út af þess háttar málum, kemur alls ekki til af því, að hvorki húsbóndi nè hjú gjöri á hins hluta, heldur til af því, að svo örðugt er að ná rètti sínum; forlíkunarnefndin ein er

með öllu ónóg, því ekki þarf nema þráan húsbónda eður þrátt hjú, og þá verður málið þó að ganga til sýslumanns. Eg vil því halda því fram, sem Reykjavíkurnefndin stakk upp á, að hafa hjúamálanefndir, samsettar af þeim mönnum, að kostnaðarlítið yrði, að leita réttar síns, því annars held eg lögin hafi lítið að þýða, og mun eg því koma fram með viðaukaatkvæði í þessa stefnu. Löggjafinn hefir líka fyrir löngu fundið til þessa ágalla, hversu örðugt það væri í hjúamálum hèr á landi, að ná rètti sínum, og hefir ætlað sèr að ráða bót á þessu með tilsk. frá 1832, þar sem svo er gjört ráð fyrir, að hann útkljái þau helzt á manntalsþíngum. En hver, sem til þekkir, getur undir eins sèð, hversu ónógt þetta er. Sýslumaðurinn verður fyrirfram að ákveða manntalsþíng í allri sýslunni; nú kemur hann á eitt þíngið, og þá koma fyrir hann má ske fjöldi slíkra mála; hann getur ekki, því hann hefir ekki tíma til þess, vegna hinna manntalsþínganna, rannsakað málin, sem hann kemur svona alveg ókunnugur að, svo ef hann skiptir sèr nokkuð af þeim, er það, sem yfirvald, að hann reynir til að sætta partana, eða geti hann það eigi, þá þagga málin niður með áliti sínu, og segja eitthvað um það, hvernig það skuli vera; en þetta gjörir hann ekki sem dómari; og er þetta næsta lítil tryggíng. Að vísu hefir og löggjafinn sett borgun til sýslumanns fyrir dómaraverk hans niður í hjúamálum, sem á að vera til þess, að hún ekki skuli fæla menn frá, að halda þeim málum fyrir lög og rètt; en þetta verður því nær skrítileg ákvörðun hèr á landi, þar sem borgunin til sýslumanns, fyrir dómarastörf hans, er ekkert í samanburði við annan kostnað í málum þessum, þegar sýslumaðurinn þarf að ferðast, og taka upp þíngsvitni hèr og hvar. Menn hafa talað mikið um 2. greinina, og segi eg fyrir mig, að mèr finnst beinn óþarfi að taka það fram, að vistarráða samníngar skuli vera gildir, þó til skemmri tíma sè gjörðir en heils árs, því ef þeir ekki eru bannaðir í lögum, þá eru þeir leyfilegir, samkvæmt grundvallarreglu þeirri, sem gildir í lögunum um samníngsfrelsi manna á millum, því samkvæmt henni gildir hver og einn samníngur, sem ekki er bannaður í lögum eður stríðir móti góðum siðum. Eg álít því nóg, að tiltaka það, sem bannast á, í þess háttar samníngum, því þá fylgir hitt af sjálfu sèr, sem leyfilegt er, eptir áður áminnstri grundvallarreglu laganna.

Jón Guðmundsson: Eg finn mèr skylt, og eg finn köllun hjá mèr, til að tala af þíngmannabekkjunum um þetta mál, því bæði hefi eg haft það meðferðis í 2 vetur, og eins held eg að eg hafi

viðlíka reynslu fyrir mèr og hver annar, í því málefni, er hèr ræðir um, því eg hefi alið aldur minn og þekki grant til hèr um allt Suðurlandið, og eg hefl veitt heimili forstöðu, bæði til sjávar og sveita. Eg verð að segja það, að mèr geðjast yfir höfuð vel að frumvarpi stjórnarinnar, og eru í því einúngis 3 atriði, sem mèr geðjast miður að, en 2 af þeim atriðum hefir nefndin *leiðrètt*. Það er um 16 ára aldurinn í 1. gr. nefndarinnar, og 12 mánaða vistartíminn í 2 gr. Mèr er óskiljanlegt, hvers vegna stjórnin hefir tiltekið 18 ára aldurinn, þar sem það er þvert á móti íslenskum lögum, íslenzkum hugsunarhætti og rèttarmeðvitund og því, sem hèr viðgengst almennast, bæði í þessu efni og öðrum; þetta hefir líka þíngnefndin tekið skýrt fram. 3. atriðið, sem stjórnin hefir fundið verulega ástæðu til að víkja frá Reykjavíkurnefndinni í, er nú hið verulegasta, og það er um hjúamálanefndirnar til sveita; og skal eg síðar fara um það nokkrum orðum, þó hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður, er var í Reykjavíkurnefndinni með mèr, hafi þegar tekið það ljóslega fram. Stjórnin hefir enn fremur breytt frá Reykjavíkurnefndinni í því að skjóta inn í nýrri grein, nfl. 11. gr.; mèr fellur sú grein vel, og eg get ekki verið þíngnefndinni samdóma í því, að hún sè óþörf, þó að hún innihaldi ákvarðanir um þess leiðis lagabrot, er getur kveðið svo mikið að, að þau geti heyrt undir sakalögin; en í þessum hjúalögum eru ótal fleiri þess leiðis misbrot ráðgjörð. Aðrar verulegastar breytíngar þíngnefndarinnar eru folgnar í 7. og 9. grein. nefndarfrumvarpsins, og í þeim öðrum greinum, er þar með standa í nánasta sambandi. Þetta virðist mèr verulegar breytíngar, og miður heppilegar, því það eru ekki að eins orðabreytíngar, heldur liggur einnig í þeim önnur grundvallarskoðun, heldur en í 7. og 13. gr. stjórnarfrumv., og er því nauðsynlegt, að gjöra sèr grein fyrir, hver grundvallarreglan er rèttari, og á betur við hugsunarhátt manna hèr á landi. Þíngnefndin hefir skýrt frá grundvallarreglu sinni í ástæðunum fyrir 7. og 9. grein, og eru þær ástæður á 6. og 8. blaði í nefndarálitinu. Þíngnefndin gengur út frá þeirri grundvallarreglu, að yfir höfuð að tala skuli einúngis þær yfirsjónir hjúsins varða vistarrofum af hendi húsbónda, sem hjúið gjörir sig brotlegt að við hann *sjalfan*, eptir að það hefir ráðizt hjá honum. En stjórnarfrumvarpið og Reykjavíkurnefndin hefir líka viljað láta það varða vistarrofi, sem hjúinu verður verulega á við hinn fyrri húsbónda þess, svo sá nýi húsbóndi þarf ekki að taka það í vistina, ef hann álítur að sèr sè

hin sömu vandkvæði og skaðræði búið af að halda hjúið, eins og húsbóndi þess næst á undan hefir beðið. Allt að einu er með vistarrof af hjúsins hendi við húsbónda; 13. gr. stjórnarfrumvarpsins hefir álitið þau á rökum byggð, ef hann hefir gjört sig beran að illri og ólöglegri meðferð á öðrum hjúum þeim, er hann hèlt næst á undan, ef hjúinu var sú meðferð ókunn, þegar það rèðist hjá honum. Eptir mínu áliti, er þessi grundvallarreglan í stjórnarfrumvarpinu bæði haganlegri, og í alla staði rèttari í sjálfu sèr, og samkvæmari öðrum reglum í þessum lögum.

Ef maður ber saman 7. og 13. grein stjórnarfrumvarpsins við 32. og 34. grein þess, þá er þar byggt á einni og sömu grundvallarreglu, en jafnframt gjörður ljós og verulegur greinarmunur á því, hvort vistarrofaorsökin hefir átt sèr stað, *áður en* hjúið er farið í vistina, eða *eptir* að það er komið í vistina. En ef maður svo aptur ber saman 7. og 9. gr. í frumvarpi þingnefndarinnar við 28. og 30. grein, þá sýnist nálega ein og sama reglan að vera lögð til grundvallar fyrir hvorutveggja, og nálega engi eða mjög óljós og ónógur greinarmunur gjörður á því, hvort hjúið er komið í vistina, ellegar að eins *ráðið* í vistina. Stjórnin tekur fram í 7. grein, hvað valda megi vistarrofum af hendi húsbónda, áður en hjúið er komið í vistina, og tekur fram helztu atvik til dæmis, og sömu reglunni fylgir hún í hinum greinunum. En þingnefndin hefir fylgt grundvallarreglu stjórnarfrumvarpsins í 28. og 30. grein, en ekki í 7. og 9. gr.; þar eru eigi tekin fram einstakleg dæmi, eins og í 28. og 30. gr. (stjórnarfrv. 32. og 34. gr.), heldur ætlast þingnefndin þar til, að allt skuli komið undir almennum atvikum og kringumstæðum; en mèr sýnist, að sömu grundvallarreglunni og samkynja útskýringu hennar ætti að fylgja í gjörvöllu lagaboðinu, og það nú í öðru eins lagaboði og þessu, sem eigi að eins er almennt, heldur einnig á að ná til hins einfaldasta almúga, og verður því að vera sem ljósast og samkvæmast sjálfu sèr. Þetta er nú það helzta, sem mèr finnst athugavert. Um niðurlag 2. greinar skal eg ekki tala; það eru aðrir búnir að því, og *framsögumaður* er ekki heldur harður að halda því; eg skal og lítið fara út í niðurskipun eða »*Redactionina*« hjá nefndinni, þó eg voni, að þingnefndin sjái, að orðaskipunin sè víða hvar ekki sem heppilegust. Mèr þykir það undarlegt, að nefndin vill gefa hjúinu meiri rètt, en húsbónda, til að ripta vistarráðum; það er ósamkvæmni, að hjúið hafi meiri rètt í tilliti til húsbóndans, en húsbóndinn í tilliti til hjús-

ins. Hún vill ekki í 7. gr., að húsbóndi skuli geta riptað vistarráðum við hjú sitt, nema fyrir glæpi, en eptir 9. gr. má hjúið ripta vistarráð við húsbónda, ef grunur fellur á hann, eða hann er »tekinn undir ransak«, þó hann kann ske reynist saklaus.

Svo eru nú einstaklegar ákvarðanir, sem eg sè ekki, hvað nefndinni hefir gengið til, að víkja svo berlega frá stjórnarfrumvarpinu í, t. d. að hjúið skuli eigi sekt í vistarrofum, ef það kemur í vistina fyrir þingmaríumessu, í stað: fyrir fardaga, í stjórnarfrumvarpinu; einn nefndarmaðurinn varði þetta áðan með því, »að það gæti átt sèr stað«, að hjúið gæti ekki komizt i vistina fyrir þingmaríumessu. Já víst *getur* þetta átt sèr stað, en má eg spyrja: á að búa til lög fyrir undantekníngar, en ekki fyrir það, sem almennast er og algengast? Það er þó almennast, eins og allir vita, að menn ráði hjú til sín innan sveitar, innan sýslu, eða þá stundum úr næstu sýslu, en mjög sjaldan úr fjarlægum sýslum eða öðrum landsfjórðúngum, og því sýnist mèr vera hæfilegast og hentugast, að miða við fardaga.

Eg ætla þá að minnast á einstöku orðatiltæki, er mèr virðast miður heppileg, og heldur óskiljanleg og lúaleg sum, ef nefndin kynni að vilja taka það til greina, til dæmis í niðurlagi 12. gr.: Ef hjúið »dregur *viku lengur* að *koma* í vistina«; þetta er í mótsögn við ákvörðunina, að húsbóndinn megi ekki ripta vistarráðum við hjúið, allt hvað það kemur í vistina fyrir þingmaríumessu. Eins þykir mèr óheppilega orðað niðurlag 13. gr.: Eigi má hjú setja annan fyrir sig í vist, nè heldur til að gegna verkum sínum, nema »brýn og bráð nauðsyn krefi«, og þá einnig »setja annan fyrir sig í vist« (*Framsögumaður:* Nei). Ja annað eins og sem ekki er greinilegar orðað, hefir verið og má verða svona misskilið; eg gæti fært næg dæmi til þess. »*Áreitni*« í 20. gr. (»Húsbóndi má refsa hjúi sínu fyrir illyrði þess eður áreitni í verki«) álít eg megnum misskilníngi undirorpið, má þá húsbóndi hegna hjúi sínu fyrir hverja smávegis áreitni, við hvern sem er, t. d. fyrir það, þó það gefi smalastrák af næsta bæ sölbita, eða annað þvílíkt? Mèr líkar ekki breytíng nefndarinnar á 27. gr. stjórnarfrumvarpsins og Reykjavíkurnefndarinnar; hún gekk út frá því, að hjúið skyldi borga, ef það gæti; en að útiloka hjúið, sýnist mèr ekki rètt (*Framsögumaður:* Það á að borga, ef það getur; það er tekið fram í greininni). Mèr hefir yfirsèzt; eg bið forláts.

Mèr þykir vafasamt, hvort 29. gr. hèr er betri, en 33. gr.

stjórnarfrumvarpsins, og sama er að segja um 31. gr. nefndarfrumvarpsins; það er ekki heppilegt, að skýrskota svona fram fyrir, til annara greina, svo menn þurfi að vera að leita hingað og þangað, þangað til sú ákvörðun finnst, sem skýrskotað er til. Þar að auki skil eg ekki vel þetta í 31. gr. nefndarinnar: »*matarverði, sem óeytt er*« (*Framsögumaður:* Það er prentvilla fyrir: »*óneytt*«). Eg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki færi betur að breyta í 35. gr. nefndarinnar: »vill« í »má«; því mér þykir líklegt, að húsbóndi »*vili*« helzt ekkert láta. Eg skal nú ekki fara fleirum orðum um einstakar greinir, en eg verð þó að biðja þingið hafa dálitla þolinmæði enn.

Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaðnr tók fram aðalstuðningsatriðin fyrir nauðsyn hjúamálanefndanna; og eg þykist geta skilið, hvers vegna þingnefndin hafi ekki viljað hafa þær. Þingnefndin hefir gjört sèr far um að hafa lögin stutt, sleppa einstöknm aðalatriðum, til dæmis fyrir alþýðu og henni til leiðbeiningar, en draga allt sem mest saman í almennar, yfirgripsmeiri ákvarðanir, og vill svo nefndin láta dæma eptir atvikum og kringumstæðum, og þá er eðlilegt, þó hún ekki vili hafa ómenntaða dómendur til að gjöra um málin. Eg vil spyrja, hvort betra sè, að hafa lögin svo, að þau verði ýmislega og margvíslega skilin og útlögð, eða hafa þau sem greinilegust og skiljanlegust fyrir alla, þó þau verði fyrir það lítið eitt lengri. Þingnefndin hefir stytt þessi lög um ekki fulla blaðsíðu; það er satt; en með því er ekkert unnið; því öll þýðing og afl þessara hjúalaga stendur og fellur með því, er og verður undir því komið, að þau fái framgang, og að þeim verði haldið í fullu gildi. Til hvers eru lögin, ef þau koma sjaldan sem aldrei að notum, ef þau eigi eru skýr og ljós fyrir öllum þeim, sem þau eiga að ná yfir, og ef að menn í 1 af 10 tilfellum, geta eigi sèð það tilvinnandi með neinu móti, hvorki hjúið nè húsbóndinn, að leita rèttar síns. Það er ónýtt að eiga lög einúngis á pappír, hvað fögur sem þau eru, ef þau koma sjaldan sem aldrei til neinna nota, ef þau aptur og aptur eru yfirtroðin einmitt af því, að ekkert getur á þeirri yfirtroðslu sagzt fyrir það, að eigi er tilvinnandi að kæra hana. Það er satt, að víðast hvar eru sættanefndir í hverjum hrepp. Þar getur húsbóndi og hjú mætt; en sættanefndir geta þó ekki nema reynt til að miðla málum, og ef annaðhvort húsbóndi eða hjú er þrákelkið, þá leiðir það ekki til neins; það er því munur á, hvort kært verður fyrir sættanefnd eða fyrir nefnd, sem hefir lögheimilað

gjörðarvald og lögheimilað vald, til að rannsaka ágreiníinginn og öll veruleg atvik hans; þetta er verulegur munur. Ef sætt kemst ekki á, þá er málið *óútkljáð,* og þá eru 2 vegir, annaðhvort að sitja heima við svo búið, eða leita til dómstólanna. Það er sannarlega mögur *ástæða* og einskisverð hjá stjórninni, þar sem hún skýrskotar til aukatekjureglug. 10. sept. 1830, að í málum milli húsbænda og hjúa þurfi ekki að borga nema hálfan málskostnað í samanburði við það, sem sè ákveðið í öðrum málum, en þetta nær þó eigi til annars en rèttartekjanna, og er aldrei nema svo sem 60—80 skildínga munur; en hver á að borga ferðakostnaðinn til dómarans? hann er þó það verulegasta, og hann er hinn sami í hverju máli; hver ætli vili vinna til að sækja sýslumann langar leiðir, og borga honum ærinn ferðakostnað, til þess að fá dóm í máli, er nemur kann ske 2 til 10 rd. ágreiníngi? Eða þá bíða með mál, er eigi varðar meiru til manntalsþíngs. Eg held, að sýslumaður mundi verða lengi að þínga, ef mörg önnur eins mál kæmi fyrir á hverjum þíngstað, og eg held hann gæti þá ekki komið á tilteknum tíma á alla þíngstaðina; en hann á þó að tiltaka tímann á hverjum þíngstað fyrirfram; eg held enda, að hann gæti ekki skipt sèr af því. Eg vildi því óska, að þíngmenn gæfi viðaukaatkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns góðan gaum, því eg vona, að þíngmenn, sem sjálfsagt vilja gjöra þetta lagaboð, sem þeir leggja síðustu hendur á, sem ljósast og aðgengilegast og öflugast að öllum árangri, gjöri sèr allt far um, að gefa ekki út tómann bókstafinn, hversu fagur sem hann kann að vera útlits, heldur sjái því jafnframt farborða, að lög þessi fái fullt afl og þýðíngu og fullan framgang.

Framsögumaður: Eg verð að gjöra fáeinar athugasemdir út af því, sem hinn heiðraði þíngmaður Vestur-Skaptafellssýslu nú sagði. Hann bar saman ýmsar greinir úr frumvarpi stjórnarinnar og frumvarpi nefndarinnar, bæði út af fyrir sig, og eins hverjar við aðra. Hann lýsti skoðun sinni á báðum frumvörpunum yfir höfuð, og tók fyrir ýms orðatiltæki hjá þíngnefndinni, og vil eg nú svara nokkru því, er hann sagði. Hann hèlt þá fyrst, að 11. grein stjórnarfrumvarpsins væri svo góð. Eg neita því ekki, að hún sè góð í sjálfri sèr; en hún á ekki við hèr, og er því eigi góð hèr; það á ekki við, að gjöra ráð fyrir því í lögum, sem ekki kemur fyrir, og á ekki við efni þeirra, og þessi grein, sem er einmitt þessa eðlis, yrði ekki annað en dauður bókstafur i hjúalögum. Að leggja hend-

ur á hjú sitt, heyrir undir sakalögin, en ekki undir þessi lög. Þetta eru má ske leyfar af eldgömlum hjúalögum í Danmörku eður einhverstaðar út í heimi. En kæmi það nú einhvern tíma fyrir, að húsbóndi hèldi hjúi föstu, sem hann ekki á vald á, þá er þess þar að auki að gæta, að hið eiginlega rèttarbrot er *ekki* milli húsbóndans og hjúsins, heldur milli þess húsbónda, sem heldur hjúinu ranglega, og þess húsbónda, sem það er vistað hjá. Hjúið getur ekki komið, ef því er haldið, svo húsbóndinn á þá sök á húsbónda, en ekki því. Málið yrði álitið frá þess hálfu, eins og hver önnur ósjálfráð forföll, svo sem veikindi. Þessi grein getur því ekki komizt að í *þessum* lögum, og í því var nefndin öll samdóma; hún hugsaði þetta atriði ítarlega. Þá kemur nú 7. og 9. greinin, sem þingmanninum varð svo margrætt um. Eg játa, að þar er fylgt annari grundvallarreglu, en í stjórnarfrumvarpinu, og þingmaðurinn skýrði hèr um bil rètt frá því, í hverju munurinn væri fólginn. Nefndinni virtist stjórnarfrumvarpið að þessu mikils til of yfirgripsmikið, og það mun fleirum finnast, ef þeir hyggja vel að því; það fer í raun og rèttri veru ekki fram á annað, eða minna en það, að ef hjúið hefir einhvern tíma brotið af sèr vist, þá skuli það aldrei framar geta vistazt eða verið hjú, nema af náð og miskun. En er það rètt eður sanngjarnt, að þó hjúið hafi einu sinni brotið einhverja vist af sèr, þá skuli það aldrei geta orðið hjú framar? á það þá að vera eilífur lausamaður? Lítum á þetta nokkuð gjör. Hinir ágætustu sakalagafræðingar hafa jafnvel álitið viðurhlutamikið, að hegna manni fyrir glæp, sem fyrir löngu er drýgður, hafi maðurinn um langan tíma, eg tiltek 20 ár, hegðað sèr vel og ráðvandlega; en er þá rètt, að hjú, sem einu sinni hefir orðið vistarrækt, skuli, þegar það jafnvel *hefir afplánað* brot sitt, vera útilokað frá vist alla æfi? Skoði maður málið fra annari hlið, og seti maður sig inn í eðli samníngsins milli húsbænda og hjúa, þá hefir húsbóndi og hjú bundizt vissum skyldum innbyrðis mót vissum rèttindum, og þá er ekki rètt eður sanngjarnt af húsbóndanum, að reka hjúið úr vistinni, nè af hjúinu að fara frá húsbónda, nema samníngurinn sjálfur, einmitt sá samníngur, sem um ræðir í hvert skiptið, hafi verið rofinn, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis; annars ætti menn og, að geta rofið aðra samninga, t. a. m. kaupsamninga við þann, sem einhvern tíma hefði brugðizt einhverjum manni í kaupum og sölum. Eg gæti, ef eg vildi, komið með úr hinum beztu lögum í heimi, sem menn þekkja, Rómverjalögum, fjölda

dæma, sem sanna, að grundvallarregla þingnefndarinnar er rètt, en regla stjórnarfrumvarpsins röng og ranglát, þó þingmaðurinn sè að hæla henni. Að því er sèr í lagi 7. gr. snertir, þá gjörði nefndin sèr allt far um, að vera bæði stuttorð, og taka fram almennar reglur, og eg vil biðja hinn heiðraða þingmann, að nefna mèr einhvern samníng, annan en hjúasamníng, með samkynja göllum þeim, sem þar eru nefndir, sem ekki er ógildur eptir almennt gildandi lagareglum. Það er auðvitað, að það má fara í kríngum og draga á hárinu þessi lög, eins og önnur lög. En það sjá þó allir, að ef eg t. a. m. ræð til mín mann fyrir formann, og eg spyr hann, hvort hann geti verið formaður, og hann svarar: »já«, og eg gengst einmitt fyrir þessu; en síðar kemur þar upp úr kafinu, að hann ekki getur verið formaður, þá hefi eg fullan rètt til þess að reka hann burt; en eg verð að sanna, hvernig samníngurinn hafi veríð, og að eg hafi haft þetta í skilyrði (*Jón Guðmundsson:* 7. grein talar ei um, að *reka* hjú úr vist). Eg er að tala um samníginn milli hjús og húsbónda, og það, sem er rètt eptir honum; og eg vona, að þíngmenn hafi tekið svo eptir. Að öðru leyti held eg, að 7. greinin hjá þingnefndinni sè skýrt og skilmerkilega orðuð, svo allir sjái, hvaða brot sè á hjúasamníngi eptir henni, og svo mun hún einnig gæta allrar sanngirni, sem rèttum lögum sæmir. Hjúið verður að vita, hver skylda þess er, áður en það fer í vistina; en lögin mega á hinn bóginn ekki vera of hörð; oss dugar ekki að búa til hjúalög, sem rituð eru með blóði. Þá benti þíngmaðurinn á, að sambandið milli 7. og 9. greinar væri ekki sem bezt. Það er mikið satt, að 9. gr. er öðruvísi orðuð, en sú 7., og nefndin orðaði hana öðruvísi »*með vilja*«. Hún áleit það sjálfsagt, að sannað skyldi vera brot hjúsins, ef það ætti að verða vistrækt fyrir þá skuld, og það var talað ítarlega um það í nefndinni, hvort ekki væri rèttast, að ákveða eins um húsbóndann í 9. gr. 3. atr. En það gat nefndin þó ekkt fallizt á; hún áleit það of hart fyrir hjúið að þurfa að fara í vistina, ef svo á stæði, að á heimilinu væri almenn rèttarrannsókn, sem næði til húsbónda; þíngmaðurinn verður að gá að því, að húsbóndinn, og það sem hann snertir, hefir meiri áhrif á hjúið, en hjúið og þess hagir á húsbóndann; hjúið kynni, ef til vill, að dragast inn í rèttarrannsóknina, og því að minnsta kosti, vera fyrirmunuð samblendni við hitt heimilisfólkið; mundi slíkt ekki geta orðið óbærilegt fyrir hjúið?

Þíngmaðurinn hefði ekki átt að kalla þetta ósamkvæmni hjá þíng-

nefndinni, fyr en hann var búinn að sjá, hve ólíkt á stendur í 7. og 9. gr., því ólíkar kríngumstæður og atvik heimta ólíkar reglur í lögum, og það er einmitt eins mikil ósamkvæmni í lögum, að gefa sömu reglu um tvennt ólíkt, eins og það er, að skipa ólíkt fyrir um eitt og hið sama.

Ósamkvæmni sú, sem þíngmaðurinn áleit að væri millum 7. og 9. gr. þíngnefndarinnar, og 28. og 30. gr. hennar, er einber misskilníngur, eins og greinirnar bera með sèr; hvernig getur annars verið ósamkvæmni milli þess, sem er eitt og hið sama, eða er ekki einmitt sama reglan, sem er í 7. gr., tekin upp aptur í 28. gr.? Einstök atvik eru og upp talin í báðum greinunum; en þau eru nokkuð öðruvísi löguð eptir hlutarins eðli. Þíngmaðurinn hefði átt að lesa vandlegar, og skoða sig betur um.

Eg held annars, að, þegar öllu er á botninn hvolft, verði meiníngamunur þíngmannsins og þíngnefndarinnar minni, en út lítur fyrir á orðum hans. Að því er 29. gr. snertir, þá held eg þíngmaðurinn hafi ekki lesið niður í kjölinn. Hann verður að gæta að því, að það skiptir miklu, hvort hjúið fer úr vistinni sjálfan krossmessudaginn eða seinna; eg tiltek á þorra; það á að fá kaup fyrir það, sem það hefir unnið, en borgar það, sem svarar því kaupi, sem eptir er; en að þíngnefndarfrumvarpið sè óljósara, en stjórnarfrumvarpið um þetta atriði, get eg ekki sèð, og það þarf víst betur orðaða grein, en þá, sem er í stjórnarfrumvarpinu um þetta atriði, sem ætti að telja upp öll þau atvik og tímatakmörk, sem koma ætti til greina, ef menn eigi vilja velja almenna og einfalda reglu, eins og þíngnefndin hefir gjört. Eg vona, að allir geti lært þessa einföldu setníngu úr Jónsbók, að ef húsbóndi rekur hjú úr vist, þá geldur húsbóndi því eins mikið, og hjúið átti að hafa í kaup, og eins, að hjúið eigi að greiða húsbónda jafngildi kaupsins, ef það stríkur úr vistinni. Þegar nú hjúið *er komið* í vistina, þá dregst frá fæðiskaupið og kaupið fyrir þann tíma, sem það er búið að vinna húsbónda sínum, t. d. hálfsárskaup, ef hjúið er búið að vera ½ ár í vistinni o. s. frv.; hjúið á að fá það, sem það hefir unnið fyrir, og húsbóndi þarf ekki, að því er matarverð snertir, að láta hjúið fá það, sem hann hefir látið því í tè. Það væri kann ske ljósara, ef reglan stæði með berari orðum, en orðið er í öllum greinunum; en þegar hún stendur í einni, og alstaðar er vitnað til hennar, þá held eg ekki þurfi meira; og með því móti forðast maður óþarfar ítrekanir. Eg vona að öðru leyti, að allir sjái, að ef eg sem við einhvern, og skuldbind mig til að borga, t. a. m. 100 rd. mánaðarlega 1 ár; ef

eg nú borga fyrir nokkra mánuði, ríf svo samníginn, þá á eg ekki að borga seinna meira, en það, sem eptir var; en svona er það þá líka um hjúasamninginn, sem er rofin á miðju ári. Að því er þingmaríumessu tíma-takmarkið snertir, þá játa eg að vísu, að menn eiga ekki að elta allt, sem *getur* komið fyrir, nema því að eins, að það innibindist líka í reglunni, sem optast á sèr stað; en reglan á að ná yfir sem allra mest, og ef greinin er lesin ofan í kjölinn, þá er víst ekki hætt við, að húsbóndi að gamni sínu haldi hjúi á öðrum stað, upp á kaup og kost, og hafi þess má ske lítil not. Nefndinni þótti betra að hafa þingmaríumessu, en fardaga, því það getur einmitt optlega að borið, að húsbændur fyrir norðan, sem annars tíðum hafa hjú sín fyrir sunnan við sjó, ráði þar hjú, og vili láta það vera kyrrt fram undir slátt, og nefndinni fannst heldur eigi að fardagar væri neitt eðlilegt tíma-takmark í þessu efni. Að því er 12. grein snertir, þá held eg, að þingmaðurinn hafi misskilið hana heldur en ekki; þar er gjört ráð fyrir, að hjúið eigi *að koma* til húsbónda, og að húsbóndi því eigi ekki að sækja það. Að því er 13. greinina snertir, þá held eg, að flest megi misskilja, ef hún verður misskilin, og úr því engi nefndarmaður »*gat*« misskilið hana, þá þykir mèr hart, ef »*allir hljóta*« að gjöra það. Eg setti mig út til að misskilja hana, en gat ekki. Það er annað *víst* og annað einstakt *verk;* en það getur verið, að betra væri að hafa »einstök verk«, en orðið »verk« eingöngu; með því meinar nefndin annars, t. d. að smala fè, sækja hesta o. s. frv.; það vill hún, að hjúið megi láta annan gjöra í sinn stað, ef nauðsyn ber til, en hitt alls eigi, eins og greinin ber svo alveg ljóslega með sèr. Að því er það snertir, sem þingmaðurinn sagði um 20. gr., þá þótti mèr það heldur smámunalegt; en eg bjóst við því, að hann mundi ráðast á hana með einhverju því, sem gagn væri að, en það brást. Datt nokkrum í hug að húsbóndi færi að berja smala af öðrum bæ, þó hann gæfi vinnuhjúi hans sölbita? Gæti nokkur álitið þetta húsaga? það væri kann ske betra, að hafa orðin: »*við hann sjálfan*«, ef þingmaðurinn ætti að skilja greinina, og geta fellt sig við hana. En hvað segir hann þá um það, ef hjú mitt ber konu mína, eða börn, eða jafnvel vinnuhjú, hefi eg þá ekki rètt til að reka það burtu? *(Jón Guðmundsson:* Fyrir sölbita?) Eg vil vona, að menn tali með alvörugefni um þetta mál, og öðru svara eg ekki. Með áreitni meinti nefndin það, er Danir kalla »*reelle Injurier*«. Eg veit ekki, hvort vor túnga á orð, sem

sama liggur í og þessu danska orði (*Jón Guðmundsson:* »Misbjóða í orði eða verki«). »*Misbjóða*« Nei! það kann nú og að verða misskilið líka. Að því er snertir kostnað þann, er leiðir af veikindum hjúsins, þá þarf ekki annað, en lesa lengra, en þingmaðurinn hefir gjört, til þess að sjá, hvað nefndin hefir meint. Nefndin ráðgjörði, að hjúið ætti ekkert til; og nefndinni þótti það hart, ef hjúið yrði alla æfi að vinna, til þess að borga með læknishjálpina. Í 31. grein er, ef til vill, sama aðalreglan og í stjórnarfrumvarpinu og í Reykjavíkurnefndarfrumvarpinu; en hún er þar bæði óljós og öll á reyki (*Jón Guðmundsson:* »*Óeytt*«). Það er prentvilla fyrir »*óneytt*«. Að því er fjárnámið í 35. gr. snertir, þá kom nefndinni saman um, að hafa orðið »vill«. Hafi verið samið um vissa aura, þá getur húsbóndi kann ske ekki látið þá, en hann á þá að láta gjaldgenga aura, sem hann helzt »vill« missa. Ef húsbóndinn er fátækur, þá getur verið, að hann »megi« ekki missa einhvern vissan tiltekinn hlut. Það þætti víst hart, ef hjúið gæti látið taka kúna úr fjósinu, sem kann ske væri það eina er húsbóndi hefði sèr og sínum til bjargræðis. Grundvallarreglan er, að skaði þess, sem missir, sè sem allra minnstur, en að hjúið fái þó sitt. Að því er hjúalaganefndunum viðvíkur, þá áleit nefndin þær mjög æskilegar, og var í því samdóma Reykjavíkurnefndinni, því sú skoðun er á góðum rökum byggð, og það er alls eigi ástæða móti þeim, að menn ekki hafi *hingað til* farið opt í mál, eða að það sè svo sjaldgæft, því það getur einmitt hafa komið af því, að menn ekki hafi getað náð rètti sínum; þegar gefin eru ný lög, þá verður heldur ekki komizt hjá, að þau verði þrætuefni, þó þau eigi ekki að vera það, því af nýjum rèttindum og skyldum fljóta nýjar þrætur; lagaþræturnar eru afkvæmi mannlegra rèttinda. Nefndin áleit samt sem áður eigi gjörlegt, að víkja frá stjórnarfrumvarpinu í þessu tilliti, ekki af því, að þessi lög mundu síður krefja hjúalaganefndir, en stjórnarfrumvarpið; en hún áleit það ekki gjöranda í þetta sinn, eins og ástóð. Það gleður mig að öðru leyti, að þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu, sem var í Reykjavíknefndinni er þó ekki svo mikið á móti þingnefndinni í raun og veru, eins og fljótlega kann að virðast, því það er ekkert verulegt eður sannfærandi í athugasemdum hans, sem virðast sprottnar meir af aðfyndni, en rèttum rökum. Eg verð og að lýsa því yfir, að eg hefi sjálfur fengið margar mikilsvarðandi upplýsingar hjá hinum háttvirta embættisbróður mínum, hinum 4. konúngkjörna þing

manni, sem einnig var í Reykjavíkurnefndinni, og hefir frætt mig um margt annað, sem eg fæ honum aldrei fullþakkað. Eg skal svo ekki orðlengja þetta mál að sinni, fyr en eg heyri tillögur þingsins frekar um það.

Jón Pèturson: Mèr heyrðist hinn háttvirti *framsögumaður* færa ástæður fyrir hjúalaganefndunum, og heyrðist mèr hann álíta þær vera nauðsynlegar, en hann færði enga ástæðu fyrir því, hvers vegna þingnefndin hefði sleppt þeim. Hann sagði, að þær gæti komizt á seinna; en hví þá ekki nú þegar? Hví eiga þessi hjúalög að vera á pappírnum 7 eða 8 ár, án þess að koma til framkvæmdar? ef hjúalaganefndirnar eru í sjálfu sèr nauðsynlegar, þá sè eg ekki, eptir hverju verið er að bíða; mèr sýnist betra að koma með þetta nú þegar, svo lögin komist undir eins í gildi.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil leyfa mèr að gjöra fáeinar smáathugasemdir, því mèr líkar frumvarp nefndarinnar svo vel, að eg get ekki betur sèð, en að það hafi bætt frumvarp stjórnarinnar mikið. 2. grein fellur mèr vel, bæði þar sem tiltekinn er hinn lengsti vistartími, og líka tiltekið, að hann geti verið skemmri. Ef að eins stæði fyrri parturinn af þessari grein, þá er auðsèð, að styttri vistarráð gæti verið gildanði, svo að segja má, að síðari hlutinn sè óþarfur; en hann er þó til þess að taka það skýrara fram; einúngis kann eg ekki við, hvernig það er orðað: »bindandi til lengri tíma»; vil eg því áskilja mèr rètt til þeirrar orðabreytíngar: »Engi vistarráð skulu lengur standa, þ. e. gilda, en 12 mánuði». Í gömlum lögum er það tiltekið, að hjú megi koma í vist um heyannir, og kemur það vel saman við 2. gr., því eptir henni getur hjú samið við húsbóndann að koma, þegar hann helzt vill. 5. grein fellur mèr vel, þótt það sè ekki hægt að koma með sönnun fyrir því, að húsbóndi hafi látið hjúið vita, eða hjúið hafi látið húsbónda vita, að það eigi vili endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár; en mèr þykir eitt vanta í 5. gr, og það er, að sá, sem tælir hjú úr vist eða tekur það frá þeim húsbónda, sem það er ráðið til, skuli eigi verða fyrir sektum. Í Jónsbók er lítil grein og góð, »sem ákveður, að sá skuli verða fyrir sektum», sem vísvitandi tekur annan vinnumann frá honum, og vildi eg, að þetta væri upp tekið í nýja grein eður bætt aptan við 5. gr. Í lagaboðinu um lausamenn er og lögð sekt við því, er hylmað er yfir með lausamönnum; eins vil eg, að hèr sè ákveðið um þá, sem stuðla til þess, að hjúið gjöri rangt. Í 7. grein sýnist mèr vera sèrleg umbót hjá nefndinni, því hún er nú einúngis

byggð á viðskiptum húsbónda og hjús, því það er auðsætt, að mèr kemur það ekki við, hver viðskipti sá, sem eg hefi samið við, hefir haft við annan mann, ef þau ekki koma mèr við; því hver á við sinn sala. Annað er það, og það hefir þingnefndin getað vitað betur, en stjórnin, að húsbændur geta hæglega fengið að vita hèr á landi, hvernig hjúið er; en það er allt öðru máli að gegna ytra, þar sem manngrúinn er svo mikill, og hafa menn því þar neyðzt til þess, að hafa þessar vitnisburðarbækur og aðrar fleiri lagagreinir. Í stjórnarfrumvarpinu stendur í 7. gr. 2. atr., að húsbóndi megi ripta vistarráðum, ef hjúið, þar sem það var síðast í vist, hefir gjört sig bert að illmennsku við húsbónda sinn eða vandamenn hans á heimilinu; en er það nokkuð brot á samníngi milli hjús og tilkomanda húsbónda? Að reka ógipta vinnukonu, vanfæra úr vist, sem stjórnarfrumvarpið gjörir, er á móti gildandi lögum, er banna að reka vanfæra griðkonu út úr hreppnum. Afleiðíngin af þessari grein stjórnarfrumvarpsins hlýtur þó að verða sú, að verði vinnukona rekin úr vistinni, verður hún líka rekin úr hreppnum; eður eiga allar ólèttar griðkonur að setjast upp á hreppstjórann? Mun þeim þá eigi þykja þètt fyrir dyrum sumum þeirra? Þegar eg ber 7. gr. *c* saman við 28. gr. 2. atr, sè eg, að þar eru ekki höfð alveg sömu orð, og eiga þar þó víst að vera hin sömu orð í báðum greinunum, og vildi eg því, að þessu yrði breytt svo, að sömu orð væri höfð á báðum stöðunum. Þá kemur 9. gr. 3. atr., sem mikið hefir verið talað um, og sem reyndar þykir nokkuð hart, en sem eg álít þó, að ekki sè rètt að breyta, nema að orðunum til, því þótt eg geti ímyndað mèr, að hún geti orðið misskilin, á meiníngin þó víst að vera sú, að húsbóndinn sè undir rannsókn. Þar sem í 24. gr. er talað um það tilfelli, þegar hjúið verður veikt, án þess það sè hjúinu eður húsbóndanum að kenna, finnst mèr hálfsmánaðar tíminn um sláttinn og í verinu of langur, og þó einkum í samanburði við einn mánuð á hinum öðrum tímum ársins, því það er ekki mikill skaði að því á veturna, þó hjú liggi sjúkt, í samanburði við tjón það, sem af því leiðir um sláttinn. Í Grágás og Jónsbók er tíminn og lengri, en 3 dagar um heyannir, og hálfur mánuður utan heyanna; og þó menn nú ekki taki þennan tima svona stuttan, vil eg þó að hann sè styttri en hálfur mánuður. Um efni þessa máls ætla eg svo ekki að fara fleirum orðum, en mun síðar koma fram með nokkrar orðabreytíngar, sem ekki eru neinar efnisbreytíngar, t. d. í

6. gr., þar sem stendur: »vistarrof frá húsbónda hálfu«, vildi eg að væri orðað: »vistarrof af húsbónda hálfu« o. s. frv.

Framsögumaður: það seinasta, sem þingmaðnr Borgfirðinga tók fram, er prentvilla, sem víst er hægt að leiðrètta; eins verð eg að fallazt á það, sem hann tók fram, að það væri betra, að viðhöfð væri sömu orðin í 7. gr. c, og 28. gr. 3. atr., og er eg með öllu fús á, að áskilja mèr breytingaratkvæði þar að lútandi; það er og satt, sem hann gat um viðvíkjandi veikindum hjúa, að bæði frumvarp stjórnarinnar og nefndarálitið er frjálslegra að þessu leyti, en hin eldri lög; en eg álít ekki, að það sè ástæða til, að fara eptir þeim í þessu, því virðast þau mikils til of hörð móti hjúinu; það getur líka verið nærri því eins mikill skaði að því, að hjú fatlizt frá vinnu og liggi á vetrardag, þegar t. d. svo á stendur, að fáir eru menn á heimili, en miklum fènaði er að gegna; eins getur líka á öllum tímum árs verið mikið tjón að, ef laghentur maður verður ófær til vinnu, að eg eigi tali um, að vertíð er við sjó eins áríðandi og sláttur til sveita.

Jón Guðmundsson: Eg skal ekki fara mörgum orðum um það, sem *framsögumaður* sagði, og ekki heldur um hinar smærri breytíngar. *Framsögumaður* verður þó víst að játa um 13. gr., þótt honum þyki hún aldrei nema ljós, að ekki sè verra eða óljósara að hafa »púnkt« fyrir aptan »húsbónda«, heldur en »kommu«; þó eg leggi mig ekki út til þess að misskilja greinina, þá er hún eins og hún er, misskilníngi undirorpin. Mèr verða að þykja mjög óheppileg hin dönsku orðatiltæki, sem farin eru að koma inn í lög vor, og svo er nú t. a. m. hjá nefndinni í 29. gr.; eg veit ekki, hvað það á að þýða, að skýrskota fyrst til 11. gr. (í nefndarfr.), þar sem er tiltekið árskaupið, en svo jezt þetta árskaup svo upp, að ekkert verður eptir; fyrst er ráðgjört árskaupið eptir 11. gr., en »þó þannig«, að varla nokkurn tíma eða aldrei verður niðurstaðan um árskaup, heldur fer hún eptir mati »óvilhallra manna«; þetta finnst mèr mjög óheppilegt og óhafandi í lagaboði. Eg verð líka að víkja fáeinum orðum að 6. gr., sem *framsögumanni* og þingmanni Borgfirðinga þótti hafa batnað svo mjög hjá nefndinni; *framsögumaður* sagði, að það, sem tiltekið væri í 6. gr. stjórnarfrumvarpsins, væri svo margort, vastursamt og margbrotið; en þegar allt er tiltínt í grein nefndarinnar og stjórnarfrumvarpsins, þá er stjórnarfrumvarpsgreinin einni línu lengri en nefndarinnar; nú ætti þá nefndarinnar grein að vera ljósari, en hún er í rauninni óljósari og

óákveðnari. Þar sem *framsögumaður* var að forsvara þingmaríumessu, þá gjörði hann það einúngis með því að segja, »að það væri óvíst eða ósannað, að fardagar væri hentugri, en það finnst mèr engi ástæða vera fyrir, að breyta stjórnarfrumvarpinu, því það væri þá fyrst ástæða til að breyta því, ef þingmaríumessa væri hentugri, því mèr finnst yfir höfuð að tala, að menn ekki eigi að breyta stjórnarfrumvarpinu, »þegar breytíngin ekki er heppilegri eða nauðsynlegri, heldur en í nefndarfrumvarpinu, eða nefndin hefir nú fært sönnur á. Að því er 11. gr. snertir, þá er það satt, sem *framsögumaður* sagði, að misbrot það, sem þar er ráðgjört, geti verið svo stórkostlegt, að það geti heyrt undir önnur lög, t. a. m. tilsk. 4. okt. 1833; en eg get ekki fallizt á það, sem hann sagði, að húsbóndi ekki gæti haldið hjúinu nema með því, að leggja á það hendur, eða að loka það inni; það er auðvitað, að húsbóndinn getur haft siðferðislega verkun eða áhrif á hjúið,talað það upp, eða ógnað því svo, að ekki kæmi til þess, sem gjört er ráð fyrir í tilsk. 4. okt. 1833. Þó eg ekki efist um, að eins löglærður maður, og *framsögumaður* er, sè góður að semja lög, þá get eg ekki vikið frá því, að það, sem löggjafarvaldið í Danmörku hefir álitið, ætti vel við í hjúalögum í Danmörku, af því það, sem lagaboðið hljóðar um, gæti komið þar fyrir í hjúamálum, þá eigi það ekki síður vel við í hjúalögum vorum, þar sem því verður þó ekki neitað, að hið sama, sem 11. gr. ráðgjörir, getur auðveldlega átt sèr stað hèr á landi. Þessi ákvörðun hefir verið tekin upp í dönsku hjúalögin, og finnst mèr því, að hèr eigi að halda henni, fyrst að hún hèr getur átt sèr stað. Þá kemur nú 7. og 9. gr., sem hefir fengið þrígilda stoð, þar sem hinn mikilsvirði þingmaður Borgfirðínga hefir stutt þær greinir, en það er ekki lítilsvirði; samt gjöri eg mèr engan eltingarleik að finna að því, sem engi ástæða er að finna að; en eg get ekki betur sèð, en að nefndinni hafi mistekizt, bæði að grundvallarreglunni til og niðurskipun í þessum greinum, og þyki mèr það undarlegt, að nefndin, nærri því af engri ástæðu, skuli þar með hafa hafnað 7. og 13. gr. stjórnarfrumvarpsins. Það er auðsèð, að nefndin hefir misskilið bæði grundvallarregluna, sem hún ætlaði að byggja á, og sjálfa sig með; þetta staðfesti *framsögumaður* í síðustu ræðu sinni, og þetta sèst líka bezt af því, að nefndin tekur 1. og 2. atr. »a« úr 7. gr., þar sem verið er að tilgreina þau atvik, er megi valda vistarrofum, *áður en* hjúið *fer* í vistina, og gjörir þessa sömu tölul. (úr 7. gr.) að fyrsta atr. í 28. gr.,

er þó einúngis á að taka fram þau atvik, er megi valda vistarrofum, *eptir það* að hjúið er *komið* í vistina. En þegar nú vistarráðin gjörast um jól, eins og ákveðið er, hvernig á þá húsbóndinn að fá að vita fyrir hjúaskildaga það, sem tiltekið er í 7. gr. 1. tölul. hjá nefndinni, ef hjúið er t. d. í annari sýslu eða öðrum landsfjórðúngi (*Framsögumaður:* það þarf ekki). Það er annað mál; er þá þessi ákvörðun þýðingarlaus hjá nefndinni? En þetta er það, sem nefndin allt af er að villast á; hana vantar að gjöra fullljósan greinarmun á vistarrofum, *áður* og *eptir* að hjúið er komið í vistina. *Framsögumaður* var allt af að tala um rètt húsbónda, til að reka hjúið *úr vistinni;* en það kemur ekkert þessu við, á meðan hjúið er ekki komið í vistina, eins og 7. grein byggir á. Ef t. a. m. húsbóndi hefir skriflega ráðið hjú til sín úr annari sýslu, hvernig á húsbóndinn þá að fá að vita vistarrofin, og hvenær verður það þá framkvæmt, sem stendur undir 7. gr. *c* (*Framsögumaður:* Í vistinni). Fyrirsögn 7. gr. segir: »áður en það kemur í vistina« (*Framsögumaður:* Ef það verður sannað). Til hvers er að ætlast til sannana fyrir því, sem ekki verður sannað? Hèr er þá verið að tala um það, sem á heima i 28. gr., en hvernig á því stendur, að það er hèr, er fyrir ofan minn skilníng, þess vegna sný eg ekki frá því enn, að stjórnarfrumvarpið er miklu betra, bæði að allri grundvallarreglu, hugsunarsambandi og ákveðnum atvikum, heldur en frumvarp nefndarinnar. Stjórnin hefir ekki villzt á því, hvað á að valda vistarrofum, áður og eptir að hjúið er komið í vistina; en það er eins og bæði *framsögumaður* og eins þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu hafi aldrei lesið fyrirsögnina fyrir þessari 6. grein. (*Framsögumaður* og *Guðmundur Brandsson:* Misskilníngur). 9. gr. nefndarinnar er í mörgu tilliti óheppilegri en 7. greinin, og stórum lakari og óheppilegri en 13. gr. stjórnarfrumvarpsins, því þar eru öll þau aðalatvik tekin fram, sem tiltekin verða í fám og skýrum orðum um það, hve nær hjú megi ripta vistarráðum, *áður en* það kemur í vistina. Mönnum kann nú má ske að þykja þessar breytíngar óverulegar hjá nefndinni, en þær eru vissulega ekki óverulegar, er þær grauta saman 2 ólíkum grundvallarskoðunum, sem er nauðsynlegt að halda ljóslega aðskildum, og byggja á aðgreindar ákvarðanir, eptir ólíkum atvikum og tilefnum. Af þessu virðist mèr auðsætt, að nefndin hefir fremur spillt fyrir málinu í heild sinni, með mörgum þeim breytíngum, er hún hefir gjört á stjórnarfrumvarpinu, og eg vil ekki vinna það fyrir, að tvístra

atkvæðum um það, sem er eins tvísýnt, og þó er ekki meira vert en þetta, og sem þó má ske getur orðið til þess, að stjórnin taki ekki að neinu til greina þær breytíngar þíngnefndarinnar, sem verulegar eru og áríðandi, t. d. í 1. og 2. gr., heldur gjöri frumvarp sitt óbreytt að lögum, eins 1. og 2. gr. stjórnarfrumvarpsins, eins og hitt annað; eg vil gefa keisaranum, hvað keisarans er, og guði, hvað guðs er. Þetta frumvarp stjórnarinnar er þó óneitanlega vel vandað og úr garði gjört, og tekur að því leyti fram flestum öðrum frumvörpum, er stjórnin hefir lagt fyrir alþíngi. Og eg vil ekki, að því sè breytt, sem ekkert verulegt er út á að setja, og til engra verulegra bóta getur leitt, og eg vil ekki að atkvæðin tvístrist um það, sem er tvísýnt og óverulegt, heldur að þíngmenn snúi sèr einhuga á móti því, sem verulegt er og ekki á hèr við með neinu móti, t. a. m. 18 ára aldrinum; en það fer fjærri, að mèr geti fundizt sú bót í 7. og 9. gr. nefndarinnar, að eg vili vinna það til, að ákvörðunin um 18 ára aldurinn verði að lögum, og þess vegna hefi eg hreift þessu, því að öðru leyti hefði mèr ekki tekið sárt til breytínganna, hefði eg eigi óttast, að þær kynni að geta haft verulegar afleiðíngar til hins verra.

Framsögumaður: Eg ætla ekki að verða margorður um það, sem þíngmaður Vestur-Skaptfellínga sagði, því hann hefir misskilið mig, og misskilníngi hans ætla eg ekki að svara. Eg játa það reyndar, að eg á bágt með að tala, og er má ske myrkur í máli mínu; en mig furðar á því, að hann, svo skarpur maður, skuli ekki hafa skilið það, sem eg áðan tók svo ljóslega fram. Eg vil leyfa mèr að svara því, er hann sagði um 7. gr. Regla sú, sem þar er, er tekin upp aptur í 28. gr., eins og eg sagði með berum orðum; þíngmaðurinn getur ekki skilið, hvers vegna hún er þar líka; það er þó auðvitað, að húsbóndinn má ripta vistarráðunum, ef það sannast, eptir að hjúið er komið í vistina, að það hafi svikið húsbónda sinn á sèr, t. a. m. ef maður hèr sunnanlands vistar til sín vinnumann að norðan, af því hann þykist vera góður sjómaður og hann þarf á góðum sjómanni að halda; ef nú þessi maður *reynist* ónýtur sjómaður, þá hefir hann tælt húsbónda sinn á sèr; annað dæmi er það, ef vinnumaðurinn hefir sagt, að hann væri liðgengur bæði til sjávar og lands; þá kann það má ske ekki að komast upp, að hann sè ónýtur, fyr en um haustið; en það getur líka sannazt, áður en hann kemur í vistina, og þess vegna verður það að standa bæði í 7. og 28. gr.;

þetta vakir líka fyrir stjórnarfrumvarpinu, eins og við sjáum á 32. gr. í því; þetta atriði er í stjórnarfrumvarpinu, hjá Reykjavíkurnefndinni og hjá þingnefndinni, að það verður að takast fram á báðum stöðunum, þó það sè gjört á annan veg eptir því, sem frumvörpunum að öðru leyti er ólíkt varið, því prettirnir geta sannazt, bæði áður og líka eptir að hjúið er komið í vistina. Eg álít því þetta misskilning, sem er kominn af því, að menn hafa gefið sèr of stuttan tíma, til þess að lesa frumvarpið, því svik í samningi gefur auðsjáanlega húsbóndanum rètt til að ripta vistarráðunum, bæði áður og eptir að hjúið er komið í vistina. Mèr þykir það hart, ef menn eiga að kaupa 16 ára aldurinn fyrir það, að allt frumvarp þingnefndarinnar verði fellt, þar sem það þó hefir aðhyllzt hann, og mèr sýnist rangt að gjöra stjórninni þær gersakir, að hún vegna lítilla breytinga ekki vili fallast á tillögur þingsins. Mèr sýnist, að þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefði átt að halda með þingnefndinni, þar sem hún hefir, að svo miklu leyti sem gjörlegt var, fallizt á frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar, og þó hann sè nokkurs konar dómari í eigin sök, vona eg, að hann styði þingnefndina, af því að hún hefir fallizt á 16 ára aldur Reykjavíkurnefndarinnar, sem ekki verður nógsamlega þakkað. Eg hefi líka það traust til stjórnarinnar, og er sannfærður um, að henni er ekkert um það að gjöra, að setja oss þau hjúalög, sem vèr ekki kunnum við, og hún hefir einmitt sýnt hið gagnstæða með því, að hún setti íslenzka jurista í nefnd, til þess að búa til frumvarp til þessara laga, og sýnir það, að hún hefir viljað vanda þetta verk; það er því nokkuð skrítið, að hafa vantraust til hennar í þessu, en hafa nærri því oftraust til hennar í því, sem menn vita, að henni er ógeðfellt, og eg er sannfærður um, að stjórnin lætur í þessu máli það verða að lögum, sem vèr erum á einu máli um, að eigi að verða að lögum; en vèr verðum að segja, hvað vèr viljum, og styðja það við rètt og skynsamleg rök; eg treysti því fastlega, að þingmenn hræðist ekki aðra eins mótbáru og þá, er þingmaður Vestur-Skaptfellinga kom með.

Stefán Jónsson: Mèr datt í hug, þegar talað var um 26. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem er 24. gr. frumvarps þingnefndarinnar, að spyrja að því, hvort ekki mundi vera mögulegt að misskilja þessa grein, svo að það hjú, sem er veikt í mánuð, eigi að missa kaup fyrir allan mánuðinn, en sleppi fyrir að missa nokkuð, ef það að eins liggur hálfan mánuð; því meiningin held eg sjálfsagt ætti

að vera sú, að það sleppur fyrir borgun fyrri helmínginn af þeim mánuði, sem það liggur, en borgi fyrir hinn seinni, að hjúið, hvað löng sem legan er, missi ekki kaup fyrir fyrsta hálfan mánuð, sem það er veikt um heyannir; mèr virðist þetta vera andinn hjá nefndinni; en svo það ekki misskilist, vil eg taka mèr breytíngaratkvæði um þetta, ef nefndin finnur ekki sjálf ástæðu til þess.

Benedikt Þórðarson: Eg tók svo eptir, að hinn heiðraði 4. konúngkjörni þingmaður áskildi sèr að taka, sem viðaukaatkvæði við þíngnefndaruppástúngurnar í máli þessu, uppástúngur Reykjavíkurnefndarinnar um hjúalaganefndir í sveitinni; eg sè ekki að slíkar nefndir sè nauðsynlegar til hliðar við sættanefndirnar, sem nú eru i hverri sveit; eg ætla, að hjúamálunum sè fullborgið í þeirra höndum, já betur borgið; því öllum gefur að skilja, að betur er þeim mönnum trúandi fyrir skynsamlegri afgreiðslu málanna, er vanir eru málastörfum og vaxnir þeim að viti, en hinum, er vankunnandi og fáfróðari eru. Stjórnin hefir mótmælt hjúalaganefndum þessum, og fært gildar ástæður fram fyrir neituninni; þeirra ástæðna ætti menn að gæta. Eg er áliti hennar að öllu samþykkur, eg get ekki sèð neitt til þess, að *mæla fram með slíkum nefndum*; eg get auðveldlega ímyndað mèr, að illt gæti af þeim leitt, og að þær kæmist í bága við hinar lögskipuðu sættanefndir, ekki að tala um það, að í mörgum smásveitum er ekki menn að fá hæfilega í slíkar nefndir, þegar prestur, sáttamaður og má ske hreppstjóri ganga frá; en eigi prestur og sáttamaður að takast í nefndina, þá þarf ekki að biðja um það, sem gefið er. Aðalkostur á hjúalaganefndunum skilst mèr eiga að vera það, að hlutaðeigendur geti lagt mál sín í gjörð þeirra; þetta geta þeir einnig gjört; þeir geta allt eins, þegar þeir vilja, lagt málið í gjörð nefndanna, sem nú eru, og þeirra gjörð verð eg að ætla, að optar yrði betri en hinna; til þess nú þó að sýna, að eg vili hjúamálinu vel, og á vissan hátt leiðbeina því til nefndar, og tryggja því þennan gjörðarètt í málunum, tek eg mèr breytíngaruppástúngu við viðaukauppástúngu hins 4. konúngkjörna þingmanns — þannig orðaða:

»Öll þau mál, er áhræra rèttindi og skyldur húsbænda og hjúa eptir þessari tilskipun, skulu eiga undir viðkomandi sættanefndir, til sáttaumleitunar á vanalegan hátt; en komist ekki sætt á, skal málspörtunum heimilt, ef þeim kemur saman um það, að leggja málið í gjörð nefndarinnar, og skal hún þá innan 3 sólarhringa kveða upp á rökum byggða gjörð í málinu, eptir gögnum og skil-

ríkjum; skal bóka hana, og nefndin láta birta hana fyrir málspörtunum, ef þeir eigi hafa frá fallið birtíngu; komi fram atriði fyrir sáttanefndinni frá annars hvors málspartanna hálfu, er eigi hafa verið fólgin í kæruskjalinu, og komizt á sætt eða gjörð, skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að sættin eða gjörðin ef annar hvor málspartanna krefst þess, nái einnig yfir þau atriði. Komist hvorki sætt á, nè málið sè lagt í gjörð, skal rita það í sáttabókina, og út gefa vottorð þar um, og að málinu sè vísað til landslaga og rèttar«.

Í þessari uppástúngu þannig lagaðri felst allt það, er innibinzt í reglum þeim, er fram eru teknar við hjúalaganefndirnar, nefnilega þetta, að hlutaðeigendur leggi málið í gjörð nefndarinnar, þegar þeir vilja, og þá ætla eg fengið það, sem á að verða aðalkosturinn á hjúalaganefndunum.

Indriði Gíslason: Það er nú varla þess vert, að gegna öllu því, sem hèr hefir framfarið í þessu máli, því heldur, sem mèr virðist, eins og eg hefi látið í ljósi áður, að þetta mál sè þýðíngarlítið og jafnvel þýðíngarlaust, ef ekki er gengið inn á hjúamálanefndina, sem eg skal síðar reyna dálítið tii að sýna fram á. Þíngmaður Suður-Múlasýslu var mikið að tönglast á hinum langa vistartíma; það verður því nærri óþarft að svara því, þar eð engi þíngmaður sèr eptir honum, nema hann einn; hann hefir í stuttu máli þá ókosti, að hann er bæði ófrjálslegur og óþènanlegur bæði fyrir hjú og húsbónda, því þó húsbónda geti vel gagnast hjúið eitt ár, eru þó ótal dæmi þess, að húsbóndinn má ske getur hvorki nè vill haldið hjúið lengur en eitt ár, og má ske þekkir ekkert til þess, fyr en að ári liðnu; sama er að segja um hjúið, þar opt getur svo að borið, að hjúið ekki vildi vinna fyrir tvöfalt kaup að vera ári lengur í vistinni, því auk þess, sem það er mjög ófrjálslegt, þá eru svo ótal sèrstakar kríngumstæður, sem hèr væri of langt upp að telja. Þíngmanni Borgfirðínga þótti of langur hálfsmánaðar legutíminn um slátt og vertíð, í samanburði við mánaðartíma að vetri, en gætanda er að, að vel getur vetrarlegan orðið eins meinleg eins og að sumri; eg vil taka til dæmis góðan fjármann. Eg ætla nú ekki að fara lengra út í þetta mál, því það eru þýðíngarlausar smáorðabreytíngar og breytíngaratkvæðagutl; það ríður meir á, að ef að maður ætlar að semja lög, að þau verði að tilætluðum notum og þeim verði framfylgt, og verða lög þessi eins og verkfæri það, sem aldrei er brúkað, ef sleppt er hjúamálanefndunum, því eg skil svo tilgang þessara laga, að þau fremur eigi að vera til þess

að bæta hús- og bústjórnina, en til þess að fjölga prætumálum milli húsbænda og hjúa, sem ganga eiga fyrir forlíkunarnefnd, og þaðan dómaraleið til sýslumanns, enda koma slík mál ekki fyrir, því húsbændur og hjú vinna það ekki til, að fara að stefna fyrir hvert smáræðið, og láta heldur allt dumma í húsagaleysi og óreglu, en þegar beztu menn í sókn eða hrepp hverjum ætti sèrstaklega að hafa afskipti af hjúalögunum, mundi það mest verka á húsbjórnina. Eg skal nú leyfa mèr að taka að eins eitt einasta dæmi af öllum þeim, sem telja má í lögum þessum. Eptir 30. grein 3. atriði má hjú ganga úr vistinni, ef það er látið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu; nú skyldi þetta hjú vera kann ske á þeim árstíma, sem verst gegndi, innst í Gilsfjarðarbotni, ætli að ekki yrði lítið úr fyrir því, húngruðu og horuðu hjúi, að fara fyrst að kalla húsbóndann fyrir, og labba síðan vestur að Haga á Barðaströnd, eða má ske lengra og sækja mál sitt? eða t. a. m., ef slík tilfelli kæmi fyrir norðar í Trèkillisvík, á Ströndum, og húsbóndi eður hjúið ætti að reka rèttar síns, og fara inn í Hrútafjarðarbotn? það er sjálfsagt, að lög eru seint of vel vönduð; en heldur vildi eg, að eitthvað mætti að þeim finna, og þau kæmi að tilætluðum notum, en þau væri óaðfinnanleg á pappírnum, en migluð upp á hyllum valdsmanna, og yrði aldrei að neinum notum.

Jón Pètursson: Það gleður mig því fleiri raddir, sem eg heyri, að eru fyrir hjúalaganefndunum, og því meir sem *framsögumaður* hrósar þeim, og heyrist mèr hann álita það nauðsynlegt, að þær yrði samþykktar. En eg gat ekki heyrt, að hann færði neina ástæðu fyrir því, hvers vegna þingnefndin ekki tók þær upp; og vona eg þess vegna, að þingnefndin gangi inn á þær, fyrst hún ekki færði neina ástæðu fyrir því, hvers vegna hún ekki tók þær upp, en álítur þó þær sem nauðsynlegar, og það einmitt nú nauðsynlegri eptir frumvarpi sínu, en ef menn fèllist á frumvarp stjórnarinnar. Út frá þessu geng eg sem vísu.

Pètur Pètursson: Eg vil geta þess, að í þingnefndinni komu þessar hjúalaganefndir opt á góma. En af því þær lágu ekki fyrir í stjórnarfrumvarpinu, kom það aldrei til, að gengið væri til atkvæða um það, hvort þær skyldi taka upp eða ekki. Þetta, að þær ekki stóðu í frumvarpi stjórnarinnar, er ástæða fyrir því, að nefndin ekki tók þær upp, en ekki það, að meiri hluti nefndarinnar hafi verið þeim mótfallinn. Þær lágu ekki fyrir í stjórnarfrumvarpinu, en geta nú komizt inn í málið, sem viðaukaatkvæði.

Helgi G. Thordersen: Mèr finnst eitthvað laglegra, að eg standi upp í þessu máli, sökum þess að hèr ræðir um það mál, sem snertir allt landið, og sem allir þingmenn eiga að segja álit sitt um.

Menn hafa lengi saknað þvílíkra laga, og er það því mikið fagnaðarefni, að menn nú skuli hafa fengið frumvarp til laga þessara inn á þingið, og eg verð að láta í ljósi ánægju mína yfir því, hvernig gengið hefir verið frá stjórnarfrumvarpinu og framvarpi þingnefndarinnar, því mèr liggur við að segja, að aldrei muni betur vandað lagafrumvarp hafa komið frá stjórninni til þings, en þetta, og þætti mèr slæmt, ef það ekki væri með þakklæti meðtekið, því það er hin mesta nauðsyn á þessum lögum, og mèr finnst, að þeir, sem hafa unnið að þessu máli, hafi venju fremur sett sig inn í ástand vort, og eins og farið inn í hugsunarhátt landsmanna. Eg ætla ekki að fara að tala um hverja einstaka grein, því það gæti orðið að endileysu, en geta þess að eins, að eg mun taka sumt af því, sem nefndin hefir komið með, til greina, því hún hefir í mörgu bætt stjórnarfrumvarpið. Hèr er að gjöra um lagafrumvarp, sem byrjar vel, heldur vel áfram og endar vel, og verð eg því að vera samþykkur frumvarpi stjórnarinnar með breytingum þingnefndarinnar. Þegar eg hefi lýst þessu yfir, ætla eg mèr að minnast á eitt atriði. Mèr segir nfl. svo hugur um, að þetta lagboð muni verða til mjög lítils gagns, ef ekki verða teknar upp hjúalaganefndirnar, því mèr geðjast mjög vel að því, eptir því sem hèr tilhagar, að nefndir þessar komist á í sveitunum, og það, sem hjá mèr mest talar fyrir þessum nefndum, er það, að nefndarmenn, eigi að veljast meðal bændanna sjálfra Að vísu er þetta mál svo almennt, að það snertir alla, en þorrinn af öllum á landinu eru bændurnir, svo þetta mál er í eðli sínu bændamál. Þessir menn, sem hafa í þessu efni langtum meiri skóla, eður margvíslegri reynslu, en aðrir, geta bezt gjört ráð fyrir öllum tilfellum, og bezt ráðið sínum líkum til þess, sem hentast er; en það finnst mèr mest mæla með nefndum þessum, að hèr koma bændur til þess að standa undir nefnd af sínum eigin líkum, því hèr er hvorki prestur eður sýslumaður, heldur þeirra eigin menn; og vil eg því sterklega mæla fram með nefndum þessum, því eg álít málið standa og falla með þeim. En að tala um hin einstöku atriði, ætla eg að yfirláta til annara, sem eru færari um það, en eg.

Framsögumaður: Það lítur út fyrir, að hinn háttvirti 4. kon-

úngkjörni þingmaður hafi álitið, að eg talaði ekki ljóslega áðan um hjúamálanefndirnar. Eg sagði, að mèr og fleirum í nefndinni, en þó ekki öllum, hefði virtzt þær mjög æskilegar í sjálfu sèr, en fyrir þá sök, að þetta atriði málsins lá ekki beinlínis fyrir, þó það í formlegu tilliti víst hefði verið leyfilegt að taka það einnig inn í, og af því menn vildu forðast, að það kæmi ágreiníngur meðal nefndarmanna, sem eigi voru allir ásáttir um hjúamálanefndirnar, og með því loksins tíminn var orðinn svo naumur, þá fann nefndin ekki næga ástæðu til, að auka starfa sinn með því, að fara að fjalla um þessar hjúalaganefndir. En eg fyrir mitt leyti álít þær mjög svo nauðsynlegar, og ef eg sè, að margir þíngmenn eru á sama máli, er eg fús á að styrkja það viðaukaatkvæði, sem menn kynni að gjöra í þessa stefnu. En eg vildi, eins og eg hefi sagt, ekki gjöra þetta að ágreiníngsmáli í nefndinni.

Ásgeir Einarsson: Það hefir nú mikið verið talað um frumvarpið; en hjúalaganefndirnar komu seint til umræðu, og þó þær sè hèr aptan til í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar, ætla eg að minnast fátt eitt á þær fyrst. Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður, sem stakk upp á þeim núna, sagði, að löggjafinn hefði fundið til skorts á þeim; en þá er mèr óskiljanlegt, að hann skyldi ei taka þetta atriði upp úr frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar; og þegar eg sá, að þessar nefndir voru ekki í stjórnarfrumvarpinu og ekki í nefndarálitinu, þá hèlt eg, að stjórnin vildi nú ekki lengur hafa neinar nefndir, nema kláðanefndir. Eg setti mig því ekki eins vel inn í þessar nefndir, eins og eg hefði gjört, hefði eg vitað, að þetta mundi verða borið upp á þínginu. Eg vil spyrja þíngmenn, sem eru kunnugir þessu, hvort þeir vili taka þetta óbreytt inn í frumvarp þíngsins, eins og það er í Reykjavíkurnefndar-frumvarpinu. Það er um að gjöra, hvort ekki verði agnúar á því, þegar það hefir ei verið fyrri rætt í nefndinni; eg vil líka spyrja, hvort það er fullkomlega formlegt í alla staði. Eg vil svo ekki fara fleiri orðum um það; en það voru fáein smáatriði, sem eg vildi fá betur útskýrð í þíngnefndarfrumvarpinu, en hingað til hefir verið gjört, og vona eg, að geta komið mèr saman um það við nefndina milli funda. Það er þá fyrst um 2. gr., að eg er einn af þeim, sem ekki vilja hafa þennan stytta vistarhala; hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga bætti að vísu nokkuð úr því, með því, sem hann sagði um yfirhylmíngu með lausamönnum. Það hafa nú nokkrir þíngmenn áskilið sèr breytíngaratkvæði við þessa grein; en eg skil ekki, hvað

stjórnin hefir getað haft á móti uppástúngu Reykjavíkurnefndarinnar um þessa grein, þar sem mèr fannst greinilega og eðlilega ákveðið þar um hjúaskildaga hèr á landi. 5. gr. skil eg nú að vísu; en eg held þó, að hún sè ekki skiljanleg fyrir einföld hjú, og hún er fullkomlega eins skiljanleg í hinum frumvörpunum; en eg vil þó ekki taka mèr breytíngaratkvæði við þessa grein. Það hefir nú líklega verið af misskilníngi hjá mèr á 7. gr. stafl. *c*, þar sem stendur: »ef hjúið gjörir sig bert að slíkri breytni við hinn tilvonanda húsbónda«, að eg skyldi það svo, að þetta yrði þá að vera gjört áður, en hjúið kemur í vistina. (*Framsögumaður:* Það er rètt skilið). En eg held, að þetta geti sjaldan komið fyrir, nema ef tvíbýli er á sama bænum. Eg tek þetta fram, ef nefndin vildi orða þetta ljósar. Við 8. gr. vildi eg bæta: »eptir að hann er ferðafær orðinn«; mèr þykir það skiljanlegra; í 9. gr., stafl. 3: »eður á heimafólk hans« þykir mèr nokkuð hart. (*Pètur Pètursson:* Það á við það, sem á eptir kemur: »og hún nái til húsbónda«); þá er það gótt. Hvað 10. og 11 gr. viðvíkur., þá þykir mèr nú, bæði fyrir húsbóndann í 10. gr. og hjúið í 11. gr., hart, að gjalda allt kaupið, sem um var samið; eg held að hálft kaupið nægði, því þetta er þó ekki eins saknæmt, eins og um burtrekstrarsakir; þessu gæti nú nefndin breytt, ef henni sýndist ástæða til. Í 16. gr. stendur: »Í þrotabúi húsbænda hefir hjúið forgöngurètt« o. s. frv. Mig minnir, að það sè tekið fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, að það sè ekki ástæða til, að hjúaskuldir gangi fyrir öllum öðrum skuldum; eg hefi ekki heldur heyrt, að þessar skuldir gangi fyrir jarðarskuldum, eða sumum öðrum vitaskuldum, sem eg held ætti að dragast jafnt af; eg vildi því, að skýrt væri tekið fram, hvort þessar hjúa skuldir ætti að ganga fyrir öllum öðrum skuldum, því það væri nauðsynlegt fyrir skiptaráðendur; 19. gr. frumvarps stjórnarinnar sè eg nú að hefir verið felld burt; það finnst mèr nú ekki vera ástæða til, og eg vil ekki, að henni sè sleppt úr, því það getur opt hlotizt illt af því, að hjú hlaupi burt á aðra bæi, án þess að láta vita af því; menn geta farið að leita að því, og svo framvegis; eg vildi því að þessari ákvörðun væri haldið, hún getur í engu spillt til, og eg trúi líka, að það sè samkvæmt eldri lögum. 19. gr. i nefndarfrumvarpinu er nú sú bezta í öllum þessum frumvörpum, að mínu áliti, því hún tekur fram það eðlilega í hugsunarhætti þjóðarinnar, það er að segja útlát eða sektir fyrir afbrotin; burtrekstrarsökin þýðir ekki mikið;

eg held, að margur strákurinn yrði feginn að vera rekinn burt; og svo fer hann á flakk; eg held nú, að öll þörf væri á, að sveitanefndirnar hefði taum á þessum strákum; þegar þeir eru reknir burt, fara þeir á flæmíng, og verða helmíngi verri menn, eptir en áður; og á því væri mjög þarflegt, að sveitanefndirnar rèði bót; en hvernig ætti að fara með þessa stráka, þegar þeir eru reknir úr vist, því, eins og nú er, ganga þeir þá milli allra, án þess að nokkur hemill verði á þeim hafður. Þetta vildi eg leggja þínginu mikillega á hjarta. En á hinn bóginn má ekki heldur gefa mönnum of mikið frelsi, til að hlaupa burt; það verður aðalstíflan fyrir öllu, að ekki er til nein stofnun, svo almennileg stjórn verði höfð yfir þessu lausgangara hýski; en nú verður ekki gjörð um það uppástúnga. Eg sè á 19. gr., að vatns- og brauðs neyzlan í Reykjavík, aptan við grenina, hefir verið felld úr; en það þýðir nú ekki mikið, því það getur, eptir því sem nú er, hvergi annarstaðar átt sèr stað. 20. gr. held eg að sè ekki betri, en frumvarpsgreinin, heldur jafnvel lakari. Eg held, að þó barnsmíðaraginn verði upptekinn á öllum, þá fari það í ólagi; það er bezt, að láta þennan aga ekki ná lengra, en til 16. ára aldursins; þó maður sè barinn, eptir það hann er 16 ára, þá held eg, að hann lagist ekki mikið fyrir það; húsbóndinn slær varla í hann, nema þegar þýtur í hann við hann, og þá er hætt við, að báðir verði reiðir. Ætli væri því ekki eins gott að fylgja stjórnarframvarpinu í þessu. Þeir, sem lengi hafa verið bæði hjú og húsbændur, og það kann ske á ýmsum stöðum landsins, geta bezt sett sig inn í þetta. Að því er 24. gr. snertir, þá er eg nú ekki fjarlægur uppástúngu þíngmanns Borgfirðínga; þó getur húsbónda stundum orðið eins mikið tjón af mannmissi á vetri, um vertíðar tíma, eins og um sláttinn, og stundum jafnvel meira; en eg veit það nú, og það mun vera almennt hèr á landi, að húsbændur fara ei hart í þetta við góð hjú. Að því er 25. gr. snertir, þá held eg nú, að ef húsbóndinn ætti að endurgjalda þýngsli, sem yrði af hjúum hans annarsstaðar, og ætti að borga kann ske 2 rd. með því um vikuna, þá held eg, að vel gæti svo farið, að hann leitaði því ekki eins lækníngа, því hann gæti verið peníngalaus, þó hann hefði efni á, að fæða það, ef það væri heima hjá honum. Um 28. gr., stafl. 7. er það að segja, að eg vil vita einhver takmörk fyrir því, hvað opt maðurinn á að hafa verið drukkinn, til þess hann verði rekinn í burt; mèr finnst þetta »aptur og aptur« töluvert óákveðið. Þegar hjú strýkur úr vist, á það eptir

29. gr. að fá laun fyrir þá tíð, sem það hefir verið í vistinni, en á aptur að borga húsbónda eins mikið, og um var samið, að borga því í kaup. Nú vil eg setja: vinnumaður skal fara burt úr fjármennsku á vetri, til að ábatast af fiskiveiðum; húsbóndinn klagar, og hann verður hart úti, af því að hann missir manninn frá fénu, auk þess, að hann borgar honum fyrir tímann, sem hann hefir verið, þó hann aptur fái svo sem kaupinu nemur; eg vil nú að hjúið verði harðara úti en þetta, og vil eg því bæta við, að það skuli borga skaða þann, sem hlýtst af fjármannsmissinum. (*Framsögumaður:* Það þarf ei; það er heimfært undir 29. gr., að hjúið skuli greiða skaðabætur).

Benedikt Þórðarson: Það var þó merkilegt, að þingmaður Dalamanna skyldi misskilja hvert orð, sem eg talaði, viðvíkjandi hjúamálanefndunum; hann lèt svo sem eg væri þeim að öllu mótmæltur, og ætlaðist til, að öll hjúamálin skyldi undir eins ganga til sýslumanns, og hann brá sèr á augabragði með þau innan úr Gilsfjarðarbotni, og yfir mörg fjöll og marga firði, út með öllum Breiðaflóa, allt vestur að Haga á Barðaströnd; þetta var þó sannarlega hitasprettur, og ekki von, að hann gæti á slíku hlaupi glöggvað sig á orðum mínum, þó þau væri hvorki mörg nè torskilin; eg var engan veginn að traðka rètti hjúamálanna, heldur að styrkja hann, og leggja það eitt til í því efni, er eg áleit tryggara, nefnil. að hjúamálin heyrði undir sáttanefndirnar, sem nú eru, og sem svo lengi hafa reynzt vel; honum þótti það öfgar, að eg, að óreyndu, ekki vildi nú málunum betur borgið, í höndum þessara hugmyndanefnda, sem hvergi eru á komnar, og engi hefir reynt, hvort lið gæti veitt. Einhver færði það til, sem sèrdeilis ánægjusama ástæðu fyrir nefndum þessum, að í þeim yrði bændur með bændum, svo að skilja, að presturinn spillti þá ekki málunum; en eru nú ekki prestarnir, eptir stöðu sinni í bændafèlaginu, bændur með bændum, og hverjum er ætlanda fremur en prestinum, sem hefir bæði andlega og lagalega köllun og skyldu, til að vaka yfir velferð sóknarbúa sinna, í andlegum og líkamlegum efnum, hverjum er fremur ætlanda, en honum, að vinna sem nefndarmaður að beztum úrslitum húsbænda- og hjúamálanna. Eða skyldi presturinn eiga að sitja þegjandi hjá og afskiptalaus, ef bændanefndirnar gjörði, ekki af illvilja, heldur einfeldni, einhver afglöp í málum þessum? Eg vil enn fremur benda á það, að eptir því, sem stjórnin tók þessu hjúanefndamáli frá hjúalaganefndinni, get eg enga von haft

um það, að henni snúist hugur, þó vèr færum nú að biðja um slíkar nefndir, og þetta því síður, sem eg ekki get sannfærzt um nytsemi þeirra, til hliðar við sáttanefndirnar; annað mál væri, ef hún væri sameinuð þeim.

Forseti: Eg vil leyfa mèr, að taka það fram, viðvíkjandi þeim vafa, sem hefir orðið um viðaukaatkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, að það er í óslítanlegu sambandi við frumvarpið sjálft, og er lagt fyrir þíngið af stjórninni, og sent því sem fyiglskjal með sjálfu frumvarpinu. Þar sem einn nefndarmanna sagði, að nefndinni hefði ei gefizt tilefni til, að taka það til meðferðar, þá held eg, að hver, sem hefði haft áhuga á því, hefði getað haft það fyrir sèr, og íhugað það. Eg álít því, að þetta viðaukaatkvæði sè í fullu sambandi við frumvarpið, bæði að formi og efni; það liggur fyrir þínginu í heild sinni, og má bera upp við það breytíngaratkvæði, eins og alsiða er á þíngum við hver önnur breytíngaratkvæði og viðaukaatkvæði, eins og líka þíngmaður Rangæínga gjörði nýlega.

Pètur Pèturson: Eg efast ei um, að þíngið hafi fullan rètt til, að greiða atkvæði um þessar greinir, þegar þær eru sem viðaukaatkvæði, en þar af flýtur líka, að það verður að greiða atkvæði um þær allar í einu lagi; að því er hjúalaganefndirnar snertir, sem eg er nú ekki alveg ráðinn í, hvort eg á að samþykkja, þá þori eg að samþykkja þær, að því er formið snertir, og eg álít, að þær sè mikið nauðsynlegar fyrir þessi hjúalög, þó eg sè á móti þeim í öðru tilliti, og ef þíngið álítur það rèttan veg, til að hjálpa hjúalögunum, mun eg fallast á þær, því þíngið verður að gjöra allt til þess, að húsbændur og hjú geti náð rètti sínum.

Indriði Gíslason: Eg gleymdi áðan að gefa betri ástæður um hjúalaganefndirnar. Þó eg ekki vekti ágreiníng í nefndinni, vakti það þó fullkomlega fyrir mèr, að þetta væri að vinna fyrir gýg, ef ekki væri tekið atriðið um hjúalaganefndirnar, og eg sæi eptir hverri stund, sem eytt var til frumvarpsins, ef hjúalaganefndirnar kæmist ei á; og tíminn mun sýna það, hvort það verður ekki ónýtt, ef þær komast ekki á. Að því er því viðvíkur, sem þíngmaður Barðstrendínga sagði, þá held eg að líkt sè á komið með okkur báðum; eg heyrði ekki til hans, og hann skyldi mig ekki rètt, og því síður frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar; hann hefir ekki mælt með hjúalaganefndum, heldur þvert á móti, þar sem hann vill, að þetta heyri undir sættanefndir, og svo það an náttúrlega undir dómstólana, því sáttanefndir hafa ekkert gjörðarvald, að eins vald til að

koma á sáttum. Einhver þingmanna sagði, að það væri betra, að frumvarp um þetta væri lagt fyrir þingið af stjórninni; en það er aðgætanda, að það er svo gott sem lagt fyrir af stjórninni, þar sem hún hefir sent með sínu frumvarpi, sem fylgiskjal, frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar, sem hún kvaddi til þess starfa að semja hjúalögin, svo að það má telja frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar svo gott sem hennar verk. Eg vil nú færa að eins eitt dæmi upp á það, að hvað miklu gagni þessi lög verða, ef hjúalaganefndirnar komast ekki á. Ef hjú hleypur burt úr vist í Trèkyllisvík, þá á nú að láta málið ganga fyrir sættanefnd; nú gengur þar ekki saman, svo þá verður málið að ganga til sýslumanns, og það gæti þó orðið töluverður rekstur af því, að fara með málið til hans inn í Hrútafjarðarbotn; eins mundi nú verða víðar. Það hefir verið talað um, að það væri nauðsynlegt, að þessi lög yrði sem skiljanlegust; úr því held eg nú, að einmitt þessar hjúalaganefndir bætti; ef þessi nefnd á að sjá um, að lifað sè eptir þessum lögum, og þessir 3 beztu bændur í sveitinni hafa þau milli handa, þá held eg, að þau með því komist bezt inn í meðvitund þjóðarinnar, og þannig nái þau bezt því rètta augnamiði, sem þau eiga að hafa, og verði skiljanlegust, þar sem nefndin tvisvar á ári kæmi saman, að rannsaka húsbóndans ástandið, og má ske gjöra út um einhvern krit milli húsbónda og hjúa. Fyrst er að vanda lögin, og svo á þinginu að vera umhugað um, að þau sè svo, að þau verði notuð, og eptir þeim lifað. Ef lögin eru ekki nema á einstöku stað, verður það ekki til annars, en þess, að þeir, sem vilja reka burt hjú, eða hjú, sem vilja hlaupa úr vist, snefja upp ástæður úr lögum þessum fyrir aðferð sinni; þau verða því aðeins til að koma enn meira losi á menn, en áður var, ef ekki eru nefndirnar. Ef þessar nefndir nú ekki að eins fylgja lögunum, heldur einnig, eptir beztu samvizku, víkja þeim lítið eitt við, eptir því, sem á við í hvert skipti, og fá þau endurbætt, ef þurfa þætti, mundi það verða hið bezta meðal, til að forða óþarfa burthlaupi og burtrekstri. Hver, sem setur sig inn í sveitalífið, hlýtur því að vera með þessum nefndum.

Guðmundur Brandsson: Hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu saknaði þess mikið, að nefndin hefði látið falla burt 19. gr.; eg held, ef hann skoðar frumvarp nefndarinnar betur, muni hann sjá, að þessa er ekki þörf, því 17. gr. tekur einmitt út yfir það, sem í henni stoð; því þar er sagt, að hjúið sè háð þeirri reglu, sem húsbóndinn setur, og þá þarf hjúið ei að fara burt, eða á aðra bæi,

ún þess að spyrja húsbóndann leyfis, og ef húsbóndinn setur þessa reglu á heimilu sínu, þá er hjúinu ekki vorkun að hlýða henni, en það yrði langt, ef að ætti að fara að telja upp öll hin einstöku atriði, sem hèr geta heyrt undir; ef það ætti að taka það allt upp í lögin, sem hjúinu bæri að gjöra, og láta ógjört, þá held eg slíkar ákvarðanir yrði býsna margar. Hann fann það að . 20. gr., að húsbóndinn mætti refsa hjúi sínu, og vildi takmarka húsagann við 16. árið. Eg veit nú ekki, hvort meira meiðir tilfinninguna, að drukkinn maður tvítugur sè sleginn, eða stúlka á 16. árinu sè afklædd og hýdd. Eg man líka, að í húsagatilskip. 1746 er sagt, að húsbændur megi hafa húsaga með hendi og vendi. Og það væri sannarlega merkilegt, að, ef vinnumaður slægist drukkinn eða ódrukkinn upp á húsbónda sinn, eða aðra, þá mætti húsbóndinn ekki slá í hann, ef hann væri eldri en 16 ára, þó til þess væri full orsök. Hann fann að 28. gr. 7. stafl., að ekki væri nógu ljós ákvörðun um, hvað opt vinnumaðurinn hefði átt að vera drukkinn, til þess að það gæti varðað burtrekstri úr vistinni; það var nú eins með hann þar, og um daginn í skólamálinu; hann getur nú tekið sèr breytíngaratkvæði um þetta, ef honum lízt, en eg held það sè ekki þýðíngarmikið. Eg held, að það sè auðsèð, að meiníng nefndarinnar er, að drykkjuskapurinn sè svo opt ítrekaður, að húsbóndinn hafi ekki full not af hjúinu. Það hefir nú verið margrætt um hjúalaganefndirnar; framsögumaður var þeim nú meðmæltur í nefndinni; það get eg borið vitni um, og það var einmitt tímans naumleika að kenna, að uppástúngurnar um þær voru ekki teknar fyrir. En þetta kom til orða í nefndinni, og bar tvennt til, að menn ekki sáu ástæðu til, að halda lengra fram í það, fyrst, eins og eg sagði, tímans naumleiki, og svo, að stjórnin hafnaði þessari uppástúngu í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar, og þess vegna vildi nefndin ganga fram hjá því fyrst í stað, meðan uppástúngur hennar, hjúalögin, væri ekki orðnar að lögum; það vakti líka fyrir nefndinni, að ef þessu væri hnýtt þannig aptan við, þá kynni stjórnin að fleygja öllum uppástúngum þíngnefndarinnar, og leggja málið fyrir þíngið að nýju; nefndin vildi því láta þetta bíða, þangað til væri búið að reyna lögin dálítið. Stjórnin hefir haft ýmislegt á móti þessum hjúamálanefndum, og hefir að mèr virðist margt til síns máls; eg vil nú spyrja: í hverju ætli þessar nefndir yrði betri, en sáttanefndir þær, sem nú eru? Ef málspartarnir ekki sættast, hvað getur þessi nýja nefnd þá gjört? Ekkert, nema ef báðir máls-

partarnir vildi leggja málið í gjörð hennar; en til þess eru litlar líkur, geti nefndin ekki sætt þá; það gæti líka orðið erfiðleikar á þessu, ef að nefndir þessar ætti að halda 3 lögboðna fundi á ári, eins og stúngið er upp á, að þær eigi að gjöra, hvort sem nokkur mál eru fyrir, eða ekki. Eg hefi nú verið í sama hrepp í 20 ár, og veit ei til, að neitt hjúamál hafi gengið frá sættanefnd til æðri rèttar, fyrir utan það, að mál milli húsbænda og hjúa eru þar mjög svo sjaldgæf, að þau koma næstum aldrei fyrir sættanefndina. Hinn háttvirti *framsögumaður* var nú hræddur um, að boðorðið mundi auka hèr syndina, nefnilega að vinnuhjúalögin nýju mundu valda misklíðum milli húsbænda og hjúa, meir en verið hefði; en þá eru lögin óheppilega búin til, ef þau valda því. Eg skal nú ekki fara út í hinar einstöku greinar um hjúalaganefndirnar; þær geta reyndar verið góðar, en þó varla svo góðar, að þær þyrfti ekki að ræðast dálítið, og lesast betur ofan í kjölinn, heldur en þetta; eg er hræddur um, að stjórninni þætti það undarlegt, að í þeim skyldi ekki vera vikið við einu orði, en frumvarp hennar kæmi allt umhverft. Mèr þykir því lítil von, að stjórnin mundi veita þetta, þó þingið samþykkti það, og vildi eg því, að þetta væri heldur látið bíða, en að allt málið væri fellt, ef til vildi, vegna þess, að þetta kæmi með líka.

Páll Sigurðsson: Eg þarf ekki að tala margt, því hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu tók það flest fram, sem eg vildi hafa sagt; það hafa nú flestir lofað nefndarálitið, og það er mikil ánægja fyrir mig, sem einn af nefndarmönnum. Þeir, sem hafa fundið að því, sem einkum var hinn háttvirti *forseti,* gat eg ei fundið, að byggði álit sitt á nægum ástæðum; það er vitanlegt, að grundvallarreglan er sú sama, hvort sem samningsrofið er áður eða eptir, að hjúið kom í vistina. Það eru nú helzt orðabreytingar, en litlar efnisbreytingar, sem þingmenn hafa gjört við nefndarálitið, og nefndin verður fús á, að taka allt, sem betur má fara. Eg vildi minnast lítið eitt á þessar gjörðarnefndir; hinn háttvirti *framsögumaður* var fastlega með þeim í nefndinni, en sumir voru tregir á, að taka þær fyrir, af því tíminn var orðinn svo naumur. Eg játa fúslega, að grundvöllur þessara nefnda er ágætur þjóðstjórnarvísir, og fellur mèr því mjög vel í geð; en eptir því, sem málið stendur nú, held eg, að rèttara sè, að fresta þessu atriði; stjórnin gat ei gengið inn á það hjá Reykjavíkurnefndinni, og eins kynni að fara enn, og þá yrði það málinu, og það kann ske í sinni heild, til fyrirstöðu.

Það er nú eins með mig, og þingmanninn úr Gullbringusýslu, að í þessi 20 ár, sem eg hefi verið í sama hrepp, þá þekki eg að eins 2 hjúamál, og hafa þau verið leidd til lykta fyrir sættanefnd, og það væri lítið verkefni fyrir þessar nefndir, og svo er ekki víst, að einu sinni væri lagt fyrir þær málin, þar það er ekki lagaskylda; menn eru ekki skuldbundnir til þess, og það er ekki heldur víst, að báðir málspartar samþykkti það. Það hefði þurft að gjöra nokkrar athugasemdir við uppástúnguna um þessar nefndir; þar er fyrst um þessa föstu fundi; þeir mundu ei verða hentugir; það var eins fyrst með forlíkunarnefndirnar, en venjan er búin að taka það af. Annað atriði er, sem mèr þykir ófrjálslegt; það er sagt, að mennirnir í þessar nefndir skuli útnefnast af sýslumanni; ef mennirnir í þeim ætti að vera bændur, þá yrði það að vera menn, sem hefði traust á sèr, og þá held eg, að það væri óvíst, hvort svo yrði, ef sýslumaður útnefndi þá; eg held, að það væri affarabetra, að þeir væri kosnir á frjálsum fundi (*Arnljótur Ólafsson:* Kollabúðarfundi!!); það er gott, hvar sem er. Eg held því, að bezt sè, að láta þetta bíða; ef þjóðin seinna finnur nauðsyn á því, getur hún beðið þessa, og er þetta gott undirstöðufrumvarp. Eg veit, að einstaka menn í sveitum hafa það traust á sèr, að þeir eru teknir sem gjörðamenn í ýmsum málum; slíka menn ætti því að setja í þessar nefndir. Það er optast, að þess konar smámisklíðir koma fyrir sættanefnd, en sjaldan fyrir dómstólana; það eru stundum fullt eins þá þau mál, þar sem embættismaður er öðrum megin, sem skotið er til dómstólanna; en það er alls eigi víst, að þeir vildi leggja mál undir gjörð þessarar nefndar. En þó er eg ekki á móti þessum nefndum, ef fundir eru látnir frjálsir, svo nefndin komi saman, hve nær sem þörf er, en sè ekki skylduð til óþarfra funda. Þar sem þingmaður Dalasýslu sagði, að engi not yrði að þessum lögum, ef þessar nefndir kæmist ekki á, þá vil eg svara honum, að þar sem litlar misklíðir hafa áður verið í þessu efni, með miður fullkomnum lögum, þá er líklegt, að þær verði enn minni með fullkomnari lögum. Eg vil svara þingmanni Strandasýslu því, sem hann sagði um nefndarálitið, að sèr þætti hart, að húsbóndi mætti refsa hjúi sínu (*Ásgeir Einarsson:* Nei); jú, það er aðalástæðan, að hèr þykir línur húslagi og komin í óreglu, og þó stendur i lögum vorum, að hann skuli við hafa, svo ekki er þeim um að kenna. En mèr þykir það merkilegt, ef sá, sem ekki hlýðir á 18. árinu, skuli verða betur úti, en sá, sem ekki hlýðir á 16. árinu. Eg held það

sè því nauðsynlegt, að halda þessari ákvörðun í lögunum. Ef að hjú eru óþæg og hortug við húsbónda sinn, þá hann finnur að við þau, fyrir vanrækt skylduverk þeirra, og það kann ske optar ítrekuð, af gáleysi eða þvermóðsku, og hann áminnir þau með siðsömum, en alvarlegum orðum, en það dugar ekki, þá finnst mèr ekkert á móti, að hann slái í þau, og það held eg, að sè samkvæmt öllum húsbændarètti; því að reka hjú úr vistinni, álít eg, að ekki ætti að grípa til, fyr en í síðustu lög, þegar öll von til lagfæringar væri þrotin.

Forseti: Það var reyndar áður, en þessi þingmaður talaði, komin ósk frá þingmönnum, að umræðunum væri hætt, en af því hann var einn í nefndinni, og hafði ei talað fyr, vildi eg ekki meina honum að taka til máls. Eg ímynda mèr, að þingmenn geti borið upp breytíngaratkvæðin eptir því, sem þeir hafa talað í dag, án þess þeir þurfi frekar að taka þau fram, eða ítreka þau.

Framsögumaður: Þó eg sè nú ekki spámannlega vaxinn, þá spái eg því, viðvíkjandi 2. gr., að frumvarpið um lausamennina verði þannig lagað, að bezt mundi tilfallið, að þessi grein væri látin standa óbreytt, eins og hún er; og því held eg, að menn ætti ekki að vera svo ákafir með, að fella endann á henni úr. Um 10. og 11. gr. vil eg benda á ástæður nefndarinnar; það varðar, og á að varða mestu, eins og eg hefi áður sagt, að rjúfa vistarráðin, áður en samníngurinn er að nokkru leyti upp fylltur, frá hjús eður húsbónda hálfu, því vistarrofið nær að eins yfir það, sem eptir er samníngsins, þegar búið er að fullnægja honum að nokkru. Um 19. gr. stjórnarfrumvarpsins vii eg skýrskota til þess, sem þingmaður Gullbríngusýslu sagði, að 17. gr. nefndarfrumvarpsins hefir það í sèr fólgið, sem stóð í 19. gr. Viðvíkjandi húsaganum, tók þingmaður Rángæínga það fram, sem eg vildi benda á, svo eg þarf ekki að gjöra fleiri athugasemdir um það atriði.

Björn Pètursson: Eg skal nú ekki lengja þíngræðurnar hèðan af, þegar eg gat ekki fyr fengið orðið. Eg vil einúngis með sem fæstum orðum áskilja mèr breytíngaratkvæði, bæði við frumvarp nefndarinnar og stjórnarfrumvarpið.

Það er þá fyrst við 2. gr. nefndarinnar, á þá leið, sem eg hefi áður sagt; sömuleiðis mun eg stínga upp á, að 7. og 9. gr. falli burt, en í staðinn komi stjórnarfrumvarpsins 7., 13. og 14. gr., með þeim breytíngum, sem eg skal nákvæmar tiltaka síðar, svo eg ekki tefi tímann. Við 8. gr. áskil eg mèr það viðaukaatkvæði, að á eptir orðunum: »*viku lengur*« bætist inn í: *að nauðsynja-*

lausu; einnig áskil eg mèr þá uppástúngu, að 20. gr. nefndarinnar falli burt, en í staðinn komi 22. gr. stjórnarfrumarpsins. Eg verð og að áskilja mèr breytíngaratkvæði við 24. greinina á þá leið, að tími sá, sem húsbónda er skylt að annast veikt hjú sitt, án þess það missi nokkurs í af kaupi sínu, verði styttur, að minnsta kosti til helmínga. 28. gr. nefndarinnar vil eg að falli burt, því mèr þykir 1. töluliður ótækur og 4. töluliður óákveðinn, einkum þetta orð: »ósiðsemi«. Í hennar stað vil eg taka 32. gr. stjórnarfrumvarpsins með breytíngum, sem eg áskil mèr rètt til að gjöra. Við 29. gr. áskil eg mèr og það breytíngaratkvæði, að í staðinn fyrir orðin: »tveir óvilhallir menn undir eiðstilboð« verði sett: hjúalaganefnd, ef hún yrði samþykkt af þínginu, sem eg gjöri mèr von um, því hún er ómissandi. Þó vil eg áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að fyrsti hluti 41. greinar í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar falli burt, og að 44. og 51. gr. verði breytt samkvæmt því. Eg get ekki álitið þessa »*3 reglulegu fundi*« nauðsynlega, og eg sè í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að stjórnin hefir þá sem aðalástæðu fyrir synjuninni, því hún hefir lagt alla áherzluna á það atriði.

Framsögumaður: Eg vil áskilja mèr breytíngaratkvæði við viðaukaatkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, fyrir utan þau smábreytíngaratkvæði, sem eg hefi áður ráðgjört.

Arnljótur Ólafsson: Eg áskil mèr breytíngaratkvæði við 30. gr. tölulið 4, að »freklega« falli úr; því þegar maður ber það saman við 9. gr., 1. tölulið, og 28. gr., 2. tölulið, þá er því ofaukið, og á heldur eigi við, hvort sem væri.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi spyrja nefndina, hvort hún eigi óski breytíngaratkvæðis um hjúanefndirnar, svo það ekki komi í bága við 37. gr. þíngnefndarfrumvarpsins; *forseti* sagði áðan, að Reykjavíkurnefndar-frumvarpið væri *beinlínis* lagt fyrir þíngið, en það er með frumvarpinu sem fylgiskjal; eptir þessu verður að haga stefnu málsins.

Forseti: Þá álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið. Eg vil biðja þá þíngmenn, sem hafa ráðgjört breytíngaratkvæði, að koma með þau til mín fyrir fund á morgun, svo greinilega samin, að eg eigi hægt með, að koma þeim saman við frumvarpið.

Ákvað *forseti* því næst verkefni til næsta fundar, og fund til á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Þrítugasti og sjötti fundur — 7. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskrárinnar, vil eg vekja athuga þingmanna að því, að ýmsir þeirra eiga óleiðrètt mikið af ræðum sínum; þetta tefur auðsjáanlega mikið fyrir hreinskript þingbókarinnar, og verð eg því að biðja þessa þingmenn, að gjalda varhuga við, að leiðrètta ræður sínar innan ákveðins tíma; annars neyðist eg til að láta þær falla úr, svo þingbókaskriptunum verði haldið áfram. Líka vil eg taka það fram, að eg hefi gjört grein fyrir *útsölu* og *útbýtingu alþingistíðindanna* frá þinglokum 1859 til þingbyrjunar 1861, og mun skýrsla um það verða lögð á lestrarsalinn í dag. Eg vona, að þingmaður Reykvikínga gjöri eins grein fyrir útsölu tíðindanna frá þinglokum 1857 og til þingloka 1859, en einkum fyrir bókakaupum til *bókasafns alþingis,* og reikníngum, er þar að lúta.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg gjörði í fyrra landfógetanum skýra grein fyrir þessu, svo eg held þess þurfi ekki við; en allt fyrir það get eg gefið skýrslu um það, ef menn álíta þess þörf.

Forseti: Það er ekki nóg, að fógetanum sè gefin skýrsla um þetta; þingið þarf líka að fá full skil fyrir því, hvernig útsölu alþingistíðindanna er komið; þingmaðurinn var og beinlínis skuldbundinn til þess á fundi á alþingi 1857. Þingið á því heimtu á, að fá greinileg skil bæði fyrir útsölu og eptirstöðvum tíðindanna. En einkum ríður á, að gjöra grein fyrir bókakaupunum um 2 næst liðin þing, því mèr virðist mjög svo tvísýnt, hvort þeim 100 rd. til bókakaupanna verði nú ávísað, ef engi skilagrein er lögð fram fyrir þingið um það, hvernig þeim hafi verið varið um 2 undanfarin þing.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi spyrja hinn háttvirta *forseta,* hvort ekki ætti síðar að tala um að velja nýja bókasafnsnefnd?

Forseti: Eg ætlaði að láta það bíða, þangað til þessir reikníngar væri komnir. Svo vildi eg einnig skjóta því til þingsins, hvort menn skyldi heldur vilja, að kosin væri nefnd af þingmönnum, til að standa fyrir útsölu tíðindanna, eða að *forseti* reyndi að fá e i n n útsölumann, og þá eðlilega fyrir rífari þóknun, en að undanförnu, því að þeim kjörum vill engi maður ganga. Eg hefi lauslega nefnt þetta við prentara Einar Þórðarson, og hefir hann hvorki

gefið mèr beinlínis loforð nè afsvar. Mèr hefir ekki hugkvæmzt annar, sem væri færari og áreiðanlegri til þessa, en hann.

Páll Melsteð: Eg álít nauðsýnlegt, að einn dugandi maður væri fenginn til þess starfs, því það er þó um nokkra peninga að gjöra.

Forseti: Þá hverfum vèr til dagskrárinnar, og kemur þá fyrst til *undirbúningsumræðu konúnglegt álitsmál* um *laun málsfærslumanna við landsyfirrèttinn.* *Framsögumaður* er hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður.

Var málið þá afhent *framsögumanni*, er las nefndarálitið upp svo látanda:

»Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um það málefni, er *konúngsfulltrúi* af hendi stjórnarinnar lagði fyrir þíngið, hvaðan framvegis taka skuli laun handa málaflutníngsmönnum við yfirdóminn, þar þau eigi lengur verði greidd úr dómsmálasjóði landsins, án þess að skerða innstæðu hans; því eptir skýrslum þeim frá landfógetanum, er málinu fylgja, eru hin föstu útgjöld dómsmálasjóðsins nú sem stendur 950 rd, og hin óvissu, eptir 6 seinustu ára meðaltali, hèr um bil 338 rd., og útgjöldin því til samans um árið 1288 rd; en tekjur sjóðsins árlega þar á móti, eptir sama reikníngi, 1100 rd., og af þeim eru þó 322 rd., eins eptir 6 seinustu ára meðaltali, árlega útistandandi skuldir. Vèr höfum nú íhugað mál þetta, og skulum segja þínginu álit vort í því.

Það virðist nú engan veginn ótilhlýðilegt, að rannsaka við þetta tækifæri, hvort nauðsynlegt sè, að hafa fasta málaflutníngsmenn við nefndan yfirdóm eður eigi, því beri enga nauðsyn til þessa, þarf þó eigi heldur að rannsaka það, hvaðan laun skuli taka handa þeim.

Að vísu er það nú svo, að meðan málaflutníngsmennirnir við yfirdóminn ekki eru nema tveir, og hafa einkaleyfi til að mæta þar fyrir hönd annara í öllum einkamálum, eru þeir, sem ætla að halda málum sínum til yfirdómsins, neyddir til, að halda sèr að öðrum hverjum þeirra; hafi nú þessir málaflutníngsmenn ólíkt orð á sèr fyrir það, hvað þeir aðdugi, keppast málspartarnir, hvor á við annan, um, að verða fyrri til að ná í þann, er betra orðið hefir á sèr, og sá, sem seinni verður á sèr, má þá láta sèr lynda með hinn, jafnvel þó hann ekki beri nokkurt traust til hans, og teli þar við málið sèr tapað, og þættist sjálfur geta útvegað sèr langtum

betri mann, til að flytja mál sitt, ef hann mætti ráða; ekki að tala um, hversu sá hlýtur að álíta máli sínu illa komið, sem er í óvild við annan málaflutníngsmanninn, en ekki getur náð í hinn, af því mótpartur hans er búinn að fá hann fyrir sína hönd. Þetta fyrirkomulag hlýtur að vera hið óvinsælasta meðal landsmanna, og drepa niður allt traust þeirra á yfirdóminum í einkamálum

En þó þessu sè nú svona varið, geta menn aptur á hinn bóginn ekki neitað því, að ef engir fastir málaflutníngsmenn væri við yfirdóminn, gæti svo hæglega við borið, að stiptamtmaðurinn engan gæti fengið, til að mæta fyrir yfirdóminum í opinberum málum og gjafsóknarmálum, er þó, eptir löggjöfinni og skipulagi því, sem er á yfirdóminum, er með öllu nauðsynlegt. Vèr álítum sumsè að stiptamtmaður engan geti skyldað til þessa, nema ef vera skyldi þá, er standa í þeim embættum, er lagaþekkíngu heimta; en þeir menn eru hèr að eins, fyrir utan stiptamtmanninn og yfirdómendurna sjálfa, bæjarfógetinn og sýslumaðurinn í Gullbríngusýslu; en báðir hafa þeir mjög örðugum embættum að gegna, er opt og tíðum eigi leyfir þeim, að sýsla um neitt annað, og líka eru embætti þeirra þess eðlis, að þeir opt ekki gæti mætt í yfirirdóminum á þeim tímum, sem hann er haldinn, þar þeir einmitt þá, ef til vill, þurfa að vera annarstaðar í embættisverkum þeim, er þeir eigi mega hlaupa frá, og sýslumaðurinn í Gullbríngusýslu langt úti í sýslu. Auk þessa væri það óviðurkvæmilegt, að láta þá mæta, sem málaflutníngsmenn fyrir yfirdóminum, í málum þeim, er þeir hefði sjálfir dæmt í hèraði. Þetta hið sama á sèr og, að miklu leyti, stað með hina aðra sýslumenn, sem hèr eru í grend, nema hvað þeim með öllu væri ómögulegt, vegna fjarlægðarinnar, að mæta hèr á hverjum mánudegi í yfirdóminum. Að vísu gæti menn nú sagt, að áður en málaflutníngsmennirnir komu, hafi þó stiptamtmaðurinn ætíð getað fengið einhverja, til að mæta í yfirdóminum í sakamálum og gjafsóknarmálum, og eins mundi hann ætíð geta fengið einhverja til þess hèr eptir, þó þeir ekki væri; en, þó nú þetta væri satt, þá leiðir þar af engan veginn, að aldrei gæti hèr eptir út af þessu brugðið, auk þess sem oss er kunnugt, hversu örðugt honum á stundum áður veitti, að fá menn til þessa, og það þó hann opt neyddist til, að láta sèr lynda með menn, sem ekkert skynbragð báru á lög, og því nær ekkert vissu um það, hvað málarekstur er, nè hið minnsta um það, hvernig þeir ætti að taka í málin; en allir hljóta að sjá, hversu óviðurkvæmilegt þetta var, að láta stiptamt-

manninn þannig verða að vera að betla á mönnum, og gjöra sig ánægðan með hvern, sem hann gat fengið, hversu yfirdóminum með þessu var misboðið, og loksins, hversu þvílíkt fyrirkomulag var þýðingarlaust og ósamboðið stjórninni sjálfri í alla staði. En fyrir utan allt þetta fáum vèr ekki sèð, að stiptamtmaðurinn nú mundi geta fengið nokkurn til, að mæta fyrir yfirdóminum í þeim málum, sem eru gjafsóknarmál á báðar hliðar; eins og líka það væri óviðurkvæmilegt, að heimta það af honum, að hann skyldi leitast við, að fá menn til þessa, síðan sá hæstarèttardómur fèll í einu þvílíku máli hèðan úr landi, að borgun fyrir flutníng málsins við yfirdóminn til þeirra, er stiptamtmaður hafði fengið til að flytja málið þar, ætti að falla burtu; því þó þessi hæstarèttardómur, að líkindum engan veginn gæti svipt nefnda menn því, að eiga heimtíngu á borgun fyrir starfa sinn af stiptamtmanninum sjálfum, er fengið hafði þá til að flytja málið fyrir yfirdóminum, úr því þeir ekki gátu fengið borgunina sèr dæmda, undir sjálfu málinu, úr opinberum sjóði, þá er það auðsèð, að fáir mundu að óþörfu vilja taka að sèr þessi störf, til að vinna annaðhvort fyrir gýg, eður til að standa eptir á í slíku stímabraki með að fá borgunina.

Eptir þessu fyr sagða, hljótum vèr þannig að álíta, að brýnustu nauðsyn beri til þess, að hafa fasta málaflutníngsmenn við yfirdóminn; en að þeir þó öldúngis ekki eigi að hafa neitt einkaleyfi til, að mæta þar fyrir aðra í einkamálum; og vèr álítum, að það gjöri þeim lítinn tekjumissi, þó þeir eigi hefði þetta einkaleyfi, því ef þeir hafa traust manna, fá þeir málin eins fyrir því, en hafi þeir það ekki, mun borgunin verða rýr hjá þeim, sem verða að taka þá nauðugir og ekkert traust bera til þeirra; enda hugsum vèr, að þegar stjórnin sèr um það, að fastir löglærðir málaflutníngsmenn sè til við yfirdóminn, er þeir geti haldið sèr til, er vilja fara með mál sín þangað, þá hafi hún fyllilega gjört sína skyldu, þó hún ekki troði þeim upp á þá, að þeim nauðugum.

En ef nú þessi öll skoðun vor á málinu, sem vèr nú hèr að framan höfum yfir lýst, sú sumsè, að það sè með öllu nauðsynlegt, að hafa hèr fasta málaflutníngsmenn við yfirdóminn, svo full vissa sè fyrir því, að þau opinber mál og gjafsóknarmál, er fyrir hann koma, verði þar dæmd, og menn ekki geti fengið eptir því, sem hèr til hagar, nokkra fasta málaflutníngsmenn, nema með því að veita þeim laun, og dómsmálasjóðurinn ekki lengur fær um að launa þeim, þá finnst oss aptur beinlínis leiða þar af, að ríkis-

sjóðurinn verði að taka að sèr að launa málaflutníngsmönnum, meðan ekki er búið að aðskilja fjárhag Danmerkur og Íslands, eður landið engan sèrskildan sjóð fær, til að kosta með stjórn sína eður almennar þarfir sínar, og það því fremur, sem vèr ekki vitum af neinum sèrskildum sjóði, er laun þessi yrði tekin úr, því eins og það væri í sjálfu sèr óeðlilegt, eins væri það og ógjörlegt, að leggja þetta á jafnaðarsjóðina, sem varla geta risið undir byrðum þeim, sem þeir hafa að bera.

Að vísu hefir nú stiptamtmaðurinn álitið það hið eðlilegasta, að ríkissjóðurinn tæki að sèr framvegis, að borga þann hluta af launum *assessoranna,* sem nú greiðist úr dómsmálasjóðnum — hinar föstu tekjur þeirra, sem þeir hafa þaðan, eru 300 rd. — því dómsmálasjóðurinn mundi þá verða fær um, að launa málaflutníngsmönnunum, án þess að skerða innstæðu sína; en svo eðlilegt sem vèr álítum, að þetta í alla staði sè, þá fáum vèr þó eigi sèð, að þetta ráð mundi hlýta, þó það væri upp tekið; því eptir hinum fyr tèðu skýrslum landfógetans eru að vísu tekjur dómsmálasjóðsins árlega 1100 rd.; en þegar það nú aðgætist, að af þessum 1100 rd. eru árlega útistandandi hèr um bil 322 rd., þá eru hinar rèttu og sönnu tekjur sjóðs þessa að eins 788 rd., því það er þó auðsèð, að sjóðurinn aldrei getur orðið ráðandi yfir því fè, sem hann aldrei fær inn, heldur ár frá ári verður að eiga útistandandi, og að hann getur því ekki haft það til að borga með útgjöld sín. Með því nú útgjöld sjóðsins, eptir fyr tèðum skýrslum, ár hvert eru hèr um 1288 rd., en sjóðurinn þannig ekki fær í tekjur árlega nema 788 rd., til að láta upp í þessi útgjöld sín, þá leiðir beinlínis þar af, að taka verður nú þegar 500 rd. af innstæðunni, til að borga með útgjöldin, og þeim mun meira ár hvert hèr eptir, skyldi þetta vara, sem tekjur sjóðsins æ fara minnkandi, eptir því, sem innstæðan sjálf og vextirnir af henni þverra meir og meir. Þó menn því nú vildi lètta assessorunum á dómsmálasjóðnum, eður lètta á honum árlega 300 rd. til 400 rd., þá nægir það samt engan veginn, því menn gæti þrátt fyrir það ekki launað málaflutníngsmönnum úr dómsmálasjóðnum, nema með því að taka nú þegar af innstæðunni á annað hundrað dali, og ganga síðan ár hvert æ meir á hana.

Af fyr tèðum ástæðum verðum vèr að ráða þínginu til, að láta í ljósi það þegnlegt álit sitt í þessu máli:

Að laun hinna föstu málaflutníngsmanna við yfirdóminn verði að greiðast úr ríkissjóði, þangað til búið er að að-

skilja fjárhag Danmerkur og Íslands, eður landið fær sjóð sèr, til að kosta með almennar þarfir sínar.

Reykjavík, dag 30. júlí 1861.

Páll Melsteð, formaður — *Jón Pètursson,* framsögumaður.

Ásgeir Einarsson: Með tilliti til míns viðauka- eða varaatkvæðis, sem er svo hljóðandi:

Eg er að öllu leyti samþykkur mínum heiðruðu meðnefndarmönnum í því, hvað brýn nauðsyn beri til þess, að skipaðir málsfærslumenn sè við hinn íslenzka yfirrètt, og ætla það á góðum rökum byggt, sem í nefndarálitinu segir um það atriði málsins yfir höfuð.

Eg er líka á þeirra máli í því, að málaflutníngsmönnum þessum ætti að launa úr ríkissjóði, eins og landsyfirrèttinum, en þetta getur þó ekki komizt í kríng, fyr en málið er lagt fyrir ríkisþíng Dana; en nú er alveg útrunninn tími sá, sem leyft er að taka laun málaflutníngsmanna þessara úr dómsmálasjóðnum, og getur þá staðið nokkuð á því, að launin verði veitt úr ríkissjóðnum, og sú bið orðið til þess, að málaflutníngsmenn þessir verði eyðilagðir, sem þíngið hefir beðið um fyrir fáum árum, *konúngsfulltrúinn* þá mælt fastlega með, konúngur mildilegast veitt, og nefndin núna sýnt ljóslega, hvað nauðsynlegir væri (í hverri þó er sá maður, sem menn verða að viðurkenna, að sè einna færastur um, að dæma um þetta mál); mèr virðist því, að hèr verði að leita einhvers ráðs, á meðan stjórnin er að undirbúa málið, og vil eg þá fyrst benda til brèfs stiptamtsins til dómsmálastjórnarinnar, dags. 12. marz 1861, hvar í stendur meðal annars þetta: »Dómsmálasjóðurinn mundi samt sem áður, að líkindum, eptirleiðis geta látið úti laun málsfærslumannanna, ef ríkissjóðurinn tækist á hendur að greiða launabót þá, sem yfirdómurunum er veitt af dómsmálasjóðnum, 300 rd. árlega, því eðli hlutarins mælir með því«. Þetta virðist mèr svo ljóst og rètt ályktun, sem engum, sem nokkra lagaþekkíng hefir, ætti að geta dulizt, því í tilskipan af 11. júlí 1800 er berlega tekið fram í 5. gr., að konúngur launi landsyfirrèttinum og sekreteranum (»disse Embedsmænd lönnes af os«); það er því í augum uppi, að hèr er brugðið frá löggjöf þessari, þegar þessum mönnum er launað að nokkru af dómsmálasjóðnum, og er þetta því undarlegra, sem af ríkissjóðnum er lètt sekreteralaununum, sem nú mundi vera orðin allt að 600 rd., hefði þau verið hækkuð í rèttu hlutfalli við lands-

yfirrèttiun; það verður því álit mitt, að þeir 300 rdl., sem landsyfirrèttar assesorarnir fá, nú sem stendur, úr dómsmálasjóðnum, verði hèr eptir goldnir þeim úr ríkissjóði; hinir háttvirtu meðnefndarmenn mínir eru nú líka á þessari skoðun, en þeir óttast, að það mundi ekki hlíta, eða með öðrum orðum: að skerðast mundi innstæða sjóðsins allt að 500 rd. ár hvert, ef sjóðurinn ætti að geta staðið útgjöldin; þetta er nú eðlileg skoðun þeirra, þegar þeir einúngis líta á skýrslu þá, sem nefndinni var lèð frá landfógetanum, og meðnefndarmenn mínir þar að auki telja þá 322 rd., er landfógetinn segir útistandandi *restansa* að meðaltali, sem beinlínis árleg útgjöld. Að öðru leyti er skýrsla landfógetans næsta lauslega samin og fremur laus sögusögn, en veruleg reikníngsskýrsla, byggð á ástæðum og föstum tölustærðum, og er hún því fremur til að villa málið, en skýra, og gefur enga fasta nè áreiðanlega undirstöðu. Landfógetinn segir hana byggða á 6 ára meðaltali, að því er útgjöldin snertir, en einmitt á þessum 6 árum hafa lent á sjóðnum stórkostleg og öldúngis einstakleg útgjöld, til endurbótar og byggíngar yfirrèttarhúsinu, er aldrei höfðu að borið á undanförnum 30 árum (síðan 1818—20), nema má ske árin 1838—42, í tíð Bardenfleths, svo sem 5—700 rd. kostnaður.

Byggíngarkostnaður sá, er fèll á dómsmálasjóðinn, til að lagfæra yfirrèttarhúsið á þeim 6 árum, er skýrsla landfógetans nær yfir, var eptir upplýsíngum, er eg hefi þar um fengið frá landfógetanum, er nú situr að embætti, þessi:

Árið	1854	454 rd.	31 sk.
—	1856	47 -	10 -
—	1857	620 -	54 -
—	1858	323 -	55 -
	samtals	1445 -	54 -

Þessi sèrstaki og einstaklegi aðgjörðarkostnaður má nú auðsjáanlega eigi teljast meðal útgjalda sjóðsins, eptir 6 ára meðaltali, heldur ætti honum rèttilega að jafna niður á 25—30 ár (af því þessi aðgjörðarkostnaður hefir einmitt bætt úr undanförnum 25—30 ára fyrníngum og hrörnun hússins), og yrði því að eins nálægt 40—50 rd. árlega, í stað nálega 241 rd., sem landfógetinn hlýtur að telja þennan kostnað í sinni skýrslu, eptir 6 ára meðaltali, og yrði að vísu að leiða hèr af, ef skýrsla fógetans væri ekki svona ástæðulaus, að sjóðurinn yrði að komast á þrot með öðrum útgjöldum,

sem nú eru á honum, ef telja yrði til aðgjörðar húsinu árlega 240 rd., auk allra annara útgjalda.

Nú vil eg taka eitt reikníngsár sjóðsins, og sýna fram á, hvernig fjárhagur hans muni standa, og hverjar vonir menn gæti gjört sèr um fjárhag hans með skynsamlegri og góðri stjórn, og tek þá reikníngsárið frá 31. marz 1858 til 1. apríl 1859, og verður hann þannig:

Vissar tekjur:

Vextir af innstæðu sjóðsins	604 rd.	34 sk.
lögrèttumannalaun	136 -	50 -
	740 -	84 -

Óvissar tekjur

voru fyrir árið 31. marz 1858—59 447 rd. 36 sk., sem eg *til vara* set niður um helming . .	224 -	34 -
Þannig má ætla á, að dómsmálasjóðurinn hafi áreiðanlegar tekjur, sem á megi byggja árlega, að minnsta kosti	965 -	» -
þar við bætast þeir »restansar«, sem nú eru 499 rd., deilt í 10 ár, það er, að þeir smámsaman komi inn eða minnki, árlega	50 -	» -
Sjóðurinn á nú á vöxtum 2400 rd., sem leigan er einúngis 3%, og 1820 rd., sem leigan er 3½%; væri þessir peníngar lánaðir einstökum mönnum fyrir 4%, eða keypt fyrir þá útlend skuldabrèf, mætti auka tekjur sjóðsins um rúma 33 rd.	33 -	» -
	1048 -	» -
Sèst af þessu, að þó eg hafi sleppt helming, eður 224 rd. 34 sk. af óvissu tekjunum, geta nokkurn veginn vissar tekjur sjóðsins orðið með skynsamlegri stjórn og tilhögun fyrst um sinn árlega	1048 -	» -
Nú hafa útgjöldin verið, eptir reikníngi 1859, .	978 -	» -
og til byggíngarkostnaðar, eða aðgjörðar landsyfirrèttarhússins, ætla eg árlega að meðaltali . .	45 -	» -
gjörir	1023 -	» -

Það er því auðsèð af þessu, að dómsmálasjóðurinn getur þolað, að minnsta kosti 2 ár, útgjöld til að launa þeim tveimur málaflutníngsmönnum (án þess að skerða höfuðstólinn), sem úrskurður frá 19. marz 1858 ákveður, meðan verið er að koma þeirri tilhögun

fyrir, að þeim yrði launað beinlínis af ríkissjóði, því þá ætti því áliti mínu að vera orðið framgengt, nefnilega að þeir 300 rd., sem landsyfirrèttar assessorarnir hafa nú úr dómsmálasjóðnum, verði borgaðir úr ríkissjóðnum.

Samkvæmt framanskrifuðu verður því mitt álit, sem viðaukaatkvæði við nefndarinnar álit:

1. Að laun hinna föstu málaflutníngsmanna við yfirdóminn verði greidd úr dómsmálasjóðnum 1—2 ára tíma, skyldi því ekki verða fyr framgengt, að þeir fái laun sín úr ríkissjóði.
2. Að þeir 300 rd., sem nú eru borgaðir úr dómsmálasjóðnum til yfirdómendanna í landsyfirrèttinum, verði hið fyrsta, skeð getur, borgaðir þeim árlega úr ríkissjóði.

Reykjavík, 3. ágúst 1861.

Ásgeir Einarsson.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Meðan við vorum allir saman í nefndinni, höfðum við ekki þessar skýrslur, sem minni hlutinn hefir byggt atkvæði sitt á; eg hefi nú ekki sèð þær, en eg efast ekki um, að þær sè rèttar, og sè svo, þá mælir mikið fram með uppástúngu minni hlutans. Mèr sýnist, að ef málaflutníngsmenn eru álítnir nauðsynlegir hèr, þá muni þeim borgast laun sín úr dómsmálasjóðnum, þangað til ákveðið verður, hvernig þeim eigi að borgast öðruvísi, og því miður, sem dómsmálasjóðurinn reynist fær um, að borga þessi laun, því fyr ímynda eg mèr, að ríkissjóðurinn muni taka þetta að sèr; eg er sjálfur ekki kunnugur ástandi dómsmálasjóðsins; en mèr finnst það sanngjarnt, að hann borgi þessi laun, að minnsta kosti þangað til eitthvað er ákveðið um þau, einkum ef þessar skýrslur, sem minni hlutinn byggir á, eru rèttar, því þá ætti hann að geta það.

Ásgeir Einarsson: Eg er nú samþykkur hinum háttvirta *framsögumanni;* nefndin hafði nú ekki þessar skýrslur, sem eg nú hefi fengið síðan. En af því eg var í nefndinni um þetta mál hèr áður, og var því málinu nokkuð kunnugur, og af því að bendíng stiptamtmannsins í brèfi hans til lögstjórnarinnar, dagsett 12. marz 1861, gaf mèr upphvatníngu til þess, þá fór eg að grennslast eptir þessum skýrslum; það getur nú vel verið, að eitthvað sè ekki fullljóst í því, sem eg hefi dregið út af þessum skýrslum, en eg vildi þó gæta allrar varúðar, að ætla sjóðnum ekki of mikið. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að málsfærslumönnum mundi

verða launað, þangað til búið væri að ákveða um það, hvaðan laun þeirra skyldi takast framvegis. En mèr þótti nú óhultara, að menn ekki yrði í ráðaleysi með þá, á meðan verið er að koma þessu í kríng; því menn verða að hafa ábyrgð fyrir, að þeir verði ekki eyðilagðir. Ef menn rengja þessar skýrslur, þá vona eg, að *konúngsfulltrúi* og *forseti* geti gjört ráðstafanir til, að nákvæmari skýrslur gæti fengizt milli funda, en eg hefi fengið, ef þess þykir þurfa; eg veit, að sá landfógeti, sem nú er, muni fúslega vilja gefa þessar skýrslur; eg fyrir mitt leyti skyldi vera fús til, að vera með, til að gefa bendíngar um, hvaða skýrslur helzt þyrfti með.

Konúngsfulltrúi: Nefndarálit það, sem hèr liggur fyrir, viðurkennir, bæði meiri hlutinn og minni hlutinn, að það sè nauðsyn á því, að við landsyfirrèttinn hèrna sè fastir málsfærslumenn; og það virðist og auðsætt, hvort heldur litið er til rèttarins sjálfs, eður þeirra, sem eiga mál að sækja eður verja við þennan rètt. En þetta er þó mjög komið undir því, að þeir menn, sem takast þessa köllun á hendur, sè vel að sèr í lögum; en slíkir menn eru ekki fáanlegir, nema eitthvað sè í aðra hönd, og víst er um það, að hèr ekki er fyrir miklu að gangast, og ekki heldur, eins og enn er komið, nokkur útsjón til þess, að málsfærslumennirnir við landsyfirrèttinn hèrna geti lifað af *praxi;* hið opinbera hlýtur því að veita þeim laun, ef slíkir menn að öðru leyti eiga að geta haldizt hèr við; eg tek þetta fram af þeirri ástæðu, að meiri hlutinn hefir stúngið upp á því, að einkarèttur sá, sem málsfærslumennirnir við landsfirrèttinn hèrna, eins og eðlilegt er, hafa, skuli verða tekinn frá þeim eptirleiðis, því það yrði að leiða af sèr talsverða rýrnun í tekjum þeirra, því málsfærslan í *civil*-málum er borguð miklu ríflegar, en í opinberum málum, og það bætir upp málsfærslulaunin í opinberu málunum, sem venjulega eru 4—6 ríkisdalir í hverju máli. Eg játa, að það eru annmarkar á einkarèttinum, sem málsfærslumennirnir hafa hèr við rèttinn, einkum meðan þeir eru ekki nema 2, en eg get þó ekki fundið þann annmarka eins þýðíngarmikinn, eins og nefndin, og eg hefi ekki heldur heyrt neinar umkvartanir út af því atriði, allrasízt almenna.

Hvað því næst snertir ágreiníng um, hvaðan eigi að taka borgunina, hvort heldur úr ríkissjóðnum eður löggæzlusjóðnum; meiri hlutinn álítur nú, að löggæzlusjóðurinn geti ekki staðizt kostnaðinn; en mèr virðist þó, að minni hlutinn hafi leitt álitlegar ástæður fyrir því gagnstæða, og eg vildi ráða meiri hlutanum, að rannsaka þetta

ítarlegar, til þess að komast að áreiðanlegri undirstöðu; því að málsfærslumönnum fáist launað úr ríkissjóðnum, eru engi líkindi til; hitt er nokkuð líklegra, að laun þau, sem assessorarnir hèr við rèttinn fá úr löggæzlusjóðnum, tilsamans 300 rd., fengist borguð úr ríkissjóðnum, að minnsta kosti sá hluti, sem ekki er borgaður fyrir dönsku þýðinguna af rèttargjörðunum *í þeim málum*, sem stefnt er inn fyrir hæstarètt; en fyrir þann starfa eru ákveðnir 150 ríkisdalir árlega, því þeir 100 ríkisdalir, sem seinna voru veittir, eg trúi 1851, 1. assessor úr sjóðnum, voru veittir honum sem launaviðbót, af því hún, eins og á stóð, ekki gat fengizt úr ríkissjóðnum, þó einúngis undir því skilyrði, að sjóðurinn ekki geti borgað hvorum tveggja.

Það kann vel að vera, að tímabil það, sem hèr er miðað við, næstliðin 6 ár, sè of stutt, til þess að geta haft fullkomið og áreiðanlegt yfirlit yfir tekjur og útgjöld löggæzlusjóðsins, einkum vegna þess, að á þessu árabili hefir gengið töluvert fè úr sjóðnum til aðgjörðar á yfirrèttarhúsinu, sem hefir haft veruleg áhrif á sjóðinn. Eg skal nú ekki fjölyrða um mál þetta, en einúngis lýsa því yfir, að eg hallast að áliti minna hlutans, að laun málsfærslumannanna, að minnsta kosti næstu 2—3 ár, verði greidd, eins og hingað til, úr löggæzlusjóðnum; — þar sem eg hlýt að álíta, að sjóðurinn muni, eptir þeim framkomnu upplýsíngum, geta borið þennan kostnað.

Framsögumaður: Eg er samþykkur hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*, að það verði aðgengilegast, að fallast á minna hlutann, úr því *konúngsfulltrúinn* álitur þær skýrslur, sem minni hlutinn byggir á, óyggjandi, því þá er ástæða til að halda, að dómsmálasjóðnum geti borið að borga málsfærslumönnunum, og eg fellst því fremur á þetta, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi*, eptir stöðu sinni sem stiptamtmaður, má bezt þekkja til, hvort þessar skýrslur eru áreiðanlegar. En álit meiri hlutans er komið af því, að hann áleit, að þær skýrslur, sem hann hafði fyrir sèr og málinu fylgdi frá stjórninni, væri áreiðanlegar. Að því er því viðvíkur, sem *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri að eins 150 rd., sem ætlaðir væri til útleggínga, þá getur verið, að í öndverðu hafi svo verið, sem hann segir, að borgunin fyrir þýðíngar á málum, er til hæstarèttar ganga, skyldi að eins vera 150 rd., en hinir 100 rd. af þeim umtöluðu 250 rd. sem viðbót við laun fyrra assessorsins; en sú skoðun hefir breytzt, svo nú telur stjórnin, að 250 rd. sè veittir fyrir útleggíngu; og þó það væri boðið upp á þíngi hèr í bænum

til þess, er vildi taka þýðingar þessar að sèr fyrir minnst kaup, þá held eg, að engi vildi gjöra það fyrir minna.

Konúngsfulltrúi: Eg tók það ekki fram viðvíkjandi þeirri 150 rd. borgun, sem ákveðin er fyrir dönsku þýðinguna af rèttargjörðunum í málum, sem áfrýjuð er til hæstarèttar, í þeirri veru, að slík borgun væri nægileg fyrir þann starfa; en eg vildi einúngis sýna, hvernig sú 250 ríkisdala borgun, sem 1. assessor nú fær úr löggæzlusjóðnum, væri undirkomin, að því leyti þá viðbættu 100 ríkisdali snertir.

Framsögumaður: Eg vil þá að eins geta þess, að stjórnin má ei skoða þessa 100 rd. sem viðbót við laun annars assessorsins, heldur sem endurgjald fyrir útleggíngu, því annars yrði misjöfn laun assessoranna; en þau eiga að vera jöfn, bæði eptir skoðun hennar og þíngsins nú, nema hvað þau eiga að vaxa með árunum, sem þeir eru í embættum sínum.

Sveinn Skúlason: Það má nú segja um niðurlagsatriðin í þessu nefndaráliti, að sitt er að hvorum sonanna minna; meiri hlutinn er óákvarðaður, og hann fer í álitsskjali sínu, þó það komi ekki beinlínis fram í niðurlagsatriðunum út í aðra sálma, þar sem hann er að tala um einkarèttindi málsfærslumannanna, og hann fèkk *konúngsfulltrúa* til, að eyða nokkrum tíma að óþörfu, til að tala um þetta. Meiri hlutinn segir, að launin verði að greiðast; það kann eg ekki við; það verður að biðja beinlínis um, að þau »verði greidd«. En þó sitt sè nú að hvorum sonanna minna, þá heyra þó báðir hlutarnir svo saman, að mèr virðist, að þeir verði að takast báðir í einu. Minni hlutinn vill einúngis til bráðabyrgða, að borgað sè úr dómsmálasjóðnum, en vill, að á sínum tíma verði launin borguð úr ríkissjóðnum, og þar kemur hann saman við meiri hlutann; ef minni hlutinn er tekinn, þá fæst friður um 2 ár, og svo kemur nýr kapítuli um það hèr á þínginu. En eg veit ei, hvort svo má byggja á þessum reikníngum, að menn geti haft fulla vissu fyrir, að dómsmálasjóðurinn geti borgað launin; en það er slæmt, ef ekki er farið fram á, að launin verði borguð úr ríkissjóðnum, ef það skyldi reynast 1863, að dómsmálasjóðurinn ekki væri fær um, að bera málsfærslumennina. Eg vildi því helzt, að meiri og minni hlutinn væri rýmdir saman; en ef það er ómögulegt, þá vil eg þó heldur fylgja minna hlutanum, og það því fremur, sem líklegt er, að dómsmálasjóðurinn gæti borið þessi laun, ef lètt væri á honum þessum 300 rd.,

sem móti rèttum lögum hafa verið borgaðir af honum, til að launa þeim mönnum, sem eptir eðli sínu ætti að fá laun sín úr ríkissjóði.

Ásgeir Einarsson: Það er satt, að eg var samþykkur meiri hlutanum í því, að þessi laun ætti síðarmeir að borgast úr ríkissjóðnum. En viðvíkjandi því, sem þingmaður Norður-Þingeyinga sagðist ei kunna við: »verði að borgast«, þá vil eg benda honum á, að þetta er konúnglegt álitsmál, en ekki frumvarp. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði um aðra gr. minni hlutans, að það væri ei líkur til, að ríkissjóðurinn mundi borga það, sem þar er farið fram á, þá studdist eg nú fyrst við bendíngu stiptamtmanns, í brèfinu til lögstjórnarinnar, sem nefndinni var lèð, og sem eg hefi glöggt tekið fram í áliti mínu; brèfið er dagsett 12. marzm. 1861, og er í niðurlagi þess þetta: »ef ríkissjóðurinn tækist á hendur að greiða launabót þá, sem yfirdómurunum er veittur af dómsmálasjóðnum, 300rd. árlega, því eðli hlutarins mælir með því«; við þessi ljósu orð í brèfi stiptamtsins studdist meiníng minni hlutans, og svo við tilsk. 11. júlí 1800; því eptir henni átti líka að launa sekretera úr ríkissjóðnum, en nú er það ekki lengur, og því er sanngjarnt, að þessu væri bætt á í staðinn. Eptir *justitskassa*-tilsk. 16. febrúar 1764 sèst líka, að stiptamtmanni hefir verið boðið, að útvega lögfróða menn, til að sækja og verja opinber mál við yfirrèttinn. Eg skil því ei annað, eptir öllu þessu, en að einhver ruglíngur sè kominn á reikníngana milli ríkissjóðsins og dómsmálasjóðsins, eða skoðun stjórnarinnar á því, hvað af hvorum þeirra er borgað til landsyfirrèttarins, og skrifstarfa við hann. Að því er reikníngum mínum viðvíkur, þá getur nú verið, að þeir sè ekki áreiðanlegri, en þá má rannsaka þá, ef vill; eg hugsaði nú fyrst til, eins og binir í nefndinni, að málsfærslumennirnir ætti að hafa einkaleyfi í öllum málum; en svo vakti það aptur fyrir mèr, að þegar sjóðurinn með tímanum auðgaðist, mundi mega rífka launin. Eg er þess vegna samdóma þingmanni Norður-Þingeyínga, að bezt væri, að taka öll atriðin saman. Nefndin vildi víst gjöra allt til að koma málinu í eina stefnu, og væri gott, ef einhver kæmi fram með breytíngaratkvæði, sem gæti skýrt þetta mál sem bezt.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyínga sagði, að meiri hlutinn hefði slegið út í aðra sálma, með því að tala um einkaleyfi málsfærslumanna, þá vil eg taka fram, að ef hann hefði tekið eptir nefndarálitinu, þá hefði hann heyrt, að nefndin áleit, að það væri nauðsynlegt, að

rannsaka, hvort málaflutníngsmenn væri nauðsynlegir eður ei; og ef svo væri, að þá þyrfti að borga þeim, og úr því það væri ómögulegt öðruvísi, þá úr ríkissjóðnum. Þíngmaður Strandasýslu svaraði honum upp á það, sem hann sagðist ei kunna við, sumsè þessi orð í niðurlaginu »verði að greiðast«, að þetta nefnil. er álitsmál, en ekki bænarskrá. En eptir því, sem *konúngsfulltrúi* hefir sagt, sem bezt hlýtur að þekkja áreiðanlegleik þessara reiknínga, er minni hlutinn kom með, þá vil eg sleppa atkvæði meiri hlutans fyrir mitt leyti, og halla mèr að 2. gr. minni hlutans, með þeim viðbæti: »og haldið verði áfram að greiða hin föstu laun málaflutníngsmannanna við landsyfirrèttinn úr dómsmálasjóðnum, uns það sannast, að hann geti ekki borgað þau, nema með því að skerða innstæðuna«. Í þessa stefnu áskil eg mèr breytíngaratkvæði, og með þessu sameinast þá meiri og minni hlutinn.

Arnljótur Ólafsson: Eg er einn af þeim, sem hallast fremur að minni hlutans vara- og viðaukaatkvæði. En eg vil gjöra breytíngu á 1. atr., að »1—2 ára tíma« verði lengt til 3 ára. Eg geng út frá því, að menn eigi alls eigi að biðja um, að málaflutníngsmönnum sè greitt úr ríkissjóði, af því að engum málaflutníngsmanni í Danmörku er borgað úr ríkissjóði; þetta gjörir mikið til; úr ríkissjóðnum eru borgaðar ríkisþarfir, og vèr eigum kröfu til hans, sem sameiginlegs sjóðs fyrir Ísland og Danmörku, að svo miklu leyti, sem vèr biðjum um, að það sè borgað úr honum, sem getur álitizt að vera ríkisþarfir; þetta getum vèr hèr eins vel heimtað úr honum, eins og Danir; en vèr getum ekki heimtað, að það sè borgað úr honum hèr, sem ekki er álitið honum viðkomandi í Danmörku. Mèr þykir nú tíminn of stuttur, eins og eg gat um áðan; ef það er ekki nema 1 ár, hvað á þá að gjöra? Eptir veitíngarbrèfi málaflutníngsmannanna frá dómsmálastjórninni, þá er þeim veitt embættið frá 30. júlí 1858 til 30. júlí 1861; ef svo væri bætt við 1 ári, þá ætti þeir að hafa það til 30. júlí 1862; þá er nú ekkert þíng, og þá yrði annaðhvort að vera af tvennu, að taka kostnaðinn af landinu í okkar forboði, því stjórnin hefir lofað að gjöra ekkert í þessu, nema leggja það fyrir þíngið áður, ef það sannast, að dómsmálasjóðurinn getur eigi borgað þeim, eða þá að þeir fengi ekkert, og yrði þeir því að eyðileggjast. Þess vegna vil eg, að tiltekin sè 3 ár, það er til 30. júlí 1864; þá er nógur tími til, að málið geti komizt fyrir þíngið einu sinni enn, og svo útkljáð aptur frá því til stjórnarinnar. Samkvæmt þessu, vil eg að

halinn á greininni falli burtu. Um viðaukaatkvæði minni hlutans, þá held eg að þingið geti beðið um, að helmingurinn af þessum 300 rd. verði borgaður úr ríkissjóðnum. Að öðru leyti gleður það mig, að hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu hefir stúngið upp á þessu, því það sýnir, að hann hefir ekki verið eins fjarlægur frumvarpi stjórnarinnar um laun embættismanna hèr á landi, eins og út leit fyrir, því þar er einmitt stúngið upp á, að 50 rd. af launum 2. meddómandans falli burt.

Stefán Eiríksson: Mèr finnst nú yfir höfuð að minna og meira hlutanum komi saman í aðalstefnunni, nefnilega um það, að málaflutningsmennirnir fái laun sín úr ríkissjóði; eg játa það að vísu, að mèr líkar betur niðurlag minna hlutans, því í áliti hans má þó fá nokkurn veginn vissu um það, að dómsmálasjóðurinn geti borgað málaflutningsmönnunum. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga gat þess, að málaflutningsmönnum í Danmörku væri ekki borgað úr ríkissjóði; það kann nú að vera, að svo sè, en verði nú þessir 300 rd., sem hèrna eru undir tölulið 2 hjá minna hlutanum, og nú ganga til að launa dómendunum í yfirdóminum, verði þeir nú, segi eg, hèr eptir greiddir úr ríkissjóðnum, þá er eg viss um, að dómsmálasjóðurinn getur framvegis borið kostnaðinn til málsfærslumannanna. Að því leyti sem því hefir verið hreift hèr, hvort málaflutningsmennirnir væri nauðsynlegir eða ekki, þá er eg nú á því, að þeirra sè eins þörf hèr, eins og í öðrum löndum, og að það sè ekki síður þörf á þeim nú, en áður fyrri, þá alþingi bað um þá; og eg fyrir mitt leyti hefi ekki heyrt neina óánægju hjá landsmönnum yfir þessum málsfærslumönnum. Það er auðvitað og flýtur af sjálfu sèr, að þeir þurfa að vera löglærðir menn, ef þeir eiga að geta orðið að þeim tilætluðn notum.

Guðmundur Brandsson: Þingmaður Norður-Þingeyinga tók það fram, sem mèr finnst líka, að hèr liggi ekki fyrir, að tala um einkaleyfi málaflutningsmannanna í *privat*-málum, úr því þeir nú hafa það á annað borð, þá verður því líklega ekki haggað í þetta sinn. En af því að því var hreift, þá var náttúrlegt, að út af því kviknuðu nokkrar umræður. Það má nú skoða það frá tveim hliðum; það getur verið ókostur, að vera bundinn við þessa 2 menn; en aptur getur sá kostur verið við það, að menn verða því sáttfúsari, svo menn leggja ei mál sín fyrir yfirdóminn, ef menn óttast þessa menn; en til þess að vilja leggja málið fyrir yfirdóminn, verða menn heldur að elska þá, en óttast, eða að minnsta kosti

bera svo mikið traust til þeirra, að þeir ekki spilli málum sínum. Eptir því, sem menn nú fýsast til að leggja fleiri mál fyrir yfirdóminn, eptir því verða tekjur málsfærslumannanna meiri; en það er nú ekki komin fram nein áætlun um, hve miklar þessar aukatekjur sè. *Konúngsfulltrúi* sagði, að það væri ekki há laun þeirra fyrir opinberu málin, svo sem 5 rd. að meðaltali; en hann vantaði að segja, hve mörg þessi opinberu mál væri á ári, því vissi menn það, gæti sèst, hvað þau þannig gæfi af sèr; hvað há eru launin að meðaltali fyrir einkarmál, veit eg nú ekki, hvort hann getur sagt; en hèr er maður í salnum, sem gæti skýrt frá því; en það á nú ekki við, að spyrja um það í þetta sinn; en hitt mætti þingið fá að vita, hve mörg opinberu málin eru. Það hefir verið sagt, að það væri fremur lauslegar sögur, en reglulegir reikningar fyrir löggæzlusjóðnum; en eg ímynda mèr, að menn hafi verið svo varasamir, að reikna að minnsta kosti ekki á sjóðinn. Þó þessum 300 rd. væri nú lètt á honum, þá duga þeir ekki, til að launa málaflutníngsmönnunum báðum, því til þess þarf 500 rd.; en þó getur nú verið, að reikníngurinn sè einhvern veginn svo boginn, að þetta geti komið heim. Það hefir verið slegið rúmum 200 rd. af áætlun þeirri, sem gjörð var fyrir tekjum sjóðsins; þar vildi eg fá skýríngu fyrir, af hverju það kemur. Það stendur í nefndarálitinu, að í landsyfirrèttartilskipuninni frá 1800 sè tiltekið, að öll laun til yfirrèttarins skuli borgast úr ríkissjóðnum, og líka til skrifara við rèttinn. Mèr sýnist því, að landið eigi heimtíng á öllu þessu úr ríkissjóðnum, og líka skrifaralaununum, svo að ef löggæzlusjóðurinn ekki gæti borið málaflutníngsmennina, ætti ríkissjóðurinn að bera þá, eða að minnsta kosti bæta því til, sem á brysti, því það getur verið spurníng um, hvort ríkissjóðurinn standi ekki í skuld um þetta við löggæzlusjóðinn. Mèr finnst menn þyrfti að fá skýrslu um þetta, og eg veit, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* getur gefið hana. Hann var að tala um, hve lítil laun málsfærslumannanna væri; en það liggur hèr nú ekki fyrir, að fara lengra út í það, heldur að eins, hvaðan þau skuli takast, og það er málsatriðið, sem menn verða að halda sèr við í þetta sinn.

Konúngsfulltrúi: Eg skal, út af orðum fulltrúans frá Gullbríngusýslu, gefa þá upplýsíngu, að það má álíta meðaltalan af opinberum málum, sem árlega koma fyrir landsyfirrèttinn, sè 20—25, og í þeim eru málsfærslulaunin venjulega 4—6 rd. fyrir hvert, og þá er hægt að reikna, hvaða tekjur málsfærslumenn hafi í þeim

málum árlega. Það, sem eg minntist á, að laun málsfærslumannanna við landsyfirrèttinn væri lítil, stóð i sambandi við það atriði, sem meiri hlutinn hefir stúngið upp á, að taka af málsfærslumönnum einkaleyfið í *privat*-málum, af því það leiddi af sèr rýrnun í tekjum þeirra, sem yrði að verða því tilfinnanlegri, sem launin eru í sjálfu sèr minni.

Hinn sami heiðraði þíngmaður talaði líka um það, að það væri undarlegt, að útistandandi skuldir sjóðsins misstist stundum algjörlega; þetta er þó vel skiljanlegt, þegar það aðgætist, hvernig á þessum skuldum stendur; þær eru venjulegast fólgnar í sektum, sem hlutaðeigendur ekki geta borgað, og því verða að afplána með líkamlegri hegníngu. Tekjur sjóðsins, auk leignanna, eru nefnilega einúngis eða mestmegnis fólgnar í sektum fyrir *delicta carnis*.

Framsögumaður: Svo framarlega, sem reikníngar minni hlutans eru rèttir, og fyrst *konúngsfulltrúi* álítur svo, sem samkvæmt stöðu sinni sem stiptamtmaður hlýtur að vera því kunnugur, þá verð eg að álíta, að dómsmálasjóðurinn sè fær um, að launa málaflutníngsmönnunum, ef þessum 300 rd., sem eru borgaðir úr honum til assessoranna, er lètt af honum, og borgaðir úr ríkissjóðnum. Mèr sýnist því, að það mætti að eins biðja um þetta fyrst um sinn; en ef svo sannaðist, að dómsmálasjóðurinn væri ekki fær um það, nema með því, að skerða innstæðuna, þá yrði þíngið að finna upp á nýjum ráðum. Eg vil því hallast að minni hlutans 2. gr., en sleppa bæði meira hlutanum og 1. gr. minni hlutans, eptir því, sem eg fyr sagði. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að við gætum ei búizt við, að málaflutníngsmönnum hèr yrði launað úr ríkissjóði, af því það væri ei svo í Danmörku; það er nú satt, að þetta er þar ekki tilfellið, nema með einstöku málsfærslumenn við hæstarètt. En það er alls eigi sagt, að þó þetta sè ekki gjört þar, þá verði það ei gjört hèr, því þar eru margar þarfir borgaðar úr ríkissjóði, sem alls ekki eru hèr, og eins mætti borga þarfir okkar úr honum, þó það ætti sèr ekki stað þar. En ef málaflutníngsmenn eru álitnir nauðsynlegir hèr, og ef þeir þurfa að hafa laun, og ef það er ómögulegt, að útvega þau hèr, þá hlýtur ríkissjóðurinn að taka þá að sèr, úr því hann hefir tekið að sèr yfirdóminn, því þeir eru nauðsynlegur partur af honum. Í Danmörku er málaflutníngsmönnum yfir höfuð að tala ekki veitt laun úr ríkissjóðnum; en þeim er þar samt launað, með því að gefa þeim einka-

leyfi við öll einkarmál; það stendur nú öðruvísi á hèr, en þar; þar eru margir málsfærslumenn við hvern rètt, svo þar geta menn haft völ á, að fara frá einum til annars; en hèr eru ekki nema 2, og því er óþolandi, að vera bundinn við þá eina; launin, sem þeir hafa hèr af hinu opinbera, ætti að vera þeim hið sama, sem einkaleyfið er málaflutningsmönnum í Danmörku; það gjörir þeim heldur engan tekjumissi, þó þeir hèr hafi ekki einkaleyfið, því, ef þeir eru duglegir menn, þá fá þeir eins málin, hvort sem er, úr því þeir eru að eins tveir. Þar að auki er það nokkur breytíng á rètti manna, að menn megi eigi fá hvern, sem þeir treysta bezt, til að flytja mál sín fyrir dómstólunum; og eg veit ekki til, að neitt, um breytíngu á því, hafi verið nokkru sinni af stjórninni lagt fyrir alþíngið.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla að eins að minnast á fátt eitt í ræðu þíngmanns Borgfirðínga; mèr fannst nú fylgja henni sem optar, eins og rèttum í góðri veizlu, bæði beiskt og væmið, að minnsta kosti var hann samkvæmur sjálfum sèr í því, að vilja lètta á ríkissjóðnum því, sem menn þó álíta, að sè bein skylda hans að bera. Eg þykist líka vera samþykkur sjálfum mèr, að vilja krefja rèttar þeirra, sem eiga að fá laun úr ríkissjóði. Eg hefi ekki getað sannfærzt af ræðum *konúngsfulltrúa* eða þíngmanna um það, að ekki eigi að borga þessa 300 rd. úr ríkissjóðnum. Eg tók til, að málsfærslumönnum skyldi að eins launa 1 eða 2 ár úr dómsmálasjóðnum, af því eg gjörði ráð fyrir, að stjórnin mundi taka fljótt og vel í þetta mál, svo að það gæti verið, að það yrði útkljáð að ári; en þó það nú dragist annað árið til, og mál þetta komi aptur fyrir næsta þíng, þurfa málaflutníngsmennirnir ekki fremur tíma til að hrökkva upp af klökkunum, en nú, því þá kemur til að standa eins á fyrir þeim, og nú, og kynni menn þá að geta fundið betri ráð, en nú, þegar þeir vissi álit stjórnarinnar; annars hefi eg ekki á móti, að þeim sè borgað úr dómsmálasjóðnum í 3 ár, þangað til má álíta, að sè útgjört um málið. Eg hafði vonað, að þíngmaður Borðfirðínga ekki mundi draga úr þessum 300 rd., sem ætti að borgast úr ríkissjóði, heldur jafnvel bæta við þeim 50 rd., sem borgaðir eru einum lögregluþjóninum nú úr dómsmálasjóðnum, og þannig hlynna að löggæzlusjóðnum, en mèr brást þessi von, því hann hefir líklega tekið ríkissjóðinn að sèr til forsvars.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ítreka hèr það, sem eg áðan tók fram, að þíngið ætti því að eins að fara fram á, að laun assessor-

anna, að því leyti þau eru greidd úr löggæzlusjóðnum, verði greidd úr ríkissjóðnum, að sjóðurinn ekki geti borgað þau ásamt launum málsfærslumanna, og það held eg sè líka meiníng minni hlutans. Hinn heiðraði *framsögumaður* talaði um það, að það hefði verið rèttarmissir, þegar málsfærslumönnunum við landsyfirrèttinn var veitt einkaleyfi. Þetta skil eg ekki, að sè rètt skoðun, eða hver missti rètt sinn við það? og að minnsta kosti bað þíngið um málsfærslumennina og rèttarmissir þann, er af því leiddi; það lá nefnilega beint við, og hlýtur að hafa verið þíngsins meiníng upphaflega, að málsfærslumennirnir skyldi fá einkarètt, eins og í Danmörku; annars var bænin þýðíngarlaus, ef allir hefði mátt flytja mál við rèttinn, eins eptir og áður, og ganga fram hjá hinum skipuðu málaflutníngsmönnum.

Pètur Pètursson: Eg veit ekki, hvort eins er ástatt fyrir öðrum, eins og fyrir mèr, í því, að eg á bágt með, að komast að föstum grundvelli í þessu máli. Það er að sjá sem stjórnin álíti, að það sè ofætlun fyrir dómsmálasjóðinn, að borga málsfærslumönnunum laun sín úr honum; en hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir sagt, að reikníngar sjóðs þessa sè endurskoðaðir á hverju ári, svo að á þeim er víst engi vafi; aptur hefir minni hluti nefndarinnar upplýst, að sjóðurinn muni þó vera fær um að borga málsfærslumönnunum launin, einkum þegar stundir líða fram, og stjórn hans væri komin í betra horf, en nú er, t. a. m. ef sjóðurinn keypti skuldabrèf með 4% rentu, og því um líku. Mèr sýnist nú, að það hefði verið meiri ástæða fyrir minni hlutann að óska þess, fyrst hann álítur, að ástand sjóðs þessa muni batna, að beðið væri um, að laun málsfærslumanna yrði fyrst um sinn borguð úr ríkissjóði, þangað til væri búið að koma betur fyrir stjórn þessa sjóðs; því mèr sýnist spursmálið vera að eins um það, hvernig mönnum þessum eigi að launa, meðan tvísýnt er um það, hvort sjóðurinn geti staðizt, með því að borga þeim laun þeirra; en um þetta vil eg ekki beinlínis taka mèr breytíngaratkvæði. Eg rengi engan veginn skýrslur minna hluta nefndarinnar, en þær liggja hèr ei svo fyrir, að eg geti fullkomlega áttað mig á þeim; eg álít málið ekki fullkomlega upplýst; en þar eð þíngmaðurinn úr Strandasýslu gaf von um nákvæmari skýrslur fyrir ályktarumræðuna, vona eg, að úr því verði bætt, áður en gengið er til atkvæða um málið, svo menn geti áttað sig á því, hvernig menn eiga að greiða atkvæði. Gæti þá líka verið, að menn gæti komið því saman, að stjórn sjóðs þessa verði betur fyrir komið, og að laun þessara manna verði fyrst um sinn

borguð úr ríkissjóði, og um það vil eg áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis, ef mèr skyldi sýnast æskilegt, að koma fram með það. Eg er líka samdóma hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* í því, að það eigi að bæta við uppástúngu minni hlutans 2. atr.: »ef tekjur dómsmálasjóðsins ekki eru nægar til að borga þeim laun þeirra«.

Ásgeir Einarsson: Eg tók að eins lauslega fram stjórn sjóðsins; en mèr sýnist ekki eiga við, að vera að tala um hana; eg hefi að eins fengið upplýsíngar um, að nokkuð af sjóðnum hafi verið lánað út. Skuldirnar eru 499 rd., og hefi eg ætlazt til, að 50 rd. fengist inn af þeim á ári, til þess að það fengist inn á 10 árum; það væri óskandi, að betur væri gengið eptir þessum skuldum, svo að það ríngl, sem þær gjöra í reikníngnum, endi einhvern tíma. Aðalundirstaðan er, að reikníngurinn er tekinn á þeim árum, þegar óvanaleg útgjöld láu á sjóðnum, og þegar nú lètti af honum þessum 300 rd., þá ætti hann að geta borið laun málaflutníngsmannanna; eg skil það ekki, að málið sè svo illa upplýst, að þetta ekki skilist, og reikníngur minn vona eg að sè ekki svo skakkur, að hann felli málið.

Framsögumaður: Mèr sýnist menn fullkomlega geta byggt á því, að reikníngur minna hlutans sè rèttur, af því að bæði er það sannsýnilegt, og svo er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* einnig fullkomlega á því; útreikníngurinn sjálfur er víst einnig rèttur.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Mèr virðist, að hèr sè ekki mikill meiníngamunur, því allri nefndinni hefir komið saman um, að málaflutníngsmennirnir sè nauðsynlegir, og að laun þeirra eigi að greiðast úr ríkissjóðnum, ef dómsmálasjóðurinn ekki geti borið þann kostnað; en minni hlutinn vill sýna fram á, og hefir leitt álitleg rök að því, að dómsmálasjóðurinn geti borgað málsfærslumönnunum launin, og vill þá hlífast við að fara að heimta laun þeirra úr ríkissjóðnum á meðan, eður fyr en nauðsyn krefur; en af því mèr sýnast ástæður fyrir, að dómsmálasjóðurinn geti staðizt þennan kostnað, þá vil eg ekki takmarka það svona, um 1 eða 2 ára tíma, eins og minni hlutinn hefir sett, heldur vil eg, að þar sè sett: »fyrst um sinn, þar til nauðsyn krefur, að heimta laun þessi úr ríkissjóðnum«; mèr heyrðist nú *framsögumaður* tala á þá leið, að nefndin kynni að þýðast þessa skoðun, en annars mætti áskilja sèr rètt til breytíngaratkvæðis á þessa leið. Að málaflutníngsmennirnir hafi einkaleyfi til málsfærslu í öllum málum við yfirrèttinn,

kann nú að vera, eins og sá hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, nauðsynlegt, til að rífka laun þeirra; og á meðan þeir reynast slíkir sem þessir, er nú hafa gegnt því embætti enn sem komið er, þá er ekkert á móti þessu; en á hinn bóginn þætti mèr hart, ef eg ekki treysti þeim betur, en sjálfum mèr, að verja mál mitt, að mega þá ekki ganga fram hjá þeim, og gjöra það sjálfur. Eg veit nú ekki, hvort þeir hafa svo traust einkaleyfi, að það komi í bága við þetta tilfelli, og vil ekki fara lengra fram í þær ræður, því það liggur ekki eiginlega fyrir þínginu, að dæma um þetta atriði.

Konúngsfulltrúi: Það er misskilníngur hjá hinum heiðraða þíngmanni Mýrasýslu, að hlutaðeigandi málspartur ekki megi nú lengur flytja sjálfur mál sitt við landsyfirrèttinn, en þurfi að fela það á hendur þeim skipaða málsfærslumanni; því hlutaðeigandi getur ætíð talað þar sjálfur sínu máli, ef hann treystir sèr til þess, og það eru enda fleiri undantekníngar í þessu tilliti, sem hèr er ekki þörf að tilgreina.

Ásgeir Einarsson: Mig furðar á því, að menn skuli tala svo mikið um þetta einkaleyfi málaflutníngsmannanna, því það spursmál er ekki lagt fyrir af stjórninni, og stendur ekki heldur í niðurlagsatriðum nefndarálitsins.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að segja líkt og hinn 3. konúngkjörni þíngmaður, að eg get ekki fengið fastan grundvöll í þessu máli, meðan það er ekki betur upplýst. Hversu góðir, sem *framsögumanni* þykja reikníngar minna hlutans, eru þeir ekki nógir fyrir mig; eg sè ekki af þeim, hvort dómsmálasjóðurinn er fær um að bera þessi útgjöld eða ekki; mèr sýnist líka eitthvað undarlegt í þeim reikníngi, þegar hinar óvissu tekjur fyrst eru reiknaðar 400 rd., og það svo sett niður um helmíng; eg sè eigi ástæðuna til þess; svo vantar mig líka vissu fyrir því, að hèr sè í reikníngnum um óvissar tekjur tekið meðaltal margra ára, því það verður lítið grætt á því, þótt hinar óvissu tekjur hafi verið svona miklar, einúngis eitt ár. Svo er og með þessa 499 rd., sem eru útistandandi; hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skýrði frá, að það væri fè, sem, ef til vill, aldrei fengist inn, þar það væri sektir hjá fátækum mönnum, sem ekki gæti borgað (*Ásgeir Einarsson:* Það er hin summan). Jæja! því óvissari verður hin summan; það getur þá verið, að hún þá verði svo sem ekkert; yfir höfuð vantar að sjá, í hverju hinar útistandandi skuldir eru fólgnar; því það getur verið, að sumt af því, sem er útistandandi, fáist aldrei; það er athugavert við

þetta 6 ára tímabil, sem talað hefir verið um, að kostnaðurinu við byggingu landsyfirrèttarhússins var borgaður, áður en málaflutningsmennirnir komust á; þetta gjörir nokkuð til, því þá sýna síðari ára reikníngar, að þessi sjóður er engan veginn fær um, að bera þessi hin umræddu útgjöld. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að það væri ekki vani í Danmörku að borga málaflutníngsmönnum laun úr ríkissjóði; en sama er að segja um þá 150 rd., sem annar assessorinn fær hèr fyrir útleggíngar, að mèr finnst alls eigi verða heimtað, að slíkar útleggíngar verði borgaðar úr ríkissjóði; þetta er sèrstaklegt fyrir Ísland og þess ásigkomulag, svo að, ef málaflutníngsmennirnir geta ekki fengið laun sín úr ríkissjóði, þá getur assessorinn ekki heldur fengið þau laun, sem hann hefir fyrir útleggíngar úr ríkissjóðnum; hann hefir nú 250 rd. fyrir það; fyrst hafði hann 150 rd., og síðan var bætt við hann 100 rd.; og getur það verið nokkur spurníng, hvernig eigi að skoða þessa 100 rd., hvort heldur sem laun fyrir útleggíngar eða sem launabót; ef þá á að skoða sem launabót, á að borga þá úr ríkissjóðnum, en annars úr dómsmálasjóðnum. Stjórnin álítur víst ekki meiri ástæðu til, að borga öðrum assessornum fyrir útleggíngar dóma úr ríkissjóðnum, en málaflutníngsmönnunum, og þó eg taki nú ekki til nema 150 rd.; og *ef* eg enn fremur *gæti að* hinum óvissu tekjum; *hversu* mikið er af útistandandi skuldum, *og að* byggíngarkostnaðurinn var borgaður, áður en málaflutníngsmennirnir voru teknir, — þá bendir allt þetta á, að enn hafa menn ekki fengið þær upplýsíngar, er sýni, að dómsmálasjóðurinn geti staðizt, ef hann á að borga þessi laun. Úr því minni hluti nefndarinnar vill, að málaflutníngsmönnunum sè borgað fyrst um sinn úr dómsmalasjóðnum, vil eg, að hann gjöri betri grein fyrir, hvort sjóðurinn er fær um það. Að því er vèxtina snertir, vil eg leyfa mèr að spyrja þíngmanninn úr Strandasýslu, hvort hann muni ekki vilja taka það fè, sem nú eru að eins goldnir 3 *og* 3½ af hundraði. Um einkarèttinn ætla eg mèr ekki að tala; hinn 4. konúngkjörni þíngmaður tók það fram, að það væri munur í Danmörku, þar sem margir málaflutníngsmenn væri við hvern rètt, eða hèr, þar sem ekki væri nema tveir; eins og það er eðlilegt, að þetta einkaleyfi sè í Danmörku, eins er það varúðarvert, að það sè hèr, nema menn sè vissir um, að málaflutníngsmennirnir sè svo vel að sèr, að mál ekki tapist vegna formgalla frá þeirra hlið; en hvort það hefir komið hèr fyrir, veit eg ekki.

Jón Hjaltalín: Eg stend upp eingöngu til þess að segja eitthvað. Eg hefi tekið svo þetta mál, sem það væri vili stjórnarinnar, að þessir menn væri í stöðu sinni, og mèr sýnist, að vèr eigum ekki að sleppa þeim tilhögunum, sem vèr fáum, og sem eru hjá öllum menntuðum þjóðum. Þá hefir nú verið talað um það, hvaðan launin eigi að taka, og það veit guð, að launin eru ekki há. Sumir segja, að dómsmálasjóðurinn sè ekki fær um að bera þessi útgjöld, og sumir, að hann sè fær um það; en um þetta getum vèr ekki dæmt, því reikningarnir liggja ekki ljósir fyrir oss. Hitt varðar meiru, í hverja stefnuna menn eiga að fara, til þess að stuðla að því, að embætti þessi viðhaldist. Það, sem meiri hluti nefndarinnar bendir á, er, að mönnum þessum sè borgað úr ríkissjóðnum. Þingmaður Borgfirðinga skýrði nú frá því, að þetta mundi ekki fást, vegna þess, að málaflutningsmönnum væri í Danmörku ekki borgað úr ríkissjóði; og veit eg til þess, að svo muni vera; er eg því hræddur um, að uppástúnga meiri hlutans spilli fyrir málinu, og halla eg mèr því heldur að minna hluta nefndarinnar, en ekki eins og hann er, því hann steypir málinu í óvissu. Minni hlutinn vill, að þeir fái laun sín úr dómsmálasjóðnum 1 eða 2 ár; en þingmaður Borgfirðinga vill bæta 3. árinu við, og held eg, að það sè of lítið; vil eg því áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis um það, að þeir fái laun sín úr dómsmálasjóðnum hin næstu 4 ár; en halann í uppástúngu minna hlutans, undir tölulið 1: »skyldi því ekki verða fyr framgengt« til enda greinarinnar, vil eg fella burt; það er hortittur, sem ekkert hefir að þýða. Þar sem undir 2. tölulið er stúngið upp á, að þessir 300 rd. til annars assessorsins verði borgaðir úr ríkissjóðnum, þá sýnist mèr það gott að lètta, ef menn geta, á dómsmálasjóðs-aumingjanum; og vil eg, að menn reyni til þess; þegar menn vilja pota eitthvað áfram, geta menn ekki komizt lengra, en að hafa viðleitnina. Eg ætla mèr ekki að fara út í reikninga dómsmálasjóðsins, eða dæma um það, hvort þingmaður Reykvíkinga hefir rètt fyrir sèr í því, sem hann sagði; en mèr þykir það líklegt, að sjóður þessi sè ekki svo aumur, að hann geti ekki borgað þessi litlu laun málaflutningsmannanna, einkum ef lètt yrði á honum þessum 300 rd.

Páll Sigurðsson: Þegar eg las álit meira hluta nefndarinnar, var mèr — eg er má ske skilningsdaufur — ekki unnt að skilja það; og eg hefi ekki enn fengið upplýst, hvernig stendur á hinum útistandandi skuldum. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* upplýsti

þetta að nokkru leyti, að því er viðkemur sektum fyrir hórdóm og frillulífi, og skildi eg, að nokkuð gæti legið í því; en mèr er enn óljóst, hvað mikið gjöra megi ráð fyrir, að fáist, og hvers aldrei muni vera að vænta; en það er mikilsvert að hafa yfirlit yfir þetta, því annars geta menn ekki vitað, hvort sjóðurinn er fær um að bera þessi laun eða ekki. Eg sè, að þetta hefir vakað fyrir minna hlutanum, og því tók hann aðra stefnu; mèr sýnist það vera miklu rèttara, að þessir 300 rd., sem yfirdómaranum hafa verið borgaðir úr dómsmálasjóðnum, verði borgaðir úr ríkissjóðnum; því þar sem það hefir verið tekið fram, að það sè fyrir þýðingu á dómum, þá sýnist það eðlilegt, að ríkissjóðurinn borgi þýðinguna, fyrst dómararnir í hinum æðsta rètti ekki skilja mál vort. Það hefir verið tekið fram, að málafærslumenn í Danmörku sè ekki launaðir úr ríkissjóði, og því muni það ekki fást, að laun þessara embættismanna hèr borgist úr honum; þess vegna ætla eg helzt, að halla mèr að minna hluta nefndarinnar, af því eg er ekki sannfærður um, að dómsmálasjóðurinn geti ekki borgað laun þessi, eins og hingað til; en eg er hræddur um, að það eyðileggi málaflutningsmennina hèr við rèttinn, ef beðið er um, að þeim sè launað úr ríkissjóðnum; en það vil eg ekki að verði, af því að það var alþingi, sem stakk upp á, að þeir yrði settir.

Forseti: Það hafa 14 þingmenn beðið um, að hætt sè umræðunum.

Björn Pèturssón: Eg hefi ekki tekið eptir, hvort nokkur þingmaður hefir áskilið sèr breytingaratkvæði við uppástúngu minni hlutans undir 1. tölulið; en ef það skyldi ekki vera, vil eg áskilja mèr rètt til þess. Eg skal reyna að koma mèr saman við nefndina um það.

Ásgeir Einarsson: Eg vil spyrja hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* hvort hann álíti það skyldu mína, að útvega reikninga dómsmálasjóðsins handa þingmanni Reykvíkinga einum; það er orðið nokkuð áliðið á þingtímann, og eg er hræddur um, að eg muni þurfa nokkuð langan tíma til þess, að koma honum í skilníng um þetta, þingmanninum frá Reykjavík, því þegar hann viltist í reikningnum milli »útistandandi skulda« og »útgjalda«, þá veit eg ekki, hvort unnt verður að koma honum í skilníng um þetta, og það er einhvern veginn óviðkunnanlegt, að við bændur verðum að leggja hann á knè, til að kenna honum reikníng.

Halldor Kr. Friðriksson: Eg er ánægður, ef *konúngsfulltrúinn* vill gefa nægar upplýsíngar í málinu.

Forseti: Eg efa ekki, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* muni við ályktarumræðuna finna ástæðu til, að gefa þinginu álit sitt um það, hvort reikníngur minni hlutans sè svo rèttur, að þingið geti byggt á honum.

Þá er undirbúníngsumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja þá þingmenn, sem hafa áskilið sèr breytíngaratkvæði, að koma til mín með þau sem allrafyrst.

Samkvæmt dagskránni kemur þá *læknamálið til undirbúníngsumræðu,* og skal eg biðja skrifarana að afhenda *framsögumanni,* hinum heiðraða 5. konúngkjörna þíngmanni skjöl málsins.

Var síðan lesið upp nefndarálitið svohljóðanda:

»Eptir að Íslendíngar og alþíngi þeirra í samfleytt 15 ár á ýmsan hátt hefir viljað gjöra allt til, að bæta læknaskipunina hèr á landi, hefir alþíngi nú að nýju kosið oss, er ritum nöfn vor hèr undir, í nefnd, til að segja álit vort um þetta mál, og gjörum vèr það nú hèr með, á þann hátt, er virðist bezt til heyra, eptir því, sem máli þessu nú er komið.

Til þíngsins hafa að þessu sinni inn komið tvær bænarskrár um þetta efni, önnur frá Þíngeyjarsýslu, með 30 búenda undirskriptum, og hin frá fundi, sem haldinn hefir verið að Vallanesi í Suður-Múlasýslu þann 21. mai þ. á. Báðar þessar bænarskrár fara þess á flot, að stofnaður verði spítali og læknaskóli í Reykjavík, og telja til mörg vandkvæði landsmanna með það lækníngaleysi, er nú eigi sèr stað á þessu landi.

Eins og sjá má af auglýsíngum stjórnarinnar til alþíngis, bæði þeirri frá 1859, og nú þeirri, er lögð hefir verið seinast fyrir þetta þíng, hefir stjórnin tekið mjög ólíklega undir það, að stofnaður verði spítali og læknaskóli hèr í Reykjavík, en þar á móti virðist hún nú að gefa máls á því, að landlæknirinn hèr gæti stofnað nokkurs konar læknakennslu, samkvæmt úrskurði þeim, er vor allramildasti konúngur hefir gefið, með opnu brèfi af 12. ágúst 1848, og hefir ráðherra dómsmálastjórnarinnar, eptir áskorun landlæknisins, með brèfi af 31. ágúst 1860 fallizt á, að þeir 200 rd., sem samkvæmt fyr nefndum konúngsúrskurði skyldi hvert ár gjaldast úr amtsjóðunum til landlæknisins og tveggja annara hèraðslækna, hèr eptir mætti til þeirrar læknakennslu, er hèr um ræðir, leggjast til landlæknisembættisins. En með því nú amtsjóðirnir, sem stendur, virðast heldur í þröng, hafði landlæknirinn, í brèfi hans til stjórn-

arinnar af 22. júní f. á., farið þess á flot, að hinir umgetnu 200 rd. frá hverju amti, mætti fyrst um sinn verða borgaðir af læknasjóðnum, eða hinum svokölluðu hospitalspeningum. Að þetta muni nú geta fengizt, til þess bendir hin konúnglega auglýsing af 1. júní þ. á., því þar í stendur með berum orðum: »en ef það yrði álitið nauðsynlegt, að gjöra frekara til þess, að ná tilgangi þessum — nefnilega að aðstoðarlæknar fengi tilsögn í læknisfræðinni, einkum hjá landlækni — þá mundi ekkert verða því til fyrirstöðu, að til bráðabyrgða yrði skotið fé til þessa úr hinum íslenzka spítalasjóði; en rèttast hafi þó þótt að bíða þess, hvort alþingi þætti ástæða til, að bera fram uppástúngu í þessu efni«. Nefndin getur því eigi annað, en ráðið þinginu til, nú að ganga í þessa stefnu, og hún virðist líka og því tiltækilegri, sem gömul reynsla er fyrir því, að læknakennslan hjá landlækninum var svo happadrjúg fyrir land þetta, á meðan henni var framfylgt, og voru þá öll tækifæri til slíkrar kennslu langtum minni þá, en nú eru þau.

Eins og kunnugt er, kenndi *landphysicus* sál. *Bjarni Pálsson* á þeim 19 árum, er hann var við læknisembættið, eigi færri, en 12 læknaefnum, eins og sjá má af æfisögu hans, og varð hèr um bil helmíngur þeirra hèraðslæknar hèr á landi, en 2 þeirra, sumsè Ólafur Ólafsson (Olavius) og apothekari Magnús Ormsson voru báðir álitnir dugandis merkismenn.

Það er kunnugra, en frá þurfi að segja, í hvílíku afhaldi þeir voru á sinni tíð meðal almennings, hèraðslæknarnir Magnús Guðmundsson, Brynjólfur Pètursson, Jón Einarsson, Hallgrímur Backmann og Jón Pètursson, þrátt fyrir það, að þeir einúngis höfðu að eins fengið alla sína menntun hjá landlækninum, og voru af honum yfirheyrðir á alþingi í heyranda hljóði, og þó hafði landlæknirinn þá umhverfis bústað sinn eigi meira, en 1 áttunda part þess fólks, er nú er í sóknum þessum, og Reykjavík var þá eigi orðin til. Það eru því öll líkindi til, að læknakennsla hèr á landi eigi eingöngu geti komið að miklu gagni á vorum dögum, heldur virðist margt að benda á, að hún sè mjög náttúrleg og happadrjúg fyrir land vort, og til þessa má finna margar náttúrlegar orsakir; það er sumsè kunnugt, að sjúkdómarnir breytast mjög í eðli sínu eptir landslagi, loptslagi og hinum sèrstaklega lifnaðarhætti þjóðanna, og á þetta sèr eigi miður stað á Íslandi, en öllum öðrum löndum. Nú, með því land þetta í allri náttúru sinni, hvort heldur að litið er til landslagsins, loptslagsins, eða lifnaðarháttar fólks-

ins, er svo mjög frábrugðið því, sem á sèr stað í Danmörku, þá er það með náttúrlegu eðli, að sjúkdómafræði lands þessa sè mjög svo ólík því, er á sèr stað í Danmörku, og verður það því með þessum hætti, að þeir, sem koma hèr frá Danmörku, útlærðir í læknisfræði, ganga eins og hálf-ókunnir að verki, og þó þeir geti áttað sig á þessu með tímanum, eru þeir þó í raun og veru langtum ver farnir, en þeir, er jafnaðarlega gefst færi á, að sjá vora sèrstaklegu sjúkdóma með eigin augum, jafnótt og þeir lesa það, sem nú er kunnugt um þá á hinum beztu læknaskólum.

Þetta, er vèr nú sögðum, innibindur svo mikinn sannleika, að það hefir verið viðurkennt af hinum beztu læknum, er lifað hafa bæði á fyrri og seinni öldum; þannig sagði hinn nafnfrægi faðir læknisfræðinnar Hippocrates: »Náttúra og eðli sjúkdómanna eru mjög á ýmsa vegu, allt eptir því, hvar þeir eru — *(Varia est, secundum varias regiones terræ, vis et natura morborum)*«, og hinn nafnkunni læknir Rómverja Celsus segir: »Eðli læknisfræðinnar er eins breytileg, eins og staðir þeir, hvar sjúkdómarnir finnast *(Differunt pro natura locorum genera medecinæ)*«.

Það hefir verið sagt, að menn hèr á landi mundu vanta tækifæri á, að kynna sèr sjúkdómafræðina til hlítar; en vèr ætlum þetta mjög rangskilið, og höldum það verði að liggja í augum uppi, að menn hèr í Reykjavík, og grennd við hana, verði að geta sèð allan fjölda þeirra sjúkdóma, er eiga sèr stað hèr á landi. Bærinn Reykjavík og sóknin umhverfis hann hefir, nú sem stendur, nærfellt 2000 íbúendur, og samtals eru hèr i næstu sveitum og í fiskiverunum á Innnesjum og Suðurnesjum 6400 íbúar, auk 2300 fiskimanna, er hèr koma um vertíðina; leggi menn nú hèr til þann fjölda ferðamanna, er hèr koma allt árið um kríng, einkum í vertíðarlokin og á lestunum, þá mun eigi of mikið sagt, þó menn taki svo til, að hèr í Reykjavík, og grennd við hana, komi saman um lengri og styttri tíma ársins nærfellt allur 6. hluti allra landsbúa, og að landlækninum þannig gefist tækifæri á, að kynna sèr sjúkdóma þeirra, og að þeir, sem hèr lærði hjá honum, þannig mundi gefast kostur á að sjá flesta þá sjúkdóma, er fyrir koma hèr á landi.

Þá er og það ástæðulaust, er sumir hafa borið fyrir, sem mótbáru á móti læknakennslunni hèr á landi, sumsè það, að lærisveinana mundi hèr vanta tækifæri til líkuppskurðar, því það er óhætt að fullyrða, að af rúmum 50 manns, sem árlega deyr hèr i Reykjavíkursókn, mundi hægt að fá 5. hvert lík, eða 10 lík á ári, til þessa,

auk ýmsra líkuppskurða, er læknaefnunum gæfist tækifæri til í hinum næstliggjandi sóknum af þeim sjúkdómum, er almennastir eru hèr á landi, sumsè ýmsum greinum sullaveikinnar, lifrarveikinnar, holdsveikinnar og limafallssýkinnar, sem menn í Kaupmannahöfn svo sjaldan sem aldrei fá tækifæri til að rannsaka. Vèr ætlum og á hinn bóginn, að sjúkdómafræði Íslands mundi taka stórum framförum við þetta, því eins og það er auðsætt, að það er öldúngis ómögulegt fyrir landlæknirinn, sem er hjálparlaus, að komast yfir slíkan líkuppskurð, meðan hann hefir enga til að hjálpa sèr, þannig verður bæði þetta og allt það, sem að því lítur langtum lèttara, þegar hann fær únga og menntaða menn sèr til hjálpar. Á hinn bóginn liggur það og í augum uppi, að menntaðir únglíngar, sem þannig daglega sjá hina íslenzku sjúkdóma fyrir augum sèr, og fá tækifæri til að þrengja að hinum dýpstu undirrótum þeirra, út í allar æsar, veitir langtum lèttara, að átta sig í þeim, en hinum, sem koma utan að, og hafa aldrei haft tækifæri til að sjá þá, eða fást við þá af eigin reynslu; að þeir, sem læra læknisfræði á Íslandi, hljóti betur en aðrir, að geta sèð og yfirvegað þær ýmsu sèrstaklegu orsakir, er hèr olla ýmsum sjúkdómum, og gjöra þá frábreytilega frá því, sem er í öðrum löndum, er augljóst, auk þess, að þeir og fá sjaldgæft tækifæri til að sjá, hve mjög hinni almennu heilnæmisfræði *(Hygieine publique)* er áfátt hèr á landi, og geta með daglegri umgengni við landsfólkið betur yfirvegað, hvernig þetta megi bæta.

Af þessum ástæðum, er nú eru taldar, virðist oss það liggja í augum uppi, að læknakennsla hjá landlækninum ætti að komast á hið allra bráðasta; hin brýnasta nauðsyn útheimtir það, og áhugi landsmanna á þessu fyrirkomulagi vex að því skapi, sem neyðin með læknaleysið þrengir að þeim, og þeir alls engan útveg geta sèð, með því fyrirkomulagi, sem hingað til hefir verið á þessu máli.

Nefndin getur við þetta tækifæri eigi leitt hjá sèr, að tala nokkuð um fyrirkomulag það, er hin hèr umtalaða læknakennsla verður að hafa, ef hún á að samsvara þörfum og vonum landsmanna, og verður það að vísu nokkuð frábrugðið því, sem til var ætlazt hèr á þingi 1847, einkum að því leyti, er uppástúnga minna hlutans, er þá rèð mestu, sýnist að hafa sett mál þetta í miður rètt horf. Þar var sumsè talað um — og að þessu virðist hinn konúnglegi úrskurður af 12. ágúst 1848 að lúta —, að hinir svo kölluðu hjálparlæknar einúngis ætti að læra að taka blóð, kippa í

lið, endurlífga drukknaða og helfrosna, samt fyrirskrifa hin allraeinföldustu meðöl; því þá yrði slík kennsla auðsjáanlega eigi til annars, en fylla landið með ónýta skottulækna, sem yrði að standa langt á baki þeirra, er hèr útskrifuðust á fyrri öld. Nefndin verður því ljóst og skýrt *að taka það fram,* að þau hèr umtöluðu læknaefni verða að læra allt það, sem unnt er að læra í læknisfræðinni hèr á landi, og það bæði »*theoretice*« og »*practice*«, svo að þeir að sínu leyti, eptir vorra tíma þörfum, geti orðið eins vel að sèr, og landinu að eins miklu gagni, eins og hinir áður umtöluðu hèraðslæknar voru á fyrri tímum. Það flýtur og hèr af, að þeir verða að hafa hin sömu rèttindi og hinir eldri læknar, er hèr lærðu, höfðu, bæði til að mega *practicera,* hvar sem þeim þóknast hèr á landi, og líka rètt til embætta eptir afstaðið opinbert próf. Þetta hvorttveggja verðum vèr að álíta *sem öldúngis nauðsynlegt skilyrði fyrir því,* að nokkuð geti orðið úr slíkri læknakennslu, því það verður að vera öldúngis augljóst, að engi menntaður maður hèr frá skólanum gefur sig til, að læra læknisfræðina á þann hátt, er hèr um ræðir, nema því að eins, að hann hafi fulla von um, að hann, eptir afstaðið próf, eigi hafi unnið fyrir gýg, heldur megi njóta fullra rèttinda, sem hann hefir unnið fyrir; á hinn bóginn álítur landlæknirinn alveg ófært, að kenna ómenntuðum mönnum læknisfræðina, eins og til sýnist að hafa verið ætlazt í hinum áður nefnda konúngsúrskurði frá 1848.

Vèr vonum nú því heldur, að stjórnin viðstöðulaust gangi inn á þetta, sem það liggur í augum uppi, að jafnvel þau fáu læknaembætti, er nú eru hèr á landi, ómögulega verða fyllt með útlærðum læknum frá Danmörku, hvað þá heldur, ef embættum þessum yrði fjölgað. Hundrað ára reynsla er nóglega búin að sýna þetta, og vèr viljum leyfa oss að benda á, að á meðan 3 af þeim núverandi læknaembættum hèr á landi standa liðug, eru að eins 4 íslenzkir læknar til á öllu landinu, og af þessum 4 eru 3 yfir fimmtugt. Nú er það á hinn bóginn ósk allra landsmanna, að læknaembættum verði fjölgað hèr á landi, og stjórnin hefir sjálf gefið það til kynna, að þetta sè hennar vili, því það er sannfæring allra landsmanna, að landinu sè þá að eins borgið með læknahjálpina, þegar einn læknir geti fengizt fyrir hverja sýslu á landinu; en 100 ára reynsla bendir, eins og nú var sagt, nógsamlega á, að þetta er öldúngis ómögulegt, ef íslenzkir læknar eiga að eins að geta fengizt frá Danmörku.

Reynsla hinna síðustu tveggja ára hefir nógsamlega sýnt landsmönnum fram á, hve hörmulega þeir eru farnir með læknaleysið, eins og þessi reynsla á hinn bóginn skýrt og ljóst bendir á það, að læknaleysið hèr á landi á mikinn þátt í því stóra mannfalli, er nú hefir orðið hèr á hinum seinustu sóttarárum. Landlæknirinn hefir sumsè með ljósum tölum sýnt, að kringum læknana deyja langtum færri, en í þeim sýslum, hvar engi læknir er, og nemur þetta víða allt að þriðjúngi. Árið, sem leið, dó þannig í mörgum þeim sóknum, hvar eigi varð náð til lækna, 10. hver maður, og sumstaðar jafnvel fram yfir það; og er þetta, eins og allir sjá, feyki mikið mannfall, sem verður að eyða íbúum landsins, ef eigi er að gjört.

Af þeim ástæðum, er nú eru tilfærðar, verður nefndin fastlega að mæla fram með því, að þeir umgetnu 200 rd., sem samkvæmt allrahæstum konúngsúrskurði eiga að greiðast til læknakennslu úr hvers amts sjóði *(Repartitionsfond)*, hèr eptir verði lagðir til læknakennslu hjá landlæknirum, og það svo, að helmíngnr þessa gjalds, eða 300 rd. árlega, gangi sem stipendium fyrir 3 efnilega stúdenta frá hinum lærða skóla, er læra vilja læknisfræði, og hinn helmíngurinn, eða 300 rd., til landlæknisins í kennslukaup fyrir þessa menn; og enn fremur verður nefndin að ráða þínginu til, að samþykkja eptirfylgjandi uppástúngur hennar, sem óskandi væri, að fengi hinn fljótasta framgang, og rita um þær bænarskrá til vors allramildasta konúngs; en það, er vèr stíngum upp á, er þetta:

1. Að til bráðabyrgða verði skotið fè úr hinum almenna læknasjóð, eður hinum svo kallaða spítalasjóði lands þessa, til læknakennslu hjá landlæknirum í Reykjavík, að upphæð 600 rd., er endurborgist úr jafnaðarsjóðum umdæmanna, samkvæmt konúngsúrskurði 12. ágúst 1848 og brèfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi 31. ágúst 1860.
2. Að þeir stúdentar frá hinum lærða skóla, og »*privatdimmitteraðir*« ef það kemst á, sem landlæknirinn þannig tekur til kennslu, sè fræddir í þeim greinum læknisfræðinnar, sem til eru teknar í *instruxi* landlæknisins hèr á landi frá 19. maí 1760 § 4: líkskurðarfræði *(Anatomie)*, lífeðlisfræði, sjúkdómafræði *(Pathologie)*, handlæknisfræði og yfirsetukvennafræði, o. s. frv.
3. Að lærisveinar þessir, eptir afstaðna kennslu hjá landlækn-

inum, standi opinbert burtfararpróf, eptir fulltryggjandi reglum (samkvæmt því, er landlæknirinn getur komið sèr saman um við hið konúnglega heilbrigðisráð í Kaupmannahöfn um þetta mál).

4. Að þessir menn, ef þeir álitast hæfir, fái fullkomið læknisleyfi hèr á landi, og geti orðið hèr hèraðslæknar.

Reykjavík, 2. ágúst 1861.

Jón Hjaltalín, formaður og framsögumaður. *Pètur Pètursson.* *Sveinn Skúlason.*

Páll Sigurðsson. *Helgi G. Thordersen.*

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um mál þetta að sinni, fyr en eg heyri meiníngar manna; en einúngis geta þess, sem eg hefi heyrt menn tala um sem frábrugðið í þessu máli. Það er nú búið að biðja í 3 skipti um þetta, og það fyrst árið 1847 á alþíngi. Menn skiptust þar að vísu í 2 flokka, og var það mjög óhappalegt, að formaður minn í embættinu, herra jústizráð sálugi Thorsteinsen, var móti þessu máli, og orð hans máttu sín, sem von var, mikils hjá stjórninni. Við undirtektir hans sýnist eins og sú skoðun hafi komizt inn hjá stjórninni, að læknakennslan hèr í landi endilega hlyti að verða ónýt, og það má nærri geta, að þar sem þessi skoðun nú er búin að eta um sig í 14 ár, muni ekki svo hægt að útrýma henni, enda kemur hún fram í auglýsíngunni til alþíngis 1859, þar sem stjórnin alls ekki vill ganga inn á álit þíngsins 1857, og framfærir hinar sömu ástæður og áður, og aptur nú seinast í auglýsíngunni til þíngsins segist stjórnin fram halda sömu stefnu. Nefndin gat og getur því varla búizt við því, að stjórnin nú allt í einu mundi snúa við blaðinu, og segja: *já og amen* til alls, sem þíngið fer fram á; en þar sem nefndin þóttist sjá eins og svikk á stjórninni, sem vonlegt var af jafn-mannúðlegri stjórn og danska stjórnin er, að hún væri farin að viðurkenna vora stóru þörf, þar sem sóttir geysa hèr yfir, menn falla hrönnum saman, og að af þessum fáu læknaembættum, sem hèr eru, standa mörg óveitt. Nefndin hefir því gripið til þess til bráðabyrgða, að reyna til, að fá kennslu í læknisfræði hjá landlæknínum handa úngum mönnum, sem síðan, eptir afstaðið próf, gæti bætt úr hinni mestu þörf vorri, sem læknar; og vonaðist nefndin til, að þetta kynni að fást, en vildi fyrir það engan veginn yfirgefa þá skoðun á máli þessu, sem hefir komið hèr fram á hinum fyrri þíngum; eg tek það fram aptur, að þetta var einúngis til bráða-

byrgða. Menn kunna að halda, að eg beri oftraust til sjálfs mín, að álíta mig færan um, að segja læknaefnum til, svo að gagni verði; en eg þykist ekki gjöra það, þó eg voni, að eg með allri alúð og áhuga geti orðið að liði, til að segja til; og eg fulltreysti hinu heiðraða þingi til þess, að efast ekki um hreinan vilja minn í þessu efni. Það er þó betra, segir máltækið, »að veifa röngu trè en engu«, og »mjór er mikils vísir«, og ætlum vèr því fremur að hlynna að þessu, sem reynslan er búin að sýna oss, að þetta sama áður hefir komið að góðu gagni hèr á landi. Þó því nefndin að vísu ekki hafi farið sömu leiðina, er hún þó enn á sömu stefnu og þingið hingað til hefir haft á þessu máli; en hún áleit, að til einskis væri, nema má ske til að spilla fyrir öllu málinu, að vera nú enn á ný, að kaldhamra þetta sama við stjórnina, sem hún áður er búin að gefa afsvar upp á, og vildi svegja dálítið af, um stundarsakir. Eg skal enn fremur geta þess, að þó nefndin yfir höfuð hafi viljað laga sig eptir því, sem hún hèlt mundi vera stjórnarinnar vili, og sem menn því gæti búizt við að fá, hefir hún þó í einu atriði farið á aðra leið, en stjórnin í auglýsingu sinni, og í opnu brèfi 12. ágúst 1848, nefnilega í niðurlagsatriðinu, sem hèr stendur í 4. tölulið. En eg er hræddur um, að stjórninni, þegar hún gaf út hið opna brèf 12. ágúst 1848, hafi farizt líkt og mèr, þegar eg samdi nefndarálitið, að hún hafi þá eigi tekið til greina eldri lög, sem til eru um þetta efni, eg meina frá 23. októb. 1790, og ímynda eg mèr, að stjórnin nú muni taka þau til greina, þar sem þessi lög enn eigi eru úr lögum numin, eða apturkölluð, og vona eg því, að stjórnin ekki finni ástæðu til, að apturkalla þessi lög ofan í ósk þingsins. Eg tek það upp aptur, að eg vona, að þessi litli vísir til innlendrar læknakennslu, sem hèr er farið fram á, verði að ávaxtarsömu trè, sem beri heillaríka ávöxtu fyrir land þetta. Þó lítið sè af stað farið, getur mikið orðið úr, þegar fram líða stundir. Eg vona því, að þingið ekki tvískipti sèr í þessu máli, en styði það af alefli, að við þó heldur fáum þetta litla, heldur en ekki neitt; og ítreka eg það enn, að þar fyrir hafa menn alls ekki sleppt sjónar af hinu meira; eg meina af því: með tímanum að fá sèr spítala og læknaskóla.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr, í tilefni af því upplesna nefndaráliti, að láta í ljósi, að mèr getur ekki annað, en geðjast mjög vel að því, þar sem það fer algjörlega í þá stefnu, sem stjórnin hefir gefið til kynna, að sè samkvæm hennar skoðun á málinu,

sú nefnilega, að koma hèr upp, samkvæmt konúngsúrskurði frá 12. ágúst 1848 og opnu brèfi 25. ágúst s. á., aðstoðarlæknum, til þess að bæta úr læknaskorti þeim, sem hèr er, og brýn nauðsyn er til, að ráðin verði bót á, svo fljótt sem verða má, með þeim hætti, að landlæknirinn kenni þessum aðstoðarlæknum, líkt eins og hèr átti sèr stað, einkum á dögum Bjarna Pálssonar, og sem þá kom, eins og í nefndarálitinu er tekið fram, að miklum og góðum notum. Þessa skoðun hefir nefndin aðhyllzt, og eg verð að álíta, að hún hafi gjört mjög hyggilega í því, að taka þannig í málið, og eg efast því ekki um, að stjórnin muni gefa uppástúngum nefndarinnar góðan gaum, og mál þetta þannig komast í viðunanlegt horf. Nefndin hefir einnig, hvað kostnaðinn af kennslunni snertir, farið þann líklegasta veg, þar sem hún hefir stúngið upp á því, að hann yrði greiddur úr læknasjóðnum, því bæði er það, að jafnaðarsjóðirnir ekki eru í þessum árum aflagsfærir, og svo er það og í eðli sínu, að læknasjóður, þegar svona er ástatt, og svona mikið liggur við, miðli fyrst um sinn nokkrum fjárstyrk í þessu augnamiði, og alþíngi virðist ekki að geta haft neitt á móti því, þar sem það sjálft hefir mælt fram með því, að fè sjóðsins yrði varið til þess, að koma upp íslenzkum læknaefnum.

Eg skal því leyfa mèr, að mæla fram með því við hið heiðraða þíng, að það aðhyllist nefndarinnar uppástúngu undir 1. tölul., eins og hún liggur fyrir.

Um hið annað uppástúnguatriði nefndarinnar, áhrærandi kennslugreinir þær, sem hin íslenzku læknaefni ætti að fræðast á, skal eg ekki vera margorður, þar sem eg verð að játa, að eg ekki hafi þekkíngu, til að fella áreiðanlegan dóm um það; en þó skal eg lýsa því yfir, að eg skil ekki betur, en að þær kennslugreinir, sem nefndin tekur til, sè svo yfirgripsmiklar, að hlutaðeigendur, þegar þeir eru komnir niður í þeim, hafi fengið þá menntun, sem í öllu tilliti sè full tryggíng fyrir því, að þeir á eptir geti gegnt köllun sinni hæfilega, og tekið hèr læknaembætti, eins og líka er gjört ráð fyrir í *cancellíbrèfi* frá 23. október 1790, sem *framsögumaður* vitnaði til.

Hvað fyrirkomulag á prófi því, sem þessir læknar ætti að ganga undir, snertir, skal eg ekki fara neinum orðum um það, þar sem landlæknirinn ætlar um það að skrifast á við *heilbrigðisráðið* í Kaupmannahöfn, og þannig engi efi er á því, að þessu atriði verði komið vel fyrir.

Eg skal nú ekki orðlengja fremur um þetta mál, sem mèr virðist nú vera komið í æskilegt horf; en einúngis leyfa mèr þá athugasemd, að mèr hefði þótt betur fara, að nefndin hefði tekið fram um tímann, á hverjum kennslunni ætti að vera lokið, svo hlutaðeigendur vissi, að hverju þeir hefði að ganga. Nauðsynin býður að skammta þennan tíma svo stuttan, sem fremst má verða, og staðizt getur með tilganginum og hæfilegri hliðsjón af því atriði, að þeir, sem í skólann ganga, geti fengið þá nauðsynlegu menntun og undirbúníng, og virðist mèr, að þessi tími mætti naumast fara fram úr 3 árum; þó skal eg ekki fullyrða það.

Eg er sannfærður um, að hið heiðraða þíng, sem hefir jafnan haft hinn mesta áhuga á þessu máli, muni styðja það með sínum góðu tillögum, og málið þannig komast til hagfelldra og góðra lykta, eptir þeim kríngumstæðum, sem fyrir hendi eru.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er nú hvorttveggja, að mál þetta er áríðanda, því það er sannkallað velferðarmál þessa lands, enda hefir þíngið, sem opt hefir haft það meðferðis, sýnt því allan áhuga, og gengið frá því, sem það bezt gat; og verð eg einnig í þetta skiptið, að taka undir með hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* og játa, að nefndin einnig nú hefir sýnt sama áhugann á málinu og vant er, enda var þess og von, þar sem sömu mennirnir mestpart enn eru í nefndinni, og eru manna færastir, til að fjalla um málið, og það má segja um hinn háttvirta *framsögumann,* að hann ekki hefir legið á liði sínu, með að hrinda þessu máli í horfið, eins og hann nú raunar aldrei gjörir það, ef hann heldur, að þörf landsins krefi það. En þrátt fyrir þetta get eg þó ekki beinlínis fallizt á nefndarálitið, eins og það nú liggur fyrir, því eg sakna þess, að hèr ekki, eins og á hinum fyrri þíngum, beinlínis er beðið um læknaskóla og spítala. Reyndar neita eg því alls ekki, að það, sem nefndin fer fram á, mundi fyrst um sinn töluvert betra, en ekki neitt, og það því fremur, sem engi getur verið sannfærðari, en eg, um það, að landlæknirinn okkar, sem nú er, bæði sè manna færastur til að kenna læknisfræði, og eins lika hitt, að hann mundi leggja sig í framkróka með, að gegna því, með því fylgi og þeim dug, sem honum er svo eiginlegur, þegar á honum þarf að halda. En það er allt annað, sem mèr gengur til þess, að bera fram óskina að fá læknaskóla, og það er það, að hversu vel hæfur sem landlæknirinn okkar nú sem stendur er, hversu ötull, sem hann er og viljagóður, þá er hann þó ekki nema maður og læknir, og það

í læknir í jafnstóru umdæmi og hann hefir undir, og þó það reyndar sè satt, að mannfjöldi sá, sem er hèr fyrir, og opt streymir hingað, gjöri sjálfa kennsluna lèttari, og greiði fyrir henni, þar sem lærisveinarnir hefði tækifæri til, að sjá langtum fleiri sjúkdómstilfelli, en í strjálbyggðu hèraði, þá er eg aptur á hinn bóginn hræddur um, að einmitt þessi sami fólksfjöldi gæfi honum nóg að sýsla sem lækni, svo hann varla kæmist til að kenna. En setjum nú svo, að hann gæti klofið allt þetta, sem mèr jafnvel er nær að halda, þá höfum við samt enga vissu fyrir því, að eptirmaður hans bæði geti og vili það; og get eg því ekki fundið, að máli þessu sè hrundið í rètt horf, fyr en það fyrirkomulag er á komið, að stofnunin geti staðið framvegis á föstum grundvelli; en fyrir því er engi vissa eptir nefndarinnar uppástúngum, því skólinn eða rèttara sagt kennslan í læknisfræði gæti fallið um koll þegar, eptir dauða hins núverandi landlæknis, þó hún aldrei nema svo kæmist á, áður en hann fellur frá, sem þó þannig er óvíst. Hèr við bætist enn fremur, að landið á að hafa sem flestar innlendar vísindastofnanir, og hafi stjórnin nú, eins og *framsögumaður* sagði, gefið »svikk« á sèr, þá er bezt að nota »svikkinn«, til að herða á henni með læknaskólann. Enn hefir stjórnin engar ástæður fært móti skólanum, og þegar hún ekki er beðin um einn skildíng, sýnist mèr henni útlátalítið, að lofa okkur að verja okkar eigin peníngum til vorra eigin þarfa. Eg get ekki heldur ímyndað mèr annað, en að lærisveinarnir í læknaskólanum, eður yfir höfuð þeir, sem nema ætti læknisfræðina, fengi betra tækifæri til að sjá og athuga sjúkdómana, ef hèr væri spítali. Menn kunna nú reyndar að berja því við, að spítalasjóðurinn ekki geti risið undir kostnaðinum, sem af þessu yrði að flýta; en þá vil eg minna þíngið á seinasta atriðið í bænarskrá þessa efnis frá þínginu 1859, sem fór fram á betri tilhögun á tekjum spítalanna hèr á landi; þeim er sem stendur ekki sem bezt hagað, og mætti sjálfsagt auka þær allmikið; eg segi þetta engan veginn í því skyni, að eg efist um, að þeir, sem hafa stjórn spítalans í höndum, ekki gangi vel eptir tekjum hans; nei! eg á við, að lögin fyrir tekjunum, hvernig þau eru lögð á, o. s. frv. ekki sè nærri góð.

Samkvæmt því, sem eg nú hefi sagt, áskil eg mèr því viðaukaatkvæði um það, að uppástúngur þíngsins frá 1859 verði sameinaðar við uppástúngur nefndarinnar, þannig að uppástúngurnar frá 1859 verði »*principielle*«, en nefndarinnar *til vara*, fyrst um sinn;

og vona eg, að eg geti komið mèr saman við hina heiðruðu nefnd um þetta, því það er engan veginn mín ætlun, að vilja fella nefndarálitið, heldur einmitt sameina mínar uppástúngur við það.

Konúngsfulltrúi: Það lá altènd að, að hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur mundi kyrja upp gamla lagið, þrátt fyrir það, þó stjórnin hafi lýst því yfir, að hún ekki geti aðhyllzt aðra stefnu í þessu máli, en tekin er með konúngsúrsk. frá 1848, þá nefnilega, að koma upp og fjölga hèr læknum með aðstoð lækna- eða spítalasjóðsins; en hvernig ímyndar nú hinn heiðraði þíngmaður sèr, að þessum tilgangi stjórnarinnar og þíngsins með, eins og það þá leit á málið, geti orðið framkvæmt, þegar búið er að eyða sjóðnum í spítalahús og læknaskóla? eða hefir hann nokkra vissu fyrir því, að það muni fást laun úr ríkissjóðnum handa 6—7 læknum, auk þeirra lækna, sem nú eru? Eg held ekki, en þá leiddi af uppástúngu hans, að málinu þokaði aptur, en ekki fram. Þetta ætla eg auðsætt.

Eg skil því ekki betur, en að það sè mjög svo óhyggilegt af þínginu, að halda nú aptur fram beint í sömu stefnu og á síðasta þíngi, því af því yrði þó sú niðurstaða, að stjórnin gæti ekki tekið bænarskrá þíngsins til greina, og að málið yrði þá aptur að dragast við það, til mikils baga fyrir landið.

Hinn heiðraði þíngmaður sagði, að það væri ekki verið að biðja stjórnina um einn skildíng; það er satt að því leyti spurningin er um læknasjóðinn; en það er þó verið að biðja stjórnina um nýja lækna, auk þeirra, sem eru; og þegar hinn heiðraði fulltrúi er búinn með læknasjóðinn handa spítala og skóla, þá þarf hann að biðja stjórnina um laun handa þeim nýju læknum, annars fást þeir ekki.

Guðmundur Brandsson: Eg verð nú að játa það, að mèr fór líkt og hinum heiðraða þíngmanni Reykjavíkurbæjar, að eg ekki gat alveg fallizt á uppástúngur nefndarinnar; en mèr batnaði samt mikið fyrir brjóstinu, þegar *framsögumaður* sagði, að þetta ekki væri nema undanfari annars meira, að það væri ekki *sá, sem koma skyldi,* heldur mættum við vænta annars; en mig vantar það tekið til, að þetta *einúngis* sè til bráðabyrgðar, og hvað síðar eigi að taka við, þegar þessi bráðabyrgðar nauðsyn er horfin. Þíngmaður Reykvíkínga hefir tekið þetta fram; og eg skal bæta því við, að annars þætti mèr þíngið gjöra of mikið stökk aptur á bak frá fyrri þíngum, ef ekki væri sú meiníngin, og hún tekin ljóst fram, að menn bygg-

ist við, að þessi *mjói vísir*, sem *framsögumaður* kallar það, væri *mikils vísir*, eður með öðrum orðum: fyrirrennari þess, er koma skyldi á síðan, nefnilega læknaskólans og spítalans. Ástæður hins háttvirta *framsögumanns* fyrir því, að kennslan, eins og nefndin vildi koma henni fyrir, mundi takast, voru helzt þær, að þetta hefði, eptir sögu læknisfræðinnar, tekizt áður hèr á landi; en þó þetta sè nú mikið góð ástæða, finnst mèr þó það draga úr henni, að bæði var fáum kennt, og líka hitt, að fólksfjöldinn var hèr þá miklu minni, heldur en nú; því þess meira tóm höfðu læknarnir til að kenna, því líklegt er, að þess færri hafi þá sjúklingarnir verið. Eg skil ekki hina ástæðuna um fólksfjöldann, sem *framsögumaður* víst nokkurn veginn rètt telur allt að 6400, og segir, að geti aukizt allt að 10,000 um vissa tíma ársins, öðruvísi en svo, sem hann vegna hans gjöri ráð fyrir fleiri sjúklíngum, og virðist mèr þetta þá einmitt meiri ástæða til þess, að oska hèr spítala, því ekki mun auðvelt núna að koma hèr mörgum sjúklíngum fyrir, ef þeir kæmi annarstaðar að; fyrir utan það, sem allir verða að játa, að full nauðsýn sè til, að geta skilið að sjúka og heilbrigða, ekki sízt í eins fjölbyggðum bæ, og hèr er. Eg skal hèr geta þess, að þar sem nefndin í niðurlagsatriði sínu, tölulið 2, fer fram á, að hèr sè t. a. m. kennd líkskurðarfræði *(Anatomie)*, þá veit eg ekki, hvar hús ætti að fást til þess, nema það ætti að gjörast í einhverju pakkhúsi kaupmannanna, eður þá heima hjá kennaranum sjálfum, og lízt mèr á hvorugt vel. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir nú ætíð verið töluvert á móti þessu máli *(Framsögumaður:* Ekki núna!); jú eins núna, ekki móti nefndinni sjálfri, það meinti eg ekki heldur; enda furðar mig ekki á því, þegar eg les hina konúnglegu auglýsíngu til þessa þíngs, og sè þar, hvernig tekið hefir verið undir málið um spítalahluti úr Vestmannaeyjum, þar sem stiptamtmaður fylgdi sýslumanni í því, að láta þá renna inn í sveitarsjóðinn þar, í stað þess, að það hefði verið rèttast, að reyna til, að auka með þeim læknasjóðinn, eins og alþíngi hafði stúngið upp á, til hvers sem hann svo verður brúkaður. Það er annars merkilegt, að þar sem þíngið 1847 biður um frumvarp frá stjórninni til betra fyrirkomulags á tekjum spítalanna, þá skuli þetta ekki vera komið, enda þótt bænin sè ítrekuð 1857 og 1859; eg get ekki sèð, hvaða skaða stjórnin hefði liðið við það, að lofa okkur að leggja skatta á okkur sjálfa, svo við með þeim gætum gjört tilraun til, að halda við lífi og heilsu okkar. Eg veit að vísu ekki, hvenær stjórnin hefir skrifað híngað um

þetta, til að leita upplýsinga hjá embættismönnunum, eins og getið er um í auglýsingunni; en hafi það verið 1857, eða rètt þar á eptir, virðist kominn tími til, að fá svar. Að öðru leyti er það eptirtektavert, að stjórnin hafi skrifað amtmönnunum til um þetta, en alveg gengið fram hjá þinginu. Það er þó má ske enn skrítilegra, ef stjórnin hefir skrifað hèraðslæknum til um, að kenna úngum mönnum læknisfræði ókeypis, án þess að skrifa landlækninum hið sama, eins og hann hefir sjálfur skýrt frá; það er rètt eins og stjórnin hafi á ræðum hans á þinginu og ritum hans komizt að því, að hann mundi hafa nokkuð frábreytta skoðun henni á þessu máli. Þingmaður Reykjavíkur hefir viljað stíga einu fetinu lengra í þessu máli, heldur en nefndin; og því ekki það? Að öðru leyti skyldi eg verða sá fyrsti til þess, að stínga upp á því, að ekkert væri tekið úr jafnaðarsjóðum amtanna til þeirrar læknakennslu, sem nefndin stíngur upp á, heldur úr spítalasjóðnum eingöngu, því nóg hvílir samt á jafnaðarsjóðunum, þó eg reyndar ekki teli þetta sem beinlínis nýjar álögur á þá, þar sem þær eru að nokkru leyti lögákveðnar eptir konúngsúrskurðinum frá 1848; hefði nú hèr átt staðar að *nema* við það, sem nefndin hefir stúngið upp á, þá hefði eg viljað láta leita atkvæða í tvennu lagi, um fyrstu uppástúngu nefndarinnar, í fyrri kaflanum, um að 600 dalirnir fengist úr spítalasjóðnum, og svo um hitt, hvort jafnaðarsjóðirnir ætti að endurgjalda það, eða ekki. En af því eg enn hefi góða von um, að þingið einhuga fallist á einhverja beina stefnu í þessu máli, skal eg ekki undir eins bera upp breytíngaratkvæði það, er eg kynni að vilja gjöra. Eg skal enn bæta því við, að þar sem nefndin fer í tölulið 2. að telja til hið helzta, er kenna skyldi í læknisfræði, þá vil eg, þó eg sè ófróður í þessu efni, skjóta því til hins heiðraða *framsögumanns*, sem er manna færastur til að leysa úr spurníngunni, hvort ekki mundi ástæða til, að taka til eitthvað fleira, t. a. m. heilnæmisfræði eðlisfræði, efnafræði og náttúrufræði, sem mig ekki minnir betur, en hann sjálfur opt hafi nefnt, því þar sem nefndin skýrskotar til *instrúx* landlæknisins hèr á landi frá 19 maí 1760, þá held eg, að læknisfræðinni hafi farið töluvert fram síðan, svo ekki mundi vanþörf á, að auka kennsluna úr því, sem þá var. Að endíngu skal eg geta þess, að eg er öldúngis samdóma hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* í því, að eg álít nauðsynlegt, að til væri tekinn tími sá, er má álítast hæfur til, að geta náð fullkomnum þroska í þessum lærdómi.

Björn Pètursson: Eg ætla ekki að teíja tímann með því, að bera hól á nefndina, því hún er víst búin að fá nægju sína af því. Eg vil einúngis með sem fæstum orðum hreifa við fáeinum atriðum í nefndarálitinu.

Mèr finnst sanngjarnt, að öll ömtin eigi jafnan aðgang til, að geta orðið aðnjótandi kennslunnar, úr því þau eiga jafnt að standast kostnaðinn. Eg vil því áskilja mèr viðaukaatkvæði í þessa stefnu.

Mèr þætti það og miklu betra, að kennslutíminn væri nokkurn veginn ákveðinn; en eg treystist ekki til nú, að stínga upp a, hver hann skuli vera. En þegar eg er búinn að koma mèr saman við hinn heiðraða *framsögumann*, mun eg bera fram viðaukaatkvæði þar að lútandi.

Mèr hefir líka dottið í hug, hvort ekki mundi farandi fram á, að styrkur fengist úr spítalasjóðnum, svo að hver lærisveinn gæti fengið 100 rd. styrk, ef þeir kynni að verða nokkuð margir, sem beiddist kennslu hjá landlæknínum. Í nefndarálitinu er ekki gjört ráð fyrir, að þeir fái meir en 300 rd. styrk allir saman. Að öðru leyti hlýt eg að vera samdóma þíngmanni Reykvíkínga í því, að verulegt atriði vanti í nefndarálitið, það atriði, að stjórnin verði beðin um, að læknaskóla og spítala megi stofnsetja hèr í Reykjavík, og mun eg verða með honum í viðaukaatkvæði þar að lútandi. Eg hafði líka meðferðis bænarskrá þess efnis, og hún var lögð til grundvallar við undirbúníngsumræðu þessa máls.

Framsögumaður: Eg verð fyrst að þakka þínginu fyrir þann velvilja, sem það, eins og vant er, hefir látið í ljósi, bæði við málið sjálft og mig persónulega. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og þíngmaður Gullbríngusýslu skoraði á mig, að kveða upp með, hvað langan kennslutíma eg áliti að þyrfti; og verð eg að vera þeim samdóma í því, að æskilegt væri, að hann væri ákveðinn, þó það aptur á hinn bóginn ekki sè svo hægt; og eg segi fyrir mig, að eg gæti ekki ákvarðað hann öðruvísi en svo sem 3—4 ár fyrir alveg óundirbúna; það er allt annað mál, að þeir, sem kynni að hafa undirbúið sig annarstaðar, gæti klárað sig á styttri tíma. Því næst vildi eg þá svara mínum heiðraða vin, þíngmanni Reykvíkínga, en ekki samt hóli hans, því það er víst sprottið af fornum vinskap okkar á milli; en því ætla eg að svara honum, að hann varla saknar læknaskólans og spítalans, meir en eg; en sá er okkar munurinn, að eg ekki er hneigður fyrir það, að kaldhamra; mèr finnst mað-

ur eins geta smíðað, þegar járnið er orðið heitt. Það var hèrna fyrir skemmstu sögð sagan af Staðarhóls-Páli, sem sigldi á skerið, og sagði: Skipið er nýtt, en skerið fornt, og *skal* því undan láta»; hann braut skip sitt, og eg vildi ekki hafa verið honum samferða, og vil því ekki fylgja dæmi hans; eg vil heldur reyna, að skreppa yfir taglið á skerinu, en reka mig á það. Þessi þrábeiðni þingsins líkist engu meir, en því, að vera sí og æ að berja á stein með blýhamri; hann dalast, og slitnar því meir hamarinn. Þó ljótt sè að segja það, er þetta þó satt; eða er ekki reynslan búin að sýna okkur þetta? eða hvað höfum við nú áunnið í 14 ár, síðan 1847? Ekkert! Ástandið er aðeins,ef nokkuð er, verra, en þá. Eg álít það því mikinn ábyrgðarhluta fyrir þingið, ef það, með því nú að rígbinda sig við hina gömlu stefnu í máli þessu, spillti fyrir því, sem við nú gætum átt von á að fá, og það því fremur, sem engum víst getur dottið í hug, að þingið hafi misst rètt sinn, til að fara fram á hið meira, þó það nú láti sèr lynda til bráðabyrgða, að taka við því, sem fæst; það væri rètt eins og menn hugsuðu sèr, að þeir væri að »*procedera*« eitthvert »*Contraktsforhold*« fyrir rètti. Það geta komið aðrir tímar, aðrar kríngumstæður, sem gjörði oss lèttara, að fá ósk vora fram, og því síður ætti menn nú að spilla fyrir því, sem allir þó verða að játa að bætir, og sem við höfum góða von um, að geta fengið — með því, að berja blákalt fram það, sem við litla sem enga von höfum um að fá framgengt. Hinn heiðraði þingmaður fann enga ástæðu fyrir stjórnina til, að neita bóninni, úr því ekki væri farið fram á fèstyrk; en þar í get eg ekki verið honum samdóma, því ætti spítalasjóðurinn nú að bera allan þann kostnað, sem af því hlyti að rísa, að við fengjum hèr læknaskóla og spítala, þá held eg hann færi að rýrna, hann gæti ekki risið undir því, og eg held það sè næsta litlar ástæður til, að halda að spítalasjóðurinn vaxi í þessum árum og öðrum eins; eða er hann búinn að gleyma því, hvað hèr fyrir skemmstu var sagt um fiskiveiðarnar okkar, þar sem lítur illa út fyrir allt landið, og horfir til, að þær alveg eyðileggist, og er þó einmitt af þeim helzta tekjuvon spítalanna? Hann getur ekki verið búinn að gleyma því, sem þá var sagt um Snæfellsnes, einhverja hina helztu veiðistöðu landsins, og þingmaður Gullbríngusýslu fer víst nærri um, hversu vel hefir aflast hèr syðra. Stjórnin mun því fá næga ástæðu til, að synja bónarinnar með því, að segja, að ekki sè fè til, og það er rètt eins og menn vili neyða hana til þessa. Eða hvernig færi,

ef stjórnin nú gæfi leyfi til spítalanna; ætla það gengi allt of vel? ætla það ekki þá, eins og áður, og eins og önnur bænarskráin, sem til þings kom í þetta skipti, fer fram á, mundu heyrast raddir um, að víðar þyrfti spítala en hèr í Reykjavík? Eg er hræddur um það, og eg segi fyrir mig, að eg gæti þá ekki verið svo órèttlátur, að hafa á móti því; það er aldrei nema heilagur sannleiki, að þörf er víða hèr á landi, að hafa spítala og, sem sagt, engi getur óskað þeirra innilegar, heldur en eg. En hvernig færi þá; skyldi spítalasjóðurinn geta risið undir öllu þessu? Eg er hræddur um ekki! Viðvíkjandi því, sem þingmaður Gullbríngusýslu óttaðist fyrir, að allt mundi fara út um þúfur með læknakennsluna, ef hèr ekki kæmist spítali á, þá er það nú að vísu satt, að spítalar eru næsta gagnlegir fyrir kennsluna, en þó er líka samt sem áður nokkur annmarki við þá; þeir, sem eiga að læra að lækna sjúkdóma, hafa sumsè gott af því, að kynna sèr undirrót þeirra, og hún er opt, optar en menn hèr gjöra sèr í huga, sprottin af húsakynnum, aðbúnaði, atvinnuvegum og fæði manna; þetta sèr maður ekki, þó einhver sè borinn inn á spítala; en þetta þurfa þó læknisefnin að kynna sèr, og það nákvæmlega, og það geta þeir æfinlega ekki með öðru móti, en því, að koma milli fólks, og sjá það, og aðbúnað þess heima. Þetta eiga læknisefnin að sjá með eigin augum, og er óhætt að trúa mèr til þess, að þetta getur gefið hverjum, sem hefir augun opin, mikið og margt til umhugsunar. Hinn sami heiðraði þingmaður var líka í vandræðum út af húsi, til að skera lík í; en eg get huggað hann með því, að líkhúsið okkar hèrna í Reykjavík er fullgóður staður til þess, fyrst um sinn. Þá óttaðist hann enn fremur, að eg gæti ekki komizt yfir að segja mörgum piltum til, sökum embættisanna minna; þetta er að vísu aldrei nema satt, en eins og mèr væri það jafnörðugt að segja einum til, eins og fleirum, þar eð eg samt sem áður yrði að laga kennsluna eptir því, sem haganlegast yrði; og svo má hann ekki heldur gleyma því, að töluverður lèttir gæti orðið að þessum mönnum, þegar þeir væri nokkuð á veg komnir, því úngir menn eru vanalega liðugri í snúníngunum og lèttari til ferðalaga, en við hinir, sem erum farnir að stirðna og eldast. Eg hefi, sem stendur, einn úngan mann til kennslu, sem mèr þegar er orðinn töluverður lèttir að; að vísu hafði hann lesið læknisfræði í Kaupmannahöfn um tíma, en það sýnir þó, að lèttir getur orðið að þeim, fyr en maður þyrði að útskrifa þá. Eg vil því biðja hið heiðraða þing nákvæmlega og

rólega að yfirvega það, hvort ekki mundi bezt, að láta standa við það, sem nefndin hefir farið fram á, og fara ekki út í það, að gefa stjórninni, eins og undir fótinn, til að synja okkur einnig um þetta, með því að sýna henni, að við einnig værum óánægðir eður sundurþykkir í þessu. Þingið getur fyrir það aldrei misst rètt sinn á, að bera fram fyrir stjórnina bænir sínar um skóla og spítala, ef því þykir nauðsyn á. Látum oss reyna vísirinn, þó lítill sè, og þó hann sè íslenzkur! Látum oss reyna hann fyrst, og í eindrægni rètta hver öðrum hendina, og hjálpast að því, að friða um hann, en ekki með tvídrægni og sundurþykkju eyðileggja hann, og má ske spilla öllu málinu.

Sveinn Skúlason: Eg get ekki verið þeim mönnum samdóma, sem mælt hafa móti nefndarálitinu, því nefndinni þótti ófært að fara lengra í þetta sinn. Það er betra að láta hið vissa sitja í fyrirrúmi fyrir því óvissa; þó eg nú ekki álíti það óbrigðula vissu að þetta fáist, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gaf í skyn, þá getur þó þingið og nefndin haft von um, að *konúngsfulltrúi* muni mæla af alefli fram með málinu, eptir því, sem honum hafa farizt orð. Ef ekki er von um, að styrkur fáist úr ríkissjóði, þá er spítalasjóðurinn of lítill, til að stofna skóla og spítala, og honum er líka rèttast varið til spítalastofnana. Meiningin er, að bíða með, að biðja stjórnina um læknaskóla, af því hún ekki vill veita fè sjálf, þangað til renturnar af læknasjóðnum eru orðnar nógar til þessa, án þess að skerða rètt annara hluta landsins til, að fá nokkuð af spítalafènu, til að stofna sjúkrahús á hentugum stöðum. Það, sem hèr er beðið um, skerðir heldur ekkert spítalasjóðinn, því honum eiga að endurgjaldast þessir 600 rd. úr amtssjóðunum.

Eg vildi helzt, viðvíkjandi tímanum, hvað þeir ætti að vera lengi, að hann væri ekki tiltekinn; mèr þykir það miður heppilegt. Það er bezt, að láta þá reyna sig hjá lækninum, og hann reyna sig á þeim; hann getur bezt sèð, hvað langan tíma þeir þurfa til, að verða vel hæfir. Mèr heyrðist svo á *framsögumanni*, að hann mundi taka sèr viðaukaatkvæði við 2. tölul.; en ef hann ekki gjörir það, þá ætla eg að gjöra það, og tiltaka nákvæmar, hverjar vísindagreinirnar eigi að vera. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að allt væri gagnslaust, ef málið ekki kæmist í fast horf; það er satt, að það er meira að fá það, sem meira er; en það er þó mikið unnið, þegar kennslan er orðin innlend og læknarnir innlendir, og tíminn getur þá gjört skóla úr þessum litla vísi. Hann

var að tala um, að »svikkur« væri unninn á stjórninni, og því skyldi herða á henni; en eg held, að hann sè í raunínni lítill. *Framsögumaður* hefir tekið það fram, að þingið alls ekki með þessu gangi frá hinni fyrri stefnu sinni, sem var og er rètt og góð, þó það ekki alltaf sè að taka hið sama orðrètt upp, aptur og aptur. Þingið á að reyna til, að fá hið minna, sem getur orðið vísir til hins meira. Mèr þykir það æskilegt, ef þingmaður Gullbríngusýslu vill taka sèr breytíngaratkvæði um, að fá nýja reglugjörð fyrir heimtíngu spítalahlutanna, og vil eg styðja það.

Pètur Pètursson: Framsögumaður og þingmaður Norður-Þíngeyjarsýslu eru nú búnir að taka það fram, sem eg vildi hafa sagt. Það er einkum fernt, sem sætti mig við nefndarálitið: 1. *það,* að menntunin verður innlend, og það er sama stefnan, sem þingið hefir fylgt; en að eins önnur byrjun. Mèr þykir rèttara, að þingið biði um það minna, sem verður að álíta nokkurn veginn víst, en það meira, sem er óvíst, 2. *það,* að þessir menn fá ný rèttindi, sem stjórnin ekki hefir viðurkennt áður, en *konúngsfulltrúi* hefir gefið von um fyrir stjórnarinnar hönd, því það er munur, hvort þeir geta aðeins orðið aðstoðarlæknar, eða geta orðið konúnglegir embættismenn, og þetta er verulegt atriði. 3. *það,* að spítalasjóðurinn fær tíma til að vaxa. Þetta er og verulegt, því hvað dugar að stofna eitthvað, ef það undir eins fellur aptur. 4. *það,* að menn ekki eru alltaf að berja höfðinu við stein, en laga sig eptir kringumstæðunum, og hafa tilhlýðilegt tillit til skoðunar og vilja stjórnarinnar. En hvað er skóli? Er hann kominn undir því, að hafa 5 eða 6 kennara? Nei! það er skóli, þar sem eitthvað er kennt og numið. Hitt er satt, að einn maður er stopull og getur dáið; en þá er þó hvorki embætti hans nè þingið liðið undir lok, svo líklegt er, að fá megi tryggíngu. Hvernig komst prestaskólinn upp? Fyrst var einn kennari; svo var annar settur; síðan varð hann fastur kennari; og svo kom sá þriði; þannig getur mikið orðið úr litlu, því þegar tíminn sannar, að þörf sè á meiru, þá hefir stjórnin sýnt, að hún er fús að hjálpa.

Það er skrítin skoðun, að ef menn í eitt skipti slaka til, að álíta þá, að maður hafi afsalað sèr rètti; nei! það er ekki svo, heldur ef þingið færi í gagnstæða skoðun við það, sem það hefir farið áður, ef þingið nú t. d. færi að biðja um, að fjölga læknum, hvort sem þeir væri *útlendir* eða *innlendir.* Mèr sýnist áhorfsmál, að biðja um meira, en nefndin hefir gjört, og ábyrgðarhluti fyrir þingið

að vilja heldur láta fólkið hrynja hrönnum saman, en slaka til; einúngis til að halda fast við *principið*. Að því er lærdómsgreinirnar snertir, þá held eg, að landlæknirinn eigi hægast með, að taka þær fram; og að því er tímann snertir, þá er eg því meðmæltur, að það væri til tekin 3 ár, því mèr finnst ekki liggja nóg tryggíng í yfirheyrslunni einni saman, ef maður veit ekkert um tímann, sem þeir, sem áður engan undirbúníng hafa haft, verja til lærdómsins.

Benedikt Sveinsson: Eg skal nú ekki vera mjög langorður, því eg man svo lítið af því, sem hefir verið talað. Eg ætla að eins að bera lítið eitt saman ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa, varaforseta* og *framsögumanns*. Þeir eru allir á sama máli um það, að æskilegt sè, að biðja stjórnina um þetta, sem nefndin fer fram á, og að hún muni fallast á það; en hvers vegna? Mèr virðist meiníngin vera hin sama hjá öllum, að stjórnin muni veita þetta, af því það sè svo lítið, og að það sè rètt að biðja um það, af því það sè svo lítið; en »*mjór er mikils vísir*«, segja þeir háttvirtu herrar, *framsögumaður* og *varaforseti*. En er þá aptur meiníngin sú, að menn muni geta lætt læknaskóla hèr inn smámsaman með þessum svokallaða mjóa vísi? Mundi stjórnin ekki geta sèð við þeim lekanum, ef hún annars væri á móti því, að slíkur skóli kæmist hèr á? Eg vildi nú helzt ganga hreint og beint *til verks* í þessu sem öðrum þíngmálum. *Konúngsfulltrúi* hældi nefndarálitinu mjög; en *hann* lèt þess ekki getið, hvort þetta mundi leiða til þess, að læknaskóli fengist síðarmeir, og vildi eg óska, að hann segði álit sitt um það, og hvort þetta mundi sá rètti og rèttasti vegur, til að koma skólanum á. *Framsögumaður* var að tala um sker, rètt eins og stjórnin væri steinn; en þínginu líkti hann við blýhamar eða skip. Er þetta heppileg eða verðug samlíkíng? Ef svo væri, þá vil eg spyrja hann: er það nokkrum mun hyggilegra eða drengilegra, að láta sig reka á skerið, en sigla á það? En stjórnin er ekki steinn; og það er heldur ekki rètt að líkja henni saman við stein, því steinninn hefir sannarlega ekki þá eiginlegleika, sem stjórnin hefir og á að hafa. Stjórnin er siðferðislegt og andlegt vald, sem að vísu ræður kjörum vorum; en til alls hins bezta mun hún beita valdi sínu yfir oss, en eigi til þess að láta oss líða skipbrot, er vèr svo að segja leitum lífs og heilsu hjá henni, eins og í þessu máli. Eg hefði fremur vonast eptir, að hinn háttvirti *varaforseti* hefði haldið á lopti trú, von, skynsemi og almennum mannrèttindum, en þessum blessuðum klettum og

steinum, og þó hann, sem guðfræðingur, gleymdi þessu seinasta, þá mun eg sem júristi ekki skammast mín fyrir, að nefna það, þó menn svo kalli mig stokkjúrista fyrir það. Hann sagði, að það væri annað að sleppa rètti sínum, og annað að biðja um þetta til bráðabyrgðar; þessu neita eg ekki; en hvað á það við, að tala um að sleppa rètti sínum, ef rètturinn er ekki til, eður ef rètturinn er til, að þora ekki að framfylgja honum á leyfilegan hátt, ekki einu sinni að nefna hann á nafn í bænarformi? Þessi bráðabyrgðarbón og bænir um skólann eiga að vera, og þingið getur ekki sleppt hinu síðara, nema það álíti, að skólinn sè nú ónauðsynlegur, og í þessu lægi hughvarf frá þingsins hálfu. Að segja það, að vèr ekki munum fá hið minna, ef vjer biðjum líka um hið meira, þykir mèr bálfskrítin setníng. Eg líki þessu við það, ef glorhúngraður maður kæmi til þess, er hefði matarráð, og beiddi hann um saðníng sinn, en ef hann eigi gjörði það, þá um einn munnbita, svo hann eigi dæi úr húngri. Mundi nú nokkur láta aumingjann deyja, af því hann nefndi saðníng sinn, og synja honum um einn bita fyrir þá sök? Væri ekki eins líklegt að ímynda sèr, að sá, sem að eins beiddi um einn bita fengi það svar: »af því þú hafðir eigi hug til, að biðja um það, sem þú þurftir, færðu ekkert«, eins og að honum væri svarað: »af því þú varst svo djarfur að nefna það, sem þú þurftir, geturðu ekki fengið neitt«? *Varaforseti* sagði enn fremur, að spítalasjóðurinn mundi vaxa við biðina á skólanum; en hvað gagnar oss það, ef vèr deyjum allir á meðan. Það þarf læknaskóla hèr á landi, það viðurkenna allir, og peninga til hans líka. En eg held, að það liggi í hlutarins eðli, að stofnun jafngagnleg og nauðsynleg sem þessi, muni einnig vera möguleg, því hún borgar sig sjálf, og það vel. *Varaforseti* tók til dæmis prestaskólann; en mèr þótti dæmið ekki eiga við; því eg man ekki betur, en að prestaskólinn hafi frá fyrstu verið fastur skóli, en alls eigi lagaður eins og nefndarálitið fór fram á um læknakennsluna; hefði eins staðið á með prestaskólann, hefði hann öndverðlega átt að vera fólginn í því, að einhver geistlegur embættismaður, t. a. m. dómkirkjupresturinn hefði mátt kenna guðfræði; en það var eigi svo. Eg skal nú ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni; en eg get þó ekki alveg leitt það fram hjá mèr, er hinn virðulegi *framsögumaður* hafði meðal annars sem ástæðu á móti einum spítala, að það þyrfti marga spítala, sinn í hverjum fjórðúngi landsins. Hèr fellur *framsögumaðurinn* á sínu eigin bragði. Hann vill

byrja á því minna, af því það fáist, og af því það þó gjöri nokkurt gagn; en nú vill hann ekki einn spítala, af því fleiri þurfa. Er þá ekki hægra að koma upp einum spítala, en mörgum, og getur einn spítali ekkert gagn gjört?

Hið eina rètta í þessu máli er það, að vèr treystum stjórninni vel, og berum fram fyrir hana án afláts bænir vorar um það, sem oss er svo nauðsynlegt, að vèr getum ei án þess verið, og henni er eins mikill sómi í, að veita oss, eins og vèr höfum mikið gagn af því.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði konúngkjörni varaþíngmaður skoraði á mig að segja, hvort eg hèldi stjórnin mundi stofna hèr spítala í Reykjavík og læknaskóla; eg hefi leyft mèr að láta í ljósi, að eg hèldi hún gjörði það ekki á kostnað læknasjóðsins, því stjórnin ætlaði að verja honum, samkvæmt konúngsúrskurði frá 1848, til þess, að koma hèr upp og fjölga hèr læknum. Af þessari ástæðu hefi eg einnig lýst því yfir, að eg áliti að nefndarálitið færi í rètta stefnu, því eg skil ekki, að það sè rètt eða hyggilegt, að berja allt af blákalt fram um stofnun spítala og læknaskóla, þegar það þó á hinn bóginn er auðsætt, að til þess er engi útsjón og sèr í lagi engi efni til þess fyrir hendi; eg skil það ekki heldur, að það yfir höfuð sè rètt að segja: »fái eg ekki allt, sem eg bið um, þá vil eg ekkert hafa«. Að minnsta kosti kæmi þessi regla, ef menn fylgdi henni bókstaflega fram í lífinu, sèr miður en vel; en sè því þannig varið í viðskiptum milli einstakra manna, gildir það líka milli þegna og stjórnar, að minnsta kosti, eins og hèr er ástatt. Stjórnin vill ekki verja læknasjóðnum í spítala og læknaskóla, og því á þá að berja það blákalt fram, þegar engi von er um, að slík ósk geti til greina komið? Þetta vil eg biðja þingið vel að athuga, þar sem því er annt um málið, annt um að læknum geti orðið fjölgað, og bætt úr þörf landsins í þessu efni, svo fljótt sem verða má.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er svo langt frá, að ræður *framsögumanns, konúngsfulltrúa* og *varaforseta* hafi haggað sannfæringu minni, að þær hafa miklu fremur staðfest mig í þeirri skoðun, að hún sè rètt. Niðurstaðan hjá *varaforseta* varð sú, að fyrst menn hefði dáið hrönnum saman, vegna læknaleysis, þá mundu þeir deyja hèr eptir þúsundum saman, ef mínum uppástúngum yrði framgengt á þinginu, að það væri til að spilla málinu, ef það væri dregið, og það væri ekki rètt, að þingið afsalaði sèr rètti fyrir

eptirkomendurna, þótt það sleppti því í þetta skipti; en ef þingið sleppti læknaskólanum í þetta skipti, þá segði stjórnin, að það sè fallið frá málinu. *Konúngsfulltrúinn* hefir ekki komið með neinar ástæður fyrir synjun stjórnarinnar, nema þá einu ástæðu, að spítalasjóðurinn væri ekki nógu stór; það er ekki nóg að segja það; það verður að sanna það. Eg veit nú ekki gjörla, hvað stór hann er nú; en 1855 var hann 27,000 og 1857, 31,000 eptir skýrslum biskupsins. Eg veit ekki til, að búið sè að hrekja það, sem nefndin í þessu máli kom fram með 1847, og ef sjóðurinn var nægur 1859, þá er hann það því heldur nú. Eg veit ekki, hvar stjórnin hefir sagt, að læknum ætti að launa úr spítalasjóðnum; það er einúngis talað um, að fjölga þeim. En hvar er þeim fjölgað? Eiga spítalasjóðirnir að vaxa þangað til allir eru dauðir. Varauppástúngunni 1855 var smeygt inn á þingið móti vilja þingsins; og eg held það hafi fallizt á hana í leiðslu (*Pètur Pètursson:* Kann ske þingmaðurinn sè í leiðslu?) Nei! eg veit vel, hvað eg vil. Eg sè ekki, hvað misst er, þó þessari stefnu sè haldið fram. Eg vil ekki annað, en að uppástúngurnar 1859, sè hinar *principielle*, en hinar, sem nefndin nú stíngur upp á, geta staðizt jafnhliða; eg skil ekki, að stjórnin neiti fremur um það minna, þó beðið sè um það meira; eg held þvert á móti (*Framsögumaður:* Jú). Það getur verið, ef stjórnin er *steinn,* sem engri skynsemi verður komið við.

Eg held líka, að með nýrri reglugjörð mætti auka tekjur spítalanna mikið (*Framsögumaður:* Kann vera); en hún er ekki komin. Þar sem *varaforseti* var að tala um, hvað skóli væri, þá er það merkilegt, hvaða þýðíng hann lagði í það. Það er ekki skóli, þó einn maður kenni; sá skóli fellur með manninum. Þó nú landiæknirinn færi að kenna, þá er líf hans stopult, og þá er skólinn farinn með honum, ef eptirmaður hans ekki vill taka að sèr kennsluna. Eg get ekki betur sèð af ræðu þessara þriggja manna, en að þeir álíti brýna nauðsyn fyrir landsmenn, að fá hèr spítala og læknaskóla; og eg sè ekki, að þó það sè á móti stjórnarinnar skoðun, að þingið fyrir það eigi að falla frá nauðsýnlegum uppástúngum. Að þingmaður Norður-Þingeyínga vili halda með þessu, get eg vel skilið, af því er hann lèt í ljósi í hitt eð fyrra; en eg get ekki sèð, að Norðurland sè ver farið fyrir það, þó hèr kæmist á spítali; eg tek því, eins og eg áður sagði, upp uppástúngurnar frá 1859.

Forseti: Eg sè, að umræðurnar ætla að verða langar; en orðið

mjög á liðið, vil eg því ákveða fund til þess í kveld, kl. 6 e. m., til þess að ljúka við þessa umræðu og taka fyrir málin, sem eptir eru á dagskránni.

Fundi slitið.

Þrítugasti og sjöundi fundur – 7. ágúst.

(Kveldfundur).

Allir á fundi nema *forseti,* sem hafði tjáð forföll sín, og tók *varaforseti* því sæti hans og stjórnaði fundi.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Varaforseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til framhaldsumræðu læknaskipunarmálið. *Framsögumaður* er hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður, og skal eg biðja skrifarana að afhenda honum málið.

Helgi G. Thordersen: Af því menn í dag, og það optar en einu sinni, hafa minnst á nýja reglugjörð um hagkvæmari tilhögun á tekjum spítalasjóðsins, og minnst á, hvað lengi það hafi dregizt að fá svar frá stjórninni upp á þetta, þá skal eg nú stuttlega skýra þinginu frá, hvernig mál þetta hefir gengið. Það hittist fyrst og fremst svo á, að amtmaðurinn í Norðurumdæminu og amtmaðurinn í Vesturumdæminu voru eptir seinastl. alþingistíma staddir hèr í einu í bænum í póstmálanefndinni. Fèkk eg svo alla amtmennina, eptir að hafa skriflega æskt þess, og um leið sent þeim afskript af brèfi stjórnarráðsins til mín hèr að lútandi, á fund með mèr; en á þeim fundi varð engi niðurstaðan, því annar afsakaði sig með þingstörfum, og hinn með því, að hann væri á ferð; en báðir áskyldu sèr afrit af brèfi stiptsyfirvaldanna til stjórnarinnar þessu viðvíkjandi. Var þetta gjört eptir ósk þeirra, bæði af stiptamtmanni og mèr. En því óskaði eg amtmennina á fund með mèr, að brèfið frá *ministerio* eiginlega var til mín stílað, og mèr uppálagt, að segja álit mitt, *eptir að eg* hefði borið mig saman við þá. Amtmennirnir fengu nú brèfin, sem þeir beiddu um (29. ágúst 1859); en svar fèkk eg fyrst fra amtmanninum fyrir norðan hinn 4. marz 1861, og frá stiptamtinu, sem eg að öðru leyti ætíð gat náð í, lítlu síðar; en frá Vesturamtínu er ekki enn, þann dag í dag, komið svar, þrátt fyrir ítrekaða bón mína um það, að vísu ekki fyr en 22. marz þ. á. Þannig er nú þessu varið, og vona eg þínglð af

þessu fái sèð ganginn í málinu, og þykist eg ekki hafa vanrækt skyldu mína, þó málinu gangi seigt. Það kann að vera, að eg hafi ekki rekið eptir amtmönnunum; en mèr finnst og fannst það vera hálfskrítið af mèr, þar sem þessir menn vissu eins vel og eg, hvað stjórnin hafði skrifað, nefnilega að þeir sendu *mèr* álit sitt. Að öðru leyti get eg ekki sèð, að þetta standi í hinu minnsta sambandi við læknaskipunarmálið, og skal eg því ekki lengja með því, að vera að fást frekara um það. Það er einnig annað, sem þingmenn hafa minnst á, nefnilega hvað stór spítalasjóðurinn nú mundi vera, og skal eg fúslega láta þeim þessa upplýsíng í tè:

Kaldaðarness-spítali á	23564 rd.	10 sk.
Hörgslands-spítali á	3827 -	67 -
Möðrufells-spítali á	8981 -	22 -
og Hallbjarnareyrar-spítali á	4482 -	41 -
eður spítalarnir samtals	40855 -	44 -

Þetta var ástandið 31. desember 1860. Langi einhvern hinna heiðruðu þingmanna til að sjá nákvæmari reikninga, þá skal þeim það velkomið frá minni hálfu, þótt það standi til, að þeir verði bráðum prentaðir.

Guðmundur Brandsson: Eg verð að játa það, að eg ekki kunni við ræðu hins háttvirta *framsögumanns* í dag; það var rètt eins og hann væri að banda móti spítölunum, með því að hæla því, hvað nauðsynlegt væri fyrir læknaefnin, að ganga i hús manna, til þess að kynna sèr ástandið og þar með undirrót sjúkdómanna, og þó má ske *sjón sè sögu ríkari* í þessu efni, og lýsíngar á þessu og öðru eins, misjafnar, og ekki ætíð áreiðanlegar, þá sè eg þó ekki, að þetta í minnsta máta mæli móti spítala. Eg skal í því tilliti skýrskota til hans eigin orða i hitt eð fyrra; þar fannst honum, sem von var á, lèttvægar mótbárur stjórnarinnar og *justizráðs Schleisners,* sem stjórnin þá vitnaði til, og þótti jafnvel hart, að hann, útlendur maðurinn, skyldi vera tekinn til ráða, fremur en kunnugir innlendir. Honum fannst þá mótbára *Schleisners* »*fráleit*«. Í þessu tilliti skal eg leyfa mèr, að lesa upp ofurlítinn kafla úr alþíngistíðindunum:

»Eins og læknakennslu mundi verða hægast við komið, ef »hèr væri sjúkrahús, eins er og þess háttar stofnun nú »orðin bráðnauðsynleg, bæði fyrir bæinn, fiskiverin hèr á »Suðurnesjum. og aðkomumenn og ferðamenn, sem opt »leggjast veikir hèr í bænum. Það hefir flestum útlendum »ferðamönnum þótt heldur aumlegt, og næstum ópolanda

»að ekkert sjúkrahús skuli finnast á öllu landinu, enda er »það og óneitanlega heldur aumlegt, að þegar ferðamenn, »sem opt ber við, verða veikir eða slasast á einhvern hátt, þá »liggur opt við, að þeir megi liggja hèr á götunum, og dæmi »eru til, að ferðamenn, sem veikir hafa verið, hafa mátt bíða »heila tíma, áður en eitthvert húsaskjól yrði fengið handa »þeim; þegar þeir eru þjáðir af næmum sjúkdómum eður þess »konar sjúkdómum, sem þykja andstyggilegir, er varla eða ekki »mögulegt, að fá þeim húsaskjól; þegar næmur sjúkdómur »kemur upp á einu heimili, þá er ekki um að flýja, held»ur hljóta allir í húsinu að verða veikir, af því engi verð»ur fluttur burt. Þetta þykir öllum, sem um það tala, því »óþolanlegra, sem það er heyrum kunnugt, að fátækir fiski»menn verða ár eptir ár að gjalda hinn svokallaða spítala»hlut; enda er nú svo komið, að menn eru orðnir harðla »óánægðir með þennan toll, er engi þykist sjá fram á, að »komi þeim, sem veikir eru, að nokkru haldi«. (Alþingistíðindi 1859, bls. 1513—1514).

Eg skal ekki lesa meira af þessu; en einúngis geta þess, að framhaldið var, að þingmaðurinn þá óskaði spítala, og fór fram á þetta í álitsskjalinu til konúngs; það er því undarlegra, ef hann núna er fallinn frá þessari skoðun, sem eg ekki get sèð, að það spilli fyrir nefndinni, þó spítala og skóla sè óskað um leið. *Framsögumaður* játaði að vísu, að örðugt mundi að kenna, en hèlt þó eins hægt að kenna 3 eins og 1, og kann ske þá líka eins hægt að kenna 10. (*Framsögumaður*: Jú)! Það er gott! Það er alls ekki þýðingarlaust, að bænarskrárnar, sem nú eru komnar til þingsins, eru frá 2 einhverjum hinum fjarlægustu hèruðum Reykjavíkur. Það lítur ekki svo út, sem þeim sè umhugað um, að tvístra kröptunum, enda væri það ekki gott, ef hver vildi toga sinn skækil, svo ekki yrði neitt úr neinu, því okkur er um að gjöra, að fylgja aðalmálinu, og ekki tæta sundur út um allt land þá fjármuni, sem tilheyra spítalasjóðnum, svo hvert amt fengi sinn skerf, enda fèll þessi uppástúnga hèr á þinginu í hitt eð fyrra. (*Sveinn Skúlason:* Hún er þó nú í annari bænarskránni). Þá kemur það, sem áður hefir verið talað hèr á þingi um, að fá nýja reglugjörð um tekjur spítalanna hèr á landi, og sýnist það mest athugavert, að hèr er tollur þessi eingöngu lagður á fugl og fisk, en ekki neitt, t. a. m. hvorki á hákallaveiði, selveiði, dúntekju, nè svo mörg önnur hlunnindi.

Einnig finnst mèr mætti gefa stjórninni bendíngar um, hvernig uppboðunum er hagað, og hvernig þeim mætti betur haga, en nú er gjört; enda sèst þetta á þíngtíðindunum 1857; því þíngmaður Reykjavíkur fór þá um það mörgum orðum, og jafnvel að okkur báðum lenti þá saman í því. Það gleður mig, að eg sè á reikníngi þeim, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður nú skýrði frá, að eg þó ekki hafi talað út í bláinn, þar sem eg hèlt, að tekjur spítalans mundu aukast árlega töluvert, og hefði þó mátt vera betur, með betri tilhögun, eins og eg hèr hefi minnzt á.

Framsögumaður: Eg skal biðja menn fyrirgefa mèr, þó eg verði nokkuð langorður; en áður en eg fer út í sjálft málið, verð eg að svara hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu; hann hefir ætíð verið máli þessu velviljaður, og vildi eg því gjarna geta orðið honum samdóma. Það, sem hann í dag gat um, að má ske í kennslugreinum, sem teknar eru til í tölulið 2, þyrfti að bæta við, er vel hugsað af honum, og skal eg reyna, að kippa því í liðinn. Miður líkaði mèr hann, þegar hann talaði um spítalann, þó við reyndar líka þar sèum alveg samdóma, en undirstaða okkar er ýmisleg; það getur engi, eg tek það upp enn einu sinni, óskað spítala og skóla hèr meir en eg, og eg vildi helzt hann kæmist á undireins í dag; en eg efast um, að efnin leyfi; og hafi eg verið efablandinn um þetta áður, þá er eg nú, eptir að eg heyrði reikníng hins 2. konúngkjörna þíngmanns, orðinn viss um, að ógjörníngur er að stofna þetta hèr, með ekki meira fè, en við höfum yfir að ráða. Eg kann að vísu, eins og margir aðrir, að hafa búizt við tekjunum stærri; en aðgætandi er, hvernig árað hefir bæði í fyrra og í ár, að því er sjávarútveginn snertir. Það sèr því hver maður, vona eg, að skóla og spítala ekki *verður* komið á fyrir þetta fè; það er *ómögulegt*. Eg er því ekki að mæla móti spítala og skóla; en eg vil það, sem *mögulegt er*, og vil ekki spilla fyrir því, með því að vilja framhalda hinu ómögulega til streitu. Það er misskilníngur þíngmannsins, ef honum finnst það mótsögn eður móti spítala, þó eg vili, að læknisefnin gangi um kríng, og kynni sèr aðbúnað og lífernisháttu manna; það gæti vel orðið samferða spítalanum, en hlyti þó jafnframt að verða nauðsynlegt, þar sem við þó aldrei gætum búizt við, nema litlum spítala, enda er nú bezta tækifærið horfið, þar sem 2 húsin einustu, sem umtalsmál gat verið um, að setja spítalann í, eru seld, og nú yrði að minnsta kosti ferfalt dýrari en áður, ef menn ætti nú að fara að kaupa þau. Það er sagt, að allt vinnist fyrir gjaldið, en þá verður líka gjaldið

að vera til; en ætti að verða verulegt gagn að spítalanum, yrði hann að vera nokkuð stór, og einkum hafa fè til að leggja í sölurnar, því hann yrði að vera einnig fyrir fátæka, sem ekki gæti borgað, og þá er eg hræddur um, að færi að ganga á höfuðstólinn, þegar búið er að borga fyrir þá, því menn verða að gæta að því, hversu dýrt allt er hèr, og einmitt hið nauðsynlegasta, nefnilega mjólk og kjöt, og þetta eru vandkvæði, þegar efnin eru lítil. Eg er viss um, að þegar hinn heiðraði þingmaður yfirvegar allt þetta, þá mun hann gefa mèr rètt í því, að nefndin nú fer fram á hið eina, sem getur orðið framgengt, og að það því er rèttara að fresta því, sem að sinni er ómögulegt. Úr því hinn sami þingmaður fór að skýrskota til orða minna áður hèr á þingi í þessu máli, þá vil eg minna hann á, að eg sagði: »*fyrst lækna, þá embætti,* og þá, *fyrst þá spítala*«! Hann má því ekki misskilja mig, svo sem eg sè móti spítölunum. Nú skal eg þá snúa mèr að höfuðefninu, og er það stefna sú, sem 2 heiðraðir þingmenn hafa tekið í máli þessu, og sem eg óttast fyrir, að gjöreyði öllu málinu; þeir tóku lifróður og urðu æfir; þeir reru bakföllum, og lá við, að þeir ætlaði að springa út af því að biðja um hið *sama*, og *áður* hefir margsinnis verið beðið um, en *ekki* fengizt enn. *Af því* um þetta hefir verið beðið *áður,* og líklega líka *af því* það *ekki* hefir fengizt, eigum við nú að berja sama barninginn, og taka lífróður; það getur ekki, það *má* ekki hugsast annað en »berja«; við megum ekki »*slaga*« okkur til lands!! Það er uppbyggilegt!! Það er satt, sem hinir heiðruðu þingmenn sögðu, að eg sá sker; en með þessu skeri meinti eg engan veginn stjórnina, en eg meinti þrákelkni þá, sem alþingisskipið svo opt hefir strandað á, að það nú er farið að gjörast næsta lekt; vari það sig nú á sama skerinu. Eg veit, að hinn konúngkjörni varaþingmaður álítur mikið í það varið, þegar hann kveður upp úr um rètt, jafnrètti og annað því um líkt; en er ekki reynslan, þetta *gamla sker,* sem svo margir hafa strandað á, er ekki veraldarsagan öll, þessi reynslunnar bókhaldari, búin að sýna honum, að þetta *jafnrètti* er orðið eintómt, eintómur skuggi, þegar reynslan tekur til? Eða megum við ekki grómt um tala, Íslendíngar? höfum við ekki reynsluna fyrir oss í þessu máli? Já, eg held það! Eða eru ekki þær þúsundir bræðra vorra, sem hafa hrunið niður, og eg þori að fullyrða, að miklu leyti vegna læknaleysis, nú í hin síðustu 14 ár, síðan farið var fyrst að biðja um skóla og spítala, búnar

að sannfæra oss um, að betri sè lítil hjálp en engi. Þetta játaði að visu þingmaður Reykvíkinga, að menn dæi hèr þúsundum saman vegna læknisleysis; en álítur samt margar þúsundir manna í veði, ef ekki er farið fram á það, sem kynni að fást um 13, eða 2 sinnum 13, eða hamingjan má vita, hvað mörg ár!! Sè nú ekki þetta, að tala ofan í sjálfan sig, þá veit eg ekki, hvað það er; 13 ára reynsla er búin, eins og hann játar, að sýna það, að menn deyja, og hafa enga læknishjálp, og líkar honum þetta, sem von er á, stórilla; en samt vill hann eins og reyna til, að fá nýja 13 ára reynslu, til frekari fullvissu; því hann er ekki búinn að sanna það enn, að stjórnin gefi bænum þingsins um skóla og spítala meiri gaum i næstu 13 ár, en hún hingað til hefir gjört. En afleiðingarnar af þessari stóru beiðni hinna heiðruðu þingmanna yrði auðsjáanlega eingöngu þær, að skemma fyrir hinu minna, sem þó nú er von um að fáist. Engi, og sízt eg, skal neita því, að þörf er á læknaskóla, spítala, og guð veit, svo mörgu og mörgu í þessu landi; en er von til, að geta fengið þetta? eða vill hann kann ske útvega það? Eg efast um, að hann geti það! Hann hèlt, að eg hefði talað illa um stjórnina, þegar eg talaði um steininn; en hann verður að fyrirgefa, að eg ekki get meðgengið þetta, því eg meinti alls ekki stjórnina, heldur þingið, því þessi þrákelknissteinn, sem hèr svo opt hefir verið laminn, hefir opt spillt málunum og rýrt álit þingsins, einkum í augum landsmanna, því það er eðlilegt, þó landsmenn búist við, að úr því við sitjum hèr á þingi fyrir landsins peninga, þá gjörum við líka eitthvað landinu til þarfa, en sitjum ekki hèr aðgjörðalausir, eður þá snuprum hver annan; en það er það mesta aðgjörðaleysi, að eyða tíma til þess að reyna, að berja blákalt fram það, sem maður veit, að ekki fæst, og eg vona þingið ekki láti sig leiða til þess, að fullnægja þess háttar argi eður gargi úr einstaka þingmanni.

Lagarètturinn er mikið góður og nauðsynlegur; en líti hann, sem honum fylgir sem fastast, sem snöggvast í söguna, og þá mun hann fljótt komast að raun um, að jafnvel hinar stærstu þjóðir og voldugustu hafi látið sèr lynda, að fá rètt sinn fram með hógværð; og hvað skyldum við þá eiga að gjöra? Við eigum ekki að vera að eltast í orðum; við eigum að gjöra gagn, ef unnt er, og til þess veitir ekki af, að við reynum að vera sáttir. Hinir heiðruðu þingmenn mega ekki taka orð mín svo, sem eg þykist þeim vitrari, því fyrir upplýsing þeirra og gáfum hefi eg hina mestu virðingu; en þeir

verða að fyrirgefa mèr, þó eg þykist eins kunnugur þessu máli, og þeir. Vèr verðum líka að gæta að því, að það er svo sem auðvitað, að stjórnin, þó hún nú aldrei nema svo gengi inn á bónina um skóla og spítala, mundi leggja málið í annara manna dóm, nefnilega undir heilbrigðisráðið, en það hefir nóg að gjöra, og óvíst, hve nær það mál yrði úr garði gjört frá því; og að minnsta kosti gæti ekki frumvarp um þetta komið frá stjórninni, fyr en 1863, til þingsins, þá ættum við að fjalla um málið aptur, og eiga upp á von og óvon, hvort við fengjum svar aptur, eða afsvar. Eg skil því ekki, að jafngóðir ættjarðarvinir, og eg veit, að báðir hinir heiðruðu þingmenn eru, skuli vilja halda fram þessari skoðun á málinu, þegar þeim er sýnt, einkum af hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa*, að það ekki muni koma til gagns, heldur auðsjáanlega aptur verða synjað um bæn í þá stefnu, er þeir vilja fara; en skyldi þeir gjöra það, get eg ekki kallað það öðru nafni, en *óhappalegan þráa,* og þá rætist það, sem gamli B. Thorarensen sagði, að »Íslands óhamingju verður allt að vopni«; því vili maður hafa hèr upp læknishjálp, þá er þetta ekki nema til að tefja tímann, og til að spenna, og ef til vill eyðileggja allt málið. Hinn heiðraði konúngkjörni varaþingmaður sagði, að við dæjum hèr eins og skrælingjar, og það kann nú að vera nokkuð til í því; en þetta höfum við nú gjört í töluvert langan tíma, og það yrði þó að minnsta kosti verra, ef þetta ætti að vara enn lengur. Það er ekki lítið undir því komið í lífinu, að geta snúið sèr ofurlítið til hliðar, og hliðrað sèr við eptir kringumstæðunum; og ekki sízt fyrir þá, sem eru annara vegna að gjöra eitthvað. Þetta kapp þingsins líkist engu meira, en því, ef ferðamaður, sem kæmi að gili, segði: »hèrna lá gamli vegurinn yfir um, hèrna *skal* eg fara yfir um, hvað sem það kostar, og þó eg drepi mig og klárinn, því hèrna *var gamli* vegurinn, og hèrna á hann að liggja«; en hann vildi ekki snúa spottakorn út úr götunni, til að komast i kringum gilið. Það er að vísu satt, og eg skal fúslega játa það, að kennsla sú, er eg gæti í tè látið, kynni að verða ófullkomin, en eins og eg áður hefi sagt, þá er betra að veifa röngu trè, en engu; og engu er tapað við það, þó ekki ár eptir ár sè verið að stagla á hinu sama. Það er rètt eins og menn hafi gjört þennan læknaskóla og spítala að einhverri þeirri *politiskri princip*-spurníngu, sem ekki megi sleppa, fyr en allt skinnið sè úr höndum manns. Eg hefi að vísu litla von um, að eg sannfæri þá, sem ekki vilja láta sannfæra sig; en minnist þeir samt þess, sem eg nú segi, að

fái þeir sínu framgengt, munu þeir spilla öllu málinu, og mun þeim þá eptir á þykja farið ver, en illa. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Gullbríngusýslu sagði, þá meinti eg að vísu, að ferðamenn opt gæti komið hingað til bæjarins, og verið sjúkir, þó þeir væri ferðafærir; og eg sagði, að þetta mundi gefa lærisveinunum fleiri tækifæri, til að sjá ýms sjúkdómstilfelli; og held eg þetta sè bæði rètt og satt, og vona eg hann viðurkenni það, og um spítalann segi eg fyrir mig, að eg vil heldur bíða og leita lags, en fá hann ónýtan nú þegar, því þá væri þeim peningum ver, en kastað í sjóinn; eða hvað ætla við getum gjört með hèr um bil 1600 rd., sem spítalasjóðurinn kann að gefa af sèr í vöxtum? Eg held ekki stórt, og þó það kann ske væri óskaráð að leggja toll á fleira, svo sem dúntekju og ýmisleg önnur hlunnindi, þá er nú samt því að tjalda, sem til er; þetta er ekki enn komið í kríng, og við vitum því ekki enn, hvað miklu við höfum yfir að ráða, en stjórnin og við vitum svo mikið, að við að svo stöddu ekki höfum efni á, að stofna spítala og læknaskóla, svo ekki þarf að óttast fyrir, að stjórnin ekki hafi nægar ástæður til, að synja oss um bónina. Að mönnum úr öllum ömtum landsins gefist jafn kostur á að læra, finnst mèr sanngjarnt, og upp á því hefi eg sjálfur stúngið við stjórnina, og að þeir væri þá skyldir að þjóna í því amti, sem þeir fengi styrkinn úr. Að endíngu skal eg geta þess, að eg í öðru eins máli og þessu ekki hefi viljað meiða neinn, og vona engi hafi tekið orð mín svo; og eg er svo innilega sannfærður um, að þetta er hin rètta stefna, að eg einúngis vildi óska, að þíngið gengi eptir henni, og liti hvorki til hægri nè vinstri, og eins og eg sagði hèr um daginn, ekki láti þrákelkni nè sundurþykkju spilla öðru eins velferðarmáli. Eg vona að þíngið sjái það, að þó við eigi nú sèum að fara alveg í hina sömu stefnu, sem menn hafa haft i þessu máli, og framhaldið til einskis í 14 ár, þá hefir þíngið engan veginn með því tapað rètti sínum í því, að biðja um reglulegan læknaskóla og spítala, þegar efnin eru nóg til þess, því þá er og líka vonin meiri, að stjórnin mnni veita þínginu þessa beiðni. Eg vona, að þíngið sjái, að ef það vill hafa það fram, sem nefnd þeirri, er það hefir sett í málinu, nú virtist tiltækilegast, þá verður það að vara sig á því, að spilla því ekki með neinu því, sem að meiníngu þess manns, er bezt má vita stefnu stjórnarinnar um það mál, er hèr um ræðir, er ótiltækilegt. Eg vona, að þíngmenn muni vel eptir þessu, því eg veit með fullri vissu, að þeir, eins og allir landsmenn, sjá hina

brýnustu og beinustu nauðsyn til, að einhver bót verði ráðin á vandræðum landsmanna út af læknaleysinu.

Benedikt Sveinsson: Eg vona, að þeir, sem hafa tekið eptir ræðu *framsögumanns,* og það er eg viss um, að allir hafa gjört, hafi séð, að mèr og honum ber ekki í rauninni eins mikið á milli, og út lítur fyrir, eptir orðunum að dæma, eins og eg líka tók fram í dag, að allir gæti séð.

Eg hefi ekki talað eitt einasta orð um, að mèr ekki þyki uppástúngur nefndarinnar góðar, því það eru þær að mörgu leyti; en eg er einúngis á móti því, að ekki megi nefna læknaskóla nè spítala í sameiníngu við þær, því þá gæti þetta, sem nefndin fer fram á, ekki fengizt. Eg ætla ekki að fara langt út í ræðu *framsögumannsins,* því eg vona, að menn sjái, að mikið af henni sè alveg óþarft, og hafi ei komið málinu við, þegar þessa er gætt, sem eg nú sagði og eg hefi áður ljóslega tekið fram. Þar sem *framsögumaður* var að tala um þrákelkni í þínginu, þá getur það ekki átt við mig, því það er nú í fyrsta sinni, að mèr veitist sá heiður, að sitja á þessu þíngi; en eg sè það á þíngtíðindunum, að hann hefir barizt fastlega fyrir því áður, sem hann nú vill berja mig svo fast fyrir í dag; og veit eg því, að hann á sjálfur mikinn og góðan þátt í þrákelkninni, sem hann nú lastar, af því blaðið hefir nú snúizt óvart við hjá honum, hvað sem eg ætti nú að kalla slíkt hviklyndi.

Það er satt, að það er ekki rètt að berja blákalt áfram; en það er heldur ekki rètt að hlaupa úr einu í annnað; þegar það, sem maður ber fram, er bón, byggð á rètti, þá má ekki segja, að maður beri blákalt járn; nú biður þíngið um læknaskóla, setjum svo; það hefir bæði rètt til að biðja um hann, og rètt til að fá hann, og má því eigi þreytast, uns það verði bænheyrt af stjórninni. Þar sem *framsögumaður* var að tala um einhvern skugga, þá vil eg minna hann á, að hver er sjálfum sèr næstur, og að hann sè einmitt að berjast við sinn eiginn skugga, þó lítilmannlegt sè fyrir slíka hetju, sem hann er, bæði til sálar og líkama, ef hann ber það fram, að nokkur undirstaða sè betri fyrir þessu máli, en sú, sem rètt er.

Eg veit að þetta þíng og önnur þíng samkynja hafa ekki annan rètt, en bænarrètt í þessu máli, eður öðrum, og geta ekki annað, en beðið, og beðið þangað til bæn þeirra verður uppfyllt, og knúð á án afláts; en svo lengi sem þíngið stendur, er því skylt að bera fram nauðsynjar þjóðarinnar, biðja um það, sem vantar, og byggja bænir sínar á því, sem rètt er. Eg skal svo ekki fjölyrða

meira um þetta mál, en einúngis áskilja mèr breytíngar-eður viðaukaatkvæði í sömu átt og þíngmaður Reykvíkínga; eg hefi það traust til stjórnarinnar, hvað sem aðrir gjöra, og einkum til vors allramildasta konúngs, að hann ekki láti það fæla sig frá, að veita hið minna, eða það, sem nefndin stíngur upp á, þó hið meira, læknaskóli og spítali í Reykjavík sè nefndir á nafn, úr því vèr Íslendíngar getum í raun og rèttri veru án hvorugs verið.

Arnljótur Ólafsson: Það eru komnar fram 2 stefnur, sem öndverðlega sýndist vera svo óvinveittar, sem hundar og kettir, þó ólíku sè saman að jafna, eða stóð hvor uppi í hárinu á annari; en nú virðist sem þær sè orðnar hjón, er lifa blíðlega saman; 2. stefnan er hjá nefndinni og mörgum þíngmönnum, en hin hjá þíngmanni Reykvíkínga og hinum konúngkjörna varaþíngmanni; þessir menn hafa nú mildað orð sín, en ekki skoðun. Hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að læknaskóli og spítali væri nauðsynlegar stofnanir, og því mögulegar, því að allt, sem væri *nauðsynlegt,* væri *mögulegt.* Ef þetta er satt, þá má líka snúa setníngunni við og segja, að ekkert sè nauðsynlegt, nema það sè undir eins mögulegt, eða allt *ómögulegt sè ónauðsynlegt.*

Nú hefir læknaskólinn ekki verið mögulegur, og því ónauðsynlegur í 13 ár, og lítúr út fyrir að eins fari næstu 13 árin. Eg efast líka um nauðsyn þessarar *stóru hugmyndar skóla* og *spítala,* ef maður á einúngis að hanga í orðunum, og halda fast við nafnið. Það var sagt, að það mundi örðugt fyrir landlæknínn að kenna 3 piltum. Þarf þá ekki líka kennara við læknaskólann, og hver á að kenna þar? Og hvern kennara höfum vèr annan til þess, en landlæknirinn sjálfan? Eg held hvorki að skólinn skapi kennara, eða gefi mikið í vasann, til að fá kennara fyrir; hann verður aldrei flæðarmús nè finnabuxur! Eg held ekki verði fleiri til að kenna í skólahúsinu, en án skólahúss, og heldur verði eigi fleiri til, að ganga í skólahúsið, en til kennslu hjá landlæknínum. Eg held nú það sè satt, sem *konúngsfulltrúi* sagði, að stjórnin muni vera ófús á, að stofna lækna*skóla;* það er víst af mörgum ástæðum; en ein ástæðan er sú, að henni er illa við orðið *skóla,* hún er hrædd við þetta orð; stjórnin nefnir aldrei *skóla;* hún nefnir ekki *prestaskóla,* heldur menntunarstofnun handa prestaefnum. Eg held því, að hún væri fús til, að veita menntunarstofnun handa læknaefnum, heyri hún ekki læknaskóla nefndan; eg held hún hafi eins konar *„Skoleskræk».* Það hefir verið talað um, hvort ráðlegt mundi að biðja um það,

sem ekki fæst; það væri rètt, ef vèr einúngis eigum að sitja hèr og tala, en ekkert hugsa um framganginn. Það er eðlilegt af dómara að segja: »þetta er svona, og *því dæmist rètt að vera*«; en það eru sumir, og í þeirra flokki er eg, sem heldur vilja nokkuð, en ekkert, því »fleira er matur, en feitt kjöt«.

Eg skal leyfa mèr að fara fáeinum orðum um 1. uppástúngu nefndarinnar, og vil eg fella aptan af henni frá orðunum: »er borgist« o. s. frv., því mèr finnst nefndin hèr fara styttra, en stjórnin í 15. gr. auglýsíngar sinnar til þessa þíngs, því hún ætlast ekki til, að þessir 600 dalir endurborgist úr amtssjóðunum. Ástæður mínar eru þær, að mèr finnst eðlilegt, að þessir 600 dalir sè goldnir úr spítalasjóðnum; svo eru og jafnaðarsjóðirnir aumir og fátækir, og ef ætti að taka úr þeim 200 rd. árlega, þá yrði það $^1/_6$ af öllum gjöldum jafnaðarsjóðs Suðuramtsins; þriðja ástæðan er sú, að ef þetta fæst, sem beðið er um undir tölulið 1. og 4., þá erum við búnir að fá læknaskóla; því hvað er skóli, ef það ekki er það, að mönnum sè kennt, og þeir svo geti fengið embætti á eptir? fjórða ástæðan er sú, að þessa 200 dali úr hverju amti kynni þá að mega nota til þess, að fá fleiri lækna, því þó hèraðslæknirinn í Norðuramtinu ekki hafi tekið 200 dali úr jafnaðarsjóðnum fyrir pilta þá, er hann hefir kennt, þá gæti verið, að síðari hèraðslæknar vildi fá þá, og þá má brúka 1,200 rd. í staðinn fyrir 600. Mèr finnast því uppástúngur þíngmanns Reykvíkínga og hins konúngkjörna varaþíngmanns óþarfar, því ef við fáum þetta, sem nefndin biður um, þá höfum við fengið læknaskólann. Eg sè, hvort sem er, engan annan og engan eins góðan, og landlæknirinn er, til að kenna, og hann á ekki hægra með að kenna í stóru skólahúsi, og fær ekki fleiri lærisveina, því fái þeir rètt, til að verða hèraðslæknar, þá er allt unnið. Eg sè því ekki annan mun, en þann, að ef byggt væri skólahús, þá yrði fleygt út fleiri peníngum, og ef til vill til einskis.

Björn Pètursson: Mèr fór líkt eins og fleiri þíngmönnum, að mèr brá heldur en ekki í brún, þegar mèr skildist á hinum heiðraða *framsögumanni* í dag, að hann væri að leggja á móti læknaskóla og spítala, sem hann svo lengi hefir barizt fyrir af alefli; þess vegna þótti mèr mjög vænt um áðan, þegar *framsögumaður* sagði: »Engum skyldi þykja vænna um spítala, en mèr« o. s. frv. Á því getur maður sèð, að honum er ekki hugur horfinn með þetta nauðsynjamál. Af því nauðsynin er svo bráð, þá vill hann taka það *minna,* sem nefndin fer fram á, þegar hið *meira ekki fæst,*

og kann ske ekki *getur fengizt* að svo stöddu. Það er líka eins og kominn sé í hann einhver geigur; hann er sumsé hræddur um, að »þingið« eða þingbáturinn sé orðinn »*lekur*«, af því hann hafi svo opt »*strandað*« á þessu skeri, sem mig minnir hann kalliaði »þrákelknissker«.

En eg vil spyrja: Af hverju getur *framsögumaður* dregið þá ályktun, að stjórnin veiti *síður það minna, þó jafnframt* sé beðið um hið *meira*? Eg held þvert á móti, að stjórnin einmitt kynni að veita hið minna, af því að um leið er beðið um hið *meira;* það kostar hana þó að minnsta kosti fleiri nei, og eg verð að halda, að góðri stjórn þyki þó æfinlega fyrir að neita skynsömum og réttlátum bænum þegna sinna, þó eg geti ekki borið móti því, að stjórn vor taki ekki mjög nærri sér, að neita bænum vorum.

En ef *framsögumanni* er fullkomin alvara, að leggja á móti spítala og læknaskóla, þá er eg nokkurn veginn viss um, að honum tekst að fella þá áður, en þeir komast á fót, og það því heldur, sem mér skildist á orðum hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* í dag, sem hann mundi fús til þess, að veita *framsögumanni* fulltíngi sitt til þessa.

Eg vil þess vegna ekki halda máli þessu til streitu í þetta sinn, heldur bíða byrjar, og vita, hvort *framsögumanni* kynni ekki að snúast hugur síðar, þegar hann væri búinn að reyna sig á heimakennslunni í nokkur ár; og þó mér þyki það reyndar ódrengilegt að skiljast við hinn heiðraða þingmann Reykvíkínga, sem eg í dag hafði heitið liðveizlu minni, mitt í háskanum, þá þori eg þó ekki annað málefnisins vegna, og eg vildi biðja hinn heiðraða þingmann að fara varlega í málið; því, sem sagt, ef *framsögumaður* leggur nú á móti því við stjórnina, þá er eg hræddur um, að málið spillist svo, að það eigi, ef til vill, ekki uppreisnar von framar, og væri það mjög sorglegt, því það er eitt af vorum mestu nauðsynjamálum. Eg er samt og hlýt að vera þeim þingmönnum alveg samdóma, sem álíta, að vér eigum hinn fyllsta rétt, og höfum hina fullkomnustu þörf á, að fá hér læknaskóla og spítala.

Varaforseti: Eg skal geta þess, að þingmaður Skagfirðínga hefir gengið af fundi sökum forfalla.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get nú eigi annað, en þakkað hinum háttvirta 2. konúngkjörna þingmanni fyrir þær upplýsíngar, sem hann gaf þinginu; þær voru í tvennu fólgnar; öðru því, hvernig stendur á með reglugjörðina um spítalatekjurnar, og úr því hann

enn eigi hefir fengið álit allra amtmannanna um málið, var engi von um, að stjórnin legði þessa reglugjörð fyrir þingið; en eg get eigi verið hinum heiðraða þingmanni samdóma í því, að það mál sè læknamálinu óviðkomandi; því að þegar spurníngin er, hvaðan fè eigi að taka til umbóta í því máli, þá liggur þó beint við að spyrja, hvort tekjur spítalasjóðanna, sem verja á til þessa, eigi verði auknar; og hvers vegna er verið að biðja um þessa reglugjörð, nema einúngis þess vegna, að menn þykjast sannfærðir um, að tekjunum megi svo miklu haganlegar fyrir koma, en nú, að þær yxi talsvert. Hin skýríngin var sú, hversu væri ástatt fyrir spítalasjóðunum, að innstæða þeirra er nú 40,855 rd., enda hafði eg ímyndað mèr, að hagur þeirra væri hèr um bil svona, og á því má sjá, að sjóðirnir hafa aukizt í hin síðustu 6 ár um því nær 14,500 rd. *Framsögumaður* spurði, til hvers leigurnar af þessu fè yrði hafðar, einir 1600 rd.; þeir mundu hrökkva skammt; en hann gáði hèr eigi alls, því að tekjur spítalanna eru eigi að eins leigurnar af innstæðunni, því að auk þeirra eru líka spítalahlutirnir, sem 1855 námu hèr um bil 740 rd. eptir fimm ára meðaltali, og afgjaldið af spítalajörðunum hèr um 389 rd.; og þetta verður þá samtals alls talsvert yfir 2700 rd. á ári. Nú er þá komið hèr um bil það fè, sem talið hefir verið, að þyrfti til læknaskólans, og þótt nú sagt væri, að þetta fè hrykki eigi til, þegar til reyndarinnar kæmi, kostnaðurinn yrði meiri, en ráð hefði verið fyrir gjört, þá svara eg því, að sú áætlun hefir aldrei verið hrakin; og þótt nú svo reyndist, þá er og nokkuð að hlaupa upp á; því að bæði eykst innstæðan, og við það árstekjurnar, uns þetta mál er komið í kríng, og líka er eg sannfærður um, og eg held flestir þingmenn, að spítalahlutirnir geti orðið talsvert meiri, en þeir eru nú; og hafi því verið ástæða til þess 1859, að biðja um læknaskóla og spítala, þá er þó enn meiri ástæða til þess 1861, sökum peninganna. Mèr þykir það mjög svo illa farið, að *framsögumaður* skuli hafa þá skoðun, að ef uppástúngur þingsins 1859 væri teknar upp, mundu þær spilla fyrir málinu; því að eg get með engu móti skilið í því, að þótt nú sè ítrekaðar uppástúngurnar 1859, spilli þær fyrir uppástúngum nefndarinnar, að stjórnin eigi mundi veita það, sem hún sjálf hefir gefið í skyn, að hún mundi veita, þótt hnýtt sè jafnframt við bæn um annað meira; þetta er því hugarburður hans eins. En hitt veit eg, að *framsögumaður* getur sjálfur spillt málinu, ef hann vill taka í þann strenginn. Eg hefi aldrei stúngið upp á að fella

uppástúngur nefndarinnar; eg vil að eins tengja mínar uppástúngur við nefndarinnar. *Framsögumaður* sagði, að 1859 hefði verið meiri ástæður til, að biðja um læknaskóla og spítala, en nú, því að þá hefði verið fáanleg 2 hús til slíks, sem nú væri ófáanleg. Það er satt, að annað þeirra hefir verið selt, en það er þó til enn; og eg trúi varla, að það sè ófáanlegt, en með því húsi hefir aldrei fylgt neitt tún. Að hinu húsinu eru sömu eigendurnir og þá, svo að sú mótbára fellur í burtu.

Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga sagði, að í uppástúngum nefndarinnar væri fólginn skóli; og það væri skóli, sem nefndin færi fram á; en eg segi nei; það er engi skóli; því að það má engi skóli heita, þótt landlækninum sè gefið eins konar leyfi til að kenna; og enda þótt sá maður, sem nú er landlæknir, sè manna færastur og viljabeztur til að kenna öðrum, þá er það engan veginn víst, að eptirmaður hans verði eins; sá skóli, sem nefndin stíngur upp á, getur orðið að engu, áður en nokkur einn er orðinn fullnuma í læknisfræði, svo að hann geti orðið skipaður héraðslæknir; það sýnir einmitt dæmi Bjarna heitins Pálssonar; hverjum kenndu þeir, sem eptir hann komu? nema alls engum. Af því má sjá, hversu fallvaltur slíkur skóli hlýtur að verða, eða að minnsta kosti getur orðið. En ef landlæknirinn getur kennt heima hjá sèr, þá getur hann eins kennt í skólanum. Hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að eg hefði ábyrgzt honum og nefndinni margra þúsunda manna líf. Þetta mælti eg eigi; en eg sagði, að ef sleppt væri uppástúngunum 1859, gæti það kostað margra þúsund manna líf á síðan, nefnilega sökum læknaleysis. Eg get heldur eigi kallað, að berja það blákalt áfram, þótt vèr ítrekum bæn um það, sem er brýn og bráð nauðsyn landsmanna, sem allir játa að sè nauðsynlegt; eg verð þvert á móti að kalla það staðleysi, ef þingið nú ástæðulaust sleppir þeim uppástúngum, sem það áður hefir farið fram; það liti þá svo út, sem þingið játaði, að það hefði hugsað málið illa áður; og því kemur stjórnin eigi með neinar ástæður? Það er þó líklegt, að hún hefði komið með þær, hefði hún haft einhverjar; en ef hún ætlar að koma með þær síðar, þá er að taka þeim; eg get með engu móti sagt, hvort eg sè fær um að hrekja þær eða ekki. En þar sem það á að vera þrákelkni, að fara slíkri beiðni fram núna, og stjórnin muni aldrei veita hana, þá verð eg að biðja hið heiðraða þing að gæta þess, að svo hefir opt verið sagt áður í öðrum málum; hversu opt var beðið um breytíngu á

verzlunarlögunum, og hversu opt neitaði eigi stjórnin þeirri bæn? hún fékkst þó á endanum; hversu opt var neitað um undirskript konúngs? það fèkkst þó á endanum. Það er svo langt frá, að eg sè sannfærður um, að þetta eigi fáist, að eg er sannfærður um, að það fæst á endanum. Ef á að bíða þangað til spítali verði stofnaður, er rúmi 100 manns, þá getur verið, að löng verði biðin. Eg get því alls enga ástæðu fundið til að sleppa því nú, sem þingið hefir allt af fylgt fram, og þótt hinn 5. konúngkjörni þingmaður nú mæli á móti læknaskólanum, þá óskar hann samt, að hann komist á á endanum. Það hefir verið sagt svo margt í þessu máli, sem eg eigi finn ástæðu til að svara. Margt af því, sem þingmaður Borgfirðínga sagði, var að eins að apa út úr orðum manna, en mèr fannst hann engar verulegar ástæður koma með. Þingmaður Suður-Múlasýslu verður að ráða því, hvort hann fellur frá uppástúngum mínum, en eg ætla eigi að gjöra það. Þingið verður að ráða því, hvort það fellir þær.

Ásgeir Einarsson: Það er nú búið að tala margt í þessu máli, og það er von þó menn hafi orðið langorðir, því hèr er um velferðarmál landsins alls að gjöra. Það er von, að mönnum þyki þetta mál mikilsvert, en þá er bezt að verá eindregnir og samhuga. Enda finnst mèr meiningamunurinn ekki mikill, og engan veginn eins mikill, og út lítur fyrir, því báðir róa í sömu stefnuna, og eg held megi segja við þessa flokka: þið hafið báðir rètt, það er bezt þið sættist. Eg get ekki skilið, að það spilli fyrir, þó uppástúngur þingmanns Reykvíkínga kæmist með.

Eg felli mig vel við breytíngaratkvæði þingmanns Borgfirðínga. Eg vil ekki taka þessa 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, sem úrskurður konúngs 12. ágúst 1848 tiltekur, til að launa hèraðslæknum fyrir að kenna aðstoðarlæknum — til að koma á þeim kennslustofn í Reykjavík, sem nefndin stíngur upp á, því til þess ætla eg eðlilegast að taka tekjur spítalasjóðanna, eins og alþíngi hefir áður ætlazt til; en þessir umtöluðu 200 rd. geta komið til gagns eptir ákvörðun þeirra. Hèraðslæknirinn fyrir norðan hefir kennt 2, og er að kenna þeim 3., og þó hann, læknirinn hafi ekki beðizt launa úr jafnaðarsjóðnum, þá getur verið, og er líklegt, að aðrir kynni að gjöra það.

Eg vil leyfa mèr að spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort þessir 600 rd. úr spítalasjóðnum skuli ganga til landlæknis, þó hann ekki kenni nema einum, því þá yrði þessi eini dýr (*Framsögumaður:* Nei

200 rd. fyrir hvern); þá er gott. Hinir læknarnir geta líka kennt, og þegar þeim þykir pilturinn vera nógu vel að sèr, til þess að geta gegnt læknisembætti, geta þeir sent hann til landlæknis, svo hann geti gengið undir prófið.

Það er enn eitt atriði, sem eg vildi tala um, og það eru spítalahlutirnir. Eg hneykslast á því, að ekki sè komið frumvarp til þingsins enn um þá, og þetta hafði eg í huga, þegar talað var um spítalahlutina á Vestmannaeyjum. Það er víst, að það má auka tekjur spítalasjóðsins með betri stjórn, eins og þingmaður Gullbringusýslu tók fram; en um nýjar álögur til hans talaði hann ókunnuglega, enda liggur það ekki fyrir núna. Amtmaður Havstein mun hafa fengið Norðlendinga til, að greiða spítalahluti af hákallaveiði á þiljuskipum, og sagði að sèr skildist það væri andi tilskipunarinnar, þótt ekki væri nefnd þiljuskip í henni. Þannig mætti með góðu fyrirkomulagi auka tekjurnar með ýmsu. Eg verð að álíta það rètt, sem hinn konúngkjörni varaþingmaður sagði, að við *fengjum ekki að leggja á oss skatta,* og það er hneykslanlegt, þegar þeir, sem ætti hvað mest að hlynna að tekjum spítalanna, standa upp, til að tala í gagnstæða átt; um þetta atriði hefir þingið orsök til að vera skorinort. Að því er hin atriði málsins snertir, þá vona eg, að menn sættist, því eg veit, að hinum 5. konúngkjörna þingmanni liggur málið ríkt á hjarta.

Páll Sigurðsson: Það er nú líkt fyrir þessu nefndarálíti, og manninum, að það hefir fæðzt með sótt og harmi, eins og hann; en hvort það deyr úr krampa eða ginklofa, það veit eg ekki; en harða útreið og sóttarrikkingar hefir það fengið, einkum hjá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkínga, og sannast á honum sá forni málsháttur: »*sjaldan launar kálfur ofeldi*«; og furðar það mig því fremur, að hann skuli nú vera að hnubba hinn háttvirta *framsögumann* fyrir brjóstið svona harðfengilega, þar sem hann hafði svo gott sem læknað þingmanninn áður á þessu þingi, þegar hann gaf honum læknisattestið góða. Það hefir verið sagt, að nefndin færi með málið aptur á bak; því neita eg alveg; þegar menn vilja koma einhverju fram, verða menn að skoða sig um eptir öllu, sem til þess heyrir; einnig gá að þeim meðulum, sem bezt eiga við. Það hefir komið fram áður samhuga álit þingsins og þjóðarinnar um, að læknakennsla væri hèr nauðsynleg, og að hún væri ónóg eða ósamkvæm þörfum og tilhögum lands vors, fyr en hún væri orðin innlend. Það er nú öllum kunnugt, hvernig stjórnin hefir tekið

undir þetta að undanförnu; en þó held eg, að það geti ekki annað, en verið réttarmeðvitund okkar, byggð bæði á reynslu og þekkíngu, og vèr höfum þar til í sannleika fullan rètt á, að stjórnin hugsi um líf okkar og heilsu; en vèr höfum nú sèð, að hún hefir farið hægt í þessu híngað til; ljósasti vottur þess er það, að hún hefir ekki enn lagt frumvarp fyrir þíngið um, að bæta spítalatekjurnar, og því minni von er um, að hún muni sjálf vilja skjóta fè til þessarar stofnunar. En vèr höfum nú sagt, að vèr mundum sjálfir koma þessu á stofn; en eptir því, sem eg hefi nú skoðað málið betur, eptir því hefi eg sannfærzt meir og meir um, að vèr getum þetta ekki af eigin efnum, svo í lagi fari, nú þegar; en vèr ættum ei að vera svo fljótir á oss í þessu efni, að stofnunin hryni undir eins, af því vèr getum ei haldið henni við og aukið hana. Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður hefir tekið fram efni spítalanna; en menn verða nákvæmlega að gæta að, hvað muni þurfa til þessa; menn verða að skoða sig um eptir öðrum lækni handa spítalanum; því úr því að þessi skóli er stofnaður, verða menn þó að hafa annan, fyrir utan landlæknirinn; menn verða að kaupa hús handa spítalanum; þaðan eiga að koma út menn, sem ætlast er til að verði læknar, og fái embætti í fjórðúngum landsins, er stofna skal að nýju; handa þeim læknum þarf laun; að þessu verða menn að gæta, að ekki strandi allt á því; og vèr verðum að gæta að, að grundvöllurinn, sem vèr byggjum þetta á, er mjög svo stopull, nefnilega sjóðurinn, og vèr höfum sèð, að það er ekki gott að gjöra neina vissa áætlun um, hvað á þessu má byggja. Eg held því, og eg lýsi því yfir, að eg vil alla innlenda menntun, og hún gæti eflst og þróast sem mest, og því, að bæði læknaskóli og líka sjúkrahús gæti hèr komið sem allrafyrst, og á sem fullkomnastan hátt; en eg vil heldur það minna, sem eg hefi von um, en það meira, sem eg hefi litla von um; eg vil ekki segja enga. Á hverju á eg að byggja í þessu efni, nema reynslunni? Það er nú búið að fara fram á þetta sama við stjórnina í 13 ár, og vèr erum jafn læknabyrgir enn, ef ekki ver. Ef vèr nú förum til hennar með sömu bón enn, þá liggur ekki nema tvennt fyrir; annaðhvort segir hún: »já! en þið verðið að gjöra það af ykkar eigin efnum, því af reynslunni er eg orðinn vonlítill um, að hún fari að leggja okkur fè, eða útvega það af ríkissjóðnum, þó það að mínu áliti sè sú helgasta skylda hennar, og þá verðum við nú að skoða, hvort vèr höfum þau efni til þess, að vèr getum gjört það eins og menn, af okkar eigin efnum; ef hún aptur á mót segir

»Nei«; þá dregst tíminn eins og áður, og vèr verðum læknalausir, eins og nú? hver getur ákveðið, hvað lengi; en vèr verðum nú að búa oss undir framtíðina, vèr verðum að basla, þangað til vèr getum bætt úr þessu sjálfir af eigin efnum. Hinn fyrsti vísir til þessa er fenginn, ef vèr fáum það, sem nefndin fer fram á; og það vona eg, að stjórnin veiti; þá er þó það fengið, sem nú á sèr ekki stað, nefnilega opinber yfirheyrsla í læknisfræði, og svo læknar í embættin. Þá höfum vèr fengið það, sem áður var hèr á dögum Bjarna Pálssonar, en síðan hefir gengið til baka, og þá væri þó óneitanlega nokkuð fengið. Því var það, að þó eg væri tregur til að samþykkja, að kennslan væri borguð úr jafnaðarsjóðnum, þá varð eg þó að ganga inn á það, heldur en gjöra ágreiníng, af því eg líka vildi fyrir hvern mun ekki, að spítalasjóðirnir yrði skertir. Með þessu vona eg, að málinu verði komið smátt og smátt í það horf, sem verði því, þó ekki verði fyr en seinna, til mikils góðs. Þó það sè nú lítil von á, að vèr fáum skóla í stærri merkíngu, megum vèr ekki láta hugfallast, heldur verðum vèr að reyna að fá fyrst það smáa, og láta það svo smátt og smátt bera sína ávexti, og svo auka þá eptir föngum. En hvað því viðvíkur, að þíngið fari, með því að fylgja fram nefndarinnar tillögum, aptur á bak, þá hefir það nú farið meira aptur á bak í öðru máli áður, nefnilega búnaðarskólamálinu; þar bað það fyrst um einn almennan stóran skóla, en svo um eina jörð í hverju amti. Eg skal nú ekki vera á móti því, frá mínu sjónarmiði skoðað, að biðja stjórnina jafnframt um það meira, sem eg ætið álít skyldu hennar, jafnframt því, sem vèr biðjum um það minna; og eg vil að minnsta kosti, að það sè tekið fram í álitsskjalinu, að vèr sèum ekki búnir að breyta skoðun vorri á málinu, að það sè innlend læknisfræði, sem vèr álítum enn, að geti orðið hèr að verulegu liði, og eg vona, að stjórnin vili styrkja landsmenn í öllu góðu, en eg vil það helzt, sem stjórnin hefir gefið von í, að mundi geta fengizt, og út frá þessu gengum vèr nefndarmenn í meðferð málsins. Eg álít enn, að það sè stjórnarinnar fulla skylda að sjá okkur borgið með næga læknishjálp, en stjórnin hefir aðra skoðun á málinu; hún hefir gagnstæða skoðun þeirri, að útlend kennsla verði ekki holl fyrir Íslendínga; að það verði aldrei að fullu gagni hèr, að læknar stúderi við háskólann í Kaupmannahöfn, og svo sè sendir híngað til landsins, þeir þekki þá miður eðli sjúkdóma og hvernig hèr hagar til, en þeir, sem hefði fengið tilsögn samfara reynslu hèr í landinu sjálfu, þó þekking í almenn-

um læknavísindum væri nokkru minni fyrst um sinn. Þetta hefir nú verið mjög örðugt, að sannfæra stjórnina um, að sè rangt, og veit eg þó, að hinn háttvirti *framsögumaður* hefir leitt full rök að þessu, bæði utan þings og innan, og öll Íslendínga þjóð hefir samþykkt það með honum. Þegar nú stjórnin hefir ekki látið sannfærast af þessu hingað til, þá hefi eg litla von um, að hún gjöri það fyrst núna. Þetta hugsa eg því fremur, sem nú er í ráði, að fjárhagurinn verði aðskilinn, og þá held eg, að hún verði ekki fúsari til að gjöra nýjar stofnanir hèr. Við þetta bætist líka, að stjórnin er ekki einráð í þessu, því öll mál, sem viðkoma fjárhagnum, verða að koma fyrir ríkisdaginn. Eg lýsi því þess vegna yfir, og er mèr mjög annt um málið, að eg vil biðja um hið minna; það er frækorn, sem getur blómgast smátt og smátt, ef vel er á haldið; ef efni aukast, mun hin innlenda menntun líka smátt og smátt þróast.

Varaforseti: Það hefir verið beðið um, að umræðunum væri hætt, og vil eg því biðja þá, sem ætla að koma með breytíngaratkvæði, að gjöra það þegar.

Benedikt Sveinsson: Eg skal ekki tala mikið, því eg var búinn að heita því áðan, að tala ekki meira; svo er líka svo langt um liðið, síðan þingmaður Borgfirðinga talaði, að eg get ekki verið að rifja það allt upp, sem hann sagði, og þar að auki er hann nú flúinn svo langt í burt úr sæti sínu. Eg verð samt að geta þess, að hann misskildi mig fjarskalega. Eg sagði, að sèrhver stofnun, sem væri öldúngis ómissandi fyrir eina þjóð, eður eitthvert fèlag, hlyti að vera möguleg, ef þjóðin legði allt kapp á, að koma henni á fót; og það er sannarlega vafamál, hvort þjóð vor geti staðizt án læknaskóla og skipulegrar læknaskipunar, en verið hefir hèr á landi, eins og vèr líka værum allt of aum þjóð, ef vèr ekki gætum komið þessari stofnun á; það dettur mèr ekki í hug, ef vèr að eins vildum leggja nokkuð í sölurnar. Þessari setníngu sneri hann alveg við, og það veit eg, að hann hefir ekki álitið rètt; hann veit svo mikið í rèttum hugsunarreglum. Þar, sem hann beindi því að mèr, að eg sè dómari, og kom með: »Því dæmist rètt að vera«, og sagði, að þetta ætti ei við, þá vil eg benda honum á, að mótsetníngin til »rètt að vera«, er »*ekki* rètt að vera«, og það er það, sem hann er svo hreikinn af, að hann fylgi, líklega af því, að hann er ekki dómari; en eg vil minna þíngmanninn á, að rètturinn getur verið margs konar; það veit hann sjálfsagt, eins og annar mikill stjórnfræðíngur; það er ekki einúngis til dómsrèttur, heldur einnig

stjórnarrèttur o. s. frv.; ein grein af þessum rètti, þó lítil sè hún, er rèttur þessa þings, og á honum byggi eg ótrauður, hvort sem þingmaðurinn bregður mèr um það eður eigi, og það kemur eigi þessu máli við, hvort menn biðja um mikið eða lítið, því þörf vor er hinn sanni mælikvarði í því tilliti.

Stefán Eiríksson: Það lítur nú svo út, sem menn sè farnir að gleyma bænarskrám þeim, sem hèr komu öndverðlega inn á þing, og voru um að afbiðja langar þingræður, og aptur á hinn bóginn, að menn sè búnir að gleyma því, að nú eru að eins 3 dagar eptir af þingtímanum; eg held það væri nú góður styrkur, til að koma upp sjúkra húsi, kostnaður sá, sem þessar löngu ræður hafa í för með sèr, og sem að öðru leyti ekki eru málinu til styrkingar. Eg ætla nú samt ekki að verða einn í þeirra tölu, sem álasa nefndinni, þó hún hafi tekið þessa aðferð, því mèr finnst hún hafa gjört öldúngis rètt, þar sem stjórnin, í auglýsingunni til þessa þings, bendir þinginu til, að viðhafa þessa aðferð, og svo mikið veit þó maður með vissu, að stjórnin er fús til að styrkja þessa grein læknisfræðinnar; við höfum á undanförnum þingum beðið um spítala og læknaskóla, og allt af fengið neitun; en mèr finnst, að stjórnin einmitt bendi okkur á, að ganga inn á þetta, á meðan við nú ekki fáum meira. Eg ímynda mèr, og eg treysti stjórninni til þess, að hún láti okkur fá innlendan læknaskóla, þegar hún sèr fram á, að spítalasjóðurinn er orðinn nægur, til að koma á þeirri stofnun, því áður fyr hefir hún borið það fyrir, að sjóðurinn væri ónógur til slíkra stofnana; því eru menn að biðja um heimakennslu fyrir prestaefni, ef menn ekki vilja nota heimakennslu fyrir lækna; við höfum þó þörf, og það bráða þörf fyrir fjölgun þeirra, ekki síður en prestaefna; því hefir verið hreift, að við slepptum rètti okkar, ef við nú færum í aðra stefnu í þessu máli, en fyr; en eptir breytíngar- eða viðaukaatkvæði þingmanns Reykvíkínga, þá getur þó stjórnin sèð, að okkur er ekki horfinn hugur á þessum rètti, og eg get ekki skilið, þó þetta viðaukaatkvæði verði samþykkt, að það spilli fyrir uppástúngum nefndarinnar, því þær eru þó samkvæmar vilja stjórnarinnar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ætlaði mèr að gjöra breytíngaratkvæði við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar; en þingmaður Borgfirðínga tók sèr breytíngaratkvæði í sömu átt, svo eg get komið mèr saman við hann um það. En ef hinn konúngkjörni varaþingmaður og þingmaður Reykvíkínga vilja halda fram uppástúngu þings-

ins 1859, þá vil eg áskilja mèr varaatkvæði við þeirra uppástúngu »að Möðruvalla-spítalasjóði verði ei varið til annars, en spítala á Akureyri».

Framsögumaður: Eg hefði nú býsna miklu að svara, ef eg ætlaði að svara öllu; en það ætla eg nú ekki að gjöra. En það er merkilegt að brigzlyrði, sem menn gefa öðrum, falla optast á sjálfan þann, sem gefur þau. Hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður sagði, að þegar menn bæri saman aðgjörðir þíngsins í þessu máli nú og 1859, þá sæi menn, að þetta væri að hlaupa úr einu í annað, ætla stjórninni sýnist ei eins nú, þegar borin er saman uppástúnga nefndarinnar við breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga? eg held, þegar hún sèr þetta á sama blaðínu, að hún geti ekki annað sagt, en að hèr sè hlaupið úr einu í annað. En eg vil benda hinum heiðraða þingmanni Reykvíkínga á, að í niðurlagsatriði nefndarinnar er beðið um, að læknamálið verði lagt fyrir næsta þíng; hann vill nú víst hafa það »*skólakennslan*»; en hver er munurinn á þessu, einkum ef það er rètt, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði — og eg held, að allir verði að játa, að það sè rètt — að uppástúnga nefndarinnar sè það sama sem að biðja um nokkurs konar læknaskóla? Þíngmaður Borgfirðínga tók þetta svo vel fram, og ef þíngmaður Reykvíkínga hefir ekki skilið hann, býst eg ekki við, að hann skili mig betur. Hvernig ætli þetta taka sig út á sama blaði, nefndarinnar uppástúngur og svo breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga í sömu andránni; eg skil ei, hvernig þeim er varið, sem ei sjá, hvernig stjórnin verður að hugsa, þegar hún sèr þetta; og mèr þykir það merkilegt, að jafngáfaðir og eptirtektasamir menn, sem þessir 2 eru, skuli ei skilja það, sem þíngmaður Borgfirðínga tók svo vel fram, að hèr eru 2 stefnur alveg hvor á móti annari; eg held líka, að það sè auðsjáanlegt, að nefndin hefir í engu spillt rètti alþíngis, til að biðja seinna meir um stærri kennslu, eða það, sem menn kalla læknaskóla; og það er merkilegt, að menn skuli ekki sjá, að vèr erum hèr að berjast við mótþróa hjá stjórninni, þar sem hún hefir ekki enn viljað svo mikið sem leggja frumvarp fyrir þíngið um læknakennsluna; og það er því undarlegt, að vera allt af að taka þetta upp aptur og aptur. Eg segi þetta ekki af því, að eg vili ekki, að það sè tekið fram í álitsskjalinu, að þíngið hafi gripið til þessa, af því það hafi ei fengið veitta bón sína áður, og af því að það áliti, að þetta sè byrjun til skóla, en ekki af því, að það hafi í nokkru breytt skoðun sinni á málinu;

en að fara að setja þetta í niðurlagsatriðin, samhliða uppástúngum nefndarinnar, yrði ei til annars, en spilla fyrir málinu, og gjöra oss hlægilega í augum stjórnarinnar. Þíngmaður Reykvíkínga gjörði svo mikið úr, hvað spítalahlutirnir væri miklir; menn vita það nú ei með vissu; en þó þessir 2800 rd. væri til, þá er eg hræddur um, að ef menn færi að byggja spítala, þá yrði að taka á höfuðstólnum; og ef allt ætti að vera í góðu lagi, sem til spítalans heyrði, mundi ekki verða mikið eptir, þegar það væri allt komið í lag; í þessu hefir stjórnin fullgildar ástæður. En eg þykist ekki vera sjálfum mèr ósamkvæmur, þó eg fari þann veg, sem liggur beinast fyrir; eg vil ekki koma með það allt í graut fyrir stjórnina, svo að hún annaðhvort leggi málið á hylluna, eða leggi það fyrir heilbrigðisráðið, og þá er hætt við, að það lægi þar kann ske nokkuð lengi. Eg vil nú upplýsa með dæmi, hvað af þessu gæti leitt; menn vita nú, hvað marga lækna vantar í embættin; en hèr eru nú 3 úngir menn komnir svo langt í læknisfræði, að von er á, að þeir verði útskrifaðir, áður en þíng byrjar næst. Einn er sonur *forseta* þíngsins, sem hefir lesið læknisfræði 1 ár í Kaupmannahöfn, og svo 1 ár hjá mèr. Annar er maður, sem var fyrst nokkuð hjá mèr, og sem síðan hefir verið hjá Skaptasen. Sá þriði er nú settur aðstoðarlæknir í Múlasýslunum, og er nefndur í nefndarálitinu; hann heitir Bjarni Thorlacíus. Það er nú öll von, að ef þetta, sem nú er farið fram á, fengist, þá yrði þessir menn búnir að ljúka sèr af fyrir næsta alþíngi, og þá sjá allir, hve óheppilegt það væri, ef ekkert væri búið að gjöra þá í málinu. Eg vona nú, að þíngið taki tillit til þessa; og þó hinn konúngkjörni varaþíngmaður og þingmaður Reykvíkínga sè mèr vitrari og lærðari, þá er eg þó þessu máli kunnugri, en þeir. Eg skyldi ekki vera á móti því, að enn væri beðið um hið sama, sem áður hefir verið beðið um, ef eg vissi ekki, að það yrði til að eyðileggja málið, og að það, sem nefndin hefir gjört, er einmitt til að hjálpa því við.

Jón Pètursson: Eg vil áskilja mèr viðaukaatkvæði við 1. tölulið nefndarinnar, af því eg heyri, að þíngið allt og líka hinn háttvirti *framsögumaður* er á þeirri meiníngu, að bezt væri, að læknaskóli kæmist hèr á. Eg vil bæta inn í, á eptir orðunum: »*til bráðabyrgðar*«: »og þangað til læknaskóli og spítali kemst á hèr á landi«; og, að í staðinn fyrir orðin: »*verði skotið fè*« verði sett: »verði árlega greiddir«, því hitt er ónákvæmt; en það er þó víst meiníng nefndarinnar, að þetta verði greitt árlega; þetta kemur með-

fram af því, að eg fellst á breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, að endanum sè sleppt.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg áskil mèr rètt til að mega breyta til frá orðunum í uppástúngu þíngsins 1859. Eg álít ei, að eg þurfi að vera bundinn við sömu orð, sem þar eru.

Sveinn Skúlason: Ef teknar verða uppástúngur meiri hlutans 1859, þá vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði í sömu stefnu, sem minni hlutinn þá var; ef allt þetta rusl á að koma fram í álitsskjalinu, þá held eg, að það megi koma fram líka.

Varaforseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúníngsumræðu lokið. Eg vil biðja þá þíngmenn, sem hafa áskilið sèr breytíngaratkvæði, að koma þeim sem fyrst til *forseta.*

Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um að opið brèf 1. apríl 1861 verði úr lögum numið. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Rangæínga. Eg vona að þíngmenn hafi atkvæðaskrá í málinu fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: þegnleg uppástúnga um, *að opið brèf 1. apríl 1861, áhrærandi jarðamatskostnaðinn, verði úr lögum numið.*

1. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns:*

   Að sá fyrir endurborgun jarðamatskostnaðarins með opnu brèfi frá 1. apríl þ. á. ákveðni tveggja ára gjaldfrestur verði lengdur til 4 ára, frá 1863 að reikna.

2. *Nefndin,* niðurlagsatriði:

   Að biðja konúng vorn að nema opið brèf 1. apríl 1861, um endurgjald jarðamatskostnaðarins, úr lögum, en að leggja fram á næsta þíngi frumvarp um þetta mál, og sè þar tiltekin upphæð jarðamatskostnaðarins, og hvernig hann skuli greiddur.

3. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

   Málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Af því að mál þetta var ítarlega rætt við undirbúníngsumræðuna, vona eg að umræðurnar verði nú stuttar. Það hefir ekki komið fram neitt breytíngaratkvæði við uppástungu nefndarinnar, nema þetta eina, hins 5. konúngkjörna þíngmanns, sem fer í sömu átt og nefndin, en tiltekur með tölum, að gjaldfresturinn skuli vera 4 ár; ef þíngmenn ekki eru á móti því, mun nefndin ekki heldur verða það, þó svo að það væri lagt sem eitt atriði af stjórninni fram í frumvarpi síðar. Eg skal leyfa

mèr að taka það fram, viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* til færði í móti uppástúngu nefndarinnar, að mál þetta væri afgjört, að það væri áður samþykkt af þínginu, að landið skyldi gjalda þetta, og að allt saman, kostnaður Reykjavíkurnefndarinnar og skrifstofukostnaðurinn, ætti að gjaldast eins og jarðamatskostnaðurinn — að þetta var ekki svo, því 1857 samþykkti þingið ekki, að allur þessi kostnaður væri jarðmatskostnaður. Það hefði nú kann ske ekki verið þrefast um, að gjalda þetta, ef ekki hefði verið miklu fleiri formgallar á lagaboðinu. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri sjálfsagt að prestar ætti að borga af lènsjörðum sínum þennan kostnað; en þetta er auðsjáanlega á móti lagaboðinu, því þar segir, að eigendur jarðanna skuli borga kostnaðinn; en prestar eru ekki eigendur; af hverjum á þá að taka gjald þetta? af kirkjunum eða konúnginum sjálfum? Nefndin áleit lagaboð þetta svo óljóst, og á móti því, sem áður hefir verið, þar sem prestar hafa verið undanþegnir gjöldum; og þess vegna áleit hún rèttara að biðja stjórnina, að nema það úr gildi, bæði af því, að gjaldfresturinn væri of stuttur, og svo af hinni ástæðunni, sem eg áður tók fram; og ætla eg mèr svo ekki að tala fleira að sinni.

Magnús Andrèsson: Eg neita því ekki, að það er nokkuð fljótt, að þingið skuli biðja um, að lagaboð verði numið úr lögum sama árið, og það kemur út; en menn verða að líta á málavexti, og hvernig á þessu stendur, og þá sýnist mèr það ekki tiltök, þó beðið sè um, að lagaboð þetta sè numið úr lögum, af því að frumvarp það, sem stjórnin lagði fyrir þingið 1859 var svo úr garði gjört, að það var engi von á því, að þingið aðhylltist það, og þess vegna rèði þingið líka þá til að fresta því; en stjórnin hefir samt gefið það út sem lagaboð; en það er nú líka svo úr garði gjört, að það er ekki heldur aðgengilegt, hvorki að formi nè efni, auk þess sem þingið hefir ekkert um það sagt, að það megi svo vera, sem það er, og því verð eg að álíta sem svo, að stjórnin hafi útgefið þetta lagaboð á bak við þingið; og því gef eg mitt atkvæði með nefndaruppástúngunni.

Jón Hjaltalín: Eg skal taka það fram, að eg hafði ekki fengið tíma til að skrifa ástæður mínar undir nefndarálitið; eg gat ekki nærri því verið alveg á sömu skoðun og meðnefndarmenn mínir, því lagaboðið er enn ekki *publicerað*. Eg álít að það nægði, að lyst væri óánægju þingsins yfir því, að frumvarpið hefði verið gjört svona óbreytt að lögum, og að beðið væri um það, sem hinn

hæstvirti *konúngsfulltrúi* benti á um daginn, að mundi geta fengizt, að gjaldfresturinn yrði lengður til 4 ára.

Björn Pèturssson: Nú stend eg upp, en eg ætla mèr ekki að hefja langa tölu í þetta sinn; en eg finn mig til knúðan, aldrei þessu vant, að lýsa því yfir, hvernig eg muni gefa atkvæði í þessu máli, og er það þannig, að eg ætla ekki að gefa breytíngaratkvæðinu atkvæði mitt, heldur nefndinni; að svo mæltu sezt eg niður.

Ásgeir Einarsson: Ef mönnum er annt um málið, er bezt að fella breytíngaratkvæðið; en ef menn vilja fella málið, er bezt að samþykkja breytíngaratkvæðið; *framsögumaður* sýndi enn eitt nýtt skrýmsli í lagaboði þessu með öfugugga, þar sem eigandi jarðarinnar á að gjalda jarðamatkostnaðinn; en hver er eigandi að kirkjujörðunum? mèr sýnist því bezt að afbiðja lagaboð þetta, áður en það hneykslar fleiri, því mèr sýnist það vera komið nógu langt, og orðið nógu gamalt.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki leitt hjá mèr orð hins heiðraða þíngmanns úr Árnessýslu, þegar hann sagði, að stjórnarfrumvarpinu um endurborgun jarðamatskostnaðarins hefði verið laumað inn á þíngið, eða farið á bak við þíngið með það. Það getur verið, að það hafi farið á bak við hinn heiðraða þíngmann, af því hann hafi ekki verið viðstaddur; en þíngsetu hafði hann þó í hitt eð fyrra, og tók þátt í umræðunum um kostnaðinn eptir frumvarpinu, og þá talaði hann ekki um neina formgalla; eg skal því leyfa mèr að mótmæla slíkum ummælum, og það því fremur, sem eg er búinn að sýna og sanna, að frumvarp stjórnarinnar í málinu er löglega borið upp fyrir þínginu, og skal eg ekki fara að taka það upp aptur.

Benedikt Sveinsson: Af því eg er viðriðinn þetta mál, finn eg mèr skylt að fara um það nokkrum orðum. Eg tók það fram við inngangsumræðu þessa máls, að það væri ekki heppilega valið orð, að segja, að rèttur þíngsins væri *brotinn* á því, eins og fulltrúi Borgfirðínga komst að orði; en þó að þetta orð væri haft, þá álít eg það skyldu hvers eins, að leggja ekki meiri eður aðra þýðíngu í það, en í því á að liggja. Meiníng *mín* var og er enn, að þetta lagaboð sè ekki orðið til með öllu samkvæmt alþíngistilskipunarinnar 1. gr., sbr. tilsk. 28. maí 1831, því eg sè ekki betur, en að meiníngin í þessari grein sè sú, að þegar leggja eigi frumvarp til skatts eða álögu fyrir þíngið, eigi það að vera þannig lagað, að það geti orðið að lögum, eins og það liggur fyrir; frumvarpið til þessara laga gat ekki orðið að lögum, eins og það var lagt fyrir þíngið, því það

vantaði alla upphæðina á gjaldinu, og einnig á hvaða tímabili því ætti að jafna niður, og hvernig niðurjöfnuninni skyldi fyrir komið. Menn þekkja það í öðrum löndum, þar sem þjóðstjórn er, svo sem í Danmörku, þar sem ríkisdaguriun hefir rètt til þess að veita fè, að þar er það veitt með tvennu móti, annaðhvort er það fjárupphæðin sjálf, sem ríkisdagurinn veitir *(bevilger Summen)* eða þá fyrirtækið *(bevilger Foretagendet);* þetta geta menn nú haft sèr til hliðsjónar í þessu máli, þó alþingi sè að eins ráðgefandi þing; ef það, sem hèr ræðir um, gæti líkst saman við annaðhvort af þessu tvennu, þá væri allt í rèttri reglu, og ekkert um að tala; en það verður eigi að mínu áliti. Þingið gat ekki sagt álit sitt um fjarupphæðina, eður önnur atriði, sem vantaði í frumvarpið; og hefði það verið svo, að þingið eigi hefði átt að segja álit sitt um hana, heldur um kostnaðinn óákveðið, sem af jarðamatinu leiddi, þá ber þess að gæta, að óþarfi hefði verið, að leggja hið umrædda frumvarp fyrir þingið, því það var komin önnur lagaákvörðun á undan, sem gjörði það óþarft, hefði þetta verið meining og vili stjórnarinnar. Eg fæ því eigi betur sèð, en að nokkur formgalli sè á aðferð stjórnarinnar í þessu máli. Mèr heyrðist hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* leggja það inn í aðgjörðir þingsins í þessu máli, að það neitaði um að borga kostnað þennan; en þessu verð eg að mótmæla. Fyrst er það, að þingið á ekki að borga, heldur landsmenn, og því getur það heldur ekki neitað um að borga, eður gjört það, sem menn kalla *passiv Modstand;* slík hugmynd á því alls eigi við hèr. Í annan stað verður það eigi sagt með rèttu, að þingið ekki viðurkenni, að lagboðið sè með öllu gilt, eins og það auðsjáanlega hefði verið, þó það hefði aldrei að neinu leyti verið lagt fyrir þingið; en hitt er rètt, að þingið leyfir sèr að biðja konúng vorn allramildilegast um að nema þessi lög úr gildi, og til þess hefir þingið auðsjáanlega fulla heimild í 5. gr. tèðrar tilskipunar; og þessi heimild getur þó ekki orðið minni fyrir það, þó þingið styði þessa þegnlegu bæn sína á því, að galli sè á tilbúningi laganna, eður fyrir þá sök, þó lagaboðið sè nýtt, því ný lög eru að *þessu* leyti eigi helgari eða órjúfanlegri en gömul lög, heldur þvert á móti, ef nokkur væri munur á þeim; þetta er sú dýpsta þýðing, sem verður lögð í aðgjörðir þingsins, og mèr sýnist, að þær sè löglegar og þegnlegar í alla staði, hvernig svo sem menn misskilja þær. Auk þessa formgalla á lagaboðinu er það heldur ekki ljóst eður greinilegt, að innihaldinu til; og þó að form-

gallanum sè sleppt, finnst mèr vera full ástæða til að biðja, annaðhvort um útskýring löggjafans á því *(authentisk Fortolkning)*, eða þó heldur um nýtt og skýrt lagaboð, því það er samkvæmara réttum löggjafarreglum. Eg treysti því, að stjórnin taki þessu máli vel og náðarsamlega, og áliti alls ekki, að aðferð þingsins stríði á móti lögunum, eða þingið fari fram á annað, en það, sem það hefir fullan rètt til. Ætla eg svo ekki að tala fleira um þetta mál, en játa fúslega, að það er satt, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók fram, að það er óheppilegt, að hafa þau orð, sem geta misskilizt á marga vegu; en eg vona, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sè sá, sem sízt muni leggja aðra þýðingu í orð nefndarinnar, en hún hefir sjálf viljað leggja í þau, og eg nú hefi skýrt frá.

Konúngsfulltrúi: Það var skaði, að hinn heiðraði konúngkjörni varaþingmaður sat ekki á seinasta þingi, svo augu þess þá hefði getað lokizt upp; en þá sá þingið enga slíka formgalla á stjórnarfrumvarpinu, sem það nú sèr, og sem hinn háttvirti þingmaður líka nú sèr, og hefir tekið fram í ræðu sinni. Á seinasta þingi kom engi mótbára gegn frumvarpinu, að það væri rangt upp borið fyrir þingið; því var einúngis hreift, og þó að eins lauslega, að ekki væri næg ástæða til að reikna jarðamatsnefndarkostnaðinn til jarðamatskostnaðarins, en að öðru leyti bað þingið að eins um frestun á borgunninni, þangað til búið væri að löggilda jarðamatið; en þegar það er búið, og skilyrðið fyrir borguninni, sem þingið sjálft hafði sett, árið 1863, er til staðar, þá kemur upp úr kafinu, að þingsins rètti sè misboðið, og því til sönnunar er skýrskotað, og það einnig af þeim heiðraða þingmanni, til alþingistilskipunarinnar 1. gr. og tilsk. 28. maí 1831. Hann segir, að þingið fari hèr hæversklega að, því það biði ekki um annað, en að lagaboðið verði tekið aptur; en eg skal leyfa mèr að taka það fram, að það er borið fyrir, að lagaboðið hafi verið ólöglega undirbúið; á þeirri ástæðu er beiðni þingsins byggð. Þetta gefur beiðninni vissulega annan blæ. Hann talaði líka, eins og þinginu hefði aldrei verið það alvara, að borga jarðamatskostnaðinn, líklega af því, að borgunin var miðuð við löggildíngu jarðamatsins; en eg held hann hafi ekki sagt þetta í alvöru; þingið ræður nú, hvernig það fer með málið; en eg hefi að eins leyft mèr að vara við því, að því væri ráðið í þá stefnu, sem er mælt fram með í nefndarálitinu.

Arnljótur Ólafsson: Eg gjöri það nauðugur, að tefja þingið; en eg verð að biðja þingmenn að leyfa mèr, að tala 2 eða 3 mín-

útur. Mig furðaði á því, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skyldi leggja þann skilníng í ræðu hins konúngkjörna varaþíngmanns, sem hann gjörði, og jafnvel líka í nefndarálitið; eg játa það reyndar, að nefndarálitið er ekki svo liðlega orðað, sem það ætti að vera, ef það væri álitsskjal til konúngs; en eg vona, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* viti, að það er mikill munur á nefndaráliti og álitsskjali; en þó nefndarálitið sè ekki sem liðlegast, standa samt þær ástæður, sem þar eru teknar fram, óhraktar. Hinn konúngkjörni varaþíngmaður tók fram þann formgalla, sem væri á lagaboði þessu, og fór um það hinum mildustu orðum, er hann sagði, að aðferð stjórnarinnar væri *ekki alveg samkvæm lögunum*; þetta tekur hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* svo sem það sè kvörtun yfir því, að rètti þíngsins sè traðkað, en það hefir engi sagt í fullkomnum skilníngi; en það er fullkominn skilníngur, þegar send er umkvörtun yfir því, að rètti þíngsins sè misboðið; en upp á því hefir engi stúngið; það er að eins vikið á það í nefndarálitinu, að nefndinni finnist, að lagaboð þetta sè til orðið í móti lögum alþíngistilskipunarinnar. Eg skal vera eptirgefanlegur í öllum öðrum málum, en þeim, sem viðkoma rètti alþíngis, því þegar um hann er að tala, hopa eg ekki hið minnsta; því það er rèttur þíngsins, sem gjörir, að það er til, og þegar þíngið hefir misst rètt sinn, þá er það liðið undir lok, og því meira, sem það missir af rètti sínum, þó það ei missi hann allan, því ómerkilegra verður það. Bæði nefndin og hinn konúngkjörni varaþíngmaður hafa tekið það fram, að þó skapnaðargallar væri ekki á lagaboði þessu, þá væri svo miklir efnisgallar á því, að full ástæða væri til, að það sè úr lögum numið; þetta er aðalhugsunin bæði í nefndarálitinu og í ræðum manna; en hvorki vèr nè nefndin getum gengið fram hjá því, að verulegur skapnaðargalli er í lagaboði þessu, því í frumvarpinu voru eyður fyrir upphæð gjaldsins, og því vantaði merginn í það, svo að það var ekkert lagafrumvarp. Hèr getur ekki heldur verið talað um, að veita *fyrirtæki*, því í frumvarpinu stendur: »Kostnað þann, sem risið hefir af jarðamatinu á Íslandi . . . . skal endurgjalda o. s. frv«. Þar stendur *kostnað þann*, en ekki *jarðamatið*, og hèr er því ekki veitt fyrirtækið, heldur er lagður fyrir þíngið kostnaðurinn, sem af jarðamatinu leiddi, en fyrir honum er eyða. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að þíngið 1859 hefði ekki hreift þessu; það er satt; það hreifði ekki þessum göllum, sem nú hefir verið hreift; en hvernig tók þíngið þá í málið? Menn sögðu þá, hvernig sem

frumvarp þetta er, viljum vèr það ekki, því það er eigi útsèð um það, hvort jarðamatið verði nokkurn tíma að lögum eða ekki; menn báðu um frest á lögum þessum, og bundu frestinn við skilyrði, sem menn ekki vissu, hvort nokkurn tíma mundi koma eður alveg falla niður. Alþingi 1859 tók þess vegna einúngis fram eitt atriði í frumvarpinu, til bendíngar fyrir stjórnina, þegar hún legði frumvarpið aptur fyrir þíngið, og gjörði því mun á hinum rètta jarðamatskostnaði og því, sem kallað var skrifstofukostnaður. Þíngið treysti því, að stjórnin mundi leggja frumvarp þetta aptur fyrir þíngið, fyrst ekkert lá á að það yrði þegar gjört að lögum, þar sem ekki á nú að krefja þetta gjald, fyr en 1863, svo það voru ekki 2 skildíngs útlát fyrir stjórnina, að leggja málið aptur fram; það voru eigi önnur útlát, en þau, að leggja til dálítinn pappírssnepil, og skrifa frumvarpið þar á. Fleira ætla eg mèr ekki að segja, því eg álít það bezt, að tala sem minnst í þessu máli.

Guðmundur Brandsson: Mèr brá mjög kynlega við ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* því hann er ekki vanur að leggja dýpri og sízt verri þýðíng í orð manna, en í þeim liggur; en mèr heyrðist hann gjöra það áðan, þar sem hann gat þess til, að þíngið tæki svona í þetta mál, af því það vildi draga borgun jarðamatskostnaðarins á langinn. Eg hefi áður sagt, að eg væri ekki sannfærður um, að landsmenn ætti að borga allan aukakostnaðinn við jarðamatið, því ef menn skoða bænarskrá þíngsins frá 1853, þar sem beðið er um Reykjavíkurnefndina, þá man eg ekki betur, en að beðið sè um, að nefnd þessi fái 100 rd., til að borga með skriptir nefndarinnar, og 200 rd. til ferðalaga, ef nefndin fyndi ástæðu til, að meta einhverstaðar upp aptur; en nú ferðaðist engi nefndarmaður neitt, og því fèllu þessir 200 rd. burt; en 100 rd. veit eg ekki, hvort nefndin fèkk, eða þeir eru innifaldir í þóknun þeirri, sem nefndin fekk fyrir starfa sinn. Eins þegar stjórnin lagði aukakostnaðinn, ásamt öðrum jarðamatskostnaði, fyrir þíngið 1857, tók hún það ekki fram, hvaðan hann ætti að greiðast, og þíngið þagði líka um það; og þessvegna verð eg að vera á sama máli, og nefndin, að mèr finnst þessi aukageta ekki vera sá kostnaður, sem megi þegjandi leggja á landsmenn; og verð eg því að gefa nefndinni atkvæði mitt.

Indriði Gíslason: Eg hefi ekki verið langorður í þessu máli, og ætla mèr ekki heldur að vera það; það er ekki heldur þörf á því, því að bæði hefir nefndin, *framsögumaður,* hinn konúngkjörni

varaþingmaður og þingmaður Borgfirðinga tekið fram aðalgalla þessa opna brèfs; og ætla eg mèr því ekki, að fara út í formgalla þess; eg veit líka, að þingmönnum muni vera þeir svo kunnugir, að þeir viti, hvernig muni vera rèttast að greiða atkvæði í þessu máli; um breytingaratkvæðið ætla eg mèr ekki heldur að tala, því það er óþarft; en að þingið tekur þannig í þetta mál, kemur ekki af því, að vèr viljum ekki borga jarðamatskostnaðinn, en af því, að það er eigi unnt að krefja hann rèttlátlega af landsmönnum, eptir þessu lagaboði; og skal eg koma með dæmi upp á þetta, er sýnir, að það er ekki unnt, að taka jarðamatskostnaðinn eptir þessu opna brèfi, þó engi formgalli væri á því. Hver á t. a. m. að borga af þeim hundruðum, sem vafi er um, hver eigandi er að, svo sem þrætulöndum? Jarðamatskostnaðinum verður ekki náð af þeim, fyr en þrætan er útkljáð, annaðhvort með dómi eða samkomulagi, og menn vita, hver eigandinn er, því ekki getur sýslumaður líklega tekið grös og steina upp í kostnaðinn. Eg held því, að það sè ekki hægt fyrir sýslumann, að ná öllum kostnaðinum eptir þessu lagaboði, því eg get ekki gjört ráð fyrir því, að þeir sè svo ranglátir, að leggja þann bluta kostnaðarins, sem liggur á þeim hundruðum, sem engi eigandi finnst að, á þau hundruð, sem eigendur finnast að; því slíkt væri ekki þýðingarlaust, því eg er hræddur um, að það yrði til þess, að gjaldþegnar, ef þessi regla færi að tíðkast, mundi bera litla virðingu fyrir kröfum yfirvalda sinna, ef þær ekki væri byggðar á rèttlátari grundvelli, en þessum; það er sjálfsagt, og eg skal fúslega viðurkenna það, að í fjármunalegu tilliti munar það minnstu; en það er meira vert, að skerða ekki helgi laganna og virðingu fyrir þeim og yfirvöldum vorum. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það hefði ekki verið kvartað yfir formgöllum í frumvarpi þessu 1859; en eg held, að hann misminni það, því þingið gat ekki vegna þeirra gengið inn í frumvarpið. Þó koma mætti með fleiri dæmi upp á það, að það er eigi unnt að hafa þetta lagaboð, eins og það er, ætla eg mèr samt ekki að tala fleira.

Sveinn Skúlason: Eg hafði ætlað mèr að tala ekki um þetta mál við þessa umræðu; en mèr datt það samt í hug núna, af því að mèr kom það til hugar, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefði við fyrri umræðu í máli þessu sagt, eptir því sem eg man bezt, að stjórnin hefði ekki sett neinar tölur í frumvarpið, sem hún lagði fyrir þingið 1859, af því hún hefði gjört ráð fyrir, að þingið

mundi breyta þeim, og ef svo er, þá er það enn ein ástæða fyrir því, að stjórnin hefði átt að vilja fá að heyra á ný tillögur þingsins um upphæð jarðamatskostnaðarins, áður en hún lagði hann á landsmenn, og að hún þess vegna hefði átt að leggja frumvarpið aptur fyrir þingið; fyrst að nógur var tíminn, og ekki lá á að gefa þetta lagaboð undireins út, þá var ástæða fyrir hana, að fá að vita tillögur þingsins um það, hversu mikið þingið áliti, að landið ætti að gjalda af jarðamatskostnaðinum, og hvernig hann ætti að gjalda. Svo vil eg sjálfs mín vegna, svo eg verði vissari í að gefa atkvæði, biðja hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa*, að hrekja ástæður hins konúngkjörna varaþingmanns, því mèr fundust þær ástæður svo ljósar og á góðum rökum byggðar, og mèr finnast þær standa enn óhaggaðar. Mèr fannst hann því í ræðu sinni heldur vera að aga þingmanninn, en færa ástæður fyrir því, að það væri skakkt, sem hann hafði sagt; en það er áríðandi fyrir mig, að ástæður hans sè hraktar, ef það er unnt, áður en gengið er til atkvæða. En um agann kæri eg mig ekki.

Varaforseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja hina heiðruðu þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fellu þau þannig:

1. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* fellt með 16 atkv. móti 3.
2. Nefndin, niðurlagsatriði. Um þennan tölulið var óskað nafnakalls, og var það viðhaft, og fór það þannig, að

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Páll Melsteð.	Helgi G. Thordersen.
Benedikt Þórðarson.	Jón Hjaltalín.
Árni Einarsson.	
Arnljótur Ólafsson.	
Ásgeir Einarsson.	
Benedikt Sveinsson.	
Björn Pètursson.	
Guðmundur Brandsson.	
Halldór Kr. Friðriksson.	
Indriði Gíslason.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Haugum.	
Magnús Andrèsson.	

»já« sögðu:
Páll Sigurðsson.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.
Sveinn Skúlason.

Þeir Gísli Brynjúlfsson og Ólafur Jónsson voru fjærverandi, og var þá þessi töluliður samþykktur með 18 atkv. gegn 2.

3. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 18 atkv. gegn 2.

Varaforseti: Það er að sönnu eitt mál eptir á dagskránni; en dagur er að kveldi kominn, svo eg sè ekki ráðlegt, að halda lengur áfram. Eg skal biðja þá þingmenn, sem hafa áskilið sèr breytíngaratkvæði í læknaskipunarmálinu, að koma með þau og koma þeim til *forseta* svo tímanlega á morgun, að þau geti orðið prentuð fyrir kl. 4 e. m.

Skýrði *varaforseti* því næst frá dagskrá til næsta fundar, er hann ákvað næsta dag, miðvikudaginn hinn 8. ágúst, kl. 4 e. m.

Fundi slitið.

Þrítugasti og áttundi fundur – 8. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaðurinn úr Suður-Þingeyjarsýslu, er hafði tilkynnt *forseta* forföll sín. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *ályktarumræðu* og atkvæðagreiðslu *konúnglegt álitsmál* um *laun málaflutníngsmannanna við landsyfirrèttinn. Framsögumaður* er hinn 4. konúngkjörni þíngmaður; eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona, að þíngmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: konúnglegt álitsmál um *laun málsfærslumanna við landsyfirrèttinn.*

1. *Nefndin* og *Björn Pètursson,* breytíngaratkvæði í stað niðurlagsuppástúngna meira og minna hluta nefndarinnar (tölul. 2., 4. og 5.):

»Að þeir 300 rd., sem nú eru greiddir úr dómsmálasjóðnum til yfirdómendanna í landsyfirrèttinum fyrir þýðíngar í málum, er ganga til hæsta rèttar, og fyrir dómsmálaskrifara

störf, verði fyrst um sinn borgaðir þeim árlega úr ríkissjóði; en haldið verði áfram að greiða laun málaflutníngsmanna úr dómsmálasjóðnum, uns það reynist, að hann eigi sè fær um það, án þess að skerða innstæðuna».

2. *Meiri hluti nefndarinnar (Jón Pètursson* og *Páll Melsteð),* niðurlagsuppástúnga:

Að laun hinna föstu málaflutníngsmanna við yfirdóminn verði greidd úr ríkissjóði, þangað til búið er að aðskilja fjárhag Danmerkur og Íslands, eður landið fær sjóð sèr, til að kosta með almennar þarfir sínar.

3. *Breytíngaratkvæði Jóns Hjaltalíns* um, að 1. uppástúnguatr. minna hlutans (tölul. 4.) verði þannig orðað:

Að laun hinna föstu málaflutníngsmanna við yfirdóminn verði um hin næstu 4 ár greidd úr dómsmálasjóðnum.

4. *Minni hlutinn (Ásgeir Einarsson),* 1. niðurlagsuppástúnga:

Að laun hinna föstu málaflutníngsmanna við yfirdóminn verði greidd úr dómsmálasjóðnum um 1—2 ára tíma, skyldi því ekki verða fyr framgengt, að þeir fái laun sín úr ríkissjóði.

5. *Sami,* 2. niðurlagsuppástúnga:

Að þeir 300 rd., sem nú eru borgaðir úr dómsmálasjóðnum til yfirdómendanna í landsyfirrèttinum, verði hið fyrsta, skeð getur, borgaðir þeim árlega úr ríkissjóði.

6. Hvort rita skuli konúngi álitsskjal samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (Jón Pèturson): Sökum þeirra nýju upplýsínga, sem komnar eru fram í málinu, og sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir álitið áreiðanlegar, hefir nefndin álitið, að nóg fè muni vera í dómsmálasjóðnum, til að launa af málaflutníngsmönnunum við landsyfirrèttinn, ef lètt væri á honum þessum 300 rd., sem úr honum eru greidd meðdómendunum í landsyfirrèttinum fyrir þýðingar og annað, og þeir yrði borgaðir þeim úr ríkissjóðnum, að minnsta kosti þangað til sannaðist, að dómsmálasjóðurinn væri fær um, að taka aptur að sèr að greiða þá, án þess að innstæðan skertist. Þíngmenn hafa komið fram með nokkur breytíngaratkvæði, bæði við meiri og minni hluta nefndarinnar; en eg get ekki svarað þeim, af því að nefndin hefir að nokkru leyti yfirgefið þann grundvöll, sem þau eru byggð á, fyr en eg heyri ástæður þíngmanna fyrir þeim, og hvort þeir nú ekki muni aðhyllast hina nýju uppástúngu nefndarinnar.

Páll Melsteð: Eg var einn af nefndarmönnum, og talaði ekki við uudirbúníngsumræðuna, og skal ekki heldur tala margt nú, því mèr sýnist málið nú vera komið í gott horf; og vona eg, að allir þíngmenn verði á einu máli um það, að aðhyllast uppástúngu nefndarinnar undir 1. tölulið.

Arnljótur Ólafsson: Svo feginn, sem eg vildi, get eg þó eigi alveg fallizt á 1. tölul., sem nefndin hefir nú stúngið upp á. Þetta mál innibindur í sèr að eins eitt atriði; það er, að sjá málaflutníngsmönnunum borgið með, að þeir fái laun sín úr dómsmálasjóðnum, þangað til öðruvísi verður ákveðið, það er að setja dómsmálasjóðinn *„í stand til«* að borga þeim þessi laun, og ef hann getur það ekki, þá að vísa á annan sjóð, hvaðan megi borga þeim laun þeirra; þetta er verkefni þíngsins og nefndarinnar. Þegar eg nú skoða breytíngaratkvæði nefndarinnar undir 1. tölul., sè eg ekki, að hún hafi leyst þetta svo af hendi, eins og hún ætti að gjöra. Eg fellst alveg á fyrri hlutann, sem fer fram á, að þeir 300 rd., sem nú eru greiddir úr dómsmálasjóðnum dómendunum í landsyfirrèttinum, verði framvegis borgaðir úr ríkissjóði fyrst um sinn, því það er gott, ef það fæst, og mèr sýnist, að menn eigi að biðja um, að það fáist; en svo kemur, að eigi að launa málaflutníngsmönnunum úr dómsmálasjóðnum, uns það reynist, að hann eigi sè fær um það, án þess að skerða innstæðuna«. En má eg spyrja: hví er þetta mál tekið fyrir? Það er tekið fyrir einmitt af því, að dómsmálasjóðurinn er ekki fær um að borga þeim þessi laun. Í brèfi stjórnarinnar stendur, að málaflutníngsmennirnir skuli hafa laun sín úr dómsmálasjóðnum í 3 ár, og ef þá reynist, að sjóður þessi sè ekki fær um þessi útgjöld, skuli málið verða lagt fyrir þíngið, svo að það stíngi upp á, hvaðan þeim skuli þá framvegis borga laun þeirra. Af því stjórnin hefir álitið, að dómsmálasjóðurinn væri ekki fær um þessi útgjöld, hefir hún nú lagt þetta mál fyrir þíngið. Hverir eru nú þeir útvegir, sem nefndin bendir þinginu á? Hún stíngur upp á, að lètt sè 300 rd. á dómsmálasjóðnum; það er að vísu mikið gott, ef það yrði gjört; en nú stendur svo á, að landfógetinn segir, að dómsmálasjóðurinn sè ekki fær um, að borga málaflutníngsmönnunum laun þeirra, nema þessum 300 rd. sè lètt á sjóðnum. Hvernig fer nú? Málaflutníngsmennirnir fá ekki laun sín útborguð úr dómsmálasjóðnum, fyr en svar kemur frá stjórninni um það, hvort hún vili taka að sèr þessa 300 rd. Nú getur verið, að stjórnin á endanum segi: *nei,* eða þá,

að hún vili að eins lètta 150 rd. á sjóðnum, en ekki 300 rd. Þá hefir nefndin byggt tillögur sínar á óvissu; hún hefir ofurselt málaflutníngsmennina undir atkvæði stjórnarinnar um það, hvort hún vili lètta þessu á sjóðnum eða ekki; hún hefir vísað þeim upp á náð stjórnarinnar. Þetta er gjört án þess að gæta að, hvernig fara muni, ef ekki fer allt eptir óskum. Eg held, að þó stjórnin svari einhvern tíma má ske eptir $1\frac{1}{2}$ eða 2 ár, og þó hún þá segði, að hún vili lètta á dómsmálasjóðnum þessum 300 rd., þá muni málaflutníngsmennirnir vera orðnir svangir um það leyti, ef þeir eiga að lifa á voninni þangað til, og ef nú stjórnin vill eigi lètta þessum 300 rd. af sjóðnum, þá verður von málaflutníngsmanna að engu. Mèr liggur við að segja, að hvernig sem fer, þá sè málaflutníngsmönnum hèr vísað út á kaldan klaka. Við undirbúníngsumræðuna áskildi eg mèr breytíngaratkvæði, sem er mèr að kenna, að ekki er komið á atkvæðaskrána, og gekk það í þá átt, að þeir skyldi fá laun sín úr dómsmálasjóðnum um ákveðinn tíma, svo sem 3 ár; en nú vill svo vel til, að hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hefir áskilið sèr breytíngaratkvæði í þá sömu átt, og stendur það hèr undir 3. tölulið, og finnst mèr það vera alveg nauðsynlegt, að þíngið aðhyllist þetta breytíngaratkvæði, ef það vill annars ekki setja málaflutníngsmennina út á hjarn. Vèr eigum að láta þá fá laun sín, ef vèr viljum halda þeim, og það úr dómsmálasjóðnum, þangað til vèr sjáum fyrir víst, að hann ekki er fær um það, og þá eigum vèr að sjá fyrir þeim á annan hátt; og mèr sýnist, að vèr eigum ekki að kæra oss um það, þó innstæðan skerðist dálítið. Eg verð að segja það, að eg gef atkvæði mitt fyrir 3. tölulið og 5., því með 5. tölulið nær maður fyrri partinum af breytíngaratkvæðinu undir 1. tölulið; en með 3. tölulið nær maður meiru, en er í síðari hluta 1. töluliðs, því maður fær með honum meiri tryggíngu fyrir því, að málaflutníngsmennirnir geti staðizt, en er í 1. tölulið, því annars á maður allt upp á von og óvon, og mèr finnst vèr eigum að búa svo um hnútana, að vèr vitum, hvað vèr segjum, en ekki byggja upp á eintómar spár. Ef vèr viljum hafa málaflutníngsmennina, þá eigum vèr að láta þá fá laun sín um ákveðinn tíma, en ekki að segja við þá: »Þið fáið laun, ef það reynist, að þið getið fengið laun«. En nú getur dómsmálasjóðurinn ekki borgað þeim launin, án þess að skerða innstæðuna, og verður þá það sama sem að segja: »Þèr skuluð fá launin, en þið getið ekki fengið þau«; það er sama sem að segja: »*Vermið yður og mettið*«.

Framsögumaður: Mèr heyrðist þingmaður Borgfirðinga vera alveg á móti 1. tölulið, og vili aðhyllast töluliðina 3. og 5.; en þegar að gætt er, þá er lítið bætt með því, því í 5. tölulið er alveg sama og í fyrri hluta 1. töluliðs. Breytíngaratkvæðið undir 3. tölulið vill, að laun málaflutníngsmannanna skuli borgast úr dómsmálasjóðnum í 4 ár; en hvaðan svo? Það mun þá eiga að koma aptur fyrir þíngið? Á þá þetta að vera standandi spurníng einlægt á þínginu? Ef sjóðurinn reynist ekki nægur til þessa, þá á að bera það upp á þínginu aptur, segir þingmaðurinn; en er ekki nú vissa fyrir því, ef þessum 300 rd. til yfirdómendanna verður lètt af sjóðnum? Mèr sýnist menn eigi ekki að vefengja þá reiknínga, sem síðar eru framkomnir í málinu, og sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir álitið gilda, þó að landfógeta reikníngarnir sýnist að benda á, að sjóðurinn ekki muni vera fær um það, að borga málaflutníngsmönnum laun sín *(Arnljótur Ólafsson:* Fá þeir þessi laun enn þá?). Eg spurði að þessu á síðasta fundi, og held eg, að það fljóti af sjálfu sèr, að úr því þeir eru settir í þetta embætti, og laun þeirra eru ákveðin úr þessum sjóði, þá fá þeir laun sín úr honum, þangað til öðruvísi verður ákveðið, því spurníngin er um það, hvaðan launin skuli taka handa þeim, en ekki um það, að taka af þeim launin. Nú eru líkur til, að sjóðurinn sè fær um að bera þennan kostnað *(Arnljótur Ólafsson: Framsögumaður* gengur út frá rangri skoðun; málið er tekið fyrir, af því sjóðurinn reyndist ekki fær um að bera þennan kostnað). Það er satt að því leyti, að eptir skýrslu landfógeta leit svo út; en mèr sýnist, að menn ekki megi rengja þann reikníng, sem *konúngsfulltrúinn* hefir samþykkt. Þíngmanninum þótti, að nefndin hefði rekið málaflutníngsmennina út á gadd; en hann vill einmitt sjálfur vísa þeim á gadd, að 4 árum liðnum; nefndin þar á móti vill einlægt hafa þá á dómsmálasjóðnum, þangað til það reynist, að hann ekki er fær um, að launa þeim, en ef hann ekki verður fær um það, þá kemur málið aptur fyrir þíngið. En það getur varað í langtum fleiri ár, en 4, að sjóðurinn verði fær um þetta; og meðan hann er fær um það, þarf ekki málið aptur að koma fyrir þíngið.

Björn Pètursson: Eg þarf ekki að mæla með breytíngaratkvæði mínu, sem nefndin öll, bæði meiri og minni hlutinn, hefir fallizt á, því að *framsögumaður* gjörði það svo vel, þó að þíngmaður Borgfirðinga sè mótfallinn breytíngaratkvæðinu, þarf ekki að álasa honum fyrir það, að hann vili, að málaflutníngsmennirnir sè

svangir. Hann rekur líklega minni til þess, hversu dregur úr mönnum, þegar þeir eru svangir, síðan í hitt eð fyrra, að hann var sjálfur á ferð nálægt bænum Svanga í Borgarfjarðarsýslu. Það er ekki satt, að nefndin vísi málaflutníngsmönnunum út á kaldan klaka, og ekki heldur til náðar stjórnarinnar; en þó svo væri, held eg, að ekki væri í kot vísað. Nú hefir nefndin samt ekki vísað málaflutníngsmönnunum á eintóma náð stjórnarinnar, heldur á sjóð, sem peníngar eru í, sumsè dómsmálasjóðinn. Þíngmaður Borgfirðínga lèt í ljósi kvíða fyrir því, að dómsmálasjóðurinn mundi ekki vera fær um þetta. En menn verða að gæta að því, að það er beðið um, að lètta 300 rd. byrði af honum, og ef henni verður af lètt, sem eg get ekki efað, þá er hann eptir skýrslu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* fær um, að borga málaflutníngsmönnunum laun þeirra. Stjórnin hefir beðið þíngið, að benda á, hvernig þeim verði launað; þetta höfum vèr gjört; og vili ei stjórnin fara að þíngsins ráði, þá verður hún að sjá fyrir því. Eg er sannfærður um, að hún muni ekki vilja fella málaflutníngsmennina, eða láta þá deyja úr húngri.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst breytíngaratkvæðið undir 1. tölul. gott, eptir skilníngi *framsögumanns*, að eigi að halda áfram að borga málaflutníngsmönnunum úr dómsmálasjóðnum án tillits til tillaga alþíngis; ef menn þess vegna ekki vilja, að haft sè tillit til tillaga alþíngis, þá eiga menn að fallast á 1. tölulið; en eg er hræddur um, ef að þíngið ekki fellst á breytíngaratkvæðið undir 3. tölulið, þá muni verða hætt við, að borga laun þessi úr dómsmálasjóðnum, því í 1. tölulið stendur »án þess að skerða innstæðuna«; ef nú ætti að taka þetta til greina, þá er eg hræddur um, að má ske mundi verða nokkuð fljótt hætt að út borga launin; en það er um að gjöra fyrir þíngið, að sjá fyrir því, að þeir fái þessi ómerkilegu laun. Eg furða mig á því, að *framsögumaður* skuli svo fljótt hafa sleppt ávísuninni upp á ríkissjóðinn, þar sem þó reikníngar minna hluta nefndarinnar að eins sanna, að dómsmálasjóðurinn muni geta staðizt þennan kostnað, með því móti, að 300 dölunum lètti af honum; reikníngur minna hlutans sannar ekki annað, og þess vegna var það nauðsynlegt, að meiri hlutinn hefði haldið áfram aðaluppástúngu sinni, að ríkissjóðurinn tæki þar við, sem dómsmálasjóðurinn þryti. Eg er hræddur um, að nefndin hafi spillt fyrir sèr, þegar hún tók þíngmanninn úr Suður-Múlasýslu upp í félagið með þetta breytíngaratkvæði undir tölulið 1.;

reyndar veit eg ekki, hvað mikið hann á í því, og er það ekki víst, að það sè svo mikið, að það hafi spillt. Eg held því, að rèttast sè, að þingið gangi inn á 3. tölulið, því eptir honum eiga þeir að fá laun sín á sama hátt, og að undanförnu, í 4 ár; þegar þau eru liðin, »*þá koma tímar og þá koma ráð*«; mèr þykir líklegt, að stjórnin hafi þá fengið svo glöggar skýrslur um dómsmálasjóðinn, að hún viti, hvað hann getur borið, og geti þá lagt fyrir þingið frumvarp til laga um það, hvernig þeim skuli borga laun sín. 5. tölulið finnst mèr sjálfsagt að samþykkja, því mèr finnst rètt, að öll laun þeirra embættismanna, sem eiga að fá laun sín úr ríkissjóði, borgist úr honum, því eg sè ei neinn mun á þessum 150 rd., 250 eða 300 rd.; mèr sýnist að það eigi allt að borgast úr ríkissjóðnum, og þykir mèr líklegt, að stjórnin taki það að sèr, svo að lètti á þessum vesala dómsmálasjóði.

Framsögumaður: Eg er ekki á móti, að aðhyllast tölul. 3. og 5., svo framarlega sem það er víst, að málaflutningsmennirnir fái eigi laun sín úr dómsmálasjóðnum þetta ár, sem nú stendur yfir; en ef þeir þar á mót fá launin þaðan enn, þá sè eg ekki nauðsyn á þessum breytíngaratkvæðum, því eg álít þá sjálfsagt, að dómsmálasjóðurinn haldi áfram að borga þeim launin, þangað til það reynist, sem ekki er enn sannað, heldur einmitt það mótsetta, að hann sè ekki fær um það.

Forseti: Mèr er kunnugt um annan málaflutníngsmanninn, og eg veit, að honum kemur ekki til hugar, að hann eigi rètt eða heimtu á launum úr þessum sjóði frá 30. júlí þ. á.

Framsögumaður: Það var einmitt þessi upplýsíng, sem mig vantaði. Eg leitaði upplýsínga um þetta við undirbúníngsumræðuna; en fèkk ekkert svar. En fyrst þetta er nú svona, þá álít eg tryggara, að samþykkja 3. og 5. tölulið, því það gæti þó skeð, að við nýja rannsókn reyndist, að sjóðurinn væri ekki fær um, að borga launin.

Konúngsfulltrúi: Eg lèt í ljósi við undirbúníngsumræðuna, að eg yrði að aðhyllast álit minna hlutans, þar sem löggæzlusjóðurinn mundi þola, eptir hinum framkomnu upplýsíngum, að borga þau hèr umræddu laun til málsfærslumanna. Að minnsta kosti virðist óhætt að halda, að sjóðurinn að svo komnu geti staðizt þennan kostnað; reynist það ekki svo, þá verður að bera málið aptur upp fyrir stjórninni og þínginu.

Eg leyfði mèr að taka fram, að það væri því að eins ástæða

til að biðja um, að launin, sem assessorarnir fá úr löggæzlusjóðnum, yrði borguð úr ríkissjóðnum, að löggæzlusjóðurinn ekki gæti borgað þessi laun, og eg aðgreindi einnig þann hluta launanna, sem upphaflega var ætlaður fyrir þá dönsku þýðingu af rèttargjörðunum í málum, sem stefnt er til hæstarèttar, frá þeim, sem bætt var við 1834 og 1851; en það eru 150 rd., nefnilega 50 rd. til annars, og 100 rd. til fyrsta assessors.

Að stjórnin hafi ætlazt til, að það skyldi hætta að borga málaflutníngsmönnunum laun þeirra nú þegar, get eg ekki álitið sè rètt skoðað; heldur hefir hún ætlazt til, að allt skyldi standa eins og hingað til í því efni, þangað til það væri komið í kríng með það, hvaðan launin yrði tekin eptir þíngsins uppástúngu.

Helgi G. Thordersen: Eg er ekki alveg viss í, hvernig eg á að greiða atkvæði. Mèr skilst á 1. breytíngaratkvæðinu, eins og menn vili hlífa sèr við, að taka úr dómsmálasjóðnum borgun fyrir útleggíngu á dönsku á málum, sem eiga að fara til hæstarèttar; að því leyti, sem sú ætti að vera meiníngin, sem eg reyndar ekki efast um, þá er eg engan veginn á því, að við eigum að borga fyrir útleggíngar til stjórnarinnar, heldur eigum vèr að senda það til hennar á okkar móðurmáli, og svo getur stjórnin farið með það, eins og hún vill. Svo var eg að hugsa um, hvort eg ætti að gefa atkvæði fyrir tölul. 3.; mèr finnst reyndar mikið tala með því, af því þessi regla er nú einu sinni á komin, svo eg býst við, að eg helzt verði með því. En eitt verð eg að biðja um upplýsíngu um: á landið að borga þessar dönsku útleggíngar, eða á það ekki að gjöra það? Er það rètt, að við, fátæk og lítil þjóð, borgum þetta svo mikið, einkum þar eð svo erfitt er, eins og hèr var áður vikið á á þínginu, að fá góðar danskar útleggíngar hèr? Eg held fyrir mitt leyti, að margar eða flestar af þeim sè svo, að þær sè landinu til lítils sóma, ef eigi stundum til minnkunar; og því ættum vèr ei að gefa þvílíkar útleggíngar upp á eiginn kostnað. Eg er engi kappsmaður, og af því þetta hefir verið svo hingað til, væri víst hægt, að fá mig til, að gefa atkvæði með 3. tölul. En eg vildi þó, að þessar spurníngar kæmi til greina, þó eg kann ske með því veki orðafjölda.

Konúngsfulltrúi: Það liggur ekki fyrir, að tala hèr um borgun fyrir dönsku þýðínguna af rèttargjörðum í opinberum málum, sem áfrýjað er til hæstarèttar; en hún er nauðsynleg, eins og allir geta sèð, því að sleppa þýðíngunni væri hið sama sem að sleppa

rètti sínum, til að áfrýja málunum til hæstarèttar; því ekki er að ætlast til, að hæstarèttardómendurnir og málaflutníngsmennirnir við hæstarètt skili islenzku til hlítar. Vili menn því neyta rèttarins, hljóta menn líka að gjöra það, sem til þess útheimtist.

Það er líka alkunnugt, að við rètti í Danmörku verða hlutaðeigendur að láta þýða þau skjöl á dönsku, sem ekki er á því máli, til þess að geta lagt þau fram.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, þá vil eg geta þess, að allir eru víst sannfærðir um, að meðan útleggíngarnar frá yfirdóminum komu frá þeim, sem nú er í konúngsfulltrúasætinu, hafi þær verið svo vel úr garði gjörðar, að þeir gátu ei vænzt betri. Það getur nú vel verið, að mínar sè lakari; en þó hèlt eg, að þær væri varla svo, að þær væri landinu til minnkunar. Það getur verið misskilníngur minn, að hann hafi meint það til mín.

Helgi G. Thordersen: Eg vil að eins leyfa mèr að leiðrètta þetta. Mèr datt ekki í hug nokkur viss maður, og sízt landsyfirrètturinn; eg sagði þetta að eins almennt; en vildi ekki meiða nokkurn mann. En það veit eg, að t. d. margar af útleggíngunum á alþíngistíðindunum og fleiru, enda tek eg ei undan mínar eigin útleggíngar, — þær eru eigi svo samboðnar því, sem er á frummálinu, að þær sè vel frambjóðandi.

Guðmundur Brandsson: Það hefir nú af ýmsum verið tekin fram mismunurinn milli 1. og 3. töluliðs; mèr finnst nú líka vera munur á þeim; og það er eitt, sem ekki hefir verið tekið fram af neinum, annaðhvort af því menn hafa gleymt því, eða hlaupið yfir það með vilja, að í 1. uppástúngunni stendur: »verði greitt fyrst um sinn«. Hvað er meint með því? eða þangað til hvenær á það að vera? og hvaðan á þá að taka launin, þegar þessi tími er liðinn? Annað er það, seinna í greininni, að það er beðið um, að launin verði greidd úr dómsmálasjóðnum, uns það reynist, að hann sè ei fær um það«; en má ske það reynist undir eins í ár, eða á næsta ári; og hvernig á þá að fara að? Mèr skildist á reikníngunum, sem minni hlutinn byggði á, og *konúngsfulltrúi* sagði, að væri áreiðanlegir, að tekjur sjóðsins væri mjög óvissar, og væri komnar undir, hvað skírlífið væri gott; eg held, að það væri nú ekkert að, þó það færi heldur í vöxt, en hitt, jafnvel þó tekjur sjóðsins minnki við það. Ef ekki er tekið skýrt fram víst árabil, þá verður þetta svo óákveðið. Eg álít því mikið bætt úr með 5. breyt-

íngaratkvæðinu, og gef því atkvæði fyrir tölul. 3. og 5. Það er líka munur á 5. og 1. tölul. Í 5. er beðið um, að þeir 300 rd., sem assessorarnir nú fá úr löggæzlusjóðnum, verði hið fyrsta, skeð getur, borgaðir úr ríkissjóði; þar er einnig skýrt tekið fram, að málaflutníngsmennirnir fái í næstu 4 ár laun sín úr löggæzlusjóðnum. Í 1. tölul. er aptur ekki annað, en kák. Þykir mèr því líkast til, að flestir þíngmenn vari sig á, að ganga inn á það breytíngaratkvæði.

Jón Hjaltalín: Eg vil lýsa því yfir, að eg gef hvorki atkvæði fyrir breytíngaratkvæði meiri hlutans, nè meiri hlutanum sjálfum; en held mèr til minni hlutans og breytingaratkvæðis míns undir tölul. 3.

Ásgeir Einarsson: Mèr fannst hinn háttvirti *framsögumaður* vera í efa um, hvernig mundi fara fyrir málaflutníngsmönnunum; því þegar það kom frá *forseta,* að málaflutníngsmönnunum væri hætta búin með að halda launum, þá var hann til með, að falla frá uppástúngu sinni; en hvort nú *konúngsfulltrúi* hefir hughreyst hann aptur, veit eg ekki. En ef *framsögumaður* vill gjöra sig ánægðan með 3. og 5. tölulið, þá væri betra, að hann tæki aptur uppástúngu sína, en taka 3. og 5. tölulið. Þíngmaður Gullbríngusýslu fann að þessu: »*fyrst um sinn*« í 1. uppástúngunni; það mætti þá greiða atkvæði um það í 2 pörtum, ef þíngið, að því slepptu, vildi ganga inn á breytíngaratkvæðið, og eins um: »uns það reynist« o. s. frv. í seinni partinum; þætti mèr vænt, að heyra meiníngu hins háttvirta *framsögumanns* um þetta. Eg vildi alls eigi gjöra þetta að kappsmáli; en vildi gjöra mitt bezta eptir veikum mætti, svo málinu yrði vel framgengt. Mèr fannst þíngmaður Norður-Þíngeyínga hafa skilið alveg rètt meiníngu mína, að eg vildi sýna, að dómsmálasjóðurinn gæti fyrst um sinn borið þenna kostnað, ef lètt væri á honum þessum 300 rd. til meðdómendanna í yfirrèttinum. En þessi uppástúnga mín, um þessa 300 rd., kom bæði af því, að eg áleit, að það væri þörf, og líka af því, að mèr sýndist það vera rèttara, því eptir 5. gr. í tilskipun 18. júlí 1800 skil eg ei, hvernig það getur verið skylda dómsmálasjóðsins, að borga 150 rd. í þessi skrifstofulaun, þar sem lètt var á ríkissjóðnum *sekretèra* með 600 rd. launum, sem nú hefði víst verið orðin. Eg get ekki, eins og þíngmaður Borgfirðínga og Suður-Múlasýslu vildu, beðið um þetta eins og náðargjöf; en eg vil vona svo mikils til rèttlætis stjórnarinnar; það er gott, ef náðin tekur við, þar sem

rèttlætið duglr ekki. Mèr hefir heyrzt á mönnum, að þeir muni fallast á tölulið 5, og þá er eg ánægður, því það var mín aðaluppástúnga; og að málaflutníngsmennirnir komist ekki á hjarn, má fá bæði með tölulið 3 og 5.

Framsögumaður: Mèr sýnist vera alveg sama, hvort menn fallast á 1. tölulið eða 3. og 5., því eptir reikníngunnm, sem minni hlutinn byggði á, og sem *konúngsfulltrúi* áleit áreiðanlega, er engi ástæða til að efast um, að dómsmálasjóðurinn sè fær að borga launin. Eg held því, að ekkert sè á móti, að ganga inn á bæði 3. og 5. tölulið til samans, og það er kann ske fullt eins gott og að aðhyllast 1. tölulið.

Páll Sigurðsson: Eg vil bæta því við það, sem þíngmaður Gullbríngusýslu sagði um, að ísjárverðara væri, að fallast á 1. tölulið, að þetta »fyrst um sinn« getur skilizt á svo marga vegu; kann ske stjórnin skili það svo, eins og beðið sè um, að lán verði tekið upp á dómsmálasjóðinn úr ríkissjóðnum; eg vil því heldur fallast á 3. og 5. atriðið.

Gísli Brynjúlfsson: Eg get þó ekki orða bundizt, að segja dálítið um þessa atkvæðaskrá, áður en til atkvæða er gengið, þar sem mèr þykir hún svo merkileg í marga staði, og það því fremur, sem hinn háttvirti *framsögumaður* varð ei svo vel við bón þíngmannsins fyrir Strandasýslu og meðnefndarmanns síns, sem eg hefði viljað óska, því mèr sýnist það þó æfinlega mega stytta dálítið, að minnsta kosti atkvæðagreiðsluna, ef nefndarmenn, með því að taka þær aptur, spara þíngmönnum þetta ómak við uppástúngur, sem auðsjáanlega ekki er til neins að greiða atkvæði um, eins og nú má segja um tölulið 1. og 2. En það hefir yfir höfuð farið nokkuð skrítilega með þetta mál, frá því það kom *fyrst* hèr inn á þíngið frá nefndinni aptur; þá muna menn víst, að það byrjaði með því, sem opt kann við að bera, að nefndarálitið var í tvennu lagi, frá meira hluta og minna hluta; um þetta tala eg því ekki; en þá brá svo undarlega við, sem eg aldrei fyr hefi vitað dæmi til, að *framsögumaður* byrjaði með að játa, í nafni meira hlutans, að minni hlutinn væri þó eiginlega betri en meiri hlutinn, svo hann fyrir sitt leyti hefði ekkert á móti, að fallast á hann. Þetta var nú upphaf undranna, og mèr finnst á því hafi ætlað að sannast það, sem annars er sagt í æðra máli, að »hinir síðustu hafi orðið hinir fyrstu, og hinir fyrstu hinir síðustu«. Mèr þótti þetta nú að visu vænt, því eg heyrði undir eins á orðum hins háttvirta *framsögu-*

manns, að það var ekki nema misskilníngur, sem mèr annars kynni að hafa dottið í hug, að meiri hlutinn mundi eins og hafa ætlað að fella málaflutníngsmennina á nokkurs konar sniðglímu með hinum fyrstu uppástúngum sínum, er aldrei hefði getað orðið þeim að nokkru gagni; en, sem sagt, mèr þykir nú vænt að sjá, að þetta er ei svo, því eg vil með engu móti missa málsfærslumennina. En undrunum átti nú samt ei að vera lokið með því, sem eg nú hefi talið, og það var ei nóg, að meiri hlutinn hafði hingað til eins og farið undan minni hlutanum í flæmíngi, því nú er hèr komin ný uppástúnga frá allri nefndinni, undir tölulið 1 á atkvæðaskránni, svo það lítur svo út, sem hinn háttvirti minni hluti sè nú jafnvel fallinn frá þeim uppástúngum, sem eg áður þóttist mega þakka honum svo mjög; eg get nú ei annað sagt, en að nefndin öll, í heilu lagi, sè nú farin að fara undan sjálfri sèr í flæmíngi, svo menn mætti jafnvel fara að verða í efa um, til hvers menn eiginlega helzt ætti að halda sèr í atkvæðagreiðslunni. Því ætla eg líka fyrir mitt leyti, að halda mèr við breytíngaratkvæði hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns undir tölulið 3, er hvorki er komið frá meiri hlutanum nè minna hlutanum, en á þó skyldast við hinn síðara; og svo mun eg og gefa atkvæði mitt fyrir hinni annari uppástúngu minna hlutans undir tölulið 5. En að öðru leyti get eg ei skilizt svo við málið, að eg ítreki ei enn við *framsögumann* þá spurníngu hins háttvirta þíngmanns úr Strandasýslu, hvort hann vili ei hreinlega taka aptur þær uppástúngur nefndarinnar eða meira hlutans, sem auðsætt er, að alls ei þarf að gefa atkvæði fyrir, fyrst nefndin sjálf er fallin frá þeim.

Pètur Pètursson: Ætli það stytti ekki þíngræðurnar, ef að eins þeir töluðu, sem eru á móti 3. og 5. tölulið. Eg skil ekki, að þeir, sem eru með þeim, þurfi að tala; en nú held eg, að flestir þíngmanna sè með þeim, og því hafa ræðurnar verið að mestu óþarfar.

Framsögumaður: Eg ímynda mèr, að hinn háttvirti þíngmaður Skagfirðínga hafi ekki verið hèr, þegar þetta mál var hèr til undirbúnings, því annars hefði hann víst tekið betur eptir, en út lítur fyrir; og hann hefði þá skilið, hví meiri hlutinn breytti meiníngu sinni. Eg áleit ei, að eg ætti að breyta meiníngu minni, þó eg sæi reikníngana, sem minni hlutinn byggði á; en það var fyrst, þegar *konúngsfulltrúinn* lèt það álit sitt í ljósi, að skýrslur hans væri rèttar, að eg gekk inn á minni hlutann. Hefði nú þíng-

maðurinn tekið eptir þessu, þá hefði hann sèð þetta, og þá hefði sniðglíman hans og annað, sem hann sagði, fallið burt. Það var eðlilegt, þó meiri og minni hlutinn sameinaði sig, þegar þessar upplýsingar voru fengnar; af þessu leiðir, að það, sem hann sagði, fellur til baka á eptirtektasemi hans á þinginu, og það var óverðskuldað álas, sem hann gaf meiri og minni hlutunum. Ekki sè èg heldur ástæðu til, að taka 1. breytíngaratkvæðið aptur, því það liggur ekki annað í því, en í 3. og 5. tölulið.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vakti efasemdir í gær, og bað um upplýsíngar um þessa reiknínga, en hefi ekki fengið þær enn; eg hefi ekki enn heyrt *konúngsfulltrúa* segja, að þessir reikníngar væri góðir, svo eptir því, sem enn er fram komið, sè eg ekki, að eg geti gefið atkvæði í málinu. Það er auðsèð, að menn hafa farið undan í flæmíngi, svo ekki sèst, hver tilætlunin er, og ekki heldur í tölulið 3. og 5. Er sú tilætlunin, að dómsmálasjóðurinn skuli taka af höfuðstólnum? (*Arnljótur Ólafsson:* Já!); það er annað mál; það er með öðrum orðum: höfuðstóllinn á að ganga til þess, þó það verði, ef til vill, 2000 rd. En þó *framsögumaður* hafi sagt, að það væri áreiðanlegt, að reikníngarnir væri góðir, því *konúngsfulltrúi* hafi sagt það, þá er auðsèð, að nefndin sjálf ekki veit enn, hvort þeir sè áreiðanlegir, því hefði hún verið viss um það, hefði hún ekki þurft að setja þetta: »uns það reynist«.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu þau á þessa leið:

1. *Nefndin* og *Björn Pètursson,* breytíngaratkvæði í stað niðurlagsuppástúngna meira og minna hluta nefndarinnar (tölulið 2., 4. og 5.) fellt með 12 atkv. gegn 6.
2. Meiri hluti nefndarinnar (*Jón Pètursson* og *Páll Melsteð*) niðurlagsuppástúnga tekin aptur.
3. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* samþykkt með 19 atkv.
4. Minni hlutinn (*Ásgeir Einarsson*) 1. niðurlagsuppástúnga fallin við þessa atkvæðagreiðslu.
5. *Sami,* 2. niðurlagsuppástúnga samþykkt með 19 atkv.
6. Hvort rita skuli konúngi álitsskjal samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 20 atkv.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *ályktarumræðu* og atkvæðagreiðslu *málið um rafsegulþráð Shaffners;* eg hefi látið

prenta atkvæðaskrá, sem eg vona allir þingmenn hafi fyrir sèr. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga, og skal eg biðja skrifarana að afhenda honum skjöl málsins:

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: þegnleg uppástúnga um rafsegulþráð Shaffners.

1. *Nefndin,* 1. frumvarpsgr.:

   Herra Tal. P. Shaffner, ofursta frá bandafylkinu Kentucky í Vesturheimi, og fèlögum hans veitist einkaleyfi í níutíu (90) ár frá dagsetníngu þessa lagaboðs, til að leggja rafsegulþráð eður rafsegulþræði á land á Íslandi, bæði á meginlandið og eyjar þess, yfir landið, og frá því aptur, að viðhalda þræði eða þráðum þessum, og hafa hvervetna frjálsa leið að þeim, svo og fram með þeim og aptur, að svo fyrirskyldu, að sagður Shaffner eða fèlagar hans komi á rafsegulþráðarsambandi milli Íslands og útlanda, og hafi lokið því á tíu (10) árum hinum næstu, frá dagsetníngu þessa lagaboðs, og að rafsegulþráður eða rafsegulþræðir þessir milli Íslands og útlanda liggi aldrei ónotaðir þrjú ár í senn eður lengur. En haldi sagður Shaffner eður fèlagar hans eigi skildaga þessa, þá hafi þeir fyrirgjört þessu einkaleyfi sínu.

2. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar* og *Magnúsar Andrèssonar* við 2. frumvarpsgr. (tölul. 5.):

   Að eptir orðin: »hvar sem er«, komi »*en heimtíngu á landeigandi á sanngjarnri borgun, sem fara skal eptir því, hvern baga landeigandi líður við það, að þráðurinn er lagður, og liggi yfir land hans*«.

3. Breytíngaratkvæði *nefndarinnar* við 2. frumvarpsgr. (tölul. 5.): *Breytíngaratkvæði* við 2. gr., fyrir: »innan búfjárhaga« setist: *yfir heimalönd;* og í stað »inn í búfjárhaga«, setist: »*inn á heimaland*«, og í stað »búfjárhaga«, setist: *heimalönd.*

4. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar* og *Magnúsar Andrèssonar* við 2. frumvarpsgr. (tölul. 5.):

   Að í stað orðanna: *kom inn í búfjárhaga hans*«, setist: „*kom inn í land hans*«.

   Að eptir orðin, »*og skal þá*«, komi: *málið lagt í gjörð yfirdómsins*, en orðin »landeigandi—áfrýjandi«, falli burt.

5. *Nefndin,* 2. frumvarpsgr.:

   Skylt er því hverjum að leyfa, að rafsegulþráður þessi eða rafsegulþræðir sè lagðir yfir lönd hans, hvar sem er. Heimt-

íngu á landeigandi á sanngjarnri borgun, ef þráðurinn er lagður innan búfjárhaga hans, en fyrirgjört hefir landeigandi henni, ef hann eigi, eða umboðsmaður hans, sè hann utan fjórðúngs, krefst bóta, áður sextigir daga sè liðnir frá því, er hann vissi, að þráðurinn kom inn í búfjárhaga hans. Nú semur eigi landeiganda, eður umboðsmanni hans, og þeim Shaffner um gjaldið, og skal þá landeigandi, eður umboðsmaður hans, kveðja sýslumann áreiðar á landið, til að meta bæturnar, með tveim óvilhöllum mönnum, er sýslumaður sjálfur kýs. Virðíng sú skal haldast, er þeir gjöra, nema sýslumaður hafi traðkað rètti annarshvors málsaðila, og má þá stefna áreiðargjörðinni til ónýtíngar, og málinu til nýrrar áreiðar til yfirdómsins, og skal þá sýslumaður greiða áfrýjunarkostnaðinn, ef málið gengur honum á móti, en annars áfrýjandi. Áreiðarkostnaðinn skulu báðir málsaðilar greiða, sinn helmínginn hvor þeirra.

Nú er segulþráður þessi lagður fyrir utan búfjárhaga manna, og skal þá eigi landeigandi eiga nokkra heimtíng á bótum, þótt yfir land hans liggi.

6. (*Benedikt Sveinsson* og *Magnús Andrèsson,* uppástúnga: Að seinasti kafli greinarinnar (tölul. 5.): »Nú er segulþráður þessi —þótt yfir land hans liggi«, falli burt).
7. *Nefndin,* viðaukauppástúnga við 2. frumvarpsgr. (tölul. 5.): *Viðaukaatkvæði* við 2. gr., að fyrir aptan: »og má þá stefna áreiðargjörðinni«, bætist inn í: *innan þriggja mánaða.*
8. *Nefndin,* orðabreytíng við 2. frumvarpsgr. (tölul. 5.): Að fyrir: »segulþráður«, verði sett: *rafsegulþráður.*
9. *Nefndin,* 3. frumvarpsgr.: Hver, sem vísvitandi skemmir rafsegulþráð þennan, verður sekur um 25—250 rd., eður sætir líkamlegri refsíngu, frá 6 til 20 vandarhagga, eptir málavöxtum, og greiði skaðabætur að auki.
10. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg skal að eins fara fáeinum orðum um breytíngaratkvæði þau, sem eg sè, að hèr standa á atkvæðaskránni, og er það einkum breytíngaratkvæði hinna sömu manna undir tölulið 2. og 4., um borgunina fyrir landið, og um meðferð málsins, ef ekki semur milli hlutaðeiganda. Að því

er hið fyrra snertir, hefir sjálf nefndin, eins og sèst á tölulið 3., gjört breytíng, þar sem hún í stað búfjárhaga vill setja heimalönd. Breytíngaratkvæðið undir tölulið 2. fer nú nokkuð lengra, þar sem eptir því kæmi *allt* land; og þó eg verði að játa, að þetta í raun réttri sè rètt, get eg þó ekki alveg fallizt á það, einkum þegar eg lít til þess, sem hèr hefir viðgengizt í þessu efni, eður nauða líku, þar sem vegabótalögin frá 15. marz í vor eru. Mèr virðist þíngið þar í 7. og 8. gr. laganna hafa bundið sig við þá reglu, um borgun fyrir land til almennra þarfa, að borgunin ekki fáist, nema tún eður engjar sè notaðar. Nefndin hefir nú í þessu máli gengið lengra, því þó það sè munur á, að leggja þráð í gegnum land manns eður þjóðveg, hefir hún þó eingöngu farið fram á, að undanskildar yrði heiðar, öræfi og þess háttar, sem engi hefir gagn af, hvort sem er; því af því leiddi, að ef ekki landeiganda og þráðeiganda semdi um borgunina, yrði áreið að verða í hvert skipti upp á heiðar, og yrði það víst bæði tímatöf og kostnaður töluverður; en landið á hinn bóginn svo líílilsvirði, að meinalaust mætti heita, þó brúkað væri. Mèr virðist, að vèr ættum að forðast það, að oss yrði borið á brýn, að vèr hefðum farið lengra í kröfum vorum við útlenda menn, en sjálfa oss.

Þá er hitt atriðið, um málsmeðferðina, ef ekki semur um borgunina, að leggja þá málið í dóm yfirdómsins; en þetta virðist mèr ekki geta staðizt, þar sem þá engi áreið yrði gjörð, og þó Shaffner sjálfur hafi farið fram á þetta, getur það afsakast með ókunnugleika hans, en eg álít ekki, — eg vona engi skili orð mín svo, sem eg vantreysti yfirrèttinum — nei! en eg álít meiri tryggíngu í því, að sýslumenn, t. a. m. í Múla-, Skaptafells- og Rangárvallasýslum skoði og meti, en þó landsyfirrètturinn gjörði það hèr suður í Reykjavík.

Benedikt Sveinsson: Eg vil að eins tala fáein orð um breytíngaratkvæði mín og hins heiðraða þíngmanns Árnesínga. Viðvíkjandi breytíngaratkvæðinu undir tölulið 2., þá er munurinn milli þess og nefndaruppástúngunnar lítill í rauninni, og í því fólginn, að vèr viljum hafa *allt* land í staðinn fyrir *heima*land, eins og nefndin vill orða það. Eg fæ nú eigi betur sèð, en að það sè þó samkvæmara almennum grundvallarreglum í þess háttar lögum; enda er það tekið fram í breytíngaratkvæðinu, að endurgjaldið eigi að fara eptir baga þeim, sem landeigandi hefir af því, að þráðurinn er lagður í gegnum land hans, og þá virðist mèr, að hið skyn-

samlega takmark sè fengið, og eptir því held eg engi þurfi að óttast skaðakröfur frá hálfu eiganda, ef þráðurinn t. a. m. væri lagður eiganda meinalaust yfir fjöll og fyrnindi, þar sem hann, ef ekki um semdi, yrði að heimta áreið til fjalla, og borga svo helming kostnaðarins. En það gekk okkur einkum til, að við álitum, að orðið »búfjárhagar«, og jafnvel nú orðið »heimalönd« væri of óákveðið, svo þræta gæti risið út af, hvað langt það næði. En eg segi fyrir mig, að eg er ekki fastur á þessu, því eg er öldúngis samdóma hinum heiðraða *framsögumanni* í því, að vèr Íslendíngar ættum að sýna þessu mikla fyrirtæki alla þá velvild og tilhliðrunarsemi, sem oss er unnt; en mèr finnst samt ekki, að vèr ættum að leggja eignarrètt manna í sölurnar, frekar en þörf krefur og almenn lög standa til. Dæmið, sem hinn heiðraði *framsögumaður* tók úr vegabótalögunum, sannar, strangt tekið, mjög lítið, því þar er allt öðru máli að gegna, þar sem um almenníngsveg er að ræða, sem allir nota, og landeigandi líka, enda mundi og bæturnar fyrir landið verða að jafnast niður á alla, og landeiganda með, ef annari reglu hefði verið fylgt. En hèr ræðir um rafsegulþráð, sem óvíst er að komi eður geti komið landeiganda að minnsta gagni, og sem landið allt ekki á að bera kostnað af, og get eg því ekki álitið, að það sè rètt, að líkja þessu saman. Þá er hitt breytíngaratkvæðið, sem stendur hèr undir tölulið 4., um málsmeðferðina, og hafði eg 2 ástæður til þess að koma með það, fyrst og fremst þá, að ofursti *Shaffner* sjálfur hefir óskað þess, og í annan stað hitt, að eg hèlt það mundi verða kostnaðarminna; eg gjörði sumsè ráð fyrir, að kort mundi verða dregið upp yfir alla línuna, áður þráðurinn væri lagður, og gæti þá landsyfirrèttarinn notað það, sem afstöðumálverk, til að kveða á um skaðabæturnar eptir; en sannfærist eg um, að þetta hafi verið skakt, er eg fús á, að falla frá breytíngaratkvæðinu.

Guðmundur Brandsson: Það var einúngis ein athugasemd, sem eg vildi gjöra, eður rèttara sagt spyrja hinn háttvirta *framsögumann,* hvort hann ekki meinar, að þráðurinn geti orðið lagður, hvar sem er, yfir tún og kálgarða manna, því þá er eg hræddur um, að borgunin ekki gæti samsvarað uslanum, sem af því gæti orðið. Mèr þætti því betra, ef nákvæmar væri tiltekið, hvaða land það væri einkum, sem þráðurinn mætti leggjast yfir, og vildi eg því helzt,að töluliður 5. væri liðaður í sundur, þegar atkvæða væri leitað, og felld úr orðin: »*hvar sem er*«.

Magnús Andrèsson: Eg stend nú reyndar ekki upp til þess,

að bæta um það, sem hinn háttvirti konungkjörni varaþingmaður sagði um breytingaratkvæði okkar. Eg er honum alveg samdóma í því, sem hann sagði, að ekki ætti að líkja saman vegum og segulþræðinum, því það er tvennt ólíkt, þar sem öll líkindi eru til, að landeigandi sjálfur hafi not af veginum. Þá bætist þar við enn fremur það, að þegar um vegabótalögin var að tala, þá var fátæktin öðrum megin, svo menn ekki vissu, hvaðan átti að taka fé, til að borga landareignina með, og urðu menn því að slaka til, má ske meira en grundvallarreglur laganna, strangt tekið, heimila; en því máli er ekki hér að gegna. Þá er eg líka viss um, að betur gengur, og betur fer með þráðinn, ef allir viljuglega afstanda land sitt eptir samníngi, en ef þeir eiga að gjöra það nauðugir. Að því er breytíngu þá snertir, sem nefndin sjálf hefir stúngið upp á, nefnilega að setja »heimalönd« í stað »búfjárhaga«, þá þykir mér það töluvert lakara; því eins og eg gat um við undirbúningsumræðu þessa máls, getur það víða verið, að selstaða sé upp á heiðum; og er það skaði fyrir eiganda, ef þráðurinn yrði lagður þar í gegnum; en þó gæti þetta ekki heitað »heimalönd«, en þó »búfjárhagar«. Mér finnst það yfir höfuð rètta reglan, að sá, sem land á, og baga hefir af þræðinum, fái borgun; og eg held ekki, að menn þurfi að óttast það, að þeir heimti borgun, sem engan baga hafa af, ef t. a. m. þráðurinn væri lagður yfir fjöll eður afrètti.

Framsögumaður: Eg verð að svara þíngmanni Gullbríngusýslu því, að með orðunum: »hvar sem er«, hefir nefndin meint, eins og orðin liggja, *alstaðar,* eður hvar sem er, hvort heldur er yfir tún, engjar, kálgarða eður annað þvíumlíkt. Þetta viðgengst líka alstaðar í henni, þar sem slík lög eru gefin, um að láta eignir sínar af hendi til almenníngs-þarfa, að engi undantekníng er frá því gjör. En eg held óþarfa, að óttast þetta, því það er allt annað með segulþráðinn, en með veg. Segulþráðurinn má gjarnan vera i bug, þar sem vegurinn sjaldan getur verið það, einkum ef vagnbraut er, og er því óhætt að gjöra ráð fyrir því, að þeir, sem þráðinn leggja, mundu sneiða sem mest hjá því, sem öðrum er mestur bagi að, og þeim sjálfum því mestur kostnaðurinn. En þó nú aldrei nema svo verði farið yfir tún, er fyrir því rèttinum ekki hallað, því eigandi á heimtíngu á skaðabótum fyrir tún sitt, sem þá yrði þess hærri, sem hann hefði meiri skaðann af, og er þannig séð fyrir rètti beggja, því það er fyrst, ef þeim ekki semur, að sýslumaður skerst í. Þó eg að vísu, eins og eg áður sagði, verði að viður

kenna, að það sè rètt regla, að hver fái fyrir sitt, get eg samt ekki sèð, að þingið, án þess að ganga ofan í sjálft sig, geti nú breytt reglu þeirri um slíkar skaðabætur, sem það einu sinni hefir viðurkennt í vegabótalögunum, því sú mótbára, að vegur sè annað en segulþráður, hlýtur að falla, þegar menn gæta að því, að sè segulþráðurinn einn lagður, þá er jarðuslinn svo gott sem engi, og því þess minni ástæða til, að setja kröfur sínar hærri; en sè nú aptur vegur lagður fram með þræðinum, þá kemur þar fram sama ástæðan og fyrir almenningsvegum, nefnilega sú, að eigandi landsins getur þá líka notað þennan veg. Auk þess að eg ímynda mèr, að mörgum þætti í öllu falli í fyrstunni svo gaman að þessum þræði, þó hann lægi nærri þeim, að þeir vildi hlynna að honum, þegar þeim væri það að bagalitlu.

Af því eg ekki veit, hvort eg stend upp aptur, til að tala í þessu máli framar, skal eg geta þess, að það kann að virðast svo sem brugðið sè frá aukaleyfisbrèfi herra Shaffners, svo sem það, að hann fær einkarèttinn nú að eins í 90 ár, en 100 ár í leyfisbrèfinu; sama er að segja um frest þann, er til er tekinn, ef þráðurinn bilar; en allt þetta er samkvæmt uppástúngum Shaffners. Sumt er og eigi tekið hèr fram, af því það þótti óþarft, svo sem þar sem Shaffner, samkvæmt einkaleyfinu, er undir vorum lögum. En það gekk nefndinni og mèr einna helzt til, að hreifa máli þessu, að vèr sáum, að stjórnin hefir í leyfisbrèfi herra *Shaffners* gefið honum loforð um lönd einstakra manna; en það átti stjórnin ekkert með hèr á landi, fyr en það var lagt fyrir þingið, og hefði nú herra Shaffner og félagar hans byrjað að leggja þráðinn í sumar eður jafnvel að sumri komanda, þá hefði — ef nokkur mótspyrna hefði orðið frá hálfu landsmanna — stjórnin annaðhvort orðið að ríða í bága við rètt manna yfir eignum sínum, eður þá í bága við sitt eigið leyfisbrèf, sem hún hafði veitt Shaffner. Stjórnin, sem hefir forsómað skyldu sína, að leggja frumvarp fyrir þingið, hefði því annaðhvort orðið að skipa það, sem hún ekki hefir rètt til, eður þá *Shaffner,* þrátt fyrir loforð hennar, hefði mátt hætta við allt saman. Eg tek þetta fram einúngis vegna þess, að ef stjórninni kynni að mislíka þetta frumvarp nefndarinnar, ætti hún þó að virða viljann fyrir verkið, því það er gjört til þess að firra hana sjálfa vandræðum.

Björn Pètursson: Þó að þingmaður Borgfirðínga eigi það ekki skilið, þar sem hann varð fyrstur til að veitast að breytíngar-

atkvæði mínu áðan, verð eg þó að styrkja mál hans, því mèr finnst það vera á góðum rökum byggt. Þetta fyrirtæki er svo mikilfenglegt og áríðandi, svo að kalla fyrir heim allan, og horfir landi þessu þar að auki til gagns og sóma, að vèr ættum ekki að telja eptir nokkra steina og moldarhnausa.

Það sjá þó allir, að sú litla rák, sem þráðurinn liggur á, yfir sanda og öræfi, fjöll og fyrnindi, er ekki mikils, og mèr liggur við að segja, einskis virði. Það er líka aðgætanda, að það verður býsna örðugt og seinlegt fyrir *Shaffner,* að semja við alla þá, sem eiga afrètti saman; því samstaðar eiga heilir hreppar og jafnvel fleiri hreppar sömu afrèttina.

Síðara breytíngaratkvæði hins heiðraða konúngkjörna varaþíngmanns og þíngmanns Árnesínga, get eg alls eigi fallizt á; því þó mèr þyki einkar vænt um yfirrèttinn, og þó eg játa, að hann sè mjög virðíngarverður, þá vil eg samt helzt fyrir mig kjósa, að þurfa sem minnst til hans að sækja, og svo held eg, að fleiri sè. Það er líka auðsætt, að það er margfalt fljótlegra og kostnaðarminna, að fá áreiðargjörðina nær sèr, og sú áreiðargjörð getur víst orðið fullt eins rètt.

Páll Melsteð: Eg stend upp, einúngis til þess að lýsa yfir gleði minni út af því, að mál þetta er komið hèr til þíngs; hefði það eigi komið nú til þíngs aðgjörðar, gat sá óhagnaður af orðið, að tafizt hefði fyrir þessu mikla fyrirtæki. Eg felli mig í alla staði vel við nefndarálitið; einkum finnst mèr nefndin hafa farið langtum rèttara í því, að leggja allt málaþras, sem út af landi eða landaþrætum kynni að rísa, undir aðgjörðir sýslumanns, heldur en undir yfirrèttinn, sem fjær stendur, og hlýtur að vera ókunnugri. En á hinn bóginn er eg sannfærður um, að landar mínir í þessu efni muni sýna allt drenglyndi við útlenda menn, og það nú, þegar menn koma híngað í slíkum erindum, sem þeir, er segulmagnsþráðinn flytja híngað til lands; eg óttast alls eigi mikið málaþras út af þessu fyrirtæki. Geta vil eg og þess, að eg tel sjálfsagt, að segulmagnsþræðirnir verði beygðir til hliðar, þegar þeir koma heim undir bæi, og lagðir ekki yfir tún, bæi og kálgarða, heldur utantúns; enda liggja þeir opt í krókum og bugum erlendis, eptir því, sem eg frekast veit, eins og menn líka vita, að þeir hanga í lopti, sem stag á staurum, og gjöra lítinn jarðusla á leið sinni yfir um löndin. Eg vona nú, að þíngmenn sjái af þessu, hvernig eg ætla að gefa atkvæði mitt.

Ásgeir Einarsson: Því var hreift fyrir skemmstu, að feld væri úr orðin: »hvar sem er«; en breytíngaratkvæði það, sem hèr stendur undir tölulið 2, finnst mèr bæta mikið úr, þar sem borgunin á að fara eptir þeim baga, sem hlutaðeigandi, sem lætur land af hendi, líður, og má því víst ætla upp á, að þeir, sem þráðinn leggja, beygi heldur af, en að leggja hann yfir þau lönd, sem þeir þyrfti að borga mjög dýrt, einkum fyrst þráðurinn ekki endilega þarf að liggja beint; að minnsta kosti mundu þeir gjöra það, nema brýn nauðsyn til bæri, og þá á landeigandi fulla heimtíng á sanngjarnri borgun, samkvæmt breytíngaratkvæðinu, tölulið 2., sem eg því felli mig vel við. Aptur á móti get eg engan veginn fallizt á breytíngaratkvæðið tölulið 4. Að vísu vildi eg gjarnan gjörðardóma, eins og í gamla daga, en samt engan veginn, fyr en þetta er lögum samkvæmt; en sem stendur finnst mèr þessi aðferð ekki einu sinni geta samrýmzt við lögin. Menn ættí ætíð að gjalda varhuga við því, að lofa óvana að smeygja sèr inn, og ekki hvað sízt, þar sem um rèttargangsreglurnar er að tala. Óvaninn er, eins og menn segja um hana klsu: að komi hann höfðinu inn, kemst allur búkurinn á eptir, og ekki er það af öðru, en því, að þessi óvani smeygði sèr inn hjá oss Íslendíngum, að við nú erum búnir að missa svo að segja öll vor gömlu lög og »dæmumst nú af *danskri* »*Slægt*«. Íslendíngar fóru fyrst að skjóta málum sínum undir Noregskonúnga, og það dróg til þess, að aðalmál vor og annað frelsi drógst úr höndum vorum. Eg vona því, að breytíngaratkvæðið tölulið 4 fái að falla í friði, og það því fremur, sem uppástúngumenn ekki fylgja því fast fram.

Pètur Pètursson: Eg felli mig ekki illa við breytíngaratkvæðið tölulið 2, en aptur finnst mèr breytíngaratkvæðið tölulið 4. vera með öllu óhafandi. Mèr virtist, að hinn konúngkjörni varaþíngmaður einkum byggja það á því, að uppdráttur yrði gjörður af allri línu þráðarins, og vildi hann láta landsyfirrèttinn fara eptir honum í því, að meta skaðabæturnar fyrir landareignina. En yrði nú t. a. m. þráðurinn lagður á land á Berufirði, þá yrði víst nokkuð örðugt að fá samþykki allra þeirra bænda, sem eiga land það, sem línan liggur í gegnum, því annars finnst mèr þeim órèttur gjörr; mèr finnst því breytíngaratkvæði tölulið 4. bæði óverklegt og óvanalegt. Eg vil spyrja hinn heiðraða *framsögumann*, hvort það ekki hefir gleymzt úr nefndarálitinu sú ákvörðun, að ef þeir *Shaffner* ekki væri búnir að gjalda landeiganda borgun fyrir landið innan

90 daga, þá mætti landeigandi rífa þráðinn burt af sinni lóð. Mig minnir ekki betur, en þetta kæmi til tals í nefndinni, og mætti því má ske taka þetta til greina í álitsskjalinu til konúngs. Eg skal nú ekki orðlengja þetta mál, sem eg vona þingið taki vel í og frjálslega, og gefi því góðan róm, því þó eg enganveginn beri kvíðboga fyrir því, að landsmenn muni sýna nokkra nirfilslega sítíngssemi við þá *Shaffner* út af því, að láta land af hendi til annars eins fyrirtækis, er það samt aðgætandi, að ef frá þínginu kæmi frumvarp, sem í þessu efni væri smásmuglegt, þá mundi þetta mælast illa fyrir, og líta illa út í augum útlendra manna, sem halda, að ríkt yrði gengið eptir bókstafnum, og það verður þó víst hver og einn að játa, að sjaldnast muni verða bagi að til muna, að láta land af hendi, til að leggja þráðinn yfir.

Jón Hjaltalín: Eg er nú enn á því sama, sem um daginn, þegar mál þetta fyrst var borið upp, bæði að það væri alveg nauðsynlegt, og ekkert kraptaverk, að leysa það af hendi; enda finnst mèr nú vera fram komin bezta sönnunin fyrir því, þar sem þetta nefndarálit liggur nú fyrir, sem bæði er leyst af hendi á örstuttum tima og líka prýðilega af hendi leyst, svo að eg held við bætum okkur lítið á því, að fara að káka við það. Hvernig ætla það hefði farið, ef *Shaffner* hefði komið að landi, annaðhvort í sumar, eða að sumri, til að leggja þráðinn? »Ilèr sè guð«: segir hann, »hèrna er eg nú kominn með *thelegraphinn*«. »Blessi hann guð« segir bóndi; »en hvað heitir maðurinn«? *Shaffner* heitir hann, og ætlar að leggja *thelegraphs-þráð* gegnum landið þitt«. »Það er nú og; en góðir vinir þar fyrir utan! Eg vil ekki láta landið mitt, og taktu það, ef þú þorir«! Hvað hefði nú *Shaffner* átt að gjöra? Þráðinn hefði hann ekki getað lagt, ef einn einasti þrákjálki hefði orðið fyrir honum á hans löngu leið, og svo mikið skulum við ekki hæla okkur sjálfir, að við ekki getum ímyndað oss þetta. En hamíngjunni sè lof! Nefndin hefir nú ráðið úr þessu, og er því vonandi, að stjórnin taki því betur undir þetta mál, sem það hefði átt að vera lagt fyrir þíngið frá hennar hálfu, Það er ekki svo lítið í þetta og annað eins varið; eg þekki það dálítið, og hefi fengið fullkominn þef af því; mèr var einu sinni gefið leyfi til að leggja járnbraut, og kostaði eg allt að 2000 rd. upp á að láta skoða og »*nivellera*« brautina, en þegar til kom, var mèr neitað um »*expropriation*«, eður rètt til að fá landið keypt móti borgun, og þarna láu 2000 rd. En hafi nú danskir bændur rètt til að neita, að

selja land sitt, þætti mèr gaman að fá að vita, af hverju það kemur, að íslenzki bóndinn skuli hafa minni rètt yfir sínu; en það lítur samt svo út, þar sem stjórnin á annan bóginn gefur manninum *Concession* eður einkaleyfi til að leggja þráðinn, en á hinn bóginn hefir hún ekki lagt nein lög um það, hvernig þeir að lögum eigi að láta land sitt af hendi, því eins og menn vita, hefir stjórnin ekki lagt frumvarp fyrir þingið í þessa stefnu, og það var þó einasti vegurinn, sem hún gat farið. Eg skal þá snúa mèr að atkvæðaskránni, og sè eg þá fyrst, að hèr stendur breytíngaratkvæði tölulið 2. Eg vildi óska, að þetta breytíngaratkvæði fèlli, því þó eg engan veginn vili gjöra löndum mínum þær gersakir, að þeir mundu verða ósanngjarnir í öðru eins máli og þessu, þá verðum við þó allir að játa, að það er satt, sem máltækið segir, að opt er misjafn sauður í mörgu fè, og það gæti vel risið misklíð út af því, hver borgun væri sanngjörn. Ennfremur bætist hèr við, að ef þráðurinn er lagður fyrir utan búfjárhaga manns, og ekki semur um borgun, þá yrði áreiðargjörð að koma, og yrði þá þetta bæði tímatöf óþörf, og óþarfur kostnaður, sem varla mundi samsvara því verði, sem sjálft landið kostaði, sem þrætan væri um. Breytíngaratkvæðið, tölulið 4., finnst mèr með öllu óhafandi, eður hvernig ætti landsyfirrètturinn hèrna suður í Reykjavík að meta það, hvers virði eitthvert pláz er austast austur á landshorni. Varla mun yfirrètturinn fara að ríða þangað austur, og mèr er spurn, hvort hann hefði rètt á að senda mann eður menn, til að gjöra áreiðina eður skoðunargjörðina. Eg get ekki heldur fallizt á uppástúnguna tölulið 6., þó eg í fyrstu hefði ætlað mèr að gjöra breytíngaratkvæði á þá leið, að slægjuland og skógland, þó á heiðum væri, yrði undanþegið; en eg vona, að landsmenn verði ekki svo sítíngssamir, að þeir láti sig muna um annað eins, og sleppti eg því þess vegna. Af þessu vona eg að menn sjái, að eg ætla mèr alveg að fylgja nefndinni, og gefa henni atkvæði mitt alstaðar. Það er einúngis eitt, sem lítið eður ekkert er varið í, og það er það, að eg kynni eins vel við að hafa orðið »segulþráð« eins og »rafsegulþráð«.

Stefán Jónsson: Eg fyrir mitt leyti gæti vel fallizt á breytíngaratkvæði nr. 2, þó eg að vísu ekki óttist neina ósanngirni frá hálfu landsmanna, hvort heldur láta ætti af hendi tún, slægjulönd eður önnur heimalönd sín, til að leggja yfir þau þann umrædda rafsegulþráð, þegar menn að eins fá sanngjarna borgun fyrir jarð-

usla þann, sem af þessu leiddi. Því síður þarf að óttast fyrir, að menn krefi horgunar fyrir það, þó þráður þessi sè lagður, þar sem engum manni getur verið mein að, enda þó einhver gæti eignað sèr landið. Þetta verður allt að vera komið undir kríngumstæðum á hverjum stað, sem ekki er auðvelt að ákveða nákvæmlega fyrirfram.

Það væri fróðlegt að vita, hvaða staðir helzt mundu verða ætlaðir fyrir stöðvar þráðarins; ef það yrði hentugir staðir, og menn gæti vænzt töluverðs gagns af þessu fyrirtæki, mundu menn því fúsari styrkja það eptir kríngumstæðum. Eg þykist sem sagt viss um, að engi bróki ósanngirni í þessu efni; en hitt er eðlilegt, að menn heldur ekki megi líða af því skaða.

Páll Sigurðsson: Menn hafa ekki gjört mikið úr breytíngaratkvæðinu tölulið 2., en það getur legið í því meira, en orðabreytíng; það breytíngaratkvæði getur og haft í sèr efnisbreytíng, því annar maður getur átt ítak í landi hins, sem þráðurinn gæti gengið gegnum; en þar sem nefndin einúngis talar um búfjárhaga eða heimalönd, nær hún ekki yfir ítökin, en þar á móti breytíngaratkvæðið. Af því eg nú ekki held, að menn þurfi að óttast fyrir því, að heimtuð verði borgun ósanngjarnleg, ef þráðurinn er lagður yfir heiðarlönd eður þess háttar; en breytíngaratkvæðið aptur, eins og eg áður sagði, innibindur í sèr einnig ítök, þá ætla eg að fylgja því. Að því er breytíngaratkvæðið tölulið 4. snertir, álít eg það með öllu óhafandi, því það gefur að skilja, að ef þras risi út af því, hver hin sanngjarna borgun væri, þá yrði hægara að ráða því til lykta heima í hèraði, en hèrna við landsyfirrèttinn, og mèr er stór spurn á því, hvort það yrði ódýrara hèrna, en í hèraði. Hinn 3. konúngkjörni tók fram það, sem eg ætlaði að segja um tryggíngu fyrir landsmenn, að fá borgað land það, er þeir kynni að láta af hendi til segulþráðarins, og skal eg því ekki fjölyrða það. Við undirbúníngsumræðu þessa máls, gat eg um það, að jarðuslinn mest mundi lenda á leiguliða, og áskildi eg mèr breytíngaratkvæði í þessa stefnu; en við nákvæmari yfirvegun fannst mèr þetta vera mál, sem ætti að vera milli eiganda og leiguliða, og fèll því frá því. Eg skal því ekki fjölyrða þetta mál, en einúngis óska þess, að þíngið taki sem bezt í það.

Benedikt Þórðarson: Við undirbúníngsumræðu máls þessa bar eg upp breytíngaratkvæði, sem ekki eru þó hèr á atkvæðaskránni; eg samdi að vísu atkvæðin, og með því að hinn konúng-

kjörni varaþingmaður ráðgjörði breytíngaratkvæði í sömu stefnu og eg, þá sendi eg honum atkvæði mín til samanburðar; nú er atkvæði hans og þingmanns Árnesínga hèr undir tölulið 2. í sama anda, en með fleirum og greinilegri orðum, en atkvæði mitt, enda líkar mèr það vel; og þó hefir atkvæðið fengið hèr hjá sumum aðfinníngar, að mínu áliti öldúngis ómaklegar. Eg sè ekki, að um nokkuð betra sè að velja hèr á atkvæðaskránni, og ekkert jafngott og þetta; hèr er farinn hinn rètti meðalvegur, þegar menn meta orðin í atkvæðinu, að landeigandi eigi heimtíngu á sanngjarnri borgun, og að hún fara skuli eptir baga þeim, er hann líður við það, að þráðurinn sè lagður, og liggi yfir land hans; þá sjá allir, að hèr er ekki of hart að kveðið, og að orðið »búfjárhagar« eða »heimalönd« hjá nefndinni er mikið lakara, því mjög víða er það, þar sem þó heita búfjárhagar, að elganda getur að öllu meinalaust verið, að þráðurinn leggist og liggi; en á hinn bóginn getur auðveldlega svo á staðið, að honum sè bagi að þræðinum, þar sem hann kynni eiga land og ítök utan búfjárhaga sinna, og tók eg dæmi um slíkt af varpeyjum. Eg vona menn fallist á atkvæðið og orðlengi því ekki meira um það. Um hitt annað á atkvæðaskránni þarf eg ekkert að ræða, því eg veit, að það stendur, sem bezt er af því, en hitt fellur er miður er hugsað. Eg get þess að eins, að þar sem talað er um að leggja málið í gjörð yfirdómsins, þá fer mèr sem fleirum, að mèr líkar það miður, en að málið heyri undir sýslumann, og þetta af ástæðum þeim, er fram hafa verið teknar, nefnil. fjarlægð og ókunnugleika yfirdómsins á slíkum málum.

Stefán Eiríksson: Það hafa sumir þíngmenn verið að tala um orðið búfjárhaga í 2. grein nefndarfrumvarpsins; þeir hinir sömu þíngmenn hafa víst ekki gáð að því, að nefndin hefir fellt úr þetta orð með breytíngaratkvæði sínu, undir tölulið 3., og því sè eg enga ástæðu til, að ganga inn á annað en nefndaruppástúngurnar, eins og þær eru nú orðaðar; því eins og eg hreifði við undirbúníngsumræðuna, var eg hræddur um, að orðið búfjárhagar væri miður heppilegt; en þar nefndin hefir nú breytt því orði í »heimalönd«, er eg ánægður með nefndaruppástúngurnar, og gef þeim atkvæði mitt; eg efa það ekki, að Íslendíngar sýni allt það drenglyndi, sem þeim er svo eiginlegt, þessu málefni viðvíkjandi, og eg er viss, að þeir ekki fara að heimta borgun, þó þráðurinn sè lagður yfir arðlausa mela eða braun; en það flýtur af sjálfu sèr, að sè þráðurinn

lagður yfir tún eða engjar, þá getur borgunin orðið margföld við það, að leggja hann yfir ófrjóvsama mela. Það hefir verið tekið hèr fram, hversu illa að seinni liður í breytíngaratkvæðinu undir tölulið 4. ætti við; eg er því nú alveg samdóma, og felli mig mjög vel við nefndina í því efni, því það er auðvitað, að komi hlutaðeigendur sèr ekki saman um borgunina, þá sè sýslumaður betur fallinn til að skera úr þrætu þeirri með áreiðargjörð, en landsyfirrèttrinn, því hann er þá of illa settur, til að fara út um land, að meta slíkt.

Framsögumaður: Það hafa orðið margar umræður um breytíngaratkvæðið tölul. 2., og held eg þó munurinn á því og á nefndarinnar sè minni, en menn hyggja, það er að segja einúngis um að landið, sem tekið yrði handa þræðinum, væri sannarlega til baga eigandanum; að öðru leyti fer hvorttveggja breytíngaratkvæðið fram á, að borgunin sè sanngjörn, og þar sem þíngmaður Barðastrandarsýslu var svo sæll út af breytíngaratkvæðinu undir 2. tölulið, vegna þess að þar segir, að hin sanngjarna borgun skuli fara eptir skaðanum; en er það eigi sjálfsagt, að sanngjarnar skaðabætur fari eptir skaðanum, hvort sem það er tekið fram í mörgum orðum eður eigi? En mèr þykir það verst við þetta breytíngaratkvæði, að það fer móti lögunum um vegabætur *(Benedikt Sveinsson:* Nei!) Jú, það gjörir! því í þeim er ekki gjört ráð fyrir borgun fyrir annað, en tún, engjar eður graslendi; en hèr eru teknar heiðar og afrèttur líka inn í.

Þíngmaður Eyfirðínga var í efa um, hvort við mundum geta haft nokkurt gagn af þessum þræði, því hann vissi ekki, hvort hèr mundu verða ákveðnar nokkrar stöðvar á landinu; en það er sjálfsagt, að hèr að minnsta kosti verða tvær, það er að segja, þar sem þráðurinn kemur *á land,* og þar sem hann aptur fer *af landi;* enda hefir stjórnin áskilið sèr rètt til þess, að senda með frèttafleyginum 300 orð á hverjum mánuði kauplaust. Viðvíkjandi tölulið 7, þá hafði gleymzt úr nefndarálitinu að til taka frestinn fyrir því, að skjóta málinu undir æðri dóm, og því gjörði nefndin viðaukauppástúnguna, sem eg vona engi hafi á móti. Það er enn fremur satt, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það hefir fallið úr hjá nefndinni að geta þess, að eptir uppástúngu *Shaffners* ætti þeir *Shaffner* að borga innan 90 daga það, sem land það, er þeir fengi, kostaði; en það er hvorttveggja, að mèr virðist þetta

óþarfi, þar sem *Shaffner* eptir leyfisbréfinu er undir íslenzkum lögum, enda mætti í álitsskjalinu til konúngs geta þessa.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla einúngis að lýsa því yfir, að eg verð að vera með breytíngaratkvæðinu tölulið 2, því eg sè enga hættu búna við það; þar sem sanngirnin á að ráða, er hvorugum málsparti gjört órètt til. Eg verð líka að vera með tölulið 4; því að þótt málið sè lagt fyrir yfirdóminn, þá þarf það eigi að tefja fyrir verkinu, þá er sparaður tími og kostnaður, og þá verða minni þrætur út úr þessu, en ef málið fyrst ætti að fara til undirrèttar, og þaðan fyrir yfirrèttinn; og þó einstakur maður hèr eigi hlut að máli, er þetta mjög áríðandi og yfir höfuð allt, sem miðar að því, að koma fram þessu mikla fyrirtæki, sem óefað hlyti að verða einnig oss til framfara, þegar fram í sækir. Eg kann því þíngmanni Borgfirðínga þakkir fyrir, að hann bar þetta mál upp; það er reyndar leiðinlegt, að stjórnin ekki skuli hafa lagt fyrir þíngið frumvarp þessa efnis, og að þíngið hefir orðið að taka »*Initiativet*« eður hreifa þessu máli, en úr því svona stendur á, skil eg ekki annað, en að stjórnin muni taka vel undir þessar aðgjörðir þíngsins.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er að álíta ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg biðja menn að ganga til atkvæða eptir atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu atkvæði þannig:

1. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
2. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar* og *Magnúsar Andrèssonar* samþykkt með 11 atkvæðum gegn 8.
3. Breytíngaratkvæði nefndarinnar fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við tölulið 2.
4. Breytíngaratkvæði *Benedikts Sveinssonar* og *Magnúsar Andrèssonar* fellt með 16 atkvæðum gegn 3.
5. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
6. Uppástúnga *Benedikts Sveinssonar* og *Magnúsar Andrèssonar* fallin.
7. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
8. *Nefndin,* orðabreytíng tekin aptur.
9. *Nefndin* samþykkt í einu hljóði.
10. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt *í einu hljóði.*

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *ályktarumræðu* og atkvæðagreiðslu málið um *stofnun spítala og læknaskóla*

í Reykjavík. Framsögumaður er hinn 5. konúngkjörni þingmaður. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona að þingmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: þegnlegar uppástúngur um *betri læknaskipun á Íslandi.*

1. *Halldór Kr. Friðriksson,* almenn uppástúnga:
   Að reglulegur læknaskóli og sömuleiðis spítali verði stofnaður hèr á landi, hið allrabráðasta að auðið er.
2. *Jón Pètursson,* breytíngar- og viðaukaatkvæði við 1. niðurlagsuppástúngu nefndarinnar (tölul. 4.):
   Að aptan við orðin: »til bráðabyrgða«, bætist: »*og þangað til læknaskóli og spítali komast á hèr á landi*«.
3. *Sami,* breytíngaratkvæði við 1. niðurlagsuppást. nefndarinnar (tölul. 4.):
   Að fyrir orðin: »skotið fè«, komi: »árlega greiddir«, og orðin: »að upphæð« falli burt.
4. *Nefndin,* 1. niðurlagsuppástúnga:
   Að til bráðabyrgða verði skotið fè úr hinum almenna læknasjóði eður hinum svokallaða spítalasjóði lands þessa til læknakennslu hjá landlæknum í Reykjavík, að upphæð 600 rd., er endurborgist úr jafnaðarsjóðum umdæmanna, samkvæmt konúngsúrskurði 12. ágúst 1848, og brèfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi 31. ágúst 1860.
5. *Sama,* 2. niðurlagsuppást.:
   Að þeir stúdentar frá hinum lærða skóla og privatdimitteraðir, ef það kemst á, sem landlæknirinn þannig tekur til kennslu, sè fræddir í þeim greinum læknisfræðinnar, sem til eru teknar í instrúxi landlæknisins hèr á landi frá 19. maí 1760 § 4, líkskurðarfræði (Anatomie), lífeðlisfræði, sjúkdómafræði (Pathologie), handlæknisfræði og yfirsetukvennafræði &.
6. *Jón Hjaltalín,* viðaukaatkvæði við 2. uppástúngu nefndarinnar (tölul. 5.):
   Að við endann eptir yfirsetukvennafræði standi »samt í hinum nýjari vísindum læknisfræðinnar, svo sem *Chemie* (uorganisk og organisk) »chemiskri sjúkdómsfræði«, almennri heilbrigðisfræði (Hygieine publique), meðalaverkunarfræði (Pharmakologie og Pharmakodynamik), »Medicina forensis«

og því, er þurfa þætti, til þess þeir gæti vel gegnt stöðu sinni«.

7. *Nefndin,* 3. niðurlagsuppástúnga:
Að lærisveinar þessir, eptir afstaðna kennslu hjá landlæknum, standi opinbert burtfararpróf eptir fulltryggjandi reglum (samkvæmt því, er landlæknirinn getur komið sèr saman um við hið konúnglega heilbrigðisráð í Kaupmannahöfn um þetta mál).

8. *Sama,* 4. niðurlagsuppástúnga:
Að þessir menn, ef þeir álítast hæfir, fái fullkomið læknisleyfi hèr á landi, og geti orðið hèr hèraðslæknar.

9. *Halldór Kr. Friðriksson,* viðaukauppástúnga:
Að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frumvarp um betri tilhögun á spítalatekjunum samkvæmt því, sem alþingi hefir áður upp á stúngið í bænarskrám til konúngs 1847 og 1859.

10. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Eg vona, að eg þurfi ekki að vera langorður, því eg sagði það seinast, sem eg gat sagt. Þessar tvær skoðanir, sem síðast komu fram, eru má ske ekki nema ein, þó þær virðist að fara sín í hvora áttina. Mèr finnst 1. töluliður koma í bága við nefndarálitið, og getur orðið málinu til tafar, og ef til vill til eyðileggingar; en það veit eg, að það var ekki meining uppástúngumanns; og eg vona, að hann fallist á, þegar hann hugsar sig um, að eg muni vita eins vel og hann, hvar mál þetta muni verða lagt í dóm utanlands, og hvernig því muni af reiða; eg hefi ekki getað sannfærzt um það, að málið missi nokkuð, þó breytíngaratkvæði þetta yrði fellt. Eg hefi sagt, að eg væri fús á, og eg vona, að meðnefndarmenn mínir muni ei vera ófúsari á því, að þess væri getið í álitsskjalinu, að þíngið vildi enn að stofnaður yrði læknaskóli, þegar föng yrði á því; en mèr sýnist lakara, að það komi sem sèrstök uppástúnga í álitsskjali þíngsins til konúngs. Breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, undir 2. tölulið, finnst mèr ekki koma í neinn bága við uppástúngur nefndarinnar, þó eg sjái ekki mikilla framfara von af því, að biðja um það, sem vèr höfum beðið um, og ekki fengið, og munum síðar biðja um, þegar tími er til þess; en þó skal eg ekki mæla á móti þessum tölulið, ef 1. töluliður fellur. Eg hefi ekkert á móti viðaukauppástúngu þíngmanns Reykvíkínga um betri

stjórn spítalasjóðanna undir 9. tölulið, og eg held, að meðnefndarmenn mínir muni ekki vera á móti honum, þó eg ekki hafi haft tíma eða tækifæri til, að bera mig saman við þá um það. Líkar uppástúngur hafa áður komið til stjórnarinnar um það, að auka tekjur sjóðanna með betri stjórn, og ef þetta er vili landsmanna og þíngsins, þá er það of langur dráttur að láta uppástúngu þessa bíða til næsta þings 1863. Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um málið að sinni; en vona, að þíngið gefi uppástúngum nefndarinnar góðan gaum, og sýni málinu þann velvilja, sem það jafnan hefir sýnt því, því þá munum vèr bera sigurinn úr býtum, og eg veit, að þó meiningamunur sè, vilja samt allir gjöra sitt bezta.

Konúngsfulltrúi: Eg skal að eins fara fáeinum orðum um breytíngatkvæði þau, sem standa hèr á atkvæðskránni. Að því er fyrsta breytíngaratkvæðið snertir, skal eg leyfa mèr að taka það fram, að það kemur beinlínis í stríð við nefndarálitið og stjórnarinnar skoðun á málinu, því eptir konúngsúrskurðinum frá 1848 á að verja læknasjóðnum til þess, að fjölga læknum í landinu; en það fèlli algjörlega í burt, ef fè sjóðsins yrði varið til þess, að stofna hèr spítala og læknaskóla, því það hrykki ekki einu sinni til þessara stofnana, ef þær ætti að vera meir en nafnið eitt, auk heldur, að það yrði nokkuð afgangs. Eg vil því ráða þínginu alvarlega frá, að aðhyllast þetta atkvæði, því það leiðir ekki til annars, en til að spilla fyrir framkvæmd málsins, og væri það illa farið.

Viðvíkjandi uppástúngu nefndarinnar, undir 4. tölulið, um þá 600 ríkisdali, sem til bráðabyrgða yrði varið úr læknasjóðnum, til læknakennslu hjá landlækninum hèrna, skal eg geta þess, að eg gleymdi að taka það fram við undirbúníngsumræðuna, að stjórnin ætlast ekki til þess, að jafnaðarsjóðir amtanna skuli endurgjalda læknasjóðnum þetta fè, því síður, sem þessi brúkun fjárins fer í þá stefnu, sem þíngið er búið að aðhyllast, og fènu er varið samkvæmt læknasjóðsins augnamiði, að koma hèr upp læknum og fjölga þeim.

Um 5. atkvæðið hefi eg áður talað; en að því er atkvæðið undir 6. tölulið snertir, skal eg leyfa mèr að benda á það, að það gæti svo farið, ef kennslan hjá landlækninum yrði mjög yfirgripsmikil, að hlutaðeigendur, sem ætlaði að nema læknisfræði, heldur vildi sigla, en læra hjá honum, og það því fremur, sem læknaefni hèðan frá landi fá við háskólann, ekki einúngis *Regents* og *Communitet,* sem svo eru kallað, í 4 ár, heldur og 200 rd. styrk, eptir

að þessum fjárstyrk er lokið; en þar sem um þetta atriði, kennsluna, og hversu yfirgripsmikil hún skuli vera, þarf að skrifast á við stjórnina, áður en það mál sè komið í kríng, skal eg ekki fara um það fleirum orðum.

Hvað því líður, að þessi læknaefni skuli geta orðið hèraðslæknar á eptir, skal eg leyfa mèr að geta þess, að það virðist ekki liggja í tilgangi stjórnarinnar, að svo skuli verða, heldur að eins, að þeir yrði aðstoðarlæknar; en verði kennslan eins yfirgripsmikil og hèr er ráðgjört, virðist þó ekki betur, en að þeir, sem fengið hefði góðan vitnisburð, mundu geta komizt að hèraðslæknaembættum, að minnsta kosti í viðlögum, eins og gjört er ráð fyrir í því tilvitnaða stjórnarbrèfi frá 1790; enda er hætt við, að hèr verði fyrst um sinn skortur á íslenzkum læknum, útlærðum frá Kaupmannahafnarháskóla, og þess vegna engum öðrum til að tjalda, en þeim læknaefnum, sem hèr hefði numið læknisfræði. Það er því umvarðanda, að sú hèr umrædda kennsla gæti komizt á; og eg vona, að þingið stuðli því að henni, og leggist þannig á eitt með stjórninni, því að vísu yrði menn miklu betur farnir með þessu fyrirkomulagi, en menn èru það nú, og fyrst um sinn munu vera, nema sú umrædda kennsla geti komizt á, og það sem allrafyrst, því þörfin rekur eptir.

Jón Pètursson: Eg ætla þegar í stað að gjöra grein fyrir mínu atkvæði. Það gladdi mig, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* var meðmæltur breytíngar- og viðaukaatkvæði mínu, undir 2. tölulið; viðbætirinn er einúngis til útskýríngar yfir »til bráðabyrgða« hjá nefndinni, því annars gæti menn hugsað sèr, að þessi kennsla hjá landlækninum stæði ekki nema 3 til 4 ár, hvort sem læknaskóli kæmist á, eður ekki, á því tímabili; en eg vil hafa kennslu þessa á meðan fasta. Ástand landsins heimtar það, að sèð verði fyrir læknaefnum, og stjórnin hefir ætíð sagt, að hún hefði áhuga á málinu; en með öllum sínum áhuga hefir henni þó ekki heppnazt að fá lækna í embættin. Eg álít, að kennslan ætti að vera viðvarandi, og þess vegna vil eg, að fyrir orðin »skotið fè«, komi »árlega greiddir«, því ef stæði »skotið fè«, þá er eins og ætlazt væri til, að það væri eitt sinn fyrir öll; en hitt mun vera meiníng nefndarinnar, að það sè árlega, meðan kennslan varir, og þess vegna er þessi breytíng nauðsynleg. Mèr sýnist líka það vera því betra, því yfirgripsmeiri sem kennslan er, og þess vegna er nauðsynlegt, að fallast á 6. tölulið, og það því fremur sem hinn hæst-

virti *konúngsfulltrúi* sagði, að því yfirgripsmeiri sem kennslan væri, því fúsari mundi stjórnin verða á, að veita þeim, er lærði hjá landlækninum, embætti hèr á landi, því ef þeir, sem þannig lærði, ætti ekki að fá læknaembættin á eptir, en ætti að eins að verða aðstoðarlæknar, þá gjöri eg ráð fyrir, að engi maður gæfi sig til þessa. Mèr sýnist, að mínar uppástúngur lagi sig bæði eptir nefndinni, áhuga landsmanna á málinu, og samrýmist skoðun stjórnarinnnar á því.

Forseti: Eg skal geta þess, að þingmaður Borgfirðínga hafði áskilið sèr breytíngaratkvæði við 1. uppástúngu nefndarinnar í þá átt, að uppástúnga þessi yrði borin upp í tvennu lagi, þannig að greinin kljúfist fyrir aptan »að upphæð 600 rd.«; þetta breytingaratkvæði kom ekki til mín, fyr en búið var í morgun að semja atkvæðaskrána, og hún komin í prentsmiðjuna, og byrjað á prentuninni; en af því að þingmaðurinn ráðgjörði þessa breytíngaruppástúngu, þegar við undirbúníngsumræðuna, þá sè eg ekkert á móti því, að þetta verði við atkvæðagreiðsluna tekið til greina, og greinin borin upp í tvennu lagi.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera því samdóma, að uppástúnga nefndarinnar, undir 4. tölulið, verði borin upp í tvennu lagi, eins eg þingmaður Borgfirðínga vill að gjört sè, einkum þar sem *forseti* ekki er því mótfallinn.

Framsögumaður: Eg hefi fátt að segja um það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði; mèr fannst hann vera mèr samdóma í því, að 1. töluliður væri ískyggilegur; en eg gleymdi að taka það fram við 3. tölulið, að eg hefi ekkert á móti, að »árlega greiddir« komi í staðinn fyrir: »skotið fè« en mèr þykir lakara, ef orðin »að upphæð« falla burtu (*Jón Pètursson:* Það fylgir af hinu). Nú jæja, þegar »árlega greiddir« er komið á undan, þá getur það komið heim. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* var hræddur við 6. tölulið, og skal eg leyfa mèr að útlista það betur, hvers vegna eg tók mèr þetta viðaukaatkvæði. Eg tiltók fyrst það almenna, sem til er tekið í *instrúxi* landlækna frá 17. maí 1760, að þeir skuli læra, sem læri hjá landlækni; en eptir því sem læknisfræðinni nú er komið, er þetta ekki nóg, og er viðaukinn undir 6. tölulið alveg nauðsynlegur; það eru nú líka til stuttar og greinilegar bækur í þessum greinum læknisfræðinnar. Það var tekið fram 1847, að nauðsýnlegt væri, að aðstoðarlæknar lærði nokkuð í hinni almennu heilbrigðisfræði (Hygieine), sem er sá kafli læknisfræðinnar, sem kennir

mönnum að þekkja undirstöðu sjúkdómanna, það er að segja, hvernig sjúkdómar koma af lifnaðarhættinum, breytingu á loptslaginu, af ásigkomulagi húsanna, jarðvegsins, vatnsins og annars því um líks. Þetta er nú orðin mjög nauðsynleg fræði, eg er hún mjög skiljanleg, svo að þær síðustu bækur um þetta geta skilizt af hverjum menntuðum manni og skynsömum, þó hann hafi ekki lesið annað í læknisfræðinni. Sama er að segja um *medalaverkunar-fræðina*, að hún er nú orðin miklu ljósari, en áður, og verður það ekki álitinn neinn örðugleiki á því, að læra hana eptir þeim bókum, sem menn hafa fengið yfir hana á seinni tímum; eg held því, að hræðsla hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir því, að of mikið mundi verða í menn þessa borið, sè óþörf. Allar þessar vísindagreinir eru alveg nauðsynlegar fyrir hvern þann læknir, sem vill svara til þess, sem hann á að heita. Það er satt, að það væri bezt, að eg skrifaðist á um þetta, ekki við stjórnarráðið, heldur við heilbrigðisráðið í Kaupmannahöfn, því í embættisbrèfi mínu er mèr sagt, að halda mèr til þess í þess konar efnum.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg var einn af þeim, sem við undirbúningsumræðu þessa máls áskildu sèr viðaukaatkvæði við viðaukauppástúngu þingmanns Reykvíkinga, og skal eg nú gjöra grein fyrir, hvers vegna eg fèll frá því aptur, að koma fram með það. Eg hèlt fyrst að þingmaður Reykvíkinga mundi taka allar uppástúngurnar frá þinginu 1859, og þá vildi eg, að viðaukauppástúngur þær, sem þá voru gjörðar, skyldi nú einnig fylgja með; en þegar eg sá, að hann hafði lagað uppástúngu sína, eins og hún er hèr löguð, fannst mèr viðaukaatkvæðið vera óparft, svo eg fèll frá því aptur. Eg skal svo gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Eg hlýddi í gær á hinar löngu og fögru umræður í þessu máli, en saknaði þó þess, að eg fann ekki, að fram kæmi nógu ljósar ástæður fyrir þeim apturkipp, sem nú er kominn í þingið síðan í hitt eð fyrra, og ástæður fyrir honum finn eg ekki heldur í nefndarálitinu. Ef læknaskóli og spítali hèr í Reykjavík væri eins nauðsynlegur, og eins hægt að koma honum hèr upp, eins og mèr heyrðist á þingmönnum 1859, þá get eg ekki betur sèð, en að svo hljóti að vera enn, því auðvitað er, að heldur hafa þó efnin aukizt, en minnkað síðan. Eg verð því að vera með 1. tölulið, meðfram af þeirri ástæðu, að læknafræðinni hèr á landi verður alls ekki við hjálpað með uppástúngu nefndarinnar, undir 4. tölulið. Eg efa reyndar ekki, að sá maður, sem nú er landlæknir, taki kennslu þá,

sem þar er stúngið upp á að sèr, og muni leysa hana svo vel af hendi, sem honum framast er unnt, og að hann muni vera því vaxinn að kenna, ef til vill, manna bezt; en eg er samt hræddur um, að ekki verði úr læknafæðinni bætt með slíku fyrirkomulagi, eða að menn nái þeim tilgangi, sem menn hafa með þessu. Eg hefi sagt, að sá landlæknir, sem nú er, muni vera kennslunni vaxinn, og muni hvorki skorta áhuga nè vilja, til að kenna sem bezt; en líf mannsins er, eins og sagt hefir verið, takmarkað; hann getur verið dáinn, áður en þetta kemst í kríng, og þá er ekki víst, að sá næsti landlæknir vili taka kennsluna að sèr, því óhugsanda er, að nokkur skynsöm stjórn *skipi* landlækni slíkan starfa; finnst mèr það mjög eðlilegt, að landlæknir vili sem optast vera fyrir utan slíkan starfa, því það mun vera flestum mönnum of vaxið, að hafa þessa kennslu á hendi, og gegna að auki embætti sínu með þeirri alúð og þeim dugnaði, sem staða landlæknis útheimtir, því sá maður hefir vissulega mikið að gjöra. En þó nú altènd, að uppástúngu nefndarinnar verði framgengt, og landlæknir fáist allajafna til að taka kennsluna að sèr, þá er þó ekki bætt nema úr hinni bráðustu þörf landsmanna. Eg gef atkvæði á móti síðara hluta 4. greinar, ef hún verður borin upp í tvennu lagi, eins og gjört hefir verið ráð fyrir, því, ef nefndaruppástúngan yrði öll samþykkt, er öllu heldur gengið aptur á bak, en áfram í þessu máli, og ef á að endurborga spítalasjóðunum þessa 600 rd. úr jafnaðarsjóðum amtanna, þá er alveg ónýttur hinn góði tilgangur stjórnarinnar, með konúngsúrskurðinum frá 1848, sem leggur leyfi til, að verja megi allt að 200 rd. úr jafnaðarsjóði hvers amts, til að kenna aðstoðarlæknum hèr á landi. Vèr vitum allir, hvað ætlazt var til, að gjört væri við þessa 200 rd. úr jafnaðarsjóði hvers amts; þeir eru ætlaðir til þess, að hèraðslæknar kenndi hinar helztu undirstöðugreinir læknisfræðinnar námfúsum mönnum, til að bæta með því í bráð úr læknaleysinu; og þó þessu hafi ekki orðið framgengt enn, getur það þó komið að góðu liði síðar, og er fè þessu illa varið, ef því er varið til annars; og væri það víst mjög svo hagfellt ef hèraðslæknarnir fengi að halda þessu leyfi, sem nú hafa þeir, til að kenna aðstoðarlæknum, hver i sínu hèraði; þess vegna verð eg, eins og eg hefi áður sagt, að vera alveg á móti síðara hluta 4. töluliðs, ef hann verður slitinn í sundur. Eg gef atkvæði með 9. tölulið, og ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál.

Guðmundur Brandsson: Þíngmaður Suður-Þíngeyínga tók flest af því fram, er eg vildi hafa sagt, og get eg þess vegna ver-

ið því stuttorðari. Eg held, að nú sè óþarfi að óttast uppástúngu þingmanns Reykvíkínga, undir 1. tölulið, því hann hefir nú dregið svo mikið úr henni, að það er ekki mögulegt, að draga meir úr henni, nema henni sè alveg sleppt, því nú getur stjórnin tekið bæn þessa í svo rúmum og þröngum skilníngi, sem hún vill. Það gengyfir mig, hvað *framsögumanni* hefir fallizt hugur í þessu máli, síðan við inngangsumræðu þessa máls núna á þínginu, og hafa þó ekki komið frá stjórninni neinar nýjar bendíngar í málinu; en hver, sem les ræðu hans þá, mun undra sig á þessu stigi, sem hann nú hefir stigið aptur á bak (*Arnljótur Ólafsson:* Skaði gjörir menn hyggna); það er engi skaði skeður síðan; eg sè nú ekki betur, en að nefndin og þíngmaður Reykvíkínga geti fallizt í faðma, því það, sem nefndin stíngur upp á, er að eins til bráðabyrgða. Breytíngar- og viðaukaatkvæðið undir 2. tölulið samrýmist mjög vel bæði uppástúngu nefndarinnar og stjórninni, því það leggur meðulin upp í hendur hennar, til þess að draga, eins lengi og henni þóknast, að stofna hèr spítala og læknaskóla; þó vèr nú látum stjórnina vita, að oss er ekki hugur horfinn með þetta, getum vèr varla verið auðmjúkari, en í 2. tölulið. Skal eg svo ekki tala fleira; þíngmenn geta nærri, með hverju eg muni gefa atkvæði, sjálfsagt 1. tölulið, og það væri líka líklegt, að eg gæfi atkvæði með 9. tölulið, sem upphaflega er mín uppástúnga frá fyrri þíngum.

Framsögumaður: Eg verð að svara bæði þíngmanninum úr Suður-Þíngeyjarsýslu og þíngmanninum úr Gullbríngusýslu fáum orðum. Þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu gat ekki, ef eg tók rètt eptir orðum hans, skilið í keppninni í gær; en mèr þykir þetta nefndarálit svo áríðandi fyrir læknakennsluna hèr á landi, að eg er hræddur um, að allt, sem gengur í aðra stefnu, en nefndin, muni spilla fyrir málinu, og verða því til fyrirstöðu. Eg held, að hann gæti skilið í þessu, ef hann hefði tekið eptir orðum *konúngsfulltrúanna* á öllum þíngum, síðan 1847, nú í 14 ár. *Konúngsfulltrúarnir* hafa allir sagt hið sama; þetta, sem vèr nú biðjum um, er stjórnarinnar vili, og samt furðar þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sig á þeim sinnaskíptum, sem hann segir, að eg hafi tekið; hvaða sinnaskiptum? Eg kannast ekki við það (*Guðmundur Brandsson:* Ræðan!). Ef þíngmaðurinn vill lesa ræðu mína núna á síðasta þíngi, 1859, bls. 1530 í þíngtíðindunum, getur hann sèð, að eg vildi þá fyrst lækna, þá læknaembætti, þá spítala.

Forseti: Af því þíngmaður Gullbríngusýslu má ekki tala fram-

ar, skal eg geta þess, að hann meinti ekki, eða talaði um ræðu *framsögumanns* á þingi 1859, heldur inngangsumræðu hans í þessu máli á *þessu* þingi.

Framsögumaður: Hvernig, sem eg hugsa mig um, get eg ekki trúað því, að þingmaðurinn, ef hann hugsar sig um, og ef hann ekki vill brúka brigzlyrði, geti fengið þá meiningu út úr ræðum mínum, að eg sè á móti því, að læknaskóli komist hèr á, en eg er á móti því, að uppástúnga komi nú frá þínginu um annað, en það, sem nefndin fer fram á, og sem menn hafa von um, að stjórnin muni ganga inn á. Það kann að vera, að alþingi verði hált á því, ef það hugsar, að það þurfi ekki annað, en að biðja og biðja; en þegar menn nú hafa beðið í 14 ár um það, sem varðar heilsu og lífi manna, meðan stjórnin hefir ekki getað veitt neina læknahjálp, og stjórnin samt ekki getur uppfyllt bænir þingsins, þá sýnist mèr ískyggilegt að draga stjórnina til beggja handa, svo að hún þar með má ske neyðist til, að draga málið, eða skjóta því frá sèr til heilbrigðisráðsins, og láta það liggja þar lengi í salti; en það er gagnstætt því, sem eg vil, því eg vil, að málið fái fljótan framgang. Eg veit það vel, að eg er dauðlegur, og það er ekki af því, að eg sè hræddur fyrir dauðanum, að eg vil, að mál þetta fái fljótan framgang, ekki heldur af því, að eg sè hræddur um, að eptirmaður minn muni ekki verða eins vel fær um að kenna, eins og eg, því kennslan er ekki bundin við mig persónulega, heldur við embætti mitt; eg vil að það verði skylda fyrir landlæknana, að kenna út frá sèr, og svo var það í *instrúxinu* frá 1760, að landlækninum var gjört að skyldu, að kenna og það sama er tekið fram í *kancellíbrèfinu* frá 1790. Eg vona, að umræðurnar verði ekki langar, því það kemur opt lítið út úr löngum umræðum. Eg sè opt, að menn halda, að þeir geti fengið allt með þrábeiðni og þrákelkni; en það væri gott, ef þingið fengi ekki á endanum verri reynsla en það heldur í þessu efni. Eg veit að landsmönnum líkar það illa, og eigi sízt í þessu máli, þegar aðgjörðum þingsins ekkert miðar áfram. Eg held, að álit þingsins standi svo, að það sè nauðsynlegt fyrir það, að fara varlega og taka í þann strenginn, sem menn sjá, að eitthvað getur áorkazt með. Það er ekki nóg, að vera einlægt að kaldhamra þetta; vèr fáum að sjá, hvað stór flotinn verður, sem Danir senda hingað að ári, til þess að vernda oss fyrir yfirgangi útlendra þjóða, eins og beðið var um hèrna um

daginn; og líkt er þessu varið með margar bænir, sem raunar er hægt að biðja um, en sem örðugra er að veita.

Benedikt Sveinsson: Eg skal nú ekki tala langt; sumum mun hafa þótt eg tala nóg við undirbúningsumræðuna, og heldur illa, en vel, en það er eiginlega 1. töluliður á atkvæðaskránni, sem neyðir mig til þess, að standa upp, og einkum það, að nafn mitt vantar við hann. Eg gat þess í gær, að eg mundi koma mèr saman við þingmann Reykvíkinga um uppástúngu þá, sem hèr er komin á pappírinn, svo hóflega orðuð sem unnt er, svo að hún víst ekki getur spillt fyrir hugmyndum nefndarinnar; en nú vantar nafn mitt við hana, og þegar eg nú minntist hinnar hörðu hegníngarræðu, sem dundi yfir mig við undirbúningsumræðuna, datt mèr í hug, að menn mundu halda, þegar þeir sæi, að nafn mitt vantaði, að eg hefði orðið hræddur, en það er hvorki af hræðslu, að nafn mitt hefir dregizt undan, nè heldur af því, að meiníng mín hafi breytzt síðan, heldur mun orsökin vera sú, að blað það, sem vèr skrifuðum uppástúngu okkar á, var orðið svo krassað út af eintómri tilhliðrunarsemi og vægð við nefndina, að prentaranum hefir sèzt yfir nafn mitt; eða er ekki svo? *(Forseti:* Jú!). Eg skal nú viðvíkjandi málinu sjálfu geta þess, að eg man ekki betur, en að árið 1845, þegar bænarskráin kom frá stúdentum í Kaupmannahöfn um æðri menntastofnanir hèr á landi, þá tæki *konúngsfulltrúinn*, sem þá var Bardenfleth, mjög vel í málið yfir höfuð, og teldi það alllíklegt, að stjórnin mundi bráðum stofna læknaskóla hèr á landi, eins og nú líka er búið að koma hèr á fót prestaskólanum. Eg skal nú ekki fást um það, hvort það muni vera þrákelkni ein frá þingsins hálfu að biðja um það 1861, sem *konúngsfulltrúi* gaf svo góðar vonir um, að mundi fást árið 1845; en það er þó vissulega hörmulegt, að það þing, sem hefir staðið jafnlengi sem alþingi hefir gjört, og sem vonast eptir, að það bráðum muni fá meira vald, og eg veit ekki, hvað mikið vald, það er hörmulegt, segi eg, að því skuli ekki hafa áskotnazt meira í þessu máli, en svo, að það nú ekki þorir, til þess að varast *þrákelkni*, að *biðja* um læknaskóla hèr á landi, sem *konúngsfulltrúinn* á því fyrsta þingi tók svo vel undir, einkum þegar beðið er um hann með jafn hóflegum orðum, og gjört er í uppástúngu okkar; mèr sýnist annars miklu fremur ísjárvert að fella uppástúngu þessa, því það lýsir bæði vantrausti á stjórninni og misskilníng og vantrausti á þýðíngu þíngsins fyrir landið. Ef

þingið fellir 1. tölulið, mun eg samt gefa atkvæði mitt fyrir 2. tölulið og 9. tölul., því eg álít þá í sjálfu sèr nauðsynlega.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi gjört mèr að skyldu, að fara ekki versta veginn, þegar eg hefi byrjað ferð mína, og eins hefi eg nú ætlað að fara að í læknamálinu; 1859 ætlaði eg að miðla málum, og eg reyndi til hins sama nú við undirbúningsumræðuna á þessu þingi; en svo má brýna deigt járn, að það bíti um síðir. Eg kann næstum eins vel við 2. tölulið og breytingaratkvæðið undir 1. tölulið; því ef 1. töluliður yrði samþykktur af þinginu og stjórninni, þá gæti orðið millibil milli þessarar »læknakennslu til bráðabyrgða« og læknaskólans og spítalans, því »hið allrabráðasta« hefir stundum orðið nokkuð langt; en 2. töluliður fer fram á, að þessari læknakennslu haldi áfram, þangað til spítalinn og læknaskólinn taki við. Það datt ofan yfir mig, þegar komið var fram með viðaukaatkvæðið undir 6. tölulið, og eg heyrði af ræðu *konúngsfulltrúa*, að hann vildi draga úr þeirri kennslu, sem *framsögumaður* hafði bætt við í viðaukaatkvæðinu eptir það, að þingmaður Gullbringusýslu hafði hreift við því, að of fáar kennslugreinir mundu verða teknar til undir 5. tölulið; en eg komst í skilning um þetta, þegar *konúngsfulltrúi* sagði, að þeir mundi eiga að eins að vera fyrst um sinn, meðan ekki kæmi útlærðir læknar frá Danmörku; eg vil þá spyrja, hvort á að setja þessa lækna frá embættum, sem landlæknir kennir, þegar hinir dansklærðu koma, og þá furðar mig ekki, þó *konúngsfulltrúi* og *framsögumaður* vildi ekki fallast á 1. og og 2. tölulið, þegar svona átti að draga krapt og kjarna úr því litla, sem nefndin hafði stúngið upp á. Mig furðar líka á því, að *framsögumaður* skuli vilja gefa eins mikið eptir, og hann hefir gjört í máli, sem honum hefir legið eins mikið á hjarta og þetta mál, og sem hann hefir svo mikla þekkíngu á, og finnst mèr það ekki samkvæmt ræðu hans, þegar þetta mál var nú til inngangsumræðu. Eg get nú ekki hliðrað mèr meir til í þessu máli, en svo, að eg sleppi 1. tölulið; og er eg þó ekki ráðinn í því enn, nema ef eg verð sannfærður um það, að hann ónýti málið, og sleppi eg þá ekki 2. tölulið. Ef að oss er neitað um allar bænir okkar, sem vèr biðjum stjórnina um, gæti vel farið svo, að allir skólar eyðilegðist hjá okkur, og kennararnir og aðrir embættismenn yrði að flyja burt úr Reykjavik; og sè eg þá ekki annað fyrir, en að vèr verðum að reyna, að bjarga okkur sjálfir, vinna einir og eta einir, og þeir af embœttismönnunum með okkur, sem vilja sampínast okkur; eg læt því ekki kúga mig, svo

að ég geti ekki atkvæði, að minnsta kosti fyrir tölulið 2., hvernig sem fer.

Framsögumaður: Mèr fannst hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu hafa misskilið mig, og það rennur mèr til rifja, því hann hefir alltaf verið þessu máli velviljaður. Mèr heyrðist á ræðu hans, að hann hèldi, að eg hugsaði, að þessir læknar, sem hèr lærði, ætti að rekast burt, þegar útlærðir læknar kæmi frá Kaupmannahöfn; þetta þarf hann ei að óttast; það má sjá það á 7. niðurlagsuppástúngunni, að það var fullkomin alvara nefndarinnar, að þeir hefði fullan rètt til embætta hèr; eg held hann þurfi ekki að vera hræddur um þetta, því þó þessi læknaembætti, sem nú eru laus, verði veitt áður, en þessir menn útskrifast, þá er aðgætandi, að á alþingi 1857 var beðið um 7 nýja lækna, og stjórnin játaði, að þessa væri þörf. Eg mundi líka fara því á flot, að þessir menn ekki stæði svo mikið á baki þeim, sem læra við háskólann í Kaupmannahöfn; og til þess er full ástæða, þar sem þeir hafa lært í landinu sjálfu, og hljóta því að vera fullkomlega eins, eða jafnvel betur kunnugir íslenzkum sjúkdómum, en hinir, sem koma utan að, og það er alliklegt, að þeir má ske sýndi þetta allt eins vel, einhverir á þessari öld, eins og þeir Jón Pètursson og Jón Einarsson sýndu það á fyrri öld; eg ímynda mèr, að heilbrigðisráðið hefði hugsað sig um, að setja Jón Pètursson aptur fyrir læknum frá Kaupmannahöfn; og ekki ætti okkur að vera farið svo mikið aptur nú, að einhver gæti ekki sýnt þetta enn. Eg vil því biðja þingmann Strandasýslu að kvíða ekki þessu, því eg mun gjöra allt, sem eg get, til þess að þessir menn fái þann rètt, sem þeir eiga, og að þeir verði þess verðir, og nefndin vildi líka gjöra allt, sem hún gat, til þess að tryggja rèttindi þeirra.

Arnljótur Ólafsson: Það var eins fyrir mèr, og hinum konúngkjörna varaþingmanni, að eg bar upp breytíngaratkvæði við 1. gr. við undirbúníngsumræðuna, sem var svo *fínt,* að það sèst ekki hèr á atkvæðaskránni; en *forseti* hefir tekið fram, hvers vegna það kom ekki. Eg var ekki inni, þegar *konúngsfulltrúi* talaði; en eg hefi heyrt, að hann hafi verið með því; eg byggði það á því, að það var samkvæmt stjórnarinnar eiginn vilja. Um breytíngaratkvæðin ætla eg ekki að tala; eg gef þeim öllum atkvæði mitt, nema hinu 1., ekki af því, að það sè ei rètt, að setja það hèr í broddi fylkíngar, og að það sè ei rètt í sjálfu sèr í tímans fyllíngu, heldur af því, að það getur ekki komið í þarfir nú. Vèr eigum að biðja

um það, sem vèr viljum og getum notað; en eg vil ei, að vèr biðjum um það, sem vèr nú eptir öllum kríngumstæðum gætum ei haft not af; en vèr eigum að biðja um það, sem vèr getum notað, þangað til vèr verðum vaxnir því, sem vèr getum fengið síðar; ef vèr viljum ei fara upp í skýin, þá getum vèr ei nú haft not af læknaskóla, því okkur vantar fè; en eg vil aldrei fara með þennan skóla svo hátt upp í skýin, að hann verði að loptskóla. Eg er á sama máli og *framsögumaður*, að vèr eigum ekki að reka það, sem farið er fram á í 1. breytíngaratkvæðinu, svona upp í augu stjórnarinnar, því vèr vitum, að hún er hrædd við nafnið „*skóli*“. Það er skylda, að kynna sèr skoðun stjórnarinnar, ekki að eins til að fallast á hana, heldur og, til að finna að henni, og laga sig eptir henni. Það er annars kynlegt, að Danastjórn vill, að allar stofnanir hèr beri sem rýrast nafn, en það er að líkindum af því, að danska þjóðin er svo lítil; en af því hún er svo lítil, í samanburði við aðrar þjóðir, þá vill hún að allar stofnanir á þessu aukalandi sínu verði svo litlar, að þær verði eins og saumnál, eða »*Insekt*«, í samanburði við stofnanir í öðrum löndum. Allar frjálslyndari þjóðir, sem vilja halda uppi höfðinu, vilja gefa stofnunum sínum, ef til vill, hærra nafn, en þær eiga skilið; en danska stjórnin vill gefa þeim svo lítið nafn, að það jafnvel ekki samsvari þeim, eins og þær eru — svo er hún hógvær og af hjarta lítillát! Eg held því, að þessir 2 þíngmenn, sem vilja fara fram á svo mikið, ætti heldur að bjóða stjórninni það, sem boðlegast er og samkvæmast skoðun hennar, ekki af því, að það sè eigi rètt að kalla það skóla, sem er skóli, því 4. tölul. borinn saman við 8. tölul. innibindur í sèr embættismannaskóla, með því að það er engi munur að binda kennsluna við landlækni, eða við kennara í skóla — heldur af hinu, að stjórnin er svo hrædd við þetta nafn.

Konúngsfulltrúi: Fleiri heiðraðir þíngmenn hafa sagt, að það væri að fara aptur á bak, ef þíngið aðhylltist uppástúngu nefndarinnar; en þetta er hreinn og beinn misskilníngur, sem er sprottinn af því, að þíngið hefir alltaf verið að breyta skoðun sinni á málinu, síðan árið 1848, og verið að færa sig meir og meir upp á skaptið. Nefndin hefir nú ekki fylgt málinu fram í þessa stefnu, en haldið sèr sem næst því, sem stjórnin ályktaði árið 1848, viðvíkjandi augnamiði og tilgangi læknasjóðsins, nefnilega að verja honum til þess, að fjölga hèr læknum.

Hitt hefði heldur mátt kalla apturför, ef nefndin hefði aptur

haldið fram með því, sem þingið fór fram á árið 1859, að stofna hèr spítala og læknaskóla á kostnað læknasjóðsins, því allur sjóðurinn hefði þá eyðst allt í einu, og ekkert orðið eptir, til þess að bæta úr læknafæðinni. Auk þess að spítali sá, sem hèr er verið að ræða um, aldrei gæti, eins og hèr hagar til, komið öðrum að verulegum notum, en Reykjavíkurbúum, enda eru engi líkindi til þess, að stjórnin mundi verða fáanleg til þess, að verja fè læknasjóðsins til slíkrar stofnunar.

Hið heiðraða þing mun minnast þess, að það hefir beðið um 6 eða 7 lækna, auk þeirra, sem eru; en geta menn ætlazt til, að stjórnin geti fengið hjá ríkisþinginu fè, til að launa þessum læknum? Geti menn ekki vænzt þess; hvar fæst þá þetta fè, nema úr læknasjóðnum? en þó vilja menn eyða honum, og þannig breyta sjóðsins upprunalega augnamiði, sem var og er það, að bæta hèr læknaskipunina, en leggja þó engi ráð til þess, að bæta hana á annan hátt.

Eg er sannfærður um, að kennslan hjá landlæknirnum getur komið að góðum notum, og í þessu tilliti höfum vèr að styðjast við reynsluna frá eldri tímum; og þá var þó allt slíkt örðugra, en það er nú orðið.

Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga talaði um, að stjórnin væri hrædd við allar skólastofnanir hèr á landi, og að hún vildi þær yrði eins og saumnál eða »*Insekt*«, í samanburði við slíkar stofnanir í öðrum löndum; þetta skil eg ekki, ef það á ekki að vera eins konar spaug; eða sýnir latínuskólinn okkar, að þetta sè skoðun stjórnarinnar? eg verð því að álíta, að þetta sè sagt ófyrirsynju; en að öðru leyti er stjórninni ekki láandi, þó hún ekki vili styðja að því, að koma á fót stofnunum, sem hún sèr fyrir, að ekki muni geta þrifizt, eða orðið annað en að nafninu. Eg er sannfærður um, að stjórnin léti okkur fá bæði lækna- og lagaskóla, ef hún sæi, að slíkar stofnanir væri oss algjörlega nauðsynlegar, gæti þrifizt hèr og við staðið straum af þeim. En eg skal ekki fjölyrða lengur um þetta mál; eg vona, að þingið aðhyllist nefndarálitið í öllu verulegu, en hafni algjörlega uppástúngunni undir 1. tölulið, því með því að aðhyllast hana fellir þingið málið, og frestar framkvæmd þess um langan tíma. Að því er loks snertir uppástúnguna undir 9. tölulið, um betra fyrirkomulag, en nú er á spítalahlutunum, þá er það mál, eins og þinginu er orðið kunnugt, í undirbúningi hjá stjórninni; og

henni er ekki um það að kenna, þó það sè ekki enn komið í kríng, því hún er fyrir löngu búin að hreifa því til undirbúnings.

Halldór Kr. Friðriksson: Þótt mèr þyki það illa farið, að verða að standa upp, til þess að mæla á móti vilja vinar míns, hins háttvirta *framsögumanns,* neyðist eg þó til þess. Það var þó bót í máli, að mèr fannst hann ekki vera eins ákafur í dag, eins og í gær; og það er líklega af því, að hann er nú farinn að skilja, að breytíngaratkvæðið undir 1. tölul. er ekki gjört, til að hafna nefndarinnar uppástúngum, heldur til að verða þeim samferða, og það var því alveg rangt, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri til að hafna þeim; því þetta getur vel samrýmzt; en það verð eg að kalla verulega apturför, að þegar þíngið hefir allt af beðið um þetta sama, síðan 1845, þá skuli það nú vilja sleppa þessari skoðun, og koma með aðra nýja. Það er ekki rètt, að alþíngi 1847 hafi beðið um, að spítalasjóðnum væri varið til að launa læknum; það stendur í bænarskránni til konúngs: »þótti þínginu þá ekki nóg fè vera til að stofna spítala og læknaskóla, og biður því um, að fènu verði safnað í einn sjóð«; en hèr er ei beðið um, að þetta fè sè haft til að launa með læknum. Það var satt, að stjórnin skýrskotaði 1859 til varauppástúngu þíngsins 1855, en það vita allir, hvernig hún var undir komin; eg tók það fram í gær, og vil því ei taka það upp aptur. Eg hefi enn þá ekki sannfærzt af ræðum *konúngsfulltrúa* og *framsögumanns* um það, að stjórnin geti hafnað uppástúngum nefndarinnar, þó þessari uppástúngu sè bætt við. Eg játa það, að eg hefi ekki eins vel vit á þessu máli, eins og *framsögumaður*; en hann hefir enn ekki skýrt frá, hvers vegna þessi bæn upphefði hinar. Uppástúngur nefndarinnar verða sendar heilbrigðisráðinu, hvort sem uppástúnga mín er með, eða ekki, og þá get eg alls eigi skilið, að hún spilli fyrir málinu, þó hún sè með, eða valdi drætti. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri merkilegt, ef þíngið fèllist á þetta, á móti stefnu stjórnarinnar. En hver er þessi stefna? Það er líklega skýrsla stjórnarinnar til þíngsins 1859; en það finn eg alls engar ástæður móti læknaskóla *(Arnljótur Ólafsson:* Þær eru svo *fínar!);* já, það er satt, því aðalástæðan er: »*konúngsfulltrúi* 1857 var á móti því, og þess vegna get eg ekki fallizt á það«. Þetta eru sannarlega *fínar* ástæður. Og þó menn nú segði, að það væri stefna stjórnarinnar, að verja þessu fè til launa handa læknum, hvað hefir þá komið út af þessari stefnu síðan 1848?

Ekkert, nema að læknarnir hafa fækkað, og endirinn verður þá, að landið verður læknalaust eptir stefnu stjórnarinnar. Stjórnin segir ef til vill: »það lesa svo margir læknisfræði núna við háskólann í Kaupmannahöfn, og hefir það fyrir ástæðu á móti læknaskóla; en hún sagði eins, þegar beðið var um lögfræðingaskólann; en hvernig er nú komið? Eg trúi að nú sè 9 embætti laus, og ekki nema 1 maður til í þau; eins er nú hætt við, að fari um læknana, þegar áætlanir stjórnarinnar eru svona áreiðanlegar. Það væri betra, að þeir menn, sem eiga að skýra stjórninni frá ástandinu hèr, kynnti sèr það betur, en þeir virðast að gjöra. Þingmaður Borgfirðinga tók það fram, að stjórnin væri svo hrædd við alla skóla; ekki hefir hún verið hrædd við prestaskólann *(Arnljótur Ólafsson:* Eg sagði, að hún væri hrædd við nafnið »skóli«); ef það er ekki annað, þá skulum við kalla það: »*menntastofnun handa læknaefnum;* það geng eg inn á með mestu ánægju. Eg skil mikið vel, hvers vegna *framsögumaður* vill ganga inn á 2. breytingaratkvæðið, en *konungsfulltrúi* gekk fram hjá því. Þegar hinu 1. er sleppt, hvað liggur þá í hinu öðru? Að það standi alveg á sama, hvort læknaskóli komist á, eða ekki *(Margir:* Nei! nei!); hèr er sleppt hugmyndinni um læknaskóla. Uppástunga mín er ekki eins einskorðuð, eins og uppástunga þingsins 1859, og það gjörði eg til þess, að *framsögumaður* og nefndin skyldi ei geta sagt, að hún kæmi í bága við sínar uppástungur. *Konungsfulltrúi* sagði, að það væri galli hjá þinginu, að það hefði breytt skoðun sinni á málinu; með því hefir hann játað, að það hefði ekki átt að breyta skoðun sinni, og eigi því ekki að fallast á uppástungur nefndarinnar, heldur á breytingaratkvæði mitt. Það má ei skýrskota til varauppástungu þingsins 1855, sem það jafnvel iðraðist eptir; það var eitt af því, sem slæddist inn á móti vilja þingmanna. Eg var beðinn að skila til *framsögumanns* frá einhverjum hèr í grenndinni, að það væri gaman að sjá, ef hann sæti fyrir 1. breytingaratkvæðinu, og bryti með því niður sína eigin skoðun á málinu. Það er líka í sannleika merkilegt, að hann skuli nú vera að berjast á móti þessari uppástungu, sem hann hefir alltaf barizt fyrir áður, og sem hann álítur alveg rètta, þegar búið er að sýna, að hún kemur ekki í bága við uppástungur nefndarinnar; það er undarlegt, segi eg, að hann skuli nú vilja sleppa þessari stofnun, sem yrði til mestu þarfa fyrir landið; það er auðvitað, að það liggur alls eigi í uppástungunum, að landlæknirinn sè skyldur til að kenna, og þegar landlæknirinn segir við

stjórnina: »eg treysti mèr ekki til þessa«, þá þykir mèr gaman að sjá, að hún skipi honum það samt, og segi: »*þú skalt*«. Þó Bjarni Pálsson kenndi mörgum til gagns, þá hvarf þó kennslan með honum, og það sýnir, hve fallvölt slík kennsla er; hún verður að byggjast á föstum grundvelli, sem ekki kollvarpast með lífi hvers eins. Þingið ræður nú, hvað það fer, og hvort það álítur sèr samboðið, að sleppa hinni fyrri skoðun sinni án ástæðu; eg hefi gjört eptir beztu sannfæríngu minni, og eg vona, að þingið greiði atkvæði eptir beztu sannfæríngu.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki skilið, hvernig hinn heiðraði fulltrúi Reykjavíkur getur sagt það og fullyrt, að uppástúnga hans undir 1. tölulið á atkvæðaskránni ekki komi í bága við uppástúngur nefndarinnar. Eg get nefnilega ekki skilið, hvernig hann hugsar sèr spítala og læknaskóla við hliðina á kennslu hjá landlæknínum, þar sem þessi kennsla yrði sjálfsagt að hætta, undir eins og hèr væri kominn læknaskóli; þetta liggur í augum uppi. Hann sagði líka, að það væri ekki rètt hermt, að stjórnin árið 1848 hefði ákveðið, að læknasjóðnum skyldi varið til þess, að fjölga hèr læknum, og koma þeim upp; en þetta er þó satt; það átti að verja sjóðnum til »*Medicinalvæsenets Forbedring*», til betri læknaskipunar; þetta stendur með berum orðum í lagaboðinu frá 12. ágúst 1848, og þar getur hinn heiðraði þingmaður lesið það. Svona fer jafnan, þegar menn halda of einstrengíngslega fram skoðunum sínum. Hann furðaði sig líka á því, að hinn heiðraði *framsögumaður* skyldi hafa breytt skoðun sinni á máli þessu, síðan 1859; en þetta sama hefir þó komið fram hjá þeim heiðraða þingmanni sjálfum, í málinu um að gjöra Seyðisfjörð í stað Eskifjarðar að kaupstað; en af hverju mun það hafa verið? af því að hann hefir verið búinn að fá nýjar og betri ástæður, en áður, fyrir skoðun sinni. Sama gildir um hinn heiðraða *framsögumann*. Það er að öðru leyti búið að ræða þetta mál svo ítarlega, að það virðist óþarfi að lengja ræður um það, meir en búið er, og eg vona þingið, sem hefir sýnt svo mikinn áhuga á þessu máli, beini nú atkvæðum sínum í þá stefnu, sem bezt gegnir, og þess vil eg innilega óska, bæði vegna þingsins og málsins sjálfs, sem er velferðarmál þessa lands.

Pètur Pètursson: Það var nú talað svo mikið í þessu máli í gær, og sumu af því sveigt að því, sem eg hafði talað; en eg gat ekki svarað því þá, því eg gegndi öðrum störfum; og eg ætla ekki heldur að svara hverju einstöku atriði af því nú. Að því er það

snertir, sem viðvíkur mèr persónulega, þá kann að vera, að það komi hiti í mig af því rètt á eptir, en svo kólna eg, eptir því sem frá líður. Það hættir sumum gáfumönnum við, að framfylgja hugsunum sínum, þangað til þær verða ósannar. Eg virði að sönnu þennan hugsunarákafa; en eg legg þó í þess konar ályktanir ekki meira, en góðu hófi gegnir. Eg held nú, að margir af þingmönnum hafi í gær hagizt við skuggann sinn; og mig furðaði, að hinn háttvirti konúngkjörni varaþingmaður skyldi vera annar höfundur að 1. breytíngaratkvæðinu, að hann, sem er vanur að sníða hverja hugsun og orðatiltæki með hárbeittri sigð, skyldi koma með þetta: »hið allrabráðasta«, sem hefir verið viðurkennt áður af þínginu, að mætti toga og teygja á alla vegu; stjórnin getur lagt svo mikið og lítið í þetta, sem henni sýnist; það er rètt eins og þegar amtmenn hèr áður báðu sýslumenn, að senda sèr skýrslurnar »*med det Forderligste*«; svo sendu þeir þær sjálfsagt ekki fyr, en kríngumstæðurnar leyfðu, og eins mun stjórnin fara að. Það hefir verið sagt af ýmsum, að það væri þrákelkni, að vera að setja þetta breytíngaratkvæði í brodd fylkíngar; eg er einn af þeim, sem álíta svo; en það hefir verið sagt á móti, að stjórnin lèti að lokunum undan; já, að vísu gjörir hún það; en hvenær? þegar henni þykir ráðlegt að veita það, sem um er beðið. Ef menn vildi leggja það niður, hvað mikið þyrfti hèr til læknaskóla og spítala 2 eða 3, og fengi til þess mann, sem þekkir, hvað allt kostar til þess, þá mundu menn komast að raun um, að spítalasjóðurinn er ekki nógur til þess. Stjórnin sèr, að kennara vantar; hvaðan á að taka þá? þeir eru ekki til. Hvaðan á að taka lærisveina, svo það verði fullkominn skóli, einmitt nú, þegar vèr erum að kvarta yfir embættismannaleysi í landinu? Nú er því ei tími til, að stofna þennan skóla. En hefir nefndin fyrir það frá fallið þeirri skoðun, að skóli væri hèr nauðsynlegur? Nei! hún hefir sýnt það, með því að halda hinni innlendu menntun sem grundvelli; en hún tók þann eina veg, sem hún sá mögulegan í bráð. Það hefir verið sagt, að sú kennsla hjá lækninum, sem nefndin hefir stúngið upp á, væri svo stopul; það er satt, ef kennslan er bundin við persónuna, en ekki við embættið; en það er ekki dr. Hjaltalín, sem á að kenna, heldur er það landlæknirinn á Íslandi. Eg er sannfærður um, að það yrði fallvaltari stofnun, ef menn tæki nú spítalasjóðinn, skipti honum í sundur, og færi að byggja spítala og skólahús frá stofni; þessi stofnun mundi verða fallvaltari, því þegar renturnar ei hrykki til, og menn

yrði að taka á höfuðstólnum, fèlli stofnunin um koll að litlum tíma liðnum. Menn mega því ekki grípa til sjóðsins, fyr en hann er kominn svo á fót, að eitthvað verulegt verður gjört með honum, og stjórnin er ekki svo þrálát, að þegar hún sæi, að allt væri nóg til þessa, bæði kennarar og piltar, til að ganga í skólann, og nógir peníngar til alls, að hún þá neiti um þetta. Að því er 2. breytíngaratkvæðið snertir, þá held eg nú, þó eg sè nefndarmaður, að það væri engi skaði, þó það sè samþykkt. Það er nú hèr um bil hið sama í því, eins og hinu 1., með þeim mismun, að það kemur ei fram sem þrákelkni; það liggur í því það, sem liggur í latínska málshættinum: *„forma dat esse rei“*; það er það verulega í málunum, að brúka lag og lempni, þar sem menn geta ei beitt odd og egg. Hver neitar því, að þíngið hafi rètt til að biðja um þetta? Eða hver neitar því, að vèr megum biðja stjórnina um þarfir vorar? Engi. En eg vil spyrja; er það æfinlega ráðlegt, að framfylgja rètti sínum? Eða getum vèr beðið stjórnina um allt í einu? Það er annað, að neyta bænarrèttar síns, til að fá einhverju framgengt, en annað, að vilja neyta hans, þó menn sjái, að þeir fái ekki neitt, og geti ekkert fengið. Eg held, að hamingja hins konúngkjörna varaþíngmanns sè því meiri, sem nafn hans er útilokað frá þessu breytíngaratkvæði. En það gengur hreint yfir mig, að þíngmaður Suður-Þíngeyjarsýslu hefir sleppt breytíngaratkvæði sínu, þar sem hann þó hallast að 1. breytíngaratkvæðinu; það er þá auðsèð, að ef læknaskólinn verður stofnaður, verður tekið fè til þess úr spítalasjóðnum, án nokkurs tillits til Norðurlands. Eg vil halla mèr að 2. breytíngaratkvæðinu, og mèr þykir engi skömm að því, að játa, að það kemur mikið af því, að sá þíngmaður, sem opt vill leggja gott til málanna, hefir farið því á flot; eg meina þíngmann Strandasýslu. Viðvíkjandi 4. tölul., þá vil eg, að því sè sleppt, sem þíngmaður Borgfirðínga hefir stúngið upp á, því eg sè, að með því er breytt þeirri stefnu, sem áður hefir verið höfð, með aðstoðarlæknana. Þrátt fyrir fortölur hins háttvirta *konúngsfulltrúa* er eg mikið efablandinn um, að stjórnin gangi inn á uppástúngur nefndarinnar, af því hèr er farið fram á nýjan rètt, sem stjórninni ekki hefir dottið í hug, fyrir þessa lækna, það er að segja, að þegar þeir eru útskrifaðir, geti þeir orðið hèraðslæknar; en það er ei að búast við, að nokkur gæfi sig til að læra eins yfirgripsmikinn lærdóm, eins og gjört er ráð fyrir undir tölul. 6., ef hann ætti ei von á, að fá embætti á eptir. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum

um málið, heldur segja: *Dixi, et liberavi animam meam*, þ. e.: eg hefi talað og leyst hendur mínar.

Stefán Jónsson: Eg var nú einn af þeim, sem áskildi sèr breytíngaratkvæði við breytíngu þíngmanns Reykvíkínga, en það er mèr að kenna, að það er ekki hèr á atkvæðaskránni, af þeim orsökum, sem þíngmaður Suður-Þíngeyjarsýslu tók fram; okkur kom saman um, að það væri ei skaðlegt, þó það fèlli niður, þegar breytíng þíngmanns Reykvíkínga er þannig stíluð, sem nú er hún. Eg er nú líka einn af þeim, sem ekki sjá glögglega muninn á 1., og 2. breytíngaratkvæðinu; eg held þau fari bæði í sömu átt, og þó menn vildi forðast orðið »*skóli*», af því það væri óþægilegt í eyrum stjórnarinnar, þá er það nú í þeim báðum; en það getur verið eitthvað samt, sem gjörir mismuninn. Eg veit, að allir vilja fara svo í málið, að það verði til heilla og hagsmuna fyrir landsmenn. Eg er hræddur um, að ekki verði gott að fá menn í þennan skóla, hvorki kennendur nè lærisveina, þó reyndar varla verði undinn svo bráður bugur að þessu, að ekki geti skipast öðruvísi þangað til. Viðvíkjandi 4. tölul. að skipta honum við atkvæðagreiðsluna, þá er eg því meðmæltur; eg held, að það geti vel komið fyrir, að það þurfi að hafa þessa 200 rd. til kennslu hjá hèraðslæknunum í hinum umdæmunum. Það var í gær minnzt á Bjarna Thorlacíus, sem nú er hjálparlæknir í Múlasýslum, að hann mundi koma hingað til kennslu. Það ímynda eg mèr nú ekki; hann er giptur maður, og farinn að eldast; það skyldi einúngis vera, að hann væri orðinn svo vel að sèr, að hann kæmi aðeins, til að fá yfirheyrslu; hann sigldi og las þá nokkuð læknisfræði, svo hann var kominn vel á veg; en gat vegna kríngumstæðna ekki lokið sèr af, og síðan hefir hann haft töluverða æfíngu og gott orð fyrir lækníngar, svo þetta kynni vel að vera. Á 9. gr. fellst eg alveg; því þó önnur regla sè fyrir norðan um spítalalilutina, þar sem þeir eru og hafa verið líka teknir þar af hákallsafla, sèr í lagi af opnum skipum, og eins mun líka verða af þiljuskipum, þá álít eg þó, að það væri til mikils góðs, að önnur niðurskipun væri gjörð á þessu. Viðvíkjandi 1. og 2. breytíngaratkvæðinu, þá held eg, að megi byggja á því, sem þeir, sem kunnugastir eru málinu, segja, að helzt muni verða framgengt; og vil eg því heidur gefa atkvæði mitt fyrir 2. breytíngaratkvæðinu; þó eg sjái ekki stórkostlegan mun á þeim, vil eg samt gefa atkvæði fyrir því, sem menn álíta, að geti verkað mest.

Indriði Gíslason: Eg held eg verði nú að standa upp, rètt

til þess að rètta mig upp, því eg er orðinn þreyttur að hlýða á ræður manna í þessu máli, bæði í gær og í dag, en þó þreyttastur af því, að heyra tvo andstæða flokka togast á, annan, sem er að hopa á hæl frá rèttindum sínum, en hinn, til að toga áfram, og það í rètta stefnu; þeir sem helzt og sèr í lagi toguðu áfram voru þeir þingmaður Reykvíkinga og hinn háttvirti konúngkjörni varaþingmaður, og það þreytti mig mest, að heyra og sjá, að þeir hafa verið svo fáliðaðir að draga þennan andstæða flokk, þessa dræsu á rèttan veg. Það hafa nú ekki átt að vera smáræðis ástæður, sem hafðar hafa verið móti þessu máli, þessum læknaskóla, það er þá nefnilega þetta: »Það er ekki til neins, að biðja um það, því vèr getum ekki fengið það«; þetta þykir mèr nú samt mögur mótmæli; þetta hefir nú þótt önnur merkilegasta ástæðan; hvernig getur nokkur maður látið sèr detta svo auðvirðilegt í hug um stjórnina, að hún neiti oss um þann sjóð, sem vèr höfum sjálfir safnað með sveita vorum, þann sjóð, sem vèr landsmenn einir eigum, þann sjóð, sem hún hefir ekki lagt í einn einasta skildíng? Þá er það nú hin mótbáran, að þetta sè ekkert fè, þessir 40,000 rd.; já, það getur vel verið, að það megi ímynda sèr svo og svo; en eg held nú samt þvert á móti, að það megi koma upp læknaskóla af þessu fè, einúngis ef menn kunna að sníða sèr stakk eptir vexti; og þó nú svo væri, að fèð væri of lítið, sem eg er ekki svo hræddur um, ef vel er á haldið, þá má bæði vænta þess, að stjórnin hjálpi til að koma upp skólanum, því vèr eigum að geta góðs til hennar, og það því heldur, sem hún hlýtur að vera skyldug til þess, þar sem hún nú í 14 ár hefir ekki gefið gaum öllum áskorunum og beiðni þíngsins, að bæta fyrirkomulagið á spítalatekjunum, sem nú mætti vera orðið svo fjarska mikið betra, en það er, og sjóðurinn langtum auðugri. En það er mikill sannleikur, að ef menn hafa lærða skólann í Reykjavík fyrir augum, og hugsa, að það þurfi endilega að byggja einhverja óskaplega höll, eins og hann er, sem taki helmíngi meira en nokkurn tíma þarf, þar sem hann tekur 60 lærisveina, í stað þess að innan um hann allan eru að skrölta einir 30 piltar, þá er mjög eðlilegt, að það sè allt ómögulegt. Þetta mun nú vera ljónið, sem er á veginum fyrir því, að halda beina og rètta leið í læknaskólamálinu, að latínuskólinn er að flosna upp; en eg held, að hann komi þessu máli ekkert við; eg held menn ætti ekki að brenna sig á sama soðinu optar, og ætti ekki að hugsa sem svo, að fótur allra menntastofnana yrði sjálfsagt að vera hèrna

í Reykjavík, þar sem reynslan sýnir, að engi menntastofnun getur þrifizt, því það held eg allir verði að játa, að eins og sál og líkami geta eigi hvors annars án verið, meðan vèr erum hèr í holdinu, eins getur hin andlega mennt ekki lifað án líkamlegra búnaðarframfara; þetta er nú auðsèð, að er grýlan, sem von er, ef einúngis er verið að hugsa um Reykjavík; það sýnir hinn 5. konúngkjörni, er svo opt er að tala um, hvað mjólkurpotturinn hèrna kosti í *Vík*. Það er mikið satt, og það ber engi á móti því, að hèr sè búsvelta. Eg er ekkert, og hefi ekkert þurft að velkja hugann, hvað eg vil í þessu máli, og það er það að fá sjóðinn til læknaskóla, sem vèr og höfum fulla heimtíngu á, og því er það, að eg gef glaður atkvæði mitt fyrir þessari almennu uppástúngu undir tölulið 1., að eg nú ekki tali um, þegar eg sá orðatiltækin: »hèr á landi«, hjá því, ef svo hefði verið tekið til orða, að stofnast skyldi læknaskóli í Reykjavík. Eg þykist því sanufærður um, að allir, sem vilja halda skýlausum rètti sínum í þessu máli, muni gefa þessari almennu nauðsynja uppástúngu atkvæði sitt, en til þess nú að slaka til, og láta teygja mig svo sem auðið er, svo sem í von um, að töluliður 1. falli ekki, þá ætla eg að taka orðabreytínguna undir tölulið 3, og þá tölulið 4. aptur fyrir 600 rd., en öldúngis ekki tölulið 2., og þá má nærri geta, af áðursögðu, að eg stend upp fyrir tölulið 9.

Helgi G. Thordersen: Það var bæði í gær og eins í dag talað um reglugjörð þessa, er þèna skyldi til, að gjöra tekjur spítalasjóðsins meiri. Eg svaraði því í gær, að eg áliti þetta mál liggja fyrir utan læknamálið sjálft. Því var mótmælt, svo eg heyrði, og sagt að þessi reglugjörð stæði í nánu sambandi við læknamálið. Eg neita því enn; því eg neita því, að sá hlutur, sem ekki er til, geti staðið i sambandi við annan hlut; en reglugjörðin er ekki til. Mèr þykir tvísýnt, þegar landar vorir líta á þetta mál, og stjórnin hugsar um það, þá þykir mèr tvísýnt, segi eg, hvernig þeim kemur saman um að auka tekjur sjóða þessara, þar sem gjöldin til þeirra hvíla á einstökum mönnum, á einstökum atvinnuveg, þeim atvinnuveg, sem er mestum hættum, erfiðleikum og kostnaði bundinn, og að því er hagnaðinn snertir, að öllu óviss. Þessi sjóður var mjög eðlilegur í alla staði, meðan spítalarnir gömlu stóðu, því þeir voru handa holdsveikum. Í sambandi við það var annað atriði, nl. það, að flestir eða allir hinir holdsveiku voru við sjávarsíðuna, og því var eðlilegt, að sjávarbændunum væri lagðar þessar

byrðar á herðar. Meðan þessi tilhögun var, þá var þessi gjaldstofn ekki óeðlilegur. Nú hefir þetta breytzt svo, að þessi sjóður er ekki lengur fyrir holdsveika eina, heldur fyrir allt land, og er almennur læknasjóður. Nú finnst mèr, að þegar allt landið á að hafa not af sjóðnum, þá eigi líka allt landið að hafa á herðum byrðar hans, eða að það allt eigi að taka þátt í þeim, en eigi ekki að sletta þeim á einn atvinnuveg. Ef eg lifi, ber mèr að gjöra skilagrein fyrir þessu, en eg mun þó ekki vera með þeim álögum, sem hingað til hafa átt sèr stað, sem eg ekki get álitið alveg rèttlátt, og verð að álíta úrelt. Að öðru leyti skal eg ekki fara lengra út í þetta, og ekki tala um, hvað aðrir hafa lagt til. Að því er læknamálið snertir, þá held eg öllum sè kunnugt, að eg í embætti mínu hefi látið mèr annt um allt, sem lítur að innlendri menntun, og getur stutt hana; og það hefir glatt mig, að aðrir hafa haft það álit. Hví skyldi eg nú vera sjálfum mèr ósamkvæmur? Eg álít mestu hamingju fyrir hvert land, að fá innlendar menntastofnanir. Þar sem verið er að tala um, að þingmaður Borgfirðinga hafi verið að gjöra að gamni sínu, þá held eg það ekki, því eg skyldi hann svo, að við ættum að byrja á litlu, ef það að eins væri innlent, og því einhuga farið fram, og skoðun mín er einmitt hin sama. Látum stjórnina vita, að við viljum fá eitthvað; við heimtum ekki af henni nein útlát, og eg sè ekki, hvað Danastjórn getur verið á móti þessu, hún, sem aldrei hefir sparað neitt, til að hjálpa upp menntun okkar í landinu. Þetta sýnir lærði skólinn og prestaskólinn, hversu rífleg hún er við okkur í þessu efni, og það er henni til mesta sóma. Mèr er kunnugt, hvernig prestaskólinn byrjaði; því eg skrifaði stjórninni til, og bað um þennan forstöðumann, sem nú er fyrir prestaskólanum, og eg bað um, að annar fengist seinna. En að því er nú þessa nefnd snertir, þá hefir hún von um, að meira fáist með tímanum, en ekki eigi ætið að vera að arga um skóla og spítala. Ef byggja ætti á þessum sjóð spítala og læknaskóla í Reykjavík, og hin ömtin vildi fá sinn part, þá er eptir 27,000 dalir fyrir Suðuramtið, og það yrði ekki einu sinni nóg, til að byggja fyrir húsin, og með hverju ætti þá að launa kennurum, o. s. frv.

Nefndin hefir ekki farið fram á meira, en áður hefir átt sèr stað, því hún áleit eðlilegt, að byrja á því minna, því sú er tilhögun lífsins, að menn verða sem optast að byrja á litlu, og þetta litla getur opt orðið að miklu, þegar vel er með farið, líkt og með-

urinn sjálfur fyrst er lítill, en síðan vex, og eg álít mikið gleðiefni fyrir þingið, ef þetta hið minna gæti komizt á, því þá mætti búast við meiru á eptir.

Eg hefi ekki getað stillt mig um, að tala í þessu máli, því mèr er það mjög viðkvæmt, þegar eg hugsa um, hversu margir landar mínir þarfnast liðveizlu. Eg veit, að þessi hjálp, sem nefndin vill veita, kemur ekki á sama tíma, en eg er viss um, að hjálpin fengist ekki fyr eður öllu meiri, þó um skóla væri beðið Eg hafði búizt við, að hvort íslenskt hjarta mundi hrærast yfir ástandi þessa lands í læknalegu tilliti, og að allir mundu fegins hendi taka við því minna, en ekki vera að tala um slot, eða hanga í hugmyndinni um stórt *skólahús.*

Til stjórnarinnar hefi eg hið bezta traust í þessu efni. Vèr sjáum, auk þess sem henni hefir farizt við oss Íslendínga, hversu vel henni fórst við Noreg; hún gaf honum háskóla, og henni á Noregur menntun sína og framför að mestu að þakka; og þar sem stjórnin hefir veitt svo mikið, þá er sjálfsagt, að hún muni veita hið minna oss, að við getum orðið svo frægir að kenna börnum vorum og sonum landsins það, sem við höfum lært. Það er munur á að læra í Danmörku eða heima; þessi lönd eru svo ólík, að margt af því, sem þar þénar eigi, getur orðið hèr að verulegum notum; það er alltaf hollur heimafenginn baggi. Það er hollast, að hafa vísindin í landinu, og geta kennt þau þar, hvort sem heitir í »*skóla* eða *heimaskóla;* en þeim hefi eg ætíð verið hlynntur.

Mèr þótti ekki drengilegt, að standa ekki upp í þessu máli, ekki af því, að eg var einn í nefndinni, heldur af því, að eg er og vil ætíð vera Íslendíngur, og svo hefi eg og mèr við hlið sanna hetju, sem hermannlega hefir gengið fram í þessu stríði, og sem þetta mál mjög liggur einlæglega á hjarta. Mèr er umhugað um, að mál þetta fái góðan framgang; en falli það, þá er það mín huggun, að eg fell við hliðina á góðum dreng.

Að því er atkæðaskrána snertir, þá skal eg ekki fara langt; en einúngis lýsa því yfir, að eg get ekki gefið atkvæði mitt með 1. tölulið, en þar á móti með 2. tölulið, því hann er saminn með hyggindum og velvilja, og þess þarf með í hverju máli, og þó einkum í þessu máli, sem er velferðarmál alls landsins.

Að því er það snertir, að fella það aptan af uppástúngu nefndarinnar, að endurgoldnir sè þessir 600 rd. spítalasjóðnum, þá ætti mèr, sem forstöðumanni hans, að vera umhugað um, að hann fengi

að halda sínu; en þegar um því líkt mál er að gjöra, vil eg ekki halda því fram með neinu kappi, hvað skyldi mèr ganga til þess? Það að sjóðurinn gæti vaxið, og menn því fyr gæti fengið óskir sínar uppfylltar; en ef landsmenn vilja sjálfir hafa þetta svona, þá vil eg ekki vera að liggja á þessum maurum, eins og ormur á gulli; stjórnin sker úr því.

Eg skal svo ekki tala meira; mönnum mun þykja ræða mín orðin nógu löng.

Framsögumaður: Eg ætla nú ekki að halda neina straffaræðu, eins og hinn konúngkjörni þingmaður sagði.

Eg vil ekki að við sèum alltaf að stagla og stagla á hinu sama, ekki að við sèum að kaldhamra það nú 1861, sem var talað um 1847, og opt síðan. Þegar eg bið um það, sem eg hefi barizt fyrir, þá segja menn, að eg gangi til baka; og setjum svo, að eg hefði breytt skoðun minni á þessu máli, þá vil eg spyrja: hafa menn ekki leyfi til að breyta skoðun sinni? Er betra að halda alltaf áfram í sömu stefnu, og hlaupa af sèr hornin, eins og hrúturinn? Það er satt, að eg hefi umbreytt meiningu minni, og skal eg nú segja orsakir til þess. Þegar eg fyrst skrifaði um þetta mál, þá var eg þeirrar meiningar, að óumflýjanlegt væri, að kæmist á læknaskóli og spítali í Reykjavík, ef nokkuð ætti að geta orðið bætt úr vandræðum vorum; og það vakir enn fyrir mèr, að það ætti að komast á betri kennsla hèr á landi í læknisfræði, en orðið getur, með eintómri kennslu hjá landlæknir, þegar næg efni eru til þess. En hvers vegna hefi eg þá hætt þessari *skóla-skoðun?* 1859 veik eg til hliðar; eg heimtaði ekki skóla; en eg bað um, að frumvarp yrði lagt fyrir þingið um það, hvernig læknaskipuninni yrði bezt fyrir komið; eg var þá farinn að sjá fram á þetta; en því sá eg það ekki fyr? Þegar eg fyrst skoðaði þetta mál, áleit eg að stjórnin mundi finna sèr skylt að leggja fè til, því eg þóttist finna tilefni til þessa af því, er stiptamtmaður Barðenfleth hafði sagt: »að óskandi væri, að það kæmist á *læknakennsla*, ekki *læknaskóli:* Nefndinni þótti ekki ráðlegt, að fara lengra, en hún hefir gjört, en hèlt, að þó væri nokkuð potað áfram, ef uppástúngur hennar yrði samþykktar (*Halldór Kr. Friðriksson:* Hvað hefir stjórnin potað áfram) Ekkert! heldur máske aptur á bak, eins og vant er, þegar þrákelknin ræður hèr í þinginu. En við vitum samt, að við ekki megum vænta neinnar hjálpar frá stjórninni eins og *konúngsfulltrúi* tók fram.

Eptir því, sem spítalasjóðurinn er, þá er ómögulegt að byggja

úr hans péningum skóla og spítala; eg verð að segja, að eg hélt, að hann væri miklu betur staddur, sèr í lagi fyrst stjórnin ekki vill leggja til einn einasta skildíng; hvernig eigum við þá *nú þegar* að geta stofnað skóla og spítala; það kostar mikið. Húsið kostar í það minnsta 15,000 dali; svo þarf rúm; þau kosta líka nokkuð; svo þarf rúmföt; þau fást heldur ekki *gratis*. Það þarf að passa húsin og hina sjúku; hvað kostar það árlega? 1000 rd. í hið minnsta. Það þarf spítalalæknir; hvað á hann að hafa? Á hann að búa á loptinu? Eg held engi vildi vera spítalalæknir með þeim kjörum, í það minnsta ekki eg; hann þarf laun, í hið minnsta 1000 rdl.; auk þess þarf að halda húsinu við; og til þess þarf víst 300 rdl. Nú eru komnir liðugir 3000 rdl. Það þarf líka að gefa sjúklíngunum að borða; það kostar 24 skk. um daginn hèrna í bænum; og það gæti ekki minna verið; sumir mundu ekki hafa ráð á að borga; enda þekki eg ekki 1 spítala, hvar ekki er allt frítt handa fátækum sjúklíngum, og menn yrði þó hèr að hafa 5 til 10 *frípláz*.

Eg vona nú að spítalasjóðurinn vaxi, og þá geti allt lagast; en eg vona nú, að menn að eins að þessu sinni með góðfýsi vili styðja nefndarinnar *örðuga* verk, án þess að fara fram í spítala byggíngu í þetta sinn. Það mun í sannleika fullörðugt, og við megum þakka guði fyrir, ef við fáum þetta, sem vèr nú biðjum um.

Ef við biðjum um frumvarp til þíngsins 1863, þá getur raunar verið, að við fáum það; en hvað í því stendur, veit eg ekki; en það er víst, að það verður í því; »ef þú ert guðsson þá hjálpa þèr sjálfum«; það er að segja með öðrum orðum, ef þið hafið penínga til þess, að þið getið stofnað almennilegan spítala og læknaskóla, þá gjörið þið það; en eg held oss líka verði sýnt, ef við eigi nú sjáum það, að efnin vanta enn til þess. Það á nú samt að fara að ræða þetta aptur, og búa til frumvarp; þá fer nú að dragast, og hver veit, hvað langur sá dráttur getur orðið. Menn segja, að eg sè að spilla rètti þíngsins; hver er þessi rèttur, sem eg spilli? Er það sá, að biðja um það, sem neitað hefir verið í 14 ár, og neitað er af stjórninni nú fyrir tveim mánuðum síðan, en hafna aptur því, sem góðfúsir menn vilja gjöra til, að bæta úr vandræðum landsmanna? Kann ske þíngmaður Skaptfellínga vili, eða geti sagt mèr það, þegar hann stendur upp; og stígur niður á bekkina. Eg skal svara honum þá. Nefndin gjörði þetta ekki þankalaust; en hún áleit, að það væri vitleysa nú sem stendur, að fara lengra; og það er því meiri ástæða, að taka þetta til greina,

sem við höfum að berjast við mótbárur stjórnarinnar. Það er líka spursmál um, hvort ekki megi brúka spítalasjóðinn til einhvers annars. Eg vil biðja *forseta* að segja mèr það. (*Jón Guðmundsson*: Hann er ekki á þingi, heldur þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu). Jæja! þá hann, hvort hann gæti lagt á móti því, ef bænarskrá kemur úr Skaptafellssýslu um, að ef læknir yrði settur þar, að hann þá fengi laun úr læknasjóði? Ætla þá yrði ekki skiptar meiníngar hèr á þingi, til hvers bezt væri að brúka læknasjóðinn?

Eg þykist nú eiga von á hörðum bardaga, þegar þingmaður Skaptfellínga stendur upp; en hann verður að fyrirgefa mèr, þó eg segi, að eg sè betur, hvað verið hefir, hvað er, og hvað verða muni í þessu máli, en hann, og hvaða áhrif það muni hafa á landsmenn, ef nú er kastað því, sem er það eina hjálparmeðal fyrir þá, þegar þeir eru að brjótast um í dauðateygjunum. Eg álít mig ekki minni mann fyrir það, þó eg segi, að skóla sè ómögulegt að koma á *nú*. *Forseti* þarf ekki að berja sèr á brjóst; hann hefir heiðarlega áður talað í þessu máli, meðan ástæða var til; nú getur hann vel lofað oss öðrum að tala; það fer þó naumast ver en áður.

Jón Guðmundsson: Eg er hræddur um, að *framsögumaður* hafi verið að reyna að verja það, að eg aldrei gæti staðið upp; það leit svo út, sem hann teygði svona fjarskalega úr ræðu sinni, einkum þess vegna. Mèr eru hugföst þau orð, sem hinn háttvirti *varaforseti* endaði með ræðu sína, er hann sagði: »*dixi et liberavi animam meam*». Eg vil líka frelsa sálu mína með því að tala fáein orð frá þingbekkjunum í þessu máli, og finn brýna nauðsyn og köllun til þess. Eg hefi verið á hverju þingi síðan alþingi hófst, var í nefndinni, sem kosin var í þessu máli 1847, þegar það kom fyrir; eg hefi eins í þessu máli, eins og í öðrum, sem mest hefir kveðið að, jafnan gjört mèr far um, að halda því fram, sem eg hefi álitið »*princip*» eða grundvallarreglu, og viljað sízt frá því skeika; en það sem er *princip*, getur ekki breytzt frá einum mánuðinum til annars, eða t. d. frá júlí til ágúst, eins og hinn háttvirti *framsögumaður* er orðinn ber að í þessu máli. Eg tala hèr nú sem þjóðkjörinn þingmaður; og í aðalmálum og *principmálum* þessa lands spyr eg aldrei að því, *hver* það er, sem er í móti mèr, heldur, *hvað* það er, sem mótstöðumaðurinu hefir fyrir sig að bera. Og *hvað* bera nú mótstöðumenn þessa máls fyrir sig: hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og *framsögumaður*, sem hefir um næstliðin 14 ár verið oddviti þessa máls og þeirrar grundvallarreglu, er hann nú treður

undir fótum sèr, því hann hefir einmitt fylgt henni fastast fram, og seinast með einni hinni vígamannlegustu ræðu, þegar málið var rætt til inngangs í f. m.; hún synir sig sjálf framan til í Tíðindunum; hvað bera þeir nú fyrir sig? með hverju rèttlætir *framsögumaður*, að hann sè orðinn þessi umsnúningur, sem hann er nú orðinn í læknaskipunarmálinu? Þeir bera ekkert annað fyrir sig, en þetta: »Það dugir ekki að fara fram á það, það er ekki til neins, að halda því fram, því stjórnin *vill* það ekki; hún ætlar að fylgja fram *sinni* stefnu í málinu, þeirri stefnu og þeim áformum, er hún hefir fyr lýst yfir; stjórnin vill ekki heyra tillögur um neina aðra stefnu — það er sama og að berja höfðinu við steini, að fara fram í aðra stefnu«.

Svona er engu barið við, nema *vilja* stjórnarinnar, sem engi getur skýrt frá, hver sè, nema þetta, að hún vili ekki aðhyllast grundvallarreglu og tillögur þingsins, — og *stefnu* stjórnarinnar í þessu máli, sem engi getur skýrt manni frá, nè hefir skýrt manni frá, og engi þekkir. — Grundvallarregla sú, sem þingið hefir fylgt fram í þessu máli er þó skýr og augljós, og margtekin fram; hún innibindur í sèr 2 aðalatriði, fyrst þetta *almenna:* að leitast við smámsaman að koma hèr upp almennum innlendum menntastofnunum á allan veg, og í sem flestum greinum; þar næst hið *sèrstaklega*, er í þessu máli liggur næst við, og það er að bæta úr hinum viðvarandi læknaskorti, með því að koma upp kennslustofnun ásamt með spítala, til þess að koma upp innlendum og nýtum læknaefnum, sem háskólinn í Kaupmannahöfn og allir hinir mörgu og miklu spítalar þar hafa ekki getað veitt oss um öll undanfarin ár, ekki að tíunda parti við það, sem lífsnauðsyn þessa lands útkrefur.

Getur nokkur maður borið á móti því með rökum, að það sè eitt hið fyrsta og mesta »princip«, er megi verða oss til verulegra framfara og heilla, að hèr kæmist smámsaman upp innlendar menntastofnanir í sem flestum aðalvísindagreinum? Sízt hefði eg getað búizt við því, og eg ætla að engi geti ætlað það, að forstöðumaður prestaskólans, þessarar einu æðri vísinda- og mentunarstofnunar, er vèr höfum nýskeð fengið, mundi tala löngum tölum á móti þessari grundvallarreglu; prestaskólinn stendur þó og fellur með henni. Getur nokkur maður borið á móti, að það sè einhver hin fyrsta og helztu grundvallarregla hjá hverri góðri stjórn, að sjá lífi og heilsu þegnanna farborða með nægri læknahjálp og læknum? Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir barizt fyrir þessari grundvallarreglu

nú í 14 ár, barizt staðfastlega og heiðarlega fyrir henni, til handa löndum sínum, og fengið fylgi bæði alþingis og alls þorra hinna vitrari og betri manna; en nú þegar 2 heiðraðir þingmenn ætla að fylgja þessari sömu grundvallarreglu fram, með uppástúngunni tölul. 1. á atkvæðaskránni, og þó eigi öðruvísi, en að halda þessari grundvallarreglu vakandi, — halda spursmálinu opnu, sem menn segja, — fyrir stjórn og þjóð, þá snýst *framsögumaður* nú í móti henni á hæl og hnakka, eins og þetta væri eitthvert óheyrt ódæði.

En þó að þær aðalgrundvallarreglur, sem fylgt hefir verið fram í þessu máli, sè óyggjandi réttar og þær einu, sem tiltækilegt sè að fylgja eindregið fram, ef læknamál vort á að komast í fast og viðunanlegt horf, þá er það annað mál, eins í þessu máli sem öðru, hvort mögulegt verði að hafa þær fram *nú þegar;* eg skal játa, að nauðsynin eintóm er ekki einhlít, í hverju efni sem er, til þess að berja það fram, sem þörfin krefur, enda þó að skýlaus réttur styði. Það getur meir en verið, að spítalasjóðirnir sè ekki orðnir nægir nú sem stendur, til þess að koma upp læknaskóla með góðum spítala nú þegar; en það er sitt hvað, að halda fast við góða grundvallarreglu, og að berja hana fram til framkvæmda á augabragði; það er nú eigi hèr gjört með uppástúngunni tölul. 1.; enda er það hvorki meining uppástúngumannanna nè sjálfs mín, heldur einúngis þetta: að við viljum halda fast við góða undirstöðu (grundvallarregluna), og byggja á *henni* bráðabyrgðaruppástúngur nefndarinnar. Hèr í þessu máli höfum vèr nú þar að auki meira, en eintóman bænarrèttinn við að styðjast; Íslendíngar eiga sjálfir það fè, sem hèr til útheimtist. Við biðjum stjórnina ekki að leggja til einn einasta skildíng, til þess að stofna hèr læknaskóla og spítala, þá fram líði stundir; en stjórnin hefir ekki neinn rètt til að gjörast einvaldur ráðsmaður yfir sjóði, sem landið á sjálft, sem landsmenn hafa sjálfir stofnað, og lagt til, og leggja til árlega. Og þegar verið er að segja það, að stjórnin sè fús á að launa jafnvel 7 nýjum læknum úr þessum sjóði, og þetta er talin sú ágæta »stefna«, sem stjórnin hafi afráðið og haldi fast við í þessu máli, þá þykir mèr mikið, að henni skuli ekki vera talið það líka til gildis, að hún hefir ekki enn þá boðizt til, að launa þeim hèraðslæknum úr honum, sem nú eru og hafa verið lengi. Eg þekki ekkert land, þar sem stjórnin ekki álítur sèr skylt, bæði að sjá fyrir nægri læknahjálp, og launa þeim úr ríkissjóði; eg þekki enga stjórn, er segi: »útvegið þið ykkur lækna sjálfir, og launið þið þeim sjálfir«. Svona

er okkur skýrt frá stefnu stjórnarinnar, bæði af *konúngsfulltrúa* og öðrum; engi skal geta sagt það, að hún sè fegruð eða gyllt fyrir manni; en ýmist er aptur verið að skýrskota til auglýsingarinnar til þessa alþingis; en þar er aptur skýrskotað til þess, er stjórnin hafi látið skýra frá í þessu máli á alþingi 1859, og til brèfs dómsmálastjórnarinnar frá ágústmán. f. á.; en eg ætla, að engi verði neinu nær um »stefnu« stjórnarinnar fyrir þetta tvennt; ráðherrabrèf þetta er nú komið á prent, að eg ætla, að minnsta kosti hefi eg lesið það, og vil eg biðja hvern þann, sem les það, að segja til, hvort þar komi nokkur »stefna« fram, eða nein úrræði við læknaskortinum hèr á landi, þau er sè betri, en alls ekki neitt.

Mèr getur ómögulega skilizt, að uppástúngan undir tölul. 1. geti með neinu móti komið í bága við uppástúngur nefndarinnar, spillt fyrir þeim, eða eyðilagt þær. Stjórnin er hvorki bundin við að samþykkja tölul. 1., þó þíngið fallist á hann, og þó hún segi »nei«, þá sè eg ekki að það spilli, heldur einmitt bæti — (*Arnljótur Ólafsson:* Það er ekki til gagns). Jú! ef það er æfinlega til gagns að halda fast við gott og rètt »*princip*«, og lýsa því skýlaust yfir. Menn hafa sagt hèr í salnum, að það væri eigi til annars en að gjöra stjórninni illt í geði, — hún mundi »reiðast« því, ef tölul. 1. yrði samþykktur og hafður að niðurlagsatriði í bænarskrá til konúngs; — mèr þykir þeir menn, sem þetta segja, gjöra stjórn konúngsins heldur ófagrar gersakir — »að hún reiðist«, eða stökkvi upp á nef sèr, eins og óvitrir menn. Allir sjá, að uppástúngan tölul. 1. er höglega orðuð, og ef að þíngið samþykkti hana, mætti fara um hana sem þegnlegustum og hógværustum orðum í bænarskránni, og þess mundi hið heiðraða þíng gæta; og þess vegna bið eg alla að virða mèr til vorkunar, þó að eg gjöri eigi stjórn konúngs vors, eins og hinir, gersakir um það, að hún muni stökkva upp á nef sèr út af þessu. Að áður hafi verið beðið um þetta, en það ekki fengizt, sannar ekkert, því það er margt og hefir verið margt, sem þjóðþíng verða að biðja um optar, en einu sinni, áður en stjórnin veitir því áheyrn. Allt fæst um síðir, sem á að styðjast við rèttlæti og nauðsyn, ef því er fylgt fram með festu, hógværð og alvöru og rèttum rökum; eitt fæst í dag, annað á morgun; og þó að stjórnin veiti eigi Íslendíngum fulla áheyrn í þessu máli, fyr en við, sem nú ræðum hèr, erum allir komnir undir græna torfu, þá mun samt engi maður bera blak á neinn okkar, hvorki fyr nè síðar, þótt við höldum fast við óyggjandi rètta grundvallar-

reglu. Og eigi mun stjórnin gefa tillögum og bænarskrám alþingis miður góðan gaum fyrir það, þó hún sjái, að við hvikum eigi frá einni skoðun til annarar, og leggjum ekki eitt til í dag, en annað á morgun, heldur höldum fast við óyggjandi stefnu, og vakandi góðum grundvallarreglum, og höfum þær jafnan til undirstöðu, þar sem þær geta átt við.

Ef 1. töluliður fellur, og ekki verður neitt tekið fram í bænarskránni um grundvallarregluna, sem alþingi hefir jafnan fylgt fram í þessu máli með nálega öllum atkvæðum, þá getur engi annað ráðið þar af, en að þingið sè nú frá henni horfið með öllu; kalla eg þá að máli þessu sè komið í hið mesta óefni, og því sè eg ekki, að þingið geti verið þekkt fyrir að fella 1. tölulið. 2. tölul. finnst mèr beinlínis spilla málinu, einkum ef 1. tölul. væri felldur, því ef þingið samþykkir tölul. 2., þá er það sama, eins og ef þingið segði, að það lèti sèr nú lynda þetta eina, er nefndin hefir stúngið upp á, þar með væri nægilega bætt úr öllum læknaskorti og spítalaleysi hèr á landi, Íslendíngum lægi ekkert á reglulegri menntastofnun með spítala til læknakennslu, fyr en svona verkast vildi, og þegar stjórninni þóknaðist.

Magnús Andrèsson: Eg skal nú ekki lengja þíngræðurnar. Eg vil einúngis lýsa yfir fögnuði mínum yfir samlyndi því og eindrægni, sem mèr virðist komin á. Þegar eg las atkvæðaskrána, þá sýndist mèr þar engi misfella; mèr fannst allt slètt, og eg hefi sèð fáar atkvæðaskrár svo, að öll atriðin gæti vel samrýmzt, og ekkert væri móti öðru, eins og hèr er, því hèr má samþykkja »*allt*«. En þó mun eg ekki gefa atkvæði mitt með 1. tölulið, heldur með 2. tölulið, því mèr finnst í rauninni 1. töluliður óþarfur, ef 2. töluliður er samþykktur, fyrir utan það, að það er samkvæmt mínum þanka, að betra sè, að byrja á því minna, en pota svo upp eptir — en ekki byrja á því mesta, og fara svo niður eptir. Eg gef atkvæði mitt fyrir öllu, sem stendur á atkvæðaskránni, nema fyrir 1. tölulið og síðari partinum af tölulið 4. Það getur verið, að þessum 200 rd. úr hverjum jafnaðarsjóði verði betur varið til að kenna læknaefnum heima í hèruðum. Fyrir tölulið 9. gef eg atkvæði mitt, því mèr þykir hafa dregizt of lengi að fá frumvarpið um betra fyrirkomulag á spítalasjóðstekjunum, því eg er viss um, að það mætti auka þær mikið með góðu fyrirkomulagi, eins og áður hefir verið tekið fram.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð nú að segja, eins og þíngmaður

Dalamanna, að mèr er farið að leiðast þóf þetta; og hefði ei hinn háttvirti *forseti* stígið niður úr stói sínum og sezt í þingmanns sæti Vestur-Skaptfellínga, til þess að tala með hinni fyrstu uppástúngu á atkvæðaskránni, er eg verð að halda, að heldur muni spilla fyrir málinu, en bæta hjá stjórninni, þá mundi eg varla hafa talað nokkurt orð í þessu máli. Menn muna það víst, að við undirbúníngsumræðu þessa máls var nefndinni álasað af nokkrum mönnum með ofurkappi, er eg mundi kalla, fyrir það, að hún hefði ei haldið nógu fast við það, sem þeir kalla rètt vorn Íslendínga, og eg fór þá að verða hræddur um, að það mundi kann ske takast að spilla þessu mikilvæga máli á sama hátt, og mèr finnst áður fiskiveiðamálinu, er ei er síður umvarðanda, hafa verið spillt hèr á þínginu; en því glaðari varð eg því og, þegar eg sá atkvæðaskrána, og eg heyrði að hinir sömu menn tóku nú miklu hægar og vægar í málið, svo eg fór að hafa von um, að menn ætlaði nú að sleppa öllu ofurkappi um stund, í þessu máli að minnsta kosti. En dag skal ei leyfa fyr en að kveldi, segir máltækið, og hinn háttvirti *forseti* hefir nú ónýtt þessa von fyrir mèr, svo eg verð því að leyfa mèr að svara honum nokkru, þar sem hann ei að eins steig niður úr *forseta*stólnum, heldur og að mínu áliti steig niður á við í sjálfu málinu, frá hinu betra til hins lakara, og tók í þann strenginn, sem eg sízt hafði búizt við, að hann mundi taka í, og enn síður óskað. Mèr þykir þetta því að vísu slæmt, og það því fremur, sem eg met hann og orð hans meira, en eg vona þó að allt megi lagast enn. Hinn hæstvirti *forseti,* eða rèttara sagt þíngmaður Vestur-Skaptfellínga, sagði þá, að hann ætlaði sèr að nefna það orð, sem allt hèr væri undir komið, nefnilega orðið »*princip*« eða aðalgrundvallarreglu, sem menn ei mætti víkja frá; en eg skal þá aptur leyfa mèr að minna hann á annað útlenzkt eða danskt orð, sem hann víst líka þekkir, og sem mèr finnst eiga nokkuð skylt við aðferð hans í þessu máli, en það er orðið »*Principrytteri*«, eða, sem eg vildi snúa því á íslenzku: »*fantareið á principum*«. Það er víst að þær aðalgrundvallarreglur eru til, og engi skal vera fúsari á að viðurkenna það, en eg, að menn aldrei að ósekju mega víkja frá þeim; en þessar grundvallarreglur koma að eins svona ljóslega fram í hinum æðstu málum manna, er svo að segja snerta sáluhjálp vora, og auk þeirra eru svo mörg hversdagsleg mál, sem það er ekki nema misskilníngur að vera að ota nöktum »principum« fram í.

Sannleikurinn sjálfur er ekki nema einn, en hann getur í lífinu sýnt sig í ýmsum búníngi, og það er skylda vor í hverju einstöku tilfelli, að búa hann svo, að honum megi sem mest verða framgengt, en það er til einskis að vilja berja orðin tóm blákalt fram, án tillits til kríngumstæðanna; þá villast menn stundum svo, að menn halda þann búníng, sem sannleikurinn einu sinni kann að hafa sèzt í, fyrir sannleikann sjálfan, og það er slík aðferð, sem eg verð að kalla fantareið á »principum«, þegar menn allt af eru að þeysa þetta með búníginn, en gleyma sjálfum kjarnanum. »*Princip*« eru í því tilliti lík skepnunum, þó þau í sjálfu sèr sè ei annað, eða eigi að vera, en taugar eða rætur sannleikans, að þau þola ei illa meðferð, fremur en þær, og sízt af öllu þola þau, að menn sè að kreista þau og pína, þangað til þau eru ei orðin nema skugginn tómur. En það er nú einmitt þetta, sem mèr finnst hinn háttvirti þíngmaður Vestur-Skaptfellínga og þeir, sem hann hefir nú gengið í lið með, villast á, því þegar menn bera það, sem þeir eru að verja, saman við uppástúngur nefndarinnar, þá sjá menn fljótt, að hèr er eiginlega ekki nema orðastríðið eitt, því nefndin hefir í raun og veru engu síður beðið um læknaskóla hèr á landi, þó hún ei nefni það orð, heldur en höfundar breytíngaratkvæðisins undir tölul. 1. Frá þeirri aðalgrundvallareglu, sem alþíngi æfinlega hefir fylgt, að óska þess, að öll embættismannakennsla, bæði lækna og annara, verði innlend, er með engu móti vikið í sjálfu sèr; því má eg spyrja, er það ei einmitt aðaleinkenni við embættismannaskóla, að menn, sem hafa lokið sèr af í honum, hafi tilkall til embættis fremur öðrum, og hefir nú ei nefndin einmitt líka stúngið upp á þessu undir tölul. 8? Eg get ei annað sèð, en að, ef þessu verður framgengt, þá sè skólinn í raun og veru fenginn, þó hann aldrei sè nefndur á nafn; það er eins um skóla og annað, að þar *geta* verið *stig frá hinu* lægra til hins æðra, og það mundi eg minna hinn háttvirta þíngmann Reykvíkínga á, sem er svo góður í málfræði, að þessi stig gæti hèr t. a. m. verið skóli, eða góður skóli, betri skóli og bezti skóli. Á móti þessu vona eg hann geti ei haft, heldur verður að finna það eðlilegt, að við byrjum líka stundum í lífinu, eins og í málfræðinni, á hinu lægsta stiginu, því það útilokar engan veginn hin, heldur er miklu fremur einmitt undirrót þeirra. Mèr fyrir mitt leyti þykir æfinlega mest undir því komið, að kennslan verði innlend og tryggjandi; það gjörir minna til, hjá hverjum eða hvernig menn læra, að eins að menn læri nógu vel — og því held eg ei

verði neitað, að þessu má vel verða framgengt eptir uppástúngum nefndarinnar. En það er nú einmitt þetta, sem, ef rètt er skilið, allt af hefir verið og átt að vera aðalgrundvallarregla eða »*princip*« þingsins í þessu máli, en alls ei hitt, að nefna einmitt orðið læknaskóla; að rígbinda sig við það, er einmitt það, sem eg kalla illa meðferð á *principunum, og* það er að berjast *fyrir* skugga *principsins,* í staðinn fyrir *principinu* sjálfu. Eg vona því, að það sè nú sýnt, að þingið víkur engan veginn frá neinni aðalstefnu sinni, þó það sleppi nú, að fallast á uppástúnguna undir tölul. 1., í þetta skipti, því hún innibindur í raun og veru ekki annað, en það, sem nefndin líka fer fram á, þó það sè á nokkuð annan hátt; en til hvers er nú að vera að biðja um sama hlutinn með tvennu móti, fyrst í almennum orðatiltækjum, sem við vitum að ekkert kemur út af, og svo á sèrstaklegan hátt, sem við allir megum vona, að árangurinn geti orðið af? Eg fyrir mitt leyti get ei sèð, að það mundi verða til annars, en að spilla málinu enn einu sinni við stjórnina, eptir því sem hún hingað til hefir tekið í það; og þó eg alls ei vili hrósa þessum undirtektum hennar yfir höfuð, þá erum vèr þó neyddir til að hafa nokkurt tillit til þeirra, og eg ímynda mèr, að stjórnin, eptir því sem við nú vitum, að hún að svo stöddu álítur ómögulegt, að stofna það, sem hún vill kalla lagaskóla hèr á landi, mundi að eins álíta það einhvern drengjalegan þráa af þinginu, ef það færi nú enn að bera þessa sömu bæn fram, um leið og það kemur með aðra hins sama efnis, en sem stjórninni þó mun sýnast miklu hægra að veita. Eg vildi því óska, að menn spillti ei fyrir því, sem mögulegt má álíta, með því að vera allt af að ota því fram, sem stjórnin, um sinn að minnsta kosti, telur ómögulegt, og sjái þeir fyrir, sem vilja þetta, og kalla það að halda fast við »*princip*« — sjái þeir fyrir, að ei fari fyrir þeim, eins og *Parry* forðum, þegar hann ók á ísnum að heimskautinu, og hèlt sèr miðaði vel áfram, en komst þó síðan að því, að honum hafði einmitt miðað aptur á bak, af því ísflakann rak meira aptur á bak, en hann komst áfram á spönginni. Svona mun og stundum fara fyrir þeim, sem starblína um of á það, sem þeir kalla »*princip*«, og það vildi eg ei að þinginu yrði; því almenníngur hefir, sem eðlilegt er, gætur á því, og býst við því af því, þar sem það hefir ekki nokkurt verulegt vald, að það fari þá svo lipurlega í málin, að einhverju verði samt framgengt, en sè ei allt af að höggva þetta árangurslaust ofan í sama farið. Að öðru leyti skal eg að eins geta

þess, að eg ætla mèr að fallast á breytíngaratkvæði hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns undir tölul. 2 og 3, því mèr finnast þau fremur bæta, en spilla; eg vona og, að hinn háttvirti þíngmaður sjái af þessu, þó hann áðan í öðru máli, er eg þá ei mátti tala framar í, væri að bera mèr það á brýn, að eg tæki ei vel eptir, að eg tek þó stundum eptir því, sem hann segir og gjörir, að minnsta kosti þegar það er gott, en um hitt finnst mèr honum mætti vera minna sárt.

Forseti: Eg vona að allir þíngmenn hafi heyrt, að eg sagði ekki, að nefndin hefði brotið niður grundvallaregluna, heldur sagði eg þvert á móti, að uppástúngur hennar gæti að vísu samrýmzt við þá grundvallarreglu, er þíngið hefði áður fylgt fram, og ætti að mínu áliti að fylgja fram í máli þessu, svo þíngmaður Skagfirðínga hefir misskilið mig, og átti því þessi hin mikla ræða hans hvergi við það, sem eg sagði.

Framsögumaður: Eg get þó ekki álitið svo; þíngmaður Skaptfellínga var að helga sèr *princípið;* gjöri hann það. En það má segja, eins og maðurinn sagði, sem stóð uppi á kirkjuloptinu, þegar verið var að vígja presta í kirkjunni og biskupinn sagði: »helgaðu þá í þínum sannleika»: »já já! helgaðu! helguðu þá skrattana þá þá arna!». Eg held nú, að tvídrægni verði aldrei til helgunar; ef það verður nú, þá er það ný bóla, kann skè það hafi helgað þá, sem dáið hafa nú í seinustu 14 árin, og verið þeim til sáluhjálpar; eg veit það nú ekki; eg er ekki sálnahirðir; en það veit eg, að *engan hefir það læknað* frá líkamlegum meinsemdum.

Eg vil nú ekki fara meira út í málið; það er ekki nema til að hleypa meira kappi í menn, og það er ekki gustuk; nóg er kómið. En eg vil aðeins biðja þíngmenn gá að því, sem *konúngsfulltrúi* hefir sagt, og að því, hvað gott þeir, sem nú líða, hafa haft af þessu 14 ára gutli (*Benedikt Sveinsson: Grýlur!*); nei! þeir hafa haft það, sem er verra, en grýlur, sótt og dauða. Eg hefi því ljóslega sagt þínginu ástæður mínar, til þess að sveigja til, og hvers vegna eg eigi vil vera, eins og þankalaus steinn í þessu máli.

Sveinn Skúlason: Eg held nú reyndar, að það sè synd, að lengja þíngræðurnar; en eg verð þó að láta þá meiníngu mína í ljósi, að mèr heyrist þetta *princip*-tal sameinast hjá *konúngsfulltrúa*, því hann virðist mèr hafa þau bæði; hann vill ekki víkja frá nefndarinnar *principi,* og heldur ekki frá stjórnarinnar. Það er satt, sem þíngmaður Vestur-Skaptafellssýslu sagði áðan, að við ekki eigum að fara

eingöngu eptir grundvallarreglu stjórnarinnar, heldur álíta okkar rèttari, því það er hún, og hefir verið. Eg vona að þingið gefi aldrei atkvæði með því, að stjórnin skyldi mega taka þenna *okkar sjóð,* til þess að launa úr læknum, því eg verð að segja, að *hún á engi ráð á spítalasjóðnum.* Það er líka beinlínis siðferðisleg skylda stjórnarinnar að sjá um heilsu og velferð þegna sinna, og launa nógu mörgum læknum. Stjórnin hefir aldrei slakað til með uppástúnguna, sem er undir tölul. 1. á atkvæðaskránni, og mun líklega ekki gjöra núna; en ef nokkur svikkur er á henni, eins eg þingmaður Reykvíkinga sagði, þá sýnist mèr bezt að liðka hana til, með uppástúngu nefndarinnar, inn á þá skoðun, að brúka rètt læknasjóðinn. Eg verð að lýsa því yfir, að nefndinni datt alls ekki í hug, að víkja frá *principi* þingsins, ekki þverfet, og mèr getur ekki skilizt, þrátt fyrir ræðu manna, að þó þingið nú felli tölulið 1, að það þá þar fyrir felli *principið,* ef það einúngis samþykkir tölul. 2., og eg hika mèr ekki við, að gefa honum atkvæði mitt, og eg held engi þurfi að hika sèr við það.

Björn Pètursson: Það mun víst engan furða á því, þó að eg sè meðmæltur uppástúngunni undir tölulið 1., eptir því sem mèr fórust orð í gær. Mèr þykir svo vænt um læknaskóla og spítala, að eg vil heldur »*loptskóla* og *loptspítala*«, eins og 1 þingmaður sagði í dag, heldur en ekkert, þangað til að úr þeim verður læknaskóli og spítali hèr á landi, úr steini og trè. Samt skyldi eg ekki berjast svo fastlega fyrir þessu augnagamni, ef eg sæi, að það gæti staðið í vegi fyrir því, að það fengizt, sem nefndin fer fram á. Sumir hafa talað svo hèr í dag, eins og það væri ekki nema tvennt til, annaðhvort að fella 1. uppástúnguna eða nefndina, eins og þær væri, svo gagnstæðar hver annari, að ómögulega gæti nema önnurhvor komizt; en þetta er tómur misskilningur. Þær geta mjög vel samrýmzt, og eiga að verða samferða, því nefndin fer fram á það, sem nauðsynlegt er *til bráðabyrgða,* en uppástúngan fram á það, sem síðar *þarf* og *á* að verða. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og *framsögumaður* hafa einlægt barið því við, að uppástúngan spillti fyrir nefndinni, og eg verð að segja, að eg hefi ekki heyrt eina einustu *ástæðu* fyrir því; en eg efast um, að það verði nokkurn tíma sannað með skynsamlegum ástæðum. Það er að vísu mjög líklegt, að stjórnin neiti nú þessari almennu bæn, sem hún hefir neitað svo lengi; en þar fyrir engi ástæða til að halda, að hún neiti þessari *litlu bœn,* ef hún á annað borð er

henni ekki mótfallin. Mèr finnst það vera sama og að segja, að *stjórnin væri ekki með öllum mjalla (Arnljótur Ólafsson:* Það hefir engi sagt). Úr því töluliður 1, er einu sinni kominn hèr á atkvæðaskrána, þá skil eg ekki, hvernig þingið getur með góðri samvizku gefið atkvæði móti honum; það væri sama og að gefa atkvæði móti því, sem það einlægt hefir barizt fyrir, og er samkvæmt vilja þess og landsmanna; það væri sannkölluð: »*politisk Uærlighed*“, og það væri skammarleg hræðsla, að þora ekki að biðja stjórnina um það, sem við eigum hinn *fyllsta rètt á,* og höfum hina *mestu þörf á* að fá, með þeim *allrapegnsamlegustu* orðum, sem til eru í voru máli.

Að öðru leyti ætla eg ekki að tala um atkvæðaskrá þessa, fremur en búið er, nema einúngis lýsa því yfir, að eg gef henni atkvæði mitt, eins og hún liggur fyrir, og sömuleiðis breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga við 1. uppástúngu nefndarinnar, þó það sè svo „*fínt*“, að það sjáist ekki með líkamlegum augum.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Þó að allir sè búnir, nema eg, að ræða, og ræða töluvert mikið í þessu máli, þá eru þeir samt ekki enn búnir að ræða það nóg; þeir þyrfti að bæta dálítið við, sem vilja, að eg standi upp fyrir 1. breytíngaratkvæðinu, sem hèr er á atkvæðaskránni; eg hugsaði nú til hreifíngs, að þegar þessi þíngmaður stóð upp, sem nú síðast mælti, að hann mundi nú koma með glöggva áætlun, hvaða kostnað og útgjöld það heimtaði, sem töluliður 1. fer fram á, nl. byggíng á læknaskóla og spítala hèr, og viðhald og framhald á þeim stiptunum, svo að þær gæti í framtíðinni svarað til síns augnamiðs, og á hinn bóginn, að tekjur lækna- eða spítalasjóðsins geti vel hrokkið til, að standast þennan kostnað, án þess að skerða innstæðuna; þetta kom hann nú ekki með, en hann sagði sèr þætti svo vænt um þennan skóla og spítala; en má eg spyrja: vegna hvers þykir honum svo vænt um þá? hefir hann reynt nokkuð gott af þeim, þar sem þeir hafa ekki með 14 ára þrábeiðni fengizt, og engi hefir heyrt þá nè sèð? Eða þykir honum vænt um þá, af því hann á aldrei von á að fá að sjá þá eður heyra? Eða af hverju þykir honum svo vænt um þá í loptinu, eins og hann sagði? Eg segi enn, eptir allar umræðurnar, bæði *forseta* og þeirra, sem halda fram þessu 1. atkvæði, að mig vantar það reikníngsdæmi, er sýni, að tekjurnar geti staðizt kostnaðinn *(Halldór Kr. Friðriksson:* Það var sýnt í gær við undirbúníngsumræðuna); nei, það var ekki sýnt; þar var sýnt, að tekjur

spítalaeignanna kynni að geta orðið á ári 2,800 rd.; en hvað dugar það til að byggja upp skóla og spítala, og halda þeim við í fullri framkvæmd, eptir sínu augnamiði um framtíðina; og þar að auki fæst þetta nú ekki bænheyrt hjá stjórninni; *framsögumaður* sýndi nú fyrir skemmstu, hvað þetta mundi kosta, sem um á að biðja; en þar kom engi áætlun á móti, hvernig sá kostnaður yrði klofinn, og þar eð ekki er búið að sýna mèr enn, að það, sem breytíngaratkvæðið 1. biður um, sè nú sem stendur mögulegt eða fáanlegt, þá er líkast til, að eg hiki mèr við, að gefa því mitt atkvæði; aptur ætla eg að samþykkja hitt 2. breytíngaratkvæði; þar af sèst, að þínginu sè þó ekki enn horfinn hugur á þessu hinu sama, ef þær tíðir komi, að efnin leyfi, og svo stend eg upp fyrir öllum hinum breytíngaratkvæðum og töluliðum, sem hèr standa, því það getur allt hvað með öðru staðizt.

Páll Melsteð: Eg skal ekki vera langorður; en eg vildi einúngis lýsa því yfir, hvernig eg ætla að gefa atkvæði mitt. Ekki til þess, að þíngið eða þeir, sem hèr eru inni, sjái það og heyri, heldur til þess að kjósendur mínir, sem ekki eru hèr, viti það. Eg hefi með athygli hlýtt á ræður manna, sem stundum hafa orðið í meira lagi kappræður, og er eg nú kominn á fasta stefnu, hvernig eg greiða skuli atkvæði. Eg stend upp fyrir tölulið 2. og svo því, sem eptir er á atkvæðaskránni, nema seinni hluta 4. tölul.; en fyrir tölul. 1. get eg ekki gefið atkvæði.

Framsögumaður: Eg skal nú ekki lengja þíngræðurnar meira, því þeir, sem ekki hafa sannfærzt nú þegar, munu naumast sannfærast hèr eptir. Mèr heyrðist á einum þíngmanni, að nægir peníngar væri til; en eg held, að þíngmaður Mýramanna hafi sýnt, að það, sem á borð var borið fyrir okkur í gær, hafi ekki verið nóg. Fyrst þíngmaður Suður-Múlasýslu ekki getur skilið, að tölul. 1. komi í bága við nefndarinnar uppástúngur, þá vil eg spyrja hann, *hvort hann meti einskis orð konúngsfulltrúa.* Virðir hann einskis það, sem hefir verið sagt, *og hver rèttvís maður verður að játa, að það er ekki til neins að biðja um það, sem ekki hefir fengizt í 14 ár.* Eg vil biðja þíngmenn að spilla ekki með sundurþykkju fyrir uppástúngum nefndarinnar, því þeim mun veita nógu örðugt samt.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg biðja menn að ganga til atkvæða samkvæmt

atkvæðaskránni. Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu atkvæði þannig:

1. Almenn uppástúnga Halldórs Kr. Friðriksonar felld með 13 atkvæðum gegn 6.
2. *Jóns Pèturssonar* viðauka- og breytíngaratkvæði samþykkt með 16 atkv. gegn 1.
3. *Sama* breytíngaratkvæði samþykkt með 18 atkvæðum.
4. Nefndin, frá upphafi til 600 rdl. samþykkt í einu hljóði. Frá orðunum: »er endurborgast« til endans fellt með 18 atkvæðum gegn 2.
5. Nefndin samþykkt með 20 atkvæðum.
6. *Jón Hjaltalín,* viðaukaatkvæði samþykkt með 14 atkvæðum gegn 2.
7. Nefndin samþykkt með 18 atkvæðum.
8. Sama samþykkt með 18 atkvæðum.
9. *Halldórs Kr. Friðrikssonar* viðaukauppástúnga samþykkt með 19 atkvæðum gegn 2.
10. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu samþykkt með 20 atkvæðum.

Forseti: Eg skal geta þess, að mèr hefir gleymzt að skýra þínginu frá því, að þingmaður Gullbríngusýslu fór af fundi, á undan atkvæðagreiðslunni sökum lasleika.

Á morgun kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu hjúalagamálið. Eg ákveð fund á morgun kl. 4. e. m.

Fundi slitið.

Þrítugasti og níundi fundur – 9. ágúst.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar, skal eg vekja athygli hins háttvirta *konúngsfulltrúa* að því, að eptir því, sem hann ákvað um daginn, þá er á morgun sá dagur, á hverjum þingið á að enda í þetta skipti; hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* getur sèð það, og hver maður, að þó vèr höldum áfram að ræða þetta mál, sem nú liggur fyrir eptir dagskránni, þ. e. hjúalagamálið til alyktarumræðu, fram á nótt, þá yrði samt eigi unnt að rita álitsskjal til konúngs, svo að það yrði búið á morgun, því það er fullra tveggja daga verk, eins og atkvæðaskráin ljósast sýnir; en eg verð samt

að leggja það á vald *konúngsfulltrúa*, hvort hèr við á staðar að nema eða ekki; hins vegar verð eg að fá að vita annaðhvort þegar á þessum fundi, vegna dagskráarinnar til morguns, sem skyldan býður mèr að birta fyrirfram.

Konúngsfulltrúi: Eptir því sem hinn háttvirti *forseti* nú hefir skýrt frá, sè eg, að hann hefir rètt að mæla í því, að mál þau, sem nú er verið að ræða, geta ekki orðið búin til morguns; en þetta er því að kenna, að nefndarálitin eru komin svo seint frá nefndunum, og enda seinna en vænta mátti, sem aptur kemur af því, að málin hafa hlaðizt á einstaka þingmenn; eg vona engi geti láð mèr, þó eg sè tregur til að lengja þingið, nema brýn nauðsyn beri til, en þar sem eg verð að álíta, að þessi nauðsyn eigi sèr hèr stað, ætla eg að leyfa mèr að lengja þingið að nýju til þess 16. þ. m. (incl.), er eg vona, að stjórnarfrumvörpin að minnsta kosti geti þá orðið búin frá þinginu; og vona eg, að hið heiðraða þing leggi allt kapp á að svo verði.

Forseti: Eg vil vekja athygli hins háttvirta *konúngsfulltrúa* að því, að til þess að konúngsmálunum verði lokið, svo að álitsskjöl verði samin í þeim fyrir föstudag, verða þau að vera rædd til lykta á miðvikudaginn; það er eigi mögulegt að semja álitsskjöl á styttri tíma, þar sem menn opt koma þreyttir heim af fundum, eigi fyr en komið er fram á nótt, en til þess að konúngsmálin þannig geti orðið útrædd, mega nefndarálit í þeim málum ekki koma seinna til mín, en annað kveld, ef þau eiga að geta legið hinn lögskipaða tíma á lestrarsalnum, áður en þau koma til umræðu. Eg vona að þingmenn og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* viðurkenni, að eg hefi gjört allt, sem í minu valdi hefir staðið, til þess að málin geti haft sem greiðastan framgang; eg hefi eigi látið vanta þær áminníngar, sem lögin uppáleggja mèr, að gefa formönnum nefndanna í hinum konúnglegu málum; eg get því eigi ásakað mig fyrir, að eg hafi staðið í vegi fyrir fljótri afgreiðsu málanna, og eg skal ekki láta mèr gleymast, að láta konúngsmálin koma á dagskrárnar á undan öllum öðrum málum.

Vèr hverfum þá til dagskráarinnar, og kemur samkvæmt henni til *ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu hjúalagamálið*, sem er konúngsmál. *Framsögumaður* í málinu er hinn konúngkjörni varaþingmaður. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona, að þingmenn hafi fyrir sèr.

Atkæðaskrá

í alþingismálinu: *konúnglegt frumvarp* til tilskipunar um *vinnuhjú á Íslandi.*

A. Frumvarp stjórnarinnar.

1. *Nefndin,* 1. gr. nefndarfrumv.

   Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistráðum þeirra, er ýngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

2. Stjórnarfrumv. 1. gr.

   Hver sá, sem er fullra 18 ára, má að lögum ráða sig hjú. Vistarráðum þeirra, er ýngri eru en 18 ára, ráða foreldrar, eða aðrir forráðamenn; en þeir geta veitt þeim, er hlut á að máli, myndugleika til að gjöra það sjálfur. Vistarráð, sem gjörð eru fyrir hönd þess, sem er ómyndugur, eru eigi skuldbindandi fyrir hjúið lengur en svo, að það, eptir að það er orðið 18 ára að aldri, geti með venjulegum fyrirvara (31. gr.) sagt upp vistinni til næsta hjúaskildaga (4. gr.).

3. Orðabreytíng (breytíngaratkv.) *Arnljóts Ólafssonar* við 2. gr. nefndarfrumvarpsins (tölul. 5.).

   Fyrir »vera bindandi — í senn«, komi: *lengur standa* (o: gilda) *en 12 mánuði.*

4. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar:*

   Að síðari hluti 2. gr. (tölul. 5.): *en gild skulu þau, þó skemur sè um samið,* falli burtu.

5. *Nefndin,* 2. gr. nefndarfrumv.

   Engi vistarráð skulu vera bindandi til lengra tíma, en 12 mánaða í senn, en gild skulu þau, þó skemur sè um samið.

6. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Haugum við 2. gr. nefndarfrumvarpsins (tölul. 5.):

   Ef þannig á stendur, að ei er svo langur tími til næsta vinnuhjúaskildaga frá þeim degi, að þau voru inngengin.

7. Viðaukaatkvæði *Stefáns Jónssonar* við sama (5. tölul.):

   Þó svo, að þau verði til næsta hjúaskildaga á eptir.

8. Stjórnarfrumv. 2. gr.:

   Það er komið undir samkomulagi, hversu lengi vistarráðin skuli vara; en sè samið um vistarráð til fleiri ára en eins, eða á þann hátt, að hjúið eptir þeim samníngi geti orðið bundið við vistina um fleiri en eitt ár, þá á það kost á að

segja upp vistinni með venjulegum fyrirvara til hins almenna hjúaskildaga. Sè engi vistartími til tekinn, ber svo að álíta, að vistarráðin hafi verið þannig gjörð, að þeim megi upp segja með venjulegum fyrirvara til hins almenna hjúaskildaga. Sè samið um vinnu fyrir skemmri tíma en einn mánuð, án þess samningurinn sè álitinn endurnýjaður, ef honum er eigi upp sagt, þá skulu það eigi talin vistarráð.

9. Sama, 3. gr. (samþ. af nefndinni).
Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eða fleirum, til helmínga, þriðjúnga, o. s. frv.

10. Sama, 4. gr. (samþ. af nefndinni).
Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hèruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar.

11. *Nefndin,* 5. gr. nefndarfrumv.:
Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eður hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vili endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.

12. Viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar* við 5. gr. nefndarfrumv. (tölul. 11.).
(Við enda greinarinnar bætist): *Ef maður tekur vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5—10 rd.*

13. Stjórnarfrumv. 5. gr.:
Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni áður, en það hefir sagt húsbónda sínum lausum vistarráðunum, þá skulu þau vistarráð ógild.

14. Breytíngaratkvæði *Björns Þórarssonar* við 6. gr. nefndarfrumv. (tölulið 15).
Að í staðinn fyrir »Þíngmaríumessu« verði sett: *fardaga.*

15. *a, Nefndin,* 6. gr. nefndarfrumv.
Húsbóndi skal, nema öðruvísi sè um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þann flutníng á sinn kostnað, og ekki láta það rýra áskilið kaup.
Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, nè held-

ur ráðstafar því, og hann eigi hefir gildar ástæður, til að rjúfa vistarráð við það eptir 7. gr., skal hann skyldur til að greiða því kostnað þann allan, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sèr, án þess það skerði um samið kaup, uns hann vitjar hjúsins eður ráðstafar því; þó skal hjúi skylt, að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á. Viti húsbóndi ekki hjúsins eður ráðstafi því fyrir þíngmaríumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og er þá húsbóndi sekur um vistarrof við það, sjá 10. gr. Það eru og vistarrof frá húsbónda hálfu, ef hjú flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka, þaðan sem það kom.

b, Stjórnarfrv. 6. gr.:

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sè um samið, láta sækja vistarráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru, en klyfjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þennan flutníng á sinn kostnað, og ekki láta það rýra áskilið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á rèttum tíma, en kemur þó áður vika sè liðin, þá skal hann greiða hjúinu matarverð fyrir hvern þann dag. Viti hann eigi hjúsins innan viku, þá er hjúið laust við vistarráðin og skal hann greiða því helmíng kaups þess, er áskilið var, og matarverð fram að fardögum.

Nú vill hjúið samt, að vistarráðin haldist, þótt húsbóndi eigi hafi látið vitja þess, og flytur síg sjálft til hans, og hann tekur við því, þá skal hann greiða því flutníngskostnað og matarverð fyrir þá daga, sem liðnir eru af vistartímanum, auk um samins kaups; en vili húsbóndi ekki taka við hjúinu og komi það fyrir fardaga, þá skal hann greiða því kostnaðinn við ferð þess í vistina og til baka, ef það fer aptur, og þar að auki hálft kaup og matarverð til fardaga. En komi hjúið eptir fardaga, þá skal hann að eins greiða því kaup og matarverð til fardaga.

(Björn Pèturssón, uppástúnga, að nefndarinnar tölul. 16. verði felldur.

16. *Nefndin,* 7. gr. nefndarfrumv.

Húsbóndi hefir löglegar ástæður til að ripta vistarráðum við hjú sitt, áður en það kemur í vistina:

1. Hafi það tælt hann á sèr með því, annaðhvort að telja sèr til gildis þá kosti, sem það ekki hefir, en húsbóndi gekkst fyrir, eða leynt á sèr þeim ókostum, er mundi hafa fælt hann frá, að ráða það til sín, og bæti þá hjú húsbónda sem fyrir vistarrof.
2. Eða ef það, eptir að það er orðið vistarráðið:
   a, drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
   b, Enn fremur, ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir þau veikindi eður líkamamein, að vissa sè fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að Þíngmaríumessu, eður lengur.
   c, Ef hjúið gjörir sig bert að slíkri breytni við hinn tilvonanda húsbónda sinn, náúnga hans eður heimafólk, er eptir 28. gr. varðar burtrekstri þess, þegar það er komið í vistina, og bæti það honum, sem fyrir vistarrof, og sæti að auki hegníngu þeirri og skaðabótum, sem það að öðru leyti kann að hafa unnið til.

17. Stjórnarfrumv. 7. gr.; fyrirsögnin:
Húsbóndi hefir löglegar ástæður, til að ripta vistarráðum við hjú sitt, áður en það kemur í vistina, hafi honum eigi verið þær ástæður kunnar, er það hjá honum rèðist.
(Björn Pèturssón, uppástúnga, að 1. tölul. í stjórnarfrumv. 7. gr. verði felldur).

18. Stjórnarfrumv. 7. gr. tölul. 1.:
Ef hjúið hefir sætt hegníngarvinnu eða drýgt þjófnað eða annan glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.

19. Sama, 7. gr. tölul. 2.:
Ef hjúið, þar sem það var síðast í vist, hefir gjört sig bert að illmennsku við húsbónda sinn, eða vandamenn hans á heimilinu.

20. Breytíngaratkvæði *Björns Pèturssonar* við stjórnarfrumv. (7. gr.) tölul. 3., (hèr tölul. 21.).
Að orðið »einhverstaðar« verði úr fellt, og fyrir orðið »áður«, verði sett: *síðast.*

21. Stjórnarfrumv. 7. gr.
a, tölul. 3.:

Ef börn eru á heimilinu, og hjúið einhverstaðar þar, sem það var áður í vist, hefir tælt börn, sem voru á heimilinu, til illra verka.

b, tölul. 4.:
Ef hjúið er haldið nærmri eða viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina.

c, tölul. 5.:
Ef ógipt vinnukona er vanfær.

d, tölul. 6.:
Ef hjúið, um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir þau veikindi eða líkamamein, að vissa sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu um næstu 8 vikur eða lengur.

22. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* við stjórnarfrumv. (7. gr.) tölul. 7. (hér tölul. 23.).
Að í stað orðsins: »fölsuðum«, verði sett: *ósönnum*.

23. Stjórnarfrumv. 7. gr. tölul. 7.
Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum.

24. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* við nefndarinnar 8. gr. (tölul. 25.).
Að á eptir orðin: »viku lengur«, bætist inn í: að *nauðsynjalausu*.

25. *Nefndin*, 8. gr. nefndarfrumv.
Hverju hjúi er skylt að fara í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, eptir 6. gr., eður ráðstafar því, og færist hjú undan því án lögmætra orsaka, þá er það vistarrof við húsbónda, sjá 11. gr.
Nú er hjú veikt og ekki ferðafært, og skal það þá skylt til, að flytja sig sjálft í vistina á sinn eiginn kostnað, jafnskjótt og það er ferðafært orðið, nema því að eins, að svo standi á fyrir hjúi, sem segir í 7. gr. 2., bókstaf b, og húsbóndi láti það vita, að hann vildi ekki við því taka. Dragi það komu sína í vistina viku lengur, gjörir það sig sekt í vistarrofinu, sjá 11. gr.

26. Stjórnarfrumv. 8. gr.:
Hverju hjúi er skylt að fara þegar á stað í vistina, þegar þess er vitjað, eptir 6. gr.
Færist hjúið undan þessu, þá skal það greiða húsbónda helmíng þess kaups, sem um var samið fyrir hinn ákveðna

vistartíma, og kostnaðinn fyrir sendiferðina, og skal húsbóndi ekki skyldur að taka við því síðar.

Nú hamlar sjúkdómur, eða aðrar kríngumstæður hjúinu frá, að fara í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og þó ekki að sjálfsvöldum, þá er húsbónda eigi skylt, að vitja þess aptur, heldur skal hjúið kosta sjálft ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það er ferðafært orðið, og er húsbónda skylt að taka við því, ef það kemur fyrir fardaga, og ber hjúinu þá að eins kaup frá þeim tíma, er það kemur.

Nú leggur hjúið eigi af stað, jafnskjótt og það er ferðafært orðið, þá skal það greiða húsbónda hálft kaup og endurgjalda honum kostnaðinn, er leiddi af, að vitja þess.

Tálmist hjú svo, að það geti eigi komizt í vistina innan þess tíma, sem fyr var sagt, þá er húsbóndi og hjú laust hvort við annað, og er hjúum það útlátalaust.

27. *Nefndin,* 12. gr. nefndarfrumv., sem breytíngaratkv. við stjórnarfrumv. 9. og 10. gr.:

Hafi húsbóndi og hjú samið svo sín á milli, að húsbóndi ekki þurfi að sjá um flutníng þess í vistina, þá skal það haldast, er þau urðu ásátt um, en að öðru leyti skal þó farið eptir því, sem fyrir er mælt í 7., 8., 9., 10. og 11. gr. Svo eru það og vistarrof við húsbónda, ef hjúið dregur viku lengur að nauðsynjalausu að koma í vistina.

28. Stjórnarfrumv. 9. gr.:

Hafi hjú gefið húsbónda vitneskju um það í tækan tíma, að hann þyrfti ekki að vitja þess, en það ætli að flytja sig sjálft í vistina, þá skal húsbónda skylt við því að taka, ef það kemur til hans fyrir fardaga, en kosta skal það þá sjálft ferð sína og missir fjórðúng af kaupi sínu. En komi hjúið ekki í fardögum, skal húsbónda eigi skylt við því að taka, og skal það sekt við húsbóndann um allt kaupið, það er um var samið.

29. Stjórnarfrumv. 10. gr.:

Hafi hjú undirgengizt að flytja sig sjálft í vistina, og sé eigi samið milli þess og húsbónda um ákveðinn tíma, er það skuli vera komið, þá skal hjúið leggja af stað sjálfan hjúaskildagann, og fara tafarlaust fullum dagleiðum í vistina; nú frestar hjú að fara af stað, eða tefur á leiðinni að nauð-

synjalausu, þá skal það greiða húsbónda verkalaun, 6 fiska karlmaður, en 3 fiska kona, fyrir hvern þann dag, er það tefur; dragist ferð þess viku lengur fram yfir nauðsyn, skal húsbónda eigi skylt að taka við hjúinu, en það greiði honum helming þess kaups, sem um var samið.

Nú hamlar sjúkdómur eða aðrar kringumstæður hjúi frá að fara af stað á skildaganum, eða tálmist það á leiðinni, og þó eigi að sjálfsvöldum, þá skal húsbónda skylt við því að taka, ef hjúið ekki fatlast hálfum mánuði lengur.

Komi hjúið í ákveðinn tíma, eða hafi það ekki tálmazt, frekara en nú var mælt, og vili húshóndinn eigi taka við því að heldur, þá skal fara eptir 6. gr., síðasta atriði.

Ákvörðunin í 9. gr. skal einnig ná til þess hjús, er hefir undirgengizt að flytja sig sjálft í vistina, ef það í tækan tíma skýrir húsbónda frá, að bið verði á ferð þess, og hvað því valdi.

30. Stjórnarfrumv. 11. gr.:

Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sèr eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ákveða ekki meiri hegníng eptir því, sem málið er lagað, sektast um 2 til 25 rd., og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og það fyrir þá sök missir vistina, þá greiði hann hjúinu helming þess kaups, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð til fardaga.

31. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* við stjórnarfrumv. 12. gr. (tölulið 32.):

Að í stað orðanna, í fyrra hluta greinarinnar: »fjórðúngi«, verði sett: »*helmíngi*«, og í stað: »helmíngi kaupsins« verði sett: *öllu kaupinu.*

32. Stjórnarfrumv. 12. gr.:

Ef húsbóndi eða hjú fyrir jól, án löglegra ástæðna, riptir vistarráðum, er samið var um fyrir hið næsta vistarár, varðar það fjórðúngi kaupsins, er um var samið af hendi þess, er riptir; en sè það eptir jól, varðar það helmíngi kaupsins.

33. *Nefndin,* 9. gr. nefndarfrumv. (fyrirsögnin):

Hjú hefir lögmætar ástæður til að skorast undan því, að fara í vistina:

(*Björn Pèturssón*, uppástúnga, að nefndarfrumv. 9. gr., tölulið 1—3 verði felldir, en komi í staðinn stjórnarfrumv. 13. gr. aptur að orðunum: »þá skal« o. s. frv. — sbr. tölulið 35.).

34. *Nefndin* 9. gr. nefndarfrumv.:

tölul. 1. Ef húsbóndi befir meitt mannorð hjúsins, eptir að hann samdi við það um vistarráð, eður gjört því annað til miska, svo að öll líkindi sè til, að hann verði því slæmur húsbóndi, og er hann þá sekur um vistarrof við hjúið, auk þeirra skaðabóta og hegninga, sem hann eptir öðrum lögum kann að hafa bakað sèr.

— 2. Það eru og vistarrof við hjú, ef húsbóndi er fluttur af landi burt, eður vissa er fyrir því, að hann gjöri það það ár, nema hjú hafi um það vitað, er það rèðst til hans.

— 3. Ef grunur fellur á húsbónda fyrir glæp, er svívirðilegur er í almenníngs áliti, eður á heimafólk hans, svo að rèttarrannsókn af því leiði, og hún nái til húsbónda, og hún annaðhvort ekki er til lykta leidd, er hjú á að fara í vistina, eða húsbóndi er orðinn sannur að sök um slíkan glæp, nema hjúi hafi verið þessar kríngumstæður kunnar, er það rèð sig í vistina.

35. Stjórnarfrv. 13. gr.:

Geti hjú sannað, að húsbóndinn, árið áður en það á að fara í vist til hans, hafi misþyrmt hjúum sínum eða svelt þau, eður leitast við að tæla þau til illverka eður ósiðsamlegs athæfis, þá skal því eigi skylt að fara í vistina, ef því var þetta ókunnugt, þá er það rèði sig í vistina.

36. Breytíngaratkvæði *Björns Pèturssonar* við stjórnarfrv. 14. gr. (tölul. 37.):

Að fyrir orðin: »og ráðgjörði það ekki við hjúið«, verði sett: *og ekki látið hjúið vita það fyrir jól.*

37. Stjórnarfrv. 14. gr.:

Hafi húsbóndi af ráðið að flytja burt úr sýslunni í næstu fardögum, og ráðgjörði það ekki við hjúið, þá skal hjúinu eigi skylt að fara í vistina. Flyti húsbóndinn búferlum af landi burt, skal hann enn fremur greiða því hálft kaup og matarverð til fardaga.

38. Viðaukaatkv. *Björns Pèturssonar* (við stjórnarfrv. 14. gr. tölulið 37):

Að við enda greinarinnar, tölul. 37, verði bætt: *nema hann hafi látið hjúið vita það fyrir jól.*

(Björn Pètursson, uppástúnga: að 10. og 11. gr. nefndarfrv. (tölul. 39. og 40.) verði felldar).

39. *Nefndin,* 10. gr. nefndarfrv. (ný grein):

Verði húsbóndi sekur um vistarrof við hjú eptir 6. gr. og 9. gr., 1. og 2. atr., skal hann gjalda því um samið kaup og matarverð, eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði.

40. *Sama,* 11. gr. nefndarfrv. (ný grein):

Verði hjú sekt um vistarrof við húsbónda sinn eptir 8 gr., eður hefir látið sèr svo farast, sem sagt er í 7. gr., 1. og 2. c., þá greiði það húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup.

41. Stjórnarfrv. 15. gr. 1. og 2. atr. (samþ. af nefndinni):

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, i hverju og hvenær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið hafa svo mikið i kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis ei genglð að allri vinnu, hefir húsbóndi heimtíng á, að það taki nægileg föt í kaup sitt, þótt hjúið hafi áskilið sèr það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum.

42. *Nefndin,* 16. gr. nefndarfrv. 3. atr.:

Rètt goldnir eru hjúi í kaup: peníngar og allir aðrir aurar, þeir er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið, og skal, þegar lagðir skulu peníngar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

43. Stjórnrafrv. 15. gr. 3. atr.:

Rètt goldnir eru hjúi í kaup: peníngar og allir aðrir aurar, þeir er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal, þegar lagðir skulu peníngar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

44. Stjórnarfrv. 15. gr. 4. atr. (samþykkt af nefndinni):
Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins, og vistartíminn er á enda.

45. *Nefndin,* 15. gr. nefndarfrv.:
Nú er hjú komið í vist til húsbónda, og skal hann veita því viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita, auk kaups.

46. Stjórnarfrv. 16. gr.:
Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu, og leggja því til venjulegan rúmfatnað og skæðaskinn og annað, eptir því, sem venja er til í hverri sveit hjuum að veita, auk kaups.

47. Stjórnarfrv. 17. gr., samþ. af nefndinni:
Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinn, eða sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sèrstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.
Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

48. *Nefndin,* 13. gr. nefndarfrumv.:
Eigi má hjú setja annan fyrir sig í vist, án samþykkis húsbónda, nè heldur til að gegna verkum sínum, nema húsbóndi leyfi, eða bráð nauðsyn krefi.

49. Stjórnarfrumv. 18. gr.:
Ekki má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

50. Stjórnarfrumv. 19. gr.:
Ekki má hjú fara á aðra bæi, nè burt frá heimilinu, nema húsbóndi leyfi, eða húshóndans þarfir krefi.

51. Stjórnarfrumv. 20. gr. (samþykkt af nefndinni):
Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eða skemmdir, er það veldur honum vísvitandi eða af skeytíngarleysi, eða af því það eigi kann til verka þeirra, er það lèzt kunna,

er það rèðst í vistina, og eins hvern annan skaða, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess, og má húsbóndi halda jafnmiklu inni af kaupinu, sem skaðabótum nemur.

52. Breytingaratkvæði *Björns Pèturssonar,* við nefndarfrumv 19. gr. (tölulið 53.):

Að í stað orðanna: *húsbónda sinn* verði sett: húsbændur sína.

53. *Nefndin,* 19. gr. uefndarfrumv.:

Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eða illyrði við húsbónda sinn, eða þann, sem fyrir hans hönd á yfir að segja, skal hjúið sektast um 1—20 rd.; en seti það sig upp á móti þeim, eða áreiti þá í verkum, þá sektist það 5—30 rd., nema svo sè, að það hafi unnið til meiri hegníngar eptir öðrum lögum.

54. Stjórnarfrumv. 21. gr.:

Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eða illyrði við húsbónda sinn eða þann, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, skal hjúið sektast um 1—20 rd.; en seti það sig upp á móti þeim, eða áreiti þá í verkum, þá sektist það 5—30 rd., eða sæti 6—10 vandarhagga refsíng (í Reykjavík vatns og brauðs hegníng 5—10 daga), nema svo sè, að það hafi unnið til meiri hegníngar eptir öðrum lögum.

(Björn Pèturssou, uppástúnga, að 20. gr. nefndarfrumv. (tölulíður 55.) verði felld, en haldið stjórnarfrumv. 22. gr. (tölulið 56).

55. *Nefndin,* 20. gr. nefndarfrumv.:

Húsbóndi má refsa hjúi sínu fyrir illyrði þess eður áreitni í verki, en þó svo, að hann hvorki misbjóði því, nè heldur misþyrmi, svo það leiði meiðsli af. En refsi húsbóndi hjúi fyrir engar eður aðrar sakir, skal það metið sem við vandalausan gjört væri.

56. Stjórnarfrumv. 22. gr.:

Hjú eru undir húsaga, karlmenn þangað til þeir eru orðnir 18 ára að aldri, og konur þangað til þær eru orðnar 16 ára. Sè húsaga beitt við slík hjú fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 21. gr., fellur burt hegníng sú, sem þar er ákveðin.

57. *Nefndin,* 21. gr. nefndarfrumv.:

Verði húsbóndi fyrir vinnutjóni á hjúi sínu, sökum glæpa

eður yfirsjóna, er það fremur, og sem það er sett undir lagaákæru fyrir, missir það kaup fyrir þann tíma, og sanni húsbóndi, að hann hafi orðið fyrir meira skaða þess vegna, þá gjaldi það honum fullar skaðabætur.

58. Stjórnarfrumv. 23. gr.:
Sè hjú sett í fangelsi, án þess húsbóndanum sè um það að kenna, og vist þess hjá honum sè þó ekki jafnskjótt lokið, missir það heimtíng á kaupi fyrir þann tíma, sem það er í fangelsi.

59. *Nefndin*, 23. gr. nefndarfrumv.
Slasist eða veikist hjú, og húsbónda sè um það að kenna, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því var um megn, eður og óvanalegan starfa, þann er einhverjum sèrstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hanu kosta lækníngu hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þýngri hegníng eptir öðrum lögum.

60. Stjórnarfrumv. 24. gr.
Slasist eða veikist hjú, og húsbónda sè um það að kenna, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því var um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sèrstaklegum háska er bundinn, eða af hverri annari ótilhlýðilegri aðferð, er húsbónda verður gefið sök á, þá skal hann kosta lækníngu hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þýngri hegníng eptir öðrum lögum.

61. *Nefndin*, 22. gr. nefndarfrumv.:
Sýkist hjú eða slasist af sjálfsvöldum, skal það sjálft kosta lækníngina og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimtíng á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

62. *a*, Stjórnarfrumv. 25. gr.:
Sýkist hjú eða slasist, og það sè að kenna ótilhlýðilegri aðferð sjálfs þess, skal það sjálft kosta lækníngina, og endur-

gjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimtíng á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

62. *b,* Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar,* við 24. gr. nefndarfrumv. (tölulið 65):

Að fyrir orðin: »viku lengri«, sè sett: *3 dögum lengri;* og fyrir orðin: »mánuði lengri« verði sett: *viku lengri.*

63. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* og *Björns Péturssonar* (til vara) við nefndarfrumv. 24. gr. (tölulið 65):

Að fyrir orðin: »Sè legan — aðra árs tíma, þá« komi: »*Ef hjú liggur eigi lengur en viku um heyannir, en hálfan mánuð utan heyanna, og*«.

64. Breytíngaratkvæði *Stefáns Jónssonar* við nefndarfrnmv. 24. gr. (tölulið 65):

Að eptir orðin: »sem það er« komi: *lengur.*

65. *Nefndin,* 24. gr. nefndarfrumv.:

Veikist hjú eða slasist af öðrum atvikum, en nú voru talin (22. og 23. gr.), þá skal það sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækníng þess og sèrstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður vertíð, eða mánuði lengri um aðra árs tíma, þá skal það einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum, en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er veikt. Deyi hjúið, hafa erfíngjar þess ekki heimtíng á kaupi eptir það fyrir lengra tíma, en það var búið að vera í vistinni, áður en það varð ófært til verka.

66. Stjórnarfrumv. 26. gr.:

Veikist hjú eða slasist af öðrum atvikum, en nú voru talin (24. og 25. gr.), þá skal það sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækníng þess og sèrstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eða vertíð, eða mánuði lengri um aðra árs tíma, þá skal það einskis í missa af kaupi sínu, en fatlist hjú lengur frá verkum, en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er veikt. Deyi hjúið, hafa erfíngjar þess ekki heimtíng á kaupi eptir það fyrir lengri tíma, en það var búið að vera í vistinni, áður en það varð ófært til verka.

67. *Nefndin,* 25. gr. nefndarfrumv.

Fari hjú sakir veikinda úr vistinni fyrir tilstilli húsbónda, hvort heldur svo hefir verið um samið eður eigi, þá hverfur eigi fyrir það skylda hans til að annast hjúið, samkvæmt því, sem nú var sagt, og ber honum að endurgjalda þau þyngsli, er aðrir hafa af hjúinu.

68. Stjórnarfrumv. 27. gr.:

Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið undir eins og hjúið verði sjúkt, er ekki skuldbindandi fyrir hjúið; og fari sjúkt hjú úr vist annaðhvort af því vistarráðin hafi verið bundin slíkum skilmála, eða af því svo hefir verið um samið, eptir að það varð veikt, þá losast hann, ef hjúið fer á sveit, eigi heldur í tilliti til hennar frá skyldu sinni við hjúið, samkvæmt þessari tilskipun.

69. *Nefndin,* 26. gr. nefndarfrv.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sè á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða 2 aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sè ekkert mein þar af búið, nè öðrum, ef sýkin er sóttnæm.

Flyti húsbóndi samt hjúið burt, skal hann sæta sektum eða þyngri hegníng eptir 23. gr., og standast að auki allan kostnað af lækníng og hjúkrun sjúklíngsins.

70. Stjórnarfrumv. 28. gr.:

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sè á enda, nema læknir eða sóknarprestur, eða 2 aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sè ekkert mein þar af búið, nè öðrum, ef sýkin er sóttnæm.

Flyti húsbóndi samt hjúið burt, skal hann sæta sektum, eða þyngri hegníng eptir 24. gr., og standast að auki allan kostnað af lækníng og hjúkrun sjúklíngsins.

71. *Nefndin,* 27. gr. nefndarfrumv.

Þegar hjú, sem veikist eða slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækníngarkostnað og kostnað fyrir sèrstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum, þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins, ef annar er. Sama er og um greptrunarkostnað hjúsins, deyi það í vistinni.

72. *a*, Stjórnarfrumv. 29. gr.:

Þegar hjú, sem veikist eða slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækníngarkostnað og kostnað fyrir sèrstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum þar, sem hjúið er í vist, og skal álíta það sem lán, er hjúinu ber að endurgjalda, jafnskjótt og það verður fært um.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfíngjar eigi gjöra það, en fái aptur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum í hreppnum, þar sem hjúið var í vist.

72. *b*, *Nefndin*, 14. gr. nefndarfrumv.

Eigi má húsbóndi eptirláta eða afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Deyi húsbóndi, skal vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur, en sè búi brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof, sjá 10. og 31. gr.

73. Stjórnarfrumv. 30. gr.

Deyi húsbóndi, skal vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eða búi, á þann hátt sem vistarsamníngur hafði gjörður verið við hinn látna; þó ber svo að álíta, að vistarráðin eigi hafi verið gjörð um lengra tíma, en í mesta lagi eitt ár, þó vistarsamníngur hafi gjörður verið um lengra tímabil. En sè búinu brugðið, á hjúið að eins heimtíng á kaupi fyrir það, sem eptir er vistartímans, og matarverði fyrir hinn sama tíma.

74. Stjórnarfrumv. 31. gr.

Hafi hvorki húsbóndi nè hjú sagt upp vistarsamníngi á löglegan hátt, þá ber svo að álíta, að hann sè endurnýjaður um næsta vistarár, og eiga bæði húsbændur og hjú að segja upp vistarráðum fyrir jól, nema svo sè, að um eitthvað af þessu hafi öðruvísi verið samið þeirra á milli.

(*Björn Pètursson*, uppástúnga, að 28. gr. nefndarfrumv. (tölul. 76.) verði felld, en tekin í staðinn 32. gr. stjórnarfrumv. (tölul. 75.) með breytíngum).

75. Stjórnarfrumv. 32. gr. fyrirsögn (samþ. af nefndinni):
Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:

76. *Nefndin,* 28. gr. nefndarfrumv. tölul. 1.:
Ef hjúið gjörir sig sekt í yfirsjónum þeim, sem nefndar eru í 7. gr. 1. atr. og 2. atr. a.

77. Breytíngaratkv. *Björns Þórarssonar:*
Að aptan af tölulið 1. (hèr tölul. 78.) verði felld orðin: *eða hefir áður,* etc.

78. Stjórnarfrv. 32. gr. tölul. 1.:
Ef hjúið drýgir þjófnað, svik eður einhvern annan glæp, sem svívirðilegur er að almennings áliti, eða hefir áður drýgt slíkan glæp.
(*Björn Þórarsson,* uppástúnga: að stjórnarfrv. 32. gr. tölul. 2. og 3. (hèr tölul. 79.) verði felldir).

79. Stjórnarfrv. 32. gr.:
a, (tölul. 2.):
Ef hjúið hefir sætt hegníngarvinnu.
b, (tölul. 3.):
Ef hjúið er sett í fangelsi um lengra tíma en 8 daga, án þess húsbónda sè um það að kenna.

80. Stjórnarfrumv. 32. gr., tölul. 4. og 5. (samþ. af nefnd.):
a, (tölul. 4.):
Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eða meiðir þá með illyrðum.
b, Nefndin, viðaukaatkv., að aptan við greinina bætist: »*eða rógi*«.
c, (tölul. 5):
Ef hjúið sýnir húsbóndannm freka og viðvarandi þrjózku, eða stöðugt skeytíngarleysi eða ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.

81. *Nefndin,* (28. gr. nefndarfrumv., tölul. 4., og *Björn Þórarsson:* breytíngaratkvæði við stjórnarfrumv. 32. gr., tölulið 6 (hèr tölulið 82).
Að á eptir orðið: »börn« bætist inn í: *eður vandamenn húsbónda; (Björn Þórarsson:* húsbænda). *Björn Þórarsson:* að fyrir orðið: »ósiðsemi« verði sett: *lauslæti.*

82. Stjórnarfrumv. 32. gr. 6. atr.:
Ef hjúið tælir börn á heimilinu til illverka eða ósiðsemi,

eða ef þeim er augsýnilega hætta búin af skeytingarleysi þess eða illri meðferð.

83. Stjórnarfrumv. 32. gr. 7. og 8. atr. (samþykkt af nefndinni).
a, (töluliður 7):
Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans eða misþyrmir skepnum þeim, er hann á eða hefir undir hendi.
b, (töluliður 8):
Ef hjúið sýnir af sèr framúrkeyrandi eða ítrekað skeytingarleysi með ljós, eld eða annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.
(*Björn Pètursson,* uppástúnga: að stjórnarfrv. tölul. 9. af 32. gr. (hèr tölul. 85.) verði felldur).

84. Stjórnarfrv. 32. gr. tölul. 9.:
Ef hjúið eigi kann til verka þeirra, er það lèzt kunna, er það rèðst í vistina.

85. Stjórnarfrv. 32. gr. tölul. 10.:
Ef hjúið hefir komið með viðbjóðslegan eða næman sjúkdóm í vistina, eða fær hann í vistinni af illum lifnaði sínum.
(*Björn Pètursson,* uppástúnga: að tölul. 11. í 32. gr. stjórnarfrv. (hèr 86.) verði felldur).

86. Stjórnarfrv. 32. gr. tölul. 11.:
Ef hjúið fremur lauslæti með nokkrum öðrum á því heimili.

87. Stjórnarfrv. 32. gr. tölul. 12.:
Ef ógipt vinnukona er ólètt, þegar hún kemur í vistina, en kemst ekki upp fyr en seinna, og það reynist, að hún eigi getur gengið til sumarvinnu.

88. Stjórnarfrv. 32. gr. 13. og 14. tölul. (samþ. af nefndinni).
a, (tölul. 13.):
Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
b, (tölul. 14.):
Ef hjúið með illyndi eða rógi raskar reglu og friði á heimilinu, og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans.

89. Breytingaratkvæði *Björns Pètursonar,* við 15. tölul. í 32. gr. stjórnarfrv. (tölul. 90.):
Að í staðinn fyrir orðið: »fölsuðum«, verði sett: »ósönnum«.

90. Stjórnarfrumv. 32. gr. tölul. 15.:
Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sèr með fölsuðum vitnisburðum.

91. Stjórnarfrumv. 32. gr., niðurlagið:
Að því leyti atvik nokkurt, sem hefir átt sèr stað, áður en hjúið kom í vistina, eptir því sem nú hefir sagt verið, gefur húsbónda rètt til að reka hjú úr vist, þá hverfur slíkur rèttur, hafi húsbóndi verið vitandi um atvik þetta, þá er hann tók við hjúinu, eða komist það síðar upp, ef hann þá ekki innan viku neytir rèttar síns að reka það frá sèr.
(Björn Pètursson, aðaluppástúnga, að 29. gr. nefndarfrumv. (tölul. 93.) verði felld, en 33. gr. stjórnarfrumv. verði haldið).

92. *Sami,* breytingaratkv. (til vara, ef tölul. 93. ekki er felldur).:
a, Að fyrir orðin: »tveir óvilhallir menn«, verði sett: »*hjúalaganefndin*«.
b. Að orðin: »undir eiðstilboð«, falli burt.

93. *Nefndin,* 29. gr. nefndarfrumv.:
Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 28. gr., þá bæti það húsbónda, eins og ákveðið er í 11. gr. að framan, þó þannig, að því ber kaup, eptir því sem tveir óvilhallir menn undir eiðstilboð meta fyrir þann tíma, sem það hefir unnið í vistinni. Auk þessa sæti hjúið hegníngu þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sèr.

94. Stjórnarfrumv. 33. gr.:
Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem til greindar eru í 32. gr., þá á það að eins heimtíng á kaupi fyrir þann tíma, er það hefir í vistinni dvalið. Þótt hjú sè rekið úr vist, fellur ekki þar fyrir niður hegníng sú, eða skaðabætur, er það með broti sínu kann að hafa bakað sèr, annaðhvort eptir þessari tilskipun eða öðrum lögum.

95. Stjórnarfrumv. 34. gr. (samþ. af nefndinni).
a, (tölul. 1.—3.):
Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga burt úr vistinni:
Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu.
Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka, eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og

húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt hjúið beri sig upp undan því við hann.

Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.

b, Breytingaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar:*

Að úr 34. gr. 4. tölul. verði orðið »*freklega*« úr fellt.

c, (tölul. 4.):

Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.

d, (tölul. 5.—7.):

Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.

Ef lífi eða heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu.

Ef húsbóndi fer af landi burt.

96. *Nefndin,* 31. gr. nefndarfrumv.:

Ef hjú fer úr vist fyrir þær sakir, sem nú voru greindar, þá á það heimtíng á fullu árskaupi, eins og segir í 10. gr., og matarverði, sem óeytt er, 10 álnir fyrir hvern mánuð, 30 nætur, er eptir er vistarverunnar. Svo sæti og húsbóndi þeirri hegníngu og skaðabótum, sem hann að öðru leyti kann að hafa bakað sèr.

97. Stjórnarfrumv. 35. gr.:

Ef hjú fer úr vist fyrir þær sakir, sem teknar eru fram í 34. gr., 1., 2., 3., 6. og 7. atr., þá á það heimtíng á kaupi fyrir vistartíma þann, er um var samið; fari hjúið fyrir miðjan heyannamánuð, þá á það enga heimtíng á matarverði; en fari það seinna úr vistinni, en þó fyrir veturnætur, þá skal húsbóndi að auki gjalda því matarverð til 8 vikna. Fari hjú, sem ráðið hefir verið til ársvistar, eptir veturnætur, þá á það heimtíng á matarverði til 3 mánaða, en þó aldrei fyrir lengra tíma heldur en til næsta hjúaskildaga, ef vistarráðin voru þá á enda; en hafi vistarráðin verið um skemmri tíma, á húsbóndi að greiða matarverð fyrir það, sem eptir er vistartímans, en þó aldrei fyrir lengra tíma en 3 mánuði. Hafi hjú ráðið sig heima fyrir hið næstkomanda hjúaár, en fari burt úr vistinni eptir jól, af fyr tèðum sökum, þá skal húsbóndi greiða því missiriskaup, auk kaupsins fyrir það ár, sem yfir stendur, og matarverð til fardaga.

En fari hjúið úr vistinni fyrir þær sakir, sem getið er í

4. og 5. atr. 34. greinar, þá ber því að eins kaup fyrir þá tíð, sem þá er liðin af vistartímanum, en ekkert matarverð.

Eigi er húsbóndi fyrir útlát sín við hjúið, eptir þessari grein, eða þótt hjúið fari úr vistinni, laus við hegníng þá eða skaðabætur, er hann með breytni sinni gegn hjúinu annars kann að hafa bakað sèr.

98. *Nefndin,* 33. gr. nefndarfrumv.:

Reki húsbóndi hjú úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimtíng á kaupi og matarverði, eins og fyrir er mælt í 31. gr.

99. Stjórnarfrumv. 36. gr.:

Reki húsbóndi hjú úr vist án löglegra ástæðna, þá á hjúið sömu heimtíng til kaups og matarverðs, sem því er áskilin í 35. gr., er það gengur úr vistinni fyrir þær sakir, er nefndar eru í 34. gr., tölul. 1.—3. og 6.—7. En hafi hjú verið ráðið heima fyrir heilt ár, og húsbóndi reki það burtu eptir jól, án löglegra orsaka, þá greiði hann því missiriskaup að auk, og matarverð til fardaga.

100. *Nefndin,* 32. gr. nefndarfrumv.:

Ef hjú hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, greiði það húsbónda um samið kaup samkvæmt 29. gr.

101. Stjórnarfrumv. 37. gr.:

Ef hjú hleypur burt úr vistinni án löglegra saka, skal það hafa fyrirgjört kaupi sínu fyrir þann tíma, er það hefir verið í vistinni, og sè það vinnumaður, skal hann greiða húsbónda að auk 10 álnir fyrir hvern þann mánuð, sem eptir er af vistartímanum, en vinnukona 5 álnir.

Hafi hjúið hlaupið úr vistinni eptir jól, en verið ráðið heima fyrir heilt ár, skal það enn fremur greiða húsbónda missiriskaup.

102. *Nefndin,* (nefndarfrumv. 16. gr. 5. atr.):

Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurètt til síðustu 12 mánaða kaups, næst löglegum veðskuldum.

103. Stjórnarfrumv. 38. gr.:

Í þrotabúi húsbónda hefir hjúið forgöngurètt til kaups og matarverðs eptir því, sem ákveðið er í laganna 5.—14.—37., þó ekki fyrir lengra tíma en 1 ár.

104. *Nefndin,* 34. gr. nefndarfrumv. (ný grein):

Sè vistarrofin annaðhvort af hálfu hjús eða húsbónda, eins

og segir í 28., 32., 30. og 33. gr., og hjú er ráðið heima fyrir næsta ár, skal auk þess, sem sagt er í 29. og 31. gr., einnig farið eptir því, sem fyrir er mælt í 11. og 10. gr. í lögum þessum um vistarrof.

105. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Haugum:
Að inn í 35. gr. nefndarfrumv. (tölul. 106) á eptir orðin: »fjárnám hjá húsbónda«, verði bætt inn í: *upp á hans kostnað.*

106. *Nefndin,* 35. gr.:
Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó eigi má vera frá eldra tíma, en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni, og skal sá, er fjárnámið gjörir, ásamt með tveim skilríkum mönnum, er hann með sèr kveður, leggja út skuldina í þeim gjaldgengum aurum, sem húsbóndi vill helzt án vera.

107. Stjórnarfrumv. 39. gr.:
Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó eigi má vera frá eldra tíma, en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni.

(*Jón Sigurðsson* frá Haugum, uppástúnga, að (36. gr. nefndarfrumv., eða) 40. gr. frumv. (tölul. 108.) verði felldur).

108. Stjórnarfrumv. 40. gr. (samþ. af nefndinni):
Fógeti eða hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupi eða matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimtíng á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda, eptir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

109. Stjórnarfrumv. 41. gr.:
Hvervetna, er lúka skal matarverði eptir tilskipun þessari, skal greiða karlmanni 3 fiska fyrir dag hvern, en kvennmanni 2 fiska, og er rètt goldið í peníngum eptir verðlagsskrár meðalverði, í matvöru, eða öðrum góðum gjaldeyri.

Þar sem fardagar eru nefndir í tilskipun þessari, þá er það fimmtudagur sá, er 6 vikur eru af sumri.

Ákvarðanir þær í þessari tilskipun, sem miðaðar eru við fardaga, eiga að eins við í þeim sveitum, þar sem hjúa-

skildaginn er 14. maí; þar sem hjúaskildagi er annar, skal við hafa jafn langan tíma, og er frá 14. maí til fardaga. (Stjórnarfrumv. 42. gr., sjá tölul. 119).

B. Viðaukauppástúnga *Jóns Þórðssonar* um stofnun hjúalaganefnda í hverjum hreppi, samkvæmt uppástúngum hjúalaganefndarinnar í Reykjavík í frumvarpi hennar 40.—51. gr. (Frumv. Reykjavíkurnefndar bls. 12.—16.).

110. Breytíngaruppástúnga *Benedikts Þórðarsonar* við viðaukauppástúngu *Jóns Þórðssonar* stafl. B, með þeim töluliðum, sem þar liggja undir:

Öll þau mál er áhræra réttindi og skyldur húsbænda og hjúa eptir þessari tilskipun, skulu eiga undir viðkomandi sættanefndir til sáttaumleitunar á vanalegan hátt; en komist ekkí sætt á, skal málspörtunum heimilt, ef þeir koma sér saman um það, að leggja málið í gjörð nefndarinnar, og skal hún þá innan 3 sólarhríngа kveða upp á rökum byggða gjörð í málinu, eptir gögnum og skilríkjum, skal bóka hana, og nefndin láta birta hana fyrir málspörtunum, ef þeir eigi hafa fráfallið birtíngu.

Komi fram atriði fyrir sáttanefndinni frá annarshvors málspartanna hálfu, er eigi hafa verið fólgin í kæruskjalinu og komist á sætt eða gjörð, skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að sættin eða gjörðin, ef annarhvor málspartanna krefst þess, nái einnig yfir þau atriði.

Komist hvorki sætt á, nè málið sè lagt í gjörð, skal rita það í sáttabókina og útgefa vottorð þar um, og að máiinu sè vísað til landslaga og réttar.

111. Frumv. Rv.nefnd. 40. gr. 1. atr.:

Í hverjum hreppi skal vera nefnd 3 manna, búsettra, valinkunnra bænda, og skulu eiga undir þá nefnd öll þau mál, er áhræra réttindi og skyldur húsbænda og hjúa eptir þessari tilskipun.

112. Breytíngaratkvæði *Páls Sigurðssonar* við 40. gr., 2. atr., tölul. 113., 1. atr. að í stað upphafsins: »Sýslumaður — oddviti hennar«, verði sett:

Menn þessa skulu hreppsmenn kjósa á manntalsþíngum, og skal sýslumaður með 2 tilkjörnum mönnum rita atkvæði hreppsmanna í þar til gjörða bók.

113. Frumv. Rv.nefndar 40. gr. 2.—5. atr.:

Sýslumaður kveður menn í nefndina, með ráði sóknarprests og ákveður hver vera skuli oddviti hennar. Engi bóndi má skorast undan þessari kosníngu, ef hann er yngri en sextugur, og er hver skyldur að hafa þann starfa á hendi í 6 ár; má þó kjósa sama mann aptur, ef hann ekki færist undan því; en skyldur skal hann að taka móti nýrri kosníngu, þegar 6 ár eru liðin, frá því hann var áður í nefndinni.

Þykist einhver nefndarmaður hafa gildar ástæður til að skorast undan kosníngu eða leggja niður nefndarstarfa sinn, skal sýslumaður meta það. Skerðist mannorð nokkurs nefndarmanns, eða komist hann á sveit, skal sýslumaður víkja honum úr nefndinni.

Eigi einhver nefndarmaður sjálfur í máli, er liggur undir hjúamála-nefndina, eða foreldrar hans, afkvæmi eða syzkin eða jafn nátengdir, þá víkur hann úr nefndinni í því máli, en sýslumaður kveður annan í hans stað.

Þessar hjúamála-nefndir skulu eigi vera í Reykjavík, eða öðrum þeim kaupstöðum, er kynni að verða að lögsagnarumdæmi sèr, nè heldur á Vestmannaeyjum.

114. Breytíngaratkvæði *Björns Pèturssonar* og *Páls Sigurðssonar*, að 1. kafli 41. gr. (tölul. 115.) falli burt; og *(Björn Pètursson)* að hinum öðrum greinum Rv. frumv. (sumsè þar sem miðað er við fasta fundi hjúalaganefndarinnar), verði breytt þessu samkvæmt.

115. Frumvarp Reykjavíkurnefnd. 41. gr.:

Hjúamála-nefndin skal eiga með sèr 3 reglulega fundi á ári, laugardaginn í 6. viku sumars, laugardaginn í 6. viku vetrar og laugardaginn fyrstan í einmánuði. Þessir fundir skulu haldnir á þíngstaðnum í hreppnum eða öðrum fyrirfram auglýstum stað.

Hjúamála-nefndin skal hafa gjörðabók, löggilta af sýslumanni; bókina kostar sveitarsjóðurinn.

Oddviti nefndarinnar stýrir fundum og bókar allt, sem fram fer.

116. Frumvarp Rv. nefnd. 42.—51. gr.

§ 42.

Í hið fyrsta sinn, sem nefndarmaður tekur sæti í hjúa-

málanefndinni, skal hann rita í gjörðabók nefndarinnar, og nafn sitt þar undir, svo látandi eið:

Eg N. N., sem er kvaddur í hjúamálanefndina, hèr í N. N. hreppi, sver það heiti, að eg skuli, af fremsta megni og eptir beztu samvizku, gegna þeirri köllun, er lög leggja mèr, sem hjúamálanefndarmanni, á herðar.

Svo sannarlega hjálpi mèr guð og hans heilaga orð.

Þennan eið skal einnig sá rita í bókina, sem settur er í einstöku mál, í stað einhvers nefndarmanns (40. gr.).

§ 43.

Mál miili húsbænda og hjúa eiga ekki undir hjúamálanefndina, sè málið ekki kært fyrir nefndinni, áður en húsbóndi og hjú sè komin sitt í hvora sveit, nema því að eins, að vistarráðunum sè ólöglega slitið, því þá skal kæra málið fyrir hjúamálanefndinni í þeim hrepp, þar sem vistarráðin stóðu.

§ 44.

Sá, sem hefir mál að kæra fyrir hjúamálanefndinni, má kjósa hvort heldur vill, að stefna málinu til einhvers af hinum reglulegu fundum nefndarinnar (§ 41) eða til aukafundar, er oddviti nefndarinnar ákveður; kjósi kærandi heldur þetta, þá skal hann bera mál sitt upp annaðhvort skriflega eða munnlega fyrir oddvita, en hann gefur þá út kæruskjal til ákveðins staðar og tíma; skal oddviti fá kærandanum kæruskjalið, en hann skal sjá um, að það sè birt, með stefnuvottum, hinum kærða með 4 daga fresti; kjósi kærandi hið fyrra, er honum heimilt að gefa sjálfur út kæruskjalið.

§ 45.

Á fundinn skulu báðir málspartar koma með gögn sin og skilríki, að því leyti þeim er auðið, þau er þeir vilja byggja á rètt sinn; skal hjúamálanefndin þá leita um sættir milli málspartanna, og skal sú sáttatilraun vera að lokuðum dyrum. Komist á sætt, skal bóka hana, og eiga hvorirtveggja málspartarnir og hjúamálanefndin að rita nöfn sín þar undir. Hjúamálanefndin skal þar næst gefa hverjum málspartanna, sem óskar þess, útskript af niðurlagi sáttarinnar, undir hendi sinni og innsigli. Þvílíkri sætt skal mega fullnægja með fjárnámi sem fullnaðardómi.

Komist ekki sætt á, skal málspörtunum heimilt, ef þeir koma sèr saman um það, að leggja málið í gjörð nefndarinnar, og skal hún þá, innan 3 sólarhringa, kveða upp á rökum byggða gjörð í málinu eptir gögnum og skilríkjum, skal sá úrskurður hafa sama gildi, sem lögleg sætt fyrir nefndinni; skal bóka hana, eins og fyr segir, og skal nefndin láta birta hana fyrir málspörtunum, ef þeir eigi hafa frá fallið birtingu.

Komi fram atriði fyrir nefndinni frá annars hvors málspartanna hálfu, er eigi hafa verið fólgin í kæruskjalinu, og komist á sætt eða gjörð, skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að sættin eða gjörðin, ef annarhvor málspartanna krefst þess, nái einnig yfir þau atriði.

Komist hvorki sætt á, nè málið sè lagt í gjörð, skal rita það í bókina, og útgefa vottorð þar um, og að málinu sè vísað til lands laga og rèttar.

§ 46.

Málspörtunum ber að mæta sjálfum fyrir hjúamálanefndinni. Sá, sem ekki mætir að forfallalausu, skal, ef málið fer í dóm, dæmast til að greiða málskostnaðinn, og í sekt fyrir óþarfaþrætu 1—5 rd., án tillits til úrslita málsins.

§ 47.

Mæti kærandinn, en hinn kærði ekki, skal gefa kærandanum vottorð þar um, og að málinu sè vísað til lands laga og rèttar, og ber að dæma hinn ákærða í útlát þau, sem talin eru í 40. gr., geti hann eigi sannað lögleg forföll, er hafi hamlað honum frá, að mæta á fundinum.

§ 48.

Meðan ekki hefir verið reynd sætt af hjúamálanefndinni í þeim málum, er undir hana heyra, eða kærandinn ekki hefir gætt þess, sem honum ber, til þess, að slik sáttatilraun sè gjörð, getur málið eigi orðið tekið fyrir við rèttinn til dómsúrslita, heldur skal þá dómarinn í embættisnafni frá vísa málinu.

§ 49.

Þegar búið er að vísa málinu til lands laga og rèttar, og vili kærandinn halda málinu til dóms, þá skal hjúamálanefndin, ef kærandinn beiðist þess á fundinum, semja greinilega skýrslu um kröfur málspartanna og málavexti, og senda

hana sýslumanni ásamt kæruskjalinu, vottorðinu um, að málinu sè vísað til lands laga og rèttar, og öðrum skýrteinum, er snerta málið, og skal þá sýslumaður eptir þessum gögnum og skilríkjum kveða upp dóm í málinu fyrir rètti, innan hálfs mánaðar frá því, að skýrslan er til hans komin, án dómstefnu og án þess málspartarnir mæti fyrir rètti, og má hann kveða upp dóm þann á heimili sínu, eða hvar sem vill í sýslunni, án þess málspartarnir hafi kostnað af ferð hans. Álíti sýslumaður, að málið sè ekki nægilega upplýst í hinum verulegu atriðum, skal hann brèflega krefjast frá hjúamálanefndinni ítarlegri skýrslu og álits um þau atriði, sem þurfa skýríngar, áður en hann leggur dóm á málið.

Þessa máls meðferð má kærandinn einnig við hafa, þótt hinn kærði ekki mæti fyrir hjúalaganefndinni.

Hinn kærði skal eiga kost á að skora á kærandann fyrir hjúamálanefndinni, að málið verði lagt undir dóm á þann hátt, sem hèr segir, og hafni þá kærandinn því, skal hinum kærða aldrei gjörast að greiða meira en $^1/_4$ málskostnaðarins, fari málið í dóm, enda þótt ástæður yrði fyrir því, að dæma hann í málskostnað.

Kjósi kærandinn heldur, að stefna málinu á venjulegan hátt með dómstefnu fyrir lögreglurètt, skal þó eigi fram fara ný sáttatilraun fyrir rèttinum, og getur ekki heldur kærandi í þessum málum lagt málið að auki undir hina reglulegu sáttanefnd á þann hátt, sem segir í tilsk. 15. ág. 1832 § 3.

§ 50.

Að öðru leyti skal, í málum þeim, sem kærð eru fyrir hjúamálanefndinni, hvað snertir sáttatilraun þar, fara eptir ákvörðunum þeim og reglum, sem eiga við um sáttatilraunir í málum, er kærð eru fyrir hinum reglulegu sáttanefndum.

§ 51.

Kostnaðurinn í málum, sem kærð eru fyrir hjúamálanefnd, er hinn sami, sem í málum, er fyrir sættanefnd ganga. En sè málið lagt í gjörð nefndarinnar, eða ef nefndin eptir beiðni málspartanna býr málið undir dóm sýslumanns, á þann hátt sem segir í § 49, þá ber henni enn fremur 1

rd., og skulu málspartarnir, ef eigi verður öðruvísi um samið, greiða sinn hálfa dalinn hvor af því gjaldi.

Sè málið ekki kært til hinna almennu funda (41. gr.), skal greiða nefndarmönnum ferðakostnað eptir aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830 § 63; þennan kostnað skal kærandi ætíð leggja fram, og skal hinum kærða aldrei gjörast að endurgjalda meira, en helmíng þess kostnaðar, þó málið gangi á hann.

117. Varauppástúnga þingnefndarinnar við uppástúngurnar stafl. B.:
Að konúngur allramildiiegast viii leggja fyrir næsta þíng frumvarp um hjúalaganefndir hèr á landi, byggt á grundvallarreglunum í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar um þetta mál.

118. *Nefndin,* 37. gr. nefndarfrumv.:
Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurètt. Brot á móti 26. gr. skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll þau mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna.

119. Stjórnarfrumv. 42. gr.:
Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurètt. Brot á móti 28. grein skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll þau mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna.

120. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá um, að gjöra frumvarpið að lögum samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Forseti: Áður en *framsögumaður* hefir framsögu sína, vil eg leyfa mèr að vekja athygli þingmanna að þessari atkvæðaskrá; það sjá allir, að það dugir ekki að hvarfla frá einu frumvarpinu til annars, ef að frumvarpið á að verða svo úr garði gjört frá þinginu, að það verði í góðu lagi; það dugir ekki að fallast á eina greinina úr stjórnarfrumvarpinu, en aðra úr frumvarpi þingnefndarinnar, úr því gæti orðið sá hræríngur, að ekkert ætti hvað við annað. Eg vildi óska að þínginu tækist að leysa frumvarp þetta eins vel af hendi frá sèr, eins og stjórnin hefir vel undirbúið það, og lagt í hendur þingsins, og að frágangur þingsins á því yrði oss til sóma; mèr finnst að þingið, einkum þegar kemur aptur fyrir 8. grein, ætti að ráða við sig, hvort frumvarpið það vill heldur

aðhyllast, svo að það tæki annaðhvort stjórnarfrumvarplð alstaðar, eða alstaðar frumvarp þingnefndarinnar. Ef gallar kynni að finnast á atkvæðaskránni eða ósamkvæmni í niðurskipun hennar, þá bið eg hina háttvirtu þingmenn að benda mèr og öðrum til þess sem fyrst; eg gæti skilið, að svo kynni að reynast, þó að eg vildi hafa hana í sem beztu lagi, því tíminn var naumur og eg þreyttur, þegar eg samdi hana.

Sveinn Skúlason: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *forseta*, hvort honum ekki sýnist tiltækilegast að láta ræða mál þetta í köflum?

Forseti: Jú! það álít eg bezt, og eg vona að hinn háttvirti *framsögumaður* hafi ekki neitt á móti því, því þó að kveldið endist ekki til, að ræða allt málið til lykta, þá má ljúka við það á morgun, þar eð nú er ekki til annað fundarefni. Eg held, að það yrði þá bezt að skipta umræðunum þannig, að fyrst væri ræddir 58 fyrstu töluliðirnir á atkvæðaskránni, síðan frumvarpið til enda, þ. e. tölul. 59—116, og seinast kaflann um hjúalaganefndirnar, eða frá tölul. 117 og út atkvæðaskrána. Eg get ekki sèð, að maður geti skipt atkvæðaskránni í hentugri kafla; en vera má, að *framsögumaður* geti bent á, hvort hentugra mundi verða að skipta umræðunum öðruvísi, og bið eg hann þá að benda til þess.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi ekki áður tekið til orða í þessu máli, í hverju nú liggur fyrir atkvæðaskrá; en eg finn mèr þó skylt, að fara um það nokkrum orðum, og skal eg þá fyrst lýsa yfir því áliti mínu á nefndarálitinu, að mèr þykir vel og vandlega frá því gengið, og að það lýsi nákvæmri þekkíngu á því, hvernig hèr hagar til yfir höfuð, og sèr í lagi í því máli, sem hèr ræðir um; mèr virðist ekki betur, en að nefndin hafi viljað færa og líka fært málið í ýmsum greinum nær því, sem hèr er hugsunarháttur manna, að því sem er orðin venja og viðtekt, og að hún hafi viljað gjöra lagaboðið sem óbrotnast og einfaldast, og einmitt þetta tel eg nauðsynleg skilyrði í öðru eins máli og þessu, fyrir því, að það komist inn í rèttarmeðvitund almennings.

Hafi nokkuð mátt finna að frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar, og á því er frumvarp stjórnarinnar í öllu verulegu byggt, er það það, að það hafi verið of mjög sniðið eptir dönsku hjúalögunum, frá 1854, og borið þannig á sèr nokkuð annarlegan eða óíslenzkulegan blæ; eg dylst þess ekki, að mèr hefir fundizt svo vera, en að

þar á móti nefndarálitið hafi fært málið í íslenzkan búning, og einmitt þetta tel eg mikinn kost á nefndarálitinu.

Það hefir verið talað margt um nauðsyn á þessu hjúalagaboði; eg skal ekki mótmæla því, þó eg haldi, að menn hafi, ef til vill, gjört heldur mikið úr slíkri nauðsyn; en eg legg áherzluna á það atriði, að hin nýju lög, úr því þau einu sinni eru komin, geti orðið sem þjóðlegust, og svo einföld og óbrotin, sem framast unnt er. Þetta er nú sagt viðvíkjandi nefndarálitinu yfir höfuð að tala.

Eg skal því næst snúa mèr að sjálfri atkvæðaskránni; en ekki ætla eg mèr að fara inn á, eða að tala um nema einstök atriði, þó eg heldur ekki sè um sum þeirra á sömu skoðun og nefndin. Eg skal þá fyrst snúa mèr að 1. gr. um aldurinn, sem eptir stjórnarfrumvarpinu og eptir nefndarinnar uppástúngu á að ráða um það, nær hjú geti ráðið sig í vist. Það getur vel verið, að nefndarinnar ákvörðun hafi meðhald í þeim islenzku lögum; en þrátt fyrir það get eg þó ekki orðið nefndinni samdóma í því, að 16 ára únglíngar hafi yfir höfuð að tala fengið þann sálarþroska og þá lífsreynslu, að óhætt sè að láta þá algjörlega sjálfráða um það, að vista sig; og eg vil því ráða þínginu frá, að aðhyllast þessa aldursbreytíngu nefndarinnar; en álít rèttast, að stjórnarfrumvarpsins ákvörðun í þessari grein standi óbreytt.

Viðvíkjandi breytíngunni í 22. grein um húsagann, skal eg geta þess, að eg get með engu móti aðhyllzt hann, en hlýt að álíta, að stjórnarfrumvarpið eigi óraskað að standa.

Það er eptir minni tilfinníngu eitthvað óviðurkvæmilegt og ónáttúrlegt i því, að hjú skuli standa undir húsaga, að eg svo að orði kveði, fram í rauðan dauðann. Nefndin hefir nú að vísu viljað girða fyrir misbrúkun húsagarèttarins með því, að honum megi eigi beita þannig, að velsæmistilfinníngin hjá hjúinu sè meidd, eða því gjörður skaði á heilsu; en þetta skilyrði er ónógt til þess að varna misbrúkun frá húsbóndans hálfu; og eg álit því hjúið eins fyrir það ofurselt húsbóndans gjörræði í þessu efni; það hjálpar ekki að gjöra ráð fyrir, að húsbændurnir ætíð sè góðir og mannúðlegir; væri svo, þá væri um ekkert að tala, og ekkert að óttast; en þeir eru misjafnir, eins og nærri má geta. Eg skil heldur ekki, hvers vegna íslenzk lög eiga að vera ófrjálslegri, en dönsk lög, í þessu efni; mèr þykir ekki heldur fara vel á því fyrir oss Íslendínga; eg er þannig í þessu efni móti uppástúngu nefndarinnar.

Það er eptir ein grein, sem eg líka vildi leyfa mèr að minnast

á; en það er 26 gr. (nr. 41 á atkvæðaskránni); eg felli mig ekki heldur við þá ákvörðun, sem hèr stendur, að hjúið, þegar það verður veikt í vistinni, skuli borga læknishjálp, meðöl og aðhjúkrun, og eg vildi því óska, að nefndin hefði fremur dregið úr, en rýmkað um þessa skyldu. Mèr finnst hjúið, sem er skylt til að láta húsbónda sínum, konu hans og börnum alla mögulega aðhlynníngu í tè í sjúkdómi þeirra, og það enda þótt það eigi sjálft á hættu að fá sóttina af þeim sjúka, eigi líka að sinu leyti heimtu á því, að húsbóndinn hjúkri því, og leiti því lækníngar, þegar það yrði veikt, og það held eg líka sè regla hjá flestum góðum húsbændum. Það er sjálfsagt að af þessu getur leitt mikla byrði fyrir húsbóndann, af því vistartíminn er svo langur, ef hjúið veikist snemma á vistarárinu; en bæði er þetta undantekníng, og svo mætti miðla þessu til, eptir kríngumstæðum og efnum húsbóndans. Að kostnaðurinn, þegar hjúið ekki getur borgað hann, sè borgaður úr þeim sveitarsjóði, hvar hjúið er hrepplægt, er samkvæmt þeim hèr gildandi reglum í því efni, og þetta hefir líka nefndin aðhyllzt, og verð að álíta það rèttara, að breyta ekki þeirri reglu.

Það eru ýmisleg önnur atriði í nefndarálitinu, sem eg hefði haft ástæðu til að minnast á; en þar sem ræða á frumvarpið í köflum, sleppi eg því að svo komnu; einúngis skal eg lítið eitt minnast á viðaukaatkvæðið undir nr. 110 um hjúalaganefndirnar, sem Reykjavíkurnefndin stakk upp á; og skal eg þá geta þess, að eg frá formsins hlið verð að álíta það vafa bundið, hvort þessi kafli úr Reykjavíkurnefndarinnar frumvarpi, sem aldrei hefir verið lagður fyrir þíngið, nè ræddur af þínginu, geti komizt að; en að öðru leyti get eg ekki álitið, að þessar nefndir sè nauðsynlegar, þar sem við höfum sættanefndirnar til að miðla hèr málum. Það er engi efi á því, að nefndinni hefir gengið gott til með þessar hjúalaganefndir; en með því fyrirkomulagi, sem hún hefir ætlað þeim, eru vissulega á þeim miklir annmarkar; það vantar á mörgum stöðum hæfilega menn í nefndina, og undir mönnunum er þó allt komið. Menn eru hèr yfir höfuð ófúsir á að takast á hendur launalaus opinber störf, og það mundi líka koma fram í þessu máli; nefndirnar eiga einúngis að hafa 3 fundi um árið; en það dregur málin, og þó gjört sè ráð fyrir aukafundum, efast eg mjög svo um, að nefndarmenn mundu verða fúsir á að halda þá. Eg sè ekki betur, en að sættanefndirnar muni með fullt eins mikilli tryggíngu geta fjallað um þessi hjúamál, og þar sem presturinn er ávallt annar sætta-

maðurinn, þykir mèr tryggíngin því meiri fyrir því. Eg skil því ekki, hvernig menn geti talað hèr í salnum á þá leið, að hjúalögin, sem nú eru í undirbúníngi, standi og falli með hjúamálanefndunum, og allt sè undir þeim komið. En eg skal ekki orðlengja að svo komnu um málið meir, en komið er, en einúngis lýsa því yfir, að eg eptir minni skoðun á málinu og nefndarálitinu í því, ekki skil betur, en að þíngnefndin hafi leyst það vel og vandlega af hendi, og að málið sjálft í ýmsum atriðum hafi unnið við meðferð nefndarinnar og breytíngum þeim, sem hún hefir stúngið upp á.

Framsögumaður: Mál þetta var svo ítarlega rætt við undirbúníngsumræðuna, bæði yfir höfuð og sèr í lagi breytíngar og viðaukaatkvæði þau, sem nú liggja fyrir hinu heiðraða þíngi, á þessari miklu atkvæðaskrá, að eg álít það óþarfa, að fara mörgum orðum um það; það getur heldur ekki dulizt neinum, að þessi atkvæðaskrá er svo margbrotin, að lengri tíma mundi þurfa, til að ræða hana, að mun ítarlegar, en þegar er gjört, en þíngið hefir ráð á, og víst mundi kveldið í kveld og nóttin í nótt ekki hrökkva til þess. Eg vildi og helzt óska, og tel það sjálfsagt rèttast, að þíngið annaðhvort alveg felli þíngnefndarfrumvarpið, eða þá aðhyllist það í heild sinni, eins og hinn háttvirti *forseti* hefir bent á. Það er ómögulegt, að taka einn kaflann úr frumvarpi nefndarinnar, og hinn úr frumvarpi stjórnarinnar, og búa til úr því lög, svo í lagi sè. Af öllum þessum ástæðum ætla eg ekki að mæða hið heiðraða þíng með löngum fyrirlestri, sem gæti varað til morguns, án þess að gjöra neitt verulegt gagn. Eg vil að eins leyfa mèr að tala fáein orð út af ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa.*

Eg verð í minu eigin og meðnefndarmanna minna nafni að þakka hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir undirtektir hans undir frumvarp nefndarinnar; og sama ætla eg að allt þíngið ætti að gjöra; þakklæti mitt er nefnilega eigi komið til af því, að *konúngsfulltrúinn* lauk lofsorði á starfa nefndarinnar, heldur af hinu, að hann tók það svo vel fram, að hann vildi að þessi lög yrði sem þjóðlegust og bezt sniðin eptir þörfum og hugsunarhætti landsmanna; þetta er svo þýðíngarmikið bæði vegna stöðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* og sèr í lagi sökum þess, að hann er manna bezt fær um, að fella rèttan dóm á þetta mál, er engi getur efast um þekkíngu hans og reynslu á högum vorum, eður skarpskyggni hans í því, að sjá kost og löst á lögunum, og fyrir þessa sök blýtur nefndin og fyrir sitt leyti að gleðjast við orð *konúngsfulltrúa,*

er þau eru gild sönnun fyrir því, að henni hafi tekizt það, sem henni var svo annt um að leysa starfa sinn vel af hendi.

Það voru einstöku atriði i ræðu *konúngsfulltrúa,* sem eg verð að minnast sèr í lagi á. Hann gat ekki fallizt á breytínguna um 16 ára aldurinn, en kvað það geta *vel verið*, að hann hefði meðhald í íslenzkum lögum; með því nú *konúngsfulltrúinn* veit vel, hvað lög eru í þessu efni, álít eg, að hann sè sömu meiníngar um þau og nefndin, og þá vona eg líka, að *konúngsfulltrúinn* geti fallizt á það, að eigi sè vert að fara til að breyta lögunum, sem verið hafa hèr á landi; því sálarþroski manna og lífsreynsla mun verða lík *hèr eptir* og *hingað til,* þegar þeir eru 16 ára, og hefir að þessu ekki borið á neinu vandkvæði í þessu efni, það menn til vita. Það er og aðgætandi, að stjórnarfrumvarpið er einmitt byggt á rangri skoðun á lögum vorum. Hún vill *ekki* breyta þeim, heldur halda þeim, og er því í raun og veru með 16 ára aldrinum, þó það komi öfugt við, af því hún skilur lögin ekki rètt í þessu efni.

Greinin um húsagann hjá nefndinni mun vera alveg rètt, og það sèzt, ef vel er að gáð. Húsagirn er nefnilega byggður á valdi húsbóndans yfir hjúum sínum, en það vald hefir hann yfir *öllum* hjúum sínum, gömlum og úngum; aptur nær vald hans *sem húsbónda* alls eigi lengra, þó hjúið sè úngt; húsbóndi er og verður ekki annað, en húsbóndi; eigi hann að hafa meira vald yfir únglíngnum, en hinum eldri, þá verður að leiða það af öðru, nefnilega af því, að hann gangi hinum únga í foreldra stað; en um það ræðir eigi í hjúalögunum. Það vald, sem nefndin vill gefa húsbóndanum, er nú sannarlega ekki of mikið; húsbóndinn á að geta verið eins konar lögreglumeistari á heimili sínu, og af því veitir ekki á Íslandi. Vanbrúkunin á aganum sannar ekkert, og að minnsta kosti ekki meira, en vanbrúkunin á agaleysinu. Ef hvorug vanbrúkunin er sjálfum *lögunum* að kenna, eru þau góð.

Það, sem *konúngsfulltrúinn* sagði um 26. gr., fellst eg alveg á, og eg var og á því máli í nefndinni; en eg fann þó ekki næga ástæðu til, að gjöra það að ágreiníngsatkvæði. Um hjúamálanefndirnar mun eg tala lítið eitt á sínum tíma, bæði að því er formið og efnið snertir.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það er hvorttveggja, að atkvæðaskrá þessi er löng nokkuð, enda á eg, trúi eg, hèr 2 viðaukaatkvæði, og er annað hèr í þessum fyrri hluta, sem tekin er

til umræðu; það er viðauki við 2. gr. nefndarfrumvarpsins; mèr að sönnu þótti síðari partur greinarinnar óvanalegur og óþarfur, að vistarráð skuli gild um styttri tíma, en heilt ár, því það er vanalegast og á hèr bezt við, að halda ársvist; þó einhver hèr í Reykjavík, eða í kaupstöðum kunni að tíðka annan sið, eður ráða fólk um tíma og tíma, þá vil eg ekki búa til lög eptir því, heldur eptir því, sem almennt viðgengst; en af því eg vildi láta sem flest orð nefndarinnar standa í þessu efni — en svo kann á að standa, eins og hún hefir líka tekið fram, að hjú sè ekki búið að fá vist á krossmessu, eða verði síðar *vistlaust* — þá vil eg að því sè mögulegt og löglegt, að fá vist til næsta vinnuhjúaskildaga, þó árið sè orðið skert, en vil þó að vistarráðin sè ekki gjörð lengur, til þess að brjála ekki reglunni, um þann skildaga; eingöngu vil eg með þessum viðauka fyrirbyggja, að vinnufólk svona á árinu áður eður fyrirfram fari að vista sig eptirleiðis til skemmri tíma en ársveru, því það horfir til lausúngarstöðu; það stakk nú einhver upp á því við undirbúníngsumræðuna, að borin væri greinin upp í tvennu lagi, og gæti þíngið þá fellt síðari partinn, ef það vildi; sè það gjört, þá er eg líka ánægður, og fellur þá bæði þessi 6. og 7. tölul., sem báðir þýða það sama.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú ekki upp, til að rekja mig rakleiðis eptir þessum, 120 tölul., sem hèr liggja fyrir mèr, með því líka eg heyrði nú við fundarsetníngunа, að ekki ætti að ræða skrá þessa í fyrsta sinn, nema að tölul. 59. Eg álít nú, eins og hinn háttvirti *forseti* tók fram áðan, að hèr sè að eins tveir vegir fyrir hendi, annaðhvort að fylgja í atkvæðagreiðslunni stjórnarfrumvarpinu, eða þíngnefndinni, því fari maður út í smábreytíngar, getur að því rekið, að maður komist í þær ógöngur, eins og komið hefir fyrir á þessu þíngi, að það verði þínginu til vansa, og þar á ofan, að stjórnin ekki getur gengið inn á álit þíngsins. Eg tók það fram við undirbúníngsumræðu máls þessa, að eg væri mótfallinn niðurlagi 2. gr., svo og líka þíngmaríumessu takmarkinu í 6. gr. Þíngmaður Suður-Múlasýslu hefir nú tekið sèr breytíngaratkvæði við þessar greinir, og eru þau á atkvæðaskránni undir tölul. 4. og 14., svo eg ætla mèr að aðhyllast þær breytíngar. Það hefir nú verið margrætt um 9. gr., sem hèr er undir tölul. 34, og eg játa það, að mèr geðjast ekki að henni, því hún gefur tilefni til slaðurs manna á milli, og þar af fljótandi árangurslausra málsupptekta, svo eg ætla við atkvæðagreiðsluna að forða mèr frá henni, og eg

held þessi hjúalög missi ekki mikils í, þó hún fèlli úr; þingmaður Suður-Múlasýslu hefir að vísu tekið sèr breytíng við þessa grein, sjá tölul. 33; en eg skil ekki, hvað honum hefir gengið til, að skilja eptir tölul. 2 í greininni; mèr sýnist hún ætti að falla í heild sinni; hann hljóðar svona, nefnilega tölul. 2.: »Það eru og vistarrof, ef húsbóndi er fluttur af landi burt«. Þetta getur mèr nú ekki fundizt annað, en sè miður heppileg orðatiltæki í lagaboði; það er ekki minnzt á, hvort hann flytur búferlum eður fer á annan veg; svo getur það að borið, að húsbóndinn sè alls ekki sjálfur valdur að þessari burtför sinni, og því síður að hann hafi getað vitað það, þegar hann rèði hjúið af öðrum, en þó á nú að sekta hann, ef hann er fluttur, svo í þessu tilfelli, er það mjög óviðurkvæmilegt, að húsbóndi skuli gjalda þær sektir, sem ákveðnar eru fyrir vistarrof. Eg ætla þá ekki að tala meira um þennan kafla frumvarpsins, en minnast lítið eitt á hjúamálanefndina, þegar að því kemur.

Magnús Andrèsson: Eg skal leyfa mèr að tala fátt eitt, af því að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* mælti á móti 16 ára aldri nefndarinnar; og skal eg gjöra grein fyrir mínum þanka um aldurinn. Eg hèlt snemma á þíngi spurnum fyrir því, hvort nefndin mundi ei taka upp aptur 16 ára aldurinn, því mèr finnst hann eiga betur við, eptir því sem hèr hagar til, og svo er hann líka ákveðinn í okkar gömlu lögbók, Jónsbókinni, og svo fannst mèr líka, að þegar menn eru komnir á þann aldur, að þeir fara að helga sèr sveitarrèttindi, sýnist mèr líka að þeir eigi að hafa rètt til, að ráða persónu sinni, þó þeir ekki sè að öllu leyti fjár síns ráðandi; og gef eg því með ánægju atkvæði mitt fyrir þessari grein nefndarinnar, og yfir höfuð fyrir öllu því, sem nefndin hefir stúngið upp á; þó er eg ekki frá því, að fallast á viðauka þíngmanns Mýramanna, sem er sama efnis og viðauki þíngmanns Eyfirðínga, því eg felli mig betur við, hvernig hann er orðaður; en eg ætla ekki að skipta mèr af hinum breytíngar- og viðaukaatkvæðunum. Þar sem 55. og 56. tölul. er, vil eg heldur fallast á stjórnarfrumvarpið, því eg felli mig ekki vel við þann húsaga, sem nefndin stíngur upp á; að húsbændur megi refsa hjúum sínum á öllum aldri, finnst mèr vera óviðfeldið eptir hugsunarhætti þjóðarinnar, og getur það leitt, ef til vill, meira illt af sèr, en gott; en ef yfirsjón hjúanna við húsbóndann er svo stór, að hann getur átt sök á því, má hann ákæra hjúið og heimta skaðabætur eptir lögum; en mèr er ekki

um refsíngar á fullorðnum manni, svo eg gef fremur atkvæði fyrir stjórnarfrumvarpinu, en þessari grein nefndarinnar.

Björn Pètursson: Þó eg nú standi upp, þá get eg ekki gjört mèr von um, að mèr muni takast, að safna öllum úngum mínum hèr á atkvæðaskránni undir vængi mèr, þó eg sè kallaður nokkuð stórvaxinn, ef þíngið á annað borð vill gjöra út af við þá. Eg get því síður haft þessa von, þegar mèr brást sá maðurinn, sem eg treysti mest á, nl. hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*. Mèr kom þetta mjög óvart, því breytíngaratkvæði mín miða öll til þess, að halda sem mestu af stjórnarfrumvarpinu; og þetta er víst í fyrsta skipti, að hann hefir verið mótfallinn því, sem hann hefir vitað eða haldið, að væri samkvæmt vilja og stefnu stjórnarinnar. Mèr þótti það því engi furða, þó að þetta gleddi hinn háttvirta *framsögumann*, sem líklega á sjálfur mestan þátt í nefndarálitinu, og þó að hann þakkaði *konúngsfulltrúa* þetta með mörgum og fögrum orðum. En mig furðaði á því, hvað *framsögumaður* gat orðið sár og beiskur við hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa* út af því, að hann með mestu hógværð, og mèr liggur við að segja, með auðmjúkum orðum leyfði sèr að hreifa við 2 atriðum í nefndarfrumvarpinu, sem víkja frá stjórnarfrumvarpinu, þó ekki í neinu verulegu. En eg skildi ekkert í því, að *konúngsfulltrúi* skyldi hlaupa yfir það atriði í nefndarfrumvarpinu, sem verulegast breytir stjórnarfrumvarpinu, og byggt er á nýjum grundvelli; eg á við 10. og 11. gr. nefndarinnar, sem standa á atkvæðaskránni undir tölul. 39. og 40., og eru spánýjar greinir, og sömuleiðis 9. gr. undir tölul. 34., því nefndin sjálf hefir kallað hana »*nýja grein*«, þó hún sè það ekki að öllu leyti. Þessar greinir, og einkum sú 10. og 11. eru fyrst og fremst svo harðar, eins og þær væri skrifaðar með blóði, en ekki bleki; og sá grundvöllur, sem þær eru byggðar á, eru víst einhverjar háar »*juridiskar theóríur*«, sem eg er hræddur um, að æfinlega verði langt fyrir ofan skilníng og meðvitund alþýðu, sem þó þarf að skilja lögin, og finna til helgi þeirra, ef hún á að geta hlýtt þeim; eg meina einkum það atriði, að þau atvik, sem talin eru upp í 7. og 9. gr., og gjört er ráð fyrir, að eigi sèr stað »*áður en hjú kemur í vistina*«, skuli ekki einúngis valda riptíngu vistarráða, heldur einnig gífurlegum útlátum. Þetta er með öllu óheyrt hèr á landi, og þetta hefir í einskis manns hug nè hjarta komið, sem fjallað hefir um þetta mál. Eg verð þó að halda, að hafi nokkurn tíma nokkurt frumvarp verið vel undirbúið, þá sè það þetta. Fyrst voru valdir

í nefndina hèr í Reykjavík þeir menn, sem að allra dómi voru álitnir einna færastir um, og í alla staði vel hæfir til, að semja frumvarp til þessara laga; síðan sendi stjórnin öllum amtmönnunum frumvarpið til álita, og þeir lögðu sitt bezta til, og svo valdi stjórnin úr öllu saman það, sem bezt var, eptir því sem hún hafði bezt vit á. Nú, hvað skeður? Frumvarpið er sent til þessa þings, og þingið velur nefnd í það, og þessi nefnd, sem hefir ótal margt annað að gjöra, og verður að hafa frumvarpið að nokkru leyti í hjáverkum, steypir því um frá rótum. Það *getur* að sönnu *verið*, að *framsögumaður* hafi sèð rèttara, en allir aðrir, því hann er mikill *spekingur;* en eg skil ekki hans speki. Eg skil ekki, að það, sem nefndin telur upp í 7. gr. hèr, tölul. 16., og 9. gr., og sem alls eigi, þó því væri svör að gefa, er gjört í því skyni, að rjúfa vistarráð, og ekki heldur getur álitizt rof á samningi eða vistarrof, meðan sá tími ekki er kominn, sem vistarsamningurinn er bundinn við, að það skuli geta valdið þessum miklu sèrstaklegu sektum (t. d. á húsbónda allt að 50 rd.), fyrir utan þær sektir, sem hin almenna löggjöf leggur við þess konar yfirsjónir, ef þær eru þess eðlis, að nokkur sekt geti við þeim legið, eða með öðrum orðum, ef þær eru nokkuð verulegar. Eptir 7. gr. á það eitt með öðru að valda vistarrofi, ef hjú telur sèr til gildis þá kosti, sem það ekki hefir; það er með öðrum orðum: ef hjúi, sem kann ske er gefið fyrir, að hafa heldur mikið álit á sjálfu sèr, verður það á, að gjöra heldur mikið úr verkum sínum, og eins, ef hjú leynir á sèr ókostum, eða með öðrum orðum: ef það segir ekki til allra sinna synda og annmarka, stórra og smárra; og þó segir nefndin sjálf í ástæðunum fyrir þessari grein, að menn varla geti heimtað af hjúi, að það teli upp alla sína ókosti. Svo kemur nú þetta orð: »*mundi*«. Eg held það sè nú eitt af þeim orðum, sem má teygja og toga í allar áttir, eins og hráan »skinnskækil«; það gæti víst risið býsna margar og flóknar prætur út úr því, ef til málssóknar ræki. Nefndin hefir og borið það fyrir sig í ástæðunum fyrir þessari grein: »að það væri ógjörningur að telja upp þau tilfelli, sem heimila húsbændum rètt til, að ripta vistarráðum; en þó hefir henni ekki þótt ógjörningur, að telja upp þau tilfelli, sem heimila húsbændum rètt til, *að reka hjú úr vist, og hjúinu rètt til að ganga úr vist,* því þetta hefir hún gjört. Eg vil þá snúa mèr að 9. gr. nefndarinnar, eptir henni, stafl. 1., verður húsbóndinn sekur um vistarrof, *ef hann gjörir hjúinu eitthvað til miska.* Hvað er það? er það sama,

og að gjöra því eitthvað á móti? Það geta víst orðið býsnasmáar sakir, og það getur vel hugsast, að ófyrirleitinn vinnumaður gjöri sèr ferð til húsbónda, og áreiti hann að fyrra bragði í orði eða verki, til að koma honum til við sig, og innvinna sèr þannig 50 rd. Eptir stafl. 2. í sömu gr. eru það og vistarrof, »*ef húsbóndi er fluttur af landi burt*«; það á nú víst að vera meiningin: ef húsbóndinn *flytur* af landi burt; en þá vantar orðið »búferlum«, sem stjórnin hefir haft í 14. gr. sinni. Annars gæti maður kann ske hugsað, að hjúið mætti ripta vistarráðum, og heimta árskaup og 1 hndr. á landsvísu, ef húsbóndi færi af landi burt, þó bú hans stæði eptir, og kona hans og börn eða aðrir vandamenn stæði fyrir því. Þessi ákvörðun þykir mèr bæði ógreinilega orðuð, og líka mikils til of hörð. En mèr þykir líka 14. gr. stjórnarinnar of hörð. Eg áleit, að það ætti ei að varða útlátum, þó húsbóndi flytti búferlum af landi burt, ef hann lèti hjúið vita það fyrir jól, því þá má gjöra ráð fyrir, að hjúið geti vistað sig aptur. Eg verð og að minnast á það atriði, þó *konúngsfulltrúi* ekki gjörði það, að nefndin hefir alveg sleppt stjórnarfrumvarpsins 12. gr., tölul. 32, á atkvæðaskránni, sem bljóðar um það tilfelli, er optast kemur fyrir, þegar húsbóndi, eða öllu heldur hjú *bregður vistarráðum, án löglegra orsaka.* Nefndin hefir ekkert sett í staðinn fyrir þessa grein; hún vísar að sönnu á 33. gr. sína, hèr tölul. 98.; en sú grein hljóðar svona: »*Reki húsbóndi hjú úr vist án löglegra orsaka,* þá á það heimting á kaupi og matarverði, eins og fyrir er mælt í 31. gr.«. Eg get nú ekki betur sèð, en að þetta er allt annað, og það vona eg, að allir sjái. Að endíngu vil eg og minnast á 20. gr. nefndarinnar, tölul. 55; þessa grein getur víst engi skilið öðruvísi en svo, að húsbóndi megi refsa hjúi sínu fyrir »*áreitni*« við hvern sem er, hvort sem hann væri afbæjamaður, eða heimilismaður. Það væri þó sannarlega hart, ef húsbændur mætti rjúka í hjú sín og berja þau, ef þau væri með einhverjum órum eða hnitti á heimilinu, eða ef t. d. smalar hittust á milli bæja, og lentu í einhverjum ryskíngum eða flúskri. Þar að auki vill nefndin láta öll hjú, hvort sem þau eru úng eða gömul, vera undir húsaga, þar sem stjórnin vill ekki, að það nái nema til þeirra, sem eru fyrir innan tvítugt. Eg skal í því efni skýrskota til orða stiptamtmanns, sem tekin eru upp í ástæður stjórnarinnar fyrir 22. gr.; þar segir: »að stiptamtmaður áliti það mjög *hneykslanlegt og særandi fyrir velsæmistilfinníngu manna,* að húsbóndinn skuli

hafa lagarètt til, að refsa með vendi eða keppi fullorðnum hjúum sínum, hvort sem eru karlar eða konur, sem opt kunna að vera gipt og hafa börn sín hjá sèr til fósturs vg uppeldis«; og það veit hamingjan, að þetta er satt. Hvað getur hugsast *meira særandi* velsæmistilfinníngu manna, en að sjá t. a. m. þjösnalegan húsbónda berja gipta vinnukonu sína í bræði og fúlmennsku fyrir litlar eða engar sakir, að börnum hennar ásjáandi. Stiptamtmaður befir og tekið það fram, að »*almenníngsálitið sè fastlega á móti þessu*«, og þá sjaldan það hafi komið fyrir, hafi hann sjaldan orðið þess var, að það hafi borið góða ávexti; en hafi þar á móti orðið tilefni til meiri óreglu, stundum til áfloga, sem leiðir eðlilega af því, að húsaganum nálega ætíð hafi verið beitt í reiði og bráðræði án nægrar umhugsunar. Að öðru leyti ætla eg ekki að þreyta þíngið með því, að tala um hin smærri breytíngaratkvæðin. Eg ætla að láta þíngið sjálfrátt, hvað það gjörir við þau; mèr þykir það minnu skipta. Eg vona, að hinn háttvirti *framsögumaður* hafi sèr þessa reglu hugfasta: »*de mortuis nil, nisi bene*“, þ. e. að tala ekki illa um dauða menn; og eg vona líka, að hann misþyrmi ekki mjög þeim munaðarleysíngjum, sem eru hèr á atkvæðaskránni.

Framsögumaður: Það er nú hvort um sig, að hinn virðulegi fulltrúi Suður-Múlasýslu hefir fætt mörg breytíngar og viðaukaatkvæði í þessu máli, eins og fleirum málum hèr á þíngi, því hann er manna beztur til að breyta og auka, enda hèlt hann nú langa og snjalla ræðu fyrir atkvæðum sínum, og leitaði þeim málbóta og varnar með öllu móti, sem hann gat. Eptir allt saman fann hann þó til þess, að það væri blessaðir munaðarleysíngjar, og í því liggur berlega viðurkenning um það, að þau mundu ekki geta tórað, nema af *náð* og *miskun* þíngmanna. Eg er nú svo harðbrjósta, að eg get ekki verið að *hlífa* atkvæðum þíngmannsins fram yfir það, sem þau eiga *skilið*; en það, sem rètt er, vildi eg þeim í tè láta, og ætla eg að það, eptir öllum málavöxtum, sè einmitt það, að tala sem minnst um þau. Þíngmaðurinn treystist ekki sjálfur til, að taka öll sín breytíngaratkvæði sèrstaklega fram, og eg treystist því síður til þess, þau eru svo mörg og margs konar, að það er víst ekki vinnandi verk. Eg vil að eins benda hinu heiðraða þíngi á það, að þessi breytíngaratkvæði þíngmannsins geta ekki sameinast við frumvarp nefndarinnar; þínginu er annaðhvort að gjöra, að fella þingnefndarfrumvarpið í heild sinni, eða þá breytíngaratkvæðin, og annaðhvort af þessu vona eg að þíngið gjöri.

Mèr fannst sem þessi virðulegi þingmaður hefði fremur horn í síðu minni fyrir aðgjörðir mínar í nefndinni; mèr fannst hann skopast að mèr fyrir það, að eg væri *spekíngur*, og á við það máltækið, »að sjaldan bregður um betra, ef veit hið verra«; en hafi honum verið það alvara, að eg væri meiri spekíngur en hann, verður það skiljanlegt, að hann ekki skilur mig. En þó eg nú sè engi spekíngur, þá eru menn hèr þó á þíngi, sem látið hafa álit sitt í ljósi um nefndarfrumvarpið, sem eru menn vel að sèr, og sjá ef til vill eins vel, hvað rètt er, og þíngmaðurinn sjálfur, að honum ólöstuðum; auk þess voru margir ágætismenn í nefndinni, og hvað sem nú þíngmönnum yfir höfuð líður, þá vona eg að minnsta kosti, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hafi svo mikið álit á sèr hjá þíngmanninum, að hann veiti honum þá virðíngu, að hann muni sjálfur hèr um bil það, sem betur gegnir í þessu máli, og að það eigi betur við, að hann láti sèr segjast af orðum hans, en að hann fari að leggja hann á knè sèr að svo stöddu.

Eg hefi nú svarað þíngmanninum í sama anda og hann talaði, og hefi komið með svar, sem eiginlega á ekki við málið sjálft, á móti sönnunum þíngmannsins, sem eigi koma málinu við.

Arnljótur Ólafsson: *Framsögumaður* hefir nú gengið móti breytíngaratkvæðum þíngmanns Suður-Múlasýslu; og er eg honum samdóma í því, að hann hafi »fætt« fleiri breytíngaratkvæði inn í þennan sal, en flestir aðrir þíngmenn; en eg vil gjöra litla orðabreytíngu við orð *framsögumanns* og setja orðið »getið« í stað »fætt«, og það með stjórninni, og það svo, að óvíst er, hvort hann eða stjórnin er faðirinn. Eg á hèr líka 2 breytingaratkvæði, og annað þeirra, það við 12. grein, hefi eg fætt af mèr sjálfur. Mèr er nú sárt um þetta barn mitt, og vil að það verði tekið til greina; töluliður 3. er ekki annað en orðabreytíng, sem í rauninni ekki gjörir neitt til.

Nú vil eg snúa mèr að 14. tölulið. Það hefir mikið kapp verið um, hvort betra væri *fardagar* eða *þíngmaríumessa*. Eg hefi þó ekki heyrt koma fram verulegar ástæður með eða mót. Eg hlýt að halda með þíngmaríumessu, af því að, ef við lítum yfir atvinnuvegi vora, þá má segja, að þeir skiptist í tvo hluti um það leyti árs; þá endar vorvertíð, þá hefst sláttur, og því held eg sè bezt að halda við þann tíma. Hver, sem verður kaupamaður eptir þíngmaríumessu, eða rær um vor, á hægast með að ráða sig um þann tíma. Í fornlögum vorum, Grágás, er og það tekið fram, að mað-

ur megi vera laus fram til heyanna, ef hann vill fiska þangað til, enda var og þá hjúaskildagi í fardögum. Eg ætla að vèr sèum eigi betri búmenn, en forfeður vorir, einkum í þessari grein, því atvinnuvegir vorir hafa eigi breytzt síðan. Svo kemur nú 15. töluliður »*a*« og 16. tölul., borinn saman við tilsvarandi greinir stjórnarfrumvarpsins; mèr líkar nefndin að vísu vel þar, eins og annarstaðar; mèr finnst hún vel hafa gætt þess, að húsbóndi og hjú hafi jafnrètti. En þar sem eru lagðar við jafnmiklar sektir, hvort sem hjúið er komið í vistina eða ekki, þá er það rètt á eina hliðina. En við verðum að gá að því, að í hjúalögunum er 2 atriði, annað er *samníngur* og hitt er *samlífið* eður *hjúskaparlífið*, ef eg mætti svo að orði kveða. Eg er nú engi lagamaður, og bið því *framsögumann* að vera vorkunsaman við mig, þótt eg samt fari út í þetta mál, því menn eru af náttúrunni svo hègómasamir, að þeir vilja tala mest um það, er þeir hafa minnst vit á. Eg hefi þó lesið nokkra rithöfunda, er skrifað hafa um hjúalög, og sumir af þeim heimfæra þau undir samninga, en sumir undir hjúskaparbálkinn, »Familierretten«. Hvortteggja er rètt og jafnrètt, af því þessi 2. atriði liggja í öllum hjúalögum. *Framsögumaður* sagði, að nefndin hefði byggt mest á *samníngnum*, og það er rètt, að hún hefir gjört svo; en hitt er eigi rètt gjört af henni, að gjöra svo, því hún hefir algjörlega gleymt öðru lífinu; það er *heimilislífinu*. Maður getur líkt þeim tíma, sem líður frá samníngnum, þangað til hjúið er komið í vistina, saman við tilhugalífið, en vistartímanum saman við hjúskaparlífið, og þá vita menn, að ekki segist eins mikið á því, þó karlmaður segi kvennmanni upp eður kvennmaður karlmanni, áður en þau tengjast í hjónabandið, en eptir. En þó eg hafi nú leyft mèr þessa athugasemd, þá felli eg mig betur við nefndina, en stjórnarfrumvarpið, af því það byggir hvorki á samlífinu nè samníngum; en tekur allt annað, en hèr undir getur heimfærzt.

Til þess ekki að vera mjög einráður, og gjöra þíngmanni Suður-Múlasýslu eitthvað til geðs, ætla eg að halla mèr að breytíngaratkvæði hans undir tölul. 24, til þess að fyrirbyggja mögulegan misskilníng. Sami þíngmaður vakti máls á 34. tölul. 2. atr., og þótti hann of óákveðinn; en það hefir efalaust verið meiníng nefndarinnar, að þetta skyldi skiljast svo, að húsbóndi flytti sig búferlum af landi brott; eg hefði óskað, að þetta orð hefði staðið, en þess þarf þó reyndar ekki við.

Þá kem eg að tölul. 55, um agann. Eg verð nú af sömu hègómadýrðinni sem áður, að nefna lagamann, og það merkan lagamann í Svíþjóð; hann tekur það svo fram um húsagann, að hann segir, að húsbóndi eigi ekki einúngis að vera lögreglustjóri, heldur og faðir á heimili sínu, og að það væri fyrsta skylda húsbónda, að áminna hjú sitt, hin næsta, að aga það föðurlega, eða tipta, áður en hann færi að beita lögunum. Þessa skoðun hlýt eg að álíta hina mannúðlegustu, skynsömustu og heillaríkustu fyrir heimilislífið. Menn geta almennt sagt, að húsbóndi hafi meira vit, en hjúið, og því sè honum trúandi fyrir húsaga, og hann á þó jafna heimtíngu á hlýðni hjúsins við sig; og eg gef því atkvæði mitt með þessum tölulið, því eg hefi það traust til húsbænda á Íslandi, að þeir ekki refsi hjúum sínum nema nauðsyn krefi.

Sveinn Skúlason: Það er að eins fá atriði í þessum kafla málsins, sem eg þarf að tala um (*Forseti:* Eg skal ekki tefja þíngmanninn lengi; en einúngis geta þess, að *konúngsfulltrúi* gekk af þíngi, og setti í stað sinn hinn 4. konúngkjörna). Eg get ekki fallizt á tölulið 4., og ekki á tölul. 6, heldur 7, af því eg kann ekki við orðið »*inngenginn*„ í 6. tölul. Það er eitt, sem eg vildi vekja máls á, og það er það, að við sjáum það við vorn ötula og óþreytandi *forseta,* sem hefir haft svo mikið fyrir þessari löngu atkvæðaskrá, að hann hefir tekið öll þessi atkvæði þíngmannsins úr Suður-Múlasýslu, sem standa í svigum, upp í atkvæðaskrána. Ætli það mætti þó ekki þreyta hann á því, ef hver þíngmaður færi þannig að gefa atkvæði sitt fyrirfram um hvern tölulið, þar sem tölulíðirnir eru eins og hèr eitthvað 80. Eg mun fylgja nefndinni í hennar uppástúngum, því eg held það yrði sá versti grasagrautur, ef fara ætti að taka einstök breytíngaratkvæði, einstakar greinir úr stjórnfrumvarpinu og einstakar greinir úr nefndarálitinu, og hnoða því saman, því þá yrði engi samkvæmni í lögunum. Að því er tölulíðina 55 og 56 snertir, þá getur verið, að misfellur kunni að verða á því, ef húsbóndi misskilur 55. gr., uppástúngu nefndarinnar um refsínguna; en þó verða meiri misfellur, ef tekin er grein stjórnarfrumvarpsins, og því mun eg gefa nefndinni þar atkvæði mitt.

Pètur Pèturson: Það er búið að taka fram flest allt, sem eg ætlaði aðsegja. Þíngmanni Suður-Múlasýslu þótti litlar líkur til, að nefndin hefði leyst þetta verk betur af hendi, en stjórnin, einkum þar eð hún hafði fengið það svo vel undirbúið frá Reykjavíkurnefndinni og amtmönnunum, og að nefndin því ekki hafi bætt um, þar

eð hún hafi haft það eins og í hjáverkum. Þetta er mikið áheyrilegt, en af því leiddi beinlínis, að þingið ætti að taka frumvarp stjórnarinnar óbreytt. En eg held, að í þessari nefnd hafi verið þeir menn, sem vel hafa haft vit á málinu, og því verður ekki neitað, að bændur í þessu efni hafa fullt eins gótt vit, eins og við, sem kallaðir erum lærðu mennirnir. Hinn konúngkjörni varaþingmaður var samt sálin í þingnefndinni, en við hinir lögðum steina í lagið með, og gjörðum það, sem við gátum. Þingmaðurinn hefir víst ekki meint, að við höfum hroðað þessu verki af (*Björn Pètursson:* nei!); því það hafa dregizt önnur mál vegna þess, að við lögðum svo mikla alúð á þetta mál.

Eg skal nú drepa á nokkuð af því, sem hann sagði; hann sagði að 34. tölul. væri ritaður með *blóði, en ekki með bleki.* Eg er nú ekki svo hörundssár, að mèr finnist svo. En það er sjálfsagt, að hver grein er svo hörð og væg, allt eptir því, hvernig húsbóndinn er, og sá, sem er ósanngjarn og harðleikinn, mundi fara eins að, þótt greinin væri öðruvísi.

Það, sem vakti fyrir nefndinni, var, að gjöra þessar greinar svo eðlilegar, sem mögulegt er, en ekki taka inn í önnur atriði, sem ekki byggjast á sömu grundvallarreglu.

Hann ásakaði nefndina fyrir það, að hún hefði fellt úr 12. gr. stjórnarfrumvarpsins; en nefndin hefir í ástæðunum sýnt ljóslega fram á, hvers vegna hún ekki gat fallizt á hana. Hann sagði, að það yrði misskilið, ef ekki stæði *flytti búferlum;* en stjórnin hefir heldur ekki haft þetta orð, því í 37. tölul. er það orð ekki haft.

Að því er refsingu hjúsins snertir, þá er eg viss um, að húsbændur ekki muni refsa þeim, nema eptir kríngumstæðum, og í greininni er girt fyrir misbrúkun þess.

Jón Hjaltalín: Eg sagði um daginn, að hèr væri mikið haf fyrir, og við þyrftum góða *lóðsa;* og við höfum líka fengið þá; einkum gleður það mig, að einhver hinn löglærðasti maður á landinu hefir bæði á þingi og utanþings sagt, að sèr félli betur nefndarálitið, en stjórnarfrumvarpið, því nefndarálitið væri lagað eptir íslenzkum hugsunarhætti. Þetta var áður en eg sá atkvæðaskrána. En þegar eg nú sá hana, þá datt mèr í hug sama og nafni minn sagði einu sinni í ofsaveðri á sjó: »nóg er hafið, látum okkur drífa«. Eg taldi 16 breytíngaratkvæði og 7 pínkla að auki. Nú þykir *mèr nóg.*

Eg er ekki lögfróður, og skal því ekki leggja neinn dóm á

þessi lög; en eg hefi það traust á þeim, er hafa samið þau, að þeir hafi verið góðir lagamenn, þó er eitt, sem að mínu áliti kynni að geta valdið *misklíð;* það er nefnilega 16. töluliður. Þó eg hafi þá tiltrú til húsbænda, að þeir ekki fari í lagaþrætur við hjú sín, nema brýn nauðsyn beri til, þá held eg, að það sè misjafnir sauðir í mörgu fè. Ef t. a. m. húsbóndi vill losast við hjú, þá held eg hann kann ske geti talið upp ýmislega galla, sem hann þá segði að hjúið hefði leynt á sèr. Húsbóndi getur t. d. sagt við morgunsvæfan mann: »Þú ert morgunsvæfur; þú hefir narrað mig; borgaðu mèr, og farðu svo til fjandans«. Við annan: »Þú hrýtur of hátt; farðu sömu leið«. Einn er myrkfælinn, svo hann verður ekki sendur milli bæja, nema um hádegi; þá segir húsbóndi: »Þú getur farið; eg vil ekkert af þèr vita«. Eg nenni ekki að vera að telja fleiri tilfelli; en eg held, að yfirrèttarinn eigi bágt með, að skera úr þessu öllu. Eg skal nú ekki tefja þingið; en gjöra mig ánægðan, ef eg fæ fullnægjandi ástæður hjá *framsögumanni.*

Guðmundur Brandsson: Eg held það sè gustuk, að leiða hinn 5. konúngkjörna þingmann úr hafvillunni, sem hann nýlega kvartaði yfir, að hann væri kominn í. Hann hefir ekki vel lesið fyrirsögnina fyrir greininni, sem hann minntist á. Hver er meiningin önnur en sú, að hjúið megi ekki ljúga eða svíkja húsbónda sinn? Eg sè ekki, að þetta sè of hart, og ef þingmaðurinn ber þessa grein saman við 37. tölul., þá sèr hann, að húsbóndanum ekki er gjört hærra undir höfði en hjúinu. Það er auðvitað, að sá, sem lætur sig nokkru varða um, hvaða hjú hann hefir, spyr sig fyrir um kosti þess og ókosti, áður en hjúið kemur til hans; og ef honum þykir frágangssök að taka það á heimilið, þá getur hann sagt hjúinu upp, og þá getur það vistað sig aptur. En ef hann gjörir hjúinu rangt til, getur það gengið rèttarveginn. Hèr eru mörg breytíngaratkvæði, *börn* þíngmanns Suður-Múlasýslu; eg skal ekki elta þau; en eg sè ekki, að þingið geti risið undir allri þessari ómegð, og er eg mjög hræddur um, að þau nái ekki öll háum aldri. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að sèr þætti 34. tölul. of harður, og líkti hjúalífinu við hjónabandið; en þegar hjúið ekki vistast nema til 12 mánaða í senn, en hjónabandið á að vara alla æfi, þá þykir mèr þetta ekki sem heppnust líking, fyrir utan það, að lögin gjöra húsbændum og hjúum ólíkt hægra fyrir um skilnað þeirra hvert við annað, heldur en hjónunum; en þetta mistak þíng-

mannsins kemur má ske til af því, að hann er sjálfur ógiptur. Tölul. 55 þarf eg ekki að tala um, því þessi sami þingmaður hefir svo vel talað fyrir honum.

Ásgeir Einarsson: Eg var farinn að óttast, að hèr ætlaði að kvikna mikið bál út af litlum neista; en þingmaður Gullbríngusýslu tók svo svo vel og stillilega í málið, að allt ætlar að lagast. En fyrst að eg stóð upp á annað borð, ætla eg þó að tala fáein orð. Eg verð þá að segja það, að mèr líkar einna bezt við viðaukauppástúnguna nr. 7. Viðvíkjandi tölul. 25, þá hafði eg áskilið mèr breytíngaratkvæði, en fèll frá því, þar eð orðin: »jafnskjótt og það er ferðafært« fóru í þá stefnu, sem eg vildi; það hefir mikið verið talað um tölulið 34; það hefði nú má ske mátt sneiða hjá honum, en úr því hann er kominn, virðist mèr hann vera til málbóta, enda þarf ekki að óttast, að farið verði eptir fleipri eintómu, því þar sem stendur »að öll líkindi sè til, að hann verði því slæmur húsbóndi«, þá er það of sterkt orðað, til þess að ekki þurfi meira, en fleipur eitt. Eg hreifði því hèrna um daginn, að mèr fannst engi glundroði þurfa að rísa út af því, þó stjórnarfrumvarpsins 19. gr., sem hèr stendur undir tölul. 50, væri tekin; þegar sá heiðraði *framsögumaður* álítur enga lögreglustjórn vera í landinu, sem vörð geti haldið á, að hjúin ekki beiti illmennsku eða öðru ósæmilegu, þá verð eg að fallast á ákvörðunina undir staflið 55, þó eg hafi ekki kunnað við þá ákvörðun, því það væri víst ekkert affarabetra, allt af að vera að hlaupa í sýslumanninn, út af hverju smákritinu.

Stefán Jónsson: Það þykir má ske tilhlýðilegra fyrir mig, að standa upp, og tala fáein orð, fyrst að eg á hèr viðaukaatkvæði, þó mig reyndar ekki taki sárt til þess, þó það falli. Þíngmenn hafa sumir tekið heldur vel undir það, og það var athugaleysi af mèr og þíngmanni Mýramanna, að bera okkur ekki saman, því hann fer í sömu stefnu og eg (*Jón Sigurðsson* frá Haugum: Það er satt!); en það gekk mèr til, að eg óttaðist það gæti valdið óreglu, ef hjú væri vistað upp á skemmri tíma, en 1 ár, án þess að binda þá þessi vistarráð við *krossmessu;* því hjúið getur, eins og eg hefi áður hreift, orðið vistlaust af mörgum orsökum, sem ekki eru því að kenna. Að öðru leyti er eg í flestu tilliti nefndinni samdóma í þessum kafla málsins.

Páll Sigurðsson: Eg get ekki neitað því, að mèr þykir hálfvænt um, að þíngmenn hafa fundið svo fáa galla á þessu nefndaráliti jafnlöngu. Það er eiginlega engi, sem hefir haft mikið á móti

því, nema þingmaður Suður-Múlasýslu, en honum fannst það líka jafnvel skrifað með blóði, einkum 10. og 11. greinin; en það er nú, vona eg, búið að sýna honum fram á, að hèr er hvorugs rètti hallað, hvorki húsbóndans nè hjúsins; og það var einmitt þetta, sem nefndin alltaf hafði sèr hugfast. En eg held að hann hafi ritað eitt breytíngaratkvæðið sitt með blóði, með að vilja láta hjúið missa kaupið, ef það væri veikt 3 nóttum lengur, og samt kosta sjálft alla lækníngu sína og aðhjúkrun. Mönnum hefir þótt 20. gr. of hörð, og fært til, að hún jafnvel gæti orðið ósiðleg, og ætti ekki við; en má eg spyrja: stendur ekki enn húsagatilskipunin 3. júní 1746 í gildi, og þykir mönnum húsaginn hèr á landi hafa verið of góður? híngað til hefir hlýðni hjá börnum og hjúum þótt of lítil, af því húsaginn væri helzt til linur, og ætti nú að fara að kippa 16 og 18 vetra gömlum únglíngum undan húsaganum, þá held eg það bæti ekki um; í öllu virðist mèr það heldur til að lama afl húsagans, að mega ekki drepa hendi sinni við 18 vetra únglíng, sem kann að vera nýkominn til reglubezta húsbónda, og sem áður hefir verið uppalinn í sjálfræði og regluleysi, og þá orðinn óhlýðinn og hortugur. Að öðru leyti álít eg að alvarlegar áminníngar heyri undir húsagann, og að húsbóndinn fyrst, þegar þær ekki tjá, eigi fullan rètt á að vera lögreglustjóri á sínu heimili, eins og *framsögumaður* sagði. Hinum háttvirti 5. konúngkjörna þíngmanni þótti það nokkuð óljóst, hvað meiníngin væri í því, að leyna á sèr ókostum; en eg set nú sem dæmi, að hjú skyldi gjöra vistarsamníng við húsbónda, og hafa fransós-sýki, og leyna húsbóndann, en hann frèttir það síðar. Eg læt hinn 5. konúngkjörna ráða því, hvort hann álítur þennan ókost nægan fyrir húsbónda, til að segja upp vistarráðum, hann hlýtur að vera færastur að dæma um það. Þíngmaður Borgfirðínga talaði svo mikið um tilhugalífið, líklega af því hann er ógiptur; en það á alls ekki hèr við, að öðru en því, að samníngurinn er og hlýtur að hafa sama gildi, þó hjónaefni sè ekki farin að búa saman, hafi þau inngengið þann samníng að eigast, eins og þó þau sè farin að búa saman, þar til þau giptast, nema ef í sambúðinni kemur við nákvæmari reynslu og þekkíngu það atvik fyrir, er gefur öðruhvoru nægа ástæðu til að ripta samníngi. Sama er tilfellið með samníngа milli húsbænda og hjúa; hann er jafnhelgur, þegar búið er að gjöra hann, hvort sem hjúið er komið í vistina eður ekki; en þegar það er komið i vistina, þá geta við sambúð og reynslu komið fram nýjar ástæður, hvar af hjú

eða húsbóndi finnur fulla ástæðu til, að ripta vistarsamníngi. Eg skal nú ekki fjölyrða þetta meir; en einúngis lýsa því yfir, að eg ætla mèr að fallast á viðaukauppástúngu þíngmanns Eyfirðínga.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðunni um þennan 1. kafla, eða töluliðina 1—58 á atkvæðaskránni, lokið; og með því nú er áliðið dags, en ein bænarskrá til konúngs til upplesturs, og ekkert verkefni til morguns annað, en ályktarumræðan um seinni kafla hjúalagamálsins, þá álít eg tilgangslaust að ákveða kveldfund.

Var síðan upp lesin bænarskrá til konúngs um *löggildíngu verzlunarstaða* að Papósi, Straumfirði og Lambhússundi við Skipaskaga, og hún samþykkt þannig hljóðanda:

»Til konúngs:

Til alþíngis kom í þetta skipti: 1. uppástúnga frá þíngmanni Austur-Skaptfellínga um löggildíng Papafjarðaróss til verzlunarstaðar; 2. uppástúnga frá þíngmanni Mýramanna um, að löggiltur yrði verzlunarstaður á Straumfirði í Mýrasýslu; og 3. bænarskrá frá Borgfirðíngum um, að reist yrði kauptún á Skipaskaga við Lambhússund í Borgarfjarðarsýslu.

Alþíngi kaus 5 manna nefnd, til að íhuga þetta mál, ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú þegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt og tillögur um það á þessa leið:

1. Um löggildíngu kauptúns á Papafjarðarósi.

Til alþíngis 1849 kom bænarskrá frá Austur-Skaptafellssýslu um, að fá löggilt kauptún á Papafjarðarósi, og lagði þá þíngið til í einu hljóði, að Papafjarðarós yrði löggiltur til kauptúns. Af auglýsíngu til alþíngis 1853, um afdrif þíngmálanna 1849, er eigi annað að sjá, en að stjórnin væri alls ekki móthverf þessu samhuga atkvæði þíngsins, heldur að það hefði samþykki hennar, en verið þá frestað einúngis af þeirri ástæðu, að aðalverzlunarmál Íslands yrði að ganga á undan. Austur-Skaptafellssýslubúar geta hvergi rekið verzlun sína, nema á þeim eina stað Djúpavog (Berufirði); en flestir eiga þeir þangað mjög langan og torsóttan veg, og þurfa því að eyða til kaupferða sinna mjög löngum tíma; en væri kauptún á Papafjarðarós, þá styttist kaupstaðarleið sumra þeirra til þriðjúnga, en sumra til helmínga; og þá ætti hinar austustu sveitir í Vestursýslunni eins hægt eða öllu hægar, að sækja kaupstað á Papafjarðarós,

eins og nú á Eyrarbakka. Þingið verður því að álíta, að hagræði það, sem Skaptfellíngar ynni við það, að fá kauptún á Papafjarðarós yrði búnað þeirra mjög til framfara, þar þeir gæti fyrir það sama fækkað hrossum til muna; en þau gjöra eigi alllítinn hnekkir í fjölgun og afnotum málnytupenings, þar sem þau verða að ganga í sömu högum; þingið verður enn einnig að álíta, eptir sönnum upplýsíngum, sem fram eru komnar, að Papafjarðarós sè trygg og góð höfn, með því þar hafa opt hleypt inn undan ís eða stormi haffær skip, t. a. m. 1840, þá lágu þar 3 skip, og nú í sumar pöntuðu Austur-Skaptfellíngar vöruflutníng á Papafjarðarós, bæði timburfarm og verzlunarvörur, og reiddi vel af, svo reynsla er nú fengin fyrir því, að ósinn sè góður til uppsiglíngar, og höfnin rúmgóð, þegar inn úr ósnum er komið, og óyggjandi trygg; þingið verður því heldur, að mæla fram með Papós, sem á Djúpavog er ekki nema einúngis ein sölubúð, og þar af fljótandi einbundin verzlun og óhagkvæm næstu sveitum, og einatt vöruskortur; og kæmi ekki árlega þangað lausakaupmenn, gæti ekki meir en helmíngur íbúanna, er þangað sækja, fengið nauðsynjar sínar við þessa einu verzlun. Af þessu hèr framan sögðu verður þingið allraþegnsamlegast að álíta yfirgnæfandi ástæðu til, að sem fyrst fáist löggilt kauptún við Papafjarðarós, því heldur sem hvergi á Íslandi er jafnlangt milli verzlunarstaða, eins og á milli Eyrarbakka og Berufjarðar.

2. *Um löggildíngu kauptúns á Straumfirði.*

Að því er viðvíkur Straumfirði, þá hafa jafnan komið bænarskrár frá íbúum Mýrasýslu, að fá þar löggiltan verzlunarstað, frá því fyrst að alþíngi hófst 1845; bæn þeirri fylgdi bæði alþíngi fastlega fram, og stjórnin tók henni svo álitlega, að hún með konúnglegri auglýsíng til alþíngis 21. maí 1847 veitti þangað siglíngaleyfi til reynslu um næstkomandi 3. ár, sem líka bar heillaríka ávexti; en vegna þess að slíkt leyfi var ekki endurnýjað til framhalds, hvorki af stjórninni nè af hlutaðeigendum, kom aptur bænarskrá frá Mýrasýslu til alþíngis 1855 um hið sama; en þar eð sú sama bænarskrá hafði líka inni að halda, að Brákarpollur í Borgarfirði yrði löggiltur, og þínginu þótti ekki nægileg vissa fengin fyrir því, að leið þangað væri nógu djúp og ugglaus fyrir hafskip, leiddi það hjá sèr, að rita *yðar hátign* bænarskrá um Brákarpoll eða Straumfjörð í það sinni.

Til alþíngis 1859 kom bænarskrá frá Myrasýslubúum með 102

nöfnum, að Straumfjörður fengist löggiltur til verzlunarstaðar, og þótti alþingi sú bænarskrá hafa við góð rök að styðjast, og mælti því fram við *yðar konúnglegu hátign,* að bæn sú yrði heyrð; en þar eð stjórn *yðar hátignar* hefir fundið ástæðu til, að taka ekki þá bæn til greina, vegna þess hún hafi ekki verið lögformlega meðhöndluð af alþingi, þar eð engi nefnd hafi haft hana til meðferðar, þá fann einn þingmaður sèr skylt, nefnilega þingmaður Myramanna með uppástúngu sinni, að bera fram fyrir þingið þessa sömu bæn, svo málið kæmist þó loksins fram fyrir *yðar hátign,* á lögskipaðan hátt, í lagalegu formi. Þingið getur nú ekki annað sèð, en þessar margítrekuðu bænir Mýramanna hafi við beztu rök að styðjast, þar eð sýslubúar þar eiga að sækja yfir fjarska-langa og torsótta vegi til Reykjavíkur, hvort heldur farið er landveg eða sjóveg; ef sjóveg er farið, þá er löng leið, yfir 6 vikur sjávar, skerjótt, brimsöm, grynníngafull, og þar á ofan krókótt, svo ekki verður notuð sama vindstaða alla leið, og legast mönnum því opt á þeim ferðum mörgum vikum saman; ef landveg er farið, þá er að sækja yfir margar stórar ár, líka fjarska bratta, grýtta og langa fjallvegi; en til annara kaupstaða en Reykjavíkur geta Mýrasýslubúar ekki sótt, þar eð kaupverzluu við Búðir er svo lítil, þar sem ei er nema ein sölubúð, og þær helztu nauðsynjar sýslubúa ern þar því ófáanlegar; en á hinn bóginn er á Straumfirði ein sú tryggilegasta höfn, sem skapast getur, þar eð skipalegan er á lágdauðum sjó, með ægisandi í botni, í bezta skjóli fyrir öllum vindum, millum kríngliggjandi eyja og landskletta, hvar í að *smeltir* eru gamlir festa hríngir frá fyrri tíðum, þá siglíngin var árlega tíðkuð á þennan stað; innsiglíng er bein og rúmgóð með nægu djúpi, og vita menn ekki til, að skip hafi farið slysförum á þeirri leið; hefir líka undanfarin ára nppsiglíng og reynsla sýnt og sannað, bæði að leiðin þangað er hættulaus, og að verzlun getur orðið þar að góðu liði, því næst fyrirfarandi sumur hafa verið fluttar þangað vörur á 3 kaupskipum, og þar aptur teknar miklar landvörur, mundi þó vöruafli og aðsókn margfaldast þar, ef frjálsleg verzlun mætti þar fram fara, þar bæði geta menn vel sótt þangað úr mörgum og peníngsríkum sveitum, og líka er þar allgott fiskiver á fleirum árum og fleiri ágóðavegir, þar eð líka má ráð fyrir gjöra, að tími sá, sem áður hefir verið brúkaður til Reykjavíkur-ferða mundi verða notaður búræktinni til framfara. Þingið hefir þó jafnframt álitið það varlegra, að biðja um það *til vara,* að öllum fasta- og lausa-

kaupmönnum sè leyft að verzla á Straumfirði, ef hitt eigi fæst, sem alþíngi þó álítur miklu markverðara, að þar yrði löggilt kauptún.

3. Um verzlunarleyfi við Lamhússund á Akranesi.

Til alþíngis 1845 kom bænarskrá frá Borgfirðíngum þess efnis, að kauptún yrði sett í Krossvík á Akranesi. Alþíngi sendi *yðar hátign* þegnsamlega bænaskrá um, að lausakaupmönnum yrði leyft að verzla á Krossvík, og þóknaðist *yðar hátign* mildilegast að leyfa í opnu brèfi 11. maí 1847 kaupmönnum í Reykjavík að verzla á Krossvík 3 ár. Alþíngi 1849 sendi *yðar hátign* að nýju bænarskrá þess efnis, að kauptún yrði sett á Krossvík, en til vara, að lausakaupmönnum yrði leyft að verzla þar tiltekinn tíma að sumrinu. Árangur af bænarskrá þessari var sá, að *yðar hátign* mildilegast leyfði, í auglýsíngu 17. maí 1850, kaupmönnum í Reykjavík að verzla á Krossvík enn um 3 ár og enn fremur lausakaupmönnum, þó einúngis í júnímánuði ár hvert. Leyfi þetta var síðan lengt um 2 ár með auglýsíngu 4. marz 1853, eptir tillögum þjóðfundarins. Nú til alþíngis kom enn bænarskrá frá Borgfirðíngum, með 30 nöfnum, að löggilt yrði kauptún við Lambhússund á Skipaskaga á Akranesi, og er þar þess getið, sem og kunnugir menn staðfesta, að þar sè höfn góð og trygg og auðveld innsiglíngar í öllum vindum, nema norðanvindi, en þá sè góð og óhult lega í Krossvík, er liggur sunnan á Skaganum, og í öðru lagi sè eigendur jarðanna við Lambhússund fúsir á að selja þar rúmgott kaupstaðar stæði. Alþíngi hefir nú orðið að álíta það ísjárvert, að setja kauptún svo nálægt Reykjavík, með því að þíngið verður að álíta það rètta verzlunarreglu að fjölga eigi kauptúnum, sem nú eru orðin um 30, nema brýn nauðsyn beri til. En aptur á móti verður þíngið að álíta það æskilegt og nauðsynlegt, að öllum innlendum fastakaupmönnum verði leyft, að verzla af skipi með alls konar vörur við Lambhússund, með því að þíngið er sannfært um, að slíkt verzlunarleyfi er jafnt fastakaupmönnum í hag sem landsmönnum, þegar rètt er álitið. Þegar þá fyrst er litið til kaupstaðanna, þá er blómi þeirra að mestu kominn undir því, að verzlunarviðskiptin sè sem mest; en það er aptur bundið við það, að markaðurinn sè sem stærstur, því að eptir því fer vörumegnið hèr á landi. Þarfir landsmanna aptur á mót krefja þess, að þeir eigi sem hægast að sækja til kaupstefnunnar, og þurfi að eyða sem minnstum tíma til kaupstaðarferða. Þíngið fær nú eigi betur sèð, en það væri helzta ráð, til að efla kaupstaðina, hlynna að fastakaupmönnum, og jafnframt til að gjöra landsmönn-

um verzlunina hagfeldari og notasælli, ef flutníngsleyfi það, sem fastakaupmönnum er veitt í opnu brèfi 19. maí 1854, væri svo aukið, að þeir mætti selja alls konar vöru af skipi hvar sem væri. Þíngið verður að telja það næsta hart band eður takmörkun á verzlun fastakaupmanna, að þeir megi eigi flytja fleiri vörur *til sölu*, en þær, sem til eru teknar í lagaboði þessu, því vörur þessar eru einúngis fáar af nauðsynjavörum landsmanna, og svo er hèr á landi það kaupskaparlag, að kaupmönnum eru þessar vörur minnst útfalar af öllum vörum, fyrir því, að þessar vörur þurfa mest rúm í skipunum, en framfærslan er jafnan miklu minni á þeim að tiltölu, en öðrum vörum. Þar af leiðir því, að þótt kaupmenn mundi fúsir á að senda skip sín híngað og þangað, ef þeir mætti selja alls konar varníng, þá senda þeir nú annaðhvort alls eigi skipin, eður þeir senda þau, og fylgja eigi stranglega fyr nefndu lagaboði. Þíngið verður og að álíta þessa takmörkun næsta óeðlilega, því *annaðhvort* er það tilgangslaust, að landsmenn þurfi að fara í kaupstað, til þess að kaupa vöruna fyrirfram, sem þá auðsjáanlega er til einhvers trafala, fyrirhafnar og kostnaðar, einkum hèr á landi, með því að svo langt er í kaupstað, vegir slæmir og torfærir, en svo má heita sem öll sveitaverzlun með kaupstaðarvöru sè lögbönnuð, svo að engi geti farið að kaupa vöruna í kaupstaðnum, til þess að selja hana öðrum, nema því að eins, að hann leggi á tvær hættur, að fá eigi kostnað sinn endurgoldinn, eður fara í kríngum lögin (sjá konúngsbrèf 3. júní 1746; sbr. rentukbr. 14. des. 1748, kgsbr. 14. marz 1758; sbr. opið brèf 13. júní 1787, kgsbr. 13. júní 1787, rentukbr. 26. febr. og 22. sept. 1791, 1. júní 1792, og 23. apríl 1793, rentukbr. 10. júlí 1821; sbr. opið brèf 28. des 1836, verzlunarlögin 15. apr. 1854, 3. gr.); — *ellegar* þá, að sá er tilgangurinn, sem og ráða má af umræðunum um þetta mál á alþíngi 1849 og á þjóðfundinum 1851, að ákvörðun þessi sè gjör, til þess að forða landsmönnum frá þeim voða, að kaupa þá vöru, er menn kalla óþarfavöru. En þótt mikið mælti fram með því, að breytt yrði opnu brèfi 19. maí 1854, þannig að fastakaupmenn mætti alstaðar verzla af skipi með alls konar varníng, þá vill þíngið þó leiða það fram hjá sèr í þetta sinn, og einúngis biðja um, að gjör verði undantekníng frá takmörkun þessari í lagaboðinu fyrir Lambússund á Akranesi. Þingið verður að álíta, að sèrstaklegar ástæður sè fyrir því, að undantekníng þessi sè gjör fyrir Lambhússund, og eru þær einkum þessar, að á Akra-

nesi er næsta þéttbýlt, eptir því sem gjöra er á landi voru, með því að í Garðasókn einni eru um 700 manns, auk allra útróðrarmanna þar á vetrum; á Akranesi er eitt hið bezta fiskiver, og því mikil verzlunarvara; þangað er og bægast að sækja kaupstefnu öllum Borgfirðingum, en þeir verða nú að fara annaðhvort langan og næsta örðugan veg til Reykjavíkur, eða þá fyrst landveg, ofan á Akranes, og það hlýtur allur neðri hluti sýslunnar að gjöra, og kaupa sèr síðan skip og menn suður í Reykjavík, sem er um 3 vikur sjávar, og hljóta þeir opt að dvelja langdvölum í Reykjavík að bíða byrjar, er hefir margfaldan kostnað í för með sèr. Þá er það og enn, að stjórn yðar hátignar hefir með því að veita verzlunarleyfi á Akranesi, þrisvar sinnum samtals, um 8 ár, og það með rýmri ummerkjum, en hèr er farið fram á, viðurkennt þörf Borgfirðinga í þessu efni. Ef nú litið er til Reykjavíkur, þá verður uppástúnga þessi kaupmönnum einmitt í hag, bæði sakir þess, að þeir geta og munu sitja fyrir kaupum við Borgfirðinga, eður verzlun á Lambhússundum, og svo hins, að efri hluti Borgarfjarðarsýslu, einkum Reykdælingar hvorirtveggja mundi að öllum líkindum heldur sækja kaupstefnu á Borðeyri, en í Reykjavík, ef þessu máli verður eigi framgengt, bæði vegna þess, að það er miklu styttri leið til Borðeyrar en Reykjavíkur, og svo er opt betra verð á íslenzkum varníngi á Borðeyri en í Reykjavík.

Af ástæðum þessum verður alþíngi með 16 atkvæðum gegn 2 þegnsamlega að biðja yðar hátign um,

1. í einu hljóði: Að Papafjarðarós í Austur-Skaptafellssýslu verði sem fyrst gjörður að löggildu kauptúni.
2. með 16 atkv. gegn 2: Að Straumfjörður í Mýrasýslu verði löggildur verzlunarstaður.
3. og *til vara* með 15 atkv. atkv. gegn 2: Að bæði fasta- og lausakaupmönnum verði leyft að verzla af skipum með allar vörur á Straumfirði í Mýrasýslu.
4. með 14 atkv. gegn 5: Að öllum innlendum fastakaupmönnum verði leyft að verzla af skipi á Lambhússundi við Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu.

Reykjavík, 9. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Arnljótur Ólafsson.

Forseti: Áður en eg slít fundinum, skal eg leyfa mèr að geta þess við hina heiðruðu *framsögumenn*, að tíminn nú er orðinn

svo nanmur, að fái eg ekki nefndarálitin í síðasta lagi á sunnudagskveldið eða mánudagsmorguninn, verður alls ekki mögulegt að út ræða þessi 7 mál, sem enn eru eptir, og semja álitsskjöl í þeim, og bið eg því hina háttvirtu þingmenn, að gjöra sitt ítrasta til, að koma málunum af. — Síðan ákvað *forseti* fund til þess á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Fertugasti fundur — 10. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Norður-Þingeyinga og þingmaðurinn úr Dalasýslu, er höfðu tilkynnt *forseta* forföll sín frá, að vera við fyrri hluta fundarins í dag. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni verður haldið áfram *álykturumræðu í hjúalagamálinu,* og verður nú byrjað á 59. tölulið á atkvæðaskránni, því að kaflinn fyrsti, aptur að 59. tölulið var út ræddur í gær; en það gefur að skilja, að þingmönnum er heimilt, að tala um einstakar greinar, einnig í fyrri kaflanum, þar sem þær standa í nánu sambandi við greinar í síðari kaflanum. Málið var síðan afhent *framsögumanni,* hinum konúngkjörna varaþingmanni.

Frasmögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg ætla ekki að sinni, að fara mörgum orðum um breytíngaratkvæðin við þær greinar frumvarpsins, sem hèr ræðir um. Að eins vil eg geta um breytíngaratkvæðin undir 62. og 63. tölulið, að þingnefndin hefir í þessu efni alveg aðhyllzt 26. gr. í stjórnarfrumvarpinu; en þessi breytíngaratkvæði fara fram á það, að stytta tímann, sem ákveðinn er í þessari grein; því verður nú ekki neitað, að þessi breytíng er samkvæmari hinum eldri lögum lands vors; en nefndinni virtist samt sem áður, að ákvörðunin í stjórnarfrumvarpinu væri rèttari og eðlilegri. Nefndin vildi hafa lög þessi svo löguð, að eigi yrði annað um þau sagt með sanni, en að þau væri mannúðleg og sanngjörn við þennan fátæka og umkomulausa hluta fèlagsins, hjúin, sem er gjört það að skyldu að vinna hjá öðrum; og þegar þeim er lagt það á herðar að borga læknîngu þeirra, virðist það ekki of hart fyrir húsbóndann að annast það að öðru leyti. Eg skal og geta þess, að eg held, að það muni vera prentvilla í breytíngar-

atkvæðinu 62. tölulið b, þar sem stendur «viku lengri«, því þau orð standa ekki í frumvarpinu.

Forseti: Eg skal að eins geta þess, að það stendur víst við hið sama, sem menn komu sèr saman um í gær, að ræða fyrst frumvarpið út, frá 58. grein, og svo þar á eptir síðasta kafla atkvæðaskrárinnar um hjúamálanefndirnar.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Þetta litla viðaukaatkvæði, sem eg á hèr undir tölulið 105, gjörði eg af því, að eg áleit það sjálfsagt, að sá, sem á að borga, og getur ekki á móti því haft, en gjörir það ekki, hlýtur að bera kostnaðinn af því, að það verður að nema það út, og þykir mèr þá glöggvara, að þessum orðum: »upp á hans kostnað« sè skotið inn í 35. gr. nefndarfrumvarpsins; en 36. greinin þykir mèr eiga að falla burt, því þó eg óttist nú ekkert fyrir því, að við þessi lög fjölgi neitt deilur milli húsbænda og hjúa, því þetta, sem hèr er framtekið, er ekkert annað, en vanalegar reglur, og getur það ekki spillt, þó þær sè gjörðar að lögum — þá kynni nú samt þetta atriði, viðvíkjandi kaupgreiðslunni, helzt að koma fyrir, því ekki er það ætlið að hjúið fer með kaupið í vösunum, þegar það fer úr vistinni; og þegar svona greiður aðgangur er gjörður að því, að það geti kostnaðarlaust látið hreppstjórann nema það út, mundi það opt óska þess, og væri það ónotakvöð fyrir hreppstjóra og bændur þá, sem hann yrði að kalla með sèr í hvert skipti, að vera skyldir til að standa í því fyrir ekkert, og slíkt væri órèttlátt, að bæta því á hreppstjóra nú upp á nýtt, ofan á önnur kjör þeirra, því ekki býð eg fè við því, að húsbóndi sá, sem lætur nema út hjá sèr kaup hjúsins, fari þá að borga sjálfviljuglega hreppstjóranum þetta verk. *(Framsögumaður:* Ef þingið fellir 36. gr., þá þarf ekki viðaukann inn í hina 35. gr., því þá er allt sjálfsagt eins og lög hafa ákveðið). Já! það er nú satt. Eg ætla svo ekki að orðlengja meir um málið, því um breytíngaratkvæðin hin skipti eg mèr ekki neitt, þau munu verða dæmd og stöðfuð fyrir það.

Stefán Jónsson: Eg skal geta þess, viðvíkjandi breytíngaratkvæði mínu, undir 64. tölulið, að mèr gekk það til, að koma fram með það, að eg hèlt það væri mögulegt að misskilja grein nefndarinnar, það nefnil., að hjúið er frítt við að missa nokkuð af kaupi sínu fyrstu 14 dagana, sem það liggur, því mèr þótti það órýmilegt, að ef hjú lægi 14 daga, skyldi það ekkert missa af kaupi sínu fyrir þann tíma; en lægi það í 18 daga, skyldi það missa

kaup sitt allan þann tíma. Mèr er þetta ekki neitt kappsmál, ef nefndin álítur grein sína svo skiljanlega orðaða, að hún verði ekki misskilin; að öðru leyti ætla eg ekki að tala um breytíngaratkvæðin í þessum kafla málsins, en eg gef atkvæði mitt fyrir uppástúngum nefndarinnar.

Framsögumaður: Eg skal geta þess viðvíkjandi því, sem þíngmaður Mýramanna sagði, að ef 40. gr. yrði felld, þá yrði breytíngaratkvæðið undir 105. tölulið að mínu áliti óþarft. Að öðru leyti finnst mèr það vera vafa undirorpið, hvort það ekki er með öllu sanngjarnt, sem stendur í 40. gr. stjórnarfrumvarpsins, að sveitarstjóri, sem fjárnámið gjörir, eigi að verða af borgun, þegar húsbóndi ekki getur greitt kostnaðinn; eg held annars, að þetta muni sjaldan koma fyrir, því sjaldnast mun það verða, að húsbændur sè slíkir öreigar, að þeir ekki geti ríflega borgað það, sem hjúið hefir þennan fjárnámsrètt fyrir. Að því er breytíngaratkvæði þíngmanns Eyfirðínga snertir, þá neita eg því ekki, að það gjörir greinina, sem það á við, skýrari, að skjóta inn í orði því, sem hann hefir stúngið upp á, þó eg áliti, að það fljóti af sjálfu sèr, að meiníng hennar verði sú sama, hvort sem því er skotið inn í eður eigi.

Magnús Andrèsson: Mèr virðast þíngræðurnar ætla að verða nokkuð lengri, en æskilegt væri, þar sem þíngtíminn er orðinn svo stuttur, og skal eg því að eins stuttlega gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Mèr sýnist þá breytíngaratkvæði þíngmanns Eyfirðínga vera alveg nauðsynlegt; því eptir mínum skilníngi er meiníngin i grein nefndarinnar ekki svo skiljanlega tekin fram, sem eg vildi, því eg vil ekki hjúinu sè reiknaður sá tími, ef það liggur lengi, sem það er frítt fyrir að borga nokkuð fyrir, ef það liggur ekki lengur, en hálfan mánuð, og verð eg því að vera með þessu breytíngaratkvæði. En eins og eg tók fram í gær, mun eg ekki gefa atkvæði mitt með mörgum af hinum breytíngaratkvæðunum, og vil helzt fara því fram, sem nefndin hefir stúngið upp á, því bæði var það, að eg hafði þá tiltrú til nefndarinnar, að hún mundi vinna þetta sitt verk eins vel og hún gæti, og svo sýnist mèr líka, að hún hafa bætt stórum stjórnarfrumvarpið; en eg er hræddur um, að ef menn fara nú að rugla saman ýmsu í greinum frumvarpanna, hverju innan um annað, þá muni allt verða að einum graut, en eg vildi, að þetta frumvarp væri svo vel úr garði gjört af þínginu, að það yrði vel meðtækilegt, þegar það kæmi til stjórnarinnar, og þó nefndin hafi

gjört þessar breytíngar, vona eg að þær sè svo, að fallast megi á þær, því breytíngar nefndarinnar miða til þess, að gjöra lagaboð þetta sem samkvæmast lögum landsins og hugsunarhætti landsmanna. Eg ætlaði í gærkveldi að reyna til að bjarga einu atkvæði, en mèr leizt svo á, sem það mundi ekki hafa mikið að þýða, og held eg, að eg fari því ekki fram á, að reyna til að bjarga neinum af þessum samfeðra breytíngaratkvæðum á atkvæðaskránni, enda spáði eg því líka, þegar eg las atkvæðaskrána, að þau mundu flest, ef ekki öll, verða skammlíf, og er eg hræddur um, að sú spá mín muni rætast.

Forseti: Mèr sýnist, eptir því sem út lítur, vera komið hið bezta samkomulag á þínginu, að því er þetta mál snertir, en mèr sýnist það býsn mikil, að stjórnin skuli vera talsmannslaus hèr á þingi í þessu máli, og sýnist mèr, að hèr sannist máltækið: »Ber er hver á baki, nema sèr bróður eigi«. Stjórnin mun sízt eiga von á því, að eg mundi reynast hennar bróðir, hvorki í þessu máli nè öðru, enda ætla eg ekki að halda ræðu, til að forsvara stjórnarfrumvarpið; það kynni þá einnig að rætast hèr, að »boðin þjónusta verður löngum forsmáð«; en eg get samt ekki leitt hjá mèr, að lýsa því yfir, að mèr finnast það mikil býsn, að ekki nema einn þíngmaður skuli hafa mælt frumvarpi stjórnarinnar líknarorð, og að hann fyrir það skuli hafa fengið ákúrur úr öllum áttum; og verð eg að kalla það býsn, að *konúngsfulltrúi* sjálfur skuli hafa snúizt heldur í móti stjórninni í þessu máli, þar sem hann sagði við undirbúníngsumræðuna um sumar greinarnar í frumvarpi stjórnarinnar, að þær væri óhagkvæmar og óíslenzkar, og ætti miður við, en frumvarp þíngnefndarinnar, er væri miklu íslenzkulegra; því er það ekki láandi nè tiltökumál, þó að þíngmönnum blandist nú ekki lengur hugur, enda þótt þeir hefði áður verið nokkuð efablandnir um, hvort frumvarpið væri betra, þegar þeir hafa heyrt þetta frá *konúngsfulltrúa*stólnum, að frumvarp þíngnefndarinnar hafi alla kosti til að bera fram yfir stjórnarfrumvarpið. Eg ætla mèr ekki að reyna til að hafa neina verkun á atkvæði þíngmanna; en eg verð þó að láta þá meiníngu mína í ljósi, að þó nefndin hafi bætt frumvarp stjórnarinnar í ýmsu, munu þó margar breytíngar hennar reynast mjög athugaverðar og aðgæzluverðar. Þetta kann nú má ske ekki að vera svo, en tíminn mun gefa bezta raun á því, þá fram líða stundir, einkum að því er áhrærir 7. og 9. gr. nefndarinnar, sbr. við 28. og 30. gr. En hvað skal segja, þegar umboðsmaður

stjórnarinnar og hinir konúngkjörnu herrar, og það þeir, er einkum og jafnan hafa verið forvígismenn hennar hèr á þíngi, aðhyllast allir frumvarp nefndarinnar og telja það miklu betra, en stjórnarinnar? Það var nú að vísu gefið í skyn í gær, að sumir af hinum konúngkjörnu mönnum í nefndinni hefði verið næsta sálarlitlir í þessu máli, því að hinn konúngkjörni varaþíngmaður hefði verið aðalsál nefndarinnar; en það gjörir ekki neitt, þegar þíngið allt og *konúngsfulltrúi* sjálfur gefa því, sem nefndin hefir gjört, svo mikla sál, og samþykkja það í alla staði. Það er að eins einn þíngmaður, sem hefir viljað styðja stjórnarfrumvarpið, og borið upp ýms breytíngaratkvæði í þá stefnu, en hefir fyrir það fengið smáhnútur og ákúrur úr ýmsum áttum, en enga aðstoð.

Eg veit ekki, að hve miklu leyti þessi kafli frumvarpsins er út ræddur, en eg fann mèr skylt að lýsa þessu yfir; en eg ætlaði hvorki að fara út í hin einstöku atriði, eða reyna til frá þessum stað, að verka á atkvæði þíngmanna í málinu; en af því eg ímynda mèr, að þessi kafli atkvæðaskrárinnar sè útræddur, þar eð engir þíngmenn stóðu upp, þó eg biði eptir því, — áður en eg nú tók til máls, þá ætla eg að leyfa mèr að venda fáeinum orðum að kaflanum um hjúamálanefndirnar, og að því er þenna kafla snertir, þá virðist mega telja upp á, að stjórnin muni þar fá góða stoð í hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa*. Eg skal nú ekki að þessu sinni fara mörgum orðum um það, að stjórnin hafi þar rèttara fyrir sèr, en Reykjavíkurnefndin, að því er áhrærir sjálfa grundvallarregluna yfir höfuð að tala; en eg skal að eins leyfa mèr að vekja athygli þíngmanna að því, eptir því sem málið virðist nú stefna hèr á þíngi, að þó að hjúalaganefndirnar kynni að virðast síður nauðsynlegar eptir stjórnarfrumvarpinu, það er að skilja, ef það væri samþykkt, þá er það eptir því, sem mèr sýnist, athugandi, hvort þær muni ekki verða mjög nauðsynlegar og jafnvel ómissandi, ef frumvarp þíngnefndarinnar verður samþykkt; og skal eg með tilliti til þess einkum benda á 7., 9., 28., 29. og 30. gr. í nefndarfrumvarpinu. Eg held, að það sè auðsjáanlegt, að ef ákvarðanir þessara greina eiga að hafa nokkra áorkan eða þýðíngu, þegar til framkvæmdanna kemur, þá muni þýðing þeirra verða lítil, eða alls engi, ef ekkert það vald er í hèruðunum, er gæti skorið úr þeim ágreiníngi og þrætum, er út af þessum ákvörðunum hljóta að rísa. Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður benti ljóslega á það í gær, hvernig fara mundi, ef engar nefndir væri til að skera úr því, þegar húsbóndi kvartaði

yfir því, að hjú hefði »leynt á sèr ókostum«; það getur verið mikið gott og sjálfsagt áheyrilegt, að það megi fara með öll þvílík mál fyrir pólitírèttinn; en þetta verður þó víðast hvar næsta óhentugt, og þess vegna alveg þýðingarlaust; menn kunna má ske að segja, að fara megi með þess leiðis mál fyrir sáttanefndina; mikið gott! en ef húsbóndi og hjú nú ekki sættast, þá verður málið eptir sem áður að ganga fyrir pólitírètt, er getur einatt verið sama eins og að fá engi úrslit á þessleiðis smámálum, að verða að draga þau þangað til menn geta náð til sýslumanns. Í 93. tölul. (þ. e. 29. gr. nefndarfrumv.) er gjört ráð fyrir mati óvilhallra manna, og get eg ekki ímyndað mèr annað, en að þingnefndin hafi þar heldur meint til einhverra *vissra* manna, heldur en svona einhverra og einhverra, sem teknir væri sínir í hvert skiptið. Að því er hjúalaganefndirnar snertir, í sambandi við þessi lög, þá er það sannfæring mín, að $^2/_3$ þessara laga vinni ekki þá þýðingu eða áorkan í mannlífinu, þegar til framkvæmda þeirra kemur, sem til er ætlazt og nauðsyn krefur, ef ekki er annað fyrirkomulag til þess að framkvæma þau, heldur en miðlunar- og úrskurðarvald og það sveitastjórnarfyrirkomulag, sem hingað til hefir verið hèr í landi, og þetta mun sannast, þá fram líða stundir, þó menn ekki vili kannast við það nú. Það er líka aðgætanda, að hingað til höfum vèr svo að segja engi hjúalög haft, heldur að eins einstakar sundurlausar lagasetningar og ákvarðanir, og svona hefir það verið látið flakka og reka á reiðanum um innbyrðis skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa. Að skýrskota til þess, sem *verið hefir,* þar sem hèr er að ræða um ný og fullkomin hjúalög, og hvernig *þeim* verði gefin full rèttarverkun og þýðing, eptir því sem ákvarðanir þeirra laga stefna, sýnist ekki vera neitt, er menn geti byggt á. Menn hafa sagt, að fá dómsmál hafi risið hingað til milli húsbænda og hjúa, og er það satt, en jafnframt er það eðlilegt, þegar það kostar margfalt meira, að framfylgja málinu undir dómsúrslit, heldur en því nemur, sem er prætuefnið, eða sem málið er risið út af. Mèr hefir ætíð þótt það fögur hugsun, og mega horfa til mikilvægra framfara, ef það gæti lifnað hèr við aptur, sem var almennt í fornöld vorri, að menn legði mál sín í gjörð, og úrslit þeirra undir drengskap góðra manna, að oss lærðist það af nýju, að viðurkenna og treysta því, að fá mætti rètt úrslit mála sinna hjá beztu leikmönnum meðal lýðsins; og vèr megum eigi missa sjónar á því, að þetta — að leggja mál sín undir drengskap manna — það er undirstaðan kviðdómanna,

sem hinar frjálsustu þjóðir hafa haldið frá fornöld sinni, og hafa enn hinar mestu mætur á. Mèr virðist ekki heldur, að hèr sè of langt farið, þó vèr nú *byrjuðum* á þessu, því ef nokkur mál verða lögð undir drengskap almennings, þá eru það þau mál, er af þessum hjúalögum rísa; það eru innsveitismál og heimilismál, er engi getur þekkt eins grant að öllum atvikum og ástæðum, og skilið eins grant, eins og sjálfir bændurnir þar í sveitinni, og þar til smá mál og auðveld, miklu auðveldari fyrir bændurna sjálfa, sem þar eru í grennd, heldur en lagamann í fjarlægri sveit. Og þó að þau rèttindi sè smá, sem hèr er farið fram á, að lýðurinn fái, þó það sè mjór vísir, getur hann samt, ef til vill, orðið mikils vísir, þegar fram líða stundir. Eg vona, að landar mínir sýni að þeir kunni að meta það, ef þeir fengi þetta vald, og að þeir sýni sig færa um það, færa um að gjöra rètt og skil í *þess konar* málum. Eg get að vísu ekki búizt við, að hinir háttvirtu þingmenn verði í svo föstu öfugstreymi við sjálfa sig og við stjórnina, að þeir taki þessar hjúalaganefndir, sem stjórnin *ekki* vill, þó að þingið virðist að hafa staðráðið, að hafna frumvarpi stjórnarinnar; en eg gat samt eigi leitt hjá mèr, að vekja athuga þingsins að þessum hjúamálanefndum, af því þær hafa í raun rèttri annað og meira í sèr fólgið meðfram, af því að eg hefi þar að auki verið og er enn óbifanlega sannfærður um, að þær verða hið fyrsta og öflugasta meðal til þess að styðja hjúalögin, gefa þeim fulla þýðingu, og halda þeim í fullu gildi, og að þau eru hinn fyrsti vísir til, að endurvekja verulega og mikilvæga rèttarmeðvitund með lýðnum hèr á landi, og koma þeirri meðvitund inn hjá landsmönnum, að margir góðir drengir sè meðal bænda vorra og alþýðu, sem óhult sè að trúa fyrir, að gjöra út um eigi stærri nè flóknari mál, heldur en hèr er um að ræða.

Helgi G. Thordersen: Eg ætla að eins að votta hinum háttvirta *forseta* þakklæti mitt fyrir ræðu hans, að því leyti hún snerti hjúamálanefndirnar. Eg hefi áður sagt stutt og stirbutrulega álit mitt um nefndir þessar, og sú fyrsta meining, sem eg hefi fengið um þær, getur ekki yfirgefið mig, og þegar eg las frumvörp þessi, var eg yfir engu í þeim glaðari, en yfir hjúamálanefndunum; þetta er hinn fyrsti vísir fyrir bændur, til þess að taka þátt í stjórn þess, sem næst þeim liggur; því að þetta eru hrein bændamál, og í þvílíkum málum vantar þá hvorki greind eða góðvilja, til þess að vera jafnvel betur til þess fallnir, að sitja í nefndum þessum, en

margir embættismenn, þó að embættismennirnir sè líka að nokkru leyti bændur; en er það ætið góður embættismaður, sem er góður bóndi? Ekki ætíð, þó að sumum sè það lánað, að stunda hvorttveggja vel, heldur er sá í hverri stètt, sem er álitinn góður og gildur, sem er kominn lengst í því, sem hann á að aðhafast. Bóndinn þarf ekki að tvískipta sèr; hann hugsar eigi um annað, en að vera bóndi, og um bóndans skyldur og rètt; og því geta þeir bezt dæmt um sína stètt, eins og engir dæma betur og rèttara um hverja stètt, sem er, en þeir, sem í henni og fyrir hana lifa. Það er heiðarlegt, því betur sem embættismaðurinn býr; en honum er þó ekki ætlandi að komast eins langt og þeir komast, sem eru eindreignir og verulegir bændur. Mig langar til, að þeir fái hlutteknìng í þeim málum, sem liggja svo nærri þeim sjálfum. Embættismennirnir hafa mikla ábyrgð, og það er gott að sjá á þessu litilræði, hvort ekki muni vera gott að hleypa fleirum inn í stjórn landsins. Hèr kemur líkur til líks, og er það, eins og hinn háttvirti *forseti* sagði, litilfjörleg byrjun til kviðdóma, og mèr sýnist það framfaravegur fyrir þetta land, ef eitthvað því um líkt kæmist á. Á þessu kunna að vera ammarkar í fyrstunni, eins og er vant að vera á flestu því, sem nýtt er; en í því liggja þó framfarir; þetta fyrirkomulag liggur í tímans anda, og þessum anda er eg samþykkur, þó eg sè orðinn gamall. Skyldi nú svo fara, að bændur væri á móti mèr í þessu; hvað skal þá segja? Já! ef þeir sjálfir ekki vilja hafa þessi rèttindi, þá get eg látið mèr hægt með, að framfylgja því, að þeir fái þau, ef þeir ekki sjálfir sjá, að þetta er gjört þeim til sóma og heiðurs, og lýsir því, að menn hafa tiltrú til þeirra. Eg hefi haft þann heiður, að vera í samvinnu með mörgum bændum, og eg get ekki slitið frá mèr þá virðingu, sem eg hefi fyrir mörgum í þeirri stètt; eg hefi lengi verið í sættanefnd, og haft þar við hlið mèr bændur, og segi eg það einlæglega, að þegar eg hefi stundum verið kominn í vandræði með að sætta þá, sem fyrir sættanefndinni voru, hafa þessir menn, af því þeir voru líkar hinna, haft heiðurinn af því, að koma sættum á. Þegar eg nú hefi þessa reynslu fyrir mèr, sem flestir prestar munu einnig hafa, að einn bóndi, sem var í samvinnu við embættismann, hefir reynzt svona vel, hvi skyldi eg þá ekki hafa hið sama traust til þriggja bæuda? Það hefir verið sagt, að til væri þeir hreppar, hvar 3 slíkir bændur væri ekki til, en eg vildi óska, að einhver hreppur væri nefndur, hvar ekki eru til 3 góðir og skynsamir bændur, því

eg veit engan þvílíkan; eg hefi og verið prestur í þrem sóknum og farið um allt landið, og þykir mèr þetta nærri því hlægilegt. Eg ætla svo ekki að lengja þetta mál meir, en vili bændur þetta ekki sjálfir, þá tala eg ekki um það meir, því ekki tala eg um það mín vegna, og sè þeir bændurnir á móti málinu, fell eg mínum herra, því eg verð að taka þá fyrir hina beztu dómendur í þessu máli, og eg tek með sorg á móti mótmælum þeirra, því mèr þykir það óvirðing fyrir þá, ef þeir ekki vilja þiggja þetta.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði *forseti* hèlt nú langa og snjalla ræðu, eins og honum er lagið; hún skiptist í tvennt: fyrri hlutinn laut allur að því, að segja mèr til syndanna fyrir það, að eg ekki hefði staðið í skyldusporum mínum, að halda uppi stjórnarfrumvarpinu í öllum greinum móti þinginu eða þingnefndinni, og það hefði þannig staðið uppi forsvarslaust, og get eg vel skilið, hvers vegna honum þykir svo, því blóðið rennur ætíð til skyldunnar, því hann hefir, eins og allir vita, átt svo mikinn og góðan þátt í frumvarpinu; en þrátt fyrir alla þá hluttöku hans, er það eigi að síður ekki óhugsandi, að frumvarpið geti tekið bótum. Eg sagði hvergí í gær, að stjórnarfrumvarpið væri óhagkvæmt, og heldur ekki það, að nefndarálitið hefði enga galla, eða að eg aðhylltist það í öllum greinum, en eg sagði málið væri komið frá nefndinni vel og rækilega úr garði gjört, og í íslenzkan búning, og miklu íslenzkulegri, en frá Reykjavíkurnefndinni, (en stjórnarfrumvarpið er að miklu leyti byggt á hennar frumvarpi); eg skal leyfa mèr að taka það fram, að hèr er engi hætta á ferðum, því þyki nú stjórninni, að uppástúngur þingnefndarinnar, að því leyti þingið aðhylliist þær, sè til greina takandi, þá tekur hún þær til greina, en annars ekki, því þingið hefir ekkert löggjafarvald, og stjórnin er þannig ekkert bundin við tillögur þingsins. Það efar engi, að Reykjavíkurnefndin hafi leyst sitt ætlunarverk vei af hendi, eða að þeir menn, sem í nefndinni sátu, hafi haft þekkíngu á því, hvernig hèr hagaði til; en þingnefndin, sem fjallaði um þetta mál, hefir líka nákvæma þekkíngu á hinu sama, og það eru því engar öfgar, þó henni kynni að hafa hugkvæmzt eitthvað hagfeldara.

Það er víst um það, að stjórnarfrumvarpið, sem hèr ræðir um, er vei og vandlega úr garði gjört; en það hefir verið svo með mörg önnur frumvörp, sem stjórnin hefir lagt fyrir þetta þing, og þó hefir þingið fundið ástæðu til, að stínga upp á verulegum breytíngum, og hinn heiðraði *forseti* hefir ekki í því tilliti látið sitt

eptirliggja. Að öðru leyti hvílir á mèr, en ekki á honum, ábyrgðin fyrir það, hafi eg hèr vanrækt skyldu mína. Það hefir opt verið sagt hèr á þingi, að *konúngfulltrúi* hèldi of fast fram skoðun stjórnarinnar, og að þeir konúngkjörnu gjörði slíkt hið sama; en nú er mèr brugðið um hið gagnstæða í þessu máli. Eg er hræddur um, að þingið mundi ekki mikið hafa farið að því, þó eg hefði haldið því fram, að stjórnarfrumvarpið hèldi sèr óbreytt; eða hver áhrif hefir ræða hins háttvirta fulltrúa haft á þingið í þessu máli?

Viðvíkjandi hjúamálanefndunum lèt eg álit mitt í ljósi í gær; hinn heiðraði *forseti* og hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þingmaður hèldu nú fagra ræðu, til að mæla fram með þeim; en ekki gátu þær sannfært mig, hvað sem þinginu líður. Hinn háæruverðugi þingmaður kallaði það *hlægilegt,* að eg hafði sagt, að það ekki mundu sumstaðar finnast 3 bændur, sem færir væri um, að sitja í hjúamálanefndinni; þetta hefir stjórnin líka sagt, og eg verð að halda, að þetta sè á góðum rökum byggt; og sú mundi raunin og verða. Það hefði verið sök sèr, ef það ekki hefði verið nema um einn mann að tala, eins og það er í Danmörku; en hèr eru 3, sem í nefndinni eiga að sitja. Eg skal svo ekki fara hèr um fleirum orðum, en einúngis leyfa mèr að ítreka, að eg álít það að minnsta kosti mjög vafasamt, hvort þessi kafli úr Reykjavíkurnefndarinnar frumvarpi geti orðið ræddur af þinginu.

Forseti: Eg skal leyfa mèr þá athugasemd viðvíkjandi því, hvort viðaukaatkvæði hins 4. konúngkjörna þingmanns sè upp borið í rèttu formi, að eg get ekki sèð, af hvaða ástæðu ekki megi bera það upp til atkvæða, eins og hvert annað viðaukaatkvæði, eins og breytíngar nefndarinnar og hin breytíngaratkvæðin; eg get ekki sèð neinn mun á þessu; það er þar að auki alkunnugt, að það er vafalaust rètt þíngregla og alstaðar viðurkennd, að það má áskilja sèr og bera upp bæði breytíngar og viðaukaatkvæði við ráðgjörð breytíngaratkvæði, og eins breytíngaratkvæði við ráðgjörð eða áskilin viðaukaatkvæði. Eg verð því að álíta formlegt í alla staði, að hinn 4. konúngkjörni þingmaður hefir borið upp og áskilið sèr þessar viðaukauppástúngur, sem eru þar að auki teknar orðrètt upp úr fylgisskjali, sem stjórnin hefir sent til þingsins með sjálfu málinu, enda hafa nú einnig verið borin upp breytíngaratkvæði einmitt við þessar viðaukauppástúngur, og er það sömuleiðis í rèttu formi gjört. Að öðru leyti skal eg fáu svara ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* en mèr þótti hann ekki taka rètt eptir orðum mín-

um; því eg tók það alls ekki nærri mèr að frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar ekki fengi framgang, enda er hèr nú eigi að ræða um neitt frumvarp frá þeirri nefnd, heldur um stjórnarfrumvarp, — og eg sagði einúngis þetta, að mèr þætti það býsn, að stjórnin hefði í þessu máli engan talsmann átt, hvorki *konúngsfulltrúa* nè meðal hinna konúngkjörnu þíngmanna, og þætti mèr vænt, ef *konúngsfulltrúi* gæti bent mèr á nokkurt mál frá stjórninni það, að þetta hefði átt sèr áður stað.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg er ekki vanur að lengja þíngræðurnar; en fyrst það á að tala um þessar hjúalaganefndir, þá er bezt eg segi mína meiníngu um þær. Eg vil nú ekkert lasta meiníngu hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns, að setníng sú sè áheyrileg og skemmtileg, að dómsvaldið fari að komast aptur undir okkur bændurna, og eg lasta það ekki, þó að nefndardómar kæmist á í ýmsum málum; og eg er ekki að segja, nema bændur kynni að geta dæmt fullskynsamlega um ýmsa hluti; en eg veit nú samt ekki, hvort mèr lýst svo vel á nefndirnar, eptir því, sem hèr liggur fyrir, því þessar hjúalaganefndargreinir lízt mèr að sè þó eins og önnur mannaverk, að þær þyrfti að yfirvegast og lagast. Eg ætla nú ekki að dæma um, hvað formlega þetta mál er hèr á þíng borið. Það er bezt, að þeir, sem formið eiga að vakta, ráði því; en eg segi það, að þetta hjúamálanefndafrumvarp á ekki kost á, að það verði lagað hèr, því það hefir ekki verið rætt í nefnd, og ekki við undirbúníngsumræðu; það er þá einúngis við álýktunarumræðuna, sem menn geta látið meiníngu sína í ljósi, og leitað upplýsínga, og þá geta hinir ekki svarað, sem spurðir eru, ef þeir eru búnir að ræða, og engi getur breytt neinu. Nú lít eg fyrst á ætlunarverk þessarar hjúamálanefndar; það á að vera sættanefnd, samansett af 3 bændum; það ber nú enga nauðsyn til að skapa sættanefnd, því sættanefndir eru í hverri sveit, og þær hafa reynzt vel; og sú stiptun var einhver sú bezta rèttarbót, og öllum hjúum og húsbændum er eins hægt að ná til þessarar nefndar, og ekki getur bændanefnd tekið þessari fram; í forlíkunarnefndinni situr ætíð bóndi, og eg álít það ekkert spilla, heldur opt bæta, að í henni er menntaður embættismaður, optast prestur, og vona eg eptir, að hiun 2. konúngkjörni þíngmaður drepi ekki svo niður stètt sinni, að hann verði mèr ekki samdóma, og er það nú sýnt, að hjúalaganefndin bætir enga nauðsyn í þessu tilliti; en þessi nefnd á nú að hafa stærri verkahríng; hún á líka að hafa gjörðar-

eða dómsvald; en það er eingöngu, þegar hún er forgefins búin að reyna sætt, og málspartarnir báðir samþykkja að leggja málið undir dóm hennar. Eg segi nú fyrir mig, að þegar eg við sáttatilraunina get ekki sætt mig við þær meiningar, sem hún leggur til, og lætur í ljósi, þá er eg frá að samþykkja það, að leggja þetta mál mitt undir hennar dóm, og það þann dóm, eins og hèr segir, sem eg á ekki endurlausnarvon frá, og mèr þykir líklegt, að engi lifandi maður, sem hefir ráð fyrir sèr, mundi samþykkja slíkt óráð, því þegar eg er fyrir *pólití*forlíkun sýslumanns, og get ekki forlíkast, og hann segir mèr: »já, þar þú ekki sættist, þá dæmi eg málið«, þá er mèr þó ærið mun betur farið, því þá hugsa eg: »já, dæm þú! en eg þarf ekki að búa undir því; eg mun þá *appellera*«; en þegar nú engi skynsemdarástæða er fyrir því, að dómsvald þess — ara nefnda verði nokkurn tíma notað, þá er öllum auðsèð, að þessi stiptun bætir ekki úr nokkurri nauðsyn hjúalaganna; þegar þessi grundvöllur er svona ónýtur, þá er öll byggingin hrunin um koll. Eg vil nú ekki, og þarf ekki að taka fleira til greina, sem hèr stendur, þó mèr virðist, að hver gullhúfan sè upp af annari, að þar sem mál ganga frá þessum sættanefndum til lands laga og rèttar, þá skal nefndin senda sýslumanni allar málsástæður, og sýslumaður skal dæma málið, rètt eptir því, heima hjá sèr, án þess málspartar fái nokkra stefnu eða vitneskju, eða komi fyrir sig nokkrum svörum, m. fl. Meðan málið liggur svona fyrir, þýðist eg það ekki, en svo kann að mega laga það; en það verður ekki á þessu þingi, að eg aðhyllist það.

Guðmundur Brandsson: Forseti tók það fram við undirbúningsumræðu þessa máls, að þessi hjúalög mundu valda styrjöldum og ófrið; það er nú ekki góð spásaga; en vèr vitum ei, hvort þau verða nú samþykkt, eins og þau koma frá þinginu, og það er óvíst, hvort frumvarpið verður, eins og það er núna, þegar þingið er búið að samþykkja það; það er sagt í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, að mjög fá hjúamál sè lögð undir sáttanefndir. Eg gat þess við undirbúningsumræðuna, að eg vissi engi dæmi til þess í minni sveit, að hjú og húsbændur hefði kallað hvort annað fyrir forlíkun. Menn urðu líka í nefndinni ásáttir um, að ekki þyrfti þegar að biðja um þessar hjúamálanefndir, heldur mætti fresta því; það var leitað atkvæða um þetta í nefndinni, og voru 5 með því, að því skyldi fresta, en 2 móti. Ef þingið nú vill fallast á þennan viðauka, þá held eg sè nóg að biðja um, að frumvarp um þetta verði

lagt fyrir næsta þing. Eg get ei sèð svo fljóta nauðsyn á þessu, að sá frestur sè ekki þolanlegur. Eg er nú reyndar ekki á móti efninu sjálfu, að eins held eg væri þörf á, að víkja við sumum ákvörðunum um kosníngarèttinn; þar stendur, að engi bóndi megi skorast undan kosníngu, ef hann sè ei kominn yfir sextugt«. Það losar hann ekkert frá því, þó hann sè hrumur eða heilsulasinn; hann er valinn upp á 6 ár, og það er nóg, ef hann er ekki á sveit, þó hann sè svo vesall, að hann sè alls eigi fær til þessa; það má kjósa hann 59 ára gamlan, og svo verður hann að sitja kyrr, þangað til hann hefir fimm um sextugt, og er margur þá farinn að bila. Að sýslumenn kjósi menn í þessa nefnd, álít eg ekki vel til fallið; en það hefir nú verið borið upp breytíngaratkvæði um það, svo eg þarf ekki að tala meira um það. Þessa 3 föstu fundi álít eg mjög óheppilega, eins og eg lèt í ljósi við undirbúníngsumræðuna; þeir eiga að vera á þíngstað hreppsins, og það skyldi menn nú gizka á, að væri á hentugum stað; en þegar, eins og sumstaðar er, 2 hreppar eiga sama þíngstað, þá getur þetta orðið töluvert örðugra; eg sleppi nú fundinum í 6. viku sumars og 6. viku vetrar; þeir geta vel gengið fyrir sig, enda þó annar þeirra sè nálægt fardögunum, þegar flestir eru á ferð, sem flytja búferlum, og hinn nálægt svörtu skammdegi vetrarins, þegar allra veðra er von; en mèr lízt ei á þessa einmánaðarsamkomu; og eg sè líka, að minni hlutinn í Reykjavíkurnefndinni hefir ei viljað ganga inn á hana; eg vil færa til eitt dæmi: Vatnsleysuhreppur og Rosmhvalaneshreppur hafa sama þíngstað, í Njarðvíkum, því þínghúsið á Skaganum er engi lögboðinn þíngstaður; nú skyldi einn af þessum nefndarmönnum vera í Hvassahrauni, sem er norðasti bærinn í Vatnsleysustrandarhreppi, en hinir annarstaðar; svo skyldi vera bezti fiskiafli, einmitt þegar fundurinn ætti að haldast, og mesta snjókýngja á jörðu, og vondir vegir, svo menn gæti ei komizt áfram; hver ætli vildi nú gefa sig í þetta? Alveg eins væri það, ef maðurinn ætti heima á Stafnnesi, sem er syðsti bær í Rosmhvalaneshreppi, því báðir þessir bæir liggja mjög langt frá þíngstaðnum; en breytíngaratkvæðið undir tölul. 114 bætir úr þessum ákvörðuðu dögum. Hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna tók það fram, að þessar nefndir tæki ekki fram sættanefndum, og er eg honum samdóma í því, en af því eg er á móti aðalmálinu, skal eg ekki fara út í það meir; en að því er ástæður Reykjavíkurnefndarinnar fyrir hjúamálanefndunum snertir, þá veit eg nú ekki, hvort þær eru allar

á góðum rökum byggðar, einkum þar sem sagt er, að málarekstur frá þessum nefndum muni ekki verða öllu verri, en verið hafi; eg er að minnsta kosti ekki viss um, að meiri hagsmunir vinnist, þó þetta fengist, og ef uppástúngurnar um þetta eru vel skoðaðar, mun sjást, að það væri ekki vanþörf á, að víkja sumu við; óska eg því helzt, að varauppástúngan undir tölul. 117 verði samþykkt, en meira ekki.

Framsögumaður: Eg verð að leyfa mèr að fara fáum orðum um einstaka atriði í ræðu hins háttvirta *forseta*. Reyndar kemur hún mèr ei við að því leyti, sem hún var stíluð til *konúngsfulltrúa*; en sökum þess að skoðun sú, sem hún var byggð á, í þessu einstaka máli, bendir á almenna setníngu, sem er athugaverð, get eg ekki leitt hana hjá mèr. Eg verð þá að taka það fram, að stjórninni getur ekki verið það neitt kappsmál í sjálfu sèr, að gefa hèr á landi önnur lög um vinnuhjú, en þau, sem ætla má að sè sem beztu löguð og sniðin eptir hugsunarhætti þjóðarinnar og högum lands vors. Þetta hefir hún og sýnt berlega, með því að fela völdum mönnum hèr á landi á hendur undirbúníng þessa máls. Af þessu leiðir þá aptur, að gjöra verður ráð fyrir, að stjórnin muni gjarnan fallast á hverja þá breytíngu á frumvarpi sínu, sem hrindir því nær þörfum og hugsunarhætti Íslendínga og að *konúngsfulltrúi* hafi þá líka alveg óbundnar hendur í því, að fallast á slíkar breytíngar; eg get því eigi betur sèð, en að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hafi tekið alveg rètt í þetta mál, og að hann eigi miklar þakkir skilið fyrir það, að benda þínginu á hina rèttu grundvallarskoðun í málinu, að þessi lög eigi að vera sem þjóðlegust, að unnt er og í íslenzkum búníngi. Eg verð nú að öðru leyti einnig að álíta það mesta fagnaðarefni, að *konúngsfulltrúi* er venju fremur samdóma þínginu í þessu máli, því það er sannfæríng mín, að stjórnin og þjóðin eigi að vinna saman til landsins heilla, og að það sè því mjög æskilegt, að tillögur þeirra fari saman. Af því, sem *forseti* sagði um tillögur þíngnefndarinnar sè eg ei betur, en að maður geti leitt þá ályktun, að hann einnig sè á sama máli og hún, eins og aðrir hèr á þíngi, því úr því hann álítur, að hjúamálanefndirnar sè í sjálfu sèr svo nauðsynlegar, og fann sèr þar að auki skylt að vekja athygli að því, að þær yrði enn nauðsynlegri eptir þíngnefndarfrumvarpinu, þá getur hann ekki verið því mótfallinn, því sè einhver hlutur góður og gagnlegur í sjálfu sèr, þá verður og það fyrirkomlag að vera æskilegt, sem gefur honum fulla þýðíng og sýnir nytsemi hans,

og án þess verður hann annaðhvort þýðingarlaus eður þýðingarlítill. Eins er þá með þessar hjúamálanefndir, hvað góðar sem þær eru í sjálfu sèr, þá þarf þeirra þó ekki með, ef ei eru til þau lög, sem gjöra þær nauðsynlegar. Eg hefði því fremur vonast eptir því, að hinn háttvirti *forseti* hefði þakkað hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir það, hvernig hann tók í þetta mál og eg vona, að þessi hafi og verið hin eginlega meining í orðum hans, þó þau virtist koma nokkuð öðruvísi við.

Að því er hjúamálanefndirnar sjálfar snertir, þá er það óneitanlega satt, sem *forseti* sagði, að menn verði að gjöra sèr allt far um, að rèttargangsreglur í þessum málum sè svo óbrotnar, að menn geti leitað rèttar síns með sem hægustu móti og sem kostnaðarminnst, svo að menn verði ei af þeim hag, sem menn ætla sèr að ná með vernd laganna. Það er og satt, að það er fögur hugsun, að leggja mál sín undir drengskap manna, og hún er því fegurri, sem menn geta fremur treyst því, að hèr á landi er margur góður og sanngjarn drengur, þó eigi sè hann sprenglærður; þar að auki er það aðgætandi, að bændur menntast og kynnast lögunum því betur, sem þeir fá meiri þátt í stjórn og úrslitum málefna sinna; þetta sèst bezt af fornöld vorri, og mèr dettur hèr í hug það, sem einn af hinum merkustu vísindamönnum í Danmörku hefir sagt um hina fornu Íslendínga, að þeir hafi verið lagaþjóð *(juridisk Folk)*, líkt og hinir gömlu Rómverjar, enda er bændastèttin hèr á landi enn næsta þýðingarmikil stètt, og óska eg henni allra heilla og framfara. Um leið og eg þannig fellst á, að hjúamálanefndirnar sè mjög nauðsynlegar og gagnlegar hèr á landi, verð eg að taka það fram, að eigi þær að leysa ætlunarverk sitt vel af hendi, óg geta náð tilgangi sínum, mega sem fæstir gallar á þeim vera; það er ei einhlítt, að tilgangurinn sè góður, ef menn geta ekki náð honum. Eg vil þá drepa lítið eitt á formið og innihaldið í þessum greinum um hjúamálanefndirnar, sem hèr eru á atkvæðaskránni undir B, sem viðaukaatkvæði hins 4. konúngkjörna þingmanns. Mèr fannst vera meiningamunur milli *konúngsfulltrúa* og *forseta* um formið, hvort það sè rètt af þinginu að taka þessar uppástúngur um hjúanefndirnar til greina, eður ei. Eg fyrir mitt leyti verð að játa, að mèr finnst spursmálið nokkuð vafasamt; en eg ætla að sleppa þeirri spurníngu að sinni fram hjá mèr, því það kemur einkum *forseta* við eptir stöðu hans, að greiða rètt úr henni, og eg vil eigi vekja meiri efa um það, en liggur í málinu sjálfu.

Viðvíkjandi sjálfu efni viðaukaatkvæðisins, þá áskildi eg mèr að vísu breytíngaratkvæði við það í undirbúníngsumræðunni, en eg hefi eigi sèð mèr fært, að koma með þau, sökum þess, að þau hefði orðið svo yfirgripsmikil. Það eru mörg aðalatriði, sem hèr koma til greina; eg tiltek nefndarkosníngarnar, varnarþíngið, rèttarreglurnar og svo sjálf málsúrslit nefndanna. Þetta eru allt saman mjög þýðíngarmikil atriði, sem menn kynni að hafa aðra meiníngu um, en Reykjavíkurnefndin hefir haft, þó hún óneitanlega hafi gjört sèr far um að ganga vel frá málinu. Eg drap nú á það, hvers vegna eg tók mèr ekki breytíngaratkvæði þessu viðvíkjandi, og kaus heldur varauppástúngu þíngnefndarinnar undir tölul. 117. Eg vildi nú líka helzt, að þessi varauppástúnga yrði tekin, einkum úr því formið á viðaukaatkvæðinu er vafasamt, því þá geta menn verið vissari um, að hjúamálanefndirnar komist á, og þá fá menn betra tækifæri til, að laga þær og sníða eptir hinu fagra og gagnlega augnamiði, sem þær hafa. Drátturinn getur ekki haft nein verulega skaðleg áhrif á málið, en »það skal vel vanda, sem lengi á að standa«. Skal eg svo ekki tala fleira í þessu máli að sinni.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi leita upplýsínga *forseta* um það, ef fallist verður á varauppástúngu nefndarinnar, hvort þá eigi að greiða atkvæði um allar greinarnar í einu; eg vil því spyrja, hvort ekki eigi að leita atkvæða þíngsins um, hvort varauppástúngan eigi að komast að eða ekki.

Forseti: Fyrst vafi þykir enn um það, hvort B sè formlega upp borið eða ekki, þá mun eg, þó eg sè sannfærður um, að það sè rètt, alls eigi halda því til neinnar streitu, heldur bera það undir atkvæði þíngsins, hvort það áliti þessar viðaukauppástúngur rètt upp bornar að forminu til, eður ekki; gjöri eg það því fremur sem nokkrum kynni að virðast, að eg sjálfur mundi hafa nokkurn áhuga á þessum uppástúngum og því, hvernig þeim reiddi af. En um varauppástúngu nefndarinnar er það álit mitt, að hún í alla staði geti komizt að, því, ef »B« verður samþykkt, getur hún àtt við sem varauppástúnga; en ef »B« aptur á mót er fellt, þá yrði hún að sèrstakri uppástúngu í bænarskránni til konúngs.

Pètur Pètursson: Eg álít viðvíkjandi forminu, að »*B*» sè alveg rètt uppborið; og eg álít, að *forseti* hafi fullan rètt á, að setja inn í frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar; en eg álít, að eigi að »*votera*» um »*B*» allt í einu, en ekki um hverja einstaka grein sèr, en *forseti* setti frumvarpið allt á atkvæðaskrána, svo þíngmenn

gæti haft það fyrir sèr. Ef »B« verður samþykkt, er allt frumvarpið samþykkt; en ef »B« er fellt, verður varauppástúngan að aðaluppástúngu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal ekkert hafa á móti því, að ræða hins háttvirta *forseta* og 2. konúngkjörna þingmanns hafi verið mjög fagrar; en þó fundust mèr ástæður þeirra vera mjög ónógar til að sannfæra mig um, að þessar hjúamálanefndir væri nauðsynlegar. *Forseta* hefði, að eg held, víst þótt vafasamt, hefði það verið í sumum öðrum málum, hvort þetta atriði væri formlega upp borið; þetta er nýtt efni, alveg laust við aðalmálið; það er því engi vafi á því fyrir mèr, að hafi nokkurn tíma nýjar uppástúngur ei átt við aðalmálið, þá sè það þessar. Það er engi rèttlæting, þó gefið væri atkvæði um það í einu lagi; það gefur að skilja, að það væri hægra; en það er engi rèttlæting að það er hægra. Viðvíkjandi efninu í þessum hjúalaganefndum, þá get eg enn ei sannfærzt um, að enn sè tími til, að setja þær á stofn; eg skil ei, að bændur sè betri í þessari nefnd, en í sættanefnd; eg skil ei, hvernig menn geta sagt: »bændur eru góðir í hjúalaganefnd, en duga ekkert í sættanefnd«. Eg segi þetta ekki, til að draga úr skynsemi margra bænda hèr; en eg sè ei, að presturinn þurfi að spilla, þó hann sè með; en það fannst mèr þó vera ætlun hins háæruverðuga 2. konúngkjörna þingmanns (*Helgi G. Thordersen:* Það var merkilegt!). En hins vegar veit eg ei, hvort bændur eru einir færir um þetta í sumum hreppum; og það er alls eigi hlægileg ástæða, að ekki muni 3 menn fást til þessa í sumum hreppum. Þegar hreppstjóri og prestur með þeim bónda, sem með honum er í sáttanefndinni, eru taldir frá; sumstaðar eru ekki nema 6—7 bændur í hverjum hrepp; eg þekki að minnsta kosti 2 hreppa í einni sýslu, þar sem ekki eru nema 6 bændur í öðrum, en 8 í öðrum. Þetta á að vera bændum til sóma; en það verður líka til vanda fyrir þá; það dugar ei að segja við þá: »Þið verðið að taka þetta að ykkur, því það er ykkur til sóma«; menn verða líka að gæta að, áður en menn leggja þeim byrðina á herðar, að það er vandi fyrir þá, að ganga undir hana. Það hefir verið sagt, að það væri fagurt að leggja mál undir drengskap manna; þetta er satt; en eg veit ekki betur, en menn megi þetta enn; eg vil spyrja hina lögfróðu menn, hvort það sè nokkurstaðar bannað í lögum, ef eigi gengur saman við sáttanefnd, að leggja málið undir gjörð manna; eg hefi sjálfur einu sinni orðið svo frægur, að komast í slíka gjörð, og því veit eg, að þetta á

sèr stað. Að þessar nefndir auki starfsemi og reglusemi, sè eg ekki; eg held þvert á móti, að af þessu gæti risið þrætur og óánægja. Þar að auki held eg, að það sè ekki ávallt hægt, að koma við þessum ákveðnu fundum, t. d. um fardaga; það getur verið, að sá fundur sè hentugur sumstaðar; en eg veit, að hann væri óhentugur í Ísafjarðarsýslu; því þar eru þá allir í veri, og verða að fara 7 vikur sjávar til að komast á þingstaðina. Það var nú reyndar sagt um daginn, að bændur mætti senda konur sínar á manntalsþing, en þeir geta víst ekki gjört það á þessa fundi. Eg held, að þó þessar hjúamálanefndir væri rèttar í fyrstu, mundu þær eigi ávallt verða til taks, þegar á þyrfti að halda, því þegar frá liði, og eitthvert mál kæmi fyrir, gæti vel svo farið, t. d. að þá væri engi til, svo að þá yrði menn að fara til sýslumanns, og biðja hann að setja menn í nefndina. Eg get því ei gefið atkvæði mitt með þessum hjúamálanefndum; mèr finnst þau orð, sem töluð hafa verið með þeim, að eins hafa verið gyllingar fyrir bændur, án þess að þau sönnuðu neitt.

Páll Sigurðsson: Þó eg þakki *forseta* fyrir ræðu hans, og sè honum í mörgu samdóma, þá verð eg þó að gjöra nokkrar athugasemdir við ræðu hans.. Hann sagði, að í þessu máli hefði ei komið fram nema einn talsmaður fyrir stjórnina, en *konúngsfulltrúi* hefði staðið hèr linlega í hennar spori. Það er satt; það var einn maður, sem mest hèlt við frumvarp stjórnarinnar; en hvernig gjörði hann það? Svo, að hann greip ritjur úr stjórnarfrumvarpinu, og vill hnýta þeim innanum nefndarfrumvarpið, svo allt verður að ósamanhangandi ritju; það væri þá nær fyrir hann, að aðhyllast stjórnarfrumvarpið, eins og það er, því svo lítur út, sem að flestir krókar þeir, sem hann hefir búið til við stjórnarfrumvarpið, ætli að verða örverpi ein, og því óalandi, því breytingar hans gjöra ekki nema illt eitt, svo það er betra að láta það vera. Eg vil þakka hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*, að hann lýsti yfir áliti sínu á málinu, og þar stóð hann sem sannur Íslendíngur, er þekkti vel til, og áleit þíngnefndarfrumvarpið þjóðlegra, en stjórnarfrumvarpið; það var ekki heldur svo, að nefndin vildi hafna frumvarpi stjórnarinnar, þar sem hún áleit, að það gæti átt við. Ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu sýna, að þar er sagt Reykjavíkurnefndin hafi ekki lagað sig nóg eptir lögum Dana, því Reykjavíkurnefndarfrumvarpið er þjóðlegra að mínu áliti, en stjórnarfrumvarpið; í þessari nefnd sátu líka 2 menntuðustu menn og svo bændur úr hverju amti, sem hlutu að þekkja

vel ásigkomulagið heima í hèruðum, og hver lagði það til, sem gat og áleit hentast vera. Álit þessarar nefndar hafa nú aptur fleiri bændur yfirlitið og allir þingmenn, og gjört mjög litlar breytíngar við það, því þeir hafa álitið þetta mest samkvæmt venjum og daglegu lífi; þetta tók *konúngsfulltrúi* fram, og það þakka eg honum líka fyrir. Það kann vel að vera, að misfellur sè á nefndarfrumvarpinu, en eg held þá, að megi finna þær engu síður á stjórnarfrumvarpinu. Að því er hjúalaganefndirnar snertir, þá hefir það verið tekið fram, að það var gengið til atkvæða um þær í nefndinni, og 5 voru á *móti þeim*, en ekki af því, að bændur fyndi ei til, að það væri framfarastig, heldur gjörði það naumleiki tímans, og svo þótti þeim málið sjálft svo yfirgripsmikið, að ekki mundi verða mikið afgangs frá því. Eg vil lýsa því yfir um efni málsins, að mèr þykir undirstaðan ágæt, og skrifa eg í því tilliti alveg undir það, sem hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni sagði. En um formið, þá læt eg nú alveg ósagt, hvort þetta mál er svo undirbúið,að stjórnin geti gefið því gaum, og því fremur, þegar hún hafnaði frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar. En þetta væri samt, að mínu áliti, frækorn, til að vekja nýtt þjóðlíf, að fá þessa gjörðarmenn; það gæfi mönnum hvöt og þrek til, að hugsa um almennar sakir, og hafa meira yfirgrip yfir góða reglu í sveitafèlagi sínu, og þess vegna bar eg upp, ef málið yrði tekið, breytingaratkvæði, sem mèr fannst í frjálslega stefnu. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði þíngmanns Barðstrendínga, sem stíngur upp á, að leggja hjúamál undir sáttanefndir, þá læt eg það nú liggja milli hluta; en eg held, að það veitti þá ekki af, að bæta við þær einum þriðja manni, og að þær fengi meira gjörðarvald, en þær hafa nú; en betra áliti eg þó í þessu máli, að byrja á litlu. Eg hefi nú heyrt mörg mótmæli móti þessum nefndum, og mörg af þeim hafa verið á góðum rökum byggð, en þau hafa þó ekki vegið upp á móti ágætinu í efni þeirra. Okkur bændum hefir fundizt, að vèr værum búnir að missa og týna niður þeim fornu þjóðarrèttindum vorum; vèr höfum misst dómsvald og gjörðarvald, og höfum nú einasta fengið aptur, að mega ráðleggja á þíngi, síðan alþíngi hófst að nýju. Eg vil því gefa atkvæði með, að þetta verði tekið, ef þíngið er með því, þó eg reyndar óttist, að formið sè ekki gott; það er þá einasta, að taka varauppástúngu nefndarinnar, og eg læt liggja milli hluta, hvernig stjórnin tekur í það; en þetta mál þyrfti að ræðast vel og rækilega. Eg vil ekki neita,

að Reykjavíkurnefndin hafi gengið vel og rækilega frá því, en »betur sjá augu, en auga«.

Jón Hjaltalín: Eg verð að vísu að halda áfram í líka stefnu og síðast; eg sè ekki enn út yfir þetta reginhaf, og verð því, eins og þegar eg er á sjóferðum, að trúa lóðsinum og formanninum; þetta lítilræði, atkvæðaskráin hèrna, sem eg ekki áður hafði tíma til að kynna mèr, hèlt fyrir mèr vöku í nótt, og hèlt eg ekki, að eg mundi eygja út úr þessu reginhafi, og sjá land; en hèr um bil um sólaruppkomuna kom eg þó auga á ofurlítið annes, mèr sýndist þó betra en ekki neitt; eg setti upp gleraugun mín, og það hýrnaði yfir mèr, þegar eg þó þóttist sjá landsskika, þar sem viðaukaatkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns stóð. Mèr virtist það þó eins og ofurlítill »*góðrarvonarhöfði*« fyrir vesalíngs hjúin, sem mèr annars fannst geta staðið rèttlaus, ef þau ætti við þrætugjarnan og ósanngjarnan húsbónda (*Jón Sigurðsson* frá Haugum: má ske eptir stjórnarfrumvarpinu?) nærfellt eptir þeim báðum, ef þessi litli tangi er frá þeim tekinn, og hvað mikið sem við Íslendíngar viljum hæla okkur sjálfir, verðum við þó víst að játa, að því líkir húsbændur geti fundizt á meðal vor; það hefir sjaldnast vantað þrætugirnina hjá okkur Norðurbúum, og eptir því sem lögin fjölga, fjölga líka þræturnar um þau, því þar sem búníngur þeirra eru „*orðin*“, eru þau ýmsum skilníngi undirorpin, og opt getur út úr þeim spunnizt þræta. Væri málaflutníngsmenn á annari hverri þúfunni, þá væri öðru máli að gegna, því þá mætti leita þeirra, til að fá rètt sinn; en sè nú þessu, sem eg kalla lífatkeri hjúanna, sleppt, þá standa þau næstum því rèttlaus eptir, ef þau ætti við þrætugjarnan húsbónda. Eg skal nú t. a. m. taka fyrir 59. greinina og imynda mèr, að eg sè hjú hjá þrætugjörnum húsbónda, og hvernig færi, má eg spyrja? hvernig væri farið fyrir mèr, ef eg t. a. m. slasaðist og legðist veikur? eg held það yrði örðugt að sanna fyrir rètti, að húsbóndanum væri þetta að kenna; eða hversu marga sjúkdóma gæti ekki húsbóndinn bakað hjúi sínu án þess honum yrði gefið það að sök? og þá yrði hjúið, auk sjúkdómsins, að hafa allan kostnaðinn af því, að leita sèr læknínga, ef svo heppilega skyldi vera ástatt, að læknishjálp væri að fá. Mèr finnst það því ekki vera beisinn rèttur, sem hjúin hafa. Eg gjöri ráð fyrir, að *framsögumaður* svari mèr því, að ekki þurfi að óttast fyrir þessu af húsbónda; eg geng að því sem vísu, að hann haldi þá alla svo ágæta; en eg fyrir mitt leyti þori ekki að treysta því.

Eða hversu opt sýnir það sig ekki, að húsbóndinn er ræktarlaus við hjú sitt? Og ætti menn ekki að gefa þessu mikinn gaum, og reyna að stemma stiga fyrir því? Það er »mjór mikils vísir«, og svo má segja um þetta lagaboð, að það er nóg, ef ein einasta grein getur svipt aumingja rètti sínum, og þar sem hèr í 1. gr. er gjört ráð fyrir, að 16 vetra gamalt barn geti ráðið sig sem hjú; og annað en barn er það ekki, þegar það er ekki eldra en 16 vetra, og er því full ástæða til að tryggja stöðu þess, svo húsbóndinn ekki geti misbrúkað rètt sinn; og til þessa álít eg einmitt hjúanefndirnar einasta meðalið. Það hefir margt verið um þær talað, en eg get ekki neitað því, að það hljómar einna mest í eyrum mínum, sem hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, því það var öldúngis sem eg hugsaði í morgun, þegar eg las þessa atkvæðaskrá. Um sjálft formið skal eg ekki tala margt, enda mun mèr ekki láta það; en eg get þó ekki látið vera að geta þess, sem mönnum mætti álítast ótrúlegt, að mótmæli skuli koma, og það frá þeim, er menn sízt skyldi ætla, nl. frá bændunum; þeir hafa þó híngað til haldið upp á nefndir og sjálfdæmi, og oss Íslendíngum hefir verið þetta kært, því það er gömul arfleifð úr sögu vorri; enda er nú þetta haft meðal allra siðaðra þjóða. Mèr heyrðist hèr á einum þíngmanni, sem bændunum væri trúað fyrir of miklu með þessu, og að hann hèldi að sáttanefndirnar væri betri, því ekki mundi presturinn spilla til; þetta kann vel að vera, þó eg þykist hafa dæmin fyrir mèr, að þeir ekki hafi bætt mikið fyrir í kláðamálinu, enda fannst mèr hinn 2. konúngkjörni þíngmaður leiða svo ljós rök að því, að í þessu máli væri bændur eins færir um að dæma, sem prestar, og mun honum þó ekki gjarnt að níða prestana. Enda virðist mèr þetta ekki útheimta mikla lagakunnáttu, því öll lagabókin er ekki lengri en þetta: »Hvað helzt þèr vilið að mennirnir gjöri yður, það eigið þèr og þeim að gjöra«, og álít eg því heilbrigða skynsemi bændanna, ef þessa er gætt, betri fyrir rètt hjúanna, en nokkurn tíma sýslumenn og landsyfirrètt; og gengur yfir mig, að hinn heiðraði *framsögumaður,* sem annars er svo frjálslyndur og vill, að hver nái rètti sínum, ekki skuli hafa gripið þetta fegins hendi, því eg get ekki skilið, hvernig hjú annars gæti náð rètti sínum eptir þessum lögum. Sumir hafa viljað fresta þessu; en eg held hèr eigi við hið þýzka máltæki, sem segir: »að nóg megi til morguns«, þó ekki sè verið að gjöra sèr ómak fyrir að geyma sèrhvað; eða til hvers er verið að geyma þetta? Er ekki bezt að ljúka því

nú þegar? Eg tek það upp aptur, mig stansar á því, að mestu mótmælin skuli koma frá bændunum. Þeir vilja þó fá valdið í hendur; þeir vilja fá löggjafarvald; en eins og vantreysta sèr til að geta gjört hjúum sínum rètt. Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður tók þó þetta skýrt fram, og skaut því til góðra tilfinníuga manna, að yfirgefa ekki hjú sín á flæðiskeri; en það er eins og menn hafi ekki heyrt það, sem hann sagði, eður þá bændurnir segi sem svo: »við erum þessa ekki verðir«; en þó vilja þeir hið meira; en eg held þeim væri eins gott, að reyna sig fyrst á hinu minna; geti þeir ekki leyst það af hendi, svo mynd sè á, væri víst kríngra að lægja seglin. Eg skal nú ekki tala meira um þetta mál, en einúngis enn einu sinni taka það fram, að ef ekki hjúanefndirnar komast á, þá vildi eg helzt að allt væri fellt, bæði nefndin og viðaukauppástúnga, og grafið í sömu gröfinni. Þó eg ekki sè lagamaður, en *framsögumaður* sè það, þá þekki eg hann sem rèttsýnan mann, og þó eg gjöri ráð fyrir, að hann þykist þurfa að rífa niður það, sem eg nú hefi sagt, mun hann samt játa mèr, að hèr ekki er um smámuni að tefla, þar sem gildir rètt eður rèttleysi allra vinnuhjúa, sem eru undirstaða hvers búss; »en með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða«; hann er víst svo rèttsýnn, að hann ekki vill reyra að hjúunum þann lagahnút, sem engi getur leyst, og kann ske engi verður til, að hafa gerð í sèr, til að höggva sundur.

Konúngsfulltrúi: Eg skal þó leyfa mèr að benda þínginu á, að það er varlegra að aðhyllast varauppástúngu þíngnefndarinnar undir 117. tölulið, heldur en breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, undir litt. B, nr. 110, því ef stjórnin fellst á uppástúngu nefndarinnar, þá gefst þínginu kostur á að ræða málið; en það gefst því ekki, eins og það nú liggur fyrir, og því fremur virðist þessi aðferð eiga betur við, sem eg tel það engum efa bundið, að uppástúnga Reykjavíkurnefndarinnar um hjúamálanefndirnar og fyrirkomulag þeirra mundi verða í verulegum atriðum breytt og þurfa að breyta.

Ræðu hins 5. konúngkjörna skal eg ekki svara; hann sagðist líka vera, eða hafa verið í hafvillum, að því er málið snertir, og eg treysti mèr ekki til að koma honum úr þeim.

Pètur Pèturson: Eg þarf að vísu ekki að svara því, sem hinn háttvirti *forseti* kallaði býsnin öll, að *konúngsfulltrúi* hefði beinlínis tekið nefndarálitið framyfir frumvarp sjórnarinnar, því *konúngsfulltrúi* er sjálfur búinn að svara fyrir sig; en eg vil einúngis vita

hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* þakkir fyrir það, að hann blátt á fram fylgir sannfæringu sinni sem Íslendingur í þessu máli, og eg trúi ekki öðru, en stjórnin óski þess, því sè nokkurt mál íslenzkt, þá er það þetta mál. Eg vil að vísu ekki lasta Reykjavíkurnefndarfrumvarpið, en eg er samt hræddur um, að hún hafi of mikið lagt dönsk lög til grundvallar, og stjórnin má ske einmitt þess vegna ekki hafi viljað ganga inn á hana. *Konúngsfulltrúi* hefir ekki heldur hælt nefndarálitinu í öllum greinum; hann hefir þar á móti tekið fram ýmislegt, er hann hafði á móti henni. Það hefir áður vanalega verið viðkvæðið hèr á þingi, að hinir konúngkjörnu þingmenn dragi of mikið taum stjórnarinnar, og fylgdi ekki nóg sinni eigin sannfæringu, en nú lítur svo út, sem þeir megi hvorugt, og þá er í sannleika orðið örðugt að vera hèr konúngkjörinn þingmaður. Að því er hjúanefndirnar snertir, þa finnst mèr hugsunin ágæt, þó eg að vísu ekki hafi grætt mikið á ræðu hins háttvirta 5. konúngkjörna þingmanns, því hann var orðinn svo sjóhræddur, að ekki tók tárum; hann hèlt hann mundi aldrei ná landi, enda er ekki von á því, að menn á stuttri stundu geti sett sig inn í jafnflókið og umfángsmikið mál, og þetta er, það þótti honum einna verst, að þessi lög væri svo, að þau gæti skilizt á ýmsa vegu; en þó vildi hann trúa rètt hverjum óvöldum bóndamanni fyrir því. Hann vildi endilega ganga inn á staflið *B*, og skal eg ekki telja úr því, þó eg að vísu efist um, að formið sè í lagi, en vil samt heldur aðhyllast varauppástúngu nefndarinnar. Eg skal leyfa mèr að vekja athygli þingsins á því, að það skaðar öll mál, sem þingið vill fá framgengt, ef atkvæði þess tvistrast, því þá sèr stjórnin ekki, hver vili þingsins er, en ef þingið nú eindregið beiddi stjórnina um frumvarp, sem lagt yrði fyrir þingið, ímynda eg mèr, að það fengist, og sè eg þá ekki miklu spillt við dráttinn.

Magnús Andrèsson: Við undirbúníngsumræðu þessa máls vildi eg tala fáein orð um þennan kafla málsins, en tíminn og lengd þingræðnanna, sem orðnar voru, leyfði það eigi; eg ætlaði nefnilega að óska þeim mönnum til lukku, sem mest og ákafast mæla fram með þeim svokölluðu hjúalaganefndum; eg ætlaði að óska, að þær — ef þær komast á fót — yrði þýðingarmeiri og happasælli, en þær reglulegu sættanefndir, sem nú eru, því mèr getur ekki betur skilizt af ræðum þessara þingmanna, en að *þær* nefndir sè öldungis ónýtar, og það einkum vegna þess, að þær hafa ekkert gjörðarvald; en hugsjón þeirra skoðar þessar ímynd-

uðu hjúalaganefndir sem nær því almáttuga veru; en af því að eg held, að þeir horfi einungis á aðra hliðina á þessari fögru sólmynd, sem þeir hafa tilbúið, þá vil eg leyfa mèr með fám orðum, að sýna að eins hina hliðina, eins og hún blasir við, frá mínu sjónarmiði, jafnvel þó þingmaður Reykvíkinga sè í ræðu sinni búinn að lýsa öldúngis sömu skoðun á málinu, sem eg vildi gjört hafa. Það er þá fyrst, að sýslumaður með ráði sóknarprests kveður menn í nefndina, 3 valinkunna bændur; undir þá nefnd skulu eiga öll þau mál, sem snerta rèttindi og skyldur húsbænda og hjúa; hún á að sætta málspartana, ef unnt er, en annars leggja óraskanlegan úrskurð á málið, ef báðir partarnir koma sèr saman um að leggja það í gjörð. Það er nú meiníng mín, að ef þessi nefnd ætti að vinna hylli og tiltrú sveitarmanna, og það þarf hún að gjöra, þá mundi miklu ráðlegra að mennirnir væri kosnir af hreppsbændum sjálfum, því svo getur að borið, að bæði sýslumaður og prestur sè ókunnugir í sveitinni; svo og líka þykir mèr það mikill skaði, að engi prestur skal vera í þessum nefndum, því það er allvíða, að presturinn er færastur og bezt til fallinn allra manna í hreppnum, að leita um sættir og miðla málum, sömuleiðis að færa til bókar það, sem skrifa þarf; en eg þekki nokkra hreppa svo ásigkomna, að þar er engi bóndi, yngri en 60 ára, sem sè fullkomlega fær um að halda bókina, svo í lagi sè, og allra sízt til að útgefa öll þau skjöl og skýrteini til dómarans, sem nefndinni er ætlað að gjöra, hvar á dómurinn skal byggjast, gangi málið til lands laga og rèttar; en það er nú að vísu mesti og bezti aðalkosturinn, sem þessum nefndum er talinn til gildis, að þetta muni sjaldan eða aldrei að bera, en því get eg ekki verið samdóma; undanfarin margra ára reynsla er búin að sannfæra mig um það, að þegar laglegum sáttasemjurum tekst með engu móti að sætta málspartana, þá munu þeir (o: partarnir) varla koma sèr saman um, að leggja það undir drengskap nefndarmanna, að ráða úrslitum málsins, án þess að þeim úrskurði megi áfrýja. Það er annað mál, ef þeir væri *skyldir* að leggja málið í gjörð, en þegar þeim er það einúngis heimilt, ef þeir koma sèr saman um það, þá mun, að minni meiníngu, í hið minnsta annarhvor hugsa sem svo: »mèr finnst að þessir nefndarmenn í öllum sínum tillögum hallist á mig, og skal eg heldur láta málið falla niður, en að eg leggi það í dóm þessara manna, ef eg hefi ekki þrek til að halda því til laga«; og hvað er þá unnið fram yfir það, sem reglulegar sættanefndir

mundu afreka? Eg vil meina ekkert; þetta bið eg þingmenn vel að íhuga, áður en þeir greiða atkvæði um þessar hjúalaganefndir, ef til þess þarf að taka. Þá er þar næst að líta á, hverjar byrðar þessi lög, ef þau komast á, leggja á bændur; nefndin á að eiga með sèr 3 fundi á ári, nefnil. á jólaföstu, einmánuði og um fardaga, líkast til alla þýðingarlausa, því rísi misklið upp milli húsbænda og hjúa, mun kærandinn, á hverjum tíma sem er, ekki tefja við að kæra málið fyrir nefndinni, ef hann annars ætlar sèr að gjöra það. Og fari svo, — eins og eg heyri að sumir þingmenn telja víst — »að syndin aukist með boðorðinu«, að sífeldar deilur rísi upp milli húsbænda og hjúa, þegar þessi hjúalög eru komin í kríng, þá ímynda eg mèr, að fáir bændur muni sita lengur við þennan launalausa starfa, en 6 ár; en þegar aðrir 3 eiga að koma í hinna stað, hygg eg að í mörgum sveitum verði skortur á mönnum, er trúandi sè til, að leggja *appellslausan* úrskurð á vandasöm og má ske iskyggileg mál, sem vel geta fyrir komið milli húsbænda og hjúa, eins og annara. Hinn 5. konúngkjörni þingmaður heldur, að hjúunum aukist sú rósemi við þessar nefndir, að þau aldrei þurfi að hreifa sig út úr sveitinni, ekki einu sinni að leita sèr læknínga; þetta er háleit hugsun; hann segir líka, að það sè *órètt,* ef þingið ekki nú þegar biði um þessar hjúalaganefndir; þessu get eg ekki verið samdóma, því auk þess að eg álít mjög tvísýnt um verulegt gagn þeirra, fram yfir þær sáttanefndir, sem nú eru, þá er mèr einnig efasamt, að þetta sè í rèttu formi upp borið hèr á þínginu, og um það vil eg fara fáeinum orðum; þennan hala, sem Reykjavíkurnefndin hnýtti aptan í frumvarp sitt til nýrra hjúalaga, hefir stjórnin leyst eða skorið af, þegar hún samdi frumvarp það, sem hèr nú liggur fyrir; hún að vísu sendi frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar sem »fylgiskjal«; hvort þingnefndin hefir haft það til hliðsjónar á fundum sínum, er mèr ókunnugt; hitt veit eg, að hún hefir hvergi skýrskotað til þess í nefndarálitinu, og því síður hnýtt aptan í það þeim 12 greinum, sem stjórnin kippti burt; þessar greinar hafa ekki legið fyrir á þíngínu og ekki ræddar á lögskipaðan hátt; þær birtast hèr fyrst sem viðaukaatkvæði á atkvæðaskránni; ætti nú að sýna þær stjórninni aptur óumbreyttar, hygg eg að hún mundi ekki fallast betur á þær, en fyr, og jafnvel síður fyrir það fallast á hjúalagafrumvarpið, eins og það kemur frá þínginu. Að vísu sè eg, að búið er að gjöra breytíngaratkvæði við eina greinina, og það svo stórkostlegt, að aðalefni greinarinnar falli burt;

þetta gefur mèr þá hugvekju, að fleira mundi hafa þurft lagfæringar við. Eg gef ekki atkvæði mitt fyrir neinu af þessum greinum í þetta sinn; en ekki er eg frá því, að fallast á varauppástúngu þíngnefndarinnar, tölul. 117, að stjórnin leggi fyrir næsta alþíngi frumvarp um hjúalaganefndir hèr á landi, byggt á grundvallarreglunum í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar; mèr sýnist þetta ætti að vera sèrskilt lagaboð, en ekki samfast við hjúalögin, og eins og stjórninni hefir þótt ástæða til að áskilja húsmanna- og lausamannalögin frá hjúalögunum í Reykjavíkurfrumvarpinu, svo hefir henni líklega fundizt, að þessi nefndarlög ætti þar ekki heima heldur. Eg ætla svo ekki að tala fleira um þetta mál, líklega verður bráðum gengið til atkvæða og farið að murka niður úngkindur þíngmannsins frá Suður-Múlasýslu.

Stefan Eiríksson: Það er nú að vísu þýðíngarlaust fyrir mig að taka til máls, þar nú er búið að ræða svo mikið um þennan siðasta kafla, en af því eg talaði ekkert um hann við undirbúníngsumræðu, og eg hèt því gær að taka til máls, þá ætla eg nú að byrja á því, að lysa því yfir, að eg ætla að gefa atkvæði mitt með viðauka uppastúngu hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns undir staflið *B*. Eg held nú því heldur, að þörf sè á nefnd þessari, sem eg ímynda mèr, að það geti þó á endanum orðið einhver heild af lagaboði úr þessu atkvæðarusli, sem hèr liggur fyrir, því það er öldúngis satt, sem hinn háttvirti *forseti* tók fram áðan, að það má ekki miða við það, þó hjú ekki hafi híngað til farið fyrir dómstólana með mál sín, þar svo að segja engi heild hefir til verið af hjúalögum, og aptur hefir ekkert hjú það kaup, að það geti gjört sèr von um annað en óhag að öllu samanlögðu, eptir því, hvað ervitt er hèr á landi, viðast hvar, að ná til dómendanna; það hefir nú verið að heyra á sumum bændum, sem þeir vildi ekki missa þessi hjúamál frá þeim sáttanefndum, sem verið hafa; eg vil nú enganveginn gjöra lítið úr þessum gömlu sáttanefndum. Eg að vísu veit nú ekki, hvort bændur hèr á þíngi, sem lagt hafa á móti hjúamálanefndinni, eru sáttamenn; en sè þeir það, þá bið eg þá gá að því, að þeir eru ekki útilokaðir frá þessari hjúamálanefnd; eg tel það sem sjálfsagt, að þeir einmitt verði valdir í hjúamálanefndirnar fremur öðrum, því þar er engi útilokaður frá, nema presturinn; þíngmaður Mýramanna var að tala um, að málspartarnir mætti sitja með þessa gjörð nefndarinnar, hvort þeim líkaði hún vel eða illa; míkið satt! en hann hefir ekki lesið vel ofan í kjölinn 45. gr.; þar

er nefnilega gjört ráð fyrir, að báðir málspartarnir sè við staddir á sáttafundinum, og málið sè því að eins lagt í gjörð, að báðir málspartar samþykki. Eg ætla nú þessum mönnum, hverir helzt svo sem þeir eru, að þeir geti þekkt svo þessa gjörðarmenn, eptir að þeir eru búnir að vera þarna hjá þeim til sáttaumleitunar, að þeir leggi málið því að eins í gjörð, að þeir hafi tiltrú til gjörðarmannanna; þingmaður Reykvíkinga var að tala um, að það væri hvergi bannað í lögum, að leggja mál í gjörð sáttanefndanna, sem verið hafa, en hann gat þess einnig, að hann hefði orðið svo frægur, að sú aðferð hefði verið viðhöfð, og eptir sem mèr skildist, að málspartarnir hefði vel unað við gjörðina. Þetta einmitt sannar, að hjúamálanefndirnar sè nauðsynlegar. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendínga hefir tekið sèr breytíngaratkvæði undir tölul. 110 á þá leið, að allt hjúamálakrit skuli heyra undir þær vanalegu sáttanefndir; en þetta breytíngaratkvæði er, eins og eg hefi áður á minnst, öldúngis óþarft, þegar það er borið saman við 45. gr. Eg að vísu játa það, að mèr þykja óþarfir þessir 3 fundir, sem nefndir eru í 41. gr.; að vísu hafa 2 heiðraðir þingmenn tekið sèr breytíngaratkvæði á þá leið, að hafa engan lögákveðinn fund; en það á aptur eins illa við, eins og að hafa þá 3.; mèr hefði geðjast bezt að því, að fundir þessir hefði verið 2, í maí og október, eins og tekið er fram í ástæðum minna hlutans í Reykjavíkurfrumvarpinu. Eg sè því miður ástæðu til, að fundirnir sè fleiri en 2, þar sem að hlutaðeigandi málspörtum er gefinn kostur á því, í 44. gr., að stefna málum sínum fyrir aukafundi; að svo mæltu sezt eg nú niður, en ætla mèr þegar til atkvæðanna kemur, að standa upp fyrir hverri grein í þessari hjúamálanefnd.

Björn Pètursson: Eg held það verði nú bágt fyrir mig, sem bæði er minnstur og yngstur postulanna hèr á þingi, að mæla stjórnarfrumvarpinu eða stjórninni bót, þegar að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, sem maður þó verður að álíta sem kjörinn til, að halda svörum uppi af hennar hálfu hèr á þingi, ekki gjörði það. En svo að þetta ekki verði mèr til ámælis, þá verð eg að lýsa því yfir, að það er engan veginn af því, »að eg vili nudda mèr upp við stjórnina«, eins og einn heiðraður þingmaður sagði á þingi 1859 um þá, sem honum þótti draga taum stjórnarinnar, heldur af hinu, að mèr *yfir höfuð* að tala líkar frumvarpið vel, og finnst það eiga vel við með nokkrum breytíngum. *Konúngsfulltrúi* hældi nefndarfrumvarpinu í gær, mest fyrir það, að það væri í alla staði svo íslenzku-

legt, *nema 16 ára aldurinn* í 1. grein, sem mèr einmitt finnst *íslenzkulegastur* hjá nefndinni, af því hann er bæði byggður á Jónsbók og því, sem enn tíðkast hjá þjóðinni, að 16 vetra gamlir unglíngar mega ráða vistum sínum. Aðalástæða hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* fyrir því, að nefndarfrumvarpið væri íslenzkulegra, en stjórnarfrumvarpið, var sú, að í þíngnefndinni væri íslenzkir menn.

En voru þá ekki þessir 3 nefndarmenn hèr í Reykjavík og amtmennirnir, að minnsta kosti 2 af þeim, líka íslenzkir?

Konúngsfulltrúi gleymdi í gær að sýna, í hverju t. a. m. 7. 9. 10. og 11. grein nefndarinnar væri svo yfirburða íslenzkulegar og hagfelldar. En eg vona, að hann gjöri það í dag, og eg leyfi mèr að beiðast þess, svo að eg líka geti sèð það.

Eg sný mèr þá að atkvæðaskránni. Við tölulið 62 vil eg geta þess, að þar er prentvilla; þar á að standa: *hálfum mánuði,* en ekki: »*viku lengri*« (Nokkrir þíngmenn: »Þetta mál er útrætt«). Nei, það var rætt í gær aptur að tölulið 59, en í dag hefi eg ekki fengið að taka til orða í þessu máli. (*Forseti:* »Þíngmaðurinn hefir rètt«).

Þetta breytíngaratkvæði gjörði eg bæði af því, að það er samkvæmt Jónsbók, og líka af því, að mèr finnst það mikil ósamkvæmni hjá nefndinni, þar sem lög hennar eru svo hörð í 7. grein, að hjúið skuli mega vera svo lengi frá verkum um þann helzta og nærfellt einasta bjargræðistíma. Það er þó auðsætt, að þegar vistarsamníngur er gjörður milli hjús og húsbónda, þá lofar hjúið *vinnu sinni,* en *húsbóndi kaupi og mat;* með öðrum orðum: hjúið selur vinnu sína, en húsbóndi kaupir. Nú á hjúið rètt á að ganga úr vistinni, ef húsbóndi ekki stendur í skilum, en hvort sem það kemur af því, að hann ekki *getur* eða ekki vill; en hjúið þarf ekki að borga neitt, þó það geti ekki uppfyllt samníginn svo og svo lengi. Eg vil ekki *taka* þann *rètt af húsbónda,* sem hann *á gegn hjúinu,* en þar fyrir ætlast eg ekki til, að húsbóndinn skuli ætíð beita þessum rètti, og eg er nokkurn veginn viss um, að það kemur sjaldan fyrir og allrasízt við gott hjú. En ef þínginu þykir samt þetta ísjárvert, þá vona eg þó, að það gangi inn á varaatkvæði mitt og þíngmanns Borgfirðínga undir tölulið 63. Þá kem eg til uppástúngu minnar undir tölulið 76. Eg gjörði hana mest af því, að eg gat með engu móti fellt mig við 1. tölulið í 28. grein nefndarinnar, undir tölulið 76, eins og eg hefi áður sagt. *Framsögumaðnr* hefir reyndar sagt, að hann væri byggður á hugsunarhætti

alþýðu, eins og allt annað hjá nefndinni. En eg verð að segja, að eg þekki ekki þann hugsunarhátt, og eg held þvert á móti, að þetta hafi engum til hugar komið. Um tölulið 77. og 79. ætla eg ekki að tala, því eg vona að þingið fallist á þá, ef það kastar ekki stjórnarfrumvarpinu alveg, og ekki heldur um fyrra partinn af breytíngaratkvæði mínu, tölulið 81, því það er hið eina breytíngaratkvæði mitt, sem nefndin hefir samþykkt. Í síðara hluta þessa breytíngaratkvæðis hefi eg stúngið upp á orðabreytíng: nefnil. »húsbænda« fyrir: »húsbónda«, en eg sè, að það má missast, enda stendur það hèr milli sviga. En þar á móti er þessi orðabreytíng ómissandi undir tölulið 52, við tölulið 53: Eg hefi líka stúngið upp á því, að í staðinn fyrir: »*ósiðsemi*« verði sett: »*lauslæti*«; það getur nú verið að þínginu þyki þetta orð klúrt eða klámfengið, en eg sè að stjórnin sjálf hefir borið það í munn sèr, og nefndin hefir neyðst til þess líka (sbr. undir tölulið 95). Eg verð líka að halda, að þetta hafi verið meiníng nefndarinnar hèr, þó hún hafi kynokað sèr við að setja þetta orð, því eg get varla ímyndað mèr, að hún hafi ætlazt til, að allt það, sem getur innbundizt i orðinu: »*ósiðsemi*« bæði stórt og smátt, skyldi varða burtrekstri, því þar undir geta heyrt ógna litlar sakir.

Breytíngaratkvæði mitt undir tölulið 92. gjörði eg af því það á betur við, ef hjúamálanefndirnar yrði samþykktar, sem eg vona að verði, því þetta atriði heyrir beinlínis undir þær. En það er ekki hægt að greiða atkvæði um það, fyr en búið er að ganga til atkvæða um hjúamálanefndirnar; má ske það mætti bíða þangað til?

Eg þarf ekki að vera langorður um viðaukaatkvæði hins 4. konungkjörna undir staflið *B*, því bæði hinn háttvirti *forseti* og hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður hafa tekið svo ljóslega fram nauðsyn þeirra og ágæti, og eg vona, að allir sjái, hversu fögur hugsun liggur til grundvallar fyrir þeim. Breytíngaratkvæði mitt undir tölulið 114. gjörði eg af því, að þetta atriði er sú verulegasta ástæða hjá stjórninni móti hjúamálanefndunum, og hún hefir lagt alla áherzluna á hana; og mèr finnst líka þessir ákveðnu fundir með öllu óþarfir. Hinar aðrar ástæður eða viðbárur stjórnarinnar finnast mèr mjög veikar, t. a. m. sú, að svo fá mál komi fyrir á milli húsbænda og hjúa, því það er einmitt sönnun fyrir því, að nefndirnar sè nauðsynlegar, því það, að svo fá mál koma fyrir milli húsbænda og hjúa, kemur alls eigi til af því, að eigi sè nóg

tilefni til þeirra, heldur af hinu, að það er opt svo lítið þrætuefnið, að það kostar margfalt meira að ná rètti sínum með málssókn, heldur en það er vert, sem málssókninn ætti að rísa af.

Stjórnin hefir og barið því við, að í sumum hreppum sè svo fáir búendur, að það væri mjög vafasamt, hvort unnt væri að koma við þess konar nefndum við hliðina á sáttanefnunum. Hún segir, að í sumum hreppum sè, *ef til vill*, ekki nema 7 eða 8 húsfeður. Þetta er og mjög veik ástæða, því fyrst og fremst eru sárfáir hreppar svo þunnskipaðir (Mig minnir að þingmaður Reykvíkinga, sem þó er svo vel að sèr í geógraphíunni, gæti að eins talið 2 hreppa fyrir vestan); og í annan stað sè eg ekki neitt á móti því, að 2 hreppar gæti haft sömu hjúamálanefnd, ef svo stæði á, að ekki fyndist 3 menn í hverjum hrepp, sem færir væri um að hafa þann starfa á hendi, sem óvíða mundi að bera, því eg get hvergi sèð að ekki megi kjósa í þessa nefnd 2 sáttarsemjara sveitarinnar. Með þessu get eg huggað alla *sáttarsemjara* hèr á þingi í bændaflokknum; það eru þá ekki nema prestarnir, sem yrði útilokaðir frá þessu embætti. En eg held í rauninni, að það sè ekki stór skaði, því fyrst gefur þetta embætti mjög lítið af sèr, og svo finnst mèr það ekki eiga við, að prestar sè að argast í þess konar málum. Það er mjög óvíst, að það aflaði þeim mikilla vinsælda. Eg er sannfærður um, að prestar í Múlasýslum gefa ekki um þetta embætti, og eg þori að *renoncera* upp á það, fyrir þeirra hönd. Þeir geta lagt gott til málanna fyrir því. Mèr þótti vænt um, að hinn heiðraði *framsögumaður* mælti með þessum hjúamálanefndum, en ekki móti þeim, eins og hinn 5. konúngkjörni hèlt. En mèr bæði þykir fyrir, og furðar á, að sumir af bændum skuli vera þeim svo mótfallnir. Eg skil ekkert í, hvað þeim getur þótt að þeim, nema ef væri það, að þeir óttuðust, að bændur mundi fá of mikil ráð eða komast til of mikilla valda á endanum.

Það hefir mikið verið talað um, hvort þessi viðaukauppástúnga væri formlega uppborin. Eg er nú ekki sterkur í forminu, en mèr finnst þó hún vera það, þegar hún hefir legið fyrir, sem fylgiskjal frá stjórninni við stjórnarfrumvarpið. Komist ekki aðaluppástúngan að, get eg ekki skilið, að varauppástúngan geti heldur komizt að.

Jón Pètursson: Eg talaði nokkuð um þessar hjúalaganefndir við undibúníngsumræðu þessa máls. Mótbárum þeim, sem nú hafa verið fram bornar móti þeim, má skipta í 3 flokka. 1. Að því er form-

ið snertir. 2. Um nytsemi þessara nefnda og 3. hvort ekki mætti betur skipa þessu máli, en Reykjavíkurnefndin hefir gjört. Þá er fyrst að því er *formið snertir*. Mèr heyrist menn hèr setja alla sína speki í það, að binda sem mest verkasvið alþingis að þeir geta, og þröngva rètti þess, bæði að því er er efni og form snertir; mèr sýnist að þingmenn ætti ekki að stæra sig af slíku. Eg skil ekki, að neitt sè því til fyrirstöðu, að viðaukaatkvæði mitt, megi ekki ræðast, því það stendur í nánasta sambandi við málefnið sjálft, og er engi slík uppástúnga, að sèrskilda nefnd þyrfti að setja niður um það, því það snertir að eins það atriði lagaboðsins, hvernig þvílík mál eigi að dæmast. Í málinu um illa meðferð á skepnum var bætt inn í nýjum tölulið, einmitt um málareksturinn, og eg man ekki eptir, að neinn hikaði sèr við að gefa þeim tölulið atkvæði sitt, og engum datt í hug að hann væri ólöglega uppborinn; að málið ekki hafi verið rætt áður, er ekki satt, því eg bar viðaukatkvæði upp við undirbúningsumræðuna, og þá var það rætt; það sýnir líka breytingaratkvæðin, sem við það hafa verið gjörð; það er og skakkt, sem þingmaður Reykvíkinga sagði, að þetta væri nýtt efni; það er engan veginn, því það stendur í nánu sambandi við málið; eins og eg hefi sagt, mátti það takast fyrir af þingnefndinni, því það er engi slík uppástúnga að sèrskild nefnd þyrfti að setjast niður um það, og er því fullkomlega löglega upp borið viðaukaatkvæði. Eg held því, að þingið hafi fullan rètt til að greiða atkvæði um þennan viðauka minn, einkum þegar stjórnin að nokkru leyti sendi þinginu það, og þingnefndin hafði tækifæri til að taka það til íhugunar; að þingnefnd ekki hefir tekið upp í uppástúngur sínar það, sem einhver seinna kann að bera upp við þær sem viðaukaatkvæði, getur þó ekki verið ástæða til að hrinda slíkum viðaukaatkvæðum sem ólöglega upp bornum, og það er í sannleika undarlegt að segja það geti ekki komið til greina, af því það ekki hafi verið tekið upp í álitsskjal þingnefndarinnar.

Að því er þá efnið sjálft í viðaukaatkvæði mínu snertir, þá eru margir búnir að taka fram, hvað nauðsynlegt það sè, bæði *forseti*, hinn 2. konúngkjörni, *framsögumaður* o. fl., og mèr sýnist það gott og fallegt, að þetta vald dragist undir bændur. *Konúngsfulltrúinn* sagði, að þetta væri ekki nauðsynlegt, en kom ekki með neinar ástæður; en margir hafa fært það fram, sem ástæðu, að ekkert nýtt gæti unnizt með þessu. Svo lèt og *konúngsfulltrúi* það í ljósi o. fl., að sumir hreppar væri þeir, hvar ekki væri nema

6 eða 7 bændur, og þar mundi vera ómögulegt að fá menn í nefndina. Þetta efast eg ekki um, að satt sè, en ætli þar sè þá ekki bágt og að fá hreppstjóra í þvílíkum hrepp? Hví hætta menn þá ekki og að fá þar hreppstjóra? Annars vil eg taka það fram, að þó 1 eða 2 hreppar á öllu landinu geti ekki haft not af þessum nefndum nú þegar, eða einhverju almennu lagaboði, þá er það, að mèr virðist, eigi fullnóg ástæða til, að láta slíkt tálma fyrir útkomu almenns lagaboðs, ef menn viðurkenna, að lagaboðið sè gott í sjálfu sèr. Þegar alþingistilskipunin var gefin út, var engi í Vestmanneyjum, er kjörgengur væri, og þó datt engum í hug að biðja um, að hún þar fyrir yrði úr lögum numin. Það var ill lýsing, sem þingmaður Árnesinga gaf bændum, er hann sagði að þeir væri hvorki lesandi nè skrifandi, ófúsir til að ferðast nokkuð í almennar þarfir, nema fyrir borgun, og ekki færir um að færa bók; það er þá fjarska mikill munur á bændum nú, og í fyrndinni, er þeir sjálfir settu sèr lög, og þetta er ill breytíng. Maður skal varla finna svona ómenntaða bændur annarstaðar; og eg held mönnum þætti slæmt, ef bændum hèr væri svona lýst í ferðabókum útlendra, sem þvert á móti hrósa menntun bændanna hèr á landi mikið. Sama fannst mèr liggja í orðum þingmanns Reykvíkínga; sè þessi lýsíng þeirra sönn, er það satt, að bændur eru ófærir að sitja í þessum vinnuhjúanefndum, eður hafa nokkur önnur þvílík störf á hendi; en eg vona að hún sè það ekki. Þar sem *konúngsfulltrúinn* sagði, að Reykjavíkurnefndin hefði sniðið þetta eptir dönsku sniði, þá get eg sagt það, að í Danmörku eru að vísu vinnuhjúanefndir, ef svo skal kalla, en þær eru allt öðruvísi; þar er 1 maður, og hefir allt annað verkasvið, en hjúalaganefndirnar, sem Reykjavíkurnefndin stakk upp á, eiga að hafa hèr, og það svo, að maður gæti með sanni sagt »*ósköp er það ólíkt*« þingmaður Reykvíkínga sagði, að hverjum stæði frjálst fyrir að leggja mál sín í gjörð; það er að vísu satt, en það hefir ekki sama afl, sem vinnuhjúanefndirnar eiga að hafa, því það má ekki gjöra fjárnám eptir venjulegri gjörð. Auk þessa er stúngið upp á, að vinnuhjúanefndirnar ekki að eins sè sættanefndir, nè nefndir með fyr nefndu gjörðarvaldi, ef partarnir verða ásáttir að leggja málið í gjörð þeirra, heldur og nefndir, sem skeri úr því, hvernig málavextirnir sè, ef málinu á að halda til sýslumannsdóms, og partarnir eru því nær neyddir til að láta nefndarmenn þá gjöra þetta. Verkahríngur hjúalaganefndauna er þannig mikill. Eg hefi talað um það,

að eg álít lögin þýðingarlítil, ef þessum hjúalaganefndum ekki verður bætt við, því þá getur húsbóndi ætíð traðkað rètti hjúsins, eins og *forseti* tók svo vel fram. Eg held, að hver sá, sem hefir verið sýslumaður og þekkir nokkuð til í sýslunni, hljóti með sanni að játa, að það eru mörg mál til sveita, sem ekki verði út kljáð sökum þess, að málspörtum þykir ekki svara kostnaði að fara í mál, og þetta gildir í fyllsta máta um öll hjúamál, sem nema optast svo litlu. Eg sè ekki, að þessum lögum verði fram fylgt án nefnda þessara, einkum ef þingið fellst á breytíngar þingnefndarinnar, sem það mun gjöra. Eg vil taka til dæmis 16. tölul. nr. 2, þar stendur svo: að hjú á að bæta húsbónda sem fyrir vistarrof, ef það hefir leynt á sèr þeim ókostum, er *mundi hafa fælt hann frá* að ráða það til sín; hèr stendur ekki: »er mundi hafa fælt *hvern* húsbónda frá, o. s. frv.«; að geta dæmt um þetta í hvert skipti, krefur því auðsjáanlega nákvæmustu þekkíngu á húsbóndanum og heimilishögum hans; en geta vitni fellt þvílíkan dóm, sem hèr talar um, um húsbóndann, eptir hinum gildandi lögum? Nei! það heyrir ekki undir vitni; og eptir hverju eiga þá dómstólarnir að dæma hèr? eptir þeirra eigin þekkíngu á húsbóndanum? Það mega þeir ekki, þó þeir þekki hann; þeir eiga að dæma eptir lögum og almennum reglum; það er því nauðsynlegt, að vinnuhjúanefndirnar, eður menn, sem persónulega þekki húsbóndann, og hvernig til hagar hjá honum, fái með lögum vald til að dæma um þetta atriði málsins, því annars geta dómstólarnir engan dóm fellt í þessu máli, því þeir hafa heldur ekkert vald til, eptir hinni gildandi löggjöf, að útnefna kunnuga menn til að dæma um hitt tilfelli. Sama er um tölulið 34.; hver á að dæma um það, að húsbóndinn muni verða hjúinu slæmur húsbóndi, ef það áður en það fer til hans, hefir eitthvað meitt mannorð hans? Heyrir vitnum til að dæma um þetta? geta dómstólar dæmt um það? Er það ekki komið undir því, hvaða maður húsbóndinn er, hvernig hann kann að reynast hjúinu á eptir? Ef þessi ákvörðun því á að verða að lögum, verða lögin um leið að koma með ráð, til að gjöra sönnunina mögulega fyrir hjúið, en til þess útkrefst, að lögin gefi vald kunnugum mönnum að dæma um þetta; en það gjörði þau, ef vinnuhjúanefndirnar kæmist á. Það er auðvitað, að gjöra má breytíngar, sem til batnaðar væri við uppástúngu Reykjavíkurnefndarinnar um vinnuhjúanefndirnar, en eg held, að svo vel sè þó þar frá þeim gengið, að þær vel mætti út koma sem lög óbreyttar, því þó eg ekki hafi getað mikið, þá voru

þó 2 aðrir í nefndinni, sem ætið hafa haft hið mesta álit á sèr af þinginu. Eg skil ekki, að það sè í nokkru betra að biðja stjórnina, að leggja frumvarp til næsta þings um þetta atriði, því eg veit ekki, hvort hún er kunnugri landsháttum hèr, en sjálfir vèr, og yfir höfuð geta menn ekki dæmt eptir lögum þessum fyllilega, eins og eg hefi á vikið, fyr en þær komast á.

Stefán Jónsson: Eg skal nú ekki tala um formið, þó eg gæti ímyndað mèr, að stjórnin mundi finna sèr það til, að það sè ekki rètt. Eg vil ekki, að menn missi sjónar á þessum hjúanefndauppástúngum, en þó get eg eigi fallizt á þær, eins og þær liggja fyrir. Eg vildi, að mönnum hefði gefizt betri kostur á að ræða þær í nefndinni. Eg verð því að halla mèr að varauppástúngu hins 4. konúngkjörna þingmanns. Eg get ekki sèð eptir því, þó sættanefndarmennirnir fái nokkuð færri mál til forlíkunar, en við hefir gengizt, og þeir munu sjálfir ekki syrgja það. »Boðorð gjöra brot fleiri« hafa menn sagt hèr, en eg skil það ekki. Eg held ekki að svo sè, því ekki held eg verði fleiri þjófar, þó dómarinn sè til; tilfellin fjölga ekki, þau verða augljósari fyrir refsínguna. Eg get samt ekki sèð, að hjúin sè stödd í þeim vandræðum, að ekki megi þetta hjúanefndamál dragast til næsta þings; eg held þau sè ekki stödd svo langt úti í *„hafsauga«*, sem hinn 5. konúngkjörni hèlt. Eg get ekki álitið, að prestastèttin meiðist nokkuð með þessu, og eg get ekki sèð, að menn neitt hafi orsök til að hneykslast á orðum hins háæruverðuga 2. konúngkjörna þingmanns, þó hann segði, að bónda kynni opt að takast slíkt eins vel, eða betur en prestinum, er má ske væri ókunnugur. Eg held, að þingmenn hafi haft það eina móti þessu, að þeim geðjast ekki að frumvarpinu, eins og það er, en eg vil ekki [að stjórnin haldi, að vèr sèum fallnir frá hjúamálanefndunum.

Forseti: Það eru 7 búnir að biðja um orðið, og vil eg því skjóta umræðunum, ásamt með atkvæðagreiðslunni, á frest til kveldfundar.

En áður en eg slít fundi, vil eg bera undir samþykki þingsins 2 bænarskrár til konúngs, sem til mín eru komnar.

Voru síðan lesnar upp og samþykktar af þinginu:

1. Bænarskrá til konúngs, með frumvarpi til laga, um *rafseguldráð Tal. P. Shaffners.*

»Til konúngs!

Til alþingis kom uppástúnga frá þingmanni Borgfirðínga þess efnis, að þingið taki til meðferðar þráðamál *Shaffners,* að því er Ísland snertir, semdi um það lagafrumvarp, og beindi síðan málinu áleiðis.

Alþingi kans 3 manna nefnd í málið, ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú að láta í ljósi álit sitt og tillögur um þetta mál.

Herra Tal. P. Shaffner, ofursti frá bandafylkinu Kentucky í Vesturheimi hefir fengið frá yðar hátign einkaleyfisbrèf, dagsett 16. ágúst 1854, til að leggja rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturheims yfir Grænland, Ísland og Færeyjar til Kaupmannahafnar, og til að nota þráð þennan um 100 ár, frá dagsetníngu leyfisbrèfsins að telja. Einkaleyfi þetta stendur enn óbreytt, hvað Ísland snertir.

Að því er þínginu er kunnugt, þá má telja líklegt að farið verði að leggja þráð þennan hingað til lands, eður jafnvel hèr á landi nú að sumri komanda, en sjálfsagt að þráðurinn verði hèr lagður sumarið 1863, ef allt fer með feldi. Með því nú að yðar hátign hefir eigi þóknazt, að leggja frumvarp fram á þessu þingi, um þetta mál, en of langt verður að bíða næsta þings, þá sá þingið eigi annað vænna, en að semja lagafrumvarp í málinu, samkvæmt rètti þeim, sem því er heimilaður í alþingistilskipuninni 59. og 69. gr. (sbr. tilsk. 28. maí 1831, 5. gr., samanborna við 1. gr. alþingistilsk. og orð *konúngsfulltrúa* á alþingi 1849, sjá tíðindi þess árs, 656. bls.) og samkvæmt því, er þingið hefir áður gjört (sbr. alþ.tíð. 1847 204. bls. og alþ.tíð. 1849 559. bls). En alþingi verður að álíta það öldúngis nauðsynlegt, að til sè lög í landinu um þetta efni, áður en þráðurinn er lagður; það verður að álíta þetta sjálfsagða nauðsyn, hvort sem litið er til jarðeiganda eður eiganda einkaleyfisins, eður til landsrèttar vors (sjá tilsk. 28. maí 1831 4. gr., samanborna við alþingistilsk. 1. gr.; sjá og enn fremur um sakalög konúnglega auglýsíngu til alþingis 1847, 7. tölul. í alþ.tíð. 1847, 13. bls.).

Þingið hefir því tekizt á hendur að búa til frumvarp í málinu, er það ieyfir sèr allraþegnsamlegast, í einu hljóði, að senda yðar hátign til samþykkís.

Reykjavík, 10. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Arnljótur Ólafsson.

Frumvarp

til opins brèfs (eða tilskipunar) fyrir Ísland, um rafsegulþráð Tal. P. Shaffners.

§ 1.

Herra Tal. P. Shaffner, ofursta frá bandafylkinu Kentucky í Vesturheimi, og fèlögum hans, veitist einkaleyfi í níutíu (90) ár, frá dagsetníngu þessa lagaboðs, til að leggja rafsegulþráð, eður rafsegulþræði, á land á Íslandi, bæði á meginlandið og eyjar þess, yfir landið og frá því aptur, að viðhalda þræði eður þráðum þessum, og hafa hvervetna frjálsa leið að þeim, svo og fram með þeim og aptur, að svo fyrirskildu, að sagður Shaffner, eður fèlagar hans, komi á rafsegulþráðarsambandi milli Íslands og útlanda, og hafi lokið því á tíu (10) árum hinum næstu, frá dagsetníngu þessa lagaboðs, og að rafsegulþráður eður rafsegulþræðir þessir, milli Íslands og útlanda, liggi aldrei ónotaðir 3 ár í senn eður lengur. En haldi sagður Shaffner eður fèlagar hans eigi skildaga þessa, þá hafi þeir fyrirgjört þessu einkaleyfi sínu (samþ. í einu hljóði).

§ 2.

Skylt er því hverjum að leyfa, að rafsegulþráður þessi eður rafsegulþræðir sè lagðir yfir lönd hans, hvar sem er; en heimtíngu á landeigandi á sanngjarnri borgun, sem fara skal eptir því, hvern baga landeigandi líður við það, að þráðurinn er lagður og liggi yfir land hans; en fyrirgjört hefir landeigandi henni, ef hann eigi, eður umboðsmaður hans, sè hann utan fjórðúngs, krefst bóta áður sextíu dagar sè liðnir frá því, er hann vissi, að þráðurinn kom inn á land hans. Nú semur ei landeiganda, eður umboðsmanni hans, og þeim Shaffner um gjaldið, og skal þá landeigandi eður umboðsmaður hans kveðja sýslumann áreiðar á landið til að meta bæturnar, með tveim óvilhöllum mönnum, er sýslumaður sjálfur kýs. Virðíng sú skal haldast, er þeir gjöra, nema sýslumaður hafi traðkað rètti annarshvors málsaðila, og má þá stefna áreiðargjörðinni innan þriggja mánaða til ónýtíngar og málinu til nýrrar áreiðar til yfirdómsins, og skal þá sýslumaður greiða áfrýjunarkostnaðinn, ef málið gengur honum á móti, en annars áfrýjandi. Áreiðarkostnaðinn skulu báðir málsaðilar greiða, sinn helmínginn hvor þeirra (samþ. í einu hljóði).

§ 3.

Hver, sem vísvitandi skemmir rafsegulþráð þennan, verður sekur um 25—250 rd., eður sæti líkamlegri refsíngu, frá 6 til 20 vandar-

bagga eptir málavöxtum, og greiði skaðabætur að auki (samþ. í einu hljóði).

Ástæður.

1. grein er samin því nær eptir fyrirmælum herra Shaffners í brèfi hans til alþingismanns Borgfirðínga.
2. greinin er og mjög svo samin eptir uppástúngu hans. Að vísu hefir hann óskað, að ef sèr og landeigendum eigi semdi um borgunina, mætti málið leggjast í gjörð yfirdómsins; en eptir því sem hèr hagar til, álítur þingið þetta miður gjörlegt, og betra, að landeigandi skyldi þá krefja sýslumann áreiðar, til að láta meta bætur þær, er honum bæri fyrir það, að þráðurinn væri lagður um landareign hans, og átroðníng þann, er hann af því yrði fyrir, og skyldi standa við þá virðíngu, nema sýslumanni hafi orðið eitthvað þvílíkt á, er gjört gæti áreiðina ómerka, því þá skyldi sá, sem vanhaldinn þættist, mega stefna henni til ónýtingar og málinu til nýrrar áreiðar fyrir yfirdóminn innan viss tíma, og álítur þingið, að það ætti að vera innan 3 mánaða, því það mundi vera nægur og hæfilegur frestur.
3. greinin er og samin bæði með hliðsjón til uppástúngu herra Shaffners og eins laga frá 29. desember 1853, sem gefin eru um skemmdir á rafsegulþráðum í Danmörku. Að vísu er í lagaboði þessu ákveðin hegníng fyrir það, ef menn óvart skemma segulþræði þessa, en þó má hegníngin falla burt, ef yfirsjónin er lítilfjörleg og hinn seki undir eins segir frá því næsta lögreglustjóra, eður einhverjum af embættismönnum eður þjónum þeim, sem yfir vegina eður segulþræðina eru settir; en með því það er þó bæði nokkuð óeðlilegt og óvanalegt, að hegna mönnum fyrir yfirsjónir þær, er þeim verða á af vanvara, og herra Shaffner eigi heldur hefir stúngið upp á því, álítur þingið að það ætti að leiða hjá sèr, að ákveða hegníngu fyrir þetta. Líka er í nefndu lagaboði lögð hegníng við, ef menn skemma útbúnað *(Apparater)* segulþráða, en hvorki hafði herra Shaffner krafizt hegníngar fyrir þetta, enda geta skemmdir þessar ástundum verið einskisvirði, og það virðist nóg, að hlutaðeigendur borgi skaðann, en sleppi hegníngarlaust, þegar þráðurinn sjálfur ekki skemmist neitt, svo verkið eins eptir sem áður getur haft sinn fulla framgang, og skemmdirnar ekki eru til neinnar fyrirstöðu tilgangi þess.

Hegníngin fyrir það, þegar menn visvitandi skemma þráðinn, er ákveðin líkt og í áminnstu lagaboði, en þó með hliðsjón til hinna gildandi laga hèr á landi.

2. Bænarskrá til konúngs um, *að opið brèf 1. apríl 1861 um það, hvernig endurgjalda skuli jarðamatskostnaðinn,* verði numið úr lögum.

»Til konúngs.

Þíngmaður Rangæínga og varaþíngmaður Dalamanna báru upp á alþíngi þá uppástúngu, að alþíngi beiddi *yðar hátign,* að taka úr lögum opið brèf 1. apríl þ. á., um jarðamatskostnaðinn, en að *yðar hátign* legði mál þetta undir þíngið á lögskipaðan hátt, samkvæmt 1. gr. alþíngistilskipunarinnar og tilskipunar 28. maí 1831, áður en ákveðið yrði, hvernig jarðamatskostnaðurinn skuli greiðast.

Alþíngi kaus 5 manna nefnd, til að íhuga þetta mál, ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú að láta í ljósi álit sitt og tilmæli á þessa leið:

Í fyrstu grein frumvarps þess, um endurgjald jarðamatskostnaðarins, er lagt var fyrir hið síðasta þíng, standa eður fyrir upphæð jarðamatskostnaðarins. Í ástæðum frumvarpsins er þess reyndar getið, að kostnaður jarðamatsins 1849—50 hafi orðið samtals 5720 rd. 92 sk., en svo er færður til annar kostnaður, samtals 2639 rd. 86 sk., er mestallur gekk til jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík. En þótt nú kostnaðar þessa sè getið í ástæðunum, þá verður ekki annað sagt, en að jarðamatskostnaðurinn hafi eigi verið lagður fyrir alþíngi 1859, fyrir því, að hann var eigi tilfærður í frumvarpinu sjálfu. Aðferð þessa gat þíngið 1859 eigi skilið á annan hátt, en að stjórn *yðar hátignar* legði það á vald alþíngis, að ákveða upphæðina, jafnframt því, sem það veitti *(voterede)* hana; þingið gat ekki skilið aðferð þessa öðruvísi, því seti menn svo, að stjórn *yðar hátignar* hefði álitið, að Íslendíngar væri fyrirfram skyldir til, samkvæmt 7. gr. í tilskipun 27. maí 1848, að borga allan þann kostnað, sem jarðamatið 1849—50 hafði í för með sèr, þá var það með öllu óþarft, og því óskipulegt, að leggja þetta mál fram á þínginu; en nú með því að stjórn *yðar hátignar* lagði málið fram, þá hefir hún sýnt að hún álíti, að málið ætti eður þyrfti að berast undir álit þíngsins, og þá sjálfsagt að stjórnlögum rèttum, samkvæmt 4. gr. í tilskipun 28. maí 1831, sbr. 1. gr. í alþíngistilskipuninni.

Alþingi 1859 gjörði að vísu mun á jarðamatskostnaðinum 1849—50 og hinum síðari kostnaði, en fór ekki lengra út í málið, fyrir því að þá var eigi út sèð um jarðabókina; þess vegna rèð þingið frá, að frumvarpið yrði gjört að lögum, að svo komnu. Alþingi 1859 sagði því engan veginn álit sitt um málið sjálft, er og ljósast sèst á því gagnstæða, það er að segja því, þótt alþingi 1859 hefði fallizt á frumvarpið óbreytt, eður án þess að fylla eyðurnar, þá hefði það samt ekkert álit verið um upphæð jarðamatskostnaðarins. Alþingi getur því ekki bundizt, að lýsa því yfir, að því kom mjög á óvart að frumvarp þetta er gjört að lögum, þrátt fyrir skýlausar tillögur alþingis 1859, og þrátt fyrir það, að upphæð jarðamatskostnaðarins hefir eigi verið lögð fyrir þingið. Alþingi hlýtur því að álíta, að stjórn *yðar hátignar* hafi að vísu játað rètti vorum, að segja álit vort um málið, með því að hún lagði það fram á þingínu 1859, en þar sem nú frumvarp þetta er orðið að lögum, án þess þingið segði um það áður álit sitt, þá hlýtur það að álíta slíka aðferð öldúngis óvanalega, og eigi samkvæma 4. gr. tilskip. 28. maí 1831, sbr. 1. gr. alþingistilskipunarinnar.

Auk þess, er nú var sagt um skapnaðargalla þann, sem á er þessu opna brèfi 1. apríl 1861, þá er efni þess í mörgum greinum svo athugavert, að alþingi verður að ætla, að það muni eigi geta staðizt, eins og nú er það. Fyrst er það, að jarðamatskostnaðurinn er of hár, með því að ekkert tillit hefir verið haft til þess, að 2639 rd. 86 sk. af allri upphæðinni, 8360 rd. 82 sk., eru öðruvísi undirkomnir, en þeir 5720 rd. 92 sk., er jarðamatið 1849—50 kostaði. Alþingi hlýtur að álíta rètt að gjöra mun á þessum kostnaði, eins og gjört var á síðasta þingi, en þó mundi það eigi hafa gjört það að miklu umtalsmáli, ef lagaboðið hefði ei marga aðra galla að geyma.

Annar efnisgallinn á lagaboðinu þykir þinginu enn markverðari, og hann er sá, að þessum 8360 rd. er jafnað niður á of stuttan tíma, því fyrst er það, að alþingi getur ekki sèð neina nauðsyn til þess, að kostnaður þessi sè endurgoldinn á einum tveim árum, og svo verður þingið að álíta það eigi sem nærgætnislegast, að jafnað sè til lúkníngar alls þessa kostnaðar $4\frac{5}{8}$ sk. niður á hvert jarðarhundrað 2 ár í röð, þegar þess er gætt, að $\frac{3}{4}$ af alþingiskostnaði leggst á jarðirnar, sem nú er orðin næsta tilfinnanleg álaga, og þó einkum það, að landið er nú sèrlega bágstatt, sem vorkun er, því að nú hafa dunið yfir landið harðindi til lands og sjávar, ógurlegur fjárkláði, og verzlunarkreppan almeuna náði hingað til lands,

og varð mönnum þúngbær, bæði með því, að sumur kaupeyrir landsmanna fèll nær því um helmíng, og svo hitt, að kaupmenn heimtuðu þá skuldir sínar af landsmönnum. Alþíngi leyfir sèr og að benda til þess, að hèr virðist að hafa verið farið í gagnstæða átt við það, er stjórn yðar hátignar gjörði að grundvallarreglu sinni í ástæðunum fyrir lagaboðinu 18. júlí 1848. Hinn þriði efnisgalli lagaboðs þess er, að þar sem í 1. grein þessa opna brèfs er sagt, að kostnaðinn skuli borga þannig, að honum sè jafnað niður á allar jarðir í landinu, og lagt jafnt á hvert jarðahundrað í hinni nýju jarðabók, þá getur alþíngi ekki sèð, hvernig svo má verða, án þess að lagaboðið valdi hinum mesta ójöfnuði. Það er kunnugt að prestsmatan er lögð til jarðanna í hinni nýju jarðabók, og er upphæð hennar, eptir skýrslu jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík, samtals 3350 rd. eður $^1/_{40}$ af öllum afgjöldum jarðanna.

Það er nú auðsætt, hversu ranglátt það væri, ef kirkjubændur ætti að greiða jarðamatskostnað af prestsmötunni, sem er gjald á þeim til uppeldis prestunum; það væri að gjalda toll af tolli. Alþíngi veit og til þess, að bænhústollur, sem liggur á sumum jörðum, er færður til hundraðatalsins í jarðabókinni nýju, og er honum öldúngis eins háttað sem prestsmötunni. Þá er það hið fjórða, að þar sem nokkur hundruð eru til færð í hinni nýju jarðabók, sem engi viss eigandi er að, svo sem eru þrætupartar þeir allir, sem metnir eru sèrskilt, þá fær alþíngi sannarlega ekki sèð, hvernig endurgoldinn verður jarðamatskostnaður af slíkum jarðahundruðum samkv. 2. gr. lagaboðsins, þar eð eigi verður sagt, hver eigandi þeirra sè, fyr en dómur er upp kveðinn í þrætumálunum, og getur því ábúandinn eigi haft þann aðgang til eiganda, sem honum er veittur í margnefndu lagaboði, því eigi verður sagt, að sá sè eigandi þrætupartsins, sem á þeim tíma er *handhafi* hans, eður hefir byggt hann öðrum. Enn fremur verður þíngið að álíta það sè miklum vafa undirorpið, hver sè rèttur eigandi að sumum jörðum, og einkum þykir þínginu það óljóst, hver sè eigandi að stöðum *(beneficiis)* og kirkjujörðum þeim, er stöðum fylgja, hvort það sè kirkjuprestur, kirkjan á stöðunum eður annar.

Af þessum ástæðum leyfir alþíngi sèr allraþegnsamlegast með 18 atkvæðum gegn 2 að biðja *yðar konúnglegu hátign:*

> Að nema opið brèf 1. apríl 1861, *um endurgjald jarðamatskostnaðarins úr lögum, en að leggja fram á næsta*

þingi frumvarp um þetta mál, og sè þar tiltekin upphæð jarðamatskostnaðarins, og hvernig hann skuli greiddur.

Reykjavík, 10. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson, Arnljótur Ólafsson.

Síðan ákvað *forseti* kveldfund í dag, kl. 6 e. m.

Fundi slitið.

Fertugasti og fyrsti fundur – 10. ágúst

(Kveldfundur).

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni heldur áfram *ályktarumræðunni í hjúalagamálinu.*

Var málið síðan afhent *framsögumanni,* hinum konúngkjörna varaþíngmanni

Páll Melsteð: Eg gleðst af þeirri von, að þetta frumvarp, sem nefndin nú hefir endurbætt, verði að lögum hjá oss, og eg vona það því fremur, sem eg held, að þíngið verði eindregið á því að vilja fá þessi lög, og að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* muni gefa máli þessu góð meðmæli; eg mun gefa atkvæði mitt með öllum uppástúngum nefndarinnar. Að því er snertir hjúalaganefndirnar, þá álít eg ekki, að það sè formlega rètt að gefa atkvæði um þann kafla atkvæðaskráarinnar, af því að hann hefir ekki hlotið lögskipaða meðferð á þínginu, og mun eg því gefa atkvæði með 117. tölulið; mèr virðist líka að mætti stórum endurbæta þetta hjúamálanefndarfrumvarp, ef það biði. Hugmyndin er án alls efa fögur og góð, og eg vona að ef nefndir þessar komast á fót, þá muni það verða meðal til þess, að þessi kafli laganna komist betur, en ella, inn í meðvitund þjóðarinnar, og að það geti orðið, eins og *forseti* sagði, visir til annars meira, t. a. m. kviðdómanna, sem eg álít vel eiga við okkar þjóð.

Benedikt Þórðarson: Eg mun að eins fara fám orðum um þetta merkilega mál; þegar eg lít á það, þá virðist mèr, að það sè komið í gott horf; það er búið að ganga í gegnum þrjá hreinsunareldana, og hefir hreinsast og batnað við hverja raun, sem og við mátti búast; þá litið er á frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar, sjá menn, að nefnd sú hefir vandað verk sitt; svo tók stjórnin við, og

skyldi menn ætla, að hún hefði þó ekki spillt málinu; nei! hún bataði það, en spillti því ekki, nema ef telja skyldi, að frumvarp hennar fèkk á sig útlendan blæ við ýmsar breytíngar á frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar; aptur hefir nú þíngnefndin lagað þetta, og komið innlendum svip á málið, og eg get því ei betur sèð, en að það sè orðið hið bezta, sem hún hefir gjört; og hvergi sè eg það, sem einhver þíngmanna þóttist sjá, að hún hefði ritað greinir sínar með blóði, og mun eg nær því eindregið fallast á það, sem hún hefir gjört. Breytíngaratkvæðaruslið, sem hèr er, gef eg litið fyrir; þau eru mjög ómerkileg, og mun fjöldi þeirra standa hèr feigum fótum. Þá vík eg að viðaukauppástúngunni um hjúalaganefndirnar; margir hafa talað margt um þær, og barizt fyrir þeim á hæl og hnakka, en þeir berjast þó að eins við skugga sinn, því ekki er hèr við óvini að etja, þar sem allir vilja málinu allt, hvað bezt og skynsamlegast er. Eg er ekki fremur nú, en við inngangsumræðurnar sannfærður um nauðsyn og nytsemi þessara hjúalaganefnda, til hliðar við sáttanefndirnar, sem nú eru; í sameiníngu með þeim, skilst mèr, að þær gæti að gagni komið, en sameiníguna meina eg á þann hátt, að sáttanefndirnar væri látnar fá rýmra svið, en þær hafa og fleiri meðlimi, og um leið þetta gjörðarvald, er nú speiglar sig svo fagurlega í hugmyndum manna; í þessa stefnu er og breytíngaruppástúnga mín undir tölulið 110; ef menn vildi aðhyllast hana, þá er að mestu fengið það, er menn vilja, nefnil. að nefndin gjöri um málið, þegar hlutaðeigendur vilja það; þetta er aðalætlunarverk hugmyndanefndanna, er hèr ræðir um, og eg bæti því við, að þessa gjörð á málunum geta menn jafnvel fengið hjá sáttanefndunum, sem eru, svo í rauninni þarf ekki í þessu að brjótast. Þá er það eitt, er mèr finnst ofur undarlegt, að það er eins og sá andi hvíli hèr yfir mörgum í þínginu, að þeir ætli að fjandinn verði laus, þegar hjúalögin komast hèr á; þeir gjöra ráð fyrir óteljandi afbrotum gegn þeim; það er að sjá, eins og þeir ætli, að slík lög komi til að stofna hèr stríð, en ekki frið. Eg er hèr á gagnstæðri skoðun; eg ætla lög þessi komi beinlínis til að stofna frið; mèr þykir það svo eðlilegt, að þau gjöri það, þegar húsbændur og hjú læra af þeim, að þekkja rètt sinn og skyldur sínar, og vita af þeim, hvað þeir eigi að gjöra, og hvað ógjört að láta. Mèr sýnist það einnig mjög undarlegt, hversu menn einblina á þessar hugmyndanefndir sínar, en gæta þess ekki, hvað lengi sáttanefndirnar, sem eru, hafa hèr staðið, og

hvað margföld nytsemi hefir að þeim verið; það er þó athugavert, að hafna því, er menn eiga, og vel hefir reynzt, en seilast eptir því, er menn ekki eiga, og einúngis ímyndunin segir, að vel muni gefast. Stjórnin hefir margsinnis viðurkennt það, og þjóðin líka, að sáttanefndirnar hafa komið hèr miklu góðu til leiðar. Stjórnin hefir líka tekið það fram, að fá hjúamál hafi komið hèr fyrir sættanefndir; það er og satt; en hver mun þá orsökin, að svo hefir verið? engan veginn sú, að ekki hafi opt verið kritur — að eg noti hèr orð þingmannsins úr Suður-Múlasýslu — krítur milli húsbænda og hjúa; já! þetta ber opt að; en hverir semja þann krit? eg hika ekki við að segja, að það gjöra prestarnir mest og bezt, beinlínis eða þá óbeinlínis, er þeir hvetja aðra til að gjöra það. Hvað sem hver segir, þá eru það að öllum jafnaði prestarnir, sem bezt og skynsamlegast vinna hèr í landi að öllum sáttamálum, bæði sem sáttanefndamenn, og líka þess utan; og því verð eg að benda á það, að í uppástúngunum um hjúalaganefndirnar eru allir prestar útilokaðir frá þeim málum; eg vil spyrja: er þetta rètt? Og eg vil svara: *þetta er rangt.* Eg vil hjúamálinu vel, já fullt eins vel og hver annar, og því vil eg vita húsbænda- og hjúarèttinn í sem beztum höndum; eg mótmæli ekki hjúalaganefndum með gjörðarvaldi; en eg vil að í þær nefndir sè skipað beztu mönnunum, sem föng eru á á hverjum stað, þeim mönnum, er hvorki þarf að frýja vits, nè gruna um gæzku, og þó mèr sè skylt málið, þá verð eg að telja prestana með slíkum mönnum; það getur þó ekki dulizt, að prestarnir, sem til mennta hafa verið settir, hljóti að hafa yfirgripsmeiri þekkíngu, en slèttir og rèttir bændur, og þá ætla eg engum svo illt, að hann hugsi, að þeir vinni að slíkum málum með minni samvizkusemi, en hver annar; hitt veit eg, að ekki er það launanna vegna, að prestar vinna að sáttamálum hèr, svo kappsamlega, sem þeir gjöra, heldur er það fyrir samvizkunnar sakir, og af því nauðsyn safnaðanna heimtar það. Eg veit margur þeirra mundi feginn að losast við þann starfa; en sökum þeirra, sem þiggja eiga, mælist eg þá ekki undan honum; að því er annars viðvíkur uppástúngunum hèr, um kosníngu og fyrirkomulag hjúalaganefndanna, þá er það í litlu lagi og sumt óhafanda, og gef eg engu af því atkvæði mitt. Einúngis er það varauppástúngan, sem mèr sýnist vit í, að biðja konúng að leggja frumvarp fyrir næsta alþíngi um þetta mál, og henni gef eg því atkvæði mitt, þó eg að hinu leytinu sè vonlítill um, að stjórnin finni nú fremur en fyr, ástæðu til að stofna hèr hjúa-

laganefndir. Eg fer þá ekki fleiri orðum um mál þetta, er mèr sýnist einkum þess vert, að menn ræði um það með stillingu, en engri frekju; eg fyrir mitt leyti vil hvorki fljúga með það upp í loptið, nè taka með það hafróður.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg ætla ekki að bæta mörgu við það, sem eg hefi áður talað í þessu máli, en vil að eins þakka þinginu fyrir það, hve vel það hefir tekið í málið, yfir höfuð; eg get þó ekki alveg leitt fram hjá mèr ræðu hins 5. konúngkjörna þingmanns; hinum einstöku atriðum hennar sleppi eg, og tala fátt eitt almennt um hana; það vita nú allir, að þessi þíngmaður er að sama skapi mannúðlegur, sem hann er menntaður, enda skein mannúð hans í dag í fögru ljósi, er hann tók það svo sterklega fram, að lögin ætti að vera mild og mannúðleg við hjúið; og er eg og öll nefndin á sama máli og hann um þetta atriði; en mèr þótti hann dæma of hart frumvarp nefndarinnar, sem einnig á að njóta sannmælis og mannúðar; eg vil þá benda á 59. tölulið í atkvæðaskránni, þar sem stendur »er hann *mátti* sjá, að því var um megn«, hèr er nú meiningin ekki, eins og þíngmaðurinn hèlt, að húsbóndinn eigi að skera úr því, hvort hann hafi sèð það eða ekki, heldur kemur allt undir því, hvort dómarinn eða þeir, sem úr málum skera millum hjús og húsbónda, áliti, að hann, sem skynsamur maður, hafi mátt eða hlotið að sjá, að því var það um megn fram, sem um er að ræða; sektirnar liggja undir annara dóm; það er eins og þíngmanninum hafi sèzt alveg yfir 65. gr., er tiltekur, hvernig skuli að fara, þegar hjú veikist eða slasist, öðruvísi en annaðhvort af sjálfs sín eða húsbónda síns völdum. Viðvíkjandi 16 ára aldrinum skal eg taka það fram, að fyrst að maður 16 ára eptir lögum á að vinna fyrir sèr, þá sýnist mèr hann líka eiga að hafa leyfi til að vera þar, og vinna þar fyrir sèr, sem honum líkar bezt, og hann sèr sèr bezt fært. Það er líka undarlegt að stúlka, sem getur eptir lögum gipzt 16 ára, skuli ekki, þegar hún hefir náð þeim aldri, mega ráða sig í vist; þannig vona eg, að þegar uppástúngur nefndarinnar eru betur skoðaðar, muni menn finna, að þær sè byggðar á sanngirni og öllum rètti; það var aðalhugsunin hjá þíngnefndinni að hafa samníngana milli húsbænda og hjúa svo lagaða, að hjúið væri sem minnst bundið harðyðgi húsbænda, og þess vegna vildi nefndin ekki, að vistarráð skyldi vera bindandi fyrir lengri tíma, en 12 mánuði; en engan veginn binda hjú til að vera í mörg ár hjá þeim húsbónda, sem því má

ske ekki líkar við; aptur á móti vildi nefndin, að hjú gæti ráðið sig styttri tíma, til þess að koma með því móti í veg fyrir lausamennsku. Eg held einnig, ef menn gæta að því, hvernig samníngnum milli hjús og húsbónda verður háttað eptir uppástúngum nefndarinnar, þá sjái menn, að engar aðrar ákvarðanir eru um vistarrof, en sem viðkoma sjálfum samníngnum, og ákvarðanirnar um gallana, er gjöra riptíngu á vistarrofum leyfilega, vildi nefndin reyna að hafa sem jafnastar á báða bóga, eins og nefndin, þegar hún ákvað skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa á milli, vildi hafa allt sem jafnast á báðar vogir, og einnig að þessu leyti er það auðsætt, að nefndin vildi með engu móti ofurselja hjú drottnunargjörnum eða ásælnum húsbændum. Eg skal ekki fara lengra út í þetta, en geta þess, með tilliti til hjúamálanefndanna, að mèr, eins og eg áður hefi sagt, er ekki ugglaust um það, að það sè ekki sem formlegast af þínginu að aðhyllast viðaukaatkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, þó hann leitaðist við að sýna, að engi formgalli væri á því, hvernig þær uppástúngur eru komnar fram; en sönnun hans var auðsjáanlega ekki rètt; hann tók til dæmis, að í málinu um illa meðferð á skepnum hefði verið bætt nýrri grein við stjórnarfrumvarpið, er ákvað, hvernig rèttargangsmátinn skyldi vera í málum, er út af því lagaboði kynni að rísa, og sagði, að það væri líkt og þetta; en það er ekki svo, því þar voru fyrst og fremst að eins teknar fram reglur, sem áður eru gildandi í öðrum lögum hèr á landi, en hèr er skapað nokkuð, sem er nýtt og óþekkt, og þar að auki kom uppástúngan í málinu um illa meðferð á skepnum frá nefndinni sjálfri, og var rædd á lögskipaðan hátt á þínginu. Það er og ætlan min, þó eg nauðugur vili tala á móti hjúamálanefndunum, af því eg er með þeim í sjálfu sèr, að uppástúngur Reykjavíkurnefndarinnar sè heldur ekki, þó þær í mörgu kunni að vera nýtar, eins vel lagaðar að öllu leyti, og menn mætti óska; og eg vil annaðhvort engar hjúamálanefndir, eða þá þær, sem væri sniðnar og lagaðar eptir augnamiði sínu og þörfum vorum. Eg vil t. a. m. að nefndarmenn sè kosnir af bændum sjálfum, ekki af sýslumanni; svo vil eg, að því er varnarþíngið snertir, að hver og einn sè skyldur að mæta, fyrir hjúamálanefndinni á þeim stað, sem þrætan reis, hvort sem hann er farinn út úr hreppnum eða ekki, og viðvíkjandi gjörðarvaldi nefndanna ætla eg það rèttast, að málspartar báðir væri beinlínis skyldir til að leggja málið í gjörð nefndarinnar, og að það væri tiltekið í lögunum, að nefndirnar ætti að skera úr

málum *ex bono et æqvo*, eður eptir sanngirni og málavöxtum, þar sem lögin, sem opt getur aðborið, væri *vafasöm*, því þá næði menn fyrst hugmyndinni um það, að leggja skyldi hjúamál undir drengskap góðra manna. Þessar nefndargjörðir ætti þá og að standa óhagganlegar, nema þær væri auðsjáanlega rangar eður gegn lögum; en þegar menn treystast til að fara slíku fram, hjú eður húsbóndi, ætti maður að geta fengið gjörðinni hrundið við dómstólana. Reykjavíkurnefndin hefir nú farið eptir mjög ólíkum grundvallarreglum, sem eg ætla miður heppilegar að mörgu leyti.

Eg hefi tekið þetta fram, svo það sæist, að eg hefi fulla ástæðu til að vilja fresta þessum hjúamálanefndum, en ef svo færi, að viðaukinn yrði felldur á þingi, vona eg að það fallizt á varauppástúngu nefndarinnar, sem *konúngsfulltrúi* ekki hefir haft neitt á móti, að það aðhylltist.

Ásgeir Einarsson: Mèr þykir nú illt að þurfa að standa upp, eptir þessar löngu umræður, sem ekki hafa allar verið þarfar; en það er eitt, sem eg ekki má láta hjá líða, að minnast á, þó fleiri hafi talað um það; það var það, er beint var að *konúngsfulltrúa,* að hann hefði ei tekið stjórnarfrumvarpið í forsvar. Eg þeld það þurfi ekki að kvarta yfir því, að stjórnarfrumvörpin fái ekki meðmæli; það kemur ekki svo opt að, og ef þau brigzlyrði falla á *konúngsfulltrúa,* gæti þar illt af flotið, og ef þessu þingi hefir nokkuð farið fram í þetta sinn, frá því sem áður hefir verið, þá er það í því, að ekki er eins mikill spenníngur milli hinna konúngkjörnu og þjóðkjörnu þingmanna, eins og fyr hefir verið; en mèr finnast gildar ástæður til, að *konúngsfulltrúi* ekki heldur í þessu máli meira fram stjórnarfrumvarpinu, en nefndarinnar. Það er sjálfsagt, að það er skylda *konúngsfulltrúa,* að þegar alveg nýtt mál er fyrir, að sýna fram á, hvaða skoðun stjórnin muni hafa á því; en hèr er öðru máli að gegna, þar sem þetta mál er orðið svo kunnugt, með því það var fyrst fyrir Reykjavíkurnefndinni, svo fyrir stjórninni, og síðast nú fyrir þinginu. En eg vona, að það verði aldrei *konúngsfulltrúa* og hinum konúngkjörnu þingmönnum til falls, þó þeir haldi ei ætið strangan taum stjórnarinnar. En eg segi nú fyrir mig, að mèr er ekki eins annt um fljótan framgang þessa máls, eins og margra annara; við höfum verið svo lengi hjúalagalausir, að eg held að það mætti vel bíða til næsta þings. En mèr finnst þingnefndin hafa orðið fyrir of miklu álasi hjá sumum, einkum frá hinum 5. konúngkjörna þingmanni; og mèr þótti undarlegt, að honum skyldi

vera leyft að halda svo lengi áfram með slíka ræðu, án þess að eg í nokkru vili meiða hann. Að því er hjúalaganefndirnar snertir, þá viðurkenni eg, að það er nokkur ruglingur á forminu; en eg vildi, að í þessu máli gæti sannast á mèr, sem sagt var fyrir skömmu, að eg legði heldur gott, en illt, til mála. Eg skoðaði nú formið eptir 59. gr. alþ.tilsk., og eptir þeirri grein skilst mèr, að ef þetta frumvarp um hjúamálanefndirnar er svo, að þingið vildi taka það án breytínga, þá sè eg ei, að neinn formgalli sè, að taka það til atkvæða; annað mál er það, hvort greiða ætti atkvæði um hverja einstaka grein; en ef frumvarpinu hefði verið breytt, mundi eg ei hika við að gefa atkvæði fyrir því vegna formsins, því það er í eðli sínu eins og ein grein; eins og ef þingið vildi fallast á breytíngaratkvæði þingmanns Barðstrendínga, mundi vera óhætt að gefa því atkvæði; en ef þingið sendi hjúamálanefndarfrumvarpið óbreytt frá því, sem það var frá Reykjavíkurnefndinni, í sambandi við stjórnarfrumvarpið, sem þingið hefir breytt, er eg mjög hræddur um, að stjórnin mundi ei fallast á það, og álít eg því bezt, að fallast á varauppástúnguna, undir tölul. 117; því eg set nú, að stjórnin nú samþykkti þingnefndarfrumvarpið í sambandi við hjúamálanefndarfrumvarpið frá Reykjavíkurnefndinni, og legði svo frumvarp í heild fyrir næsta þing, og þá skyldi þingið fara að rífa í sundur hjúamálanefndarfrumvarpið; þetta er mín ástæða fyrir, að eg vil ei gefa atkvæði með því. Það er líka góður dagur til stefnu, og eg vona, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* verði fremur með málinu en móti, og skrifi með því athugasemdir, samkvæmt skoðun sinni og þingsins, svo stjórnin leggi frumvarp um það fyrir næsta þing, og það er vonanda, að hann taki í því til greina þær umræður, sem hafa orðið hèr um þetta mál, þó ekki væri greidd atkvæði um það. Þetta mál hefir annars af sumum verið rætt með þeim ákafa, sem alls eigi hefir átt við, einkum hinum 5. konúngkjörna þingmanni; hann spurði, hvað drátturinn gjörði. Vèr eigum ekki að tala um drættinn, heldur að málið verði vel úr garði gjört; vèr viljum drættinn, af því vèr getum ekki fengið þetta með hinu. Honum þótti það harka, sem nefndin færi hèr fram á, og að það mundi verða orsök til harðstjórnar. En eg vil biðja hann að lesa ræður sínar í hitt eð fyrra í öreigagiptíngarmálinu, og vita, hvort það hefir æfinlega komið fram hjá honum, að það spillti velmeguninni, þó húsbóndinn brúkaði nokkra hörku við hjúið. Einn þingmanna talaði um, að svo fá mál hefði komið til sáttanefnda milli húsbænda

og hjúa; en það kemur til af því, að hvorugt var vaknað til meðvitundar um rètt sinn, meðan engi lög voru til um það. Það hefir nú verið mikið talað um öfugstreymi hjá sumum þingmönnum; en mest er þó öfugstreymið hjá þingmanni Árnesinga, því það er veraldarinnar öfugstreymi, þegar bændur mótmæla svo litlum rèttindum, sem þetta eru; þessa veit eg engi dæmi, og það mun varla eiga sèr stað í Rússlandi. Eg vil nú ekki tala um, hvað bændur eru vel færir til þessa; en þó eru þeir svo færir um það, að eg treysti mèr til að finna í því fáfróða hèraði, sem eg hefi dvalið í, mann, sem ekki er skrifandi, en sem þó mundi verða að miklu gagni í þessari nefnd. Viðvíkjandi því, að sættanefndarmenn mætti ei kjósast í þessar nefndir, þá þykir mèr það óviðurkvæmilegt, að prestur mætti ei kjósast, ef svo bæri undir, og menn hefði gott traust á honum, en menn ætti þó ekki að vera skuldbundnir til að kjósa hann. En við megum þakka guði fyrir, að við höfum marga góða presta, sem er eins tiltrúandi, eins og mörgum bændum. Mèr þótti yfir höfuð skoðun hins háæruverðuga 2. konúngkjörna svo frjálsleg og sönn, að eg fellst á hana yfir höfuð. Eg hefi svo lýst yfir skoðun minni á málinu, og skal því ekki fara fleirum orðum um það.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg held eg megi með sanni játa, að eg hafi verið heldur linur háseti í þessu hjúalagamáli, en það var bótin, að formaðurinn var ötull og duglegur. Eg hefði nú ekki heldur staðið upp í þetta sinn, hefði ekki hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu talað svo mikið með hjúamálanefndunum, sem nefndin ekki fann ástæðu til að aðhyllast. Hann gaf þó í byrjun ræðu sinnar reglur fyrir því, að menn ætti ekki að vera svo langorðir; en eg held hann hafi nú syndgað móti sinni eigin setníngu, því ræða hans var víst óþarflega löng. Hann fór heldur ósanngjörnum orðum um þingmann Árnesínga, því eg held, að það hafi ekki verið neitt það rússneskt í skoðun hans, sem nokkur þingmanna hefði þurft að hneykslast á; þingmaður Árnesínga áleit að eins, að þessar nefndir mundi ekki vera nauðsynlegar, að svo stöddu, og svo skildi eg líka þingmann Barðstrendínga, og yfir höfuð alla þá þingmenn, sem mælt hafa á móti þessum hjúamálanefndum, en alls ekki af þeirri ástæðu, að þær í sjálfu sèr ekki gæti staðizt, eða að ekki væri mögulegt að fá menn í þær. Mèr finnst annars sú skoðun vera komin inn hjá þingmönnum, og það hjá allt of mörgum, að allt muni fara í bál og brand í landinu, þegar þessi nýju hjúalög koma út, og því þurfi á nýju lögregluvaldi að halda; en eg er

á allt öðru máli í þessu efni; eg held sumsè, að þegar ný og betri hjúalög koma út, sem taka allt glöggar og betur fram um rètt og skyldu húsbænda og hjúa innbyrðis, þá muni verða allt minna um misklíðir milli hjúa og húsbænda, en áður var. Mèr finnst því að þessi nýi dómstóll, nefnil. hjúanefndirnar, sè ekki svo nauðsynlegur, allrasízt nú sem stendur. Eg þarf nú líka að höggva dálítið í hinn 5. konúngkjörna þíngmann, því þó *framsögumaður* hafi svarað honum vel, þá verð eg að bæta þar nokkru við. Eg get ekki þolað það tilfinníngarlaust, sem hann sagði, að vèr nefndarmenn hölluðum rètti hjúanna í máli þessu, því hann er þó í sannleika verndaður svo mikið sem unnt er, eins og hver maður getur sannfærzt um, sem rækilega kynnir sèr nefndarálitið og breytíngar þær, sem hún hefir gjört við stjórnarfrumvarpið. Hinn heiðraði þíngmaður var í sönnu ráðaleysi og hafvillum gegnum allt þetta mál, eius og hann sjálfur sagði; hann þóttist nú að vísu sjá loksins í land, þar sem hjúamálanefndirnar voru; en það land hefir — að eg held — verið eyðisker, sem hvorki hjúum hans nè honum sjálfum mun verða vel borgið á. Eg vil leyfa mèr því að vekja athygli þíngsins að því, að eg held, að bezt sè að ganga inn á varauppástúngu nefndarinnar, eins og hún liggur fyrir; því eg álít ómögulegt að ganga inn á viðaukauppástúnguna B, og þó menn gengi nú inn á hana, þá yrði það með mjög litlum atkvæðamun, eptir sem ráða má af orðum þíngmanna, og þá er eg mjög hræddur um, að stjórnin ekki taki tillögur þíngsins til greina; eg skal nú ekki tala um formgallana á viðaukauppástúngunni B, því það er búið svo ljóslega að sýna fram á þá, að eg hefi engu við það að bæta. En ef þíngið biður eindregið um það, sem farið er fram á í varauppástúngu nefndarinnar, mun stjórnin leggja frumvarp um það fyrir næsta þíng, og þá eru menn líka búnir að fá allt, sem menn vilja.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg þá biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu atkvæði á þessa leið:

A. Frumvarp stjórnarinnar

1. *Nefndin,* 1. gr. nefndarfrv., samþykkt með 20 atkv. móti 1.
2. *Stjórnarfrumvarpsins* 1. gr. fallin eptir atkvæðagreiðslunni við tölul. 1.
3. *Orðabreytíng Arnljóts Ólafssonar við* 2. *gr. nefndarfrv. (tölul.* 5.) samþykkt með 9 atkv. gegn 7.

4. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* fellt með 15 atkv. móti 3.
5. *Nefndin,* 2. gr. nefndarfrv., samþykkt með 19 atkv.
6. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Haugum fellt með 13 atkv. móti 3.
7. Viðaukaatkvæði *Stefáns Jónssonar* samþykkt með 17 atkv. gegn 2.
8. Stjórnarfrv. 2. gr. fallin eptir atkvæðagreiðslunni við tölul. 5.
9. *Sama* 3. gr. samþykkt með 19 atkv.
10. *Sama* 4. gr. samþykkt með 18 atkv.
11. *Nefndin,* 5. gr., samþykkt með 18 atkv.
12. Viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar* samþykkt með 18 atkv.
13. Stjórnarfrv. 5. gr. fallin með atkvæðagreiðslunni við tölul. 11.
14. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* felit með 18 atkv. móti 2.
15. *a, Nefndin,* 6. gr., samþykkt 20 atkvæðum.
15. *b,* Stjórnarfrv. 6. gr. þar með fallin.
16. *Nefndin,* 7. gr. samþykkt með 20 gegn 1.
17.—19. Stjórnarfrv. 7. gr., tölul. 1.—2. þar með fallnir.
20. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* sömuleiðis fallið.
21. Stjórnarfrv. 7. gr., tölul. 3.—6. sömuleiðis fallnir.
22. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* og
23. Stjórnarfrv. 7. gr., tölul. 7 — fallin.
24. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* við nefndarfrv. 8. gr., fellt með 12 atkv. móti 5.
25. *Nefndin,* 8. gr., samþykkt með 20 atkv.
26. Stjórnarfrv. 8. gr. þar með fallin.
27. *Nefndin* 12. gr. samþykkt með 21 atkv.
28.—29. Stjórnarfrv., 9. og 10. gr. þar með fallnar.
30. Stjórnarfrv. 11. gr. felld með 15 atkv. gegn 2.
31. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* fellt með 16 atkvæðum gegn 1.
32. Stjórnarfrv. 12. gr. felld með 17 atkv. gegn 1.
33.—34. *Nefndin,* 9. gr., fyrirsögn samþykkt með 19 atkv. 1, 2, 3, atr. samþykkt með 19 atkv. gegn 2.
35. Stjórnarfrv. 13. gr. þar með fallin.
36. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar,* fellt með 16 atkvæðum gegn 1.
37. Stjórnarfrv. 14. gr. felld með 18 atkv.
38. Viðaukaatkvæði *Björns Péturssonar,* þar með fallið.
39. *Nefndin,* 10. gr. samþykkt með 20 atkv. gegn 1.
40. *Sama* samþykkt með 20 atkv.

41. Stjórnarfrumv. 15. gr., 1. og 2. atr. samþykkt með 19 atkv.
42. *Nefndin,* 16. gr., 3. atr. samþykkt með 20 atkv.
43. Stjórnarfrumv. 15. gr., 3. atr. þar með fallið.
44. Stjórnarfrumv. 15. gr., 4. atr. samþykkt í einu hljóði.
45. *Nefndin,* 15. gr.. samþykkt með 20 atkvæðum.
46. Stjórnarfrumv. 16. gr. þar með fallin.
47. Stjórnarfrumv. 17. gr. samþykkt í einu hljóði.
48. *Nefndin,* 13. gr., samþykkt í einu hljóði.
49. Stjórnarfrumv, 18. gr. þar með fallin.
50. Stjórnarfrumv. 19. gr. felld með 10 atkvæðum móti 9.
51. Stjórnarfrumv. 20. gr. samþykkt í einu hljóði.
52. Breytíngaratkvæði *Björns Péturssonar* samþykkt með 10 atkv. gegn 7.
53. *Nefndin,* 19. gr., samþykkt með 21 atkvæði.
54. Stjórnarfrumv. 21. gr. þar með fallin.
55. *Nefndin,* 20. gr., samþykkt með 17 atkv. gegn 1.
56. Stjórnarfrumv. 22. gr. þar með fallin.
57. *Nefndin,* 21. gr., samþykkt með 20 atkvæðum.
58. Stjórnarfrumv. 23. gr. felld með 17 atkv.
59. *Nefndin,* 23. gr., samþykkt með 20 atkv.
60. Stjórnarfrumv. 24. gr. þar með fallin.
61. *Nefndin,* 22. gr. samþykkt með 20 atkv.
62. *a.* Stjórnarfrumv. 25. gr. þar með fallin.
62. *b.* Breytíngaratkv. *Björns Péturssonar* fellt með 15. atkv. gegn 1.
63. Breytingaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* og *Björns Péturssonar* fellt með 13 atkv. gegn 5.
64. Breytíngaratkvæði *Stefáns Jónssonar* samþykkt með 18 atkv.
65. *Nefndin,* 24. gr., samþykkt með 21 atkvæði.
66. Stjórnarfrumv. 26. gr. þar með fallin.
67. *Nefndin,* 25. gr., samþykkt með 21 atkv.
68. Stjórnarfrumv. 27. gr. þar með fallin.
69. *Nefndin,* 26. gr. samþykkt með 21 atkv.
70. Stjórnarfrumv. 28. gr. þar með fallin.
71. *Nefndin,* 27. gr., samþykkt með 21 atkv.
72. *a.* Stjórnarfrumv. 29. gr. þar með fallin.
72. *b. Nefndin,* 14. gr., samþykkt með 20 atkv.
73. Stjórnarfrumv. 30. gr. þar með fallin.
74. *Sama,* 31. gr., fallin eptir atkvæðagr. við tölul. 5 og 11.
75. Stjórnarfrumv. 32. gr. samþykkt með 21 atkv.

76. *Nefndin*, 28. gr., 1. atr. samþykkt með 20 atkv.
77. Breytíngaratkvæði *Björns Þórarssonar* fallið eptir atkvæðagreiðslunni við tölul. 76.
78. Stjórnarfrumv. 32. gr., tölul. 1 sömuleiðis fallinn.
79. Stjórnarfrumv. 32. gr.
— Stafliður *a* felldur með 17 atkv.
— Stafl. *b* (tölul. 3.) felldur með 19 atkv.
80. Stjórnarfrumv. 32. gr., tölul. 4. og 5. (samþ. af nefndinni).
— Stafl. *a* samþykktur með 21 atkv.
— Stafl. *b*, viðaukaatkv. nefndarinnar samþykkt með 21 atkv.
— Stafl. *c* samþykktur með 21 atkv.
81. *Nefndin*, 28. gr., 4. atr., og *Björn Þórarsson* samþ. með 17 atkv.
Uppástúnga *Björns Þórarssonar*, að fyrir orðið: »ósiðsemi« verði sett: »lauslæti«, felld með 16 atkv.
82. Stjórnarfrumv. 32. gr., 6. atr. samþykkt með 19 atkv.
83. Stjórnarfrnmv. 32. gr., 7. og 8. atr. (samþykkt af nefndinni). Stafl. *a* og *b* samþykktir með 21 atkv.
84. Stjórnarfrumv. 32. gr., tölul. 9. fellur burt eptir atkvæðagreiðslunni við tölul. 76.
85. Stjórnarfrumv. 32. gr., tölul. 10. felldur með 19 atkv.
86. Stjórnarfrumv. 32. gr., tölul. 11. felldur með 16 atkv.
87. Stjórnarfrumv. 32. gr., tölnl. 12. felldur með 19 atkv. gegn 1.
88. Stjórnarfrumv. 32. gr., tölul. 13. og 14. (samþ. af nefndinni), stafl. *a* og *b* samþykktir með 20 atkv.
89. Breytíngaratkvæði *Björns Þórarssonar* fellt með 16 atkv. gegn 1.
90. Stjórnarfrumv. 32. gr., tölul. 15. felldur með 17 atkv.
91. Stjórnarfrumv. 32. gr., niðurlagið fellt með 16 atkv. gegn 1.
92. Breytíngaratkvæði *Björns Þórarssonar*. Hèr var atkvæðagreiðslu frestað fyrst um sinn, og fèll breytíngaratkvæðið síðan samkvæmt atkvæðagreiðslunni undir tölul. 111.
93. *Nefndin*, 29. gr., samþykkt með 20 atkv.
94. Stjórnarfrumv. 33. gr. þar með fallin.
95. *a*. Stjórnarfrumv. 34. gr., 1.—3. atr. (samþykkt af nefndinni), samþykkt með 21 atkv.
b. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* samþykkt með 12 atkv. gegn 8.
c. Tölul. 4. samþykktur með 21 atkv.
d. Tölul. 5.—7. samþykktir með 20 atkv.

96. *Nefndin,* 31. gr., samþykkt með 21 atkvæði.
97. Stjórnarfrumvarpið, 35. gr. þar með fallin.
98. *Nefndin,* 33. gr., samþykkt með 21 atkvæði.
99. Stjórnarfrumvarpið, 36. gr. þar með fallin.
100. *Nefndin,* 32. gr., samþykkt með 21 atkvæði.
101. Stjórnarfrumv. 37. gr. þar með fallin.
102. *Nefndin,* 16. gr., 5. atr., samþykkt með 21. atkv.
103. Stjórnarfrumv. 38. gr. þar með fallin.
104. *Nefndin,* 34. gr., samþykkt með 19 atkv.
105. Breytíngaratkvæði þíngmanns Mýramanna fellt með 11 atkv. gegn 6.
106. *Nefndin,* 35. gr., samþykkt með 19 atkv.
107. Stjórnarfrumv. 39. gr. þar með fallin.
108. Stjórnarfrumv. 40. gr. (samþykkt af nefndiuni), samþykkt með 14 atkv. gegn 4.
109. Stjórnarfrumv. 41. gr. felld með 15 atkv. gegn 2.

B. Viðaukauppástúnga *Jóns Pèturssonar:*
Hèr var atkvæða leitað um það, hvort hún væri rètt upp borin að forminu til, og var það samþykkt með 10 atkv. gegn 9.

110. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við staflið B tekið aptur.
111. Frumvarp Reykjavíkurnefndarinnar 40. gr., 1. atr.:
Hèr var við haft nafnakall, og

sögðu »já«:	»nei« sögðu:
Arnljótur Ólafsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Björn Pètursson.	Árni Einarsson.
Gísli Brynjúlfsson.	Benedikt Sveinsson.
Helgi G. Thordersen.	Guðmundur Brandsson.
Jón Hjaltalín.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
Jón Pètursson.	Jón Sigurðsson frá Haugum.
Páll Sigurðsson.	Magnús Andrèsson.
Stefán Eiríksson.	Páll Melsteð.
Sveinn Skúlason.	Pètur Pètursson.
	Stefán Jónsson.

(Þíngmaður Barðstrendínga greiddi ekki atkvæði, og fjærverandi voru þeir þíngmenn Strandasýslu og Dalasýslu og þíngmaður Húnvetníuga).

111. var þannig felldur með 10 atkv. gegn 9, og voru þá

samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu fallnir töluliðirnir 112—116 (incl.).

117. Varauppástúnga þingnefndarinnar við staflið B samþykkt með 18 atkv. gegn 1.

118. *Nefndin,* 37. gr. nefndarfrv., samþykkt með 19 atkv.

119. Stjórnarfrumv. 42. gr. þannig fallin.

120. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá um, að gjöra frumvarpið að lögum, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 18 atkv. gegn 1.

Forseti: Atkvæðagreiðslu þessari er þá lokið, og með henni dagskránni. Svo stendur nú á, að engi mál eru til umræðu á mánudaginn, en þar eð má ske þá mætti lesa upp bænarskrár til konúngs, vil eg þó til vara ráðgjöra fund til þess á mánudaginn 12. þ. m., kl. 4 eptir miðjan dag, en áskil samt að ákveða þetta nákvæmar, eða breyta til með dagskrá.

Fundi slitið.

Fertugasti og annar fundur - 13. ágúst.

Forseti gat þess, að hinn 2. konúngkjörni, þingmaður Skagfirðínga, þingmaður Snæfellínga og þingmaður Gullbringusýslu hefði tilkynnt sèr, að þeir sökum forfalla ekki gæti mætt á fundi í dag.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti gat þess, að þingmaður Reykvíkínga sæti í dag í skrifarasæti, í stað þingmanns Snæfellínga.

Þá tilkynnti *forseti* þinginu, að sèr hefði borizt 2 brèf, annað *á dönsku* frá *konúngsfulltrúanum,* dags. 5. þ. m., um eptirstöðvar af prentunarkostnaði þingtíðindanna 1859. Lèt hann síðan þingið heyra efnið úr þessu brèfi. Jafnframt gat hann þess, að hann hefði samið uppkast til svars upp á þetta brèf. Las hann því næst þinginu upp þetta uppkast, og var það eptir nokkrar umræður samþykkt af þingsins hálfu. Hitt brèfið var frá 7 þjóðkjörnum þingmönnum og yfirlýsíng um, að þeir mundu eigi sita lengur á þingi, en til næstkomanda föstudags, 16. þ. m., hvernig sem þá stæði á málum.

En er nokkrar umræður tóku að hefjast út af þessu brèfi, kvaðst *forseti* eigi geta leyft um það umræður á *þessu* stigi málsins, en kvaðst mundi leggja brèfið á lestrarsalinn.

Síðan var samkvæmt dagskránni lesin upp 5 álitsskjöl og bænarskrár til konúngs, og samþykktar af þínginu.

1. Álitsskjal um *laun málaflutníngsmanna við yfirdóminn*, svo hljóðanda:

Til konúngs.

Með allrahæstum úrskurði 19. marz 1858 var ákveðið, að dómsmálaráðherrann skyldi setja tvo löglærða menn, til að gegna fyrst um sinn málaflutníngsmannastörfum við yfirdóminn hèr á landi með þeim skilmálum: *að* þeir fengi hið sama einkaleyfi, til að flytja mál við yfirdóminn, sem málaflutníngsmönnum annars ber í konúngsríkinu, *að* þeir skyldi fá, hver um sig, 250 rd. laun um árið, *að* gjald þetta skyldi í bráðina í 3 ár greiða úr Íslands dómsmálasjóði, og, *að* síðan skyldi leita álits alþíngis um það, hvaðan taka skyldi laun handa þeim, ef það skyldi reynast, að dómsmálasjóðurinn eigi yrði fær um það, og þessu samkvæmt setti dómsmálaráðherrann 30. júlí næst á eptir 2 löglærða menn, til að gegna fyrst um sinn í 3 ár málaflutníngsmannastörfum við tèðan yfirdóm, og með fyrtèðum skilmálum.

Með því nú tími sá, er tèðir málaflutníngsmenn voru settir í, nú var þannig út runninn 30. júlí þ. á., og skýrsla landfógetans, er stjórnin hafði fengið um ástand dómsmálasjóðsins, fremur sýndist benda á það, að dómsmálasjóðurinn eigi mundi vera fær um það í framtíðinni, að greiða málaflutníngsmönnunum laun sín, þá beiddist nú fulltrúi *yðar hátignar*, að undirlagi dómsmálaráðherrans, alþíngi, að segja álit sitt um það, hvaðan laun þessi ætti að takast framvegis. Þíngið setti 3 manna nefnd í málið, og ræddi það síðan á lögskipaðan hátt, á tveim aðalfundum sínum, og skal það nú leyfa sèr að segja þegnlegt álit sitt um það, sem er þá þetta:

Þíngið varð að ganga út frá því sem vísu, að ekki mundi verða hætt við það aptur, að hafa fasta málaflutníngsmenn við yfirdóminn, þó þetta eigi sýndist fastlega ákveðið í áður nefndum allrahæsta úrskurði, því það bæri hina fullkomnustu nauðsyn til þessa; annars gæti menn enga fullkomna vissu haft fyrir því, að þau opinber mál og gjafsóknar mál, er fyrir tèðan yfirdóm kæmi, yrði þar dæmd, því stiptamtmaðurinn mundi að líkindum engan geta skyldað til að flytja mál fyrir yfirdóminum, nema ef vera skyldi þá, er standa í þeim embættum, er lagaþekkíngu heimta; en slíkir menn eru hèr ekki

nærlendis aðrir, en bæjarfógetinn í Reykjavík og syslumaðurinn í Gullbríngu- og Kjósarsýslum — þegar undan er tekinn stiptamtmaðurinn sjálfur og dómendurnir í yfirdóminum —, en báðir þessir menn hafa mjög örðugum embættum að gegna, er opt og tíðum eigi leyfir þeim að sýsla um neitt annað, og líka er embætti þeirra þess eðlis, að þeir opt eigi gæti mætt í yfirdóminum á þeim tímum, sem hann er haldinn, þar þeir einmitt þá, ef til vill, þurfa að vera annarstaðar í embættisverkum þeim, er þeir eigi mega frá hverfa, og sýslumaðurinn í Gullbríngusýslu, ef til vill, langt úti í sýslu. Auk þessa virðist það óviðurkvæmilegt, að láta þá mæta sem málaflutníngmenn fyrir yfirdóminum í málum þeim, er þeir sjálfir hefði dæmt í hèraði. Þetta hið sama á sèr að miklu leyti stað með hina aðra sýslumenn, sem eru í grenud við yfirdóminn, nema hvað þeim með öllu væri ómögulegt vegna fjarlægðarinnar að mæta á hverjum mánudegi í yfirdóminum.

Að vísu mun nú stiptamtmaðurinn, áður en málaflutníngsmennirnir komu, ætíð hafa getað fengið einhverja til að mæta í yfirdóminum í áminnstum málum, en þar af leiðir samt engan veginn, að hèr eptir kynni aldrei, að geta brugðið út af því, auk þess, sem það er alkunnugt, hversu örðugt honum áður ástundum veitti með, að fá menn til þessa, og það þó hann opt neyddist til, að láta sèr lynda með þá menn, sem ekkert skynbragð báru á lög, og því nær ekkert vissu, hvað málarekstur er, nè hið minnsta um það, hvernig þeir ætti að taka í málin; en það virðist liggja í augum uppi, hversu illa hafandi þvílikt fyrirkomlag var, hversu lítið það var sæmandi stöðu stiptamtmannsins, að verða þannig að betla á mönnum, og gjöra sig ánægðan því nær með hvern, sem hann gat fengið, hversu yfirdóminum og öllum hlutaðeigendum með þessu var misboðið, og loksins, hversu þetta fyrirkomulag varð að vera þýðíngarlaust, og miður samboðið stjórninni sjálfri. En fyrir utan allt þetta mun mega fullyrða það, að stiptamtmaðurinn nú ekki lengur muni geta fengið nokkra til að flytja þau mál fyrir yfirdóminum, sem eru gjafsóknarmál á báðar hliðar, eins og það virtist og ónærgætnislegt að heimta það af honum, síðan hæstirèttur dæmdi í einu slíku máli hèðan úr landi, að borgunin fyrir flutníng málsins við yfirdóminn til þeirra, er stiptamtmaðurinn hafði fengið, til að flytja þar málið, ætti að falla burt, því þó þessi hæstirèttardómur að líkindum ekki gæti svipt þessa menn því, að eiga heimtíng á borgun fyrir starfa sinn af stiptamtmanninum sjálfum, er fengið hafði þá til að

flytja málið fyrir yfirdóminum, úr því þeir ekki gátu fengið borgunina sèr dæmda undir sjálfu málinu úr opinberum sjóði, þá er það þó auðsèð, að engi mundi að óþörfu taka þetta að sèr, til þess að vinna annaðhvort fyrir gýg, eður verða að öðrum kosti að standa í slíku stímabraki með að fá borgunina.

Að vísu verður því engan veginn mótmælt, að meðan málaflutníngsmennirnir við yfirdóminn eru ekki nema tveir, og hafa einkaleyfi til að mæta þar fyrir hönd annara í einkarmálum, þá hlýtur þetta fyrirkomulag að vera mjög óvinsælt meðal landsmanna, og drepa niður traust þeirra á yfirdóminum í einkarmálum, því þeir, sem ætla að halda málum sínum til yfirdómsins, eru neyddir til að halda sèr að öðrum hverjum þeirra; hafi nú þessir málaflutníngmenn ólíkt orð á sèr fyrir það, hvað þeir að dugi, keppast málspartarnir, hvor á við annan, að verða fyrri til að ná í þann, er betra orðið hefir á sèr, og sá, sem seinni verður á sèr, má þá láta sèr lynda með hinn, jafnvel þó hann ekki beri traust til hans, og teli þar við málið sèr tapað, og þættist sjálfur geta útvegað sèr langtum betri mann, til að flytja mál sitt, ef hann hefði mátt ráða. Ekki að tala um, hversu sá hlýtur að álíta máli sínu illa komið, sem kynni að vera missáttur við annan málaflutníngsmanninn, en ekki getur náð í hinn, af því að mótpartur hans er búinn að fá hann fyrir sína hönd. En af þessu leiðir engan veginn það, að fastir málaflutníngsmenn við yfirdóminn ekki sè nauðsynlegir, því þetta er líklega hèr að framan fullsannað, heldur einúngis það, að meðan þeir ekki eru nema tveir, eigi þeir ekki að hafa neitt einkaleyfi, til að flytja einkarmál fyrir aðra við yfirdóminn, enda mun það og engan tekjumissi gjöra þeim, þó þeir eigi hefði þetta einkaleyfi, því, ef þeir hafa traust manna, fá þeir eins málin fyrir því, eptir því sem hèr hagar til; en hafi þeir það ekki, mun borgunin verða rýr hjá þeim, sem verða að taka þá nauðugir og ekkert traust bera til þeirra. Þegar og stjórnin sèr um það, að fastir löglærðir málaflutníngsmenn sè til við yfirdóminn, er þeir geti haldið sèr til, er vilja fara með mál sín þangað, og hún þar að auki geldur þeim laun, þá hefir hún fyllilega með þessu gjört skyldu sína og bætt úr þörfum manna.

Eptir að þingið þannig allraþegnsamlegast hefir leyft sèr að láta það álit sitt í ljósi, að það sè með öllu nauðsynlegt, að hafa á fyr sagðan hátt fasta málaflutníngsmenn við yfirdóminn, og að það engan veginn mundi tjá að kippa þeim nú af aptur, þá skal það

með tilliti til þess, hvaðan taka eigi launin handa þeim, því ekki verður vænzt, að nokkur, eptir því sem hèr á stendur, gefi sig í þá stöðu launalaust — eins allraþegnsamlegast leyfa sèr nokkrar athugasemdir áhrærandi þetta mál, sem að vísu er aðalefni þessa álitsmáls bæði eptir konúngsúrsk. 19. marz 1858, og því fyrirlagi stjórnarinnar, sem nú er hèr komið fram.

Stjórn yðar hátignar hefir látið leggja fyrir þingið 2 álitsskjöl áhrærandi það, hvort dómsmálasjóði Íslands muni fært eður eigi, að leysa af hendi *framvegis* þá 250 rd. árlega, sem með allrahæstnefndum úrskurði voru veittir hvorum málaflutníngmannanna fyrir sig um þau 3 ár, til 30. júli þ. á. Annað álitsskjalið er frá landfógetanum á Íslandi, dags. 8. marz þ. á., og virðist það að vísu liggja næst eptir þessu skjali, að dómsmálasjóðnum verði eigi fært að standast þessi gjöld framvegis, nema því að eins að arðberandi innstæða hans væri smámsaman skert; því þar eru árleg gjöld sjóðsins, eins og þau eru nú, og að meðtöldum launum málaflutníngsmanna, talin þannig:

Föst útgjöld, að minnsta kosti	950 rd. » sk.
Óákveðin gjöld og óviss eptir 6 ára meðaltali, þ. e. fyrir árin 1854—59	338 — 64 —
Og telur landfógeti árleg útgjöld þannig . .	1288 — 64 —
En aptur á móti árlegar tekjur, í mesta lagi .	1100 — » —
Og getur þess jafnframt, að ráðgjöra megi, að þar af sè milli 3—400 rd. útistandandi við lok hvers reikníngsárs.	
Eptir áliti landfógetans ætti því í tekjur sjóðsins, til þess þær jafnaðist við núverandi útgjöld, að bresta að minnsta kosti	188 — 64 —

eður hèr um bil 200 rd. árlega.

Í álitsskjali stiptamtsins 12. marz þ. á. virðist nú að vísu einnig gengið út frá þessari niðurstöðu, er stiptamtið telur víst að væri lètt af sjóðnum þeirri launabót, samtals 300 rd., sem 2 yfirrèttardómendurnir fá þaðan árlega, eins og í þessu skjali er stúngið upp á, og þingið mun leyfa sèr að leggja til hèr eptir með nákvæmari rökum, — þá mundi dómsmálasjóðnum verða fært að launa málaflutníngsmönnunum framvegis, án þess innstæðan skertist. Þingið verður nú því fremur að aðhyllast þessa skoðun stiptamtsins, sem það varð ljóst undir meðferð og umræðum málsins á þinginu, af nákvæmari skýrslum um tekjur og útgjöld sjóðsins, er þá komu

fram, og *konúngsfulltrúinn* ekki vefengdi, heldur aðhylltist, einkum að hin óvissu útgjöld sjóðsins, er landfógetinn hefir talið 338 rd. árlega að meðaltali, eins og áður var sagt, eru í raun réttri eigi nærri svo mikil yfir höfuð að tala, og er skekkjan, að því sem fram kom, einkum þar í fólgin, að um þau 6 ár, 1854—59, er landfógetinn hefir lagt til grundvallar fyrir tèðum meðaltalsgjöldum, hafa einmitt lent á sjóðnum óvanaleg og alveg sèrstakleg útgjöld, samtals 1440—1450 rd. til aðalaðgjörðar á yfirdómshúsinu í Reykjavík. Þingið varð því einhuga að komast til þeirrar niðurstöðu, að dómsmálasjóðnum mundi verða það fært, án þess innstæða hans væri skert, að halda áfram að greiða málaflutníngsmönnunum hin ákveðnu laun árlega, 250 rd. hvorum þeirra, að minnsta kosti um hin næstu 4 ár, einkum ef fyr áminnstri launauppbót yfirrèttardómendanna, 300 rd. árlega, yrði af honum lètt, samkvæmt uppástúngu stiptamtsins. Þingið verður nú einhuga allraþegnsamlegast að aðhyllast tèða skoðun og tillögur stiptamtsins um það, að bæði nauðsyn og hlutarins eðli, og þar að auki þær almennu grundvallarreglur fyrir launum konúnglegra æðri embættismanna, sem fylgt er yfir gjörvöll ríki og lönd yðar *konúnglegu hátignar,* mæli kröptuglega og óyggjandi með því, að dómendunum í yfirdómi þessa lands sè algjörlega og eingöngu launað úr ríkissjóði, en eigi bætt upp laun sín úr sèrstökum landssjóði, sem eptir stofnun sinni aldrei hefir verið til þess ætlaður; og verður þingið því heldur allraþegnsamlegast að fylgja fram þessari skoðun sinni og þar á byggðri bæn, sem það er þó auðsætt, að fjórða konúnglega embættið, sem stofnað var við yfirdóminn, jafnframt og hann var sjálfur stofnsettur með tilsk. 11. júli 1800, nefnilega dómskrifaraembættið, er einnig voru ákveðin föst laun úr ríkissjóði (sbr. tilsk. 11. júlí 1800, § 5) er nú lagt niður (síðan 1835), og laun þess algjörlega dregin inn í ríkissjóð, en dómskrifarastörfin lögð á herðar öðrum yfirrèttardómendanna, án þess laun hans úr ríkissjóði hafi verið neitt aukin í þeim notum.

Framanskrifaðar ástæður eru, að þingsins áliti, svo augljósar og ríkar, að það getur eigi dregið efa á, að þar á byggt þegnsamlegt niðurlagsatriði í þessu álitsskjali fái mildilega áheyrn hjá yðar konúnglegu hátign; og leyfir þingið sèr því með 20 atkvæðum, að bera upp í þessu máli það þegnsamlegt álit sitt og bænir:

1. (Með 19 atkv.): Að laun hinna föstu málaflutníngsmanna við yfirdóminn verði um hin næstu 4 ár greidd úr dómsmálasjóðnum.

2. (Með 19 atkv.): Að þeir 300 rd., sem nú eru borgaðir úr dómsmálasjóðnum til yfirdómendanna í landsyfirrèttinum, verði hið fyrsta skeð getur, borgaðir þeim árlega úr ríkissjóði.

Reykjavík, 13. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast,

Jón Guðmundsson. Jón Pètursson.

2. Bænarskrá í *spítala- og læknamálinu,* svo hljóðandi:

Til konúngs.

Eptir að alþíngi nú í öll þau ár, er það hefir saman komið, síðan 1847, hefir móttekið fjölda af bænarskrám um endurbót á læknaskipuninni hèr á landi, hefir það nú að nýju á þessu þíngi meðtekið 2 bænarskrár um sama efni, nefnilega eina frá þíngeyjarsýslu með 30 undirskriptum, og aðra frá almennum fundi, sem haldinn hefir verið í Suður-Múlasýslu um þetta efni. Báðar þessar bænarskrár fara í hina sömu stefnu, og hinar eldri bænarskrár allt af hafa farið, sumsè þá, að stjórnin hið allrabráðasta vili sjá svo um, að læknakennsla verði stofnuð hèr á landi, að spítali verði settur í Reykjavík og betri tilhögun verði höfð á inntektum spítalanna, en hingað til hefir verið.

Alþíngi kaus nú að nýju 5 menn í nefnd, til að ræða þetta mál, og lagði nefnd þessi álit sitt fyrir þíngið 2. ágúst þ. á. Nefndarálitið tók það ljóslega fram, að hin brýnasta nauðsyn til bæri, að stjórnin hið allrabráðasta sæi svo um, að læknakennsla gæti komizt á fót hjá landlæknirnum hèr í Reykjavík, á líkan hátt og verið hefði hèr á fyrri öld, hver kennsla þá hefði sýnt sig svo affaragóða og happasæla fyrir landið. Alþíngi þykist nú því heldur neytt til, að fara í þessa stefnu, sem stjórnin þrivegis hefir tekið svo ólíklega undir beiðni þess um, að stofnaður yrði innlendur læknaskóli og spítali hèr í Reykjavík, og sem auglýsing *yðar konúnglegu hátignar* til þessa alþíngis gaf þínginu í skyn, að þetta mundi vera sú einasta uppástúnga, er líkur væri til, að stjórn *yðar hátignar* mundi fallast á að svo komnu. Á hinn bóginn sá þíngið sèr skylt að taka það fram, að læknakennsla sú, sem hèr á að geta átt sèr stað, samkvæmt konúngsúrskurði af 12. ágúst 1848, væri með öllu ónóg, og að 12 ára reynsla virtist nógsamlega búin að sanna, að með þeim skilmálum, sem þar eru fram teknir, vilja fáir sem engir menntaðir únglíngar gefa sig í slíka kennslu, einkum vegna þess,

að réttindi þau, er slíkum mönnum væri boðin, væri að engu nýt, þar sem þeir, að afstöðnu prófi, einúngis fengi rétt til, að meðhöndla hin allraeinföldustu sjúkdómatilfelli, og það að eins undir annars læknis umsjón, eins og líka kennslan sjálf, eptir þeim greinum, sem tilteknar eru í hinum umgetna allrahæsta úrskurði, hefði ekki komið að tilætluðum notum, og gæfi í rauninni landsmönnum enga vissu fyrir, að slíkir menn gæti álitizt sem reglulegir læknar, eða orðið mönnum að fullu liði í hinum bráðustu lífsnauðsynjum þeirra. Þíngið leyfir sèr því að taka það skýrt og ljóst fram, að slík kennsla verður nú að vera langtum umfangsmeiri, og svo af hendi leyst, að hún bæði gæfi manni tryggíngu fyrir því, að hin nýju læknaefni hafi yfirfarið allar hinar nauðsynlegustu greinir læknisfræðinnar, og fái næga æfíngu undir höndum landlæknisins í því, að meðhöndla alla hina algengustu sjúkdóma hèr á landi, sem og fyrir því, að slík læknaefni, eptir afstaðið opinbert próf, fái, ef þeir álítast hæfir, full réttindi til, að geta orðið hèraðslæknar hèr á landi, því annars er það auðsèð, að engi menntaður únglíngur frá hinum lærða skóla vill gefa sig að slíkri kennslu, ef hann eigi hefir fulla vissu um, að hann þurfi eigi að vinna fyrir gýg, og eyða sínum beztu úngdómsárum svo að segja til ónýtis fyrir sjálfan sig.

En eins og þíngið leyfir sèr að taka þetta hvorttveggja skýrt og ljóst fram, eins verður það ljóslega að sýna fram á, að mótbárur þær, er áðnr hafa framkomið á móti slíkri innlendri læknakennslu og nytsemi hennar fyrir landið, eru hreinn miskilníngur, sprottinn af því, að menn eigi nógsamlega hafa yfirvegað, hversu happadrjúgt það verður að vera fyrir hvert land, að læknaefnin, á meðan þeir eru að læra, geti með eigin augum sèð hina sèrstaklegu sjúkdóma, sem eiga sèr stað hèr á landi, ásamt þeim sèrstaklegu orsökum, sem sökum náttúrueðlis landsins og lifnaðarháttar fólksins, eiga sèr stað hèr á landi. Þíngið getur fært nóg rök fyrir því, að hvorki mundi hèr vanta næg tækifæri til líkauppskurða *(Obduction)*, eða til að sjá og kynna sèr til hlýtar hina algengustu sjúkdóma hèr á landi, eins og það á hinn bóginn hefir nógar sannanir fyrir því, hvernig slík innlend læknakennsla er einkar vel fallin til, að auka og efla þekkínguna á hinum mörgu og sèrstaklegu sjúkdómum lands þessa, t. a. m. ýmsum greinum sullaveikinnar, holdsveikinnar og limafallssýkinnar, sem enn sökum þess, að nægan tíma og tækifæri hefir vantað til ítrekaðra líkauppskurða, eru að miklu leyti huldir nokkurs konar hulinhjálmi. Á

hinn bóginn virtist þínginu það auðsèð, að landlæknirinn, eins og nú á stendur, þar sem hann verður að vitja nálega hvers einstaks sjúklíngs í þessu fólksríkasta byggðarlagi, ómögulega getur, sem stendur, á meðan hann hefir engan sèr til hjálpar, komizt yfir slíkt; en öðru máli mundi það gegna, þegar hann hefði menntaða únga menn, bæði í því eins og öðru, er hann þyrfti að gjöra, til að fá slíku framgengt, sèr til hjálpar.

Eptir að mál þetta undirbúið af nefnd þeirri, er í það var kosin, var lagt fyrir þíngið, var það á lögskipaðan hátt ítarlega rætt á tveim fundum, og fèllst þíngið nálega í einu hljóði, í öllu verulegu, á skoðun nefndarinnar í þessu efni. Að vísu var þíngið einnig einhuga á því, að mönnum bæri eigi að missa sjónar á þeirri áður optsinnis ítrekuðu skoðún þess, að læknaskóli og spítali í Reykjavík þætti nauðsynlegir, til þess að læknaskipun lands þessa kæmist í svo gott horf, sem framast mætti verða; margir þíngmenn tóku það því ljóslega fram, að eins og það olli öllum landsmönnum mikils áhuga, hve mikil brögð eru að læknafæðinni hèr á landi, eins gæti þíngið og eigi annað, en gripið hvort það tækifæri, sem lyti að því, að hrinda þessu máli í betra horf, jafnvel þótt þetta að sinni eigi væri með svo fullkomnu fyrirkomulagi, sem þíngið áður svo optsinnis hafði farið fram á, og sem það enn verður að álíta sem þá stefnu, er menn eigi að halda í þessu máli, þegar tímar og tækifæri leyfa.

Þíngið verður í einu hljóði að kveða vandræði sín upp fyrir *yðar hátign* í þessu sínu mikla nauðsynja og vandamáli, og óska þess, að stjórn *yðar hátignur* hið *allrabráðasta skeð getur* allramildilegast vili veita bænum þess áheyrslu.

Menn hafa nú hin seinustu árin hrunið niður hópum saman, svo til vandræða horfir, sökum læknaleysisins, þegar skæðir sjúkdómar sækja á þá; en eins og landlæknirinn hefir með ljósum dæmum sýnt þínginu fram á, að hið mikla mannfall, sem orðið hefir hèr á landi, er langmest þar, sem læknahjálpin er engi, eins hefir og þíngið hinn fastasta áhuga á því, að læknaembættum hèr yrði fjölgað svo fljótt, sem nokkur líkindi eru til þess, að innlendir læknar fáist í þau, en eins og nú á stendur er því minni útsjón til þess, sem nærfellt helmíngur þeirra læknaembætta, sem nú eru til hèr á landi, standa liðug, og hafa staðið það um lengri tíma. Menn hafa samt sem áður enga von um, að danskir læknar vili sækja um þessi embætti, því bæði er það, að málið stendur þeim í vegi, enda er alls eigi vonandi, að duglegir danskir læknar vili

sækja um þessi sárörðugu og litlu embætti, sem þar að auki að eins verður til hlýtar þjónað af þeim, er vanir eru hinum harðla örðugu íslenzku ferðum, og þeim sjerstaklega lifnaðarhætti. Nú með því læknaembættin hèr á landi á fyrri öld voru skipuð mönnum, er að eins höfðu fengið menntun sína hjá landlækninum hèr á landi, og slíkt skipulag þótti þá gott og viðunandi, er það þingsins sameiginleg ósk, að líkt skipulag geti komizt á hið allrabráðasta, í hið minnsta til bráðabyrgðar, uns læknaskóli, með vaxandi efnum landsins, gæti komizt hèr á, því þingið hefir enga von um, að hin hèrverandi læknaembætti, svo fá sem þau eru, verði sett íslenzkum læknum, útlærðum frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Dýrkeypt 100 ára reynsla sannar þetta nógsamlega, og þó stjórn *yðar hátignar* hafi náðarsamlega veitt íslenzkum læknaefnum fèstyrk til að læra læknisfræðina; sýnir þó reynslan, að þetta kemur fyrir lítið sem ekkert, og getur eins og nú á stendur, ómögulega bætt úr þeim bráðu vandræðum landsins, sem nú eru á þessu máli. Í þessu skyni leyfir þingið sèr að geta þess, að af þeim núverandi 8 föstu læknaembættum, sem til eru hèr á landi, eru að eins 4 skipuð íslenzkum læknum, og eru 3 af þessum læknum komnir á sextugsaldur, og geta því að öllum líkindum eigi allmörg ár gengt jafnörðugri stöðu, sem læknaembættin eru hèr á landi. Á hinn bóginn er útsjónin með, að útlærðir læknar frá Danmörku geti uppfyllt þessi embætti, mjög lítil og því nær engi, þegar litið er til þess, að meir en helmingur þeirra Íslendínga, sem þar hafa *stúderað* læknisfræði á þessari öld, eigi hafa náð lærdómsprófi, en hafa sökum fjárleysis og annara orsaka snúið aptur, eða lagt fyrir sig aðrar bókiðnir. Menn mega sumsè eigi gleyma því, að læknar hafa hèr á landi fyrir sárlitlu að vinna, á meðan sýsluembætti og öll embætti lagafróðra manna mega kallast langtum betri, og margfallt hægari, þá er og sú hugsun orðin almenn hjá öllum Íslendíngum, og það jafnt hjá þeim menntuðu sem ómenntuðu, að menn eigi að nema læknisfræðina hèr á landi, og til þessa mundu margir fást, sem ófáanlegir eru að fara til Danmerkur, til að læra læknisfræði þar, og þingið verður að játa, að þessi hugsun sè orðin svo inngróin, að margir menn haldi sonum sínum til baka, jafnvel frá hinum lærða skóla, sökum þess þeir vilja eigi kosta þá erlendis, eða hafa eigi föng á því. Þingið efast eigi um, eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar frá landlækninum, er nú sjálfur, samkvæmt hinni eldri, áður umgetnu löggjöf vorri, hefir um 1 ár les-

ið læknisfræði með úngum manni frá Kaupmannahöfn, er þar áður var byrjaður á henni, og sem hefir bent þínginu á 3 aðra únga menn, er hafa lesið hana í fleiri ár bæði við háskólann og hèr á landi, svo framarlega sem *yðar hátign* allramildilegast bænheyrir þingsins eindregna bæn, er hèr um ræðir, þá muni landlæknirinn, að tveggja ára fresti, geta útskrifað þrjú eða fjögur læknaefni; og þegar kennslunni væri haldið áfram hefir hann sjálfur gefið von um, að hann á 3 til 4 ára fresti mundi geta svoleiðis kennt gáfuðum stúdentum hèr fra lærðaskólanum, að þeir eptir afstaðið próf, gæti orðið hæfir til, að verða læknar hèr á landi. Til að hrinda máli þessu í betra horf leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess, að sem allrabráðast verði greiddir 600 rd. árlega úr hinum almenna læknasjóði til læknakennslu hjá landlækninum, og það svo, að helmingur þessara penínga eða 300 rd. gangi sem *stipendium* handa þeim menntuðu úngmennum, sem læra vilja læknisfræðina hjá landlækninum, þremur að tölu, en hin 300 rd. fái landlæknirinn árlega í kennslulaun, en jafnframt virtist þínginu, að ákvörðunin í konúngsúrskurði 12. ágúst 1848 enn þar hjá væri látin standa óhögguð.

Að lyktum getur þingið eigi leitt hjá sèr, að bera það fram fyrir *yðar hátign,* að landsmenn allir eru mjög áhugafullir um þetta mál, og óska og vona, að úr því verði ráðið, hið allrabráðasta skeð getur, og samkvæmt þessum vilja allra leyfir þingið sèr með 20 atkvæðum allraþegnsamlegast að biðja um:

1. (Í einu hljóði): Að til bráðabyrgða verði árlega greiddir úr hinum almenna læknasjóði, eður hinum svo kallaða spítalasjóði lands þessa, til læknakennslu hjá landlæknínum í Reykjavík, 600 rd., (með 16 atkv. gegn 1), og þangað til læknaskóli og spítali komast á hèr á landi.
2. (Með 20 atkv.): Að þeir stúdentar frá hinum lærðaskóla og *privatdimitteraðir,* ef það kemst á, sem landlæknirinn þannig tekur til kennslu, sè fræddir í þeim greinum læknisfræðinnar, sem til eru teknar í *instruxi* landlæknisins hèr á landi frá 19. maí 1760 § 4: líkskurðarfræði *(Anatomie),* lífeðlisfræði, sjúkdómafræði *(Pathologie),* handlæknisfræði og yfirsetukvennafræði; (með 14 atkv. gegn 2) samt í hinum nýjari vísindum læknisfræðinnar, svo sem *Chemie (uorganisk* og *organisk), chemiskri* sjúkdómafræði, almennri heilbrigðisfræði *(Hygieine publique),* meðalaverkunarfræði (*Pharma-*

kologie og *Pharmakodynamik), Medicina forensis* og því, er þurfa þætti, til þess þeir gæti vel gegnt stöðu sinni.

3. (Með 18 atkv.): Að lærisveinar þessir, eptir afstaðna kennslu hjá landlækninum, standi opinbert burtfararpróf eptir fulltryggjandi reglum (samkvæmt því, er landlæknirinn getur komið sér saman um við hið konúnglega heilbrigðisráð í Kaupmannahöfn um þetta mál).
4. (Með 18 atkv.): Að þessir menn, ef þeir álítast hæfir, fái fullkomið læknisleyfi hèr á landi, og geti orðið hèr héraðslæknar.
5. (Með 19 atkv. gegn 2): Að stjórnin leggi fyrir næsta alþíngi frumvarp um betri tilhögun á spítalatekjunum, samkvæmt því, sem alþíngi hefir áður upp á stúngið í bænarskrám sínum til *yðar hátignar* 1847 og 1859.

Reykjavík, 13. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Jón Hjaltalín.

3. Bænarskrá í *kollektumálinu,* svo hljóðandi.

Til konúngs.

Frá þíngmanni Rángæínga kom til þessa þings uppástúnga um, að þíngið þegnsamlegast beiddi *yðar hátign* að skipa svo fyrir, að nefnd þeirri, sem sett yrði, til að undirbúa fjárhagsaðskilnað milli Íslands og Danmerkur, yrði einnig falið að rannsaka reikníngа hins svo kallaða kollektusjóðs.

Þíngið kaus 3 menn í nefnd, til að rannsaka þetta mál, ræddi það síðan á lögboðinn hátt, á 2 aðalfundum, og leyfir sèr nú þegnsamlegast, að skýra frá áliti sínu um málið á þessa leið:

Eptir hin miklu harðindi og óáran um síðari hluta 18. aldar, og einkum eptir Skaptáreldinn 1783, var Ísland mjög svo báglega statt, einkum Suðausturlandið, og það svo, að jafnvel horfði til landauðnar víða; var þá safnað gjafafè til Íslands, bæði í Danmörku og í Noregi, samkvæmt konúnglegum leyfisbrèfum frá 10. desbr. 1783 og 15. júlí 1785, og af því fè, sem þannig fèkkst, var síðan með tveim konúnglegum úrskurðum 29. marz og 18. október 1786, stofnsettur sjóður, er svo segir um í úrskurðunum, »að fjárstofn hans og það, sem síðan viðbætist á sama hátt handa þeim, sem fyrir tjóni hafi orðið af harðærunum í Íslandi, skuli geyma *(deponere)* í konúngssjóði, en gjalda af 4% í vöxtu á ári hverju frá

þeim degi, er fèð sè lagt inn í konúngssjóð til geymslu«; af þessu er auðsætt, að ríkisstjórnin ætlaðist svo til, að fè þetta skyldi geyma sem sèrstakan sjóð, er ætlaður væri til þess, að styrkja Íslendínga og viðreisa þá, og þessari skoðun hèlt stjórnin fram til 1798, því undir árslokin 1797 var auglýstur reikníngur yfir allt kollektufèð í lögþíngisbókinni fyrir sama ár, og var þá upphæð sjóðsins, að öllu samtöldu, 47,822 rd. 54 sk. Þangað til vita menn og ei dæmi til, að fènu hafi verið varið á móti hinum upprunalega tilgangi gefanda. En 28. maí 1800 var það leyft með konúngsúrskurði, að verja vöxtunum af kollektusjóðnum, til þess að endurgjalda með kostnaðinn við strandmælingar á Íslandi, og með konúngsúrsk. 9. marz 1804 var þetta enn nákvæmar ákveðið þannig, að það, sem þessi kostnaður næmi meiru á ári en 1700rd., er taka mætti af vöxtum kollektufjárins, skyldi beinlínis greiða úr ríkissjóði. Af þessu er auðsætt, að upphæð sjóðsins hefir 1804 verið hèr um bil hin sama sem 1797; og þó öllum vöxtum hefði síðan verið varið til ýmislegs, fyrst til strandmælínganna, sem lokið var eður hætt var við árin 1816—1817, og svo annars, þá þekkja menn engar ástæður til, að sjóðurinn hafi þá getað verið orðinn minni að rèttu lagi, heldur en hann var um aldamótin, um það leyti tèðir konúngsúrskurðir komu út, þar sem þínginu er ekki kunnugt um neina yngri konúngsúrskurði, er hinum hafi breytt, eða hafi heimilað það, að sjálfum stofninum hafi mátt eyða. Alþíngi getur því, enn sem fyrri, eigi bundizt, að láta í ljósi það allraþegnsamlegasta álit sitt, að eigi sè hægt að samrýma það við fyr tèða konúngsúrskurði, er *konúngsfulltrúinn* skýrði fyrst frá því á alþíngi 1845, að kollektusjóðurinn væri þá eigi stærri en 28,049 rd., og kvað þá upphæð fastráðna og staðfesta með konúngsúrskurði 25. júlí 1844, því skýrsla sú, sem hann þá enn fremur gaf um það, hversu kollektufènu hefði verið varið frá 1799 til 1835, sýnist líka beinlínis að bera það með sèr, að hinna eldri konúngsúrskurða hefði eigi æfinlega verið gætt sem skyldi.

Þó að nú *yðar konúngleg hátign* hafi í allrahæstri auglýsíngu til þessa alþíngis 1. júní þ. á. allramildilegast kveðið svo á, að eigi hafi orðið sinnt þegnsamlegri bænarskrá alþíngis 1859 um þetta mál, þá fulltreystir þíngið því, að yðar konúnglega hátign, samkvæmt speki yðar og mildi, munið virða þínginu til vorkunar, þó því finnist ástæða til að vilja grennslast eptir og ganga úr skugga um, hvernig á þeirri rýrnun *kollektusjóðsins* muni standa, sem hèr er um að ræða, og að þèr, vor allramildasti landsfaðir, munið af

vísdómi yðrum og konúnglegu rèttlæti, eigi vilja synja alþíngi þess og öllum Íslendíngum, að málefni þetta verði ítarlegar skoðað, þegar *yðar konúnglegri hátign* fyndist tími til kominn; en nú verður alþíngið allraþegnsamlegast að álíta, að til þess sè einmitt nú hentugur tími og bezta tækifæri, þar sem fullhermt er, að stjórn *yðar hátignar*, eins og virðist bent til í hinni konúnglegu auglýsíngu til þessa alþíngis, ætli að setja nefnd manna á þessu ári, til að undirbúa fjárhagsaðskilnað milli Íslands og Danmerkur, og virðist þínginu æskilegt, að þessari nefnd einnig væri falið á hendur að rannsaka nákvæmar reiknínga kollektusjóðsins og það, hvort innstæðu hans hafi verið alveg varið samkvæmt stofnunarbrèfum hans og öðrum ýngri konúnglegum úrskurðum og heimildarbrèfum.

Það var tekið fram í uppástúngunum, er þíngið fèkk til meðferðar og byggði á meðferð þessa máls, »að álit tèðrar nefndar um þetta mál yrði lagt fyrir ríkisþíngið í Danmörku, sem það mál, er snerti fjárhag alríkisins, svo framarlega sem álit nefndarinnar lyti að því, að sjóðurinn ætti að vera meiri, heldur en nú segir í konúngsúrsk. 25. júlí 1844, en síðan undir allrahæstan úrskurð *yðar konúnglegu hátignar*«; en af því þínginu virtist sjálfsagt, að svo yrði að vera, þá þótti eigi nauðsyn að hreifa því með sèrstöku niðurlagsatriði í þessari bænarskrá, en þar á móti virtist þínginu nauðsyn á, að taka fram, að lagt yrði fyrir nefndina að gefa greinilega skýrslu um þessa reiknínga, og að sú skýrsla yrði síðan lögð fyrir þíng hèr á landi.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfir alþíngi sèr allraþegnsamlegast, með 18 atkv. gegn 4, að bera þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

1. (Með 19 atkv. gegn 3). Að *yðar hátign* vili skipa svo fyrir, að nefnd sú, sem ráðgjört er (með 21 atkv.), að sett verði í Kaupmannahöfn, til þess að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur, skuli einnig rannsaka reiknínga kollektusjóðsins frá því um árslok 1797, og með fullu tilliti til konúngsúrskurðanna 18. okt. 1786, 28. maí 1800 og 9. marz 1804.
2. (Með 20 atkv. gegn 1). Að nefndin verði látin gefa greinilega skýrslu um þessa reiknínga, og að sú skýrsla verði lögð síðan fyrir þíng hèr á landi.

Reykjavík, 13. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Páll Sigurðsson.

4. Bænarskrá um *launabót embættismanna,* svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis hafa að þessu sinni komið 2 bænarskrár frá nokkrum embættismönnum hèr í Reykjavík, er fara því á flot, að þíngið flyti *yðar konúnglegu hátign* bænir þeirra og þarfir um viðbót við þau laun, er nú hafa þeir, og sem þeir leiða ljós rök að, að ekki eru nægileg, til þess þeir sómasamlega og eins og stöðu þeirra hæfir, geti fætt sig og sína af þeim.

Þíngið kaus nefnd í málið, ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, og leysir sèr nú að flytja *yðar konúnglegu hátign* allraþegnsamlegasta álit sitt um það á þessa leið:

Þíngið leysir sèr þá fyrst að taka það fram, að þó bænarskrár þær, er hèr ræðir um, fari að eins fram á launaviðbót handa nokkrum, en ekki öllum þeim embættismönnum hèr á landi, sem launað er úr ríkissjóði, þá sèr þíngið enga ástæðu til, að gjörður sè greinarmunur á tèðum embættismönnum, með því slíkt mun heldur ekki hafa verið tilgangur þeirra, er bænarskrárnar hafa ritað; þíngið er eindregið á því, að allir þessir embættismenn, það er að skilja þeir af þeim, sem ekki eru þegar búnir að fá launaviðbót, þurfi hennar við, og það bráðlega, eins og leidd munu ljós rök að síðar, og þess vegna leysir þíngið sèr að taka launamálið í heild sinni fyrir til umræðu, eins og það nú liggur fyrir.

Þínginu er það nú í fersku minni, að fulltrúi *yðar hátignar* lagði fram á þínginu í hitt eð fyrra frumvarp til laga um laun ýmsra embættismanna hèr á landi. Þíngið íhugaði málið þá mjög rækilega, og þó það að lyktum kæmist til þeirrar niðurstöðu, að ráða frá, að frumvarpið yrði gjört að lögum, eins og það lá fyrir, þá var það engan veginn meining þíngsins, að embættismenn þeir, er teknir voru fram í frumvarpinu, þyrfti ekki þeirrar launahækkunar við, er frumvarpið ákvað handa þeim, að þíngið þvert á móti leiddi ljós rök að því, að embættismenn þessir þyrfti að fá, og ætti rètt á að fá ekki einasta það, sem frumvarpið ákvað, heldur jafnvel hærri launabót, svo að laun þeirra yrði hèr um bil jafnhá, eins og laun samkynja embættismanna í Danmörku eru. Þíngið verður og þakklátlega að viðurkenna, að jafnvel þó stjórn *yðar hátignar* ekki hafi tekið tillögur þíngsins 1859 verulega til greina í þessu máli, þá hefir hún þó gjört tilraun til að hrinda því áfram, og að því takmarki, sem allir vilja ná, með því hún hefir lagt fyrir ríkisþíngið

í Danmörku 28. jan. 1860 frumvarp til laga um laun ýmsra embættismanna hèr á landi, að vísu ekki byggt á tillögum alþíngis, en þó með sèrstöku tilliti til þess, er minni hluti þess 1859 rèði til. En því sorglegra er það, að ríkisþíngið hefir alveg fellt þetta mál, svo að embættismenn þeir, er hèr ræðir um, mega enn sitja við sömu laun og áður, að frá teknum forstöðumanni prestaskólans og rektor lærða skólans, sem af sèrstökum ástæðum hefir verið veitt launabót. Þíngið getur ekki leitt bjá sèr að fara nokkrum orðum um rètt íslenzkra embættismanna til jafnhárra launa, og samkynja embættismenn hafa í Danmörku, því um það atriði hafa verið nokkuð skiptar meiníngar á undan; og ber þá fyrst að líta á það, að Danmörk og Ísland eiga einn sjóð saman, og að Danir einir hafa í hendi sèr öll fjárhagsráð beggja landanna; en hèr af flýtur, að Íslendíngar ekki geta bætt laun embættismanna sinna, hvað fegnir sem þeir vildi. Þá ber og að líta á það, að hin sömu skilyrði eru fyrir embættisveitíngunni hèr og í Danmörku, eða með öðrum orðum: það eru sömu hæfilegleikar heimtaðir af embættismönnum hèr, eins og í Danmörku, og sömu skyldur þeim á herðar lagðar, þegar þeir hafa tekið við embættinu, þar sem þó flest öll embættaumdæmi hèr á landi eru langtum örðugri og meiri kostnaði bundin til yfirferðar, en umdæmi samkynja embættismanna í Danmörku.

Af þessum ástæðum getur þíngið ekki annað, en fallizt á þá skoðun, að á meðan allt stendur við það sama, sem nú er — um samband Íslands og Danmerkur, og á meðan þjóðin hèr hefir ekki fengið fjárhag sinn aðskilinn, og full fjárhagsráð, þá eigi íslenzkir embættismenn, sem laun sín þiggja úr ríkissjóði, siðferðislegan rètt og sanngjarna kröfu til fullkomins launa-jafnrèttis við samkynja embættismenn í Danmörku.

Þegar nú litið er til þess, hverjum kjörum embættismenn í báðum löndunum eiga að sæta, þá verður fljótt auðsær munurinn. Laun embættismanna í Danmörku hafa verið aukin til muna, einkum hin seinustu árin, og svo hefir sú hagfellda ákvörðun verið viðtekin, að embættislaunin hækka eptir vissri tölu, 3. eða 5. hvert ár, eptir sem embættismaðurinn eldist í embættinu, þangað til þau hafa náð vissri ákveðinni upphæð. Hèr af leiðir, að sami maðurinn getur sætt sig við, og er vel í haldinn með, að þjóna sama embættinu alla sína æfi, og er það ómetanlegur hagur fyrir embættið sjálft. Aptur á móti hafa laun embættismanna hèr á landi að kalla staðið í stað um langan tíma; og hvað lakara er, að hèr

stendur á sama, hvort embættismaðurinn þjónar embættinu mörg ár eða fá, að launin eru alla jafna hin sömu. Hèr af flýtur, að hver dugandis maður hugsar mest um það, að losa sig sem fyrst við embættið, og ef kostur er á, að fá annað betra og lífvænlegra embætti, og er það einatt, að hin vandasömustu embætti mega þess vegna sjá á bak duglegustu og hæfustu mönnum, og annað hvort standa auð um lengri eða skemmri tíma, eða að öðrum kosti verða skipuð óreyndum og miður hæfilegum mönnum. Sè bornar saman þarfir embættismanna hèr og í Danmörku, verður frá þeirri hlið málsins, naumast sanngjörn ástæða fundin fyrir því, að gjörður sè munur á því; það er auðvitað, að þarfir embættismanna í Danmörku hafa aukizt til muna þessi hin seinustu árin, við vaxandi framför og menntun þjóðarinnar; en sama máli er og að gegna hèr, þessi hin seinustu ár; einkum síðan verzlunin varð frjáls, hafa allar lífsnauðsynjar hækkað afarmikið í verði, og að tilltölu meira, en í Danmörku á sama tímabili; mun óhætt að fullyrða, að sumar þeirra sè enda dýrari hèr en í Danmörku, svo sem allar útlendar vörur, sem menn hèr hafa almennt svo mikla þörf fyrir; og sama er að segja um ýmsa landvöru, vinnu og fleira, sem embætttsmenn þarfnast, að það verður á stundum dýrara hèr en í Danmörku. Til þess enn glöggvar verði sèð, hver munur nú er gjörður á dönskum embættismönnum og íslenzkum, leyfir þingið sèr að bera saman laun nokkurra embættismanna hèr og í Danmörku. Skal og um leið gjörð grein fyrir því, hve nær sanngirni virðist mæla með, að launin sè rífari hèr en í Danmörku, eins og líka hinu gagnstæða, þegar það á sèr stað. Stiptamtmaður og amtmenn í Danmörku byrja með 2,600rd. launum, er geta hækkað allt að 3,600rd.; en hèr hefir *stiptamtmaður* að eins 2,400rd. og *amtmenn* 1,700 rd. Nú liggur það í augum uppi að amtmannaembættin hèr eru miklum mun erfiðari, en amtmannaembætti í Danmörku, og eins vandasöm, svo að þeir menn, sem gegna hèr amtmannaembættunum með þeim dugnaði og trúmennsku, sem þarfir þessara tíma krefja, ekki eiga nè mega standa á baki samkynja embættismönnum í Danmörku, hvorki að hæfilegleikum nè heldur að launum. Og hvað stiptamtmanninn sèr í lagi áhrærir, þá sýnist það óumflýjanlega nauðsynlegt, að hann sè betur launaður en stiptamtmenn almennt eru launaðir í Danmörku, þar sem hann svo opt og í mörgum efnum er hèr í landstjóra stað, og hlýtur því að hafa meiri vanda og þyngri ábyrgð á hendi, en stiptamtmenn í Danmörku hafa. Biskupar í Danmörku fá að minnsta

kostí 4000 rd. laun, en hèr hefir *biskupinn* að eins 2,400 rd. auk húsaleigustyrks. Nú vita það allir, að ekkert biskupsdæmi í Danmörku er jafnerfitt sem þetta, og að biskupar *hèr hafa ærinn vanda og margbrotin* störf á hendi, auk hinna fyrirskipuðu *vísitazíu*-ferða, sem hljóta að verða hlutaðeigandi embættismanni ærið kostnaðarsamar yfir þetta víðlenda biskupsdæmi, sem er stærra en Danmörk öll; það liggur því í augum uppi, að biskupar hèr mega ekki vera lakar launaðir en biskupar í Danmörku. *Yfirdómarinn* í hinum íslenzka yfirrètti hefir 1,600 rd., og *hver meðdómendanna* 950 rd. Í Danmörku byrja yfirdómendur með 3000 rd., og meðdómendur með 1,600 rd., og þó vel kunni að vera, að yfirdómari og meðdómendur við landsyfirrèttinn hèr gæti komizt af með minni laun, en samsvarandi dómendur í Danmörku, þá er þó munurinn á launununm allt of ósanngjarn og fjarskalegur. Svo er og þess að gæta, sem fyr hefir verið tekið fram, að embættislaunin í Danmörku hækka smámsaman, eptir því sem embættismennirnir eldast í embættinu; en hèr standa þau í stað; verður þessi ójöfnuður dómendunum í yfirdóminum hèr harðla tilfinnanlegur; og leiðir það eptir sig, sem optar hefir við borið, að meðdómendaembættin standa svo árum skiptir óveitt.

Þó laun *lækna* hèr sè eins há og jafnvel hærri, en laun sumra lækna í Danmörku, þá þurfa þeir engu að síður launabótar við, því fyrst ber að líta á það, að þeim eru fengin svo margfalt stærri læknisumdæmi til yfirferðar, en í Danmörku, sem gjöra embættisstöðu þeirra margfalt erfiðari og vandasamari en þar, og svo eru tekjur lækna í Danmörku mestmegnis innifaldar í aukatekjum, sem þeir fá fyrir starfa sinn; en hèr má gjöra ráð fyrir, að læknar fái almennt lítið fè í aðra hönd á þann hátt, sökum fátæktar landsmanna, og svo þess, hvað fáir leita læknishjálpar, í samanburði við það, sem er í Danmörku, sem leiðir beinlínis af víðlendi umdæmanna og læknafæðinni. Af þessu, sem nú var sagt leiðir það, að svo fáir leggja hèr stund á læknisfræði, þrátt fyrir þá hjálp, er stjórnin hefir á seinni tíð framboðið til slíkrar kennslu; en af því, hvað fáir verða til að lesa læknisfræði, flýtur aptur það, að sum hèraðslæknaembættin hafa staðið auð í fleiri ár; og horfir til hinna mestu vandræða í því efni hèr á landi, þar sem heilsa og líf fjölda landsmanna er í veði, sökum læknaleysis; og krefur slíkt bráðra og góðra bóta frá hendi stjórnarinnar, hvar til sèr í lagi heyrir það, að hèraðslæknum sè svo launað, að þeir hafi við sæmileg kjör að búa. Þingið hefir fundið ástæðu til, að taka sèrstaklega fram laun

landlæknis hèr á landi. Hann hefir nú að eins 900 rd. auk húsaleigustyrks. Þegar nú litið er á það, að hann þarf að vera búsettur hèr í Reykjavík, hvar talsvert dýrara er að lifa, en annarstaðar á landi hèr; og að hann hefir afarvíðlent umdæmi til yfirsóknar auk Reykjavíkurbæjar; og að hann hefir yfir höfuð að tala vandasamari stöðu á hendi, en samkynja embættismenn í Danmörku, þá leyfir þingið sèr að stínga sèrstaklega upp á hærri launum handa honum, en samkynja embættismenn í Danmörku hafa, af þeim ástæðum, sem nú voru taldar.

Þá hafa laun skólakennenda í Danmörku, verið hækkuð til muna með lögum 28. marz 1855, og hefir enda það álit komið fram hjá stjórninni sjálfri, að sú launabót ætti einnig að ná til *kennendanna* við skólann hèr; en svo eru nú liðin meir en 6 ár síðan, að þeir hafa enga launabót fengið, nema kornbótina, sem allir þeir embættismenn njóta, sem launað er úr ríkissjóði. Nú liggur það í augum uppi, að þegar skólakennendurnir eru til neyddir skólans vegna, að lifa búlausir hèr í Reykjavík, þá eru þau laun, sem nú hafa þeir helzt til ónóg, að þeir geti sómasamlega, og eins og stöðu þeirra hæfir, fætt sig og sína af þeim; þar að auki má þess geta, einkum með tilliti til undirkennendanna, að það eru mjög litlar líkur til, að þeir geti misreitis innunnið sèr nokkuð að mun, til að bæta með tekjur sínar; svo hèr af leiðir, að mjög svo torvelt veitir, að fá duglega og vel hæfa menn til kennenda-embættanna, meðan laun þeirra ekki eru hæfilega aukin.

Þinginu hefir fundizt yfirgnæfandi ástæða til, að taka það fram sèrstaklega, að styrkur sá, sem *dómkirkjuprestinum í Reykjavík* nú er veittur í húsaleiguskyni úr ríkissjóði, verði hæfilega aukinn; eptir því, sem nú á stendur, og á meðan Reykjavík er ekki stærri bær en hún er, þá liggur það í augum uppi, að tekjur þær, er dómkirkjupresturinn nú hefir í laun sín, eru helzt til ónógar, og naumast fullsæmandi, þegar litið er til hinnar veglegu stöðu hans, því þinginu virðist það eins og sjálfsagt, að dómkirkjupresturinn eigi að vera og þurfi að vera einn af fyrirtaksprestum landsins; en hèr af flýtur að dómkirkjuprestsembættið verður að vera svo launað, að það sè fullaðgengilegt fyrir slíka menn.

Þingið ætlar, að það hafi nú fært nægilegar ástæður fyrir því, að hvort sem heldur litið er á rèttindi eður þarfir þeirra embættismanna, er hèr ræðir um, þá verður því ekki neitað, að þeir eiga sanngjarna heimtíng á jafnháum launum og samkynja embættismenn

í Danmörku hafa; og að brýnasta nauðsyn ber til þess, að kjör þeirra sè bætt sem allrafyrst. Þingið getur því ekki látið óhreift við þeirri skoðun, sem virðist hafa verið næsta rík á ríkisþingi Dana, þegar launamál íslenzkra embættismanna var þar seinast til umræðu, að þetta launamál eigi ekki og megi ekki ráðast til lykta, fyr en fjárhagsmál Íslands og Danmerkur er komið í kríng, eða með öðrum orðum: fyr en fjárhagur Íslands og Danmerkur er aðskilinn. Þingið hefir nú að vísu hið öruggasta traust til yðar konúnglegu hátignar og þeirra manna, sem þèr hafið kvatt til ráða með yður, að fjárhagsaðskilnaðarmál Íslands og Danmerkur verði sem fyrst og bezt til lykta leitt. En eptir þeim drætti, sem einatt hefir orðið á afgreiðslu sumra íslenzkra mála að undanförnu, hjá stjórn *yðar hátignar,* og sem þó virðast hafa verið einfaldari og óbrotnari en þetta mál er, þá getur þingið ekki annað, en gjört ráð fyrir því, að það, ef til vill, verði nokkur tími þangað til, að fjárhagsmálið er alveg ráðið til lykta. Nú með því að embættismenn þeir, er hèr ræðir um, hafa, eins og áður er bent á, svo brýna þörf fyrir launabót, að beinast liggur við, um suma þeirra að minnsta kosti, að þeir megi neyðast til að losa sig við embættin, og leita sèr annars lífvænlegra atvinnuvegs, sè kjör þeirra ekki bætt í tíma, þá leyfir þingið sèr að taka það sèrstaklega fram, að launabót sú, sem *yðar hátign* allramildilegast mætti þóknast að veita þeim, verði veitt þeim hið allrafyrsta.

Af framangreindum ástæðum leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess með 16 atkvæðum:

1. Að *yðar hátign* allramildilegast vili sjá svo um, að þeim embættismönnum hèr á landi, er þiggja laun sín úr ríkissjóði, verði veitt fullt jafnrètti í launum við samkynja embættismenn í Danmörku (með 19 atkvæðum); þó þannig, að landlæknirinn byri með 1,200 rd. og fái launaviðbót fyrir hver 3 ár, er hann þjónar embættinu, uns laun hans eru orðin 1,600 rd. (með 12. atkv. gegn 5), og að dómkirkjupresturinn í Reykjavík fái 300 rd. launaviðbót úr ríkissjóði, auk húsaleigustyrks þess, er hann nú fær (með 15 atkv. gegn 1).
2. Að sú launabót, sem veitt verður embættismönnum þess-

um, sè ákveðin svo fljótt, að þeir fái hana frá byrjun næstkomandi aprílm. (með 17 atkv.)

Reykjavík, 13. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum.

5. Bænarskrá um *þinghöld í Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslu* svo hljóðanda.

»Til konúngs.

Til alþíngis kom að þessu sinni bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um það, að manntalsþíng byri þar eigi fyr en í miðjum júlímánuði; frá þingmanni Barðstrendinga kom og uppástúnga, er fór því fram, að sektalaust væri, þótt manntalsþíngum í Barðastrandasýslu eigi verði lokið fyr en fyrir útgöngu júlímánaðar.

Þíngið kaus þriggja manna nefnd, til að íhuga mál þetta, og ræddi það síðan á lögboðinn hátt, á tveimur aðalfundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að kveða upp álit sitt á þessu máli fyrir yður, mildi herra, svo sem nú skal greina:

Það er kunnugt, að öll byggð í Ísafjarðarsýslu liggur strandlengis með sjó fram, og sýslan mjög stór yfirferðar; sveitabúnaðurr er þar næsta lítill, og sýslubúar lifa þar að miklu leyti af sjávarafla, og neyðast því bændur til, einkum á vorvertíðinni, frá því fyrir sumarmál (í aprílmánuði) og til þess 12 vikur eru af sumri, að leita til verstaðanna, sem víðast eru langt frá heimilum alls meginþorrans; þannig hafa þeir, sem byggja norðurhluta sýslunnar, verstöðu sína í Bolúngarvík, yzt við Ísafjarðardjup, og sumir í Skálavík, vestur frá minni Djúpsins, og enn sumir í Súgandafirði, sem er hèr um bil 2 vikur sjávar vestar. Úr Bolúngarvík og á innsta þíngstað í Djúpinu er hèr um bil 6—7 vikur sjávar, og úr Súgandafirði allt að 10 vikum sjávar, og úr öllum þessum verstöðum verður sjóleiðin ein farin til hinna ýmsu hreppa í norðurhluta sýslunnar. Í vestari hluta sýslunnar hafa bændur reyndar eigi eins langt til verstaða sinna, eins og í norðurhlutanum, en þó svo langt, að eigi þeir að sækja manntalsþíngin, hljóta þeir að leggja 2—3 daga í sölurnar frá sjóróðrum. Þegar nú þess er gætt að þínghöldin einmitt eru á vertíðinni, í maímánuði, er auðsætt, að bændum er því nær með öllu fyrirmunað, að sækja manntalsþíngin á þeim tíma, sem þau nú eru haldin. Þegar bændur koma úr verinu í 12. viku sumars, fara þeir aðalkaupstaðarferðir sínar, og standa

þær yfir allt að 10. d. júlímán., svo að yfir höfuð að tala eiga bændur í Ísafjarðarsýslu mjög örðugt með að sækja manntalsþingin fyrir miðjan júlímánuð. Á hinn bóginn er það og víst, að mjög örðugt er og fyrir sýslumanninn að ferðast til vestari hluta sýslunnar, fyr en seint í júnímánuði, því að þangað liggur leiðin yfir heiðar, sem mjög eru illar yfirferðar, og opt ófærar fyr en í lok júním.

Að því er Barðastrandarsýslu snertir, þá er eins ástatt fyrir bændum í nokkrum hluta hennar, að þeir verða að leita til sjávarins á vorum, og eru í verstöðum sínum, sem eru langt frá heimilum sumra, um þann tímann, sem lögboðinn er til manntalsþínga, og eiga langa og hættulega sjóleið að fara úr verinu til þingstaðanna, um Rauðasandsflóa, sem eigi verður farinu nema í logni eða hagfelldri vindstöðu, og ávallt verður að sæta þar sjávarföllum sökum Látrarastar og þungstreymis í flóanum. Sú hefir og reyndin á orðið á Barðaströnd, að enda þótt að sýslumaður hafi dagsett þinghaldið, hefir ekkert úr orðið, sökum þess að engi bænda hefir sótt þingið. Einnig hefir það að borið, að sýslumaður eigi hefir getað haldið manntalsþing í sumum hreppum sýslunnar, sökum þess, að hann hefir eigi getað komizt á þingstaðinn, fyr en í júlímánuði, sökum ófærðar, er hann verður að fara yfir illar heiðar.

Sökum þess virtist þinginu ljóst, að maímánuður væri yfir höfuð að tala óhentugur tími til manntalsþínga í Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu; en með því þó svo kynni að vera ástatt í sumum hreppum þessara sýslna, að bændur í þeim óskuðu helzt, að þinghöldin eigi væri fast bundin við júlímánuð, þá þótti þinginu réttast, að einskorða tímann til manntalsþinganna sem minnst, heldur láta sýslumennina í þessum sýslum að nokkru ráða því, hve nær þeir héldi þau, því að þingið varð að telja það víst, að þeir mundi halda þau þá, er bændum væri hentast, svo framarlega, sem lögin eigi byndi hendur þeirra í þessu efni.

Af þessum ástæðum, sem þegar eru greindar, leyfir þingið sèr, með 15 atkv. gegn 5, allraþegnsamlegast að beiðast þess, einnig með 15 atkvæðum gegn 5:

> Að þèr *mildasti konúngur* vilduð skipa svo fyrir, að manntalsþíng í Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslu þurfi ekki hèr eptir að byrja fyr en í júní- og júlímánuðum.

Reykjavík, 13. d. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Halldór Kr. Friðriksson.

Þá gat *forseti* þess, að hann hefði samið við Einar kaupmann Bjarnason, um að takast á hendur útsölu og útsendingar alþingistíðanna fyrir 33 af 100 söluverðsins í sölulaun, og einnig af þeim tíðindum, sem hver hreppur fengi ókeypis; hann væri skyldur að leggja til umbúðir og koma tíðindunum sjóleiðis, þegar pöntuð væri, en eigi að kosta til landferða; hverjum þeim er tæki af honum fleiri en 6 expl. upp til hèraða, og stæði skil af andvirðinu, skyldi fá hjá honum 12 pc. afslátt, af þeirri sölu, í þóknun. Urðu um þetta nokkrar umræður, en var þó að lokum samþykkt, og að hreppárnir skyldi sjálfir borga sölulaunin útsölumanni. Þá hófust nokkrar umræður um bókasafn alþingis, og með því nefndarmaðurinn *Pètur Pètursson* beiddist lausnar frá þeim störfum framvegis, skoraði *forseti* á þingmenn að kjósa mann í hans stað, og varð fyrir þeirri kosníngu *Jón Guðmundsson* með 11 atkvæðum.

Með því hinir 2 nefndarmenn *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn, og *Halldór Kr. Friðriksson* ekki höfðu beðizt lausnar, áleit þingið, að þeir væri kyrrir i nefndinni.

Þá bar *forseti* undir þingið, hvort ekki mundi gjörlegt að verja 18 til 24 rd., til að koma betri skipun á skjalasafn alþingis, með því að skipta skjölunum í vissa flokka, og semja svo registur *(Designation)* yfir. Var þetta samþykkt.

Forseti gat síðan verkefnis til næsta fundar, ákvað fund á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Fertugasti og þriði fundur – 14. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til undirbúníngsumræðu málið (konúnglegt frumvarp) *um sendíngar með póstum. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga; en af því hann er ei kominn enn á fund, vil eg biðja þingmann Skagfirðínga, að taka að sèr framsöguna á meðan.

Var síðan málið afhent *varaframsögumanni*, er las nefndarálitið upp svo látanda:

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem ritum nöfn vor hèr undir, í nefnd, til að segja álit vort um konúnglegt frumvarp til

tilskipunar fyrir Ísland um sendíngar með póstum. Vèr höfum nú íhugað þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða þínginu til, að fallast á frumvarpið, að kalla óbreytt, í öllum höfuðgreinum.

Að eins viljum vèr stínga upp á, að aptan við orðið »brennisteinsspítur« í fyrstu grein sè bætt: *etandi hálfmálmar og sýrublendíngar þeir, er átumegn hafa.*

Að öðru leyti getur nefndin ekki annað, en vakið máls á því, að henni hefði þótt það æskilegt, að hinn annar hluti póstmálsins yfir höfuð, er nefndin verður að álíta eigi síður áríðandi fyrir land þetta, hefði einnig verið lagður fyrir þíngið, svo það hefði haft færi á, að segja álit sitt um það. Oss finnst það auðsjáanlegt, að það, sem þessu landi einkum er mjög svo umvarðandi, er það, að samgöngur yfir allt land aukist sem mest, og með því þetta einmitt bezt má verða með því, að koma póstgöngunum sem haganlegast fyrir, þá hefði oss þótt það eðlilegt, að þíngið hefði einnig getað haft nokkur áhrif á þá reglugjörð, sem stjórnin nú mun hafa í hyggju að semja um þetta efni. Að vísu gat nefndin ekki álitið, að hún væri ei bær um, að taka einnig þetta atriði málsins til íhugunar og álita; en með því vèr þó þóttumst sjá fram á, að það kynni að tefja of mikið fyrir málinu, ef nefndin nú hefði tekizt á hendur, að semja fullkomið frumvarp til reglugjörðar um póstgöngurnar, er brýn nauðsyn ber til, að sem fyrst komist í betra horf, en nú er, og af því slík reglugjörð einnig er þess eðlis, að hægt ætti að vera að breyta henni eptir atvikum og kríngumstæðum, þá komst þó nefndin að þeirri niðurstöðu, að rèttast mundi, þegar á allt er litið, að fara sem minnst inn í þetta atriði nú á þíngi. Þó getur meiri hluti nefndarinnar, *Gísli Brynjúlfsson, Benedikt Sveinsson, Sveinn Skúlason* ei leitt hjá sèr, að benda þínginu til, að honum þykir nauðsyn á, að það rèði stjórninni til, að koma hèr á reglulegum sýslupóstum, svo hver tæki við af öðrum, heldur en hafa það fyrirkomulag, að aðeins einn póstur gangi alla leiðina á milli aðalpóststöðva. Það virðist sumsè auðsætt, að með þessu fyrirkomulagi geti póstgöngurnar orðið miklum mun greiðari, vissari og landsmönnum haganlegri, með því það með þessu móti að eins má verða mögulegt, að auka almennar samgöngur meðal sveitanna innbyrðis, eins og bráð nauðsyn krefur.

Minni hlutinn (*Arnljótur Ólafsson* og *Jón Hjaltalín*) verður hins vegar að álíta sýslupósta þessa óhentuga, með því að þeir

hljóta að kosta miklu meira, án þess við getum sèð, að nokkuð verulegt fáist í aðra hönd,

Reykjavík, 12. ágúst 1861.

Arnljótur Ólafsson. *Gísli Brynjúlfsson.* *Benedikt Sveinsson.*
formaður og framsögumaður. *Jón Hjaltalín.* *Sveinn Skúlason.*

Varaframsögumaður (Gísli Brynjúlfsson): Eg skal að svo stöddu ekki fara mörgum orðum um málið, og allrasízt, þar eð eg að eins hefi tekizt framsöguna á hendur um stund, þangað til hinn eiginlegi *framsögumaður* kemur. Hið einasta, sem eg skal geta, er það, að það er eðlilegt, þó engi eiginleg niðurlagsatriði hafi verið sett við nefndarálitið, því stjórnarfrumvarpið sjálft, sem nefndin, með þeirri litlu breytíngu, sem getið er, alveg varð að fallast á, er einmitt það niðurlagsatriði, sem þíngið á sínum tíma á að gefa atkvæði um. Að því leyti sem eg var í meira hlutanum, skal eg og geta þess, að vèr einkum álítum oss skylt að drepa á um sýslupóstana, af því það var oss kunnugt, að nefnd sú, sem sett var í póstmálinu í hitt eð fyrra, mun heldur hafa ráðið stjórninni til þess að eins að hafa amtspósta. En þetta fyrirkomulag getum vèr með engu móti álitið haganlegt eða nægilegt, ef samgöngur eiga að aukast meðal sveita, sem nauðsyn er, og þó kostnaðurinn við sýslupósta verði meiri, en við amtspósta, þá er þó munurinn á þeim hag, sem af sýslupóstunum verður að leiða, auðsjáanlega svo miklu meiri en það, sem kostnaðinum svarar, auk þess að tekjurnar líka hljóta að verða meiri fyrir brèfburðinn, þegar samgöngur fjölga í landinu með sýslupóstum, svo kostnaðurinn verður líklega ekki meiri við sýslupóstana, en við amtspóstana. Nefndin áleit að vísu atriðið um fyrirkomulag sjálfra póstgangnanna mikilvægara en það atriði, sem stjórnin nú að eins hefir lagt fyrir um burðareyrinn; en þar sem hún þó og varð að álíta, að það kynni að tefja um of fyrir málinu, ef hún nú færi að fara lengra út í það á þessu þíngi, einkum þar sem stjórnin að eins hefir viljað gjöra atriðið um burðareyrinn beinlínis að löggjafarmáli. Þá verður meiri hlutinn nú og að gjöra sig ánægðan með, að bendíngar hans um sýslupóstana verði teknar til greina í álitsskjalinu til konúngs. Og þess vildi eg óska, að þíngið legði samþykki sitt á þetta.

Konúngsfulltrúi: Eg þarf ekki að taka til orða í þessu máli, þar sem nefndarálitið í öllu verulegu hefir aðhyllzt frumvarp stjórnarinnar.

Það er líka, að mínu áliti, rètt gjört af nefndinni, að hún ekki,

eins og umræðurnar upphaflega virtust að benda til, hefir farið inn í það annað aðalatriði málsins, um póstgöngurnar, eða fyrirkomulag þeirra, enda er það atriði algjörlega umboðslegs eðlis, og því ætlar líka stjórnin sjálf að skipa, sjálfsagt eptir áliti og tillögum hlutaðeigandi amtmanna, sem hver um sig eru því máli vel og nægilega kunnugir, og getur því þingið treyst því, að því atriði málsins verði haganlega komið fyrir. Meiri hluti nefndarinnar hefir í nefndarálitinu haldið fram með þeirri skoðun, að það mundi hagfelldara að hafa sýslupósta, en að láta sama póstinn fara alla leið milli aðalpóststöðvanna; þetta liggur nú fyrir utan þann hluta málsins, sem lagður hefir verið fyrir þingið, en þó það ekki væri, gæti eg ekki verið meiri hlutanum samdóma í því, að þessi tilhögun yrði hagfelldari, og sjálfsagt tel eg það, að hún mundi hafa meiri kostnað í för með sèr; og, ef til vill, einnig verða tafsamari. Þetta atriði getur komið eins og bendingaratriði inn í álitsskjal þingsins, því finni þá stjórnin ástæðu til að taka það til greina, getur þingið átt það víst, að svo muni verða.

Jón Hjaltalín: Af því eg var einn í nefndinni, vil eg taka það fram, að okkur virtist, að frumvarp stjórnarinnar væri svo, að það mundi ei batna, þó við færum að káka við það; enda fannst okkur borgunin, sem þar er ákveðin, mjög sanngjarnleg. Nefndin gjörði að eins þennan viðauka við 1. gr. með klórkalkið og aðrar etandi meðalategundir, sem geta verið hættulegar fyrir pappir, ef þær koma nærri honum. Hvað póstmálinu sjálfu viðvikur, þá hafði nefndin ei fullar ástæður til að ganga lengra inn á málið, en þetta; meiri hlutanum þótti hentugra, að hafa sýslupósta. En mèr og þingmanni Borgfirðinga, sem vorum í minni hlutanum, fannst, að þetta mundi verða talsvert dýrara, þar sem hver af þessum sýslupóstum þyrfti að hafa hest á gjöf á vetrum; þar að auki mundi þetta geta orsakað vöflur, því ef einn af þessum póstum fatlaðist, kynni þeir að geta kennt hver öðrum um dráttinn, sem af því flyti. Nefndin fann því, sem sagt, ekki ástæðu til, að fara lengra inn í málið, en stjórnarfrumvarpið gaf tilefni til.

Ásgeir Einarsson: Ef að svo langt kæmist, að greiða ætti atkvæði um þessa sýslupósta, yrði eg fyrir mitt leyti að óska betri og ljósari skýringa um kostnað og ávinning af þeim, en enn þá eru komnar fram.

Jón Hjaltalín: Það virðist að vísu svo, við fyrsta álit, sem þetta mundi flýta mikið fyrir; en það er ekki enn sannað. En það

má segja um þá tilhögun, sem áður hefir verið, að það verður hverjum list, sem hann leikur; og svo held eg sè nú með þessa gömlu pósta, sem farið hafa í þessar löngu ferðir, að þeir fara að venjast við þær, svo þeir verði ekki miklu lengur, en annars mundi verða, þó menn væri látnir fara sýslu úr sýslu, hvað þó ætíð hlýtur að teygja út tímann, þegar margir þurfa að búa sig undir ferðirnar. En kostnaðaraukinn af þessum sýslupóstum hlyti að verða fjarskamikill, þar sem hver póstur þyrfti, eins og eg sagði, að ala að minnsta kosti einn hest á hverjum vetri.

Páll Sigurðsson: Það lítur nú svo út, sem nefndin sè í vafa um málið, og þá er öll von, að vèr þingmenn sèum í vafa um það, enda eru ekki enn komnar fram þær upplýsíngar í málinu, að menn geti verið vissir, hvernig þeir eigi að gefa atkvæði í því; eg held því, að ráðlegast sè, að halda sèr til stjórnarfrumvarpsins óbreytts, því viðaukar nefndarinnar eru svo óverulegir, að þeir sýna, að nefndin ekki hefir fundið miklar misfellur á því í 6 vikur, sem hún hefir haft það hjá sèr.

Björn Pètursson: Eg álít nú, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, að nefndin hafi farið mjög »varlega og hyggilega« í þetta mál, eins og við var að búast, því hún hefir *haft tímann fyrir sèr* nú í 6 vikur, og var skipuð svo mörgum ágætismönnum. Hún hefir að öllu leyti gengið inn á stjórnarfrumvarpið, nema að hún hefir hnýtt þessum litla viðauka aptan í brennisteinsspíturnar, og sem mèr finnst *stórum* bæta stjórnarfrumvarpið. Eg er nú samdóma þeim þingmönnum, sem álíta, að sýslupóstarnir sè hentugri en stórpóstar eða amtspóstar. Eg held, að samgöngurnar milli sýslnanna yxi svo mikið við þetta, og kostnaðurinn yrði ekki meiri af því, að meira sendist með póstunum, eptir en áður.

Stefan Eiríksson: Eg verð nú að vera þeim þingmönnum samdóma, sem álíta, að ekki sè hægt að greiða atkvæði um það, sem nefndin hefir iauslega bent á í nefndarálitinu, um póstgöngur, því hefði þingmenn átt að greiða um það atkvæði, hlaut nefndin að gjöra þau atriði að niðurlagsuppástúngum, því finnst mèr, að einúngis liggi fyrir að greiða atkvæði um stjórnarfrumvarpið eða brèfburðargjöld hèr á landi; mig furðar nú annars á, að nefndin ekki skyldi gjöra uppástúngur um póstferðirnar, því það hefir þó þótt til þessa mjög óhaganlegt fyrirkomulag á póstferðunum, og þær þurfa eflaust lagfæríngar og umbótar, og því hefði verið mjög æskilegt, að þingnefndin hefði látið álit sitt í ljósi, því efni viðvíkjandi.

Konúngsfulltrúi: Eg álít að stjórnin muni, þegar hún er búin að fá álit þingsins, viðvíkjandi þessum hluta málsins, taka hinn hluta þess, reglugörðina um póstgöngurnar fyrir, og málið þannig innan skamms tíma komast algjörlega í kring.

Eg skal enn fremur leyfa mèr, út af orðum eins þingmanna, að taka það fram, að þar sem engi niðurlagsatriði liggja fyrir í nefndarálitinu, er nefndin ekki hefir fundið ástæðu til, að stínga upp á neinum breytíngum í stjórnarfrumvarpinu, verða atkvæði einúngis greidd um sjálft frumvarpið, eins og það liggur fyrir.

Guðmundur Brandsson: Þegar menn eru nú orðnir samdóma um, að ekki liggi fyrir nema önnur hlið á máli þessu, þá verða menn líka að vera samdóma um, að ekki sè ástæða til, að ræða um sýslupóstana, því það liggur ekki fyrir frá stjórninni, og þó nefndin hafi lítið eitt drepið á það, hefir hún leitt hjá sèr, að koma með neina verulega ástæðu fyrir því; en viðvikjandi sýslupóstunum, þá skýrskota eg til þess, sem *konúngsfulltrúi* og hinn 5. konúngkjörni sögðu, og þeir eru eigi að mínu áliti nauðsynlegir; og þar að auki yrði þeir miklu kostnaðarmeiri; menn sjá, að það kostar meira að skipta um lestir á mörgum áfángastöðum, heldur en þegar sama lestin getur einlægt haldið áfram, og líkt má segja um póstana, sem hlyti að verða því tafsamara, ef þeir ætti opt að skiptast á og hafa mjög margar póststöðvar. Um viðaukann má nú þingið gjöra hvað það vill; það var varúðarregla, sem var náttúrlegt að kæmi frá hinum 5. konúngkjörna, sem vísindamanni; enda var það von, að frumvarpið batnaði töluvert í einhverju, eptir þessar 6 vikur, sem það hefir dvalið hjá nefndinni.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg vona, að umræðurnar um þetta mál verði eins stuttar og nefndarálitið; og eg vona að segja megi um nefndarálitð: »opt má lítið laglega fara»; nefndin áleit, að niðurlagsatriði þyrfti eigi í þessu máli, með því að hún fèllst á frumvarpið, heldur gekk hún að því vísu, að *forseti* og þingið fyndi skyldu sína að leggja stórnarfrumvarpið sjálft fram til atkvæðagreiðslu; þingmenn þurfa því ei annað, en sjá frumvarpið, sem liggur fyrir, til að sjá niðurlagsatriði nefndarinnar. Viðauki nefndarinnar er eins og annað viðaukaatkvæði, sem kemur fram á atkvæðaskránni. Um fyrirkomulagið á póststöðvunum eða um sýslupósta og amtspósta, þá liggur það nú að vísu ekki beinlínis fyrir; en það mætti þó koma með bendíngaratkvæði um það í álitsskjalinu til stjórnarinnar. Að öðru leyti skal eg ekki fara langt út í það

mál, heldur að eins geta þess, að þetta kom til nákvæmrar rannsóknar í póstmálanefndinni, sem sett var í Reykjavík hèr í hitt eð fyrra. Vèr álitum þá tvöfaldan kostnað við sýslupóstana, en lítinn hagnað unninn. En það er sjálfsagt á þingsins valdi nú, hvort það vill gefa bendingu um þetta í álitsskjalinu til konungs.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þá kemur samkvæmt dagsskránni einnig til undirbúningsumræðu *stjórnarbótarmálið*. *Framsögumaður* er hinn háttvirti þingmaður Skagfirðinga.

Málið afhent *framsögumanni*, er las nefndarálitið upp svo hljóðandi.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd, til að íhuga og kveða álit vort upp um bænaskrár þær, sem frá landinu víðsvegar eru komnar um það, að alþingi enn að nýju endurnýi bænir sínar til konungs vors um, að hann allramildilegast vili veita oss Íslendingum stjórnarbót. Bænaskrár þessar eru 12 að tölu, og taka 7 af þeim það einkum fram, að konungur allramildilegast leggi frumvarp fram fyrir nýjan þjóðfund til stjórnarlaga Íslands. 3 leggja einkum áherzluna á stjórnarbótina sjálfa, og biðja um, að Ísland fái sem fyrst löggjafarvald og fjárforræði; og loksins biðja 2 bænarskrárnar, í almennum orðum, alþingi um, að það enn taki mál þetta til meðferðar og nákvæmlegrar íhugunar. Enn fremur hefir nefndinni verið falið á hendur, að segja álit sitt um þá bæn til þingsins, að það biði konung vorn um, að hann allramildilegast vili leyfa, að landsjóður hèr á landi sè stofnaður sem allrafyrst til framkvæmdar því, er alþingi, með samþykki hans hátignar konungsins, kynni að álíta nauðsynlegt til heilla landsins: að sjóður þessi hafi sèrskilda stjórn fyrir sig, er standi reikningskap alþinginu, í hvert skipti það kemur saman, fyrir tekjum og gjöldum sjóðsins, og að alþingið fái rètt til þess, með allrahæstu samþykki konungs, að ákveða tekjur sjóðsins og láta heimta þær saman. Nefndin hefir nú átt fundi með ser, til að ræða og íhuga þetta mál, og er álit hennar í stuttu máli um það, er nú skal greina:

Að því er þá fyrst viðvíkur þeim 3. bænarskrám, sem einkum fara því á flot: að alþingi fái sem fyrst löggjafarvald og fjárforræði, þá virðist nefndinni það auðsætt, að þetta væri að vísu 2 hin helztu aðalatriði í stjórnarbót Íslands, ef hún á að vera löguð eptir þörfum og ásigkomulagi þess. En með því að þetta þó að eins eru

einstök atriði í stjórnarbótarmáli voru, og snerta að eins það spursmál, hvernig stjórnabótin ætti að vera löguð, eður með öðrum orðum: efni og innihald þess frumvarps, sem gjöra verður ráð fyrir, að stjórnin leggi fyrir þing það hèr á landi, er ræða átti stjórnarbótarmálið, og með því þetta spursmál aptur og aptur hefir verið ítarlega rætt og íhugað á alþingi, einkum síðan þjóðfundurinn var, þá virðist það bæði eðlilegra og samkvæmara innihaldi hinna annara bænarskráa, sem þar að auki eru miklum mun fleiri og almennari, að nefndin einkum og sèr í lagi snúi athygli sinu að þessum síðar nefndu óskum þjóðar vorrar, er lúta að því, að vèr Íslendíngar tökum sem mestan og beztan þátt í þeirri stjórnarbreytíngu á stjórnarfyrirkomulagi í landinu, sem vor allramildasti konúngur hefir ráðgjört og heitið oss, hvernig svo sem henni að öðru leyti kynni að verða háttað.

Að nefndin þá víki að þessu atriði málsins, þá getur hún ekki þeygjandi leitt hjá sèr það fagnaðarefni fyrir oss Íslendínga, að það auðsjáanlega einmitt var tilgangur og vili vors allramildasta konúngs, er hann hèt oss því í allrahæstu brèfi sínu 23. sept. 1848, að stjórnarbótarmál Íslendínga skyldi verða lagt fyrir þíng í landinu sjálfu, og er hann enn fremur kvaddi Íslendínga á þjóðfund árið 1851, eptir mjög frjálslegum kosníngarlögum, til að ræða um hið nýja stjórnarfyrirkomulag Íslands, vèr segjum, að vèr getum ekki leitt það fagnaðarefni hjá oss, að það auðsjáanlega var tilgangur og vili konúngs vors með þessu, að oss Íslendíngum skyldi gefast sem mestur kostur á, sjálfum að taka þátt í því, hvernig hinni nýju stjórnarbót yrði fyrirkomið, eins og bænarskrárnar fara fram á, þar konúngur vor ella hefði lagt frumvarpið til stjórnarbótarinnar fyrir ráðgjafaþíng Íslendínga, alþíngi, sem þá var fyrir nokkru stofnað.

Vèr ætlum nú, hverjum augum sem menn svo að öðru leyti líta á það, sem gjörzt hefir viðvíkjandi þessu máli, bæði frá hálfu stjórnarinnar og alþíngis Íslendínga, síðan þjóðfundurinn var, þar sem, eins og allir vita, mál þetta ei gat orðið til lykta leitt, að þessi tilgangur og vili vors allramildasta konúngs, standi enn þann dag í dag, með öllu óhaggaður. Að vísu lýsti vor allramildasti konúngur því yfir, í allrahæstri auglýsíng 12. maí 1852, að hann eigi gæti veitt oss stjórnarbót, sem væri þannig löguð, eins og meiri hluti nefndar þeirrar, sem sett var á þjóðfundinum, til að íhuga frumvarp stjórnarinnar, fór fram á; en þess ber vel að gæta, að

eins og í þessari allrahæstu auglýsingu stendur jafnframt, að mál þetta skuli hvíla um sinn (stilles i Bero), þannig er í enda hennar með berum orðum tekið fram, að það fljóti af alþingistilskipuninni 79. gr., að ekkert verði endilega ákveðið um breytingu á stjórnarhögum Íslands, áður en málið sè lagt fyrir alþingi; sjá og auglýsing til næsta alþingis á eptir 1853.

Vèr fáum nú eigi betur sèð, en að það sè svo langt frá, að þessi tvö síðar greindu atriði í hinni konúnglegu auglýsingu 1852, hvort um sig eða bæði til samans tekin, sanni eður sýni, að konúngur vor hafi með auglýsingunni gefið til kynna, að stjórnarbótarmálefnið ekki yrði framar lagt fyrir þjóðfund, nè hann síðarmeir kallaður saman, til að ræða málið, að vèr miklu fremur verðum að álíta, að vor allramildasti konúngur, einmitt með þessari sinni allrahæstu auglýsingu, hafi gefið oss Íslendíngum nýja von um, að taka hinn fyllsta þátt i tilbúníngi stjórnarbótarinnar. Sá eðlilegasti skilníngur auglýsíngar þessarar er sumsè án efa sá, að konúngur vor hafi ætlazt til, að málið til undirbúnings skyldi leggjast fyrir alþíngi, en að það síðan skyldi verða lagt fyrir þjóðfund, til að leiðast þar til lykta; því það er hvort um sig, að þessi skilníngur liggur næst orðunum í auglýsíngunni sjálfri, og kemur henni saman við hin eldri heit konúngs vors, er vèr áður gátum um, að málið skyldi leggjast fyrir þjóðfund, og ræðast þar, en sem ekki varð, að yrði rætt til hlítar á þjóðfundinum 1851, sökum ágreinings um stjórnarfrumvarpið, enda á hann einn og engi annar við eðli þessa máls og hina landsföðurlegu umhyggju og speki konúngs vors. Menn verða vel að gæta að því, að með því að það var tilgangurinn með þjóðfundinum 1851, að konúngurinn og Íslendíngar með frjálsu og óbundnu samkomulagi grundvölluðu hina nýju stjórnarbót, álíka og átt hafði sèr stað í Danmörku, er grundvallarlögin þar voru gefin, og vili konúngsins og óskir landsmanna fórust svo mjög á mis á þessum fundi, að samkomulag ekki náðist, þá lá það alveg beint fyrir, að frestað væri málinu, svo tíminn og kríngumstæðurnar gæti laðað hinar ólíku skoðanir meir hver að annari, og bent þeim í hina eina og sömu aðalstefnu. Því mun og engi geta neitað því, að hið viturlega ráð og meðal til þess, að þessu yrði framgengt sem fyrst, hafi verið það, að alþíngi vort fengi undirbúníngsatkvæði í málinu, áður en það á ný yrði tekið fyrir; enda hefir og konúngur vor tekið mildilega undir hinar þegnlegu tillögur og bænir alþíngis um þetta mál, síðan hin áminnsta allrahæsta auglýsíng

kom út, og það seinast í auglýsingu sinni til þessa þings, jafnvel þó að kríngumstæðurnar og ýms atvik í Danmörku hafi hamlað því til þessa, að vor allramildasti konúngur hafi fullnægt þörfum og óskum vor Íslendínga í þessu efni.

En með því nú menn þannig geta gjört ráð fyrir, að skoðanir hans hátignar konúngs vors, og óskir Íslendínga um stjórnarfyrirkomulag Íslands sè komnar langtum nær hvor annari, en þær voru 1851, og hafi tekið hina sömu aðalstefnu, gæti það verið, að einhverjum kynni að láta sèr detta í hug, að nýr þjóðfundur væri nú orðinn ónauðsynlegur, og að einhlítt væri, að leggja málið á sínum tíma fyrir alþíngið eitt. En þessu getur nefndin engan veginn verið samdóma, og vèr verðum þvert á móti að álíta, að þessi vegur yrði stjórnarbótarmálinu til hins mesta hnekkis. Alþíngið er nefnilega að eins ráðgefandi þíng og öll samansetníng þess, skipulag og ætlunarverk er lagað þar eptir. Meðlimir alþíngis eru og af þjóðinni að eins kjörnir til, að gefa ráð sínum einvalda konúngi og skynsamlegar tillögur um þau málefni landsins; en alls eigi til þess, að gefa bindandi atkvæði fyrir þjóðina, hvorki um stjórnarfyrirkomulag landsins yfir höfuð, nè nokkra þá einstaka grein, er þar að lýtur. Ef því málið að eins væri lagt fyrir alþíngi, og ekki líka eptir á fyrir þjóðfund, fengi þjóðin auðsjáanlega ekki þann þátt í tilbúníngi stjórnarbótarinnar, sem henni þó sýnist bera, og sem konúngur vor auðsjáanlega allramildast hefir viljað gefa henni með opnu brèfi 23. sept. 1848.

Og þó maður nú alls eigi vildi leggja neina sèrlega áherzlu á þetta atriði, þá ætlum vèr það auðsætt, að það sè ólíkum mun minni líkindi til þess, að stjórnarbót sú, sem alþíngi eitt fjallaði um, næði þeirri hylli hjá öldum og óbornum, sem vera ber, hvernig svo sem hún að öðru leyti væri löguð, en sú stjórnarbót, sem orðin væri til á slíku þjóðþíngi, sem hèr ræðir um.

Vèr verðum að taka það fram, að vèr álítum, að fulltrúar Íslendínga og Íslendíngar yfir höfuð fái hina mestu hvöt til þess, bæði að íhuga nákvæmlega stjórnarskipun sína og um að laga hana eptir þörfum þjóðarinnar og vilja stjórnarinnar, einmitt með því móti, að þeir fái sem mesta hluttekníng í tilbúníngi hennar, því ábyrgð þjóðarinnar er að því skapi meiri, sem henni er gefið meira atkvæði og ráð í málinu.

Nefndin verður þannig að ráða þínginu kröptuglega til, að taka bænarskrár þær til fyllstu greina, sem nú eru komnar inn á þíngið,

og eru svo almennar, að þær lýsa því auðsjáanlega, að það er almennur þjóðvili manna hèr á landi, að nýr þjóðfundur verði samankallaður hið fyrsta, eptir hinum sömu reglum, sem kosníngarlögin 28. sept. 1849 fyrirskipa, og að fyrir hann verði lagt frumvarp til nýrra stjórnarlaga fyrir Ísland, og að senda vorum allramildasta konúngi þegnsamlega beiðni þess efnis.

Eptir því, sem áður er sagt, finnur nefndin þar á móti eigi nauðsyn á, að láta í ljósi meiníngu sína um það, hvernig hún ætlar, að sjálft hið nýja stjórnarfyrirkomulag hèr á landi ætti að vera lagað, því hún fær ekki betur sèð, en að alþíngi, og það optar en einu sinni, hafi gefið stjórninni skýrar bendíngar um þau helztu aðalundirstöðuatriði í þessu efni, sem menn geti gjört ráð fyrir, að Íslendíngar mundi helzt aðhyllast, og þykist þess fullviss, að stjórnin muni hafa hið fyllsta tillit til þeirra, í frumvarpi því, er hún legði fyrir þíng það, er hèr ræðir um, hvort sem það svo yrði áður lagt fyrir alþíngi eður ekki.

Að vísu hefir stjórnin látið þá meiníngu í ljósi, að ekki mundi verða afráðið um stöðu Íslands í stjórnlegu tilliti, fyr en búið væri að koma í kríng stjórnarskipuninni í hinu svo kaliaða alríki, en nefndin fær með engu móti sèð, að stjórnarbót Íslands þurfi eður eigi beinlínis að bíða eptir þessu, sem getur ef til vill dregizt um langan aldur, því það er hvorttveggja, að Íslendíngar eru ekki í neinn handa máta valdir að erfiðleikum þeim, sem hamlað hafa híngað til hinu almenna stjórnarfyrirkomulagi í Danaveldi, enda verður það eigi sèð, hvers vegna þeir eigi að gjalda þeirra, þar sem staða Íslands og allt ásigkomulag er svo einstaklegs eðlis, að það mætti virðast unnt, að skipa svo um stjórn þess, að hún alls eigi kæmi í bága við áðurnefnt stjórnarfyrirkomulag.

En þó þessu sè þannig varið, að nefndarinnar áliti, hlýtur hún þó að játa og viðurkenna, að til þess mun þó geta gengið nokkuð langur tími, þangað til hin nýja stjórnarskipun Íslands sè með öllu komin í kríng, og Íslendíngar þannig sjálfir hafi fengið fjárforráð sín, og þegar menn enn fremur gæta að því, að þarfir Íslendínga í almennum málefnum einlægt fara meir og meir vaxandi, en ekki verður ráðin bót á neinu, er til almenníngsheilla horfir, af því stjórnin ekki sèr sèr fært eður finnur sèr skylt, að skjóta fè til framkvæmdar slíku úr ríkissjóði, og landið ekki heldur hefir neitt fè til sinna umráða, nè vald til að leggja tolla á landið, þá virðist nefndinni, að ekki verði í bráðina á annan eður betri veg ráðin bót á þessum vand-

ræðum landsins, en með því móti, sem uppástúnga sú, sem áður er getið, virðist fara fram á, að stofnsettur sè í landinu, til bráðabyrgðar, hið fyrsta sjóður til almenníngsþarfa, er standi undir umsjón landsmanna sjálfra. En til þess útkrefðist þá aptur, að alþíngið mætti með allrahæstu samþykki konúngsins leggja nýja tolla eða byrgðir á landið, sem það áliti nauðsynlegt til framkvæmdar þeim fyrirtækjum, er landsins heill og hagur krefur, og þá líka, að þeir, sem nú krefja tekjur konúngsins, einnig yrði að verða skyldaðir til, í hið minnsta móti ákveðinni borgun, að krefja nú þessa tolla, sem alþíngið þannig legði á landið. Enn fremur flýtur það af sjálfu sèr, að setja yrði mann með hæfilegum launum úr sjóðnum, er konúngur útnefndi, til að taka á móti tekjum frá þeim, sem innkrefja þær, og til að standa fyrir útgjöldum hans, og ætti hann þá, að standa ábyrgð af gjörðum sínum þínginu, er bæði ætti að hafa endurskoðun og reiknínga hans á hendi í hvert skipti, sem það saman kemur, og kýs þá þíngið endurskoðara af meðlimum sínum; þíngið hefir og rètt til þess, að draga hann til ábyrgðar, til hegníngar og skaðabóta eptir kríngumstæðunum, fyrir rètt, er eðlilegast sýnist að væri saman settur af meðlimum landsyfirrèttarins og jafnmörgum meðlimum þíngsins, er þíngið sjálft kysi.

Nefndin lætur þess að síðustu getið, að nauðsynin til þessa, sem nú er sagt, yrði enn ljósari og ómótmælanlegri, svo framarlega sem sú skoðun hennar, að hin nýja stjórnarskipun Íslands ekki þurfi að bíða eptir alríkisfyrirkomulaginu í Danmörku, skyldi vera á miður rèttum rökum byggð, því henni þykir, sem menn muni geta sèð fram á, og jafnvel gengið að því sem vísu, eptir því sem á stendur, og tímarnir eru, að slíkt fyrirkomulag muni því miður geta átt langt í land enn, en Íslands bráðaþarfir þola enga bið; og það er allri þjóðinni orðið næsta ljóst, að aðgjörðaleysi það og ásigkomulag, sem nú er, standa í ljósi öllum framförum hennar og framfararviðleitni.

Af ástæðum þeim, sem nú eru greindar, leyfir nefndin sèr að ráða þínginu til, að það þegnsamlega biði hinn allramildasta konúng vorn:

1. Að hann allramildilegast vili, svo fljótt sem auðið er, kveðja til þjóðfundar á Íslandi, eptir reglum þeim, sem gefnar eru í kosníngarlögum 28. sept. 1849, og leggja fyrir hann frumvarp til stjórnarbótar þeirrar, er honum allramildilegast vildi þóknast að gefa oss Íslendíngum.

2. Að hann svo framarlega, sem þessu eigi gæti orðið viðkomið svo fljótt, allramildilegast vildi gefa alþingi til bráðabyrgðar, og þangað til stjórnarbót Íslands væri komin í kríng, vald til að leggja á landið, með hans allrahæsta samþykki, alla nýja tolla og skatta, er rynni inn í einn sjóð, til framkvæmdar nýjum fyrirtækjum, er til landsins heilla horfa, og nauðsynjar þess krefja, og vald til þess í hvert skipti, sem það kemur saman, að veita fé úr sjóðnum alþínga á millum, og að hans hátign enn fremur allramildilegast vildi leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um þetta mál, er lögum væri eptir því, sem nefndin hèr að framan hefir tilgreint.

Reykjavík, 10. ágúst 1861.

Arnljótur Ólafsson, formaður. *Benedikt Sveinsson.* *Gísli Brynjúlfsson,* framsögumaður.

Pètur Pètursson. *Jón Pètursson.*

Að geymdum rètti til að gjöra athugasemdir, við umræðu málsins, áhrærandi tölul. 2. í niðurlagsatriðunum undiskrifa:

Magnús Andrèsson. *Stefán Jónsson.*

Framsögumaður (Gísli Brynjúlfsson): Eg skal ekki tala mikið um þetta mál, sem er orðið svo alkunnugt hèr á þínginu, fyr en eg heyri tillögur annara. Eg efast ei um, að menn muni skjótt fallast á hina 1. uppástúngu nefndarinnar um þjóðfund, því hún er samkvæmt því, sem þingið jafnan hefir farið fram á, nema í hitt eð fyrra; og þó eg fyrir mitt leyti álíti þetta fremur form-spursmál, en verulegt, og vili því ei segja, að eg í öllu geti fallizt á ástæður þær, sem til færðar eru í nefndarálitinu, eins og þær þar eru orðaðar, þá skal eg þó ei hins vegar neita, að það er ýmislegt, sem mælir fram með að biðja heldur um, að leggja stjórnarbótina fyrir nýjan þjóðfund, heldur en alþingi, eins og það er nú. Mèr finnst nú reyndar æfinlega fjárforráðin vera kjarninn í allri stjórnarbót fyrir Ísland, og gætum við að eins fengið þau, þá mundi mèr að miklu leyti standa á sama, á hvern hátt þau fengist, því það vitum við allir, að það er einmitt það, sem of lengi hefir staðið oss Íslendingum fyrir þrifum, að vèr höfum ei haft nein peningaráð til nauðsynlegra fyrirtækja, og því hefir allt svo lengi staðið í stað. Til nefndarinnar var nú vísað uppástúngu um, að stofna nu þegar landssjóð til bráðabyrgða, og var það þá tekið fram bæði af mèr og öðrum, að þetta væri að eins einn þáttur af fjárhagsráðunum

yfir höfuð; en einmitt þess vegna hefir nefndin nú og stúngið upp á því *til vara,* að alþíngi fengi til bráðabyrgðar vald til, að leggja alla nýja tolla og skatta á landið, sem því kynni að þykja nauðsynlegir til einhverra nýrra fyrirtækja eða stofnana, og vonum vèr, að þíngið muni fallast á þetta. Þessi uppástúnga fullkomnar hina fyrri, að því leyti sem líklegast er, að hún megi nú þegar hafa framgang, og því má ei heldur aðskilja þær; en þess vildi eg óska, að þíngmenn lèti nú ásannast, með því að fallast á hana, að við Íslendíngar sèum ei æfinlega, sem sagt er, að eins fúsir á að biðja stjórnina um fè, heldur og sjálfir, að leggja það fram til nauðsynja vorra, ef á þarf að halda.

Arnljótur Ólafsson: Sem formaður í þessari nefnd verð eg að taka það fram, að nafn hins 3. konúngkjörna þíngmanns, sem var einn í nefndinni, hefir fallið úr á niðurlagsatriðunum.

Pètur Pèturson: Eg fyrirgef það mikið fúslega, þó nafn mitt falli burt, því eg hefi aldrei verið neinn ákafur stjórnarbótarmaður, svo eg erfi ei þess konar smáyfirsjónir. Eg verð að játa það, þó það kann ske sè ei rètt, að eg hefi allt af verið hræddur við, að vèr Íslendíngar fengjum svo mikið vald allt í einu, að vèr ættum að fara að stjórna landinu. Þó eg viðurkenni, að þínginu og landsmönnum hafi farið mikið fram, þá þykir mèr þó í mörgu ísjárvert, ef þetta kæmi allt fyrir í einu. Það eru 2 atriði, sem tekin eru fram hèr í nefndarálitinu: þjóðfundur og landsjóður. Mig minnir að eg tæki það fram við inngangsumræðu þessa máls, að eptir hinum góðu undirtektum stjórnarinnar undir þetta mál, þætti mèr tilhlýðilegt, að þíngið ritaði konúngi ávarp, og þakkaði honum fyrir hinar góðu undirtektir hans undir málið, og treysti því, að málinu yrði framgengt svo fljótt sem yrði. En úr því málið var komið til nefndarinnar, og hún vildi fara í aðra stefnu, vildi eg ei fara þessu fastlega fram, en hèlt mèr þá fastlega til þessara tveggja atriða. Við vildum hafa sem mest tillit til bænarskránna, sem komið höfðu um málið, og fara sem almennustum orðum um það. Það kann nú að vera, að orðið »*Þjóðfundur*« láti ei vel í eyrum stjórnararinnar, sökum hinna óheppilegu úrslita á þjóðfundinum 1851, en nefndin áleit, að stjórnin og landið hefði nálgast svo mikið síðan 1851, svo þau mundu nú fara í líka stefnu, og mundi því ei nú hætta búin, þó þjóðfundur fjallaði um málið. Viðvíkjandi skattalögurèttinum, þá fellst eg á hann til bráðabyrgða; eg veit ei, hvort það er rètt, að þíngið fengi löggjafarvald, eptir þeirri samsetn-

ingu, sem það hefir. »*Skattebevillingsretten*« er aðalatriðið fyrir oss; fèð er það, sem allt strandar hèr á, og oss miðar svo lítið áfram, af því, hvað sem þarf að framkvæma nytsamlegt, til þess vantar fè; og því væri það verulegar framfarir, ef þessi rèttur fengist. Það þarf ei að óttast, að menn á hverju þingi muni dengja nýjum og nýjum álögum á landið, því þingið mun gæta allrar varúðar, að ofþyngja landinu ekki í því efni; en menn kynni að geta lagt toll á marga óþarfavöru, til að koma fram nýjum og nytsömum fyrirtækjum, og finna með því nýja gjaldstofna; og það mundi verða til, að koma betur fyrir þeim útgjöldum, sem hvíla á landinu, en nú er sem stendur.

Guðmundur Brandsson: Það hefir nú verið mikið talað um, eins og líka er gefið í skyn í þessu langa nefndaráliti, að bænarskrárnar gefi tilefni til að biðja um þjóðfund, og það er satt, því þær fara flestar fram á það, svo eg engan veginn lái nefndinni, þó hún tæki þessa stefnu í málinu. En eg hugsaði samt, að nefndin hefði getað valið skemmri veg; eg held það hefði nægt að senda ávarp til konúngs, og biðja hann þar, eins og gjört var á seinasta þingi, að flýta málinu sem mest unnt væri. Eg held, að það gæti ekki spillt, þó frumvarpið, sem kæmi frá stjórninni, og sem beðið hefir verið um, að byggt yrði á uppástúngum þjóðfundarins og alþingis síðan, væri fyrst borið undir alþingi; því menn skyldi þó hugsa, að sumir þeir menn, sem nú sitja á þingi, væri orðnir vanari þingstörfum eptir svo mörg ár, sem þeir hafa hèr verið, heldur en þessir, sem yrði kosnir nýir á þjóðfundinn; ef alþingi þá þætti frumvarpið svo illt viðureignar, að það þættist ekki einfært, að ráða því til lykta, þá gæti það stúngið upp á nýjum þjóðfundi til þess. Menn gæti kann ske fært það til, að þetta mundi valda of miklum drætti; en það er spursmál, hvort hitt mundi ei valda meiri drætti, sem hèr er farið fram á, og nefndin gjörir sitt til, að auka dráttinn með 2. atr. sínu, þar sem hún biður um landssjóðinn. Nefndin vill eins og reita og sneppla þetta smátt og smátt inn á þingið, og fá þannig stjórnarbótina í eintómum smábitum, en ekki í einni heild, en stjórnin dregur málið því meira, þess hvikulli og óvissari sem stefna þingsins er. Eg verð því að heyra betri ástæður fyrir þessu, en enn eru fram komnar, ef eg á að geta gengið inn á það, því eins og eg sagði áðan, hefði mèr fundizt nóg, að ítreka bænarskrána eða ávarpið frá síðasta þingi.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera á máli þingmannsins frá

Gullbríngusýslu, og eg talaði við inngangsumræðuna í sömu stefnu; eg sagði þá, að eg yrði að álíta, að þingið ætti ekki að senda konúngi vorum nokkra bænarskrá í þetta skipti um þetta mál, þar sem þingið gæti séð af hinni konúnglegu auglýsingu, að stjórnin væri að undirbúa málið. Það einasta, sem þingið því gæti gjört, ef það á annað borð vill halda málinu áfram, væri það, að senda konúngi ávarp, er lýsti fullu trausti þingsins á því, að konúngur mildilegast mundi svo fljótt sem kríngumstæðurnar leyfði, fullnægja ósk þingsins í þessu efni; en enga nauðsyn sé eg samt vera til þess frá þingsins hálfu. Fjárhagsmálið milli Danmerkur og Íslands hlýtur að öðru leyti að vera áður komið í kríng, og það er nú í undirbúníngi, eins og því heiðraða þingi er kunnugt. Eg get ekki heldur verið nefndinni samdóma í því, að stjórnarfyrirkomulag Íslands, eða staða Íslands í ríkinu, standi í litlu eða engu sambandi við stjórnarfyrirkomulagið í Danmörku; eg veit heldur ekki betur, en að stjórnin hafi lýst því gagnstæða yfir, og að öðru leyti virðist þetta að liggja í hlutarins eðli. Viðvíkjandi stofnun landssjóðsins, sem nefndin hefir stúngið upp á, skal eg leyfa mér að láta í ljósi, að mér er það nokkuð óljóst, hvernig nefndin hugsar sér þennan sjóð, og mér þykir það ekki heldur eiga við, einmitt nú, þegar fjárhagsmál Danmerkur og Íslands er til meðferðar hjá stjórninni, að stínga upp á þessum sjóð, því það getur hugsazt, að það komi í bága við þau úrslit, sem fjárhagsmálsnefndin kynni að komast til; þar að auki hefir þingið beðið um full fjárráð og skattaálöguvald, svo hér er reyndar nokkur ósamkvæmni hjá þinginu, sem að minnsta kosti eru líkur til, að fjárhagsmálið eigi skammt í land, og þá sé eg ekki ástæðu til, að biðja um þennan landssjóð.

Páll Sigurðsson: Eg er nú líka á sömu skoðun, og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og þingmaður Gullbríngusýslu. Það hafa nú, síðan þjóðfundurinn var — mig minnir á hverju þingi — verið sendar bænarskrár til konúngs um stjórnarbótarmálið, og tekin fram hin helztu undirstöðuatriði þess, sem Íslendíngar hafa óskað, að lögð væri til grundvallar. Af auglýsíngu konúngs til þessa þings sjáum vér, að hann lætur sér mjög annt um þetta mál; þar svo segir í auglýsíngunni, að »vér framvegis munum láta oss vera mjög umhugað um þetta mál«, og um fjárhagsmálið milli Íslands og Danmerkur eru þær ráðstafanir þegar gjörðar, er með þarf, til þess að það málefni verði tekið til yfirvegunar, og það er nú mjög æskilegt, og því álít eg einnig alveg nægja, að senda nú konúngi á-

varp, því, þar sem nú nefndin hefir tekið fram, að biðja um nýjan þjóðfund, þá álít eg, að þar sem vèr ekki getum gripið yfir lítilfjörleg konúngsmál á 6 vikum, þá munum vèr þurfa tíma til, að skoða þetta mái, þar sem um vor helgustu rèttindi er að gjöra. Eg álít því, að það sè formspursmál, hvort málið ætti að leiðast til lykta á þjóðfundi, eður ei, og ekki öll hætta búin, þó málið kæmi fyrir alþíngi til undirbúnings eða skoðunar; en yrði það ekki leitt þar til lykta, gæti alþíngi beðið um, að þjóðfundur væri kallaður saman, ef það áliti, að þess þyrfti. 2. atriðið hjá nefndinni er eg hræddur um að mundi, eptir því sem nú á stendur, verða til að seinka málinu, þegar stjórnin hefir tekið svo vel í málið; það hefði verið annað, hefði hún tekið þúnglega í það. Það er sjálfsagt, að vèr vitum, að fjárskorturinn stendur í vegi fyrir öllum nytsömum fyrirtækjum vorum, svo eg áliti, að vel henti, að vèr söfnuðum landssjóð. En eptir því, sem nú á stendur, get eg ekki fallizt á, að fara að biðja um rètt til þessara nokkuð sèrstöku tollálögu. Eptir öllu þessu vil eg taka mèr breytíngaratkvæði um, að þíngið sendi konúngi vorum ávarp, og þakki honum fyrir hinar góðu undirtektir hans undir málið, og lýsi trausti sínu á, að málinu verði framgengt sem fljótast, samkvæmt stefnu þeirri, sem þíngið áður hefir tekið fram. Eg hefi hjá mèr uppkast til ávarpsins, eins og eg vildi láta það hèr um bil vera, og skal eg leyfa mèr að lesa það upp, ef þíngmenn óska þess (*Arnljótur Ólafsson:* Það er gott að heyra það). Það hljóðar þannig:

Allramildasti konúngur.

Alþíngi 1853, 1857 og 1859 sendi *yðar konúnglegri hátign* þegnsamlega bænarskrá um, að vald og verkahríngur alþíngis yrði aukinn, svo að því yrði veitt ályktar-atkvæði í öllum þeim málum, er nú liggja undir það að lögum, sem ráðgefandi þíng, og er stjórn *yðar hátignar* lagði fyrir alþíngi 1857 til álita málið um, hver fjárhagsráð eður afskipti af tekjum og gjöldum þessa lands, að þínginu ætti framvegis að veita, leyfði alþíngi sèr allraþegnsamlegast að lýsa því yfir, í álitsskjali sínu til *yðar konúnglegrar hátignar,* og í þegnlegri undirgefni að beiðast, að þínginu yrði veitt fullt skattgjafarvald eða ályktar-atkvæði um tekjur og gjöld þessa lands. Alþíngi hefir jafnframt leyft sèr þegnsamlegast að biðja, að hin æðri stjórn þessa lands yrði smámsaman löguð og endurbætt, samkvæmt og í samhljóðun með þessu aukna valdi og verkahríng, er *yðar hátign* af

landsföðurlegri náð munduð alþingi veita, og í sambandi og samhljóðun með því stjórnarfyrirkomulagi, er kæmist á í hinum öðrum hlutum konúngsveldis yðvars.

Með þegnsamlegustu lotníngu og þakklátssemi vottar nú alþingið yðar konunglegri hátign þakkir sínar fyrir mildar og landsföðurlegar undirtektir yðar undir þetta mál, bæði í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis 1859, og einkum í auglýsíngu yðar hátignar til þessa alþíngis, er þér, vor mildi konúngur, hafið þegar látið gjöra þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að fá fjárhagsmáli þessa lands fasta undirstöðu, því alþíngi verður nú sem fyr að álíta og með þegnsamlegu þakklæti að viðurkenna, að þetta sè undirstöðuatriði allrar stjórnarbótarinnar hèr á landi. Og að því er viðvíkur hinum öðrum atriðum í nauðsynlegustu stjórnarbót þessa lands, þá fulltreystir alþíngi því allraþegnsamlegast, að þèr, *vor mildasti konúngur!* í vísdómi yðrum og af landsföðurlegum áhuga fyrir framförum og velfarnan þessa lands, látið þeim framgengt verða, svo fljótt sem auðið má verða, og í sem bezta stefnu, landi þessu til heilla, og að eigi munið þèr, vor herra og konúngur! missa sjónar á því, að nú hefir æðsta embætti þessa lands staðið óveitt meir en ár, en þar að auki laust annað amtmannsembætti landsins. Alþíngi leyfir sèr þegnsamlegast að fulltreysta því, að *yðar konúnglega hátign,* með ráðum hinna vitrustu manna, er bezt þekkja hèr til, muni skipa embætti þessi sem fyrst og í þá stefnu og með því fyrirkomulagi, er gæti orðið stjórnarbót þeirri, er þèr í konúnglegum vísdómi yðrum hafið þessu landi fyrirhugað, til viðgangs og eflíngar.

Allramildasti konúngur! Alþíngi Íslendínga finnur sèr jafnframt skylt, að leyfa sèr að minnast þess, og vekja að því landsföðurlegt athygli yðvart, að áður en hinar allramildustu undirtektir yðar hátignar, í auglýsíngunni 1. júní þessa árs, voru kunnar orðnar, hafði fjöldi þegna yðar hèr á landi átt með sèr hèraðsfundi, og samið þar samtals 11 bænarskrár um stjórnarbót þessa lands, og sent alþíngi; er í sumum þeirra minnzt allramildustu heityrða *yðar hátignar* í konúngsbrèfinu 23. september 1848, og lýst yfir því allraþegnsamlegasta trausti og von, að þèr, vor mildi konúngur, munið álíta þau heitorð óapturkölluð og að konúnglegur vísdómur yðar muni sjá ráð til, að láta þeim verða framgengt. Alþíngi vonar og treystir því allra-

þegnsamlegast, að *yðar konúnglega hátign* meti þetta mildilegast sem vott, eigi að eins um áhuga þann, er allir þegnar yðar hátignar hèr á landi hafa á þessu máli, og að því megi verða framgengt, svo fljótt sem auðið er, heldur einnig um þá þegnsamlegu lotníngu og traust, er allir Íslendíngar bera til konúnglegra heityrða yðar, og landsföðurlegrar mildi.

En sakir hinna allramildilegustu undirtekta undir þetta mál í auglýsíngu *yðar hátignar* til þessa alþíngis, þeirra ráðstafana, er konúnglegur vísdómur yðar hefir þegar gjöra látið, og í óbifanlegu trausti til þess, að þèr, allramildasti konúngur! hafið þegar af konúnglegri mildi og áhuga fyrir velfarnan þessa lands af ráðið þá stefnu í þessu allsherjarmáli Íslendínga, sem bæði er landsföðurlegri tign yðar samboðin, og sönn velferð og framför þessa lands krefur, þá fannst alþíngi miður hlýða að taka nú þetta allsherjarmál fyrir af nýju til löglegrar meðferðar.

Drottinn hinn algóði farsæli og blessi yðar konúnglegu hátign og alla yðar stjórn, gjörvöllum ríkjum yðar og löndum til framfara og heilla.

Þetta vildi eg bera upp, því mèr fannst nú betur eiga við, að fara þannig um það almennum orðum, því stjórnin er orðin kunnug undirstöðuatriðum málsins, svo það er óþarfi, að taka þau fram enn, einkum þar eð stjórnin hefir tekið svo mildilega í málið; þetta álít eg því bæði hinn rèttasta og fljótasta veg. En eg vil áskilja mèr rètt til að orða þetta ávarp betur, ef þíngið vildi ráða til að senda það fremur en bænarskrá með beinum niðurlagsatriðum.

Indriði Gíslason: Mig undrar, hvað bráðlát þessi nefnd er, bæði með þjóðfund og landssjóð, því þegar eg sá auglýsínguna til alþíngis, fannst mèr málið nú vera komið í bezta borf við fjárhagsaðskilnaðinn. Eg sè, að 2. niðurlagsatriðið er nokkuð líkt og var með læknaskipunarmálið, sællar minníngar, að það er einúngis til að fresta stjórnarbótinni, að biðja um þetta, þangað til stjórnarbótin fæst. Þegar stjórnin sèr, að vèr viljum fara að safna sjóði, og viljum ei hlynna neitt að stjórnarbótinni, heldur hún, að vèr höfum sèð oss um hönd, og kærum oss ei um neina verulega stjórnarbót. Það er líka undarlegt, að vera að biðja um leyfi, til að safna landssjóð á sama þínginu, sem menn eru að biðja stjórnina um fjárstyrk, til að forða mönnum húngursdauða; eg held henni þyki vera komið annað hljóð í strokkinn, þegar vèr förum að bera oss svona vel. Að því er 1. atr. nefndarinnar snertir um þjóð-

fundinn, þá hefir nú víða verið gefinn minni gaumur bænarskránum, en í þessu máli, en það er í engri bænarskránni beðið um, að safna landsjóð; það fer fjærri; og þó þetta kvikni upp hjá einstökum mönnum hèr á þinginu, þá get eg hvorki álitið það þjóðarinnar nè stjórnarinnar vilja fyrir það. Það hefir opt staðið oss fyrir þrifum, að oss hefir vantað fè; nú á að bæta úr því með þessu, en hvort það er nú meira, en ímyndunin, er eptir að vita. Eg get ei skilið, að það sè sómasamlegt fyrir oss, að hafa þessa hvarflandi panka; vèr vitum, að stjórnin þykist skjóta 12,000 rd. til landsins. Það er eins og ef menn, sem lengi hefði verið sveitarþurfar — þó það sè kann ske of lítilfjörlegt, að líkja oss við þá — bæði sveitarstjórann um leyfi til, að mega nurla saman sjóð, jafnframt því, sem þeir yrði að láta styrkja sig með tillagi; það er sjálfsagt, að sveitin ætti eins að annast þá, á meðan þeir væri að því. Þetta er lifandi afmálun hugmyndarinnar. Eg skil því ei, að stjórnin geti gefið þessu neinn gaum, því það er svo barnalegt. Og eg er í þessu máli alveg samdóma hinum háttvirta *konúngsfulltrúa,* þó það komi ekki opt að, því stefna hans er glögg og hrein í þessu máli. Þegar eg því gef atkvæði mitt í málinu, mun eg ekki gefa atkvæði með þessum niðurlagsatriðum, en mun halda mèr að ávarpi þingmanns Rangæinga.

Pètur Pètursson: Ræða hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* styrkir mig enn meir í þeirri meiníngu, að tilhlýðilegast væri, að senda konúngi ávarp, og eg held, að nefndinni sè ekki svo annt um nefndarálitið, að hún geti ekki með rósömu geði lagt það til hliðar, ef þingið vill svo. En eg vil að eins vekja athuga á því, hvort það er ei varúðarvert, að ganga út frá því sem gefnu, að stjórnin leggi frumvarpið fyrir þjóðfund; ætli það væri ei nóg, ef hún heyrði álit alþingis um það; hún væri þá ekki bundin við að leggja það fyrir þjóðfund á eptir. Það hefir nú komið fram svo mikill misskilníngur um landssjóðinn, að eg álít það ekki ómaksins vert, að leiðrètta hann, sízt ef þingið tekur aðra stefnu í málinu; en flest það, sem hefir verið talað um hann, hefir lýst misskilníngi; og eg óttast, að sá misskilníngur kunni og að ná til hugmyndarinnar um stjórnarbót yfir höfuð.

Jón Hjaltalín: Þetta mál má nú skoða frá ýmsum hliðum; en alþingi ætti að vera ljóst, hvað því hefir orðið framgengt í þessu máli nú í 10 ár, og það verður þó að gæta þess, að það vantar ei, að þingið verði fyrir þúngum orðum bæði utanlands og

innan. Eg held, að vèr megum nú spyrja, eins og forfaðir minn Flosi sagði: »Hverir valda því, að vèr náum ei til vígis í Almannagjá? Hverir valda því, að ekkert gengur áfram. Eyjarnar fyrir sunnan okkur komast áfram, vèr komumst ekkert. Er það þinginu, eða stjórninni að kenna? Eptir 10 ára setu frá þjóðfundinum er nú mál komið fyrir þingið, að gjöra sèr skilríka grein fyrir þessu. Ástand Íslendínga bendir á, að betra væri að eitthvað gengi áfram, en menn væri ei allt af að höggva í sama farið, eða að minnsta kosti gengi ekki aptur á bak í því, sem verulegt er. Menn hugsa nú að þetta fáist með stjórnarbótinni, og þar hafa vonir allra lotið að, en hún er nú ekki komin enn, og hún verður ef til vill ekki komin að 10 árum liðnum. Það er nú sagt, að verið sè að búa til grundvallarsteininn undir hana, með því að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn, en eg vil sjá hann, þegar hann er tilbúinn, og þingið er búið að gjöra við hann. Eg er nú orðinn svo gamall, og hefi sèð svo margar vonir bregðast, og því er eg svo hræddur að eins geti enn farið. Það er þó þúngt, að fyrst alþingi var gefið oss af konúngi vorum í bezta skyni, þá skulum vèr þó ei komast neitt áfram. Vèr ættum því sannarlega engu tækifæri að kasta burt; stjórnarbótin er ekki enn í hendi okkar, við vitum eigi, hvað hún verður, eða hvernig hún færi oss úr hendi, og reikníngarnir, sem hún á að byggjast á, eru ekki upp gjörðir, en eg segi það, að mèr virðist tími kominn til, að gjöra eitthvað, svo meira verði gjört, en gjört hefir verið í hin 10 síðustu ár. Vèr erum allir augnabliksins börn, við lifum að eins að kalla augnablik, en oss sæmir ei, að vera að skjóta öllu fram í þá tíð, þegar vèr erum komnir undir græna torfu. Oss ber, ef vèr viljum forsvara gjörðir vorar, að vera sem menn og sjá, hvað á að gjöra. Ef sagt er: »lítið er enn gjört«, þá rísa menn upp og segja: af því ekkert er til að gjöra það með. Þegar eg tala við aðra menn út í frá, þá spyrja þeir: Hví er hèr ekkert gjört á þessu landi? hefir alþingi ekkert vald? eða veit það ei, hvað það á að gjöra? oss virðist liggja sáralítið eptir það, en við vitum eigi, hverju er um að kenna. Eg veit þá stundum ei, hverju eg á að svara. En bíð því ósjálfrátt, uns fleiri spurníngar koma, og þær verða þá stundum á þessa leið: Þarf má ske ekki að gjöra neitt við þessa vegi, sem eru vatnsrennur á sumrum, en snjókistur á vetrum? Víst þyrfti þess! en við höfum enga penínga, við erum svo fátækir — »Ó rètt er það, veslíngar! bágt eigið þið! þið hafið

þá víst ekki ráð á, að kaupa ykkur neinar munaðarvörur eða neinn óþarfa, en verðið að láta ykkur nægja með, að fá fiskbíta og dálítið við í munninn; þið hafið víst ekkert af óþarfavörum«? »Jú, jú, ekki er frítt fyrir því«. »Er það svo«? »Já! við höfum bæði kaffi, sykur, brennivín, romm, tóbak og fleira« „Já eg hefi heyrt að ykkur þætti góður sopinn, og á nefinu á sumum sè eg, að þeir taka líka í nefið, og sumir taka upp í sig eða reykja«. »Ójá, ekki verður því neitað!« »Eg hefi heyrt, að hèr væri allmargir drykkjurútar; hví eru þeir þá ekki látnir borga toll af því, sem þeir drekka, og gjöra sig þar með opt ónýta fyrir mannlegt fèlag?« »Nei, það gjörum við ekki«. »Er það satt að menn drekki sig hèr í hel«? »Því verður og ekki alveg neitað«. »Hví eru menn þá ekki látnir borga skatta«? »Við lofum slíkum piltum að borga, meðan þeir geta, og geymum leyfarnar, og fáum svo menn, til að gjöra eitthvað fyrir þetta gjald að gagni? Líkar hugsanir þessu held eg hafi vakað fyrir þeim, sem hafa stúngið upp á landssjóðnum, og mèr þótti undarlegt, að nokkrar raddir skyldi koma hèr í salnum fram móti þessu. Þingmanni Dalasýslu sagðist mikið um, að hann vissi ei, hvaðan þessi sjóður ætti að takast; það er satt, að við fáum aldrei neina penínga, ef allt á að ganga eins og hefir gengið; en »lítið má ef gott vill«, og »auðurinn er afl þeirra hluta, sem gjöra skal«, og fáum vèr aldrei neitt, verður heldur aldrei neinu afkastað. Þingmaður Dalasýslu var hræddur um, að þessi landssjóður mundi koma í bága við stjórnarbótina; það væri nú betur, að hún strandaði ekki á neinu öðru. Það væri þó, held eg, gott, að stjórnin sæi, að við gætum lagað dálítið í landinu sjálfu, áður en við förum að eiga með okkur sjálfir að öllu; stjórnin getur með þessu gjört tilraun með okkur, og vitað, hverju vèr getum afkastað. Ef vèr ei megnum hið litla, má búast við, að oss fari ekki hið stærra vel úr hendi. Eg skil ei heldur, að þetta fyrirkomulag í 2. atr. geti staðið í vegi fyrir stjórnarbótinni; og vildi eg biðja hinn háttvirta þingmann Dalasýslu um upplýsíngu um, hvernig það mætti ske. Það gleður mig, ef menn geta lagt sig til svefns, og verið glaðir yfir, að allt gangi vel hèr á landi, og geti gjört sig ánægða með drauma þessa um hina fögru mey, sem í vændum sè, »stjórnarbótina«. Þingmanni Dalasýslu þótti það ekki sómasamlegt fyrir þingið, að hafa þessa »*hvarflandi panka*«. En það er ekkert himnaflug, þó vèr hugsum um það daglega, sem fyrir augunum liggur, svo sem um vegina, og annað því um líkt.

það er gott, ef öll veruleg von um framfarir lands þessa er ei horfin, að 2. atr. kemur fram frá þinginu, og eg ætla því að gjöra breytíngaratkvæði við það þannig: »að vor allramildasti konúngur til alþingis 1863 allramildilegast vildi gefa, o. s. frv.«. Eg skal svo ei að sinni fara fleiri orðum um þetta, en heyra, hvað aðrir segja, og þá kann eg að segja eitthvað aptur.

Arnljótur Ólafsson: Eins og máltækið hljóðar, þá finnst mèr það vera jafn illt, að vera of fullur og að vera of svangur. Mèr heyrist flestum hafi fundizt, að nefndin hafi gjört of mikið; en mèr finnst þíngið vilja gjöra of lítið. Þíngmenn segja, að vèr eigum ekki að biðja um þjóðfund og landsfjóð eptir kríngumstæðunum. En eg vil spyrja: vitum vèr til fulls, hvernig kríngumstæðurnar eru í öllum heiminum, eða jafnvel hèr á landi? Eg held ekki; vèr vöðum í villu og svíma, því vèr göngum hèr ekki í skoðuninni. En látum oss nú geta oss til, hvernig ástandið sè eða verði, þá er annað hvort, að vèr fáum stjórnarbót fljótt, eða að henni verður skotið á frest enn um ótiltekinn tíma. Eg set nú, að stjórnin vili gefa oss þjóðfund; hví eigum vèr þá ekki að biðja um það, sem stjórnin vill veita? en það sýnist mèr jafnan hið mesta óráð, að vera að þakka fyrir það, sem vèr ekki vitum, hvað er; en mèr sýnist það skylda þíngsins að biðja um það, sem vèr getum átt von á. Eg hefi ætíð haft þá skoðun, að þíngið ætti að standa í því sambandi við stjórnina, og stjórnin í því sambandi við þíngið, að hvort eigi að laga sig eptir öðru, en að þíngið eigi ekki að fara í hráskinnsleik við stjórnina, og hvort um sig reyna, að rífa og tæta allt í sundur hvort fyrir öðru. Ef nú svo fer, að tíminn ekki er með oss, svo að stjórnarbótarmálið dregst, eigum vèr þá um ekkert að biðja? Eigum vèr að sitja hèr, og sjá ekki fyrir endann á því, að neinu af því verði framgengt, sem vèr ráðum til? En oss verður ekkert framgengt, ef vèr ekki fáum aflið til framkvæmdanna; og eigum vèr þá ekki að biðja um, að fá það? Mèr liggur við að segja, að alþíngi ætti ekki að standa, ef menn ekki hefði von um, að það fengi fjárhagsráð og löggjafarvald, því það stendur nú að eins, til þess að geta á sínum tíma risið upp endurskapað. Menn hafa sagt hèr á þíngi: Hví er verið að biðja um þjóðfund? Hví er ekki beðið um, að leggja stjórnarbótina fyrir alþíngi? Sitja ekki vanari þíngmenn á því, en líklegt er að muni sitja á þjóðfundi? Eg verð að biðja menn að gæta að því, að þó vèr biðjum um þjóðfund, höfum vèr ekki afbeðið, að málið væri lagt fyrir alþíngi. Konúng-

ur hefir heitið því, að leggja stjórnarbótarmál vort fyrir þjóðfund, og eg vil spyrja: Sæmir oss þá að afbiðja það? En það gjörum vèr, ef vèr biðjum hann að leggja stjórnarbótarmálið fyrir alþingi. Samkvæmt heityrði konúngs vors hefir þjóð vor fullan rètt á, að fá þjóðfund; eigum vèr þá fulltrúar þjóðarinnar að afbiðja þenna rètt? Vér getum það ekki; vèr megum það ekki. Að því er annað niðurlagsatriði nefndarálitsins snertir, vil eg biðja menn að gæta að því, hvað í því liggur, gæta að því, um hvaða rètt hèr er beðið handa þinginu, áður en menn fella það. Það er beðið um, »að alþingi fái til bráðabyrgðar» og þangað til stjórnarbót Íslands væri komin í kríng, vald til að leggja á landið, með allrahæsta samþykki konúngs *alla* nýja tolla og skatta; það er með öðrum orðum: að *engi* nýr tollur verði lagður á landið án samþykkis þingsins, því ef alþingi fær rètt til þess, að leggja á landið *alla* nýja tolla og skatta, með samþykki konúngs, þá fær það undir eins þann rètt, að konúngur getur ekki lagt nokkurn nýjan skatt nè toll á, án þingsins samþykkis; og ímynda eg mèr, að hverjum manni, sem um þetta hugsar, muni þykja mikið í það varið, nema ef mönnum þykir betra, að þurfa að liggja á bónbjörg stjórnarinnar með hvert eitt lítilræði, en að hafa hjá sèr það, sem menn þurfa, og þurfa svo eigi að fara til stjórnarinnar; en þeir menn, sem vilja þetta heldur, get eg eigi skilið, að þyki mikið í stjórnarbót varið. Undirhúsið á Engiandi var upphaflega ráðgjafarþíng, og er svo enn að lögum, en það hafði rètt til þess, að veita konúngi fè, og hann hefir ekkert fè, nema það veiti honum það; konúngur þakkar því líka fyrir, þegar það veitir honum fè, til hvers sem er. Ef vèr þess vegna ekki höfum neitt fè yfir að ráða, þá getum vèr ekkert gjört, hvort sem alþingi hefir löggjafarvald eða er að eins ráðgjafarþíng. Eg skal nú ekki þreyta þingið lengur, en mèr finnst allt undir því komið, hvort þingið vill fara fram á þetta eða ekki.

Björn Pètursson: Eg játa það að sönnu, að eg hefi lítið vit á þessu máli, en ætla þó að lýsa yfir minni meiníngu og tilfinníngu um það, og finnst mèr það þá eðlilegt, að þeir, sem ekki vilja stjórnarbót, biði um þjóðfund; því það þarf líklega ekki annað til þess, að hleypa upp í stjórninni og espa hana til þess, að fresta málinu, en að heimta þjóðfund; en eg skil ekki í þeim, sem vilja stjórnarbót, að þeir skuli gjöra það. Þó að þjóðfundur væri haldinn, er ekki víst, að betra samkomulag næðist, en 1851, og afleiðíngin yrði þá líkast til sú, að stjórnarbótinni yrði frestað, hver veit

hvað lengi. Nefndin hefir líka sjálf viðurkennt, að alþingi ætti að hafa *undirbúningsatkvæði* í málinu. Nú gæti það vel skeð, að alþingi og stjórnin gæti komið sèr saman um stjórnarbótina, og þá þyrfti engan þjóðfund, nema ef til vill formsins vegna (*Arnljótur Ólafsson:* En ef samkomulag ekki næðist?) Nei? Ef ekki gæti orðið samkomulag milli alþingis og stjórnarinnar, hafa menn ekki afsalað sèr þjóðfundinn, og þá er gott, að geta haft hann bak við eyrað, sem síðasta athvarf. Hinn 5. konúngkjörni þingmaður hèlt langt samtal við framandi þjóðir, eins og honum er svo lagið, og fannst mèr margt satt í því; en samt get eg ekki af því, er hann sagði, sannfærzt um, að nú sè farandi fram á, að biðja um þenna landssjóð, og verð eg að vera á sömu meiningu og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*. Eg þarf ekki, eins og þingmaðurinn úr Dalasýslu, að segja, að það sè í fyrsta skipti; því ef menn biðja um það, sem farið er fram á í 2 niðurlagsatriðinu, þá getur það má ske seinkað fjárhagsaðskilnaði Íslands og Danmerkur; og eg sè ekki heldur neina brýna nauðsyn til þess að þessu sinni. Mèr finnst það líka hlægilegt, að biðja stjórnina um leyfi, til þess að stofna landssjóð, eins og hèr væri nógir peningar til, í sömu andránni, og menn eru að leita til stjórnarinnar um styrk til þess, að forða sèr við húngursdauða (*Arnljótur Ólafsson:* Alveg mótsett; nóg er brennivínið); þegar landsmenn ekki hafa fè til þess að kaupa mat fyrir, þá hafa þeir því síður líklega fè til að drekka fyrir. Þó eg viðurkenni, að landssjóðurinn sè ómissandi, og vildi óska, að þessi uppástúnga hefði komið löngu fyr (Heyr!), þá er eg hræddur um, að ekki muni mikið safnast í hann á þessum bágu árum, og svo gæti skeð, að stjórnin vildi hafa yfirráð yfir honum, eins og yfir spítalasjóðnum, og allt stæði svo fast í sömu sporum, eins eptir, sem áður (*Arnljótur Ólafsson:* Nei!). Það gæti verið, að stjórnin segði, þegar vèr þyrftum fè til einhvers, sem við ættum heimtingu á úr ríkissjóði: Farið þið í landssjóðinn ykkar (*Arnljótur Ólafsson:* Vèr segjum þá: Nei!). Það dugar ekki, því hennar »já« verður ætíð sterkara en okkar »nei«. Eg vil því fresta þessu, þangað til að batnar í ári. Eg verð, vegna alls þessa, að vera samþykkur því, sem þingmaður Rangvellinga fór fram á, að senda konúngi ávarp, og fannst mèr uppkast það, sem hann las upp, vera *mjög* hjartnæmt, mjúklega og allraþegnsamlegast orðað (*Arnljótur Ólafsson:* Hver ætli hafi samið það?), og lætur líklega vel í eyrum hans allramildustu hátignar.

Guðmundur Brandsson: Eg held, að þingmaður Borgfirðinga hafi misskilið okkur, sem höfum talað á móti uppástúngum nefndarinnar, þó eg ekki geti sagt, að honum sè það gjarnt, eða að hann sè vanalega svo skilníngslaus. Hann tók það, er eg hafði sagt svo, sem vèr vildum afbiðja þjóðfund; en eg held, að óþarfi sè að taka það upp aptur, sem eg sagði rètt fyrir skemmstu; því það er auðsèð, að stjórnarbótarmálið getur komið fyrir þjófund, þó það komi fyrst fyrir alþíngi (*Arnljótur Ólafsson:* það er nokkuð seint). Það er satt, að konúngur lofaði oss 1848 þjóðfundi; en það er ekki að vita, nema hann þykist vera búinn að efna þetta loforð. (*Arnljótur Ólafsson:* Nei!); 1852 sagði konúngur, að hann mundi leggja þetta mál fyrir alþíngi, og sama hefir hann ítrekað síðan í auglýsíngum þeim, er hann hefir sent þínginu; en síðan hefir hann aldrei minnzt á þjóðfund, svo að þíngmaðurinn hefir með þessu alveg rangfært orð mín. (*Arnljótur Ólafsson:* Nei). Þíngmaður Borgfirðínga hèlt líka, að menn mundi afbiðja stjórnarbót, ef menn afbæði þenna landssjóð, sem stúngið er upp á undir 2. niðurlagsatriðinu, en það er ekki, því eitt atriðið í stjórnarbótarmálinu er það, að alþíngi fái skattgjafarvald. Hann hèlt, að þetta væri betra en ekkert, meðan alþíngi væri ráðgefandi; þar gægðist það fram hjá honum, að hann hèlt að stjórnarbótarmálið væri ekki undir eins komið í kríng, en þetta styrkir mig í þeirri meiníngu, að þessi uppástúnga um, að stofna landssjóðinn verði til þess, að draga stjórnarbótarmálið, svo að þetta er ný ástæða fyrir mig til þess, að vera á móti þessari uppástúngu. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður var, eins og hann er vanur, skemmtinn og sögulegur í ræðu sinni, og sá maður það, að hann vissi, að oss Íslendíngum þykir gaman að sögum; hann sýndi líka, að hann er ekki seinn á sèr, því hann var allt í einu, þó hann væri rètt sem snöggvast fastur á einum bletti, eins og halastjarna þotinn út í geyminn; en þar sem hann var að tala við einhverja útlenda menn, líklega enska þá, sem róta í þángi og brennisteini hèr, eptir sem hann leggur þeim ráðin upp í hendurnar, þá get eg vel ímyndað mèr, að þeir hafi haft þann mann fyrir augum, að þeir gæti ei vel trúað því, að vesöldin væri hèr svo mikil, sem sagt er; mèr finnst einhver mótsögn í því, að þeir embættismenn, sem kveina og kvarta yfir, að fá ekki launabót, skuli vilja láta leggja toll á neyzluvöru þeirra. Það hefir áður, þegar talað var um að stofna barnaskóla hèrna í Reykjavík, verið stúngið upp á því, til þess að fá fè til hans, að leggja toll á brenni-

vín, og voru embættismennirnir á því, þangað til talað var um, að setja líkan toll á hin dýrari vínin, sem þeir drekka, þá var eins og komið væri við hjartarætur þeirra, og uppástúngan felld. Eg er hræddur um, að nú fari eins, ef á að leggja toll á öll vín. Það vantar líka, að mönnum væri sýnt, hversu mikið fè mundi renna inn af þessum tollum; og verð eg því að halda mèr til uppástúngu minnar, sem þíngmaður Rangæínga tok miklu skýrara fram, en eg.

Indriði Gíslason: Ekki var spá mín lengi að rætast, að menn mundu verða bráðlátir, því það vakti fyrir hinum 5. konúngkjörna þíngmanni, að ef ekki væri beðið um 2. atriðið, mundum vèr má ske ekki fá neitt af stjórnarbótinni, fyr en vèr værum komnir undir græna torfu; en eg held, að betri sè biðlund beðin, en bráðlega ráðin, og eg held, að það væri betra, að vèr, áður en vèr hrökkvum upp af, sèum búnir að leggja góðan grundvöll undir stjórnarbyggíngu vora, en þó vèr værum búnir, að hrúga saman ótal skyjaborgum áður. Þíngmaður Borgfirðínga byrjaði ræðu sína með því, að það væri illt, að vera of fullur og að vera of svangur; það mun nú engi neita því, að svo sè; en það er verst, ef sami maðurinn er bæði of fullur og of svangur undir eins, og í sama málinu, og er það því miður ekki dæmalaust, að það hafi komið fram í þessum sal, og þá heyrir það ekki hvað sízt upp á niðurlagsatriði tölul. 2, um landssjóðinn, því sú uppástúnga er of svöng af efnum, en of full af bollaleggíngum og ímynduðum auð; þá kom það eitt fram í ræðu hans, að það væri ómögulegt, að oss færi fram, ef vèr ekki vildum biðja um það, sem oss færi fram af að efnum; ja ef hinn háttvirti þíngmaður sannfærði mig um það, að ekki þyrfti annað, en biðja um landssjóð, til að öðlast auð og sælu, þá kynni eg að gefa atkvæði mitt fyrir honum; eg verð nú fyrir mitt leyti að álíta, að rèttast sè, að biðja í þetta sinn einúngis um, að stjórnarbótinni verði flýtt, og það því heldur, sem stjórnin nú í auglýsíngunni hefir gefið þar um beztu vonir.

Sveinn Skúlason: Það hefir verið sagt, að ekki lægi á bænarskrá til stjórnarinnar um þetta mál, af því að hún hefði sagt, að sèr lægi það á hjarta, að flýta því, svo að það væri nóg að senda stjórninni óendanlega þegnsamlegt ávarp; en mèr sýnist alveg rètt, að beðið sè um þjóðfund, eins og 1. uppástúnga nefndarinnar fer fram á, því mèr sýnist misboðið almennum vilja þjóðarinnar, ef þíngið ekki tæki þetta atriði fram, og þar sem menn vita, að nefnd er sett niður, til þess að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn, þá sjá

menn, að eitt aðalatriði stjórnarbótarmálsins er í undirbúningi, sjálfsagt undir það, að málið verði síðan borið undir oss, og þá sýnist mèr nú hinn rètti tími til þess, að biðja um þjóðfund. Þar á móti get eg ekki fallizt á 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, því þegar vèr vitum, að vèr munum bráðum fá fjárhagsráð vor, og frjálsari stjórnarbót, get eg ekki sèð, að það sè ráðlegt, að biðja um þenna landssjóð, eða að alþingi, meðan það að eins hefir ráðgjafarvald, fái rètt til þess, að leggja alla nýja tolla á landið; því það álít eg of vaxið alþingi, meðan verkahringur þess ekki er stærri, og meðan það er eins fáliðað, eins og það er; eg get því ekki, að svo komnu máli, meðan eg ekki heyri meira sannfærandi ástæður fyrir því, að biðja um þennan landssjóð, verið með 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, en eg fellst alveg á fyrsta niðurlagsatriðið, um nýjan þjóðfund, því það finnst mèr miklu betra, en þetta ávarp, sem mèr heyrðist vera í mjög almennum orðum; mèr fannst það líka vera nokkuð langt breytíngaratkvæði, og eg heyrði ekki glöggt, hvort tekið var vel fram um, að fá nýjan þjóðfund, en það vildi eg, að væri gjört glöggt og skilmerkilega.

Benedikt Sveinsson: Eg segi það hreint og beint, að eg finn til vanmáttar míns, er eg nú stend upp, til að svara því með fám orðum, sem haft hefir verið í móti uppástúngum nefndarinnar í þessu máli; en eg verð samt að tala fáein orð, ef ske mætti, að eg með því gæti friðað samvizku mína og verndað sóma þíngsins. Í þessu máli þykir mèr það mjög merkilegt, að nefndin skuli standa ein, nema að því leyti sem þíngmaður Norður-Þíngeyínga fèllst á 1. niðurlagsatriði hennar, því hinn 5. konúngkjorni þíngmaður hefir misskilið nefndina að nokkru leyti; hins vegar eru *konúngsfulltrúi* og ýmsir þíngmenn á móti nefndinni, og skal eg þá fyrst snúa mèr að ræðu hins háttvirta *konúngsfulltrúa*. Eg játa það, að mig vantar vit á þessu máli, en vona, að eg geti fengið það; eg vona, að þó að eg sè skilníngslítill, sè má ske einhver sá á þínginu, sem geti skilið og samrýmt ýmislegt í ræðu *konúngsfulltrúa*, þó eg geti það ekki. Hann sagði, að fjárhagsaðskilnaðurinn ætti að ganga á undan stjórnarfyrirkomulagi Íslands, en stjórnarfyrirkomulagið væri aptur bundið við stjórnarfyrirkomulagið í Danmörku. Eg er reyndar ekki fróður maður í sögu Danmerkur á hinum síðustu árum, en þó vona eg, að hver, sem fer yfir sögu lands þessa frá 1848, muni sjá, að engi líkindi eru til, að stjórnarfyrirkomulag Danmerkur muni allt í einu komast í kríng og í lag, og þá getur

verið langt að bíða eptir betra fyrirkomulagi í stjórn Íslands; um þetta vildi eg biðja hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa* að upplýsa mig betur; en ef stjórnarfyrirkomulag vort er bundið við stjórnarfyrirkomulagið í Danmörku, og ef það er satt, sem hann líka sagði, að stjórnin ætlaði að flýta þessu máli, sem mest að unnt er, þá get eg ekki sameinað það, að vèr eigum fljótt að fá stjórnarbót, en það á samt að bíða eptir því, að alríkisstjórn Danmerkur sè komin í lag, sem líklegt er að muni eiga sèr langan aldur. En ef þessar upplýsíngar ekki fást hjá hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* þá veit eg ekki, hvers vegna Íslendíngar eiga lengur að standa höggdofa, því það er alveg satt, sem í nefndarálitinu stendur, að Íslendíngar eiga ekki að bíða með, að koma því á, sem þeim er til framfara, þangað til að stjórnarfyrirkomulag Danmerkur sè komið í kríng. Svo framarlega sem stjórnin ætlast til, að stjórnarbót Íslands sè bundin við stjórnarfyrirkomulagið í Danmörku, er það eðlilegt, að beðið sè eptir stjórnarfyrirkomulagi Danmerkur, en annars er það ónáttúrlegt, að framfarir landsins sè alveg stoppaðar; þó sumir hafi látið sèr um munn fara, að Íslendíngar sè sveitarómagar, og að það þess vegna sè hlægilegt, að þeir skuli biðja um, að fá að stofna landssjóð, þá held eg ekki, að vèr sèum komnir hèr til þess, að frádæma hinni óbornu kynslóð þann skilníng, að menn geti eigi sèð, hvað rètt er; því um líkt hefði eg ei viljað láta mèr um munn fara; og eg vildi heldur hafa forðazt, að koma hèr, en lýsa þessu yfir.

Eg sný mèr þá að fulltrúum þjóðarinnar, sem sögðust vera *konúngsfulltrúa* samdóma, en eg sá, að þeim var það ekki svo ljóst, sem *konúngsfulltrúi* sagði, að þeir gæti í rauninni sagt, að þeir væri honum samdóma; þeir voru honum samdóma í því, að þíngið ætti ekki að biðja um, að stofnaður yrði landssjóður; en eg gat ei sèð, að þetta álit þeirra væri byggt á sömu ástæðum og hins hæstvirta *konúngsfulltrúa.* Eg ætla mèr ekki að rannsaka hugsunarsambandið milli álits *konúngsfulltrúa* og þíngmanna, en eg vildi óska, að það væri ljóst. Þíngmaðurinn úr Gullbringusýslu sagði, að nefndin hefði átt að fara í sömu átt og þíngið hefði áður farið; en eg held, að hann hafi ekki vel hugsað um uppástúngur nefndarinnar. Nefndinni voru fengnar margar bænarskrár frá þjóðinni, og hún áleit sig bundna af þeim, og áleit sig skuldbundna til þess, að fara því fram, sem tekið er fram í flestum bænarskránum, að biðja um nýjan þjóðfund. Þíngmaðurinn var sjálfur með

því, að nefnd væri sett, til þess að segja álit sitt um þessar bænarskrár, og eg efast um, að hann eða vèr sèum bærir um, að fótumtroða svo margar bænarskrár frá landsmönnum. Það er satt, að vèr höfum nokkurt vald; en allt vald hefir sín takmörk, eins og allir hlutir, og út fyrir hið rètta takmark mega menn ekki ganga. Eg verð að leyfa mèr að spyrja að einu: Vèr höfum í sögu lands vors dæmi upp á stjórnarbreytíngu, sem enn er gildandi; það eru konúngalögin; hvernig var það jákvæði, sem Íslendíngar gáfu um það, að innleiða þau hèr? Var það almenníngur, sem gaf þeim jákvæði sitt, eða voru það ekki einstakir menn, sem gjörðu það? Og var þar ekki farið djarflegar að, en stjórnin sjálf gat óskað, djarflegar en Íslendíngar óskuðu? Hefði ekki verið betra, að hugsa sig betur um, áður en menn gáfu jákvæði sitt svo merkilegri breytíngu? Eg get ekki slitið þessa hugsun frá mèr nú, þegar líkt stendur á fyrir oss, nema að því, að þetta þíng hefir fengið nokkurn ráðleggíngarrètt um stjórn landsins. Þegar eg aptur á móti gái að heityrðum konúngsins, sem eru heilög, meðan þau ekki eru apturkölluð, og vèr sjáum, að bænir þíngsins eru gróðursettar í brjósti Íslendínga, þá ættum vèr að varast, að drepa þær, áður en þær svo að segja eru komnar í heiminn. Eg vildi, að eg gæti lagt líka þýðíngu í ávarp þíngmanns Rangæínga; en eg sè ekki annað í því, en fögur almenn orð og fallegt traust á stjórninni; en eg vildi heldur vita, hvaðan þetta traust er komið, því eg hefi ekki heyrt hinn virðulega þíngmann hafa þetta ógnarlega traust á stjórninni, sem lýsti sèr í ávarpinu í öðrum málum, sem eru mikilsvarðandi fyrir þetta land; en eg vildi, að þetta traust lýsti sèr hjá þíngmanninum í öllum málum, því annars er það þýðíngarlaust; eg held líka, að ávarpið sè í of almennum orðum. Eg vil ekki fara út í einstakar mótbárur móti nefndinni, sem fram hafa komið, því það er óþarfa tímalengíng, og með því vinnst líklega ekkert; en flestar ræðurnar fmnast mèr sprottnar af misskilníngi; þó nefndin væri illa skipuð, og má ske hafi ei fundið hinn rètta veg, þá hefir hún samt betur vitað, hvað hún vildi, en þeir þíngmenn, sem hafa talað á móti henni; eg get ekki sèð neina mótsögn í því, að biðja um landssjóð, meðan stjórnarfyrirkomulag Íslands hið nýja er ekki komið á. Þíngið getur ekki sagt við konúnginn: Þú skalt gefa okkur stjórnarbót, því nú eru kríngumstæðurnar svo í Danmörku, að margir erfiðleikar beygja stjórnina, svo að hún getur ekki gjört það undir eins; en þessir erfiðleikar

eru ekki svo, að það hindri stjórnina frá, að gefa oss rètt, til þess að basla, eins og vèr getum bezt, og það er þessi rèttur, sem vèr biðjum um í 2. niðurlagsatriði nefndarálitsins, því þar er farið fram á, að þingið fái rètt til þess, að leggja tolla á, ef nauðsyn er á því, og kraptar eru til þess í landinu; í þessu er engi mótsögn, en í því, sem hinir fara fram á, að stjórnarbótin sè lögð fyrir alþingi er mótsögu, því ef það er óhæfilegt, að þetta þing hafi það vald, sem er minna, þá er það enn óhæfilegra, að það hafi það vald, sem er meira. Þegar vèr lítum á kríngumstæðurnar hèr og í Danmörku, þá er engi mótsögn í uppástúngum nefndarinnar, og vil eg því fá betri rök, en fram hafa komið fyrir því, sem menn hafa haft á móti nefndarálitinu, ef eg á að geta sèð, að það sè svo hlægilegt, eins og sumir þingmenn álíta.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði konúngkjörni varaþingmaður hefir mjög svo misskilið orð mín, og leyfi eg mèr því að svara ræðu hans með fáum orðum.

Eg sagði, að fjárhagsmálið yrði að vera komið í kríng á undan sjálfri stjórnarbótinni, því það væri undirstaðan í málinu, og þetta virðist stjórnin einnig að hafa álitið, er hún er byrjuð með það atriði málsins; eg sagði ekki heldur, að stjórnarfyrirkomulagið á Íslandi væri, eins og hinn heiðraði þingmaður kvað að orði, reyrt og bundið saman við stjórnarskipunina í Danmörku; en eg sagði það stæði í nánu innbyrðis sambandi, og þetta held eg sè rètt skoðað; en það er satt, að nefndin hefir ekki getað fallizt á þessa skoðun; hún finnur ekki þetta samband.

Eg sagði ennfremur, viðvíkjandi landssjóðnum, að mèr væri hugsun nefndarinnar, um fyrirkomulag þessa sjóðs, óljós; en það er nú, ef til vill skilníngsskortur hjá mèr, og vona eg hinn heiðraði þingmaður vorkenni mèr hann. Eg tek það upp aptur, að þar sem þingið er að biðja um full fjárforráð og skattalöggjafarvald, virðist mèr þar, sem þingið ekki viti um undirtektir stjórnarinnar, að þessi uppástúnga sè of snemma upp borin.

Stefán Jónsson: Það er hèr á þinginu komin fram gagnstæð skoðun nefndinni, þar sem farið er fram á, að fella niðurlagsatriði hennar, en í þeirra stað setja nýja uppástúngu, eða hvað eg á að kalla það, ávarp eður því um líkt; en þó vona eg það, að engi lái nefndinni, þó hún tæki fullt tillit til bænarskránna, sem til þíngsins komu, og sem svo margar fóru fram á, að stjórarbótarmálið væri leitt til lykta á þjóðfundi hèr á landi. Að vísu er nú síðan fram

komið nokkuð nýtt í þessu máli, þar sem auglýsing konúngs er, sem sýnir undirtektir hans undir þetta mál, og sem öllum þykir svo mikið í varið, og sem eg enganveginn ætla mér að neita; en samt verð eg að vera efablandinn í því, hvort það sè rètt, að láta snúa sèr alveg af þeirri stefnu, sem nefndin hefir tekið í þessu máli. Menn hafa sagt, að orðið: »þjóðfundur« lèti illa í eyrum stjórnarinnar, en eg trúi því varla, að hún hafi óbeit á þjóðfundi, því hún getur ekki, og mun ekki heldur gjöra, að leggja landsmönnum til lasts, hvernig þjóðfundurinn 1851 fór, og hún er ekki enn búin að uppfylla loforð sitt 23. september 1848. Eg ímynda mèr það sem hugsun landsmanna, að það sè ísjárvert, að láta jafn fáliðað þing og þetta er, gjöra út um annað eins velferðarmál, og hèr ræðir um, og því álít eg það sè samkvæmt allra ósk, að leggja það fyrir fjölmennara þing; það eina þykir mèr tiltök, að þetta þing að eins gæti búið málið undir til þjóðfundarins, enda hefir, eins og við vitum og reynum, stjórnin tekið svo mikið tillit til tillaga þingsins, sem henni hefir þóknast sjálfri, eins og von er, meðan þingið er ráðgefandi. Menn hafa orðið svo hrifnir út af svari stjórnarinnar, að það er rètt eins og mönnum finnist, að nú sè allt fengið, og það óðar en við sè litið; eg skal ekki lasta svarið, því mèr þykir það gott, og var eg því ófús til, að skrifa undir niðurlagsatriðið tölul. 2.; þó gjörði eg það með athugasemd, en eg set nú svo, að svo ólíklega skyldi til takast, að þetta drægist fyrir stjórninni, þá sè eg ekki, að neinu sè tilspillt, þó beðið sè, samkvæmt niðurlagsatriði nefndarinnar undir tölulið 2., svo framarlega sem í alla staði væri hyggilega að farið. Samt sem áður verð eg að láta í ljósi þá meiníngu mína, að eg held ekki eins fast fram uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 2, eins og tölulið 1.

Jón Hjaltalín: Eg held það veiti ekki af, þótt eg svari fáeinum orðum hinum heiðruðu þíngmönnum, sem gjörðu mèr þá æru, að líkja mèr við halastjörnu; mèr þykir ekki margt að því, og vildi að eins óska, að eg gæti verið eins lèttur á mèr og fljótur í ferðum, og þær eru; en það fannst mèr skrítið, að menn skyldi hefja mig svona hátt, þar sem eg þó alltaf hèlt mèr við jörðina. Eg þóttist samt ganga með opin augun, en ekki eins og blind moldvarpa, sem grefur sig ofan í jörðina; en þá kalla eg verri en blinda moldvörpu, sem eru andlega blindir, og það er hver sá, sem hangir og hengir sig á orðunum eintómum, og ætlar sèr að verka mikið með þeim einum saman. Menn brugðu mèr um, að eg væri að

byggja skýjaborgir, en eg er hræddur um, að þeir hinir sömu, sem þetta álíta, hafi fyrir augum sèr þennan andlega þokubakka, sem kvað vera slæmur fyrir sjónina. Eða hvað ætla menn hafi fram með orðunum tómum? Er ekki öll stefna þings þessa hinn bezti vottur um það? Þegar eg les í alþingistíðindunum, sè eg alltaf ár eptir ár klifað á þessu hinu sama: »stjórnarbót«, »stjórnarbót«; en hvað hefir komið út af því? ekki einu sinni *skóbótar*-garmur, sem gæti haldið út stutta bæjarleið, og er eg því hræddur um, að þessi »bót« yrði ekki slitgóð fyrir eptirkomendurna. Mèr skilst ekki betur, en að sumir þingmenn eins og ímyndi sèr, að hèr sè talað um eða hugsað um, að leggja nýja skatta á landið, og það ætti nú kann ske við þá suma hverja! en það er svo langt frá því; hvorki nefndinni eður mèr hefir dottið það í hug. Hitt finnst mèr undarlegt, að þar sem búið er að töngla á því í 2 mannsaldra, hvað mikinn óþarfa við brúkum, Íslendíngar, að menn þá ekki skuli vilja leggja toll á hann. 1851, á þjóðfundinum góða, var fyrst farið að tala um þennan landssjóð, og eg þori að fullyrða, að þó ekki hefði meira verið aðgjört þá, en lagt lítilræði á hvern brennivínspottinn, á kaffi, sykur og tóbak, þá væri nú safnað laglegum skildíngi, án þess nokkur eiginlega hefði fundið til, enda er þetta siður í öðrum löndum, sem raka saman á þenna hátt ógrynni fjár, án þess nokkur finni til tollanna; eg tek sem dæmi »Ameríku«. Bændur hèr á þíngi játa þetta tollleysi, en gæti þeir vel að, hvort ekki má ske einmitt það er undirrótin fyrir því, sem þeir kvarta einna sárast yfir, fyrir öreigagiptíngunum og sveitarþýngslunum? Því mun engi neita, að brúkun ónauðsynjavara er að tiltölu meiri hèr, en annarstaðar, og að því má leiða ljós rök; en hverju er þetta að kenna nema tollleysinu? Kaupmenn hafa fengið penínga til að flytja brennivín inn í landið, en engi drykkjurútur hefir enn borgað einn skildíng, þó hann hafi drukkið brennivín tunnum saman, ei eingöngu sèr og hyski sínu til niðurdreps og eyðileggíngar, heldur og að nokkru leyti sveit þeirri, er hann hefir lifað í. Eg skil ekki heldur, hvað þíngið ætlar sèr með því, að senda stjórninni orðin eintóm — því »stjórnarbót« er eintómt orð, — en ekkert hugsa um, að fá krapta til, að framkvæma það, sem gjöra þarf. Ef nú stjórnin snerist strax vel við, og segði: »Jú, gjörið þið svo vel«; eg held að það yrði lítið gagn í stjórnarbótinni fyrir það. Þá var það rèttgóð »*letksía*« fyrir þíngið, sem þíngmaður Borgfirðínga áðan sagði um undirhúsið enska. Það byrjaði fyrst á því, að þeir fengu leyfi

til, að stofna landssjóð, og þaðan er komin þessi litla týra, sem nú er á Englandi; það er að vísu ólíku saman að jafna, þar sem við eigum hlut að máli, en við erum samt ekki of góðir til að láta annara landa reynslu verða okkur að kenníngu. Eg vona því, að þíngið ekki felli uppástúnguna tölulið 2, sem mèr þykir meira í varið, en í uppástúnguna tölulið 1, því eins og eg efast um, að þjóðfundur, þó hann aldrei nema svo fengist, flýtti mikið fyrir stjórnarbótinni, þessu marghöfðaða »skrýmsli«, sem menn allt af eru að tönglast hèr á, og engi veit, að hverju verður, eins er mèr á hinn bóginn nær að halda, að við gætum hagnýtt oss varauppástúnguna, þó hún fengist nú, meðan ekkert er annað til.

Forseti: Það er komin til mín ósk frá 15 þíngmönnum um, að undirbúníngsumræðu þessari verði hætt, en það er sjálfsagt, að menn hafa rètt til, að bera upp breytíngaratkvæði þau, er þeir vilja gjöra, og skal eg biðja menn gjöra það, áður eg leita atkvæða um, hvort umræðunum skuli lokið eður ei.

Ásgeir Einarsson: Þó eg aldrei nema svo vildi bera upp breytíngaratkvæði, finnst mèr ekki hægt um vik, þar sem umræðunum svona bráðlega er hætt; en þrennt liggur fyrir, nefnilega 2 uppástúngur frá nefndinni og uppástúngan um ávarpið!

Framsögumaður: Að því leyti sem eg er *framsögumaður*, og kynni að hafa óskað, að svara því nokkuð, sem nú hefir verið sagt um stund, þá skal eg þó að svo stöddu slá því á frest, fyrst búið er að biðja um, að hætta umræðunum í þetta skipti. Eg hefi engi breytíngaratkvæði fram að bera, og á því hægt með að geyma mèr það, sem eg hefi að segja, til ályktarumræðunnar.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að ef því verður framgengt, að ávarpið sè sent konúngi, þá verði gjörð í því orðabreytíng.

Framsögumaður: Eg vildi líka einmitt hreifa hinu sama, ef *forseti* álítur það leyfilegt.

Forseti: Eg álít það sjálfsagt, að ef ávarpið kæmi í stað nefndaruppástúngunnar, yrði það rætt á einum fundi, og er það þá síður, að 1 eður 2 menn eru kosnir til þess með uppástúngumanni, að orða ávarpið, og er það síðan borið undir þíngið. Eg skal því næst skjóta því til atkvæða, hvort hætta skuli umræðunum.

Var síðan til atkvæða gengið, og samþykkt með atkvæðafjölda, að þeim skyldi hætta.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúningsumræðu lagaskólamálið.* og skal eg biðja skrifarana að afhenda skjöl málsins þingmanni Reykvíkinga, sem er *framsögumaður* málsins.

Var síðan málið afhent *framsögumanni*, sem las upp nefndarálitið svo látanda:

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að íhuga og kveða álit vort upp um bænarskrá frá 17 stúdentum og vísindamönnum í Kaupmannahöfn, þess efnis, að alþingi beri þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir konúng vorn:

1. Að 15. gr. í tilsk. 26. janúar 1821 verði úr lögum numin, að svo miklu leyti hún ákveður, að hinir dönsku júristar, sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumannaembættin eigi verði veitt neinum, er hèr eptir les að eins dönsk lög.
2. Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðingaefnum, er áður hafi lokið burtfararprófi við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þenna, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði, rómverskum lögum og íslenzkum lögum og rètti.
3. Að lögfræðíngar þeir, er tæki embættispróf í skóla þessum, og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðínga-embætta á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti.
4. Að kostnaður til skólans verði greiddur ur ríkissjóði, en fáist það ekki, að hann þá fyrst um sinn verði lagður á landið á þann hátt, er alþingi þætti bezt henta.

Vèr höfum íhugað mál þetta, og rætt það með oss, og leyfum oss nú, að kveða upp um það álit vort fyrir hinu heiðraða þingi, svo sem nú skal greina:

Þegar vèr lítum á 1. atriðið í bænarskránni, að 15. grein í tilskipun 26. janúar 1821 verði úr lögum numin, þá getum vèr eigi annað, en talið þá bæn með öllu rètta, því að aldrei verður öðruvísi álitið, en það sè einúngis neyðarúrræði, eins og stjórnin sjálf hefir játað (sjá alþingistíð. 1859 bls 75)., að skipa danska júrista, sem svo eru nefndir, í dómaraembætti, því að enda þótt vèr játum það, að margir þeir, sem lesið hafa að eins dönsk lög, og síðan fengið embætti hèr á landi, hafi verið nýtir menn, þá má þó um suma

þeirra segja, að flestir hefði óskað, að þeir aldrei hefði verið í embætti skipaðir, og ávallt verður það næsta mjög undir hælinn lagt, hvort þessir dönsku lögfræðíngar verða hæfir til embætta, þar sem engi almenn menntun er af þeim heimtuð eptir löggjöfinni; þeir geta verið, og eru einatt ómenntaðir menn, og hvernig verður þá við því buizt, að þeir geti staðið svo í dómarastöðu, að fullnægi þörfum landsmanna, þegar þeir, auk þessa, að eins lesa lítinn kafla úr dönskum lögum, en af þeim er heimtuð hvorki nokkur sem helzt þekkíng í íslenzkum lögum, nè hinum almennu grundvallarreglum lögfræðinnar, svo talið verði.

Enda þótt það sè borið fyrir, að hin júridisku embætti hèr á landi sè svo fá, að eigi þurfi kvíðboga fyrir því að hafa, að skortur verði á latínskum lögfræðíngum frá Kaupmannahafnarháskóla, þá hefir reynslan marghrakið slíka mótbáru, því að enda þótt að nú sè 3 sýslumannaembættin hèr á landi skipuð dönskum júristum, sem svo eru kallaðir, eru þó allt um það 5 sýslur (Norður-Múlasýsla-, Barðastrandar-, Stranda-, Snæfellsness- og Gullbríngusýsla) nú lausar, og 2 amtmannaembættin og málaflutníngsmannaembættin bæði við landsyfirrèttinn, eða 9 embætti alls; en aðeins 1 latínskur lögfræðíngur, sem í þau verður skipaður, og það er eigi svo mikið um, að danskir júristar sè til, til að skipa í þessi embætti, þar sem að eins eru sem stendur 2 í öllu landinu, sem eigi hafa embætti. Þetta virðist nefndinni sýna ljóslega fram á, að eigi má þetta mál lengur svo búið standa.

Nú vonum vèr til, að allir játi, hversu óhaganlegt það er, að embættin standi laus um mörg ár, og að það sè á hinn bóginn mjög illa sèð fyrir landslögum og rètti, er skipa verði ólærða bændar, sem aldrei hafa verið til mennta settir, í embættin; og hverja á aðra í þau að setja, þegar engi löglærður maður er til? Og þótt stjórnin segði 1859, að svo margir (20) læsi þá lögfræði við háskólann, þá hefir reynslan sýnt, að slíkar mótbárur móti lagaskólanum eru lítils virði, þar sem þó síðan að eins 1 hefir tekið embættispróf þar, og mjög óvíst, hvernig það muni ganga framvegis, og vèr efumst um, að af þeim 8, sem nú lesa lög við háskólann, taki fleiri embættispróf næsta ár, en svo sem 2, eða í mesta lagi 3. Það liggur því í augum uppi, að hèr horfir til hinna mestu vandræða, ef engra bragða er leitað, engu síður með lögfræðíngaefnin en læknaefnin; en vèr getum eigi sèð, hvernig stjórn-

in getur talið það samboðið skyldu sinni, gagnvart landsmönnum, að sjá þeim eigi betur borgið með hæfa embættismenn en svona.

Þar sem þeirri ástæðunni gegn lagaskólanum er beitt, að kennslan verði hèr einstrengíngslegri, en við háskólann í Kaupmannahöfn, þá hefir sú mótbáran verið nógsamlega hrakin áður, og skulum vèr því vera fáorðir um það atriði, því að vèr getum alls enga ástæða sèð til þessa. Það er svo sem auðvitað, að þeir, sem kenndi í lagaskóla hèr á landi, yrði, að minnsta kosti fyrst um sinn þeir einu, sem lög hefði lesið við háskólann í Kaupmannahöfn, og ef þeir yrði einstrengíngslegir í skoðun sinni og kennslu í lögunum, þá yrði það að vera komið af því, að kennslan við háskólann væri einstrengíngsleg, sem vèr reyndar alls eigi neitum, og Danir sjálfir finna til og viðurkenna nú um stundir, og sú gæti þó verið hin eina ástæða til einstrengíngsskapar þeirra. Þegar litið er til þess, sem beðið hefir verið um, að kennt yrði í skóla þessum heimspekileg lögfræði, rómversk lög og íslenzk lög og rèttur, getum vèr nefndarmenn eigi betur skilið, en að sýslumannaefnum sè nógsamlega sèð fyrir almennri lagamenntun með þessu, mönnum, sem áður hafa aflað sèr hinnar almennu menntunar, sem hverjum embættismanni er nauðsynleg; hinu verður heldur aldrei neitað, að með kennslu hèr á landi, lagaðri eptir lögum og ástæðum landsins, er ólíkt betur sèð fyrir hinni sèrstaklegu lagaþekkíngu, sem embættismaðurinn þarf við hèr á landi, heldur en nú er við háskólann í Kaupmannahöfn, þar sem lítið sem ekkert tillit er haft til þeirra laganna, sem gilda að eins hèr á landi, og því síður til ýmsrar landsvenju. Vèr getum eigi talið það neina meðmælíngu með íslenzkum embættismanni, þótt hann þekki ýms dönsk lagaboð, sem ekkert gildi hafa hèr á landi; og því lengur sem alþíngi stendur, því ólíkari verður löggjöfin í Danmörku og hèr á landi, og því meiri nauðsyn ber til, að afla embættismannaefnum þessa lands sèrstaklegrar þekkíngar á löggjöf landsins, sem menn aldrei geta fengið við háskólann í Kaupmannahöfn, svo að enda þótt færri kynni að sigla framvegis, en híngað til, í því skyni, að lesa lög við háskólann í Kaupmannahöfn, sem vèr þó verðum að telja mjög óvíst, verðum vèr að telja skaðann næsta lítinn, þvert á móti til góðs eins, því að það er kunnugra, en frá þurfi að segja, að margur hver verður að hætta við nám sitt við háskólann sökum peníngaskorts, enda liggur það í augum uppi, að það er eigi fyrir fátæka menn að kosta sig í Kaupmannahöfn í 7—8 ár, og heldur eigi

fýsilegt fyrir Íslendínga, eptir því sem lögfræðiskennslunni er þar nú hagað. Aptur á móti gæti þeir með haganlegu fyrirkomulagi á kennslunni lokið sèr hèr af á svo sem 3 árum, og, ef til vill, á eptir orðið eins hæfir til embætta hèr á landi, og *kandídatar* frá háskólanum.

Þegar ræða skal um kostnaðinn, hefir stjórnin reyndar ímyndað sèr, að hann mundi verða meiri, en alþíngi hefir ætlazt á um, en þó eigi með einu orði sýnt fram á, í hversu áætlun þíngsins væri of lítil, eða hversu miklu það mundi nema, enda fær nefndin eigi sèð, að 2,500 rd. mundi eigi nægja, að minnsta kosti fyrst um sinn, til árlegra útgjalda skólans. En þegar stjórnin hefir talið það sem ástæð ufyrir synjun sinni um lagaskólann, að alþíngi hafi eigi vísað á neitt fè til stofnunar hans, þá verðum vèr að geta þess, að oss virðist eigi auðið, að vísa á neitt fè nema ríkissjóðinn, svo lengi sem fjárhagur Íslands og Danmerkur er eigi aðskilinn, og Íslendíngar eigi hafa neinn rètt til, að ráða sköttum sínum og skyldum; þá fyrst, þegar alþíngi hefir fengið skattálögurètt, virðist oss, að spurníng geti verið um fyrir alþíngi, að vísa á fè til þessarar stofnunar. Oss virðist því sjálfsagt, að stjórnin sè skyld til, að leggja fè til úr ríkissjóðnum til þessa fyrirtækis, að minnsta kosti þangað til alþíngi fær skattálögurètt, og það þannig getur sjálft sèð borgið stofnunum þeim, sem það vill reisa og nauðsynlegar eru þessu landi.

Eptir því sem áður er frá skýrt, hvernig ástatt er um lögfræðíngaefnin hèr á landi, virðist oss auðsætt, að það þoli enga bið, að reynt sè að bæta úr þeim skorti á lögfræðíngum, sem nú er, og ef svo ólíklega skyldi fara, að stjórnin enn eigi vildi heyra bæn alþíngis um stofnun lagaskólans, þrátt fyrir hina brýnu og bráðu nauðsyn, sem á honum er, hefir oss nefndarmönnum þótt rèttast, að leita annara ráða í, til að bæta úr lögfræðíngaskortinum, og hefir oss þá virzt rèttast, að mönnum væri gefinn kostur á, að ganga undir próf í lögum hèr á landi, þannig, að landsyfirrèttardómendurnir væri skyldaðir til, að reyna þá, sem þess æskti, og skyldi stiptamtmaður vera viðstaddur það próf; próf þetta skyldi lagað líkt því, sem prófið er fyrir danska jurista við háskólann í Kaupmannahöfn, þó svo, að það væri í íslenzkum lögum. En hitt er auðvitað, að þeir verða sjálfir að útvega sèr kennslu á sinn kostnað; eins virðist það sjálfsagt, að annaðhvort ætti þessir menn, ef þeir ætti að geta fengið embætti, að vera skólagengnir, eða þá að sanna það, að þeir hefði aflað sèr almennrar menntunar, með því að ganga undir próf í skólanum, líkt og »aðgönguprófið« er við

háskólann í Kaupmannahöfn fyrir danska júrista. Þessir menn virðist oss ætti að hafa sama rètt til embætta hèr á landi, og danskir júristar hafa, eptir tilsk. 26. jan. 1821.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, viljum vèr ráða hinu heiðraða alþingi til, að rita konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá um:

1. Að 15. gr. í tilskipun 26. janúar 1821 verði úr lögum numin, að svo miklu leyti hún ákveður, að hinir dönsku júristar, sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumannaembættin eigi verði veitt neinum, sem hèr eptir les að eins dönsk lög.
2. Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngaefnum, er áður hafi tekið burtfararpróf við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þennan, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði, rómverskum rètti og íslenzkum lögum og rètti.
3. Að lögfræðíngar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðíngaembætta á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti.
4. Að kostnaðurinn til skóla þessa mætti, að minnsta kosti fyrst um sinn, uns alþingi fær skattalögurètt, verða greiddur úr ríkissjóðnum.
5. (Til vara): Að mönnum gæfist kostur á, að ganga undir opinbert próf í íslenzkum lögum hjá landsyfirrèttardómendunum í Reykjavík; sè próf þetta lagað líkt því, sem danskir júristar ganga undir við háskólann í Kaupmannahöfn; skulu þeir áður sanna með prófi, er þeir ganga undir, að þeir hafi fengið þá almennu menntun, sem nauðsynleg er talin fyrir hvern embættismann, og skulu þeir hafa sama rètt til embætta hèr á landi, og danskir júristar hafa eptir gildandi lögum.

Reykjavík, 11. d. ágústm. 1861.

Benedikt Sveinsson. *Halldór Kr. Friðriksson,* formaður og framsögumaður. *Jón Pètursson.*

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Málið hefir verið svo opt rætt hèr á þínginu, og eg álít það óþarfa fyrir mig, að fara að skýra það fyrir þínginu, því að það er því fullljóst, og hefir ávallt veitt því svo góðar viðtökur. Eg vona og, að nefndarálit

þetta sè fullljóst, og það jafnvel svo, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki verði nú fastari á hinni gömlu skoðun sinni, en eg var á Seyðisfirðinum; eg vona, að hann mæli fram með því kröptuglega, og ef hann gjörir það, þá er málinu borgið. Það er eitt nýtt atriði núna, og það er það, sem er undir tölul. 5. Nefndinni fannst, að ef haldið væri hugmyndinni um danska júrista, þá ætti þekkingin að minnsta kosti að miðast við íslenzk lög, og þau yrði hægra að nema hèr á landi, og þeir, sem lærði hèr, yrði betri sýslumenn, en *danskir júristar*. Nú kynni einhver að spyrja: hvernig tilsögninni ætti að vera háttað? hvernig hún ætti að fást? en þá svara eg því, að hún yrði eins og fyrir *dönskum júristum* í Kaupmannahöfn; þeir verða að kosta sig að öllu sjálfir, og sjá sèr fyrir tilsögn. Eg er og saunfærður um, að landsyfirrèttirinn mundi fús til að veita þessum mönnum tilsögn. Eg skal nú ekki tala meira að sinni; eg vona, að umræðurnar verði stuttar, og þingið gefi málinu kröptugar meðmælingar.

Konúngsfulltrúi: Eg er, því miður, hræddur um, að eg geti ekki uppfyllt þær góðu vonir, sem hinn háttvirti *framsögumaður* lèt í ljósi, mèr til handa, í þessu máli, og eg lèt það í ljósi við inngangsumræðuna í málinu, og mèr hefir ekki snúizt hugur við nefndarálitið, þó eg játi það sè eins og við mátti búast rækilega úr garði gjört. Eg álít enn, að lagaskóli hèr á landi, stofnaður eptir þeim grundvallarreglum, sem nefndin hefir gjört ráð fyrir, mundi leiða til apturfarar í lagaþekkingu hèr á landi, þegar einúngis á að kenna þar íslenzk lög, en útiloka alla tilsögn eða kennslu í dönskum lögum, sem eg ekki get skilið, að íslenzkir embættismenn geti án verið, eða eigi að vera án, enda þótt þeir ekki beinlínis þurfi að fylgja þeim lögum *in praxi*. Eg sè heldur ekki, hvernig menn, eins og nú hagar til, geta vænzt eptir, að fá skólagengna menn til að ganga í þennan skóla, því þeir eru ekki til, og fyrirheitið, sem þeir hafa, það nefnilega, að geta tekið hèr sýslumannaembætti með sama rètti og danskir júristar, sumsè í viðlögum, þegar engir latínskir júristar eru til, sem sæki um embættin, er, að mínu áliti, ekki uppörfandi fyrir hlutaðeigendur. Danskir júristar, sem hèr hafa verið og eru embættismenn, hafa margir reynzt vel, og verið uppbyggilegir og duglegir embættismenn; þetta er alkunnugt, og það er þó á embættisdugnaðinn að einkum ber að líta. *Framsögumaður* gjörir mjög lítið úr kennslunni í lögum við háskólann í Kaupmannahöfn, og fullyrðir, að þeir, sem lesi

dönsk lög, geti alls ekki haft nokkur not af fyrirlestrum *prófessóranna,* enda sè þeir ekki þeim ætlaðir; eg verð að mótmæla þessu yfir höfuð að tala. Undirbúningspróf það, sem dönsk júristaefni eiga að taka, er fyrirskipað einmitt í þeirri veru, að vissa sè fyrir því, að hlutaðeigendur hafi fengið þá almennu menntun, sem útheimtist til þess, að þeir geti haft full not af fyrirlestrum prófessóranna; en það er annað mál, þó danskir júristar ekki noti þessa fyrirlestra, en láti *manudúcera* sig dags daglega rètt eins og skóladrengi af einhverjum einstökum lagamanni, þangað til þeir eru orðnir svo vel að sèr, að þeir geti gengið undir embættispróf; en háskólanum verður ekki gefin sök á þessu, heldur er það einúngis hlutaðeigendum sjálfum að kenna. En eg skal ekki eyða fleirum orðum út af þessu máli, því eg sè það fyrir, að það yrði óþarfaorð, þar sem þetta mál hefir haft, síðan það fyrst kom inn á þíng, bezta byr hjá öllum þíngmönnum, og svo mun og verða í þetta skipti.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að áskilja mèr breytíngaratkvæði; það er ekki efnisbreytíng, heldur hugsunarbreytíng, það er að skilja: að tölul. 1. verði á eptir 4. tölulið, því þegar búið er að fá lagaskólann, þá er fyrst tími til að biðja um það, sem tekið er fram í 1. tölulið, en það er ekkert í það varið út af fyrir sig, enda ætla eg bezt, að það standi, meðan ekki er næg lagakennsla; mèr sýnist það þá betur koma heim við 5. tölul.; þar er sagt, að þeir, er gangi undir þetta próf skuli hafa sömu skyldur og þá sama rètt, og hinir svo nefndu »*dönsku*« júristar. Ef tölul. 5. fær framgang, en 1. fellur, þá er ekki náð því, sem 1. tölul. bindst við. Eg álít, að tölul. 2. sè mjög fögur hugsjón, en eg held að hún sè gagnslaus, af því eg er hræddur um, að stjórnin aldrei fallist á hann, og því vænna þykir mèr um 5. tölulið, því eg held stjórnin geti ekki neitað því, sem þar er beðið um, og vil eg því kröptuglega gefa honum atkvæði mitt.

Framsögumaður: Það er nú óþarfi fyrir mig að svara hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* því ef nefndin ekki hefir komið með neinar nýjar ástæður fyrir skólanum, þá hefir hann ekki komið með neinar mótbárur móti honum, enda er ekki þörf á nýjum ástæðum, meðan hinar gömlu eru óhraktar. Eg hefi verið flutníngsmaður að þessu máli á 2 þíngum áður, en hefi aldrei getað sèð, að ástæðurnar með lagaskólanum hafi verið hraktar.

Hann sagði, að það mundi ekki verða fýsilegt fyrir menn, að

fara að lesa þessi lög heima, ef þeir ekki hefði annan rètt en *danskir júristar.* Eg skal nú gefa þetta eptir; en ef það er ekki fýsilegt, að lesa lögin hèr á landi, þá er víst ekki fýsilegra að lesa þau í Kaupmannahöfn, úr því þeir ekki verða nema *viðlagamenn* fyrir það. En hann hefir víst gleymt því, að á síðustu árum hafa þó *danskir júristar* fengið embætti fyrir *latínskum júristum,* og rèttur þeirra því eigi verið neinn viðlagarèttur. Að því er það snertir, að *danskir júristar* geti gengið á fyrirlestra á háskólanum, eins og hann sagði, þá þori eg að fullyrða, að fyrir þá eru engir sèrstakir fyrirlestrar haldnir, en hitt er annað mál, að þeir kunna að geta haft not af fyrirlestrum þeim sumum, er haldnir eru handa *latínskum júristum.* Þeir verða á sinn kostnað að afla sèr þeirrar menntunar, er þeir þurfa, til þess að geta gengið undir hið svokallaða *aðgangspróf.* Skipti þau, er þingmaður Borgfirðinga tók fram, sýnast mèr ekki gjöra neitt til, en eg get ekki álitið, að bænin sè til einskis, og að stjórnin muni ekki stofna hèr lagaskóla, þegar menn vantar í svo mörg embætti, og ekki er nema 1 latínskur júristi til og 2 *viðlagamenn,* er hún geti skipað í embættin; eg ber það traust til hennar, að hún um síðir muni láta undan nauðsyninni og stofna skólann á *sinn kostnað,* að minnsta kosti þangað til alþingi getur vísað á annað fè til hans; en nú sem stendur getur það það ekki, meðan það hefir engan fjárlagarètt. Eg get ekki ímyndað mèr, að stjórninni finnist það samboðið sèr, að greiða ekkert úr þessum vandræðum.

Sveinn Skúlason: Eg hefði kunnað betur við, að 1. töluliður hefði verið 4. töluliður, og að tilskipun 26. janúar 1821 1. grein skyldi þá fyrst úr lögum numin, er lagaskólinn væri kominn á. Eg vil leyfa mèr, að spyrja *framsögumann* að því, hvað meint er með því, að »*próf þetta sè lagað líkt því, sem danskir júristar ganga undir við háskólann í Kaupmannahöfn*«. Eg áskil mèr við það breytíngaratkvæði, því eg held því ætti að vera öðruvísi hagað hèr en í Danmörku.

Framsögumaður: Tilætlunin er sú, að prófið eigi að vera í líkum vísindagreinum, að því leyti það getur átt hèr við, og eins bending um, hvernig prófinu skyldi haga.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að svara hinum heiðraða *framsögumanni* fáeinum orðum út af ræðu hans; hann sagði að eg hefði engar ástæður fært móti skólanum eða stofnun hans, og hann hefði hingað til engar slíkar heyrt eða sèð. Hinn heiðraði

þingmaður man þó víst eptir ástæðum stjórnarinnar, því þær komu til þingsins eyrna, og stjórnin hefir víst ekki síðan breytt skoðun sinni á málinu, fyrst engar nýjar ástæður eru síðan komnar fram hinum megin, og þær eru ekki komnar að minni vitund. Hið upplesna nefndarálit er byggt á sömu ástæðum og að undanförnu, búníngurinn er einúngis nýr, og það atriði er líka nýtt í málinu, að hèr skal stofna heimaskóla fyrir tilsögn í lögum; en eru nokkur líkindi til, að þessi kennsla geti komizt hèr á með því fyrirheiti, sem henni fylgir, eptir uppástúngu nefndarinnar?

Hinn heiðraði *framsögumaður* talaði um og fann að því, að danskir júristar hefði stundum gengið hèr fyrir latínskum; þetta er satt; en það hefir þá legið í því, að þeir hafa verið orðnir reyndir að embættisdugnaði, og danskir júristar, eldri en frá 1821, höfðu líka *in praxi* mjög svo sama rètt til embætta og latínskir júristar.

Eg skal taka það upp aptur, að eg verð að álíta það nauðsynlegt fyrir íslenzka embættismenn, að þekkja dönsk lög og rètt; en þetta ferst augsýnilega fyrir, úr því hèr er kominn upp lagaskóli, ef hann yrði, sem líklegt er, stofnaður eptir nefndarinnar grundvallarreglum. Eg kalla nú þetta apturför, en í þeirri skoðun mun eg nú fara einförum, eins og eg hefi farið það híngað til. Eg skal svo ekki fjölyrða um málið, en einúngið leyfa mèr að láta þá skoðun mína í ljósi, að eg verð að álíta, að vèr, svo lítil þjóð, eigum ekki að leitast við að draga oss út úr því vísindalega sambandi, sem vèr höfum híngað til staðið í við Kaupmannahafnarháskóla, og una heldur við það litla, sem vèr getum veitt oss sjálfir; eg álít, að vèr eigum þvert á móti að læra af öðrum allt það, sem oss megi að gagni koma, og það er fullsannað af reynslunni, sem mælt er, að þó »hollt sè heima hvað«, sè líka sannmæli, að »heimskt sè heima alið barn«.

Ásgeir Einarsson: Mèr fer nú líkt og kerlíngunni, sem sagði: »Nú verð eg að tala, því nú *get* eg ekki þagað lengur«; nei! eg get ekki þagað lengur, því ræða hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* gekk gegnum merg og bein á mèr, og eg vil vona hverjum Íslendíng«. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, sem er lagamaður og Íslendíngur, kallar það apturför, að við Íslendíngar fáum tækifæri til, að kynnaokkur íslenzk lög, kynna okkur þau lög, sem mestu vísindamenn enn í dag álíta einhver hin beztu lög; hann sagði þetta, því honum gat víst ekki dottið í hug, að loku væri skotið fyrir það, að hèr einnig yrði kennd og lærð dönsku lögin hans. Þegar þínginu er boðið annað eins og

þetta úr hásætinu, sem hann situr í, og það af »Íslendíng«, þá vona eg öllum þyki vorkun, þó menn fari að halda, að eitthvað sé *gruggugt á botninum*, annaðhvort *í málinu* sjálfu *eður í* sannfæríngu mannsins. Eg verð að lýsa því yfir, að eg er nefndinni alveg samdóma, nema hvað eg má ske ekkert hefi á móti, að niðurlagsatriðunum væri öðruvísi niðurraðað, því varla mun stjórnin hlaupa af sèr hornin í þessu máli. Það er auðvitað, að eg er með tölulið 5, varauppástúngu nefndarinnar, því þetta er sama stefnan og tekin var í læknamálinu; en mig furðar á því, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skuli ekki vera hrifinn af henni, því í læknamálinu sagði hann, að þetta væri einasta stefnan, sem þíngið gæti fylgt, og þó við að vísu sèum í fári út af læknisleysi, ætti fáum betur en honum að vera það kunnugt, í hvaða vandræðum við erum með »*júrista*«. Honum þótti það líka að nefndinni, að ekki væri þeim, sem þannig lærði, ætlaður meiri rèttur, en dönskum »*júristum*«, sem hann sagði einúngis hefði rètt til embætta í »viðlögum«; en eg held ekki þurfi langt að fara, til að finna dæmi upp á, að þeir hafi gengið fyrir »latínskum júristum til embætta«, enda er slíkt í eðli sínu, ef maðurinn er duglegur. Af hverju getur annars menntun vorri nú verið komið svona? hún var þó í blóma hèr á fyrri dögum, meðan kennt var í landinu sjálfu í klaustrum og kotum, að eg orði það svo; af hverju er hún nú svona úr sèr gengin, nema af því, að nú er hætt að kenna í landinu sjálfu? Eg skal leyfa mèr enn að hreifa 1. atriði, og það er það, sem gjörði mig daufan á seinasta þíngi, til að fylgja þessu máli; en það var það, að þá var eins og engi skeytti um lærða skólann, sem þó er undirrótin til allra hinna; en nú er öðru máli að gegna; nú er þjóðin búin að sýna áhuga sinn í því máli, og eg er vongóður um það.

Eg vona allir sjái af því, sem eg nú hefi sagt, hvernig eg ætla að gefa atkvæði mitt í þessu máli; eg vildi óska þess, að nefndin fengi framgang, og væri það má ske betra að sleppa úr orðinu »*skóli*«, ef það kynni að vera satt, sem sumir þíngmenn hafa hreift, að stjórninni væri miðlúngi vel við það orð.

Konúngsfulltrúi: Fulltrúi Strandasýslu hefir algjörlega misskilið orð mín. Eg sagði einúngis, að eg álíti það apturför, ef allri kennslu og allri þekkíngu á dönskum lögum yrði útrýmt hèr í landi, en það er allt annað, en hann leggur mèr í munn, því hann lætur mig hafa sagt, að eg vildi enga kennslu eða þekkíngu

í íslenzkum lögum, heldur einúngis í dönskum; en þetta er að snúa orðum mínum um, og átti eg sízt á þessu von af þessum þíngmanni, sem vanur er að fylgja umræðunum með miklu athygli; hann talaði margt um ágæti hinna íslenzku laga, og sagði, að þau væri kennd og lögð til grundvallar við háskólana í ýmsum löndum. Eg skal nú ekkert hafa á móti þessum orðum hans, að því leyti snertir hið fyrra atriðið; þessi lög voru og eru vissulega merkileg og ágæt, þegar höfð er hliðsjón af þeirri tíð, sem þau urðu til; en það ræður að líkindum, að þau eigi ekki við vorn tíma. Þau eru nú einúngis lærdómsrík að efninu til, sem vottur um lagamenntun Íslendínga á þeim tíma, eins og líka þessi lög vor í réttarsögulegu tilliti ætíð munu verða þýðíngarmikil.

Pètur Pètursson: Eg hefði kunnað bezt við, að töluliður 5. hefði staðið fyrst sem aðaluppástúnga, því mèr finnst það hið tiltækilegasta. Mèr er ekki ljóst, hvað nefndin hefir meint með »íslenzkum lögum«, hvort það eru nú gildandi lög á Íslandi, eða hin fornu íslenzku lög eða öll lög, sem rituð hafa verið á íslenzku, og það væri víst ofætlun fyrir menn, að lesa þau áður þeir gengi undir prófið. Eg er á sama máli og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi,* að það muni vera lítil upphvatníng fyrir menn, að lesa lög, ef þeir ekki fái meiri rètt til embætta, á eptir, en hinir dönsku júristar hafa. Það yrði að vera til fyrirlestrar, því annars væri ógjörniugur og óvinnanda verk fyrir þessa menn, að telja lögin saman í system.

Eg halla mèr að uppástúngunni tölul. 5, því eg held, að hitt fáist aldrei, þegar beðið er um fèð úr ríkissjóði, fyrst það ekki fèkkst, að það væri lagt á landið, eins og beðið var um 1859 til vara.

Gísli Brynjúlfsson: Eg segi eins og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður, að mèr geðjast svo vel að varauppástúngu nefndarinnar, að eg hefði gjarnan viljað óska, að hún hefði verið aðaluppástúngan, því eg hefi mikla von um að þetta fáist, og muni nægja fyrir það fyrsta. Líka verð eg að fallast á það, að 1. gr. verði flutt aptur fyrir, eg vil ei að eins segja 4. grein, heldur jafnvel aptur fyrir varauppástúnguna, því eg treysti landsyfirrèttinum svo vel, þar sem hann nú og á að koma eins og í stað lögsögumanns fyrir allt landið, að danskra júrista þurfi ei fremur með, eptir að hann hefir fengið rètt til að prófa menn í íslenzkum lögum, heldur en þegar fullkomin lagaskóli er fenginn hèr í landi,

og í þessa stefnu vil eg taka mèr breytíngaratkvæði. Mèr finnst það yfir höfuð eiga illa við, að setja þá bón fyrst, að danskir júristar verði afteknar, því það á að eins að vera afleiðíng af, að þeirra þurfi nú ei framar við, og þeir hafa þess utan mjög opt reynzt svo vel hèr á landi, að menn hafa litla ástæðu til, að hafa nokkuð á móti þeim í sjálfu sèr. En orsökin er líka sú, að danskir júristar á Íslandi hafa optast verið *stúdentar*, sem áður höfðu fengið almenna skólamenutan; og er ei sami siður nú um danska júrista í Danmörk sjálfri? eg álít það yfir höfuð nauðsyn, að embættismannaefni hafi áður fengið almenna skólamenntun, því þá gjörir sjálf embættiskennslan minna til — en þess vegna vildi eg og, að landsyfirrètturinn að eins skyldi prófa menn í lögum til embætta, ef þeir áður eru skólagengnir, og í þá stefnu ætla eg enn að taka mèr breytíngaratkvæði.

Jón Pètursson: Eg er hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* samdóma í því, að stjórnin muni vera á móti því, að lagaskólinn verði stofnaður, og það megi bíða þangað til landið getur kostað hann sjálft; en þetta er brýn nauðsyn, og rètt að bera fram þessa bæn, þar eð embættin standa laus. Það var einúngis eitt í ræðu hans, sem eg ekki gat fellt mig við, nefnil. að það væri apturför, ef kenusla þessi kæmist á, því eg held það væri einmitt til mestu framfara. Þeir, sem lesa lög, sem gilda annarstaðar, hafa þess lítil not, þegar þeir eiga að gegna embættum hèr. Eg skil ekki heldur, að kennslan í íslenzkum lögum útiloki þekkíngu á öllum dönskum lögum, því það eru mörg dönsk lagaboð, sem hèr á landi gilda; og menn verða að þekkja ekki einúngis hin gildandi lög, heldur og þau lög, sem standa í sambandi við hin gildandi. Auk þessa er það ætíð fróðlegt að vita, hver lög gilda í líkum tilfellum annarstaðar, en það er vissulega óeðlilegt, að vita ekki um leið, hver lög gilda fyrir tilfellin hjá sjálfum sèr. Hinum 3. konúngkjörna þíngmanni var ekki ljóst, hvað meint væri með íslenzkum lögum; en það eru þau lög, er gilda hèr á landi, og ef maður vill fara lengra, þá líka þau lög, sem hèr hafa gilt.

Forseti: Það hafa 13 þíngmenn beðið um, að umræðunum skyldi lokið, og vil eg því biðja þíngmenn koma fram með þau breytíngaratkvæði, er þeir kynni vilja áskilja sèr.

Sveinn Skúlason: Eg áskil mèr rètt til að bera mig saman við nefndina með breytíngaratkvæði mitt.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir það undarlegt, að menn skuli ekki

fá að láta í ljósi meiningu sína, heldur skuli vera verið að hlaupa með seðla um salinn, og eg vil óska, að þessi seðla draugagangur verði af tekinn; en menn heldur stytti fyrir með því, að hafa ræður sínar stuttar og gagnorðar.

Benedikt Sveinsson: Eg var líka búinn að biðja um orðið, og eg held, að hver þingmaður hafi fullan rètt til, að ræða mál við undirbúningsumræðu, eins og þeir vilja; en til að laga mig eptir tímanum, skal eg ekki vera fastur á rètti mínum. Eg fellst á það, er þingmaður Skagfirðinga tók fram, um 5. tölulið; og mèr þætti gott, ef kennslugreinirnar væri teknar fram.

Indriði Gíslason: Eg vil áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að í staðinn fyrir »*lagaskóli í Reykjavík*« verði sett »*lagaskóli hèr á landi*«. Eg skal við ályktarumræðuna tala fyrir þessu breytíngaratkvæði, til þess ekki að lengja þíngræðurnar núna.

Páll Melsteð: Eg vil áskilja mèr viðaukaatkvæði við 2. tölulið, að á eptir orðin »við lærðan skóla« komi inn í: »og þeir, sem eru útskrifaðir úr heimaskólum«, í von um, að heimakennslan komist á. Eg vil bera mig saman við þingmann Skagfirðinga, um breytíngu á 5. tölulið, því mèr líkar ekki, hvernig hann er hèr orðaður.

Benedikt Þórðarson: Eg vil og áskilja mèr breytíngaratkvæði við varauppástúngu nefndarinnar, og sameina mig þar um við þíngmann Snæfellínga; eg vil að bent sè á, hjá hverjum líkast er, að kennslan fáist, og það eru yfirrèttardómendurnir.

Jón Hjaltalín: Það er víst ekki til neins, að senda stjórninni þetta mál, því fyrst hún hefir ekki sannfærzt enn, mun hún ekki sannfærast betur, þegar mönnum er bannað, að sannfæra hana með ástæðum sínum.

Forseti: Eg skal þá leyfa mèr að bera undir atkvæði þíngmanna, hvort umræðunni skuli lokið.

Var síðan til atkvæða gengið, og samþykkt með 13 atkvæðum gegn 7, að hætta skyldi umræðunum.

Forseti skoraði á þíngmenn, er áskilið hefði sèr breytíngaratkvæði, að koma þeim til sín, ekki seinna en kl. 5 e. m. í dag.

Síðan gat *forseti* máls til næsta fundar, er hann ákvað í kveld kl. $6\frac{1}{2}$.

Fundi slitið.

Fertugasti og fjórði fundur – 14. ágúst.

(Kveldfundur).

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúningsumræðu konúnglegt frumvarp til tilskipunar um lausamenn og húsmenn* á Íslandi, og skal eg biðja skrifarana að afhenda skjöl málsins *framsögumanni,* þingmanni Snæfellinga. Var síðan málið afhent og upp lesið nefndarálitið svo hljóðanda:

Alþingi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til þess að íhuga og segja álit vort um málefni þetta.

Vèr hljótum að geta þess hèr, að einn af samverkamönnum vorum í nefndinni, sem í öndverðu var í hana kvaddur, þingmaður Húnvetninga, varð veikur, þegar leið á þing og fatlaðist frá störfum, og varð loks að fara af þingi; varð því að kjósa annan í stað hans, hinn 4. konúngkjörna þingmann; allt þetta tafði mjög fyrir verkum, eins og gefur að skilja, og fyrir því kemur nú málið seinna til þings, en ella mundi hafa orðið.

Á fundum vorum höfum vèr rætt mál þetta svo vandlega, sem föng voru til, og leyfum vèr oss nú, að leggja álit vort undir aðgjörðir hins heiðraða þings.

Nefndin gat eigi alveg orðið á einu máli, um lagasetníngu þá, er hèr ræðir um, enda hefir hún gengið í tvær sveitir; er þá hèr að ræða:

I. Um lausamenn.

Leyfir nú *meiri hlutinn* (*Benedikt Sveinsson, Guðmundur Brandsson* og *Páll Melsteð*) sèr, að gjöra grein fyrir áliti sínu, og færa ástæður fyrir skoðun sinni þar að lútandi, sem hèr segir:

Það getur ekki dulizt fyrir neinum, sem nokkuð þekkir, í hvert óefni komið er með alla hús- og bústjórn þessa lands; sjálfræðið eykst ár frá ári; allir vilja ráða sèr sjálfir, en ekki vera öðrum háðir; þetta ástand leiðir beinlínis til þess, að eyðileggja bændastèttina. Meiri hlutanum var því, eins og reyndar nefndinni allri, einkar annt um það, að hlynna svo að bændastèttinni, sem er máttarstólpi landsmanna, að henni væri að borgnara, eptir en áður, án þess þó að kosti og kjörum hvers einstaks manns yrði svo þröngvað, að hann yrði fyrir tilfinnanlegu ófrelsi. þegar nú ástand þessa lands er haft fyrir augum, eins og það er í raun rèttri, og

allir hljóta að viðurkenna, að hèr er engi skýr eða skarpur mismunur á milli stèttanna, eins og á sèr stað í öðrum löndum, heldur hitt, að hagur og kjör og allt búskaparháttalag bænda og embættismanna og kaupstaðarbúa má heita eitt og hið sama, að embættismanna börnin verða einatt bændur, og bænda börnin embættismenn, þá virðist meiri hlutanum það liggja beint fyrir, að lögmálið gangi eitt og óbrotið, og jafnt yfir alla, þannig, að skyldan til að ganga í vist hvíli jafnt á öllum, sè almenn, einúngis með sèrstakri undantekníngu, er fylgi vissri lífsstöðu og vissum tilfellum; en sè hin almenna lagaregla brotin, þá varði það vissri hæfilegri sekt, er ekki innihaldi neina vanvirðandi hegníng, heldur að eins hæfilegt og nægilegt aðhald fyrir menn, til að brjóta ekki lögin. Af þessari skoðun meiri hlutans á málinu leiðir það beinlínis, að hann getur ekki fallizt á þá undantekníngu frá hinni almennu vistarskyldu, sem leyfisbrèfin veita, því sè þau leidd í lög, þá er bæði, að með þeim kemur ný og óþekkt hugmynd inn í landið, og hún er þannig, að hún hlýtur að draga allt afl úr hinni almennu lagareglu (hinni almennu vistarskyldu), svo undantekníngin upphefur regluna að miklu leyti, og þegar að gætt er, þá er hún þeim anmarka bundin, að allir hinir efnaðri menn losast undan lagareglunni, og lögmálið lendir einúngis á hinum fátæku, sem ekki geta keypt sig undan því. En meiri hlutinn getur með engu móti samrýmt þá hugsun við hin ómótmælanlegu sannindi, er tala til þjóðanna þessum orðum: »*lögin eiga að ganga jafnt yfir alla*«.

Með því að halda sèr fast við þessa sönnu og rèttlátu grundvallarreglu virðist meiri hlutanum, að sá kafli laganna, sem hèr ræðir um, geti orðið skýr og einfaldur og óbrotin; og eigi verður því móti mælt, að þegar setja á lög á Íslandi, hvar allt er einfalt og óbrotið, þá er það einn aðalkostur á lögunum, að þau sè einföld og óbrotin, þá fyrst og því að eins má búast við, að þau komist fljótt og fast inn í meðvitund þjóðarinnar, og að þau verði lifandi og leiðbeinandi afl í landinu, en ekki dauður bókstafur og arðlaus eign meðal manna.

Samkvæmt þessari skoðun á málinu hefir meiri hlutinn breytt stjórnarfrumvarpinu í ýmsum atriðum, og samið þar um sèrstakar frumvarpsgreinir; skal nú farið nokkrum orðum um hverja þeirra:

Um 1. gr. Það þótti rèttara að taka hèr upp hina almennu vistarskyldu, í stað þess, að vitna til gildandi laga, er lögin virðast eiga að vera úttæmandi; er vistarskyldan látin byrja við endir hins

16. aldurs árs, til þess samkvæmni sè milli þessa lagaboðs og hjúalaganna, enda standa þau í nánu sambandi hvort við annað.

Um 2. gr. Hèr eru tilgreindar undantekníngar frá hinni almennu vistarskyldu, og þeir menn settir í flokka, sem vegna sèrlegrar stöðu virðast eigi að vera undanþegnir hinu almenna boði. Það virðist liggja í hlutarins eðli, að allir þeir, sem settir eru til mennta, eða til að læra einhverja þá iðn, er síðan getur veitt þeim stöðugt lífsuppeldi, sè undanþegnir hinu almenna boði, því ella væri þeim gjört námið óvinnandi og reglan niðurbryti sig sjálfa. Sama virðist gilda eiga um þá, sem fullnuma eru orðnir í þeirri mennt eður því námi, þó er það skilyrði við bætt, að þeir hafi atvinnu af sinni mennt. Þar eð nefndinni þótti nauðsynlegt, að lögin hefði eitthvert aðhald handa þeim, til að hvetja þá til dugnaðar, þegar þeir hafa af lokið sínum lærdómi, og eiga að fara að ráða sèr sjálfir. Ekkjur þessara manna hafa hèr einnig verið settar, af því það þótti ekki geta samrýmzt við mannúðleg lög, að konan ofan á dauða manns síns, og opt og tíðum atvinnumissi, skyldi þar að auki hneppast í vist, og þannig baka sèr og öðrum vandræði að óþörfu. Að því er þá snertir, er búið hafa í 15 ár, þá höfum vèr breytt orðinu bændur í »*hver sá*«, til þess að lagagreinin næði bæði yfir ekkjur og konur, sem svo lengi hefði búið. Að því, er vinnuhjúum viðvíkur, höfum vèr lengt tímann um 4 ár, af því vèr höfðum tillit til 16 ára aldursins. Loksins hlutum vèr að setja hèr einnig þá, sem eptir 6. og 7. gr. í frumvarpi okkar ekki geta fengið vist, eða ekki eru eptir þeim skyldir að ganga í vist.

Um 3. gr. Hèr eru taldar skyldur þær eður skilyrði, sem þeir menn eru við bundnir, er 2. gr. leyfir lausamennsku (að undanteknum 1. tölulið sagðrar greinar) Álítum vèr rèttara, að færa gjöld þeirra niður, eins og vèr höfum gjört, þar eð hitt mundi reynast allt of þúngar álögur, sem til eru teknar í stjórnarfrumvarpsins 6. gr., þar sem fátæklíngar mundu hvað optast eiga hèr hlut að máli.

Um 4. gr. Hún er samin samkvæmt stjórnarfrumvarpsins 10. gr., og því einu breytt, að því leyti samþýðst gat vorri stefnu, að hið minnsta sektargjald er ákveðið til 5 rd., í staðinn fyrir 10 rd.

Um 5. gr. Hún er samhljóða 13. gr. stjórnarfrumv., að því undanskildu, að sektin fyrir þann, er hylmar með lausamanni, er látin vera jafnmikil hjá báðum, og þótti þess eigi vanþörf, sökum þeirrar almennu tilhneigíngar hèr á landi til slíkrar yfirhylmíngar.

Um 6. gr. Hèr ræðir um það, sem ákveðið er í 8. gr. stjórnarfrumvarpsins, og er því að mestu leyti fylgt, að eins er greinin hèr orðfærri og því sleppt, sem frumvarpið hefir fyrirskipað um skyldur óráðins manns, að ganga í hverja þá hæfilega vinnu, sem lögreglustjóri eður hreppstjóri skipar honum.

Um 7. gr. Hinni 9. gr. stjórnarfrumv. er hèr þannig breytt, að gjörður er munur á, hvort það er á undan eða eptir jólum, að hjúið einhverra orsaka vegna losnar úr vist; þótti nefndinni nauðsynlegt, að fyrirbyggja lausamennsku um langan tíma, eður ef vist byðist, en því að eins leyfa lausamennskuna, að langt væri liðið á vistarárið, eða ef vist ekki fengist, þó leitað væri.

Um 8. gr. Það þótti nauðsynlegt, að setja beina ákvörðun um það, hvað við lægi, ef sá, sem vistarskyldan hvílir á, bryti móti 6. og 7. gr., með því að leita ekki hreppstjóra, og vera sèr ekki úti um vist, og þar eð hlutaðeigandi þannig gjörir sig sekan í lausamennsku, þá áleit nefndin rètt, að leggja jafna sekt við jöfnu broti

Um 9. gr. Hún er, að lítilli orðabreytíngu undanskilinni, samhljóða stjórnarfrumv. 12. gr. fyrri hluta, en síðari hluti þeirrar greinar hlaut að falla burtu eptir vorri stefnu.

Eptir þessum athugasemdum álítum vèr, meiri hlutinn, að lagaboðið um lausamenn ætti að orðast, sem eptirfylgjandi frumvarp sýnir.

Frumvarp meira hlutans til laga um lausamenn.

1. gr.

Skylt er hverjum þeim manni, sem er af ómagaskeiði, eður fullra 16 ára, karli sem konu, og eigi hefir heimilisforstöðu á hendi, að vera í vist, annaðhvort hjá foreldrum, forráðamönnum, eða vandalausum.

2. gr.

Við þessa skyldu eru þó lausir:

1. Þeir, sem settir eru til mennta, eður til að nema verzlun, eða einhverja þá iðn aðra, er sèrlega kunnáttu heimtar.
2. Þeir, sem fullnuma eru í þeirri mennt eður iðn, veiti hún þeim atvinnu.
3. Ekkjur þeirra manna, sem nú voru nefndir.
4. Hver sá, sem búið hefir í 15 ár, karl eður kona, og búi bregða, en hafa goldið árlega til allra stètta.

5. Þeir, sem staðið hafa í vinnuhjúastètt í 24 ár.
6. Þeir, sem eptir 6. og 7. gr. ekki geta fengið vist, eða ekki eru skyldir að ganga í vist.

3. gr.

Skyldir eru þeir, sem taldir eru í 2. gr., 2., 3., 4. og 5. tölulið hèr á undan, að greiða árleg gjöld til allra stètta samkvæmt gildandi lögum, og að auki til sveitarsjóðs, karlmaður 6 og kvennmaður 3 álnir. Svo skulu og allir lausir karlmenn taka þátt í almennum skylduverkum í sveit sinni jafnt bændum.

4. gr.

Nú verður maður sekur í heimildarlausri lausamennsku, þá skal hann sæta frá 5—30 rd. sektum, og gjaldi að auki eptir 3. gr.

Þyngja skal það jafnan lausamennskusekt, ef beitt er brögðum eða röngum fyrirburði um vistarráð, eða lausamennskubrotið er ítrekað; eða ef maður gjörir sig sekan í flakki eða betli.

5. gr.

Hver sá húsráðandi, er hylmar með ólöglegum lausamanni, skal sæta jöfnum sektum sem hann; og hýsi hann lausamann 3 nóttum lengur að nauðsynjalausu, sektist hann allt að 5 rd.

6. gr.

Nú er maður, sem skylt er að ganga í vist, eigi vistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga, þá skal hann fara til hreppstjóra þeirrar sveitar, sem hann er þá í, eður bæjarstjórnar í kaupstöðum þeim, þar sem hún er á komin, og beiðast vistar. Skal hann þá skyldur að fara í hverja þá boðlega vist, er fengizt getur, og ef fleiri bjóðast, í þá, er hann sjálfur kýs.

Nú býðst eigi vist, þá skal sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþingum, og má hann þá velja um vistir, sem nú var sagt. Nú býðst enn engi vist, og er hann þá laus við vistarskyldu til næsta hjúaskildaga, en gjaldi sem segir í 3. gr.

7. gr.

Nú losnar hjú úr vist af einhverjum orsökum, en þó fyrir jól, þá skal það skylt að fara til hlutaðeigandi hreppstjóra, og fara í þá vist, sem hann getur útvegað því, og það sjálft kýs, ef fleiri bjóðast en ein.

Nú býðst engi vist, eður losnar hjúið eptir jól, þá er það laust við vistarskyldu til næsta hjúaskildaga.

8. gr.

Sá, sem eigi leitar hreppstjóra um vist, samkvæmt 6. og 7.

gr., eður eigi gengur í þá vist, er honum býðst, sektist um ólöglega lausamennsku, sem fyr segir.

9. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að engi sá, sem skyldur er að fara í vist, skjóti sèr undan þeirri skyldu, og skulu lögreglustjórar á hverja manntalsþingi leita skýrslu um, hvort brotið hafi verið gegn þeirri reglu.

Álit minna hlutans um lausamenn.

Við minni hlutinn, *Arnljótur Ólafsson* og *Jón Pètursson*, skulum nú þessu næst leyfa okkur að segja frá áliti okkar um þessa kafla frumvarpsins.

Ekkert sýnist eðlilegra, heldur en að hverjum manni sè heimilt, að hafa ofan af fyrir sèr á hvern þann hátt, sem hann getur, án þess að gjöra öðrum mönnum mein; til þessa hafa allir jafnan rètt eptir mannlegu eðli, og þessi skoðun er hvervetna meðal siðaðra þjóða meir og meir að ryðja sèr til rúms. Við játum það fyllilega, að sá rèttur, er hverjum einstökum manni ber eptir eðli sínu, verður að líða ýmsa takmörkun í mannlegu fèlagi; en takmörkun þessi má þó aldrei vera meiri, en nauðsynleg er, og aldrei vera í því fólgin, að svipta mann rèttinum.

Við getum þannig ekki annað en álitið, að það sè að ganga mannlegu frelsi of nærri, að meina með öllu nokkrum einhleypum manni, sem búinn er að ná þeim þroska til sálar og líkama, að hann eptir lögunum sjálfur má ráða yfir fè sínu, að hafa ofan af fyrir sèr á hvern þann hátt, er hann getur, án þess að gjöra öðrum mönnum mein með því; á hinn bóginn aptur játum við, að hèr á landi, þar sem fólksfæðin er svo mikil, og ýmsir örðugleikar aðrir eru á, að útvega sèr vinnufólk, beri þó, sökum þeirra, sem hafa að sjá fyrir konu og börnum, að gjöra einhleypum mönnum nokkuð örðugt undir höfði, með að geta verið lausum, eður öðruvísi, en í vist; og út frá þessu sjónarmiði gengur auðsjáanlega frumvarp stjórnarinnar. Enn fremur álítum við, að það sè með öllu rètt, að taka svo í mál þetta, sem þar er gjört, að ganga út frá hinni hèr á landi nú gildandi löggjöf, um vistarskylduna, og að eigi tjái að herða hana með því, að þröngva nokkrum inn undir hana, sem nú er henni undan þeginn, heldur þvert á móti beri að lina hana nokkuð á þeim, er nú eru henni háðir. Við skulum nú þessu

næst snúa okkur að frumvarpsins einstöku greinum, og segja um þær álit vort.

Að 1., 2., 3., 4. og 5. grein. Við erum í öllu efninu sjálfu samdóma greinum þessum.

1. greinin hljóðar um það, að hver maður, sem er 25 ára gamall, geti móti vissu gjaldi fengið sig losaðan undan vistarskyldu þeirri, er eptir hinum núgildandi lögum liggur á honum.

2. greinin er um það, að þeir skuli vera lausir við vistarskyldu, sem hafa 5 hndr. tekjur af eigum sínum árlega; og stendur þannig ekki í neinu nákvæmu sambandi við 1. grein, heldur gjörir nýja undantekníngu frá hinni gildandi löggjöf.

3. og 4. greinin eru undantekníngar aptur frá 1. gr.; hin fyrnefnda, hvað aldurinn snertir, þar hún leyfir vissum mönnum, sem ýngri eru, en 25 ára, að vera lausum móti hinni ákveðnu borgun, og hin síðar nefnda, að því er borgunina snertir, þar hún leyfir vissum mönnum, sem orðnir eru 25 ára, að vera lausum borgunarlaust. Okkur finnst nú, að 2. greinin standi á miður réttum stað, og að sambandið milli þessara fjögra greina sé eðlilegra þannig, að fyrst sé talað um þá menn, sem lögin sjálf losa með öllu við vistarskylduna, og nefndir eru í 2. grein frumvarpsins, og síðan væri talað um það, með hverjum skilyrðum þeir, er háðir væri vistarskyldunni, gæti losað sig undan henni; en um þetta er talað í frumvarpsins 1., 3. og 4. grein. Við leyfum okkur þannig að stínga upp á því, að frumvarpsins 2. grein verði sett fyrst, eður gjörð að 1. grein; en frumvarpsins 1. grein þar á móti að 2. grein, með þeim breytíngum, er þar af leiðir.

Að 6. gr. Fyrri hluti greinar þessarar, aptur að orðunum: »*láti nokkur*«, álítum við, að falla ætti burt, því gjald það, er hèr ræðir um, yrði svo tilfinnanlegt, að fáir mundu geta sökum þess haft gott af lögum þessum. Það er og, að atvinnuskortur, eins og sá, er hèr um ræðir, er ósamkvæmur skattalögum vorum. Að öðru leyti álítum við, að það sé sjálfsagt, að lausamenn ætti að lúka öll þau gjöld til hins opinbera, sem nú að lögum liggja á þeim, eptir stöðu þeirra og tíundarbærum fjárstofni, og að því eigi þurfi að taka það hèr fram.

Að 7. gr. Þessi grein álítum við og, að falla ætti gjörsamlega burt, því oss sýnist, að hún gjöri mönnum meiri örðugleika og umsvif, en nytsemi sú getur verið, er menn geta vænt sèr af henni.

Að 8. og 9. grein. Inn í 8. grein virðist oss að taka megi með öllu ákvarðanir þær, er standa í 9. grein, á mjög stuttan máta, því það er auðsèð, að hjúi, sem af einhverri orsök verður vistlaust, verður eigi hegnt fyrir lausamennsku, þó það það árið sè vistlaust, svo eigi þarf að taka það fram sèrskilt.

Að 10. og 11. grein. Þessar greinir hljóða um hegníngar fyrir ólöglega lausamennsku, og afleiðíngar þar af; hin fyrri ákveður hegníngina fyrir þá, er borgunarlaust gæti fengið það, og er hegníngin nokkuð mismunandi. Þessar ákvarðanir virðist mætti binda saman í einni grein, og það því heldur, sem endirinn á 10. gr. hefir almenna ákvörðun, er eins virðist að eiga við 11. grein.

Eptir þessum athugasemdum álítum við, að fyrri hluti frumvarpsins, er hljóðar um lausamennina, ætti að orðast, sem hjálagt fylgiskjal sýnir.

Frumvarp minna hlutans til laga um *lausamenn.*

1. gr.

Frá skyldu þeirri, er að lögum liggur á sumum mönnum til að vera í vist, eru þeir menn undanþegnir, er hafa 5 hndr. álna eður meira í árságóða af fasteignum eður öðru fè.

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 25 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni, ef hann fær sèr leyfisbrèf hjá lögreglustjóranum. Fyrir leyfisbrèf borgar karlmaður 1 hndr., en kona ½ hndr. álna, og skal gjald þetta greitt í peníngum eptir verðlagsskrár aðalmeðalverði. Leyfisbrèf skal taka hvort heldur maður vill vera laus að nokkru eður að öllu.

3. gr.

Heimilt skal og mönnum þeim, er nú skal greina, að taka leyfisbrèf, þótt yngri sè en 25 ára:

1. Ekkjumenn og ekkjur.
2. Menn, sem hafa 1 hndr. álna í ársarð af fasteignum eða öðru fè. Ef afgjaldið eða leigan er greidd í peníngum skal hana telja til álna eptir aðalmeðalverði í verðlagsskrá.

4. gr.

Þessir menn geta fengið leyfisbrèf borgunarlaust:

1. Þeir, sem búið hafa 15 ár og goldið árlega til allra stètta.
2. Þeir, sem staðið hafa í vinnuhjúastètt 20 ár, og fengið jafnan góðan vitnisburð.

5. gr.

Fyrir hvert leyfisbrèf skal greiða lögreglustjóranum 1 rd.

6. gr.

Láti nokkur undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eða skylduverk, eður þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eptir annað til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgert þeim rètti sínum að vera laus, og má honum eigi veita leyfisbrèf að nýju, fyr en eptir 5 ár.

7. gr.

Nú er maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga, og á sèr enga aðra löglega atvinnu vísa, og leitar hann hreppstjóra um, að útvega sèr vist; og skal þá hreppstjóri vera honum hjálplegur í því efni.

Ef maður er óvistráðinn um manntalsþíng, og leitar hann sýslumanns um að útvega sèr vist, og skal þá sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþíngum sýslunnar.

Nú útvegar hreppstjóri eða sýslumaður manni vist á þann hátt, er nú var sagt, og er hann þá skyldur að fara í þá vist, ef hún er boðleg.

Bjóðist fleiri en einn til að taka manninn, má hann sjálfur um kjósa; en sè hann eigi við staddur, skal hreppstjóri eður sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara. Nú vill hann ekki þiggja vistina, og skal honum þá hegnt sem fyrir lausamennsku.

Nú hefir engi boðist til að taka hinn vistlausa mann, og varðar honum þá eigi við lög, þótt hann sè laus til næsta hjúaskildaga, en skyldur er hann að ganga að hverri þeirri vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, enda sè vinnan honum eigi of vaxin. Ella er hann sekur 1—10 rd. eptir málavöxtum. Sama er og um hjú, er vistlaust verður eptir manntalsþíng.

Nú er maður enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, og skal þá fara sem fyr segir.

8. gr.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, eu eigi hefir gjört það, nè heldur keypt leyfisbrèf, en var þó skyldur þess, ef hann vildi laus vera, verður um það sekur 10—30 rd., og skal hann greiða að auki jafnmikið, og lúka á fyrir leyfisbrèf, eptir 2. gr., ef hann vill laus vera.

En þurfi maður eigi að kaupa leyfisbrèf, en var þó skyldur að taka það að eins eptir 4. gr., verður hann sekur 2—5 rd.

Þyngja skal það jafnan sektina, ef brotið er ítrekað, eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

9. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakanda auga á því, að engi sá, sem er skyldur að fara í vist, komi sèr hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grennslast eptir, hvort brotið hafi verið móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrèf, hafi fast heimili og sè ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 2—20 rd., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

10. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sèr undan skyldu sinni að fara í vist, skal eptir málavöxtum sektast um helming eða allt að tveim þriðjúngum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í 8. gr.

Hver sá húsráðandi, er hýsir slíkan mann 3 nóttum lengur að nauðsynjalausu, verður sekur um 1—5 rd.

(Framh. nefndarál. síðar: II. um húsmenn).

Framsögumaður (Páll Melsteð): Það er óheppilegt, að þingnefndinni skyldi verða það á, að kjósa mig fyrir *framsögumann*, því mál þetta er orðið töluvert flókið, þar sem hèr, auk stjórnarfrumvarpsins, eru komin fram í þessu máli ekki færri en 4 nefndarálit; en eg treysti því, að hinu heiðraði þingi takist með hyggindum sínum, að ráða fram úr því, og hitta hið rètta. Að eg þá fyrst tali um lausamennina þá virðist mèr aðalmismunurinn milli meiri og minna hlutans vera sá, að meiri hlutinn vill láta vistar skylduna vera almenna, og gjörir engan mun á stèttum, æðri eða lægri, voldugum eður vesölum, nema einúngis með þeim undantekníngum, sem til eru greindar í 2. gr.; þetta kann nú að þykja spáný harðýðgi, en okkur fannst lítil ástæða til þess hèr á landi, að gjöra þennan mannamun. Hèr hagar allt öðruvísi til en í útlöndum; hèr er svo að segja engi stèttamunur. Eg skal að svo stöddu ekki tefja lengur fyrir þínginu, með því að tala fleira að sinni.

Konúngsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd í þessu máli, bæði hennar meiri og minni hluti, hefir vikið allmikið frá stjórnarfrumvarpinu í ýmsum verulegum atriðum, og það, sem eg ekki get fellt mig við, hvorugir hafa miðað uppástúngur sínar við stjórnarfrumvarpið eða vísað til þess, og það er eins og það sè ekki til; en slík að-

ferð er óvenjuleg hèr á þingi, en meiri hlutinn hefir þó farið lengra í þessu efni en minni hlutinn, þar sem hann vill afmá leyfisbrèf, sem stjórnarfrumvarpið samkvæmt uppástúngu Reykjavíkurnefndararinnar hefir aðhyllzt. Eg skal nú játa það, að eg hefi aldrei getað fellt mig við þessi leyfisbrèf í öðru eins máli og þessu, þegar um persónulegt frelsi er að gjöra, og skoðun löggjafans er orðin svo frjálsleg, eins og hún er orðin það í Danmörku. Það verður heldur ekki varið, að þessi leyfisbrèf hafa sína mörgu ókosti; kostirnir eru líka nokkrir, en ókostirnir eru, eptir minni skoðun, þó yfirgnæfandi. Eg finn það líka að leyfisbrèfunum, að þau eptir frumvarpinu ná ekki jafnt yfir alla, ríka og snauða; mèr virðist þetta ekki vera sú æskilega »Lighed for Loven«; það er sjálfsagt að leyfisbrèfagjaldið er ekki hátt, 20—26 ríkisdalir fyrir karlmenn, en hálfu minna fyrir kvennmann; en það getur samt orðið nógu tilfinnanlegt fyrir marga af hlutaðeigendum. Að því leyti meiri hlutinn því hefir af numið leyfisbrèfin, virðist mèr hann frjálslegri, en minni hlutinn; en að öðru leyti er minni hlutinn, þar sem hann leyfir, eins og stjórnarfrumvarpið, að leysa sig undan vistarskylduuni, frjálslegri, en meiri hlutinn, sem lætur vistarskylduna ná yfir allt of langt tímabil, þar sem það eðlilegasta hefði verið, að stytta þennan vistarskyldu tíma mjög svo, frá því sem upp á hefir verið stúngið, og lofa hlutaðeigendum svo, að þeim tíma liðnum, að vera lausum án leyfisbrèfs. Þetta hefir verið og er mín skoðun á málinu, og hana hefi eg leyft mèr áður að láta stjórninni í ljósi í álitsskjali því, er eg gaf í málinu næstliðið ár.

Reykjavíkurnefndin, og hún hefir búið til þetta frumvarp, sem nú liggur fyrir, hefir verið nokkuð hörð við lausamenn í ákvörðunum sínum, og má henni virðast það til vorkunar, þar sem skoðun manna hèr í landi á lausamennsku hefir allt að þessu verið mjög svo ófrjálsleg; og sama hefir mátt segja um lögin, er um það mál hafa verið gefin og gilt, ef þeim hefði verið nokkurn tíma fylgt fram. Reykjavíkurnefndin hefir ritað frumvarp sitt augsýnilega undir áhrifum þessa drottnandi hugsunarháttar, en þó tekið frjálslegar í málið, en hingað til hefir verið gjört, en stjórnin hefir þó í ýmsum verulegum atriðum farið enn þá frjálslegar í málið, eins og við var að búast, þar sem engi vistarskylda á sèr nú lengur stað í Danmörku, og ef Reykjavíkurnefndin hefði verið frjálslegri í skoðun sinni, en hún var, þá hefði stjórnin verið það líka. Þegar eg nú lít á bæði nefndarálitin, þá aðhyllist eg öllu fremur meiri

hlutann, af þeirri ástæðu, sem eg er búinn að taka fram, en þó einúngis með því skilyrði, að vistarskyldan sè þreyngd til muna, frá því, sem er stúngið upp á í meiri hlutans áliti, því að sleppa henni algjörlega nú þegar, er ekki ráðlegt; en miklu má muna, þó það sè ekki gjört.

Viðvíkjandi 3. gr. skal eg leyfa mèr að taka fram, að sú ákvörðun, sem þar stendur um, hvað þeir eigi að gjalda til sveitar, sem nefndir eru í 2. gr., á ekki við, því það gjald fer upp og niður eptir því, sem á stendur í sveitarfèlaginu (*Arnljótur Ólafsson:* það er prentvilla). Nú sè svo, þá fellur þessi athugasemd í burt. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr að láta í ljósi, að eg er sannfærður um, að stjórnin vill að þíngið fari frjálslega í málið, og það vona eg líka verði niðurstaðan.

Arnljótur Ólafsson: Í hverju máli sem er, ætti menn að hafa þá tvo hluti stöðuglega fyrir augum sèr, hvað *rètt* sè og *nytsamlegt*. Þetta á eigi hvað sízt við í þessu máli, þar sem um rètt hvers einstaks manns er að ræða, og á aðra hönd um þjóðgagn eður rètt mannfèlagsins, það er með öðrum orðum: vinnufrelsið, eður, sem menn kalla það hèr á landi, lausamennsku og svo vistarskyldan. Nú er engi mannrèttur upprunalegri, náttúrlegri nè ríkari en vinnufrelsið; hugsunar- eður samviskufrelsið og málfrelsið er jafnupprunalegt; það er allt saman gjöf skaparans; maðurinn er útbúinn frá hans hendi, til að hugsa, finna til, tala og vinna; hann hefir rètt til að færa sèr í nyt gjafir þessar, og án þess getur hann eigi verið maður. Eður hver rèttur getur verið náttúrlegri eða ríkari, en að neyta handa sinna og að færa sèr í nyt krapta líkamans á þann hátt, er maður sèr sjálfum sèr fyrir beztu? Það er mannrèttur og eiguarrèttur undir eins, því vinnan er uppspretta auðsins, og án hans gæða geta menn eigi lifað, enda er eignarrètturinn eigi annað en ávöxtur eður þroski mannrèttarins. Nú gjöra lögin sèr að skyldu, að vernda og tryggja eignarrèttinn; eiga þau þá eigi að vernda uppsprettu fjárins, vinnuna, hinn dýrasta eignarrètt mannsins? Jú, að vísu! segja menn, en engi má vinna öðrum mein og einstaklíngurinn verður að lúta mannfèlaginu, ef þörf krefur. Eg játa því; eg segi, að einstaklíngurinn eigi að fórna sèr fyrir mannfèlagið, ef nauðsyn krefur. Svo ríkur er rèttur mannfèlagsins; en hann gengur heldur eigi lengra, en að það sè full nauðsyn þess, að heimta þessa miklu fórn af fèlaga sínum, að hann leggi sjálfan sig eður frelsi sitt í sölurnar. Þess ber vel að gæta og sam-

vizkusamlega. Krefur nú almenníngsheill eður þjóðagn hèr á landi að hver maður sè kúgaður í vist? Eg segi nei! hamíngjunni er svo fyrir að þakka, að bændastètt vor þarf eigi á slíkri fórn mannlegra rèttinda og frelsis að halda, til þess að vera stólpi landsins. Því hvers þurfa bændur við? *Vinnuhjúa*, segja menn. Nei, þeir þurfa *vinnu* við, og þess að fá hana með góðum kjörum. Það er eigi rètt, að menn sè að kvarta um vinnufólkseklu; það væri rètt, ef menn stundum kvörtuðu um vinnueklu. Bóndinn þarf að fá þessi eður þessi verk unnin, og það opt bæði fljótt og vel, en honum stendur á sama, hvort að þeim vinna margir eður fáir, því höfðatalan gjörir hvorki til nè frá, að eins þau sè unnin á þeim tíma, er hann þarf, og þau sè leyst vel af hendi. Setjum nú, að öll hjú yrði laus, sem þó reyndar er tóm ímyndun, því mörg hjú munu jafnan verða; en setjum nú svo; og hvað svo? Er vinnan minni fyrir því? Nei engan veginn; það eru jafnmargar hendur til að vinna í landinu, nema fólk stökkvi af landi burt, og það geta menn hvort þeir eru lausir eður eigi. Verkamennirnir þurfa að vinna hjá einhverjum, því þeir hafa eigi annað við að lifa, en handafla sinn. Bóndinn hefir fè að bjóða fyrir vinnu, en hinn vinnandi maður hefir vinnu að bjóða fyrir fè; bóndinn þarf vinnu og hinn þarf vinnulauna. Þannig kemur upp keppni og jafnvægi milli fjáraflans og vinnuaflans, og vinnulaunin hljóta að fara nákvæmlega eptir því, sem vinnan er verð á hverjum stað og tíma. Verkamennirnir safnast þangað, sem vinnan er dýrmætust eður ábatamest, hvort það er heldur til sjávar eður sveitar, því »þar sem hræið er, þangað safnast og ernirnir«, en þeir fara þaðan, sem lítið er að vinna, eður vinnan lítilsverð. Vinnan gengur þá að kaupum og sölum, sem hver annar kaupeyrir, og eg er viss um, að því fer svo fjærri, að bóndinn hafi skaða á vinnufrelsinu, að hann hefir einmitt hag af því. Þetta sýnir reynsla annara landa, og það er í sjálfu sèr svo eðlilegt, að sá verði að lúta, sem hefir vinnuaflið eitt af að lifa, fyrir hinum, er fèð á fyrir að gefa. Menn eru svo hræddir um, að allir lausamenn leggist í leti og ómennsku; en er það hið rètta eður almenna eðli mannsins, að vera latur ónytjúngur? Nei allir hafa hvöt til þess að bjargast, og jafnvel hug á því að verða ríkir. Á þessu eðli mannsins eiga menn að byggja lagasetníng, en eigi á hinu óeðli mannsins. En hvað er nú líklegra, að vinnuhjúið sè viljugt, sem kúgað er til að fara í vist, eður dagkaupamaðurinn, er vinnur þar og þeim, er hann finnur sèr haganlegast

og geðfeldast? Hvort er hinn ófrjálsi eður hinn frjálsi maður líklegri til drengskapar? Vèr hljótum að segja, að það sè hinn frjálsi maður, og það verður þá hèr lausamaðurinn. Það er annars undarlegt, að þótt menn vili hafa fólk sem iðnast, þá vilja menn samt eigi gefa því frelsi til að vinna, þar sem það sjálft vill; nei menn vilja kúga alla í vist, og svo verður allt að dúsa svona árlangt, hvernig sem gengur, því hvorki er hjú að fá eður vist, þá er krossmessa er liðin.

Eg er nú að vísu sannfærður um, að bæði meiri og minni hlutinn hefir viljað præða hinn rètta meðalveg milli mannfrelsisins og fèlagsrèttarins, en þó skilur þá svo undarlega mikið á milli. Minni hlutinn vill leyfa lausamennsku, en þorði eigi að ráðast í, að gefa menn frjálsa skilmálalaust; hann vildi því láta menn þó geta keypt sig frjálsa, til þess að koma eigi of miklum hristingi á mannfèlagið, því allar snöggar biltíngar eru hættulegar. En meiri hlutinn vill eigi losa vistarbandið; nei, hann er er svo ástfanginn í vistarskyldunni, að hann safnar öllum landsmönnum, nema ómögum undir hennar mjúku móðurvængi. 1. gr. í frumvarpi meira hlutans yfirgripur alla, nema blessuð börnin. Nú skulum vèr sjá, hvernig fer. Eptir 2. gr. 4. og 5. lið geta fertugir menn, eður því nær, ef leiðrèttar eru allar prentvillurnar, orðið lausir. Það er ágætt fyrirheit, að mega vera laus úr vist, einmitt þá, er menn eru varla vistgengir fyrir elli sakir og útslita, og orðnir ófærir til að hafa ofan af fyrir sèr með hörðu erfiði, og því líklegir til að verða förumenn og farandkonur. Þá kemur 4. gr., og þá tekur steininn úr, því þar eru lagðir við 5—30 rd. sektir, ef nokkur dirfist að rjúfa vistarskylduna. Nú birtist 1. gr. fyrst í sinni dýrð, og nú fer mig fyrst að undra, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skyldi hæla meiri hlutanum, því eptir 1. gr. eiga dætur stiptamtmannsins, sem hann þó líklega þekkir eitthvað, dóttir biskupsins, ef nokkur er ógefin, annaðhvort að kúgast í vist, því eg get til, að þær geti eigi allar unnið þá mennt, verzlun eður iðn, sem nefndir eru í 2. gr. 1. og 2. lið, að veita skuli fulla atvinnu, eður þá, — það er hart aðgöngu, að nefna það, — verða *lausakonur*. Þó er nú eigi allt búið enn; þær verða að borga 5—30 rd. sekt fyrir bragðið, og ef þær hafa eigi fè til, þá kemur hreppstjórinn með nakinn brandinn reiddan um öxl. Mikil ósköp! — annaðhvort skellur, eður svo færi sem fyrir bóndanum í hriskestinum. En án gamans, þessar tvær greinir hjá meiri hlutanum eru svo gagnstæðar mannlegu

frelsi, að þær hljóta að leiða menn út í óendanleg lagabrot, líkt og nú er, enda er og ekkert aðhald til, eptir 4. gr., að fá menn til að hlýða lögunum, líkt og er í 7. gr. minna hlutans, en hins vegar er óendanleg freistni fyrir menn, að brjóta lögin, hvert árið eptir annað, því eigi eru allir svo hörundssárir, að þeir þoli eigi skellinn.

Konúngsfulltrúi: Mèr láðist eptir að taka fram við 5. tölulið, í 2. gr. meiri hlutans, þá lengíngu, sem þar er gjörð í vistarskyldunni, sem eg, eins og eg er búinn að láta í ljósi, með engu móti get aðhyllzt, því mèr þykir vistarskyldan allt of löng, eptir stjórnarfrumvarpinu. Nú — ef þetta er líka prentvilla, þá er ekki um þetta atriði fremur að ræða. Þíngmaður Borgfirðínga, sem er í minna hlutanum, tók fram ákvarðanir meira hlutans í 2. gr. 4. og 5. lið; en það er einmitt það atriðið, sem eg heldur ekki felli mig við, því mèr þykir vistarskyldan of löng; en það, sem hann tók fram viðvíkjandi 1. gr., hafði eg ekki þá tekið eptir, því eg var öldúngis nýbúinn að fá uppástúngur nefndarinnar, þegar eg gekk á þíngið, og því ekki búinn að yfirfara þær, nema í svip, en hann hefir rètt að mæla, að sú breytíng meiri hlutans frá stjórnarfrumvarpinu er óhafandi, og verð eg því að mótmæla henni fastlega, enda þó þessi breytíng í stjórnarframvarpinu komi heim við uppástúngu Reykjavíkurnefndarinnar, en stjórnin hafnaði henni og það með gildum ástæðum, því ef þessari ákvörðun yrði framkvæmt, þá næði vistarskyldan einnig til þeirra, sem híngað til hafa verið lausir við hana eptir þeim gildandi lögum, og þakka eg hinum heiðraða þíngmanni fyrir þessa hans athugasemd, sem eg, eins og eg sagði, ekki var búinn að taka eptir.

Guðmundur Brandsson: Þessi ræða, sem þíngmaður Borgfirðínga hèlt, sýnir ljóslega, hversu hægt hann á með að snúa út úr orðum annara, og það er kann ske gott, að nota menntun sína til þess. Það má þó, held eg, fá út aðra meiníngu, en hann gjörði með útúrsnúníngi sínum, og að því vona eg að þíngið gæti. Það er nú fyrst búið að samþykkja hjúalögin, og svo er í öðru lagi sú setníng hjá minni hlutanum, að hvert hjú, 25 ára, geti keypt sig laust með leyfisbrèfi. Þetta er til þess að eyðileggja vinnuhjúalögin, því þó hann segði, að helzt þeir ríku notuðu þetta leyfi, þá held eg fátækir horfi ekki í, að taka til láns eitt hundraðs virði, til að kaupa fyrir lausamennskubrèfið, og af því getur leitt, að ekkert hjú verði í vist eldra en 25 ára, og hvað er þá orðið úr vinnuhjúalögunum. Þíngmaðurinn snerist mikið um 1. grein, og fèkk út úr henni eilíft

þrælsband. Hann tiltók, að dætur stiptamtmanns og biskups væri innilokaðar undir þessari reglu; en eg vorkenni ekki þvílíkum mönnum, að láta kenna dætrum sínum það, er þær geti lifað af síðar; en ef þær uppalast eins og tómthúsmannadætur, þá eru þær ekki of góðar að fara í vist; það er heldur ekki víst, að þær eigi hægra með að halda sèr uppi öðruvísi á eptir, ef þær missa sinna við. Eg held, að sólin hafi skinið i augun á honum, þegar hann var að lesa 6. tölulið, þar sem hann sagði, að engi gæti orðið laus, fyr en 40 ára; en hann var minntur á, að í annari grein, tölulið 4. og 5. væri prentvilla, að í fyrri tölulíðnum ætti að standa 16 ár í staðinn fyrir 15 ár, og í hinum síðari 20 ár, i staðinn fyrir 24 ár; og eptir því getur hjúið orðið laust við vistarskyldu 36 ára, ef það fer í vist 16 ára gamalt, eins og nú er gjört ráð fyrir, og sá, sem giptist, og fer að búa 20 ára gamall, verður á sama aldri og hjúið, þegar það losnar úr vist, þegar hann hefir búið í 16 ár; þetta er ekki hart, þegar menn geta losnað við leyfisbrèfsgjaldið. Eg vona, að hann gái nú betur að, áður en hann fer í meiri útúrdúra, en áður.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu hefir ekki rètt í því, sem hann sagði í ræðu sinni, út af orðum þíngmannsins úr Borgarfjarðarsýslu, viðvikjandi 1. greininni hjá meira hlutanum; og eg er búinn að taka fram, að eg yrði að vera þíngmanni Borgfirðínga öldúngis samdóma í því, sem hann sagði út af 1. greininni, og mig furðar á því, að meiri hlutinn skyldi geta aðhyllzt svo verulega og jafnófrjálslega breytíngu í þeim gildandi lögum, enda vona eg, að þíngið felli hana, og haldi stjórnarfrumvarpsins ákvörðun óbreyttri.

Jón Hjaltalín: Eg má nú segja, eins og Skarphèðinn sagði, þegar Þórður Leysíngjason, fóstri hans, var veginn: »mikils þykir nú við þurfa«. Eg sè hèr 3 frumvörp, eða nokkurs konar stjóra, stjórnarfrumvarpið, sem er kaðalstjóri, meiri hlutann, sem er járnhlekkjastjóri, og minni hlutann, sem mun eiga að vera lobbandsstjóri. Það má mikið vera, ef lausamenn geta ekki unnið á þessum stjórum, og því harðari, sem stjórinn er, því fyr hrekkur hann. Eg skal nú ekki geta mikið í vonirnar, þegar maður kemur til bónda, og segir: »heyrðu, laxi! hèrna eru 2 eða 3 spesíur; taktu þær, og lofaðu mèr svo að vera hjá þèr; en láttu ekki bera á, að eg sè lausamaður; þú skalt ekki hafa skaðann af, því eg skal líka taka handtak, þegar á liggur«; þetta er eins og þegar rjúpan er að

rembast við staurinn. Eg held bezt, að taka í þann strenginn, sem mýkstur er, og því gef eg minni hlutanum atkvæði mitt. Það er eitt, sem kemur fyrir bæði hjá stjórnarfrumvarpinu og meira hlutanum, og það er, að selja fólk nokkurs konar mannsali, og bjóða það upp á *auction*. Eg veit nú ekki, hvað slíkt sæmir frjálslyndum mönnum; þessu er sleppt í minna hlutanum, og þykir mèr það mikil bót. Eg skal nú ekki lengja þingræðurnar, svo að seðlarnir fari ekki að ganga aptur, því mèr er illa við slíkar apturgöngur.

Pètur Pètursson: Mèr þykir undarlegt, að hvorugt þetta nefndarálit bindur sig við stjórnarfrumvarpið, því í hvorugu er vísað til þess. Að sönnu er minni hlutinn nær stjórnarfrumvarpinu; en kemur þó með nýtt frumvarp, og eg kann illa við þetta form. Eg neita því ekki, að mèr finnst frumvarp meira hlutans vel samið, en mèr finnst það svo ófrjálslegt. Mèr sýnist það hafa verið meining meira hlutans, að tilsk. 17. febr. 1783 yrði numin úr lögum eða breytt, og þá hefði átt að taka það fram, ef það hefði verið meiningin, þegar hann vill láta skylduna ná til allra. Mèr finnst ósamkvæmni milli 1. og 2. greinar, að þeir, sem settir eru til mennta, skuli vera lausir við þessa skylda. Nú ljúka þeir sèr af, en verða ekki lausir, nema þeir hafi atvinnu af lærdómi sínum, og þá er vísindamaður, sem ekki hefir atvinnu, ver farinn, en hann var, meðan hann var að nema. Eg skal leyfa mèr að geta um það, sem hinn 5. konúngkjörni sagði, að það stæði hjá meiri hlutanum, að selja mætti mannsali, og hann því vildi halla sèr að minni hlutanum, af því þar væri ekki upp boðið, en það er líka nefnt þar. Eg kann ekki við það hjá minni hlutanum, að 5 hndr. álna ársgóði skuli losa menn við þessar skuldir; mèr þykir óeðlilegt, að þetta ríkidæmi losi menn við þessar skuldir, sem fátækir bera. Mèr þykir það og undarlegt, að minni hlutinn hefir sleppt 7. gr. stjórnarfrumvarpsins, um að endurnýja leyfisbrèfin, því það heyrir þó til góðri reglu, að þegar einn fer úr einni sýslu í aðra, þá gjöri hann það.

Mèr finnst óeðlileg ákvörðun minna hlutans í seinni hluta 7. greinar, að hjú, vistlaust eptir manntalsþíng, skuli gjalda sekt. Þetta er ónáttúrleg ákvörðun, ef það er ekki af hjúsins völdum, að það er vistlaust.

Benedikt Sveinsson: Það má segja um álit meiri hlutans, að eg held, að »ekki sè sopið kálið, þó í ausuna sè komið«; það er eins og það eigi að verða margir gallar á því núna, þó þeirra hafi

ekki áður gætt, eptir því sem fram hefir farið í nefndinni millum meiri og minni hlutans. Þingmaður Borgfirðinga hafði í broddi fylkingar 2 fallegar og sannar setningar í sjálfu sèr. Hin fyrri voru almenn mannrèttindi, sem heimiluðu hverjum manni að vera lausum við vist, og hafa ofan af fyrir sèr á sèrhvern leyfilegan hátt; en það er dálítill hængur við þessa setningu, sem veldur því, að þingmaðurinn má ekki á henni byggja, fremur en meiri hlutinn, því hún leiðir til þess, að engi leyfisbrèf þarf að leysa, og sannar því *of mikið*; en sá, sem sannar of mikið, sannar *ekkert*. Hin setningin var sú, að einstaklingurinn eigi að fórna sèr fyrir mannfèlagið, og það er að skilja svo hèr, að úngir menn, karlar og konur eigi að fórna sèr fyrir vinnuhjú. Þessi setning dugir þingmanninum heldur eigi, því sè maður fèlagsins vegna skyldur til, að vera vinnuhjú, þá tjáir eigi að kaupa sig undan þeirri skyldu. Á þessum setningum byggir þingmaðurinn; þær eru hver annari gagnstæðar; en hverri af þeim hefir hann þá fylgt? Hvorugri. Hefir þá þingmaðurinn eður minni hlutinn sameinað þær svo vel, að þeim sè báðum fullnægt? Nei, heldur ekki. Hugsun þingmannsins innibindur bera mótsögn; hann leggur í einu orðinu skyldu á menn, sem hann neitar að liggi á mönnum í hinu orðiuu, bæði sökum almennra mannrèttinda og þarfa fèlagsins, sem að eins eiga að heimta leyfisbrèfagjald, sem aptur er allt annað en vinna í vist, og henni einmitt gagnstætt. Eg gat heldur ekkert sannfærzt af þeirri setningu hins virðulega þingmanns, að fjáraflið eigi að vera í kappi við vinnuaflið, því fyrst og fremst á hún ekki eins vel við hèr á landi yfir höfuð, eins og þar sem menn eru lengra á leið komnir, og svo get eg komið með aðra setningu i þessu máli, sem er eins sönn og hin, og brýtur hana alveg niður, hún er sú: að vinnan sè peningar, það er að skilja peningavirði, sem bóndinn má ekki án vera. En ef allir fara að kaupa leyfisbrèf, þá verða allir daglaunamenn lausir og óbundnir í öllu, og vinna alls eigi hjá bændum, ef til vill. Þá tók þingmaðurinn fram ýmsar greinir í uppástungum meiri hlutans, og meðal annars fundust honum fjarskalegir gallar á 4. gr. Hann sagði, að eptir henni mætti brjóta lögin óendanlega. Þetta þykja mèr kynleg orð af jafn menntuðum og mannúðlegum manni, sem hann er; eg hèlt hann vissi þó, að engi lög eru svo, að þau verði ekki brotin; lögin eru fyrir manninn, sem hefir frjálsræði, og getur því fylgt eður hafnað boðum laganna, og væri lögin óðruvísi löguð, yrði það ekki lög fyrir menn heldur skepn-

ur eða hluti. Það er og auðsjáanlegt, að þetta ætti sízt við, þegar menn væri á þingmannsins máli, að það ekki sè einu sinni neitt brot, að vera *ekki* í vist, því þá er sannarlega undarlegt að setja svo hörð lög um vistarskyldu, að þau ekki verði brotin, enda held eg, að leyfisbrèfaboð minni hlutans verði brotin líka; en það liggur í hlutarins eðli, og getur því eigi gilt sem skynsamleg mótbára eður meðmælíng með honum. Minni hlutinn hefir þó flaskað á sama skerinu, nema ef betra er, að sektin sè frá 10—30 rd., en frá 5—30. Þessi sekt getur haldið áfram án afláts, og ef þeir ekki geta borgað, þá má taka til orðsins, sem þingmaðurinn skemmti þinginu svo vel með áðan. Og hvar er svo sönnunin? Mèr þykir annars undarlegt, að þessi þingmaður skuli vera orðinn *socialisti*, (neita eignarrètti) eins og út lítur fyrir að hann gjöri, og að hinn 4. konúngkjörni þingmaður skuli vilja búa til lög, sem hvorki koma heim við hlutarins eðli, nè neinar rèttar löggjafar- eður hugsunarreglur. Minni hlutinn segir, að þegar sè búið að bjóða vistlausa menn upp, skuli þeir skyldir að ganga til allrar vinnu, allt eins og letigarðslimir í Danmörku. Hvar eru nú letigarðar (Ladegaarde) hèr á landi, og hvernig kemur þetta heim við þessi almennu mannrèttindi minni hlutans? Það er því sannarlega merkilegt, að minni hlutinn skuli stæra sig af frjálslyndi, en vera þó ófrjálslyndari en meiri hlutinn, og það svo mjög, að sjá má muninn í smækkunargleri. Ef maður ber saman 1. gr. meiri og minna hlutans, þá eru þar svo að segja sömu orðin, og þá vil eg spyrja, hvort ekki er eðlilegt, að skilja sömu orðin eins; en hegníngin verður að eins *harðari* hjá minni hlutanum, en meiri hlutanum. Eg skal svo ekki fara lengra út í það, sem þingmaðurinn sagði, því eg vil ekki fara í eltíngarleik við hann út úr svo litlu. En eg skal leyfa mèr að tala að eins nokkur orð, til þess að skýra málið fyrir þinginu, ef eg get, og gjöra nokkra grein fyrir því, hvers vegna meiri hlutinn valdi þann veg, sem hann fór í þessu máli.

Meiri hlutinn byggði á því, að fèlagslíf okkar væri ekki lengra á veg komið en svo, að það væri of fljótt að leysa vistarskylduna sem grundvallarreglu laganna. Á hinn bóginn fannst honum of hart, að líkamleg refsíng væri lögð við lausamennsku, og einnig áleit hann rèttlátast, að skyldan væri almenn gjör, og að frá henni væri gjörðar þær undantekníngar, sem byggðar væri á sönnum ástæðum. Landvarnarskyldan í Danmörku nær nú líka til allra svo að segja, og það var sönn framför í lögunum; sú skylda er nú

reyndar helgari og sterkari, en hún er og innihaldsmeiri, því þar er bæði líf og blóð í veði, en hèr að eins vinna.

Eg held þannig að bæði sè 1. gr. meiri hlutans alveg rètt, og að í 2. gr. sè teknar fram hinar eðlilegu undantekníngar frá aðalreglunni í 1. gr.; mönnum þykir svo hart um þessa menntamenn, að þeir skuli *ef til vill* verða að vera í vist; en til hvers er að segja, að sá, sem sè sprenglærður, skuli endilega vera laus við vist, hvort sem hann hefir nokkra atvinnu af námi sínu eða ekki; eg get ei sèð, að það sè gild undantekníng, nè heldur að nein hætta sè af því búin, þó lærður maður vinni sèr inn brauð með handafla sínum, eins og ólærðir menn, ef hann ekki gjörir það á annan hátt, sem er samboðin kunnáttu hans, því þá má hann það. Eða því eiga embættismannabörn, sem ekkert nema, að vera betur farin en annara börn, sem má ske nema miklu meir? En hvað sem þessu líður, þá er eg ekki ófús á, að taka mèr breytíngaratkvæði við 1. grein, að þessu yrði kippt í það horf, sem eldri lög ákveða. En mig furðar á því, að minni hlutinn skuli hèr ekki hafa verið á sama máli og meiri hlutinn, því mig minnir, að um þetta atriði væri engi ágreiníngur í nefndinni, áður en hún tvístraði sèr. Meiri hlutinn vill þá einkum minnka hegníngunа, en halda vistarskyldunni, eins og hún hefir verið. Að kaupa leyfisbrèf er í rauninni ekki annað, en að gefa kaup sitt í 1 eða 2 ár; en má eg spyrja: hvort húsbændum mundi vera nóg, ef vinnufærir menn ynni hjá þeim í 1 eða 2 ár? Leyfisbrèfið bendir á þá aðalsetníngu, að engi sè *skyldur* til, að vera í vist; þetta eru nú hlaup og stökk í löggjöfinni, sem menn ætti að forðast, og fara heldur hægra, og breyta optar og smámsaman.

Annars held eg að 5—30 dala sektin sè ekki of hörð, því ef maður ekki getur unnið 5 rd. við að vera laus, þá mun það ekki vera neitt kappsmál fyrir neinn mann.

Jón Pètursson: Eg var nú ekki inni fyrst; en mèr þykir slæmt, að eg heyri á ræðum manna, að *konúngsfulltrúinn* hafi verið móti minni hlutanum, hann, sem ætíð hefir svo mjög unnt mannlegu frelsi; og það gekk því yfir mig, að hann skyldi vera móti minni hlutanum, en hallast að meiri hlutanum; eg heyri þó nú, að hann hefir á móti 1. gr. hjá meiri hlutanum, og það gleður mig, því eg vona, að hann smámsaman muni fara að aðhyllast minni hlutann. Mín skoðun er sú, að ekki megi þröngva að mannlegu frelsi hvers eins, meir en þörf krefur; hver, sem er fjár síns

ráðandi, hefir upprunalega fullkominn rètt, til að hafa ofan af fyrir sèr á hvern hátt, sem hann getur, samt ef brýna nauðsyn ber til, að takmarka rètt manns í þessu, sökum þarfa fèlagsins, verða menn að láta sèr það lynda, því fèlagið er í vissu tilliti rètthærra, en hver einstakur. En bæði þarf nauðsynin að vera fullkomlega viss, og takmörkunin á hinn bóginn má ekki vera meiri, en þörfin krefur, og aldrei fólgin í því, að svipta mann algjörlega rèttinum. Ef sagt væri þannig, að hèr væri nauðsynlegt, að hafa þræla, þá veit eg, að engi mundi samsinna því. Nú sýnist mèr ekki hèr sönnuð nauðsynin, að skylda menn til að vera því nær æfilangt í vist; en aptur finnst mèr eðlilegt, þó löggjafinn, sökum fólksfæðarinnar hèr á landi og þar af leiðandi vinnuhjúaskorts, vili nokkuð hlynna að búandi manninum, svo hann geti fengið vinnuhjú fyrir bærileg kjör, og fæla einhleypa menn frá, að vera lausir, og það fæst, ef mönnum er leyft móti vissu kaupi, að vera lausum. Minni hlutinn vill þannig reisa nokkrar skorður við því, að menn skuli vilja vera lausir, þó þeir sè orðnir fjár síns ráðandi, en ekki þröngva neinum til að ganga í vist. Ætli það annars sè í raun-inni betra fyrir bændastèttina, að meina manni með öllu að vera lausum, en að kunna sèr nokkurt hóf í því? Það hefir lengi hljómað sú umkvörtun hèr á landi: »allir vilja fara að búa«; hver auminginn, sem ekki hefir viljað vera lengur í vist, hefir, til þess að fara að geta átt með sig sjálfur, neyðst til þess, að fara að hokra á einhverri þúfunni; ætla landinu sè nú þènt með mörgum slíkum bændum? og mundi ekki vera eins gott, að lofa þeim heldur að vera lausum; en neyða þá til að fara að reisa búskap?

Þar sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að of hart væri, ef lögreglustjórnin reyndi að útvega þeim vinnu, sem ekki gæti haft ofan af fyrir sèr, hvorkí í vist, þar eð engi vildi hafa hann, nè sem reglulegur lausamaður, þá get eg ómögulega sèð, að svo sè; það er líka samkvæmt fátækrareglugjörðinni, að lögreglustjórnin vísi slíkum mönnum á vinnu. Eg átti sízt von á, að meiri hlutinn mundi í þessu vera á móti minni hlutanum, því er það harðara, að skylda mann til, að vera í vinnu viku og viku hjá öðrum, en skylda mann til að vera það því nær alla sína æfi?

Annars vil eg biðja menn gá að því, að margar tilraunir hafa verið gjörðar til að tálma lausamennsku hèr á landi, en hefir ekki hjálpað, því menn hafa farið í kríngum lögin, og það hefir lukkast; en mín skoðun er sú, að menn eigi að reyna til, að fyrir-

byggja leynilega lausamennsku, og það verður, þegar menn geta orðið lausir á leyfilegan hátt, með einu eða öðru móti, því engi heiðarlegur maður vill úr því vera lausamaður á laun.

Konúngsfulltrúi: Hinn háttvirti konúngkjörni þingmaður leggur of mikið í orð mín, og hann furðaði sig eins og á því, að eg skyldi fremur hallast að meiri en minni hlutanum; en eg er búinn að taka það fram, að það var sèr í lagi vegna þess, að hann sleppir leyfisbrèfunum; en að öðru leyti hefi eg þegar tekið ýms atriði fram, sem eg ekki felli mig við hjá meiri hlutanum, og þannig hefi eg fastlega mælt á móti 1. greininni hjá meiri hlutanum, og það voru fleiri ákvarðanir, sem eg ekki felli mig við, og sem eg tók fram áður. Eg er honum samdóma í því, að það, eins og nú sè komið, eigi ekki við, nè heldur sè nauðsynlegt, að láta vistarskylduna ná yfir langt árabil, en að það heldur ekki megi leysa hana algjörlega, sízt að svo komnu; þetta hefi eg einnig tekið fram út af áliti meira hlutans. Hinn sami heiðraði þingmaður sagði, að það ætti að fyrirbyggja lausamennsku; þetta er að vísu rètt, meðan vistarskylda á sèr stað; en fyrirbyggja leyfisbrèfin þetta? Eg held hlutaðeigendur geti farið og muni fara í kríngum þau. Eg er honum samdóma í því, að það sè ekkert óeðlilegt í því, að bjóða þá upp í vist, sem ekki vilja, þótt vinnufærir sè, útvega sèr sjálfir vist, og þetta hefir líka viðgengizt, en einúngis þó komið niður á þeim, sem hafa verið með einhverjum annmörkum, verið letíngjar og ekki nennt að hafa ofan af fyrir sèr með vinnu sinni; og virðist mèr ekki verða að því fundið, þó lögreglustjórnin taki þá í taumana, enda er það hennar lagaskylda. Eg skal játa það, sem hann sagði, að eg unni persónulegu frelsi, og því hafa mèr ætíð þótt lögin um lausamenn mikils til of hörð og óeðlileg, og brýn nauðsyn til þess, að þeim væri breytt, samkvæmt þeim frjálsari skoðunum manna nú á dögum, og með hæfilegu tilliti til fèlagslífsins þarfa. Það lítur í mínum augum undarlega út, að hèr í landi skuli vera lagt ríkt bann við því, að eiga með sig sjálfur, að hlutaðeigendur allan bezta hluta æfinnar skuli vera skyldir, að vinna í vist hjá öðrum, undir viðlagðar lagasektir, þegar fullt frelsi er veitt í því efni í Danmörku; það þurfa að vera yfirgnæfandi ástæður til slíks mismunar, og eg játa, að það muni vera ástæða til þess, að gjöra nokkurn mismun, að leysa ekki vistarbandið algjörlega; en það á eptir minni skoðun að stytta það sem mest, og það hefði, ef til vill, verið það eðlilegasta, að aðhyllast þá ákvörðun, sem

gjörð var í Danmörku með opnu br. frá 16. desember 1840, en eptir því lagaboði náði vistarskyldan að eins til 28 ára aldurs, en úr því máttu hlutaðeigendur eiga með sig sjálfir, og með þessari breytíngu í vistarskyldunni ætla eg fèlaginu hèr gæti verið vel borgið, og rètti hlutaðeigenda heldur ekki gengið of nærri, því citthvert band þarf að vera enn í þessu tilliti.

Halldór Kr. Friðriksson: Það væri nú engi furða, þótt eg villtist í þessu sexskipta lagaboði, sèr í lagi af því, að eg hefi ekki haft tæki á eða tíma til, að bera þau saman. Eg játa það að eg hefi ætíð verið með persónulegu frelsi manna, og álít það eðlilegast að hver megi vistum sinum og atvinnu ráða, eptir því, sem honum þykir sèr hentast; en eg verð jafnframt að játa það, að það kann vel að vera ástæða til, að hleypa ekki öllum böndum fram af lausamennskunni, nú sem stendur, og eg vil gjarnan fallast á, að rèttast sè, að hafa nokkurn hemil á lausamönnum. Eg ætla ekki að fallast á minni hlutann, því mèr þykir ósamkvæmni mikil vera í því, að menn geti keypt sèr rètt til lausamennsku með leyfisbrèfum, þar sem rètturinn til allrar annarar atvinnu er ókeypis. En úr því eg er með frelsinu, þá er þó eðlilegast, að rífka heldur um það, og úr því mèr finnst meiri hlutinn heldur rífka til, og hugsun hans aðgengilegri og sjálfu sèr samkvæmari, þá ætla eg að halla mèr að honum, en þó leyfa mèr að áskilja mèr breytíngaratkvæði við hann. Það er þá þegar í 1. grein, að eg get eigi fellt mig við, að vistarskylda sè lögð á þá, sem eru lausir við hana núna, eptir gildandi lögum, og því vil eg láta taka það fram, að þeir, sem nú eru lausir við þessa skyldu, sè og framvegis lausir við hana. Þá er annað, að 15 ára tíminn fyrir bændur í 2. gr. verði breytt í 10 ár. Þá er í 3. gr. *hið árlega gjald til allra stètta.* Ef það er meiníngin, að þeir sleppi við aukaútsvör, þá verð eg að leyfa mèr að taka mèr þar viðaukaatkvæði, að þeir sè og skyldir til að gjalda aukaútsvar.

Svo er 4. gr. Eg verð og að áskilja mèr breytíngaratkvæði við hana, að orðin: »og borgi að auki eptir 3. gr.« falli burt; en skylda þeirra að ganga í vist, sè jafnframt tekin fram.

Arnljótur Ólafsson: Það gladdi mig, að hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu skyldi þó opna vel augun á hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* á 1. gr. meira hlutans. Það eina, sem menn nú sjá, er, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* er móti leyfisbrèfunum; en að öðru leyti er eg ekki fróður á, hvað hann eiginlega vill; hann

vill ekki leyfisbrèf, en hann hefir ekki tekið fram neitt annað ráð, til að opna mönnum veg frá þessari vistarskyldu, til frjálsrar vinnu. Eg veit ekki, hvort hann vill 4. gr. meiri hlutans, eða að hver maður sè laus að viðlögðum æfilöngum sektum. Eg skal nú að eins bera saman einstök atriði hjá meiri og minni hlutanum. Nefndin öll var samdóma um grundvallaratriði þessa máls, það er að segja um það, sem er rèttlátt, nytsamt og skylda einstaklingsins við mannfèlagið. En þá kemur maður til hins fjórða, hvað langt og á hvern hátt á að heimta þessa skyldu af einstaklíngum. Eg veit, að bæði meiri og minni hlutinn hefir haft þann tilgang, að skerða sem minnst mannrèttindin, og þá einúngis, ef brýna nauðsyn bæri til. En hvaða vegur er þá til, að sameina rèttindi mannfèlagsins við rètt einstaklíngins? Sá fyrsti vegur, sem meiri hlutinn hefir fundið til þessa, er í 1. gr., að þenja skylduna út til allra, til að tryggja rètt mannfèlagsins. Minni hlutinn hefir þar á mót látið standa við það, sem verið hefir, að skyldan hvíli ekki nema á sumum, og það er almúgastèttin. Í lagaboðinu 19. febr. 1783 gengur löggjafinn út frá, að sveitabændur að eins þurfi hjúa við, og af því hann vill veita þessari einu stètt þennan rètt að hafa næg vinnuhjú, þá leggur hann líka vistarskylduna á þessa einu stètt. Eg held, að hver maður sjái, að þegar um embættismannabörn er að ræða, er allt öðru máli að gegna um þau, en um sveitahjú. Eg skal færa eitt dæmi máli þessu til styrkíngar af öðrum löndum. Í Noregi er vistarskyldan í sveitum eins bundin og hèr, en í kaupstöðunum er hún alveg frjáls. Það er því grundvallað bæði í hlutarins eðli sjálfs, og í lögunum, að vistarskyldan nái ei til annara, en til þessarar einu stèttar. Þá kem eg nú að 4. gr. meiri hlutans, samanb. við 2. gr. minni hlutans. Hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að meiri hlutinn væri ekki ófrjálslegur í þessari grein, af því sektin væri til tekin frá 5—30 rd. En hvort ætli menn kysi nú heldur, að borga leyfisbrèf fyrir lausamennsku fyrir 1 hndr., eða að sagt væri við þá: »Þú mátt vera laus, ef þú borgar 5 rd. sekt«. Ef hugsunarlítill maður ætti í hlut, mundi hann ekki vera lengi að hugsa sig um, að kjósa hið síðara; og ef hann nú ekki gæti borgað þessa 5 rd. sekt, yrði hann hýddur. En hvort er nú hollara fyrir rèttarmeðvitund manna að segja: Þú mátt brjóta lögin, ef þú borgar dálitla sekt, eða: Þú getur verið undanþeginn lögunum með leyfisbrèfi. Vèr skulum setja hugsunarlítinn mann, sem ekki á einn skildíng í eigu sinni; nú vill hann vera laus — og hann verður aldrei eptir meiri hlut-

anum kúgaður í vist — hann segir þá sem svo: »Ef eg fæ ekki vist, verð eg boðinn upp, og ef eg er svo ónýtur, að engi vill hafa mig, þá get eg verið laus, ef eg að eins borga 5 rd., eða þá að öðrum kosti verð eg að fá mèr skell«. Hvort er nú betra? Ætli ekki geti verið sýslumaður, sem spyr á manntalsþínginu: Er hèr nokkur laus? Ónei! ekki held eg það sè, segja menn; en ef einhver er nú sagður laus, þá spyr sýslumaður aptur, hvort hann geti ekki fengið vist. Hinn svarar: »nei«. Þá verður hann að sektast um 5 rd. eða meira. Er nú þetta rèttara eða betra. Meiri hlutinn vill ei láta menn öðlast rètt til lausamennsku, en minni hlutinn vill það; meiri hlutinn vill hafa sektir; en það er engi trygging í þeim. Eitt var enn, sem eg vildi benda á; það er munurinn á 6. gr. meira hlutans og 7. gr. minna hlutans. Þar er minni hlutinn að nokkru ófrjálsari. En það er alveg nauðsynlegt, að eitthvert band sè haft á þessum mönnum, sem hlaupa um og verða lausir, án þess að nokkur vili hafa þá; og að hegníng sè lögð við, þegar þeir óhlýðnast. Beri menn saman 4. gr. meiri hlutans við 6. gr. hans, þá sèst, að eptir 4. gr. er ekkert band á mönnum til að fara í vist; en í 6. gr. segir, að þeir megi vera lausir til næsta hjúaskildaga, ef engi vill taka þá, án þess lögstjórnin geti nokkurn hemil á þeim haft. Að þeir skuli gjalda eptir 3. gr. gjörir hvorki til nè frá, því ef engi vill taka þá, geta þeir alla tíð verið lausir *sektalaust*. Ef vèr berum saman meiri hlutann eg minni hlutann um vistarskylduna, þá sèst, að báðir vilja ónýta vistarskylduna, og veita mönnum aðgang til lausamennsku; en sá er munurinn, að minni hlutinn vill, að menn öðlist þennan rètt löglega, en meiri hlutinn án alls rèttar. Minni hlutinn vill, að menn geti verið lausir úr vist, en verði að kaupa til þess leyfisbrèf; en meiri hlutinn vill ekki, að þeir sè lausir úr vist, en ef þeir sè það, sektist þeir frá 5—30 rd. Eptir báðum geta menn komizt undan vistarskyldunni; en eg held, að allir sjái, að það er hættulegra eptir meiri hlutanum; þar er þeim gjört lèttara fyrir, sem ekkert á, og ekkert vill vinna. Og eg verð að segja það, að ef nokkur hefir gjört stökk, þá er það meiri hlutinn, og það á móti vilja sínum og vitund; hann heldur reyndar orðinu »vistarskylda«, en gefur nóg tækifæri til að fara í kringum lögin um hana. Minni hlutinn segir á hinn bóginn: »Vertu annaðhvort í vist eða borgaðu, og vertu frjáls«.

Benedikt Sveinsson: Það hlægir mig, að hinn háttvirti þíng-

maður Borgfirðinga, sem er þó svo góður bardagamaður, hefir nú tekið sèr nýtt vígi; á hinu fyrra hefir hann líklega ekki treyst sèr til að verjast sannleikanum lengur. Ræða hans *núna* átti að sýna, að meiri hlutinn hefði valið óheppilegt meðal, til að halda vistarskyldunni; en eg gat ei sannfærzt af ræðu hans, og eg held, að hann hafi enn rangar fyrir sèr frá þessu nýja sjónarmiði, en frá hinu fyrra. Hann tók fram, að leyfisbrèfið væri rikara band á mönnum, en almenn skylda, að ganga í vist. Það er óskiljanlegt, að sá sè fastar bundinn, sem einu sinni á æfinni á að gjalda fyrir leyfisbrèf lítið eitt, en sá, sem svo og svo opt á æfinni verður að borga sekt, ef hann rýfur skylduboðið. Hitt er alveg auðsèð, að leyfisbrèfið gjörir mönnum ólíkum mun hægra, að vera lausamaður, það er að segja, að það er einmitt þvert á móti því, sem þingmaðurinn segir. En eitt er þó eptirtektaverðast hjá *minni* hlutanum; hann er *svo* órèttlátur eða ranglátur, að hann heimilar þennan leyfisbrèfarètt í raun og veru að eins þeim, sem færir eru um að borga, en bindur fátæklíngana, sem aldrei eiga fyrir þessu leyfisbrèfi, og sýnir minni hlutinn þar, eins og annarstaðar, að hann ríður þar á garðinn, sem hann er lægstur, en hefir alveg gleymt öllum jöfnuði í lögunum, sem ekki má missast. Í sama orðinu, sem minni hlutinn byggir á mannrèttindum, skipar hann að menn skuli kaupa skarðið í mannrèttindunum með peníngum. Er þetta sjálfu sèr samkvæmt? Menn verða að þola takmörkun í frelsi sínu, þó þeir eigi nokkuð fè, mannfèlagsins vegna, en menn geta ekki keypt frelsi *sitt* með peníngum; á þessu ætti minni hlutinn eigi að stranda. 4. og 6. gr. meiri hlutans eru ekkert ósamkvæmar sjálfum sèr; menn eiga ekki að gjöra skylduna ríkari en þar er ákveðið; þegar vist ei fæst, þá er óeðlilegt að vera að binda menn við vist eður vissa vinnu; eg álít heldur ekki, að það liggi í fátækrareglugjörðinni; hvar er talað um það í lögum, að sá, sem talað er um í 6. gr. meiri hlutans, sè fátækralimur? En fátækrastjórnin hefir ei vald yfir öðrum, en þeim, sem heyra undir fátækrastjórnina. Menn eiga að vera lausir undan vistarskyldunni, þegar hið opinbera ekki getur útvegað þeim vist, og þá verða þeir að annast sig sjálfir, en geta auðsjáanlega fyrir það ekki heyrt undir fátækrastjórnina; en ef þeir geta ei annast sig sjálfir, þá fyrst heyra þeir undir hana. Aðalatriðið í þessu er, að menn verða að ganga hreint og beint til verks, en ekki hika neitt við að segja, að það sè lagaskylda, sem menn álíta með fullum rètti ómissandi

fyrir fèlag vort, eins og það nú er á sig komið; varist menn alla hræsni eður hálfvelgju, þá kemur hið rètta fram af sjálfu sèr. Það er ei rètt, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að meiri hlutinn gjörði meiri breytíng á gildandi lögum, en minni hlutinn; í meiri hlutanum er skyldunni haldið, en hegníngin er linari; en eptir minni hlutanum er engi skyldur að ganga í vist, nema sá, sem *ekki* hefir keypt leyfisbrèf; hèr á það því enn við, að minni hlutinn gjörir sig góðan af þeim göllum, sem eru á honum sjálfum, og að hann bregður meiri hlutanum um sína eigin annmarka. Eptir minni hlutanum verður og eigi unnt að vita, hvað margir eigi að ganga í vist, því vèr vitum ei, hversu margir hafa leyst leyfisbrèf. Merkileg er líka sú ósamkvæmni hjá minni hlutanum, sem eg hefi bent á, að þeir, sem eptir lögunum eru lausir, þurfa þó að kaupa leyfisbrèf (*Arnljótur Ólafsson:* Þeir fá kauplaust leyfisbrèf). Já! eg bið fyrirgefníngar; það er einmitt merkilegast af öllu, að menn skuli *þurfa* að fá *borgunarlaust* leyfisbrèf til þess, sem þeir eptir lögunum mega gjöra, svo að *hegníng* liggur við, ef þeir ekki útvega sèr þetta leyfisbrèf til þess, sem er leyfilegt; þetta get eg nú ómögulega skilið, og eg leyfi mèr að fullyrða, að minni hlutinn gangi með þessu í berhögg við mannleg rèttindi og alla skynsamlega lagareglu. Eg held því, að það sè eitthvað töluvert hárugt í þessum grundvallarreglum minni hlutans, og eg er hissa á, að annar eins vitríngur og þingmaður Borgfirðínga er, skuli hvað eptir annað standa upp, til að verja annan eins tilbúning. Mèr dettur í hug, hvernig menn fara að í Noregi, er bændur selja við í Kristjaníubæ, þar er krítað á bakið á þeim, sem selja viðinn, hvað þeir hafi komið með; væri minna hlutanum ekki nær, að búa til eitthvert merki á hrygg Íslendínga, til þess að sýna, hverir ekki gæti keypt leyfisbrèf, hverir fengi það kauplaust, hverir þyrfti ekki að kaupa það, og hverir hefði keypt það? Það væri sannarlega merkilegt, ef það kæmi ótal skrifstofur, skjöl og skrifarastörf um allt land út af öðru eins smáræði og þessu um lausamennina. Eg held, að það liggi vorri hugsjón og högum á Íslandi nær, að ganga hreint og beint til verks, og segja: Við setjum skyldu fyrir menn með lögum að ganga í vist, þangað til vèr getum hafið hana, og jafnframt hegníngu, ef skyldan er brotin; en þessi hegníng skal eigi heldur vera svo hörð, að hún gangi rèttindum manna of nærri.

Ásgeir Einarsson: Eg held nú, að ætli að sannast á þessum

2 frumvörpum, að hvert það ríki, sem er í sjálfu sèr sundurþykkt, mun eyðast; eg held, að við bændur verðum litlu nær fyrir þessi lagaspursmál, sem menn eru að setja hver fyrir annan. Eg veit nú ei, hvernig þíngmenn eiga að fara að komast inn á milli þessara manna, nema ef menn gæti sætt lagi, þegar boðarnir eru nýsprúngnir, eins og kænn formaður. Það hefir nú verið mikið talað um leyfisbrèfin; en hvergi er nefnt, hvort borgunin fyrir þau eigi að falla. *(Framsögumaður:* Það kemur seinast á eptir húsmönnunum). Það vantar í nefndarfrumvarpið. Eg er nú að nokkru leyti á því, að þessi leyfisbrèf sè óviðkunnanleg, en þó ekki af þeirri ástæðu, sem *konúngsfulltrúi* var á móti þeim; hann vildi nefnil. ekki gjöra þeim lægra undir höfði, sem væri fátækari. Við skulum setja, að 2 menn vili verða lausamenn, annar er efnilegur maður, sem hefir lengi verið í vist, en hinn er flakkari, en hefir reitt sèr saman skildinginn, til að kaupa fyrir leyfisbrèfið; en ef hann nú er svo fátækur, að hann getur ei keypt það, ætli ekki lendi þá við það, sem talað er um í 5. gr. meiri hlutans, að hann verði 3 og 3 nætur á hverjum bænum, og flakki svo um allt. Það er sjáfsagt, að jafnrètti er mjög fagurt orð, þegar það er rètt skilið; en menn verða að gæta að, til hvers frelsið er gefið; það er til þess, að menn geti gjört gagn, en ekki til þess, að menn komist undan allri stjórn. En mèr skilst, að leyfisbrèfin eigi að vera til þess, að slóðar hafi ekki jafnan rètt til lausamennsku, eins og duglegir menn. En mèr sýnist, að þegar menn eru búnir að vera lengi í vist, þá sè leyfisbrèfin of dýr, eins og ákveðið er; eg vildi heldur, að ársgjaldið væri gjört þýngra; þetta kæmi jafnara á, en ef þetta kæmi allt á í einu; en eg ætla þó ekki að áskilja mèr breytíngaratkvæði um þetta nú þegar. Annað aðalspursmálið er um, hvort þíngið vill hafa lausamenn eður ei; ef það vill hafa lausamenn, álít eg rèttara, að fara nær minni hlutanum; því eptir frumvarpinu um vinnuhjú geta menn ei ráðið sig í vist, fyr en þeir eru 16 ára; og þá eru menn komnir undir fertugt, þegar menn geta fengið leyfið, eptir meiri hlutanum; en eg er ekki á móti þessu, ef menn vilja ekki hafa lausamenn; en eg held, að mætti þrengja tímann nokkuð, eptir minni hlutanum. Yfir höfuð hefi eg nú, eptir alla þessa sókn og vörn, sem eg hefi heyrt í málinu, skilið betur minni hlutann, svo eg held, að eg eigi hægra með, að ganga inn á hann með nokkrum breytíngum. Það var talað um síðari hluta 7. gr. meiri hlutans: »Nú býðst eigi vist« o. s. frv. Eg gat ei skilið

þetta öðruvísi en svo, að þessi maður eigi hægt með að vera á flakki, þegar engi vill taka hann; og sè ekkert bann, sem meiri hlutinn geti lagt á þá. Eg get ímyndað mèr, að þeir, sem vilja verða lausir upp á þenna hátt, reyndi að vera svo óþægir og illir viðureignar, að engi vildi hafa þá, og þá fara þeir á flakk (*Benedikt Sveinsson:* Ekki nema til næsta hjúaskildaga). Já, en þegar rætt var um hjúalögin, þá sagði hinn konúngkjörni varaþíngmaður, að engi væri lögreglustjórnin, svo húsbændur yrði að vera það sjálfir, og því vildi hann halda húsaganafninu; en hvað verður um þessa umtöluðu menn, sem vistlausir eru, ef 7. grein meiri hlutans verður framgengt? Þeir verða á sífelldu flakki; en þar á móti er það aðalkostur við minni hlutans frumvarp, að í 7. gr. er sú ákvörðun, að sveitastjórnin má þó hafa nokkurn hemil á þeim, og það er það eina atkerið, sem bæði hjúa- og lausamannafrumvörp þessi hafa, að festa sig við, eptir þeim kríngumstæðum, sem nú eru. Það er hægt, að hafa allt í munninum, en það verður kanu ske annað ofan á, þegar til framkvæmdanna kemur. Eg hefi nú sèð nóg af þessu umtalaða hyski, svo eg þarf ekki að ganga í háskóla, til að fræðast um þetta. Eg skal svo ekki tala meira um þetta, en geymi mèr rètt til breytíngaratkvæða í þá átt.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum; það hefir svo margt verið rætt um þetta mál, bæði með og móti, og sumt með meira kappi, en forsjá, að eg mun fáu geta bætt þar við, málinu til upplýsíngar; en samt ætla eg að fara um það nokkrum orðum. Sú fyrsta spurníng, sem hèr liggur fyrir, og sem þíngið ætti vel að gloggva sig á, er það, hvort lausamennska er hèr nauðsynleg eður ekki, og hvort tími er kominn til, að leyfa hèr lausamennsku eða ekki; komist menn að þeirri niðurstöðu, að óhætt muni að leyfa hèr lausamennsku, þá er fyrst að tala um það, hverjum böndum menn eiga að binda hana, eða hvort ráðlegt sè að gefa henni alveg lausan tauminn. Eg fyrir mitt leyti verð nú að vera á því, að óhætt muni að innleiða hèr lausamennsku, og að tíminn til þess sè þegar kominn; eptir því, sem eg þekki til búnaðarhátta hèr á landi og mannlífsins yfir höfuð, get eg ekki sèð, að lausamennskan muni verða hættuleg búnaði manna yfir höfuð; miklu fremur held eg hún gæti orðið búnaði þeirra manna til eflíngar, sem kynni að nota sèr hana, og það yrði þó æfinlega nokkrir af okkur sveitabændum; en það er fjarri, að eg vili að lausamennskunni sè gefinn *alveg* laus taumurinn, eins og sumir þíngmenn hafa verið að tala um, það er

um hana, eins og hvað annað, sem er nýtt, að það þarf að treysta hana skynsamlegum og hæfilegum böndum, því annars getur hún eyðilagt sjálfa sig. Minni hluti nefndarinnar hefir nú, að eg ætla, beint málinu í þessa stefnu, og felli eg mig yfir höfuð að tala bezt við hans uppástúngur; minni hlutinn hefir nefnil., eins og stjórnarfrumvarpið, viljað leyfa lausamennsku þeim, sem orðnir eru fullmyndugir, en þó með þeirri ákvörðun, að þeir sè skyldir til, að leysa leyfisbrèf fyrir ákveðið og hæfilega hátt gjald; munu þessi leyfisbrèf eða leyfisbrèfagjaldið verða full trygging fyrir því, að það verði sem optast efnaðir og duglegir menn, sem beiðast lausamennskuleyfis. Meiri hluti nefndarinnar hefir farið í allt aðra átt og að mèr finnst tekið mjög óeðlilega stefnu; hann hefir sumsè ekki eingöngu viljað láta standa við það, sem nú er, með hina ströngu vistarskyldu, heldur hefir hann í 1. grein frumvarpsins þrengt vistarskylduna, með því hann hefir svipt þá menn rètti, til að vera öðrum óháðir að lögum, sem nú eru það, og hafa aðrir þingmenn sýnt fram á, hve óeðlilegt og ósanngjarnt það er í alla staði; það band, sem meiri hlutinn þannig hefir lagt á lausamennskuna, með hinum ákveðnu sektum í 2. grein, á nú að sönnu að vera svo rúmt, eptir sem sumir nefndarmenn hafa skýrt frá, að það aldrei geti orðið tilfinnanlegt eða svívirðilegt, þó menn brjóti; en eg vil nú benda hinni heiðruðu nefnd á það, að með þessu fyrirkomulagi kemur hún upp heilum flokki lausamanna í landinu af hinni lökustu tegund (*Arnljótur Ólafsson:* Hýddum mönnum), eða með öðrum orðum: *sektirnar* fæla engan frá að brjóta lögin, heldur er það *helgi laganna sjálfra,* sem verndar þau, og því er það, að fáir heiðvirðir menn verða til að yfirtroða þau. Hèr í liggur þá hinn stóri mismunur milli meira og minni hlutans í þessu máli; eptir setningu meira hlutans má gjöra ráð fyrir, að menn fái upp heilan flokk lausamanna af hinni lèlegustu tegund mannfèlagsins, sem ekki skeyta lögum nè rètti; en eptir setningu minna hlutans, má ganga að því vísu, að ekki sækja um leyfi til lausamennsku, þegar það er bundið þessum háu gjöldum, aðrir en þeir, sem annaðhvort eru þeirri stöðu vaxnir, eða hafa aðra tilknýjandi ástæðu, til að verða lausamenn; getur þannig myndast flokkur frjálsra og heiðvirðra manna í landinu, sem eru engum háðir; og ætla eg slíkt geti orðið að verulegu gagni, þegar fram líða stundir.

Eg hefi engan heyrt mæla meiri hlutanum málbót, nema þingmann Reykjavíkur; hann vildi halda sèr fast við hann, en þó þurfti

hann að gjöra ýms breytíngaratkvæði við 4 fyrstu greinar frumvarpsins, til þess hann gæti hallazt að þeim, og er það reyndar ekki gott; eg skal nú ekki fara langt inn í þessi hans breytíngaratkvæði, heldur minnast að eins á eitt þeirra við aðra grein, tölul. 4., þar sem hann vill breyta 16 árum í 10. ár; eg vil nú spyrja hann að, hvers vegna hann ekki breytti þeim í 5 ár, eða með öðrum orðum: hvers vegna hann ekki fèllst hèr á minni hlutann; því finnst honum það ekki heldur órèttlátt og óviðkunnanlegt, ef að maður, sem búinn væri að búa í ein 6—8 ár, en sem einhverra orsaka vegna yrði að bregða búi, þegar hann hefði 5 eða 6 um tvítugt, skyldi þurfa að hneppast í vist, eða verða lagabrotsmaður að öðrum kosti. Einn þíngmanna fann að því hjá minni hlutanum, að hann hefði leyst þá frá leyfisbrèfunum, sem hefði 5 hndr. í ársarð af eignum sínum, og gefið þeim ótakmarkað leyfi til lausamennsku; þessi ákvörðun er nú alveg rètt og eðlileg í sjálfu sèr, því hvað getur hugsazt rèttlátara en það, að sá maður, sem ef til vill á *hundrað hundraða* í jörðu, og sem þannig bæði getur verið sómi og stytta mannfèlagsins, hvað er eðlilegra segi eg, en það, að slíkir menn megi vera öðrum óháðir að lögum? Þá hefir það enn verið sett út á minni hlutann, að hann tekur upp í frumvarp sitt þá ákvörðun, að þeir menn, sem eru óráðstafaðir um manntalsþíng skuli bjóðast upp af lögreglustjóranum, eða setjast í hæfilega vinnu að öðrum kosti; þetta þykir ófrjálslegt og óhafanda. En má eg nú spyrja: hvað á að gjöra við slíka menn? á að láta þá ganga ofan á og lifa og láta eins og þeir vilja; slíkt held eg ekki sè rètt, hvort sem litið er til gagns sjálfra þeirra, eða sveitarfèlags þess, sem hlut á að máli; það má sem optast gjöra ráð fyrir því, að þeir menn, sem hvorki hefir boðizt vist, nè heldur, að þeir eða hreppstjóri hafi getað útvegað hana um manntalsþíng, sè slarkarar, drykkjumenn, eða að einhverju leyti óreglumenn; og hversu hollt mundi að hafa margt af slíkum körlum alveg taumlaust; mundi ekki betra fyrir sjálfa þá, að lögreglustjórnin mætti skipa þeim í einhverja hæfilega vinnu, sem þeim væri ekki of vaxin, og hvar þeir gæti unnið fyrir fæði og klæði. Annars hefir þíngmaður Strandasýslu sýnt svo ljóslega fram á þetta, að eg skal ekki fara um það fleiri orðum.

Jón Pètursson: Eg man minnst af því, sem sagt hefir verið, en skal geta þess, að þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* áleit rèttast, að sá, sem væri fjár síns ráðandi, mætti einnig ráða yfir sinni persónu, svo að hann mætti lifa á þann hátt, sem hann kynni

bezt við, þá er eg þessu alveg samdóma í sjálfu sèr; en af því hèr hefir verið kvartað yfir vinnuhjúaskorti, vildi eg hafa nokkurt aðhald að því, að vera í vist, svo að hver og einn, sem vildi, gæti ekki hlaupið til og orðið lausamaður. Hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að minni hlutinn gjörði sig sekan í órèttlæti, og rèðist þar á garðinn, sem hann væri lægstur; en eg veit ekki, hvort það er meira rèttlæti að hlífa þeim, sem engi getur tjónkazt við, og sem engi vill hafa í vist, og láta þá svo ganga hreppa á milli, eins og logi yfir akur (*Benedikt Sveinsson:* Hvar stendur það?) Í lögunum 6. gr.: »Nú býðst enn engi vist, og er hann þá laus við vistarskyldu til næsta hjúaskildaga«. Nú kemur undarlegur viðbætir: »en gjaldi sem segir í 3. gr.«; (*Benedikt Sveinsson:* Seinast í 4. gr.). Er þá »3. gr.« prentvilla? (*Benedikt Sveinsson:* 4. gr.) — (*Forseti:* Eg vildi enn biðja þíngmenn, að vera ekki að tala svona saman, eða grípa ekki svona iðulega fram í hver hjá öðrum). — Þeir eiga því að borga sekt fyrir lausamennsku, þrátt fyrir það, þó þeir hvergi hafi getað fengið vist, og hvorki hreppstjórinn nè sýslumaður getað útvegað þeim vist, og þannig sektast fyrir það, sem þeim er ómögulegt; þetta get eg ekki skilið, því mèr sýnist þeir ætti að vera sektalausir, þegar þeir enga vist geta fengið; þess vegna finnst mèr, að minna hlutanum verði ekki kennt um meira ranglæti eður ósamkvæmni, en meira hlutanum. Mèr finnst það og alveg satt, að ráðvandir menn muni ekki vilja brjóta lögin, og fá því aldrei að vera lausir; en hinir horfa ekki í það, þó þeir brjóti þau, og borgi þessa árlegu sekt, og megi með því móti einlægt vera í þessu ástandi, sem lögin álíta ólöglegt; svona færi það, yrði meiri hlutans uppástúngum framgengt.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessi kafli nefndarálitsins útræddur til undirbúnings, og skal eg þá biðja hinn heiðraða *framsögumann* að lesa upp kaflann um húsmennina.

Las *framsögumaður* því næst upp þann kafla nefndarálitsins, er höndlaði um húsmennina þannig hljóðandi:

II. Um húsmenn.

Álit meiri hlutans.

Að því er þann kafla frumvarpsins snertir, er um húsmenn hljóðar, þá varð öll nefndin að vera á því, að staða þeirra er mjög óviss og hæpin, og að því engan veginn beri að líða hverjum þeim, að setjast að í húsmennsku, sem kann að girnast það. Þar eð nú ekki liggur annað fyrir húsmanninum, þegar hann getur ekki leng-

ur haft ofan af fyrir sèr og fjölskyldu sinni, heldur en hreppurinn, er ekkert eðlilegra, en að sveitirnar sjálfar, er bera eiga byrðina af húsmanninum, *þegar hann þrýtur,* eður rèttara fátækrastjórnirnar þar megi ráða því, hverjum þær veiti leyfi til að fara í húsmennsku. Sömuleiðis varð öll nefndin að vera á því, að það virðist nokkuð óeðlilegt í því, að gefa sýslumanni eða yfirvöldunum vald á því, að leyfa nokkrum manni að taka fyrir sig svo óvissan og hæpinn atvinnuveg, sem húsmennska er, þrátt fyrir vilja sveitarstjórnanna, sem þó eiga að bera alla byrðina af tómthúsmanninum, og sem bezt mætti vita, hvort hann ekki gæti fengið annan lífvænlegri atvinnuveg. Auk þessa ber að geta þess, að þó sýslumönnum eða yfirvöldum væri falið á hendur að veita tómthúsmennskuleyfið, þá mundu þeir optast með öllu haga sèr í því efni eptir tillögum sveitastjórnanna, og það því heldur, sem það er orðið mjög óvinsælt hèr á landi, þegar yfirvöld hafa í þessu breytt þvert á móti vilja sveitarstjórnanna; en að láta yfirvöld hafa úrskurðarvald í þessu, einúngis að nafninu til, er ekki nema til hins verra. Af þessu, sem nú hefir verið sagt, leiðir það, að öll nefndin varð að vera á því, að þegar einhver vill setjast að sem húsmaður í þeim hreppi, sem hann er sveitlægur í, ætti það að vera á valdi fátækrastjórnarinnar þar, hvort hún vildi veita honum þvílíkt leyfi eða ekki — minni hlutinn þó þannig: að synjun fátækrastjórnarinnar mætti áfrýja til æðra úrskurðar.

Þar á móti greindi nefndina á um það, hver fátækrastjórn veita ætti leyfið, þegar sá, er húsmennsku beiddist, væri annarstaðar sveitlægur, og virðist *meiri hlutanum* (Arnljóti Ólafssyni, Benedikt Sveinssyni og Jóni Pèturssyni), að þetta rèttilega ætti að vera fátækrastjórnin í þeim hreppi, þar sem hann er hrepplægur, því það er einmitt sá hreppur, sem um það er að gjöra, að hann ekki að nauðsynjalausu taki fyrir sig svo óvissan og stopulan atvinnuveg, ef annar lífvænlegri býðst, þar sem það er þessi hreppurinn, sem bera á byrðina, ef húsmaðurinn að fáum árum liðnum verður óhæfur til að hafa ofan af fyrir sèr og hyski sínu. Þessum hreppi væri engan veginn borgið með því, að önnur fátækrastjórn leyfði honum, að setjast að hjá sèr, til þess að láta hann þjóna þar í nokkur ár, bera þar byrðir með hreppsbúum, og reka hann síðan, að fáum árum liðnum, þegar hann yrði bjargþrota með hyski sínu upp á sig. Að nokkur fátækrastjórn skuli geta veitt utanhreppsmönnum leyfi til að setjast í húsmennsku hjá sèr að fornspurðri fátækrastjórninni í framfærsluhreppi hans, getur þá að eins orðið rètt, ef

hún þá um leið vill taka að sèr að framfæra hann, þegar hann þarf með. Aptur á hinn bóginn virðist oss samt, að fátækrastjórnirnar ætti að geta sett sig móti því, að utanhreppsmenn setti sig niður hjá sèr í svo óvissan atvinnuveg, sem húsmennskan er, ef utanhreppshúsmaðurinn þá, með veru sinni þar, skyldi nokkru sinni geta fallið sveitinni þar til þyngsla. Að vísu er það svo, að það kynni virðast nokkuð óeðlilegt í því, að maður, sem í fleiri ár hefir dvalið í einni sveit, og átt þar með sig sjálfur, skuli eigi geta áunnið sèr þar framfærslurètt, eður önnur sveitarrèttindi; en bæði er þetta þó ekki neitt móthverft skoðun manna hèr á landi, þar sem náúngaframfærið hefir varað til skamms tíma, er opt hafði þetta í för með sèr, og líka er það samkvæmast skoðun manna hèr á landi, að þeir menn, sem lítt nýtir eru i fèlaginu, eigi ekki að geta áunnið sèr þar framfærslurètt, með því að dvelja þar um tíma. Enn fremur er það og satt, að það kynni í hörðum árum að verða tilfinnanlegt fyrir sveitarhreppa, ef mörgum húsmönnum, sem þar væri hrepplægir, en lengi hefði dvalið í öðrum hreppum, allt í einu væri með fjölskyldu þeirra slengt upp á þá; en bæði gæti og ætti fátækrastjórnirnar einlægt að vera viðbúnar við slíku, ef ekki yrði aðrir reknir á þær, en þeir einir, sem þær hefði veitt húsmennskuleyfið, af því þær þá vissu, hverjum þær hefði veitt það, í stað þess, að þetta kemur allt óvörum upp á þær, og án þess þær geti búið sig undir það fyrirfram, þegar þær ekkert vita um það, hverjum þar hrepplægum er leyft að setjast að í húsmennsku í öðrum sveitum, og líka mundi tala slíkra húsmanna verða langtum færri, þar þær eigi mundu leyfa öðrum að halda sèr uppi sem húsmönnum, en þeim einum, sem á engan annan hátt gæti haft ofan af fyrir sèr og fjölskyldu sinni, og sem því, ef til vill, fyrir löngu væri orðnir hreppunum til byrði, ef þeir eigi hefði mátt hafa ofan af fyrir sèr á þenna hátt; það virðist þannig aldrei geta orðið til skaða fyrir framfærsluhreppana, þó það sè fátækrastjórnirnar þar, en ekki aðrir, er ráða því, hverir setist að í húsmennsku. Að fleiri flykkist á suma staði, en þar er atvinnu að fá, mun varla vera að óttast, því duglegir menn fá alstaðar atvinnu, en þeir, sem miður eru dugandi, verða að hverfa burtu til átthaga sinna, þegar þeir eigi geta fengið atvinnuna lengur. En væri annars nokkuð að óttast fyrir þessu, þá er langtum meiri ástæða til þess, eptir því sem lögin nú eru, en væri þeim breytt á hinn hátt, því þegar vel lætur í ári, flykkjast margir til sjávarins, lifa þar í húsmennsku

án þess að þurfa sveitarstyrks í mörg ár, og verða þar svo hrepplægir eptir þeim lögum, sem nú eru. Þegar harðnar í ári, flosna þeir upp, og þeir, sem fyrir eru, geta ekki risið undir byrðinni; hversu betra væri þá ekki, að þessir menn færi þá aptur á sína sveit, sem viðbúin mætti vera að taka við þeim, og þakka mega fyrir, að þeir hafa svo lengi getað haft ofan af fyrir sèr annarstaðar?

Enn fremur virðist oss eðlilegt, að ef fátækrastjórn eigi vill taka utanhreppsmann inn í sveitina, en hann þó eigi að síður kemst þar inn, þá eigi hann ekki að geta tekið þátt í hlunnindum þeim, er hreppsbúar kunna að hafa fyrir sig, svo sem láta kauplaust fè á afrètt, o. s. frv.; en þar af leiðir þá og, að hann sè þar undanþeginn aukaútsvari til sveitar.

Oss virðist það leiða af sjálfu sèr, að þegar einhver setzt að í húsmennsku ólöglega, geti honum eigi borið rèttur til að halda áfram að lifa í henni, svo þurfi að segja honum upp þessum ólöglega atvinnuvegi.

Seinasti kaflinn í 1. gr. stjórnarfrumvarpsins virðist nú eigi geta átt við, eptir því sem alþingi hefir breytt vinnuhjúafrumvarpinu. Loksins virðist oss með öllu nauðsynlegt að geta þess, að þeir, sem eiga tómthús í Reykjavík og þar eru sveitlægir, geti án leyfis fátækrastjórnarinnar setzt þar að í tómthúsmennsku, því það væri líka með öllu óeðlilegt að láta tilveru þess flokks bæjarbúa, sem lögin hafa veitt sèrstök rèttindi, vera háða geðþekkni fátækrastjórnarinnar.

Þessu samkvæmt leyfum vèr oss að ráða þinginu til, að beiðast þess, að þessum kafla lagaboðsins, er um húsmennina hljóðar, verði þannig breytt, sem nú skal greina:

Frumvarp meira hlutans til laga *um húsmenn.*

1. gr.

Þegar sá, sem hefir heimili forstöðu að veita, vill setjast að sem húsmaður, annaðhvort sem tómthúsmaður, eða húsmaður með grasnyt, skal hann beiðast leyfis til þess hjá fátækrastjórninni, þar sem hann vill setjast að, og veiti hún honum leyfið, verður hann þar strax hrepplægur, sè hann það eigi áður. Nú synjar fátækrastjórnin honum leyfisins, og hann er utanhreppsmaður, þá má hann eigi að síður setjast þar að, ef hann fær leyfi til að lifa í húsmennsku hjá fátækrastjórninni, þar sem hann er hrepplægur, en þá

hefir hann enga heimtíng á að taka þátt með hreppsbúum í hlunnindum sveitarinnar, og getur aldrei með dvöl sinni áunnið sèr þar framfærslurètt, en á hinn bóginn er hann þar undanþeginn aukaútsvari til sveitar.

2. gr.

Setist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa heimild til þess, sem nú var sagt, skal hann sekur 5— 20 rd., og sá húsráðandi, er tekur hann á heimili sitt, lúki 2—8 rd. í sekt.

3. gr.

Láti nokkur fátækrastjórn utanhreppsmann ári lengur vera í húsmennsku í hrepp sínum, án þess hann hafi fengið húsmennskuleyfi hjá fátækrastjórninni þar, sem hann á sveit, verður hann þar hrepplægur.

4. gr.

Þessar ákvarðanir skulu einnig ná til þeirra manna, er ekki hafa stærra jarðarpart til ábúðar, en 1 hundrað.

5. gr.

Þeir, sem eiga tómthús og eru þar sveitlægir, geta sezt þar að í tómthúsmennsku, án þess þeir þurfi leyfi fátækrastjórnarinnar til þess.

Álit minna hlutans.

Að því er þenna kafla stjórnarfrumvarpsins snertir, sumsè um húsmennina, þá fellst *minni hlutinn (Páll Melsteð* og *Guðmundur Brandsson)* algjörlega á ástæður og frumvarp meiri hluta Reykjavíkurnefndarinnar, þar sem hann vildi láta sveitastjórnirnar ráða því, hverir *utan- eða innansveitarmenn* mætti setjast að í sveitum sem tómthúsmenn eður grashúsmenn, og þau mál skyldi að eins ganga til æðri úrlausnar, ef þeim mönnum væri synjað um húsmennsku, sem þar væri sveitlægir. Við verðum nefnilega að álita það sjálfsagt, að eins og hver sveitarstjórn hlýtur að vera kunnugust sinni sveit og hennar þörfum, svo hljóti hún einnig að láta sèr annast um, að þeir einir komist þar að í húsmennsku, sem líklegastir eru að verða þar ekki til þyngsla, enda sýnist eðlilegast, að sveitarstjórnin, sem hefir hvað helztan og nánastan veg og vanda af öllum byrgðum sinnar sveitar, eigi því að ráða, hver þar vill setjast að í tómthúsmennsku. Menn verða vel að gæta þess, að húsmannaflokkurinn, í hverjum flestir eru tómthús- eður þurrabúðarmenn, og lifa því nær eingöngu á sjávaraflanum, sem

opt reynist stopull, er mjög viðsjárverður, og þarf því að gjalda varhuga við honum. Reynslan er margbúin að sýna og sanna, að þegar fiskileysis-ár vilja til, sem allt af má öðru hverju við búast, þá er það tómthúsmanna fjöldinn, sem stofnar sjávarhreppunum fyrst og fremst í vandræði, og svo breiðast þau út til þeirrar sveitar, hvar þessir menn eiga framfærslurètt, með því öllum, sem unnt er að losast við, er þá vísað heim á sína sveit, og er það opt og tíðum ill sendíng.

Minni hlutinn getur engan veginn álitið það rètt, sem meiri hlutinn fer fram á, að ein sveitarstjórn geti leyft húsmanni að setjast að í annari sveit, *þrátt fyrir synjan þeirrar sveitarstjórnar, sem þar á yfir að ráða.* Það er að ofurselja eina sveit ískyggilegum yfirráðum ekki einúngis annarar sveitar, heldur, ef til vill, margra annara sveita í landinu. Og verðum við að segja, að það sè fremur óárennilegt fyrir húsmanninn að koma þannig inn í eitt sveitarfèlag, nauðugt þeirri sveitarstjórn, sem þar á yfir að ráða, og þá að líkindum nauðugt öllum hinum betri bændum í þeirri sveit. Það er því ískyggilegt fyrir húsmanninn sjálfan, sem hefir fengið þetta leyfi. Svo hefir líka margra ára reynsla sýnt okkur, að þó nú húsmenn þessir ekki beinlínis þurfi þess við, að þeim sè lagt af sveitarsjóði, þá liggja þeir samt, meira og minna margur hver, upp á bændunum, án þess menn geti kallað það betl, og refsað þeim fyrir það. Mega allir sjá, hve ískyggilegt þetta getur verið fyrir þær sveitir, einkum sjávarsveitirnar, sem flestir húsmenn safnast í. Eins er það og vel aðgætandi, að þó nú þessir húsmenn ekki eigi að verða þar sveitlægir, sem þeim þannig hefir verið þröngvað inn, þá er það opt lengi, já svo missirum skiptir, að komast í kríng, áður sá styrkur verði endurgoldinn, sem slíkum mönnum hefir verið hjálpað um til bráðabyrgðar, en sú langa bið eptir endurgjaldinu er opt óþolandi fátækum sveitarfèlögum, sem bráðabyrgðarlánið hefir úti látið. Skyldi það vera rètt, að ein sveitarstjórn gæti sett hina nauðuga í þann vanda? Við neitum því, og að okkar ætlun, með fyllsta rètti.

Minni hlutinn þykist þannig hafa sýnt fram á, að það sè ekki rètt, að utansveitismenn geti komið sem húsmenn inn í eina sveit móti vilja og ráðum þeirrar fátækrastjórnar, er þar á fyrir að ráða, heldur standi henni næst að skera úr því. En hitt finnst okkur mjög vel til fallið, að ef sveitarstjórnin neitar sveitlægum manni þar í sveit, að setjast þar að sem húsmaður, þá skuli æðra yfir-

vald prófa þá synjun, því bæði er, að sá maður stendur ólíkt nær að öðlast húsmennsku, sem þar er sveitlægur, en hinn, sem ekki er það, og svo geta menn hæglega ímyndað sèr einhverja þá ástæðu hjá sveitarstjórninni, sem ekki væri allskostar sanngjörn, og því væri betur að breytt væri.

Samkvæmt þessari skoðun okkar á málinu ráðum vèr þinginu til, að breyta öllum fyrra kafla 1. greinar í stjórnarfrumvarpinu, eins og líka hinn síðasti kafli hennar hlýtur að falla burt, eptir því sem við höfum sagt í þættinum um lausamenn. En aptur á móti föllumst við á ákvörðun þá, sem stjórnarfrumvarpið hefir um heimildarlausa húsmennsku, bæði að því er sektina snertir, og um það, að slík atvinna veiti ekki rèttindi til sveitarframfærslu. Eins og við einnig álítum rètt, að þeim húsmanni, sem þannig hefir sezt að í hreppnum, sè vísað þaðan, með missiris fyrirvara, til næstu fardaga, sè hann þar eigi sveitlægur, en álítum vel til fallið, að bætt sè við þessum orðum »nema hann vinni leyfi seitarstjórnarinnar til að í-lengjast þar«.

Við álitum vel eiga við í þessu lagaboði, að það sè skýrt á-kveðið, hverir skulu kallast húsmenn, og viljum við orða það þannig: »sá er húsmaður, en ekki lausamaður, sem á heimili forstöðu að veita«, og að þetta verði frumvarpsins *fyrsta grein*, en stjórnarfrumvarpsins fyrsta grein eptir okkar breytíngu verði frumvarpsins *önnur grein*.

Stjórnarfrumvarpsins 2. grein viljum við fallast á óbreytta, og yrði þessi grein þannig óbreytt frumvarpsins *þriðja grein*.

Stjórnarfrumvarpsins 3. grein, sem verður *fjórða grein* í okkar frumvarpi, föllumst við á óbreytta.

Samkvæmt þessum athugasemdum leyfum við (minni hlutinn) okkur, að ráða þínginu til að beiðast þess, að lagaboðið um húsmenn verði þannig orðað:

Frumvarp til laga *um húsmenn* eptir minni hlutann.

1. gr.

Sá er húsmaður, en ekki lausamaður, sem á heimili forstöðu að veita.

2. gr.

Sveitarstjórnin í hverjum hreppi, í Reykjavík fátækranefndin, skal ráða því, hverir utansveitar- eða innsveitismenn megi taka þar aðsetu sem húsmenn eða þurrabúðarmenn. Úrskurði sveitastjórn-

anna í þessum málum má eigi áfrýja til æðri úrlausnar, nema ef þeim er synjað um húsmennskuleyfi, sem er þar sveitlægur. Setist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa þá heimild til þess, er með þarf, skal hann sekur um 5—20 rd., og getur hann eigi með ólöglegri dvöl sinni í hreppnum unnið þar rètt til sveitarframfærslu. Svo má og vísa þeim húsmanni úr hreppnum með missiris fyrirvara til næstu fardaga, sè hann þar eigi sveitlægur, nema hann vinni leyfi sveitarstjórnarinnar til að ílengjast þar.

3. gr.

Hver sá húsráðandi, er tekur húsmann þann á heimili sitt, er eigi hefir rètta heimild til húsmennsku, skal greiða 2—8 rd. sekt, og þurfi húsmaður framfærslustyrks við, skal það til næstu fardaga lenda á húsráðanda, án endurgjalds frá hreppi þeim, þar sem húsmaður er sveitlægur.

4. gr.

Ákvarðanir þessar skulu einnig ná til þeirra manna, er eigi hafa stærra jarðarpart til ábúðar en 1 hundrað.

Hinum almennu ákvörðunum í frumvarpi stjórnarinnar um lausamenn og húsmenn erum vèr allir nefndarmenn samdóma.

Reykjavík, 11. ágúst 1861.

Páll Melsteð, formaður og framsögumaður. *Guðmundur Brandsson.* *Benedikt Sveinsson.*

Jón Pètursson. *Arnljótur Ólafsson.*

Framsögumaður: Þingið hefir heyrt, að í þessu frumvarpi eru 3 ólíkar skoðanir, og er, að því mèr sýnist, minni hlutinn nær frumvarpi stjórnarinnar, en meiri hlutinn; minni hlutinn hefir byggt skoðun sína á sömu undirstöðu, sem meiri hluti Reykjavíkurnefndarinnar gjörði, er fyrst undirbjó þetta mál. Á þeim grundvelli er og frumvarp stjórnarinnar byggt, en mismunar í því frá Reykjavíkurnefndinni (meiri hluta hennar), að það gefur sýslumönnum og amtmönnum rètt til að breyta því, er sveitastjórnirnar hafa af ráðið; það vildi minni hluti þingnefndarinnar eigi fallast á, því honum þótti þau ráð bezt og rèttast komin hjá sveitarstjórninni, margra hluta vegna. Eg ætla svo ekki að tala meir um þetta mál að sinni, því eg held, að hinar ýmislegu skoðanir sè skýrt teknar fram í nefndarálitinu.

Konúngsfulltrúi: Eg má játa, að eg felli mig hvorki við álit meira nè minna hlutans í þessu máli, því hvorirtveggja vilja binda húsmennskuleyfið við álit og úrskurð fátækrastjórnarinnar, eins og

Reykjavíkurnefndin gjörði, en stjórnin fèllst eigi, sem ekki heldur var von til, á þá uppástúngu.

Það má ætið gjöra ráð fyrir því, að fátækrastjórnin amist við utansveitarmönnum, sem vilja setjast að í sveitinni í tómhúsmennsku, og það þekki eg af reynslunni; eigi því fátækrastjórnin ein að ráða þessu, er það sem blátt bann og leiðir til fullkomins gjörræðis. Það liggur í augum uppi, við allri utansveitarmanna viðtöku í hreppinn í húsmennsku. Stjórnin ætlast til, að þetta sè látið vera komið undir sýslumanni og amtmanni, og þetta er nauðsynlegt, ef ekki á að verða úr þessu algjörlegt ófrelsi. Það er eðlilegt, að hlutaðeigandi sveitastjórn hafi atkvæði í slíkum málum, en að hún skuli þar um öllu ráða, það er óhafandi.

Þá er eitt í meiri hlutans áliti, sem eg með engu móti aðhyllizt, og það er það, að framfærsluhreppurinn skuli mega leyfa einum að setjast að í annari sveit, og hlutaðeigandi ofan í kaupið engan rètt hafa til, að njóta eða taka þar þátt í sveitarhlunnindum; eg skil ekki, eptir hverri reglu þetta ætti að vera; eg þekki ekkert þessu líkt í neinum sveitarstjórnarlögum, og eg vona, að þingið felli þetta. Að hlutaðeigandi ekki skuli vinna sveit með þessu fyrirkomulagi, er eðlilegt. En eg skal ekki orðlengja um málið, en ráða þinginu til, að aðhyllast stjórnarfrumvarpið, eins og það liggur fyrir, enda er eg sannfærður um, að stjórnin aðhyllist hvorki uppástúngu meiri nè minni hlutans, þó þingið vildi halda annari hverri fram.

Guðmundur Brandsson: Það er gamalt heilræði, sem segir, að »af tvennu illu skuli taka hið minna«, og ef eg ætti að velja milli stjórnarfrumvarpsins og frumvarps meira hlutans, tæki eg heldur stjórnarfrumvarpið, þó mèr þyki það ekki gott, og hefi eg þó velt meira hlutanum fyrir mèr, og hefi ekki getað skilið, hvernig sveitarstjórnin á að vera eptir honum, og er það þó ekki af því, að faðir sköpunarverks þessa í Reykjavíkurnefndinni hafi ekki viljað gjöra mèr það skiljanlegt. Eg skal taka dæmi: Maður sveitlægur í Múlasýslum, fær þar húsmennskuleyfi, fer hingað suður að sjó, og fer til sveitarstjórnarinnar hèr, og biður um leyfi til, að setjast þar niður sem húsmaður; sveitarstjórnin neitar honum; en svo smeygir hann sèr inn hjá einhverjum fáráðling sem tómthúsmaður; það getur verið, að hann sè skálkur þó hann kunni að vera duglegur og nokkuð efnaður; og þessi maður á eptir meira hlutanum ekkert að leggja til sveitar, af því að sveitarstjórnin leyfði

honum ekki að setjast að; en nú situr hann í sveitinni, safnar auð með rèttu og röngu, og lætur margt illt af sèr leiða, en sveitin hefir ekkert gott af honum; eg get ekki sèð, hvaða not eru af þessu fyrirkomulagi; þessi maður er eins og nokkurs konar víkingur í sveitinni, er laus við aukaútsvarið, sem er næstum það einasta gjald, sem tómthúsmenn gjalda; þessi ákvörðun upphefur líka fátækrareglugjörðina, að nokkru leyti, og opið brèf frá 6. júlí 1848; og hefði því um leið, ef þessu ætti að verða framgengt, þurft að biðja um, að fá þessu breytt; að því leyti þann tíma snertir, sem maður þarf til þess að vinna sèr sveit. Minni hlutinn fer aptur fram á það, að sveitarstjórnin í þeim hreppi, þar sem beðið er um leyfið, til þess að setjast niður sem húsmaður, skuli mega gefa leyfið til þess, eða neita um það, eptir kríngumstæðum, þeim, sem annarstaðar eiga sveit; það er miklu eðlilegra, en að sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem hann fer frá, skuli gefa honum það; því mèr sýnist það eins sjálfsagt, að sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem hann fer til, skuli ráða því, eins og húsbóndi ræður því, hverja hann tekur á heimili sitt, og formaður ræður því, hverja háseta hann tekur á skip með sèr. Fyrir innsveitismenn er þetta gjört frjálslegra, því ef sveitarstjórnin neitar þeim um að setjast að sem húsmönnum, geta þeir klagað yfir úrskurði hennar fyrir sýslumanni, og eru þeir í þessu talsvert rètthærri en hinir; en sjái eg ekki veg til þess, að minni hlutinn fái framgang, gef eg heldur atkvæði mitt með stjórnarfrumvarpinu en meira hlutanum, því þá verður allt hið sama og verið hefir, að því undanteknu, að sýslumaður á að leita álits sveitarstjórnarinnar um það, hver skuli vera húsmaður og hver ekki, og bætir það þó heldur úr því, sem viðgengizt hefir, því ætla mætti það flestum sanngjörnum sýslumönnum, að þeir nokkuð höguðu úrskurðum sínum eptir tillögum þeirra sveitarstjórna, er hlut ætti að máli.

Stefán Eiríksson: Það hefir annars tekizt mikið óheppilega til fyrir þessari nefnd, að hún skyldi þurfa að koma svona í 4 pörtum inn fyrir þingið, því fyrir það sama hafa nú spunnizt út af málinu svo langar og leiðar umræður. Eg að vísu var nú, eins og margir þingmenn, í vafa um, hvernig eg skyldi greiða atkvæði í þessu máli, samt er eg nú loksins kominn að þeirri niðurstöðu, að fallast á minna hlutann í lausamannamálinu; það eru þau einu sældarkjör, sem þessir lausamenn verða fyrir, að eg get þó unnt þeim að verða lausum, þegar þeir eru búnir að fá það með þeim

kjörum, sem ákveðin eru í 2. gr. Þá kemur nú til umtals húsmannamálið. Eg er nú þar í engum vafa um, hvernig eg skuli greiða atkvæði. Eg þurfti ekki að lesa nema 1. gr. hjá meira hlutanum, til að sjá fram á þær illu afleiðingar, er slíkar uppástúngur hafa í för með sèr; meiri hlutinn umbreytir allri grundvallarreglunni í fátækralöggjöfinni, bæði opnu brèfi af 6. janúar 1848 og reglugjörðinni 8. janúar 1834, svo eg skil ekkert í því, hvað svoddan mönnum, sem eru í þessum hluta, hefir gengið til, að koma fram með svoddan axarsköpt; það hafa nú sumir verið á því, að stjórnarfrumvarpið ætti betur við, en minna hlutans álit; en slík skoðun getur ekki rutt sèr til rúms hjá mèr; eg held nú, að sveitarstjórnin hafi allt eins mikið vit á að ráða því, hverir skuli setjast að í hreppnum, eins og æðri yfirvöld, og slík úrslit æðri yfirvalda olla of miklum drætti og óhagræðis; eg fyrir mitt leyti ætla því algjörlega að fallast á minni hlutann, og þeir, sem nokkuð þekkja til sveitarmála, og hvers við þarf í því efni, ætti að samþykkja minna hlutann.

Halldór Kr. Friðriksson: Hèr eru 2 nefndarálit, og eg get á hvorugt fallizt. Mèr finnst það svo óeðlilegt, sem það getur verið, að hver sá, sem sezt að í einhverri sveit, skuli verða þar sveitlægur, óðar en hann kemst þar inn; eg sè ekki heldur, að þetta geti komizt á, þvert ofan í gildandi lög, ef menn vilja breyta lögunum, verða menn að gjöra það með ljósum ákvörðunum, en það er ekki rètt, að gjöra það svona þegjandi. Það er alveg satt, sem þingmaðurinn úr Gullbringusýslu sagði, að eptir frumvarpi meira hlutans ræður sveitarstjórnin í Múlasýslu því, hverir megi þaðan setjast að sem húsmenn, t. a. m. í Reykjavík; þetta er alveg óeðlilegt; 1. og 3. gr. eru alveg ósamkvæmar lögunum, og get eg því ekki fallizt á meira hlutann. Í minna hlutanum kemur aptur á móti fram þessi gamla hreppstjóra harðstjórn, og hefi eg fengið hèr of mörg dæmi upp á harðstjórn þeirra og afleiðingar hennar, til þess að eg geti verið með minni hlutanum. Eg veit dæmi til þess, að maður hefir viljað kaupa sèr hús og setjast í það sem tómthúsmaður, en lögreglustjórinn hefir sagt: þú mátt það ekki, þó þú svo getir borgað húsið út í hönd. Hvort sem það nú var af kjarkleysi mannsins eða ekki, varð endirinn sá, að hann fèkk ekki að kaupa húsið. Þegar á svo að takmarka persónulegt frelsi manna, að lögin leyfa fátækrastjórninni að segja við hvern sem er: »Þú mátt ekki bjarga þèr í þessari sveit. Þú verð-

ur að deyja í hinni«, þá er það alveg óþolanda. Eg veit fleiri dæmi upp á það gjörræði, sem af því getur leitt, ef fátækrastjórnin á að ráða því, hver kemur inn í sveitina eða ekki; þess vegna er eg minni hlutanum alveg fráhverfur, og af því að ekki er tími til, að semja nýtt frumvarp, ætla eg helzt að halla mèr að stjórnarfrumvarpinu, því þá verður þó allt eins og það hefir verið, og eg er hræddur um, að hvort sem þingið tekur meiri eða minni hlutann, muni stjórnin gjöra hvorugan að lögum, en gjöra sitt frumvarp að lögum.

Guðmundur Brandsson: Í framhaldi af því, sem eg sagði áðan, um það, hvernig færi, ef meiri hlutinn fengi framgang, skal eg geta þess, að ef manni eptir honum er veitt leyfi sveitarstjórnarinnar, til þess að setjast niður sem húsmaður í öðrum hrepp, en þar sem hann er sveitlægur, þá er hann strax orðinn hrepplægur, og eru þá öll líkindi til þess, að hyggin sveitarstjórn muni sjaldan eða aldrei voga, að veita neinum slíkt leyfi. En þeir menn, sem ein sveitarstjórn synjar um þetta leyfi, fara þá til annarar, og ef hún neitar aptur, verða menn þessir á einlægu reyki milli sveitastjórnanna, og lenda loksins á einlægu flakki.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal ekki vera langorður, enda sè eg ekki til hèrna við borðið. Það gjörir mèr illt, að þingmaðurinn úr Gullbringusýslu skuli ekki skilja meira hluta nefndarinnar *(Guðmundur Brandsson:* Eg skil hann vel), og þó eg sè ekki fær um, að koma honum í skilning um hann, vona eg, að meðnefndarmenn *mínir* muni vera betur færir um, að skýra hann fyrir honum, en eg, og það svo vel, að þingmaður Reykvíkinga sjái, að það er ekkert axarskapt, sem meiri hlutinn fer fram á. Aðalhugsunin hjá meira hlutanum er sú, að sú sveitarstjórn, sem er í þeim hrepp, sem maður fellur til þyngsla, skuli eiga að ráða því, hvort maður skuli mega vera húsmaður eða ekki, hvar sem er; en eptir gildandi lögum er það ekki sú sveit, sem hann sezt að í, heldur sú sveit, sem hann er sveitlægur í, sem hefir allan vanda af honum, og þess vegna ætti ekki sú sveit, sem hann sezt að í, heldur sú sveit, sem hann er sveitlægur í, að ráða því, hvort hann megi vera húsmaður eða ekki. Mèr fellur þess vegna betur við meiri hlutann — eg er líka í honum — en við minni hlutann, vegna þess, að eptir minni hlutanum getur hver sveitarstjórn hamlað manni, að setjast að í sveitinni, hvort sem ástæða nokkur er fyrir því eða ekki, hvort sem það er líklegt, að hún hafi nokkurn vanda af því eða ekki.

Ef minni hlutinn hefði farið fram á, að reka út úr vistinni þann, sem lægi við því að verða sveitlægur, þá hefði eg gefið honum atkvæði mitt fyrir því; en það er allt annað að reka þann út, sem ætlar að verða sveitinni til byrði, eða að banna manni að leita sèr atvinnu í sveitinni. Geti nú meðnefndarmenn mínir ekki sannfært þingið um, að meiri hlutinn sè góður, vil eg gefa atkvæði mitt fyrir stjórnarfrumvarpinu með þeirri breytingu, að síðari málsgrein í 1. gr. falli burtu, því mèr sýnist hann eiginlega fallinn við atkvæðagreiðsluna um 1. og 11. gr. í vinnuhjúalögunum.

Jón Pètursson: Eg hefi það að athuga við minni hlutann, að hann er óhafandi, og það af þeim ástæðum, sem stjórnin sjálf hefir tekið fram, svo ef þingið ekki vill fallast á meira hlutann, ætti það að taka stjórnarfrumvarpið; það er mikið áheyrilegt, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að meiri hlutinn væri óhafandi af því, að hann leyfði óviðkomandi sveitastjórn að leyfa hverjum, sem væri, að setjast að í annari sveit, þrátt fyrir bann sveitastjórnarinnar þar; en þetta hefir meiri hlutinn hvergi sagt; það er sitt hvað, að ein sveitastjórn ekki vill taka utanhreppsmann inn í sveitarfèlag sitt, og þannig gefa honum öll sömu rèttindi og hreppsbændur hafa, og að hún ekki amast við því, að maður komi inn í sveitina, og dveli þar á hvern hátt sem er; þetta er tvennt ólíkt. Ef utanhreppsmaður spyr sveitarstjórnina, þar sem hann vill setjast að, hvort hún vili ekki taka sig í fèlag sitt, þá vill hann gjöra samníng við hana, fá þar öll rèttindi með hreppsbændum gegn því, að taka upp á sig byrðir með þeim. Ef sveitarstjórnin verður við þessari bæn hans, þarf hann ekki að fara lengra, eptir meiri hlutanum, því hann vill, að þessi samníngur skuli hafa fullt lagagildi, en vili hún það ekki, fer hann til þess hrepps, sem á að bera byrðina af honum, og biður sveitarstjórnina þar um, að lofa sèr að reyna að bjargast sem húsmaður; álíti nú sveitastjórnin þar, að hann geti fengið einhvern lífvænlegri atvinnuveg hjá sèr, segir hún má ske, að hún vili ekki gefa honum leyfi til að vera húsmaður; en sjái hún engan lífvænlegri veg fyrir hann, hvað er þá eðlilegra, en að hún megi veita honum þetta leyfi, ef það ekki kemur neinum öðrum hrepp til skaða, og að þessi maður megi þá koma sèr fyrir sem húsmaður hjá einhverjum í þeim hrepp, þar sem sveitarstjórnin synjaði honum um að taka hann inn í fèlag sitt, og gefa honum öll rèttindi með hreppsbændum? Dæmið úr Múlasýslu skildi eg ekki; það var líklega tekið af því, að það væri örðugt fyrir

mann hèr, að fá vísbendíngu úr Múlasýslu frá sveitarstjórn þar um það, hvort maður ætti að setjast að sem húsmaður; eg held samt það mætti takast að fá vísbendíngu um það þaðan, þó menn þurfi að bíða nokkuð, og lengur mætti menn bíða með að geta sezt að í húsmennskuna, ef menn ætti að fá leyfið hèr, en væri synjað um það. Þíngmanninum úr Gullbríngusýslu þótti það eðlilegt, að sveitarstjórnir rèði því, hverir væri í sveitarfèlaginu, og að þær því mætti meina utanhreppsmönnum að setjast þar að; en mèr finnst það álíka, og ef sveitastjórnirnar ætti að ráða því, hvernig jarðir væri byggðar, og þær hefði vald til þess að banna, að þessum manni væri byggð sú eða sú jörð í sveitinni, af því þær áliti hann ónytjúng, eða ef þær hefði á móti því, að einhver húsbóndi tæki þann eða þann utanhreppsmann fyrir vinnumann, af því að hann gæti þá má skè orðið sveitlægur í þeim hrepp; þetta eru sveitarstjórnir, sem hafa vald! Það hefir verið sagt, að meiri hlutinn gjörði breytíngu á gildandi lögum um það, hversu lengi einn maður skuli vera í einni sveit, til þess að fá þar framfærslurètt, en meiri hlutinn vill, að þessi breytíng megi ske eptir samkomulagi, og gjörir það því í rauninni enga breytíngu á löggjöfinni. Aðalatriðið hjá meira hlutanum er þetta: að sá, sem vill gefa sig í eins óvissa og stopula stöðu og húsmennskan er, skuli fá leyfi til þess hjá þeirri sveit, sem á að hafa byrðina af honum, ef illa fer, nema ef einhver önnur sveit vill taka upp á sig byrðina, þá geti hún gjarnan veitt honum þetta leyfi; en ef þíngið ekki vill fallast á þessa skoðun, þá er langeðlilegast, að láta sýslumenn skera úr því, hver megi vera húsmaður, og þá vil eg halda mèr til stjórnarfrumvarpsins; því það er með öllu óeðlilegt, að fátækrastjórnirnar megi banna utanhreppsmönnum að setjast að í húsmennsku hjá sèr; mèr finnst það t. a. m. alveg ókristilegt, þegar harðindi eru í sveitinni, og menn koma til sjávarins, til þess að reyna til að halda þar í sèr lífinu, þá skuli það má ske verða bannað af sveitarstjórninni í sjávarhreppunum; þetta er svo ókristilegt, að það ætti ekki að vera í lögum kristinna manna.

Guðmundur Brandsson: Eg sè það nú, að það er ekki eins mikið, sem mèr og hinum 4. konúngkjörna þíngmanni ber í milli, og hann hugsaði; eptir hans uppástúngu verður sá, sem fær leyfi til að setjast niður sem húsmaður, undir eins sveitlægur í þeirri sveit, sem hann sezt niður í; en eg vildi ekki að hann skyldi verða það; hann getur eptir fá ár orðið hreppnum til byrði, þó hann

þyki má ske ekki ólíklegur í fyrstunni. Þar sem hann telur meira hlutanum það til gildis, sem var minni hluti Reykjavíkurnefndarinnar, að stjórnin sè honum fremur meðmælt, þá get eg ekki sèð það, því það stendur svona í ástæðum stjórnarinnar:

»En þar sem sá hinn sami minni hluti nefndarinnar á hinn »bóginn hefir stúngið upp á, að skipa málinu á þann hátt, að »sè hlutaðeigandi sveitlægur í öðrum hrepp, en þeim, þar sem »hann æskir að setjast að sem húsmaður, þá skuli fátækra- »stjórnin í hinum fyr talda hrepp ráða því, hvort leyfið sè veitt »eður eigi, þá verður eigi fallizt á þá skoðun; því það er í »augum uppi, að það einúngis er fátækrastjórnin á þeim stað, »*þar sem hlutaðeigandi æskir að setjast að*, sem getur borið um, »hvort það, þegar á allt er litið, sè til hagsmuna eður skaða »fyrir sveitina, að leyfa honum að setjast þar að, og verður þá »ekki að eins að taka til greina ástand og efnahag hlutaðeig- »anda, heldur og önnur atvik, einkum að ekki flykkist of marg- »ir húsmenn á einn stað eptir þeirri atvinnu, sem þar er að »fá, sbr. reglug. 8. janúarmán. 1834 21. gr. En af þessu »leiðir, að þó svo væri, að framfærsluhreppurinn tæki að sèr »að ábyrgjast, að ekki yrði sveitarþýngsli að húsmanni í þeim »hrepp, þar sem hann sezt að, þá er þeim hreppi þó eigi ætíð »hagur í því, að hann setist þar að, eins og það líka í sjálfu »sèr er óeðlilegt, að hinn fyr taldi hreppurinn geti með úrskurði »sínum komið upp á annan hrepp manni, sem honum er ó- »viðkomandi. Á hinn bóginn er það jafn óeðlilegt, að maður, »sem í fleiri ár hefir dvalið í einni sveit, og átt þar með sig »sjálfur, geti ekki áunnið sèr þar framfærslurètt eður önnur »venjuleg borgaraleg rèttindi«.

Af þessu geta menn sèð, að stjórninni hefir ekki þótt það aðgengilegt, sem meiri hlutinn fer fram á. Hitt get eg skilið, að ef regla meiri hlutans á að verða að lögum, að hreppstjórar yrði svo harðir, að þeir leyfði engum eða mjög fáum utansveitarmönnum að komast inn í sveitina; en það gjörði þeir ekki, ef hin eldri lög stæði, og það er líka rèttara og betra, því engi er á móti því, að dugandis maður komist inn í sveitina, þegar hann með veru sinni þar helgar sèr ekki framfærslurètt fyr en eptir 10 ár; en regla meira hlutans núna stendur í dyrunum, og bannar honum inngöngu.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Hinn háttvirti 4. konúngkjörni

þingmaður hefir eptir því, sem mèr skilst, leitast við að útskýra þannig meininguna, í *1.* gr. meiri hluta frumvarpsins, viðvíkjandi húsmönnum, að ef einn, sem áforma vill húsmennskulíf, og eigi getur fengið leyfi til þess hjá sínni eigin sveitarstjórn, en önnur óviðkomandi sveitarstjórn leyfir honum að taka upp þennan atvinnuveg, og setjast að hjá sèr, þá sè rèttvíst, að þessi sveitarstjórn taki upp á sitt sveitarfèlag þá ábyrgð, sem af þessu áformi kunni að fljóta, og húsmaðurinn verði þar undir eins sveitlægur, svo hans fyrri sveitarstjórn aldrei þurfi að sæta því, að taka við honum, eður þyngslum þeim, sem kunna að leiða af þessari hans lífsstöðu, sem hún aldrei áleit ráðlega fyrir hann; meiri hlutinn álítur nú (sjálfsagt), að þetta ráð muni duga til þess, að engi óviðkomandi sveitarstjórn, leyfi slíkum húsmönnum inngöngu í sitt sveitarfèlag; mèr þykir nú ekki undir þessu að eiga, og vil því ekki, að lögleidd sè þessi 1. gr. meiri hlutans, því eg vil setja eitt dæmi, að til hreppstjórans kemur vinur hans, frændi, mágur, eður venslamaður, sem vill fá að taka upp húsmennsku, til að geta haft undir höndum einhverja kann ske miður hentuga kvennsnipt, en gat nú ekki fram komið þessu áformi sínu í sinni sveit, þar sveitarstjórninni þar þótti þetta ekki líðandi, eða ráðlegt, vegna óráðs og fyrirsjáandi vandræða, sem af því kynni að hljótast; nú getur hreppstjóri þessi, sem hann kemur til, freistast til að hjálpa þessum frænda eða kunníngja sínum, og lofað honum að kotra sèr niður í þessari stöðu þar í sveit sinni, án þess þó að bera sjálfur neina byrði af honum, því hann, nfl. hreppstjórinn, getur flutt úr sveitinni á næsta ári; því vil eg ekki eiga undir því, sem nefndarinnar meiri hluti hefir sett í þessu falli, fyrir utan það, að eg ekki skil, að stjórnin taki í mál, að löggilda þessa grein, svona rètt í tilliti til þessa eina flokks þjóðarinnar, þar greinin fyrst og seinast stríðir öll beint á móti fátækratilskipuninni af 1834, því þá hefði líka hèr strax með berum orðum þurft að taka fram, að hún í þessu tilliti skyldi upphafin verða.

Indriði Gíslason: Eg get nú ekki verið þeim samdóma, sem hafa haldið fram meiri hluta þessa nefndarálits, og sný eg mèr þá einúngis að meiri hluta nefndarálitsins, um húsmenn, fyrst að hitt liggur hèr ekki fyrir eptir niðurskiptíngunni. Af 1. grein getur engi sèð, að hún sè frjálslegri eða betri en minni hlutans álit, því eptir fyrri hluta hennar á hver sá, sem fær leyfi sveitarstjórnarinnar til, að setjast að í hreppnum, að verða þegar í stað sveit-

lægur; þetta er nú einúngis til þess, að engi sveitastjórn leyfir nokkrum manni inn í hreppinn, ef að nokkuð getur ímyndast ískyggilegt við komu hans; eg læt það nú reyndar vera; en þá kemur nú seinni hluti greinarinnar, og segir, að ef hann ekki fái leyfi sveitarstjórnarinnar i þeim hrepp, sem hann vill komast í, þá megi sveitin, þar sem hann er sveitlægur, veita honum leyfið; þetta þykir mèr nú helzt til óeðlilegt, og einkum þar sem hann á ekki að fá að hafa hluttöku í neinum hlunnindum sveitarinnar; hvernig á hann þá að geta þrifizt þar og dvalið, ef hann má hvorki hafa grasnyt, vatn, eldivið eða neitt, sem hlunnindi geta heitið? Eg verð annars að verða þeirrar meiníngar, að eðlilegast og hagfeldast sè, að í hverju því sveitarfèlagi, sem slíkir menn vilja fá að fara inn í, megi sveitarstjórnin þar hafa sem mest afskipti þar af, því það er ljósara, en frá þurfi að segja, hversu illt leiðir af ráðriki sumra utanfèlagsmanna, einkum sumra jarðeigenda, sem eru að hleypa inn í fèlögin slíku vandræðarusli, að sveitastjórninni fornspurðri, ýmist með því, að ljá þeim húsmennsku eða einhverjar smásneiðir af jörðunni, og parta þær svo allar í sundur, án þess fèlagsmenn megi sitja fyrir, jafnvel þótt þeir þyrfti og vildi, og þess utan koma þeir jörðunum nærri ver, en í auðn, með þessu háttalagi. Mèr þykir því stefna minna hlutans eðlilegri og sanngjarnari á báðar hliðar.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr sýnist hinn 4. konúngkjörni þíngmaður ekki geta kallað það samkomulag, sem tekið er fram í 1. gr. meira hlutans, því annaðhvort verða menn undir eins sveitlægir, þegar þeir hafa fengið leyfi til, að setja sig niður sem húsmenn eða aldrei, ef honum er neitað um að komast inn í sveitina. Eg vil spyrja þíngmanninn úr Dalasýslu að því, hvort honum þætti það ekki hart, ef hann vildi setjast að sem húsmaður í Reykjavík, að fátækrastjórnin hèr bannaði honum það; þetta gæti vel að borið, því það er ekki víst, að allar fátækrastjórnir geti svo hnitmiðað það niður, þegar henni er í sjálfsvald sett, hvort hún vili leyfa efnilegum manni að komast inn í sveitina eða ekki *(Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum: Það er það sama eptir minni hlutanum). Það er satt, og þess vegna vil eg hvorki hafa meira hlutann nè minna hlutann, heldur frumvarp stjórnarinnar, því annars getur sveitarstjórnin eins vísað burt efnilegum manni og ónytjúngnum, og finnst mèr það mjög athugavert, að setja slík lög. Mèr sýnist, að þíngið ætti að vera frjálslegt í þessu, og leggja ekkert

óeðlilegt band á frelsi manna; en það er óeðlilegt, að banna efnilegum mönnum að setjast að, þar sem þeir geta orðið til mikils gagns; því margur maður hefir sezt fyrst fátækur niður, og orðið síðan sveitarinnar bezta stoð; það verður ekki séð undir eins, að hverju barninu lið verði um það lýkur.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er nú reyndar ekki von, að 1. greinin í frumvarpi meira hluta nefndarinnar, hafi gengið í augun á þingmönnum, því hún er ekki heppileg, hvorki að orðum nè efni, enda hafa fáir eða engir, nema nefndin sjálf, orðið til, að styðja greinina; það er sannarlega eitthvað skrítið við það, að nefndin hefir viljað fara að skapa ný fátækralög handa þessum litla flokki landsmanna, nefnilega húsmönnunum, eða réttara sagt: hún hefir ætlazt til töluverðrar breytíngar á lögum þeim, sem gilda um fátækramál, þar sem hún stíngur upp á, eða fer fram á, að ef sveitarstjórnin í einhverjum hreppi leyfir húsmanni þar aðsetur, þó ekki sè nema 1 ár, þá verði hann þar jafnskjótt sveitlægur; það er eins og nefndin hafi með þessu ætlað að gjöra veslíngs húsmönnunum hærra undir höfði, en öllum öðrum; en hún skyldi gá þess, að með þessu vinnur hún húsmönnunum síður en ekki gagn, því engi sveitarstjórn mun svo bernsk, að hún gefi nokkrum húsmanni aðsetursleyfi í sínu umdæmi, ef þetta yrði að lögum. En þá kemur nú líka nefndin með nýja bót, sem eg ætla hinu fyrra engu betri; það er að sveitarstjórnin, þar sem húsmaðurinn er hrepplægur, getur gefið honum heimild til, að setjast að í hverju því hèraði, sem hann vill og getur; en þá getur heldur húsmaðurinn ekki unnið þar sveitarrèttindi, þó hann yrði þar í 60—80 ár. Eg vil nú spyrja nefndina: hvað er unnið með þessari breytíngu? Jú, það er vissulega nokkuð; það er það, að engi húsmaður getur hèr eptir unnið sèr sveitarrèttindi annarstaðar, en þar sem hann er fæddur, ef uppástúngu nefndarinnar yrði framgengt; og ef einhver leiddist í þann vanda, sem er húsmaður, að setjast að annarstaðar, en þar sem hann er sveitlægur, þá verður honum annaðhvort vísað undir eins á bug, eða hann má að öðrum kosti lifa eins og annar útlagi í sveitarfèlaginu, í stað þess, að geta unnið sèr þar sveitarrèttindi, hvað fær sem hann væri um það; eg vil nú spyrja þíngið að: hver mundi kjósa sèr þessa stöðu? eða hvað er nú unnið fyrir húsmennina, ef þetta yrði íög; eg held illt eitt; og því held eg sè hollara, að láta standa við þau lög, sem eru í þessu efni.

Það hefir verið kastað steini á minni hluta nefndarinnar fyrir aðra greinina í frumvarpi hans, sem ákveður, að *sveitarstjórnin í hverjum hreppi* skuli ráða því, hverir skuli fá húsmennskuleyfi, og hverir ekki. Minni hlutinn er nú í þessu atriði alveg samkvæmur bæði meira hlutanum og Reykjavíkurnefndinni, því það er stjórnin ein, sem vill láta þetta heyra undir sýslumann. Eg er nú alveg á því, að það sè bæði réttara og eðlilegra, að þetta heyri alveg undir sveitarstjórnina, því það má sem optast gjöra ráð fyrir því, að hún sè færari og bærari að dæma um það, hvort það sè hollt fyrir hlutaðeiganda sjálfan, eða sveitarfélagið, að honum veitist húsmennskuleyfi, og það verður að eins í fáum tilfellum, að sveitarstjórnin geti verið svo viðriðin, að úrskurður hennar fyrir þá skuld megi álítast ómerkur. Það er að vísu sagt í frumvarpi stjórnarinnar, að sýslumaður skuli leita álits sveitastjórnar þeirrar, er hlut á að máli, áður en hann veitir húsmennskuleyfið; en eigi nú þetta að hafa nokkra þýðingu, þá hlýtur sýslumaður að fara sem optast eptir tillögum sveitarstjórnarinnar, og ræður hún þá *óbeinlínis* lausamennskuleyfinu; byggi hann á öðru, en tillögum sveitastjórnarinnar, er hætt við hann lendi í ógöngum, því það verður sem optast, að hann verður ókunnugur málavöxtum; menn verða líka að gæta þess, að verði sveitastjórnir almennt svo hlutdrægar móti húsmönnunum, eins og sumir hafa ímyndað sèr, þá kemur sú hlutdrægni einnig fram í skýrslum þeim, er sveitastjórnirnar eiga að gefa sýslumönnunum eptir stjórnarfrumvarpinu, og á hverjú þeir hljóta að byggja, eins og áður er sagt. Mèr hefir nú dottið í hug, að breyta 2. grein í frumvarpi minna hluta nefndarinnar í þá stefnu, að sveitastjórnin skuli að vísu veita húsmennskuleyfið, en þó skuli hlutaðeiganda heimilt, ef hún synjar, að skjóta máli sínu til úrskurðar sýslumanns. Með þessu ætla eg vinnist það, að málið verði betur skoðað á báðar hliðar, þegar fyrst að sveitastjórnin færir ástæður fyrir synjuninni; en hinum, sem synjað er, gefst kostur á, að færa það, er hann getur, sínu máli til stuðnings. Þetta fyrirkomulag ætla eg veiti fulla tryggingu fyrir því, að úrskurðir sveitastjórnarinnar í þessu máli verði sem optast áreiðanlegir. Breytíngaratkvæði í þessa stefnu mun eg koma með seinna.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að eins að segja fáein orð: Eg vildi nefnilega fá skýríngu um það hjá *framsögumanni,* eða minna hlutanum, hver meiníng sè í 1. greininni í frumvarpi hans. Hún hljóðar svo: »Sá er húsmaður, en ekki lausamaður, sem á heimili

forstöðu að veita«. Er þá meiningin sú, að allir sè húsmenn, þeir sem hafa heimili forstöðu að veita, nema því að eins, að þeir sè lausamenn? (*Forseti:* Eg ætla að fyirsögnin taki af allan vafa um það).

Framsögumaður: Eg skil ekki, að menn þurfi að vera í vafa um skilninginn á 1. grein minna hlutans, og eg er sannfærður um, að þingmaður Borgfirðínga skilur hana mjög vel, ef hann vill skilja hana.

Því meira, sem eg hugsa um þetta mál, því betur finnst mèr það skýrast fyrir mèr, að frumvarp meira hlutans er mjög svo óeðlilegt og óhaganlegt fyrir þetta land; einkum yrði það mjög tilfinnanlegt fyrir sjávarhreppana, eptir því sem hèr á landi hagar til, ef álit meira hlutans kæmist að, því þangað flykkjast húsmennirnir, og hvergi eru þeir eins fjölmennir og einmitt í þeim. Ef uppsveitirnar ætti að geta þröngvað húsmönnum, eins mörgum og þær eða þeirra forstjórar vildi, inn á sjávarhreppana, þá væri þetta næsta ósanngjarnt, og sjávarhreppunum beinlínis sýnd órèttindi, en svo yrði það þó, ef þetta fyrirkomulag meira hlutans kæmist á; það gæti sumsè leitt til mestu vandræða fyrir sjávarhreppana, ef húsmönnum þannig væri þröngvað inn á þá, sveitarþýngslin yrði óbærileg, þegar harðnaði í ári, og tel eg þá ekki öfundarverða hreppstjórana í þeim hreppum, eða sýslumenn í sjávarsýslunum. Þegar nú harðnaði í ári, væri það ekki síður ócðlilegt og erfitt, að húsmennirnir gæti allir stokkið til uppsveitanna aptur. Mèr kom það því ekki óvart, að ræður flestra þingmanna hafa heldur verið á móti frumvarpi meira hlutans; eg álít það óhafandi. Að stjórnarfrumvarpinu hefir sumum þingmönnum betur geðjast, en eðlilegast þykir mèr frumvarp minna hlutans, því mèr finnst það liggja í augum uppi, að engi getur verið eins fær um að skera úr þessum málum, eins og sveitarstjórnin; hún hlýtur að þekkja allt þetta langbezt, og ætti þess vegna að ráða mestu; og vili menn meta það nokkurs, að sá skeri helzt úr, er helzt þekkir kringumstæðurnar, þá verða menn að taka tillit til þessa. En hèr kemur fram þetta gamla, er svo lengi hefir loðað við hèr á landi, og er oss ekki nema til ills eins, og það er: að valdið er alstaðar og hvergi. Hèr á að taka valdið frá sveitarstjórninni, fá það í hendur sýslumanni, sem, ef til vill, er nýkominn í embættið, má ske útlendur og þekkir ekkert til, hversu hèr hagar til, en samt á hann að geta breytt ráðstöfunum sveitastjórnarinnar í þessum efnum; en nú er ekki nóg

með það: úrskurði sýslumannsins má skjóta til amtmanns, er enn minna þekkir til, og úrskurði amtmanns aptur til stjórnarráðsins í Danmörku, sem þó stendur fjær, og hlýtur að þekkja miður til, en nákunnug sveitastjórn heima í hèraði; en við úrslit stjórnarráðsins skal þó að síðustu standa. Sjá menn nú ekki, hvílík málalengíng þetta er, og hvernig allt er í óvissu, svo missirum og árum skiptir, og hversu þetta dregur allan áhuga, allan kjark úr allri sveitastjórn, sem ekki þykir þó alstaðar svo sterk eða svo dugleg? Eg verð því að álíta það miklu rèttara og affarabetra, að láta sveitastjórnirnar einar skera úr slíkum málum. Í sveitarstjórninni eru þó ætíð þeir menn, er bezt þekkja þar til í sveitinni; prestarnir eru jafnast við þá stjórn riðnir, og sumstaðar 3 og 4 hreppstjórar og beztu bændur, og ætla eg alla þessa menn tilsamans hvorki svo hlutdræga nè svo heimska, að neitt sè í veði, þó menn feli þeim einum að skera úr slíkum málum.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst hèr fara að koma fram sama hugsunin og í öreigagiptíngunum, sem eg þó ekki bjóst við, að mundi koma fram núna í þessu máli.

Forseti: Það er hvorttveggja, að ekki taka fleiri til máls, enda hafa margir þíngmenn beðið þess skriflega, að umræðunum verði hætt; þessari undirbúníngsumræðu er þannig lokið. Eg vil biðja þá, sem ráðgjört hafa breytíngaratkvæði, að koma með þau til mín ekki seinna, en kl. 10 á morgun f. m.

En eg verð nú að snúa máli mínu til hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, áður en eg undirbý dagskrá til morgundagsins; það er nú ekki eptir nema 1 dagur til þess dags, er *konúngsfulltrúi* gaf síðast vil á að lengja þíngið í mesta lagi, því hann kvaðst eigi lengja það lengur en til 16. þ. m., en við eigum eptir enn að minnsta kosti 8 umræður, og það gefur að skilja, að það er ekki unnt að koma þeim öllum af á morgun, eða að menn geti orðið búnir að semja álitsskjöl í þessum málum til föstudags eða laugardags, því þó við í dag höfum setið á þíngfundum í fulla 12 tíma, þá annar engi maður því hvern daginn eptir annan, og þar að auki getum við enga fundabók fengið skrifaða með því fundarhaldi daglega, og þegar svona er setið á fundum fram á nótt, mundi fáir þíngmenn fást til að vaka, til að semja álitsskjöl. Þessi mál, sem enn eru órædd til lykta, yrði því svo gott sem alveg órædd, ef eigi fæst frekari þínglengíng, en til föstudags. En eg get hugsað mèr, að með ekki mjög löngum umræðum og með þeirri elju

og lagi, sem þíngmönnum að öðru leyti er svo eiginlegt, muni umræðum allra málanna geta orðið lokið á laugardaginn 17. þ. mán., svo mætti semja álitsskjöl á sunnudaginn, og lesa þau svo upp, og slíta þíngi á mánudaginn 19. þ. m. Vil eg því leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa*, hvort það standi við sama, sem hann tók fram um daginn, að þíngið gæti ei lengzt nema til hins 16., eða hvort hann gæti slakað svo til, að þíngið yrði lengt til hins 19. þ. m., svo málin geti komizt af. Og að því er konúngsmálunum viðvíkur, þá verð eg að gjöra hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* varan við, að lausamanna- og húsmanna-málið getur eigi komið til ályktarumræðu fyr en í fyrsta lagi á föstudaginn, og það ekki, þó hinn háttvirti *varaforseti* vildi gjöra svo vel að takast á hendur *forseta*störf á fundi á morgun, svo eg gæti samið atkvæðaskrána; en þó nú svo gæti orðið, þá vil eg spyrja, hvort nokkur þíngmaður muni treysta sèr til, að semja álitsskjal í þessu máli til laugardags (*Margir:* Nei, nei). Eg vil því biðja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* í nafni mínu og þíngsins, að gefa upplýsíngar um þetta. Eg verð að fá að vita það, áður en eg sem dagskrána, því ef þetta ekki fæst, verð eg að sleppa sumum málunum úr.

Konúngsfulltrúi: Eg er nú búinn eptir ósk þíngsins að lengja þíngtímann 2 sinnum, fyrst í 10 daga, eða til 10. þ. m. og svo aptur til 16., er eg þóttist þá geta gjört ráð fyrir, að flestum, ef ekki öllum þíngmálunum, yrði þá lokið, og að minnsta kosti verð eg að álíta, að stjórnarfrumvörpin hefði mátt vera búin, á svo löngum tíma, því þau voru lögð fram fyrsta daginn; þau eru hvorki fleiri nè umfangsmeiri en á undanförnum þíngum, og hafa þó verið búin fyr. Eg vona að þíngið hljóti að sjá það, að það tjái ekki að lengja svona þíngtímann hvað eptir annað. Eg vona því, að þínginu geti orðið sagt upp næsta laugardag. Þau mál, sem þá yrði eptir óbúin, verða að bíða seinni tíðar.

Forseti: Eg veit ei, hvort eg hefi verið svo ógreinilegur, að eg hafi ekki orðið skilinn; en eg hèlt, að eg hefði leitt ljós rök að því, að lausamanna- og húsmanna-málið gæti með engu móti komið til ályktarumræðu, fyr en á föstudaginn, og mèr heyrðist á þíngmönnum, að engi treysti sèr til, að skrifa álitsskjal í þessu máli frá því eptir fund á föstudaginn til laugardags. Það er sjálfsagt, að eg get fellt úr sum af þessum málum, ef *konúngsfulltrúi* vildi gjöra þessa eins dags lengíngu, til mánudags, að kappsmáli; en eg vona að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hafi að minnsta kosti

þá nærgætni með mèr að hann sjái, að það er ómögulegt fyrir mig, að vaka í nótt, til að semja atkvæðaskrá í lausamannamálinu, og fá hana prentaða, svo málið komizt til ályktarumræðu á morgun. Að því er þinglengínguna yfir höfuð snertir, þá vil eg nú svara *konúngsfulltrúa* nokkrum orðum. Það var nú að vísu miður heppilegt, að 2 dagar fèllu svo úr af tímanum, sem hann hafði bætt við til þinglengíngar, að eigi varð neitt mál rætt þá daga, en það gat nú ekki öðru vísi orðið, af því stóð á nefndarálitunum; en orsökin til þess var aptur sú, að fjarska fjöldi nefndarstarfa hafði ofhlaðist einkum á 2 þingmenn, svo að þeim var ómögulegt, að koma öllu af í senn. En eg vona, að bæði hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gái að því, og stjórnin taki tillit til þess, að á þingið vantar 2 hina beztu menn; og allir vita, að hvílíku liði hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefði orðið, hefði hann verið á þingmannabekkjunum eins og að undanförnu, og eins og nú var líka ráðgjört; allir þekkja hina 2, þingmann Ísfirðínga, og þingmann Norður-Múlasýslu; það er nú ekki lítið í varið, þegar 3 beztu þingmennina vantar svona. Af þessu hefir aptur flotið, að störfin hafa of hlaðizt á suma þingmenn, því það eru ekki allir færir um, að semja nefndarálit og álitskjöl; þegar þess vegna 14 eða 15 nefndir hlaðast á 2 menn, er ekki von, að öllum nefndarálitunum verði komið af í einu. Þetta vona eg, að stjórnin taki til greina; eg vona, að hún taki til greina, að það vantar á þessu þingi einn af hennar liði, og hún hefir lofað og áskilið sèr að hafa 6 menn á þingi; nú voru þeir eigi nema 5, og fyr og síðar hefir verið gengið út frá því, að hennar menn, hinir svo nefndu konúngkjörnu þingmenn, skyldi bæði færa nægа menntun og vinnukrapta inn á þingið. Málin eru að vísu ekki fleiri, en þau voru á þingi 1859, en þau eru samt eins mörg eins og þá, og eins og þau hafa verið flest og hins vegar skakkar nú ekki nema einum degi, frá því sem þingið hefir áður verið lengst, þó að nú fengist lenging til mánudagsins, 19. þ. m., því 1859 var þingi slitið 18. ágúst; nú hefði einnig mátt slíta þingi s. d., hefði það ekki verið sunnudagur; hèr er því í raun rèttri um enga frekari þinglengíngu að ræða, heldur en var 1859, þetta vona eg, að *konúngsfulltrúi* taki til greina, því eg sè heldur ekki neinn veg til, að álitsskjöl og bænarskrár verði samin í málunum til laugardags, þó þau yrði útrædd á föstudag, sem vart er mögulegt.

Konúngsfulltrúi: Vill og getur hinn háttvirti *forseti* ábyrgzt

það, að málunum geti orðið lokið af á laugardaginn, svo þínginu geti orðið sagt upp á mánudaginn, ef þíngið yrði lengt vikuna út?

Forseti: Já, það er að vísu nokkuð hæpið og varasamt fyrir mig, að gangast undir þessleiðis ábyrgð, en svo framarlega sem allir verða á þíngi með sama fjöri og heilsu, sem nú er, þá vil eg ábyrgjast, að öll málin komast af að öllu leyti, ef lengíng fengist til mánudags.

Konúngsfulltrúi: Eg verð þá að taka það upp á mig að lengja þíngið vikuna út, með því skilyrði, að því geti orðið slitið á mánudaginn næstkomandi, hinn 19. þ. m.; en úr því getur ekkert spursmál orðið um ítarlegri lengíngu á þíngtímanum.

Forseti: Eg finn mèr nú skylt, að þakka hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*, bæði í þíngsins og mínu nafni, fyrir þessar góðu undirtektir hans; og er nú vonandi, að öll málin fyrir þetta fái góð og greið afdrif hèr á þíngi; og það sjá allir, hvílíkur kostnaðarsparnaður er að því, að þurfa eigi að hætta við málin hálfrædd, draga þau svo frá einu þínginu til annars, og verða svo að taka þau til umræðu og meðferðar af nýju á öðru þíngi; en nú þurfa þau þjóðmálin, sem eptir eru hálfrædd, alls ekki að tefja fyrir, nè heldur þarf þínglengíngu þessa vegna þeirra mála, því það er einmitt vegna konúngsmálanna, sem nauðsyn krefur, að þíngið sè lengt til mánudags.

Því næst til tók *forseti* verkefni til næsta fundar, og ákvað fund á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Fertugasti og fimmti fundur -15. ágúst.

Forseti gat þess, að þíngmaður Skagfirðínga hefði tilkynnt sèr, að hann ekki gæti komið til sætis framan af fundinum.

Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskrárinnar, skal eg leyfa mèr að geta þess, að kand. *Stefán Thordersen* hefir tilkynnt mèr, að hann sökum lasleika verði að hætta skrifarastörfum; og hefi eg því, í von um samþykki hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, tekið kand. *Markús Gíslason* í hans stað.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúníngsumræðu fjár-*

kláðamálið. *Framsögumaður* er hinn konúngkjörni varaþíngmaður; og skal og biðja skrifarana að afhenda honum málið.

Var nefndarálitið síðan afhent framsögumanni, og las hann það upp svo hljóðanda:

Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, sem ritum hèr undir nöfn vor, í nefnd, til að íhuga og segja álit vort um ýmsar bænarskrár, sem til þíngsins eru komnar, samtals 13, viðvíkjandi fjárkláða þeim, sem um hríð hefir gengið hèr í landi.

Vèr höfum nú rætt og íhugað þetta mál á fundum með oss, og er álit vort um það, eins og nú skal greina.

Vèr látum þess fyrirfram getið, að nefndin, eins og hinu heiðraða þíngi er kunnugt, varð að álíta, að mál þetta væri í tveim liðum, er alls eigi gæti orðið samferða í einu nefndaráliti, með því bænarskráin frá þíngvallafundinum færi fram á bráðabyrgðarráðstafanir frá hálfu stiptamtsins, þar sem hinar lúta að því, að þíngið sendi bænarskrá til konúngs um málið, og með því nefndinni þótti með öllu nauðsynlegt, að hafa fyrir sèr til leiðbeiníngar stiptamtsins undirtektir undir það, áður hún kvæði upp álit sitt í aðalmálinu.

Hið heiðraða þíng hefir þegar rætt fyrri lið málsins, og sent uppástúngur sínar gegnum *forseta* sinn til stiptamtmanns, með áskorunum að framfylgja þeim, og er hinu heiðraða þíngi einnig kunnugt um undirtektir hans, í brèfi dags. 5. þ. m., undir þessa áskorun þíngsins.

Þegar vèr nú þá snúum oss að aðalmálinu, verður því eigi neitað, að bænarskrárnar fara mjög í ýmsar áttir, er sumar þeirra fara fram á niðurskurð á sýktu og grunuðu fè, en aptur aðrar afbiðja niðurskurð, en halda fast fram lækníngum, sem, einsog kunnugt er, hafa verið við hafðar í Suðuramtinu. Með því nú nefndin ekki gat sèð sèr fært, að leggja aðra af þessum aðalstefnum um meðferð þessa máls eingöngu til grundvallar, en hafna hinni, þá varð hún að álíta það ætlunarverk sitt, að samrýma aðalhugsunina í hvorumtveggja bænarskránum, og gat það ekki dulizt henni, að allar bænarskrárnar til samans teknar lýsa skýlaust almennum óskum og áhuga á því, að rýma þeim leyfum fjársýkinnar, er enn þá kynni eptir að vera, alveg burtu. Nefndin fær og eigi betur sèð, en að þessar bænarskrár, hvor með annari, meir eða minna bendi til þess, að stjórn þessa máls, sem er svo mikils varðandi fyrir

landið, sè og hafi verið ábótavant, og mun því vart verða neitað, að það hafi verið og sè enn þá hvorttveggja, að skort hafi almennar og eindreignar lagaákvarðanir um þetta mál, er allar framkvæmdir í því hafa verið byggðar á skipunum og ráðstöfunum hinnar umboðslegu stjórnar, enda hafa og framkvæmdirnar sjálfar verið heldur lingjörðar, og eigi heldur sjálfum sèr svo samkvæmar, sem óskandi hefði verið. Nefndin getur að þessu leyti ekki leitt hjá sèr, að vekja athygli þingsins að því, að stiptamtmaðurinn hefir í áminnstu brèfi sínu 5. þ. m. lýst því yfir, að hann eigi, upp á sítt eindæmi, hafi heimild til, að framfylgja þeirri uppástúngu þingsins, að hann skipaði menn með nægu valdi og fullri ábyrgð til, að hafa á hendi umsjón og framkvæmd í þessu máli til bráðabyrgða, sem þó allir munu verða að telja með öllu nauðsynlegt, ef málið á að geta haft góðan framgang, eins og stiptamtið líka hefir talið ýms önnur vaudkvæði við sumar af hinum öðrum uppástúngum þingsins.

Nefndin getur nú að öðru leyti alls eigi fallizt á þá skoðun stiptamtmannsins, sem virðist að koma fram í tèðu brèfi, að mál þetta nú þegar, ef til vill, sè algjörlega til lykta leitt, því enda þótt það nú sem stendur yrði sagt, að kláðinn sè á sárfáum stöðum, þá er þó alls eigi fyrir allan ugg girt, að hann eigi kunni að dyljast einhverstaðar, eða kvikna upp, þegar minnst varir, og þá, ef til vill, útbreiðast, nema betur sè fyrir sèð, og koma af stað nýjum vandræðum og tjóni í landinu.

Þegar nefndin nú þannig getur gengið að því sem vísu, að nýjar reglur og ráðstafanir þurfi við í þessu máli, til þess að menn geti verið óhræddir fyrir útbreiðslu sýkinnar enn á ný, og stiptamtið, eins og ávikið er, eigi sèr sèr fært, að framfylgja þeim ráðstöfunum, jafnvel ekki til bráðabyrgða, sem nefndin og þingið hefir álitið ómissandi, þá virðist nefndinni auðsætt, að þingið verði að rita vorum allramildasta konúngi bænarskrá um það tvennt, að gefnar verði almennar lagareglur, er gefi valdstjórninni hèr á landi nægа heimild til, að framkvæma það, sem gjöra þarf, hve nær og hvar sem á sýkinni kynni að brydda, eða þá öðrum hættulegum fjárveikindum, og í öðru lagi að tryggja umsjón og eptirlit allt á málinu, með því að skipuð sè föst nefnd hèr á landi, er hafi á hendi, að svo miklu leyti, sem því verður við komið, hinn sama starfa, sem dýralækningaráð erlendis eru vön að hafa.

Viðvíkjandi hinu fyrra atriði, hefir nefndin samið frumvarp til

laga, sem byggt er á þeirri aðalskoðun, sem þingið þegar hefir aðhyllzt í fyr tèðum uppástúngum sínum til stiptamtmannsins, og hinum sömu grundvallarreglum, sem lögin í Danmörku um þetta efni frá 29. desember 1857 hvíla á. En með því það er kunnugra, en frá þurfi að segja, að ýms önnur veikindi, en fjárkláðinn einn, eyða og hafa um langan tíma eytt fjárstofni lands þessa, þótti nefndinni nauðsyn til bera, að reglurnar næði yfir hver sem helzt hættuleg og næm fjárveikindi.

Að því er hið síðara atriðið snertir, ætlar nefndin að allir muni játa, að nauðsyn beri til þess hèr á landi, eins og annarstaðar, að skipuð sè sèrstök nefnd, er hafi sèrstaklegt eptirlit bæði með fjárræktinni yfirhöfuð, og sèr í lagi með hinum hættulegu fjársjúkdómum lands þessa, og sem valdstjórn landsins lagi aðgjörðir sínar eptir, og virðist fjárkláði sá, sem hèr er einkum og sèr í lagi umtalsefnið, að gjöra þessa nauðsyn enn berari og augljósari, en hún má ske ella hefði verið, í almennings augum, og það því heldur, sem enn eru engir dýralæknar hèr, og engi líkindi til, að þeir verði margir fyrst um sinn. Að öðru leyti verðum vèr að álíta, að óþarft sè, að taka frekar fram, hvernig skipulagi þessarar nefndar ætti að vera háttað, og hverjum reglum hún ætti að vera bundin.

Vèr getum nú alls eigi ímyndað oss annað, en að stjórnin muni verða fús á, að fallast á þessar tillögur vorar, svo framarlega, sem hið heiðraða þing verður oss samdóma, því bæði er það, að stjórnin, eins og allir vita, hefir álitið sèr það skylt, að hafa ýms afskipti af kvikfjárræktinni í Danmörku, og styðja hana og efla á margan hátt fyr og síðar, og að vonandi er til, að vèr Íslendíngar njótum hinnar sömu aðstoðar og umhyggju frá hennar hálfu, enda er það kunnugra en frá þurfi að segja, hversu mikið hún hefir aðgjört í fjárkláðamálinu undanfarin ár á Íslandi, er hún hefir tekið að sèr alla stjórn þess og umsjón, og tillögur vorar fara eigi fram á annað, en það, sem nauðsynlegt er, til þess að aðgjörðir stjórnarinnar fái nokkra stöðuga þýðingu eður áhrif, hvort sem litið er á fjárkláðann sèrstaklega eða fjárræktina yfir höfuð að tala.

Vèr þykjumst þess því einnig fullvissir, að stjórnin muni vilja leggja fè til framkvæmdar uppástúngum vorum, að því leyti nauðsynlegt er, og skulum vèr í þessu efni láta þess getið, að það flýtur af sjálfu sèr, að nefnd sú, sem skipuð yrði, hlyti að fá sanngjarna þóknun fyrir starfa sinn, eins og það virðist með öllu nauð-

synlegt, að nokkuð fè sè ætlað til eflíngar fjárræktinni sjálfri ár hvert, að minnsta kosti þangað til áhugi manna og athygli á sem beztri meðferð sauðfjárins hèr á landi, er orðinn almennur, og nytsemi hennar meir viðurkennd, en nú á sèr stað víðast hvar, og ætlum vèr, að þetta fè mætti ekki minna vera en 5000 rdl. ár hvert. Samkvæmt þessu leyfum vèr oss að ráða hinu heiðraða alþíngi, að rita vorum allramildasta konúngi bænarskrá, og beiðast þess:

1. að hann mildilegast strax vildi löggilda meðfylgjandi frumvarp til laga um fjárkláða og önnur veikindi á Íslandi.
2. að hann enn fremur mildilegast vildi, þegar í haust, skipa fasta nefnd hèr á landi, til að hafa eptirlit með algjörlegri útrýmíngu fjárkláðans, samt öðrum fjársjúkdómum og fjárræktinni yfir höfuð.
3. að hann mildilegast vili veita 5000 rdl. á ári hverju til þessa augnamiðs.

Reykjavík 12. ágúst 1861.

Benedikt Sveinsson, formaður og framsögumaður. *Stefán Jónsson.* *Arnljótur Ólafsson,* skrifari.

Gísli Brynjúlfsson. *Jón Hjaltalín.*

Frumvarp nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

1. gr. Það skal hèr eptir vera skylda lögreglustjórnarinnar og þeirra, er kynni að verða skipaðir henni til aðstoðar, að halda nákvæman vörð á, ef fjárkláði eður önnur hættuleg og næm fjárveiki kemur upp hèr á landi, svo sem t. a. m. bráðasótt, fjárbóla, næm klaufnaveiki og lúngnaveiki.
2. gr. Komi einhver sú veiki fyrir, sem nú var nefnd, þá skal lögreglustjórnin sjá um, að hið sýkta fè verði þegar í stað stranglega aðskilið frá öllum samgöngum við heilbrigt fè; svo skal og því haldið sèr um tíma, sem líkindi eru til, að veiki kunni að dyljast í, uns grunlaust er.
3. gr. Með það fè, sem er veikt eða grunað, skal eigandi þess skyldur til, að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um gæzlu og meðferð þess, nema því að eins, að hann heldur kjósi að lóga því þegar.
4. gr. Nú sýnir eigandi annaðhvort óhlýðni eða hirðuleysi, þá er lögreglustjóri skyldur til, að láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur, á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði yfirvalds. Hamli

fátækt eiganda, þá skal hið opinbera skjóta því til, sem hann getur ei borgað.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta mál að svo stöddu; aðalhugsunin í frumvarpi því, sem nefndin hefir samið, er byggð á hinni sömu grundvallarreglu, sem þingið aðhylltist í hinum fyrri hluta þessa máls. Eg skal þá leyfa mèr að geta þess fyrst og fremst, að það kynni í fljótu áliti að virðast svo, að þessari grundvallarreglu sè þó ekki svo strangt fylgt, sem menn, ef til vill, hefði á kosið, þar eð ákvarðanirnar um meðferð hins sýkta fjár eru öðruvísi orðaðar í frumvarpinu, en í áskoran eður uppástúngum þingsins til stiptamtmannsins, en þegar betur er aðgætt, þá er þetta ekki svo í raun og veru. Nefndin vill og ræður til, að þingið sendi frumvarp til stjórnarinnar, til þess að fá almenna lagaheimild, sem meðferð máls þessa skuli framvegis fara eptir. Fengist nú þessi lagaheimild eður yrði frumvarpið gjört að lögum, þá mundi þau eigi einúngis heimila, heldur jafnvel gjöra hinu opinbera það að skyldu, að lóga hinu veika fè, er sjá mætti fram á, að yrði fèlaginu til meins eður skaða, og það áður en það væri tekið undir lækningar, þegar svo stæði á, að þeim yrði ei vel við komið. Eg skal í þessu tilliti benda á lögin í Danmörku, er frumvarpið er lagað eptir; þar er hvergi með berum orðum talað um niðurskurð, en þó er skorið niður í Danmörku, ef hinu opinbera virðist ekki tilvinnandi að lækna í það og það skiptið. Að þetta sè nú rètt og satt, sèst bezt af því, að annar af hinum konúnglegu erindsrekum í fjárkláðamálinu, er hingað voru sendir, lèt fyrir skömmu skera niður í Danmörku sýktar skepnur, og þó er þar engi heimild fyrir því, nema lög þau, sem frumvarpið er sniðið eptir. Þetta tek eg nú fram, til að forða mönnum fyrir misskilningi og til að sýna, að nefndin hefir nú farið í sömu stefnu, sem farið var í uppástúngum þingsins til stiptamtmanns, en það liggur aptur í hlutarins eðli, að búníngurinn á grundvallarreglu nefndarinnar hlýtur að verða annar, í almennum lögum um allt land, en í umboðslegum bráðabyrgðarákvörðunum, sem að eins snerta Suðuramtið. Það eitt nýtt, sem nefndin fer fram á, er þá í raun og veru það, að hún vill fá almenna lagaskipun um málið; þetta álítur nú nefndin ómissandi, og eg ætla, að allir verði að vera henni samdóma í því; því á meðan lagaskipunina vantar, þá er allt komið undir hinni umboðslegu stjórn, og þá fer hvert einstakt yfirvald eptir eigin geð-

þótta sinum, eður réttara eptir því, er honum virðist réttast og haganlegast, og út af þessu hefir aptur öll misklíðin í þessu máli sprottið. Þá er annað atriði, sem eg verð að minnast lítið eitt á; nefndin áleit það að vísu sjálfsagt, að valdstjórnin hefði á hendi framkvæmd alla í þessu máli; en það gat þó eigi dulizt henni, að það væri með öllu nauðsynlegt, að sett væri nefnd, er gefið gæti valdstjórninni bendíngar, og sæi um það hvervetna, að þau ráð og upplýsíngar væri gefin, sem menn eigi geta gjört ráð fyrir, að valdstjórnin hafi í höndum sèr; og ætti nefnd þessi þannig að svara til þess, er menn kalla dýralækníngaráð erlendis. 3. atriðið, er eg ætlaði að drepa á, var það, að nefndinni þótti það alls eigi eiga við að binda tillögur sínar við fjárkláðann eingöngu, og biðja stjórnina um svo verulegar og nýjar ráðstafanir einúngis fyrir hans sakir. Reyndar má eg nú játa fyrir mitt leyti, og það held eg flestir nefndarmenn megi með mèr játa, að hvorki eg eður þeir hafi mikið vit á fjársjúkdómum eður öðrum veikindum; en það veit bæði eg og aðrir, að erlendis gefa menn öllum hættulegum fjárveikjum jafnan gaum, og að ein og hin sama umsjón frá hálfu hins opinbera nær yfir þá alla. Nú vitum vèr og, að á Íslandi eru einnig margir aðrir hættulegir fjársjúkdómar, en fjárkláðinn, og ef menn nú vilja innleiða sömu eður líkar reglur og umsjón, fjárkláðanum viðvíkjandi hèr á landi, eins og er í Danmörku, þá ætti menn sannarlega ekki að gleyma hinum öðrum fjárveikjum, sem hafa eytt og eyða fè voru. Menn mega nú ekki skilja þetta svo, að nefndin hafi álitið fjárkláðann svo þýðingarlítinn, að eigi væri vert, hans vegna, að fá lög, því það var einmitt skoðun hennar, að kláðinn væri það helzta og fyrsta, sem hèr væri um að ræða. En úr því nefndin rèði til, að gefin yrði ný lög, og hèr á landi væri stofnsett lík umsjón og stjórn, kláðanum viðvíkjandi, eins og er í Danmörku og í öðrum löndum, áleit hún réttast, að láta lögin og hina nýju umsjón hins opinbera vera svo almenna, að þau næði einnig til hinna annara fjársjúkdóma, sem vofa yfir oss, og var nefndin sannfærð um, að stjórnin þá því fremur mundi gefa tillögum þíngsins fullan gaum, að því er sèr í lagi útrýmslu kláðans snertir.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að vekja athygli þíngmanna að því, að hèðan af mega umræðurnar ekki vera mjög langar um þetta mál, nè nein þau mál önnur, sem órædd eru til undirbúnings og ályktar, því málin eru öll, þessi sem eptir eru, svo nákvæmlega niður lögð til dagskrár og meðferðar á hverjum degi, að út af því

má nú ekki bera, að dagskráin tæmist eða verði út rædd á hverjum fundi; og þar að auki er þetta nauðsynlegt vegna þingbókarinnar, eða svo að eigi safnist fyrir að undirbúa fundina jafnóðum; verði að fresta einhverju máli frá einni dagskrá til annarar eða frá einum fundi til annars, þá er auðsjáanlegt, að sleppa verður einu málinu sem enn er órætt, nema menn hagi svo ræðum sínum, að dagskráin komist af í hvert sinn.

Sveinn Skúlason: Eg get ekki ímyndað mèr, að umræðurnar geti verið mjög stuttar í þessu máli, og eg sè ekki, hvað er á móti að hafa kveldfund; nú eru 4 þingskrifarar, aldrei þessu vant, og gæti þeir þá hlaupið allir í skrápana, til að koma þingbókinni af; líka mætti taka fleiri aukaskrifara þessa fáu daga, og gæti þá hinir lesið þeim fyrir.

Forseti: Það getur verið, að hinn háttvirti þingmaður, sem nú settist, sjái betur en eg ráð til að lúka störfum alþingis eður hinum óræddu málum á þessum stutta tíma, en eg sè þau ekki; og eigi heldur sè eg fært, að hafa meir en einn fund á dag hèðan af, nema má ske seinasta daginn, 17. þ. m., því ella getur þingbókin og fundirnir eigi orðið undirbúnir, áður en þingi verður slitið.

Ásgeir Einarsson: Eg ímynda mèr, að það þurfi ekki svo langar umræður, heldur að þingmenn hagi svo orðum sínum, að þeir láti í ljósi meiningu sína skýrt og í fám orðum.

Guðmundur Brandsson: Eg býst nú við, að umræðurnar verði ekki stuttar um þetta mál, ef menn annars fara að ræða það, því mèr finnst það þurfa talsverðar skýríngar við. Eg held nú, að lítill skaði væri, þó það fèlli hèr niður, einkum þar það fer í allt aðra stefnu, en fyrri hluti málsins; og naumast getur hjá því farið, að langar umræður og mörg breytíngaratkvæði komi við það, ef menn fara langt út í hin einstöku atriði. Það er til dæmis í 1. tölul. talað um »*önnur veikindi*«; hvaða *önnur veikindi* eru það? (*Framsögumaður:* Það er prentvilla; á að vera »*fjárveikindi*«); 2. tölul., um þessa nefnd, sem beðið er um að sett yrði hèr á landi, þykir mèr nokkuð yfirgripsmikill. Nefndin sýnir öldúngis ekki, hvað hún meinar; ekki getur það verið dýralæknanefnd, því þeir eru hèr ekki til; það verða þá að vera í henni ólærðir menn; eg held, að þessi nefnd ætti bágt með að hafa eptirlit um allt land; ætli póstferðir og samgöngur reyndist ekki heldur strjálar fyrir hana, er ætti að hafa stöðugt eptirlit alstaðar og ekki einúngis hafa gætur á veikindum fjár-

ins, heldur á annari meðferð þess. Mèr er að vísu ókunnugt um kláðanefndina hèrna í Reykjavík, og vil því hvorugt um hana segja, en þó held eg að litlu betur hafi gengið, meðan hún var, en áður, á meðan stiptamtmaður var einn um það. En nú þykir mèr þyngja á klárnum, því hafi sú nefnd átt fullt í fangi með fjárkláðann einan, þá er þó auðsèð, að örðugra er ætlunarverk þessarar nefndar, er hún á að hafa eptirlit með öllum fjárveikindum. Hèr er beðið um 5000 rdl. á ári hverju; en til hvers? til að bæta með fjárræktina, og sjáfsagt að lækna, ef á þarf að halda, en ef engi fjárveiki kemur upp; hver á þá að hafa þetta fè? á nefndin að hafa það? (*Framsögumaður:* Nei); hvað á þá að gjöra við það? Það á að skipa strangan aðskilnað; en hvernig mun þessi dýralæknanefnd geta sèð með því um lúngnaveiki, pest o. fl., og geta sagt, að sú eða sú kind sè grunuð eða ekki grunuð? Eg held því bezt, að láta málið dragast, nema því verði því betur við hjálpað með breytíngaratkvæðum. Þó eg játi, að það sè of seint að vísa því til nefndarinnar aptur, og hún geti ekki hjálpað því við, og sè það því sama, sem að fella málið, vil eg þó samt bera upp þá uppástúngu, samkvæmt. 69. gr. alþ.tilsk., og skjóta því til hins háttvirta *forseta,* að láta ganga til atkvæða um það; það tekur eigi langan tíma, og má þá eins halda áfram umræðunum, ef uppástúnga mín fellur; en verði hún samþykkt, sem eg þó síður ætla að verða muni, þá sèst, að fleiri en eg hafa lítið traust á nefndaruppástúngunum, og sparast þá þar við bæði umræður og tími.

Konúngsfulltrúi: Eg skal að eins leyfa mèr, að fara fáum orðum um þetta nefndarálit, að því leyti það lýtur að því, að biðja stjórnina um almennt lagaboð um meðferð á fjárkláða og öðrum fjárveikjum hèr á landi; og skal eg þá leyfa mèr að láta í ljósi, að þessi uppástúnga virðist í eðli sínu rètt hugsuð, að því leyti málið yrði með þeim hætti fært undir eina og sömu aðalreglu yfir allt land, sem í eins umboðslegu máli og þessu, og þar sem fleiri eiga að hafa framkvæmdina á hendi, virðist nauðsynlegt, því reynslan er búin að sýna það, að hin umboðslega stjórn hefir í þessu kláðamáli farið mjög svo í frábrugna stefnu. En þegar nefndarálitið fer fram á það, að hèr sè stofnuð nefnd fyrir allt land, sem eigi að hafa á hendi alla umsjón og meðferð málsins, verð eg að álíta, að það sè ofætlun fyrir hvers konar nefnd, sem væri, og hvernig sem hún yrði skipuð mönnum, að hafa þessa umfangsmiklu köllun á hendi um allt land. Það vantar þar að auki menn í þessa nefnd, nefni-

lega »*Mænd af Faget*«, en það er þó skilyrðið fyrir því, að ráðstafanir hennar, tillögur og aðgjörðir yfir höfuð fái sína réttu og tilætluðu þýðingu, og eg verð því að efast um, að stjórnin muni aðhyllast þessa uppástúngu, og leggja fé til þess, að slík nefnd yrði stofnuð; það hjálpar ekki, að fara hér eptir því, sem fyrir er skipað í Danmörku; þar er svæðið miklu minna, og þar er nógum mönnum á að skipa, enda er sú þar skipaða »*Veterinaire Sundheds-Commission*« skipuð eintómum dýralæknum; en því máli er hér ekki að skipta, því slíkir menn eru ekki til. Eg skal að öðru leyti, í sambandi við þá nefndaruppástúngu, sem hér ræðir um, geta þess, að eg er búinn að skrifa stjórninni og biðja um, að hún mildilegast vildi veita 5000 ríkisdali fyrst um sinn, til eflíngar fjárræktinni hér í landi, til þess að koma hér upp betri fjárhúsum, og betri meðferð á fé, hlynna að almennum böðum á fé, sem hér hafa gefizt svo vel, og yfir höfuð að gjöra allt það, sem orðið gæti fjárræktinni hér til framfara og uppkomu. Eg veit að vísu ekki um undirtektir stjórnarinnar, en eg er sannfærður um, að hún gefur málinu allan þann gaum, sem hún finnur ástæður til; eg ætlaðist til, að fé yrði veitt úr ríkissjóðnum, og hver amtmaður með 2 tilkvöddum mönnum, héraðslækninum og einhverjum reyndum og greindum bónda úthlutaði því; svona hér um bil hefi eg skrifað stjórninni; eg get ekki betur skilið, en að þetta fyrirkomulag geti komið að notum, og að vísu yrði áhuga á betri fjárrækt haldið vakandi. Eg hefi leyft mér að geta þess hér, ef hið heiðraða þíng kynni að finna ástæðu til, að hafa af þessari uppástúngu minni einhverja hliðsjón. Eg hefi áður tekið það fram í málinu, að eg yrði að álíta kláðamálinu sjálfu komið þannig á veg, að það nú ekki mundi þurfa neitt að óttast; þíngið er nokkuð á annari skoðun, og það vakir allt af fyrir því, að kláðinn bæði kunni að dyljast hér eða gjósi hér upp aptur, þegar minnst vari; og skal eg ekki fara lengra inn í það atriði, en leyfa mér að eins að biðja hið heiðraða þíng, að fara með allri stillíngu í þetta mál, því of mikill ákafi spillir alstaðar, og þá einnig hjá stjórninni, fyrir í hverju máli sem er; þetta vil eg biðja hið heiðraða þíng vel að athuga.

Sveinn Skúlason: Eg verð að lýsa því yfir, svo illt sem mér þykir það, að eg verð að vera með því, að fella málið, nema miklar breytíngar fáist á því frá því, sem það nú er, eins og það liggur fyrir. Nefndin hefir að mínu áliti gjörsamlega brugðizt þínginu og þeirri von, er það bar til hennar, og hún hafði skuldbundið

sig til eptir fyrri kafla málsins; uppástúngur nefndarinnar eru nú allt linari og ónýtari, þar sem hún þó skuldbatt sig til, að fara í sömu stefnu, en hefir ekki gjört það (*Framsögumaður:* Misskilningur); nei! það er allt miklu linara og óákveðnara, og ekkert gagn í mestu af því, nema frumvarpinu, ef það yrði gjört að lögum með talsverðum breytíngum. Eg skal þá snúa mèr til niðurlagsatriða nefndarinnar. Í þessari föstu nefnd í öðru niðurlagsatriðinu sè eg ekkert gagn; hún hefir ekki gjört og mun eigi gjöra annað, en að »*forkvakla*“ eða spilla þess konar málum, hræra í stiptamtinu, ónýta framkvæmdina, og gjöra það að verkum, að ekkert verður úr neinu, þvert á móti því, sem þíngið skrifaði stiptamtmanni, og vera átti til að styrkja framkvæmd hans. Það lá næst fyrir nefndinni, þegar hún hafði ráðið til, að senda stiptamtmanni uppástúngur um þær bráðabyrgðarráðstafanir, sem hann í svari sínu til þíngsins ekki þóttist hafa fullt vald til að framkvæma, að útvega þá stiptamtmanninum það vald, sem hann sagðist ekki hafa. Eptir nefndarálitinu á þessi nefnd að hafa vald til, að fjalla um alla sjúkdóma og fjárrækt yfir höfuð; nefndarmenn yrði þá að vera póstar eða förukarlar, er gæti ferðast um, þreifað um hvert kindarhöfuð á landinu, og sè eg ekki, hvaða gagn væri að því. Sama er að segja um 3. niðurlagsatriðið. Þessir 5000 rd. eiga víst að vera »*Honorar*« handa nefndinni fyrir póstgöngurnar, og svo fyrir ráðstafanir hennar. Eg segi fyrir mig, að eg get ekki gefið atkvæði fyrir neinu af niðurlagsatriðunum, nema hinu fyrsta og þó breyttu, og vil eg því bera upp ný niðurlagsatriði í líka stefnu og nefndin fór áður. Um frumvarpið ætla eg ekki að tala langt; það hafa svo margir löglærðir menn fjallað um það; en þar var líka einn læknir, og því er farið út í lækníngasáima. Hèr eru nú taldir upp margir sjúkdómar, og hefir nú áður verið minnzt á þá í »*Hirði*«; en fyrst farið er að fara út í öll veikindi á fè, þá mætti telja fleiri; það er t. a. m. *skita* o. fl., er eg man ei nöfn á. Eg held því óhætt væri, að breyta 1. niðurlagsatriðinu þannig, að nefndin hèldi vörð á fjárkláðanum og öðrum næmum sjúkdómum, því hún mun ná skammt til, að hafa eptirlit með *öllum* fjárveikindum, og þess er ekki heldur þörf (*Framsögumaður:* Næmum). Það stendur hèr ekki (*Helgi G. Thordersen:* Búið að leiðrètta það); nei! það var að eins sett »*fjár*«. Við 2. gr., um aðskilnað hins sýkta og grunaða fjár, ætla eg ekki að bera upp breytíngaratkvæði. Í 3. gr. þykir mèr »meðferð« of óákveðið, og vil eg breyta því til betri skýríngar.

Við 4. gr. ætla eg að gjöra breytíngaratkvæði, samkvæmt því, sem farið var fram á í 7. gr. í hinum fyrri uppástúngum nefndarinnar. Aðalatriðið er, að hèr í frumvarpið vantar það verulegasta, sem stóð í uppástúngunum til stiptamtmannsins, nl. um tiltekníng tímans, þessar 6 vikur, er átti að reyna lækníngarnar á; þetta var aðhald, og hefði getað komið í veg fyrir þenna dæmalausa óguðlega slóðaskap, sem hèr hefir verið með lækníngarnar; hèr er talað um *gæzlu og meðferð,* en engi takmörkun, engi tími til tekinn.

Eg vil því bera upp 2 ný niðurlagsatriði, á undan 1. tölul. nefndarinnar, og svo viðaukauppástúngu fyrir aptan 4. tölul. Það er eðlilegt, fyrst stiptamtið þykist ekki hafa vald, þá að útvega því það. 2. atr. er samkvæmt 7. atr. í uppástúngunum til stiptamtsins; það er nauðsynlegt, að framkvæmdarvaldið hafi fè til handa þeim fátæku, til þess að drífa ráðstafanir sínar áfram. Eg álít það óhafanda, að nefndin fái þessa 5000 rd., til þess að bollaleggja við hliðina á framkvæmdarvaldinu. Eg áskil mèr nú rètt til að laga þessar uppástúngur mínar að efninu til; eg er svo stirður í lögum. Það atriði vantar í frumvarpið, að til taka 6 vikna tímann; það var þó gjört í fyrri uppástúngunum, en vantar hèr *(Framsögumaður:* Misskilníngur). Engi misskilníngur. Upp úr þessum stranga aðskilnaði verður ekkert haft; en ef skorið er í tíma, getur það gjört mikið gott; eg vil því, að framkvæmdarvaldið hafi ráð til þessa. Eg ætla svo ekki að tala meira, fyr en eg er búinn að fá að heyra hjá hinum heiðraða *framsögumanni* um allan þenna misskiluíng.

Páll Sigurðsson: Hinn heiðraði þíngmaður úr Norður-Þíngeyjarsýslu hefir nú tekið fram flestar þær ástæður, er eg ætlaði að koma með. Nefndin í þessu máli varð nú heldur stórstíg í fyrri hluta málsins, þar sem hún lagði það fyrir stiptamtmann, er honum var ómögulegt; en nú í seinni hlutanum koma allt aðrar reglur; það sem helzt þurfti með, var að fá vald handa stiptamtmanninum; en hvernig verður framkvæmdin nú eptir þessu? Þíngið sýndi í hitt eð fyrra, að eina ráðið til að útrýma kláðanum væri, að þjappa saman fènu og þrengja svið sýkinnar, og jafnframt hafa við lækníngar, en lækningar að gagni. Eg held þá, að bezt væri að fara að eins og Rómverjar, að fá *vandræðastilli,* en ekki þessa kláðanefnd. Hvað gjörði hin gamla kláðanefnd í Reykjavík? Hún lèt ala sig á fè ríkisins sem embættismenn. Hún gaf það svo út, að hèr væri kláðalaust; en það hefir ekki reynzt svo, því þá þyrfti

hèr engar kláðaræður; eg álít því bezt að hrinda málinu, vegna þeirra annmarka, sem á því eru, því eg sè ekki, að úr þeim verði bætt, svo not verði að (*Sveinn Skúlason:* Þá er bezt að taka breytíngar mínar). Það getur verið, að þær geti bætt; en eg gat ekki áttað mig á þeim; það er ekki minnzt á það, sem þíngið komst niður á í hitt eð fyrra, nl. að þrengja kláðasviðið, heldur að elta kláðann innan um það, og taka svona kind og kind, það getur lengi gengið, og tekur ef til vill, aldrei endað; þetta getur verið ráð, en eg sè það ekki. Þíngið er nú á fráleitri stefnu við þá, sem það tók í hitt eð fyrra, og sem þíngið áleit skynsamlega, og það var eigi einúngis það, heldur þótti öllum landsmönnum stefnan skynsamleg, og vil eg taka til dæmis um það Borgfirðínga. Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um málið; en halla mèr að uppástúngu hins heiðraða þíngmanns úr Gullbríngusýslu; því nefndarinnar stefna er nokkuð sèrstök, þar sem hún ræður til, að biðja um lög, til að útrýma fjárkláða og öllum fjársjúkdómum, og hafa eptirlit með fjárræktinni yfir höfuð. Eg sè nefnilega ekki, að þetta geti orðið að liði; hèr vantar bæði að tiltaka timann, og svo vantar líka aflið, sem stiptamtmaður sagði, að sig vantaði; þetta er að elta kláðann, en ekki að taka fyrir kverkar honum; það getur með því móti orðið langt þess að bíða, og verður líklega aldrei, nema ef sú er meiníngin, að öllu fè í landinu skuli eyða.

Forseti: Eg vil bera það undir hina heiðruðu þíngmenn úr Gullbringu- og Rangárvallasýslu, hvort þeir óska, að uppástúnga þeirra um, að vísa málinu aptur til nefndarinnar, sem eg álít ekki ólöglega upp borna, sè borin þegar undir atkvæði eptir 69. grein alþ.tilsk., eða því frestað, þangað til umræðunum er lokið eptir 70. gr.

Jón Hjaltalín: Eg vona að mínir heiðruðu meðnefndarmenn láti ekki reka sig svo upp í hrútshorn, að þeir ekki noti leyfið í 61. gr. alþ.tilsk.

Framsögumaður: Eg vona, að eg sem *framsögumaður* í málinu hafi heimild til, að fá orðið, áður en gengið er til atkvæða um þessa uppástúngu, og vil eg þá leyfa mèr að benda þínginu á 69. gr. alþíngistilsk., og biðja hina heiðruðu þíngmenn að sýna mèr lagaheimild fyrir uppástúngu sinni, og að minnsta kosti færa einhverja skynsamlega ástæðu fyrir því, að vísa megi málinu eptir henni aptur til nefndarinnar. Það skiptir allt öðru máli, að þetta nefndarálit getur eins vel og önnur orðið fyrir breytíngum, og

breytíngaratkvæði þíngmanns Norður-Þíngeyjarsýslu geta í formlegu tilliti vel komizt að, og það sannar að minnsta kosti alls eigi, að vísa eigi málinu til nefndarinnar aptur, þó þíngmaðurinn álíti, að nefndin hefði átt að haga áliti sínu á annan veg, en hún hefir gjört.

Ásgeir Einarsson: Það er nú eiginlega orðið formspursmál, sem nú er um að gjöra. Eg vona þíngið vili ekki eyðileggja málið nú, nema það vili eyðileggja þíngið á eptir; en ef það eyðileggur málið núna, þá er það hið sama, sem að eyðileggja það eilíflega.

Stefán Eiríksson: Eg verð þó að vera hinum heiðraða þíngmanni frá Gullbríngusýslu samdóma um það, að uppástúnga hans sè borin undir atkvæði þíngsins, samkvæmt 69. gr. í alþíngistilskipuninni, þar nefndin kemur nú fram með allt önnur undirstöðuatriði, en hún lofaði í hinu fyrra nefndaráliti, því þar stóð með berum orðum, að nefndin í öllum aðalatriðum sínum ætlaði í þessu nefndaráliti að fylgja fram sömu aðalstefnu; en hèr kemur nú fram allt önnur stefna, þar sem nefndin nú fer fram á, að fá hèr upp kláðanefnd eða dýralækníngaráð; svo talar hún nú um alls konar fjárveikjur, en áður einúngis um fjárkláða; og það er hann einúngis, sem um er að ræða, en alls ekki önnur veiki, eptir bæði hinu fyrra nefndaráliti og bænarskránum, sem komið hafa til þíngsins; eg ætla þá ekki að tala meira í þetta sinn, en óska að leitað sè atkvæða um uppástúnguna.

Ásgeir Einarsson: Það er þó merkilegt, að vilja fyrirmuna þínginu, að koma sèr saman í öðru eins velferðarmáli og þetta er.

Framsögumaður: Eg verð sem *framsögumaður* að heimta, að fá leyfi til þess, að svara því, sem haft hefir verið á móti nefndarálitinu. Ræðu hins háttvirta fulltrúa Austur-Skaptfellínga get eg ei verið að mæða mig eður aðra á; hún átti alls ekkert við þetta mál, því hún sýndi ekkert og sannaði ekkert, sem stutt getur þessa spányju uppástúngu um apturvísun málsins til nefndarinnar. Þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu sagði, að nefndin hefði brugðizt þínginu; þetta eru þúng orð, sem hann ætti að gjöra grein fyrir betur, en hann gjörði og mun gjöra. Eg álít, að hann hafi talað þetta sem ófyrirsynju græskuorð, án þess það hafi verið honum ljóst, hvað hann sagði; hann hefði heldur átt að taka betur eptir mèr áðan, því eg gjörði ljósa grein fyrir því, að nefndin hefði haldið sinni fyrri grundvallarskoðun, og hann hrakti ekki einu orði það, sem eg þá sagði (*Forseti*: Eg verð að láta ganga til atkvæða um uppástúngu þíngmanns Gullbríngusýslu). Eg verð að fá leyfi

til, að skýra málið betur fyrst. Þar sem þingmaðurinn var að tala um pósta og hreppakerlíngar, þá hefir hann líklega farið nefndavillt, og ekki beint þessum hnjóðsyrðum að þessari nýju nefnd, sem ekki er til enn, og sem hann svo hæglega gæti orðið í sjálfur, ef hún annars kæmist á laggirnar. Hann talaði og um, að hann vildi, að valdstjórnin hefði fé til umráða, til að koma fram ýmsum framkvæmdum, og þetta væri ekki svo eptir nefndarálitinu. En eg vil segja honum, að það er ekki eitt einasta orð í nefndarálitinu, sem bendir á, að þetta, einmitt þetta, eigi hafi verið einnig meiníng nefndarinnar, og mèr sjálfum datt að minnsta kosti ekki annað í hug, en að valdstjórnin hefði þá penínga til umráða, sem nefndin vill, að þíngið biði stjórnina um, svo nefndina og þíngmanninn greinir, að þessu leyti, ekkert á, enda er mèr eins ljúft, að þetta sè tekið fram með berum orðum. Að því er því viðvíkur, að nefndin hafi brugðizt þínginu í 1. atr., að biðja um meira vald handa stiptamtmanninum, þá bið eg þíngmenn að að gæta, að þessi mótbára þíngmannsins er líka beinlínis misskilníngur. Það er satt, að nefndin hefði átt að biðja um þetta vald handa stiptamtmanninum, en hún hefir líka gjört það; og að hverju er þá að finna? Hún hefir stúngið upp á, að fá *almenna lagaheimild*, sem gefur stiptamtmanninum þetta vald; það er vafi á því, hvort að hin æðri valdstjórn, eg meina hlutaðeigandi ráðgjafa, geti gefið stiptamtmanni annað eður meira vald, en hann hefir eptir núgildandi lögum, og því er eðlilegt, að þíngið biði um, að gefin verði ný lög, sem yfir grípi meðal annars það, sem beðið er um í uppástúngunum til stiptamtmannsins (*Sveinn Skúlason:* Hún yfir grípur það ekki). Jú, auðsjáanlega. En má eg nú spyrja þíngmanninn, hvort *þíngið* ei bregðist *sjálfu* sèr, ef það fer því fram, sem þíngmaður Norður-Þíngeyínga vill; það mál, sem hèr ræðir um, er löggjafarmál, því það snertir svo mjög eignarrèttindi manna; þíngið verður því að gæta sín hèr vandlega, að það missi eigi sjónar á einhverri hinni helztu og mestvarðandi grundvallarreglu, sem lítur að ætlunarverki þess. Nefndin áleit, að biðja yrði um lög eður lagaheimild, og í henni liggur einmitt það, sem þíngmaðurinn kvartaði um, að vantaði, svo eg vona, að hann sansi sig og sjái, að nefndin hefir ekki brugðizt þínginu nè þjóðinni í þessu máli; það er annars merkilegt, að menn stundum skuli vera að kvarta yfir því gjörræði hinnar umboðslegu stjórnar, sem menn svo rètt í sama vetfangi aðhyllast, og það í sama mál-

inu; eða man þingmaðurinn ekki, hvað menn hafa sagt um hina konúnglegu erindsreka og vald þeirra? Þetta vildi nefndin varast, og það hlýtur að sannfæra þingmanninn, þó hann ei skili sem bezt í málinu sjálfu. Að því er fènu viðvíkur, þá verður það, eins og eg sagði áður, hvergi leitt út úr nefndarálitinu, að valdstjórnin eptir hennar tillögum eigi ekki að hafa það undir höndum, og sama máli gegnir um það, til hvers fènu skuli varið; nefndinni og þingmanninum kemur þar einmitt saman, því í »áðurgreindu« liggur: »allar aðgjörðir í kláðamálinu«. Þetta er því líka hraparlegur misskilningur, sem eg að mínu leyti er fús á, að sè rýmt burt með breytíngaratkvæðum hins virðulega þingmanns. 3. atriðið var um lækníngafrestinn. Nefndin tók eigi neinn frest til, af því henni fannst það ekki eiga við, að tala um hann í lögum; hún vildi, að valdstjórnin fengi ótakmarkað vald, til að skera niður, jafnvel áður en lækníngar væri við hafðar, ef henni svo sýndist það hentara á einhverjum stað; hún hefir því ei brugðizt í þessu ákafa niðurskurðarmanna, þó hún í staðinn fyrir 6 vikur hafi sett ótakmarkaðan tíma. En eg er þó líka fús á, að fallast á breytíngu, sem hèr væri gjörð, ef þíngið vill svo, eigi af því, að hún sè nauðsynleg eður í sjálfu sèr rèttari, heldur af því, að eg álít hana þýðíngarlitla, eða að minnsta kosti þýðíngarminni, en sætt manna og samlyndi í þessu máli.

Eg vona, að mönnum skilist nú, að meiníngamunurinn milli nefndarinnar og þingmanns Norður-Þíngeyínga er ekki eins mikill, og hann hèlt, þess vegna er ekki heldur rètt, að vísa málinu til nefndarinnar, því það er auðsjáanlega til einskis annars, en spilla tíma fyrir þínginu. Eg þarf því nýjar ástæður, ef eg á að geta fallizt á, að það *verði* gjört samkvæmt 69. gr. alþíngistilsk., því enn eru engar ástæður komnar fyrir því, nema ef það skyldi vera það, sem þíngmaður Gullbríngusýslu sagði um Reykjavíkurnefndina! mèr er nú ekki vel ljóst, hvað hann eiginlega meinti; en orð þau, sem honum fórust um þá nefnd, geta auðsjáanlega ekkert sannað um hina nýju nefnd, sem hèr er stúngið upp á; eg var nú einn í þeirri nefnd, og eg vil spyrja hann: veit hann nokkuð um það, hvort Reykjavíkurnefndin ekki hefir einmitt farið í þá stefnu, sem þíngnefndin nú hefir tekið? hún hafði ekki vald til að framkvæma það, sem hún vildi; stiptamtið var allt og í öllu, og því verður það skiljanlegt, að allt hafi setið við hið sama sem áður, án þess það sè Reykjavíkurnefndinni að kenna; það er annars ekki gott að

dæma svona út í bláinn á þingum, eins og þingmaðurinn gjörði, um hluti, sem maður ber ekki skyn á, eður vantar þekkingu um. Athugasemdum hans við frumvarpið ætla eg ekki einu sinni að svara; það mun mega laga það að minnsta kosti svo, að ekki þurfi að verða meiri breyting á því, en optlega skeður með breytingaratkvæði í öðrum málum. Eg ítreka það enn, að eg vona að uppástúngumenn færi fullkomna lagaástæðu fyrir sínu máli, áður en þetta nefndarálit er rekið aptur í nefndina, samkvæmt 69. gr. alþ.-tilsk., og að þeir ella falli frá uppástúngu sinni. Eg vil leyfa mèr að öðru leyti, af því þetta er alvarlegt mál, og af því eg vil, að það komist í þá rèttu stefnu, að vekja athuga manna á því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði um það; hann tók svo vel og viturlega í þetta mál, sem eg gat óskað, og tók það berlega fram, að lög um þetta mál sè nauðsynleg af sömu ástæðum, sem nefndin hefir tilfært, og það er dagsanna, því það er jafnvel betra að hlýða slæmum lögum en góðum reglum, sem ekki eru lög, en gegn lögum. Hann sagðist og hafa beðið stjórnina um fè, og það var merkilegt, að það var einmitt sama upphæðin, sem nefndin tók til, og þar að auki var beðið um það í sama tilgangi, nefnil. til að bæta fjárræktina hèr á landi, jafnframt hinu, að útrýma úr landinu leyfum kláðans. Það eina, sem *konúngsfulltrúa* þótti miður vel til fallið hjá nefndinni, var það, að hún vildi hafa eina nefnd, þar sem hann hefði stúngið upp á 3 nefndum. Það var nú tilrætt um það í nefndinni, hvort ei mundi betra, að hafa nefndirnar 3, af því það mundi verða örðugt fyrir 1 nefnd, að hafa umsjón með fjárræktinni í öllu landinu; en hún áleit rèttara, að byrja fyrst á því minna, því það mætti þá breyta því seinna, ef nefnd reyndist ónóg. Það var að öðru leyti alls ekki meining þingnefndarinnar, að nefndin ætti sjálf að skoða allt fè í landinu, heldur ætti hún að hafa á hendi aðalumsjón með fjárræktinni á Íslandi, og vinna því máli gagn yfir höfuð af fremsta megni.

Guðmundur Brandsson: Eg vona nú að þessum mikla stormi fari að linna, sem gaus upp af hinni litlu uppástúngu minni, þar sem eg að eins spurði: »sýnist þinginu málið vera svo komið frá nefndinni, að því verði viðhjálpað? önnur meining lá ekki í uppástúngu minni, hvaða þýðingu, sem sumir hverir vilja leggja í hana. En af því eg hefi nú fengið nokkrar upplýsingar um, að það, ef til vill megi bjarga málinu, og margt hefir komið í þá stefnu frá þingmanni Norður-Þingeyinga, þá vil eg ei fara fram á, að greidd

amtmann að framkvæma þær, en frumvarpið að tarna getur konúngur löggilt, þó það sè gagnslaust, og það er þó, eins og sá hæstvirti *konúngsfulltrúi* og *framsögumaður* sagði, viðfeldnara, að hafa lög um þetta efni. Eg ætla því að gefa atkvæði fyrir 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, en hinu öðru atriði, að fara að reisa upp frá dauðum aptur kláðalækninganefndina, get eg ekki óskað eptir; það munu fáir geta sagt, að hún hafi borið mikla heillaávexti í útrýmingu kláðans, en skýrslur hennar, milliburður og uppástúngur hafa þó víst ekki verið ávaxtarlausar; og eg veit ekki, hvort hún verður hálfu betri heldur en áður, þó hún gangi aptur. Eins er um 3. atriði; meðan eg ekki sè, að þær 10,000, sem stjórnin lagði þessari nefnd í fyrra, hafi útrýmt kláðanum, þá get eg ekki verið að níðast á henni, með 5000 rd. útlægi í árlegan kostnað til ónýtis; en frumvarp nefndarinnar vil eg biðja konúnginn að löggilda, þegar búið er að kippa úr því, sem tilhlýðir þessari nefnd, og laga það með þeim breytíngaratkvæðum, sem mèr virtist þíngmaðurinn frá Norður-Þíngeyjarsýslu áskilja sèr; annars get eg borið mig saman við hann síðar um þau. Seinasta niðurlagið í 4. gr. get eg ekki fallizt á, eins og það stendur, að af opinberum sjóði verði skotið fè, til að borga fjárnám og framkvæmdir, hjá þeim óhlýðnu og hirðulausu fátæklíngum; eg vil nú ekki fara að biðja um, að þessum kostnaði verði kastað á jafnaðarsjóðinn; þeir hafa nógar aðrar þarflegri byrðir að bera; en kann ske nefndin haldi, að stjórnin leggi til þetta fè? annars held eg það sè samkvæmt hjúalögunum, sem menn voru að biðja um hèrna um daginn, nl. greininni um kaupgjaldsfjárnámið, að hreppstjórar og lögreglumenn gjöri þetta fyrir ekkert, þegar það ekki fæst hjá þeim, sem á að borga það.

Stefán Jónsson: Það eru nú 3 þíngmenn, sem hafa orðið samdóma um, að vísa málinu til nefndarinnar aptur, og að nokkru leyti sinn af hverri ástæðu. Eg tók nú ekki vel eptir ástæðu þíngmanns Gullbríngusýslu; en eg get vel ímyndað mèr, að einhverir sè hèr enn í Suðuramtinu, sem ekki kæri sig um, að kláðanum sè útrýmt, því þeir kunna að hugsa, að einhver skildíngurinn renni enn inn til þeirra úr ríkissjóð, ef þeir fái að fjalla um lækníngar dálítið lengur. Þíngmaður Rangæínga hafði þá ástæðu, að nú væri ekki fylgt þeirri sömu stefnu, sem í hitt eð fyrra, að þrengja kláðasviðið, og þíngmaður Dalamanna, að í konúngsauglýsíngunni væri sagt, að kláði væri hèr engi. Hvað seinustu ástæðuna snertir,

þá er það of seint, að koma með hana nú, það hefði þá átt að gjöra það, þegar málið var tekið í nefnd. Viðvikjandi ástæðu þingmanns Rángæinga, þá er það nú satt, að nefndin hefir nú farið í aðra stefnu; en menn verða að skoða ástandið í bæði skiptin; nú eru minni ástæður til þess, en þá var, eptir því sem stjórnin hefir tekið í málið, og eptir því, sem málið hefir gengið síðan, og nú er kláðinn orðinn að sögn miklu minni, en þá; ef því nú yrði farið að stínga upp á almennum niðurskurði, gæti það ekki átt sèr stað, nema því að eins, að bændur sjálfir skærist í leikinn, svo niðurskurðurinn gengi út frá þeim, eins og var með beztu afleiðíngum hèr í einni sveit í Suðuramtinu; og eg vona, að þeir kjarkmenn sè til í Suðuramtinu, að þeir muni taka sig enn saman um þetta, ef nauðsyn krefur; það þykir víst sumum ef til vill undarlegt, að eg skuli hafa fallizt á þetta nefndarálit, eptir því, sem stefna mín hefir áður verið í málinu; en eg áleit, að þó eg ei væri samdóma í öllu, þá væri þó rèttara, að eg gæfi eptir, til þess að öll nefndin gæti haldizt saman, því í verst óefni komast málin, þegar sinn fer í hverja áttina, því þá er ekki að eins sundurþykki í nefndinni, heldur og á þínginu. Eg áleit, að þó gallar væri á nefndarálitinu, þá mundi þó þíngið í sinni heild geta lagfært þá, svo að meira ynnist, en ef nefndin tvístraðist. Nefndin tekur fúslega móti öllum skynsamlegum breytíngum, sem geta beint málinu í rètta stefnu. Það hefir nú verið talað um þessa 5000 rd.; nefndin vissi ekki af því, sem *konúngsfulltrúi* sagði, að stiptamtmaður hefði beðið einmitt um sömu upphæð, og í sama tilgangi; en það kynni að vera, að nefndin fèlli frá þessu, að minnsta kosti þangað til hún vissi, hvaða svar stiptamtmaðurinn fengi. Mönnum ætti yfir höfuð að vera annt um, að kláðanum yrði útrýmt, svo menn gæti einhvern tíma verið óhræddir fyrir, að hann mundi gjósa upp, og því furðar mig mikillega á þeim, sem vilja eyðileggja þetta nefndarálit og með því allt málið.

Björn Pètursson: Þó þetta nefndarálit hafi orðið fyrir hörðum dómi af sumum, þá er þó auðsèð, að það er gjört í bezta tilgangi, eins og búast er við af þeim mönnum, sem í nefndinni voru. Það hefir einkum verið fundið að því, að hèr væri farið fram á nokkuð annað, en í hinu fyrra nefndarálitinu, sumsè að setja fasta nefnd, til að hafa eptirlit með öllum fjárveikindum og fjárræktinni yfir höfuð, og þetta held eg nú væri mesta nauðsyn, því þegar menn taka til samans alla aðra fjársjúkdóma, verða þeir ekki betri en fjárkláðinn. Mèr finnst nú samt þessum niðurlagsatriðum og frumvarpi nefndar-

innar í ýmsu ábótavant. Fyrst er nú viðvíkjandi 2. tölul., að eg er alveg samdóma hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að þetta ætlunarverk sè ofvaxið einni nefnd; eg skil ekki, að það sè unnt fyrir eina nefnd, þó hún væri í Reykjavík, að kljúfa fram úr, að hafa eptirlit með öllum fjárveikindum í landinu; og eg veit ekki það samband, sem þessi nefnd ætti að standa í við lögreglustjórnina í landinu, hvort lögreglustjórnin ætti beinlínis að standa undir nefndina eða ekki. Eg held, að þetta sè mjög athugavert, því þó eg viti, að nefndin yrði skipuð *mestu ágætismönnum, mundi henni þó verða ofvaxið, að vita, hvað við ætti á hverjum stað;* því til þess þarf sèrlega þekking og kunnugleika á hverjum stað fyrir sig. Eg held því, að bezt væri að hafa sína nefndina í hverju amti, þannig að 2 menn að minnsta kosti væri til ráðaneytis hverjum amtmanni, en þá yrði fèð, sem um er beðið, of lítið, því Reykjavíkurnefndinni mundi líklega ekki veita af þessum 5000 rd., því hún hefði sjálfsagt meira að gjöra, en hinar nefndirnar, því hún á bæði að berjast við kláðaleyfar, og svo er fjárræktin víst hvergi eins illa stödd, og í Suðuramtinu. En þá vantar eitthvað handa hinum nefndunum; og held eg að þeim mundi ekki veita af 3000 rd. hvorri, því þær yrði líklega að hafa undir sèr sýslunefndir. Það hefir nú ekki verið tekið fram, hvaðan ætti að taka þessa penínga; en eg held, að það væri þó betra, að tiltaka það, annaðhvort úr ríkissjóði, eða þá, *„til vara“,* úr hinum *tilvonandi* landssjóði. Mèr þykir nú vanta mörg fjárveikindi, þar sem verið er að telja þau upp, (Nokkrir þíngmenn: Hver?) t. a. m. skitupest, vatnssýki, höfuðsótt, undirflog o. fl. Eg vil, að þessar nefndir reyni sig við alla fjársjúkdóma; en það er líklega meiníngin. Það sem tekið er fram í 2. gr.: »að því fè, sem *líkindi* eru til, að veiki kunni að *dyljast í, uns grunlaust er*«, þykir mèr nokkuð athugavert; eg er hræddur um, að þar sem veikindi liggja í fè, þar verði þetta sama sem að skipa, að halda fènu afskekktu alla sína æfi. Um 3. gr., þar sem talað er um að drepa *grunað fè,* þá held eg nú, þar sem þessi margvíslegu fjárveikindi ganga, að engum detti í hug, að gjöra mönnum að skyldu, að drepa *allt fèð.* Eg veit, að það er mjög víða fyrir austan svo, að ýms veikindi liggja í fènu, sem koma fram í ýmislegum myndum, ýmist með þessu, ýmist með hinu móti, nema fjárkláðinn; *(Halldór Kr. Friðriksson:* Hann er þar líka). Nei! hann hefir aldrei komið þar og þekkist þar ekki. Eg held því, að margt þyrfti að laga í þessu frumvarpi, og áskil eg mèr rètt til að koma mèr

saman við nefndina, ef það er mögulegt; en ef það gengur ekki, mun eg halla mèr að breytíngaratkvæðum þíngmanns Norður-Þíngeyínga, ef mèr líka þau betur.

Magnús Andrèsson: Það þarf engi að óttast, að eg teygi þíngræðurnar. Eg vildi láta það í ljósi, að mèr finnst nefndin ekki hafa ent það, sem hún lofaði, að fara í sömu stefnu og áskorunin var til stiptamtmanns; mèr sýnist það nú vera að fara í aðra sálma, þegar menn eru að tala um svo og svo mörg veikindi, og sjá ráð við þeim, svo sem bráðasótt, lúngnasótt, klaufnaveiki og fl. Eg er þó ekki á þeirra máli, sem vilja vísa málinu til nefndarinnar aptur, því það vita allir, að það er sama, sem að ónýta málið; eg vil heldur hallast að breytíngaratkvæðunum, ef mèr líka þau, og ef þau fara svo nærri minni skoðun, að eg vili heldur fallast á þau, en fella málið. Mèr þykir margt að niðurlagsatriðum nefndarinnar og líka frumvarpinu. Það er fyrst undir 2. tölul., að konúngur skipi fasta nefnd. Eg held, að þetta verði nú æðimikið verk, og svo mikið verk, að eg skil ekki, að nein nefnd geti gjört nokkuð verulegt í þessu máli, ef hún á að annast um allar fjárveikjur á Íslandi, og finna ráð við þeim. Þar næst er nú, að konúngur veiti 5000 rd.; eg get nú að vísu vel trúað, að nefndin finni einhver ráð, til að eyða þeim. Reykjavíkurnefndin sæla í kláðamálinu fann ráð til að eyða meiru fè en þessu. Þar sem verið er að tala um þessi næmu fjárveikindi, þá vantar nú eina veiki, sem er einna almennust í minni sveit; það er höfuðsóttin eða öðru nafni vánkinn. En því er henni sleppt? Eg hefi reyndar sèð í einni dýralækníngabók að ekkert ráð sè við þeirri veiki, nema niðurskurður; en mig furðar á, að höfundur þeirrar bókar skuli engi ráð kunna við þeim veikleika, nema niðurskurð (og honum er hann þó eigi meðmæltur), því einstaka mönnum hefir þó tekizt að lækua vánka. Fyrst er nú talin hèr upp bráðapest; þegar eg heimfæri hana undir 2. gr. frumvarpsins, get eg ei sèð, að hún eigi þar undir; eptir minni löngu reynslu, veit eg ei til, að hún sè næm; og svo sèst ekki á skepnunni, fyr en hún dettur niður dauð; eg veit nú ei, hvernig á að fara að, hve nær fèð á að aðskiljast, eða hve nær það er grunlaust; það skyldi vera seint á vetri, því þá liggur sóttin optast niðri, og svo ætti að geyma fèð allan veturinn og sumarið, og fram á næsta vetur, þá væri það kann ske fyrst grunlaust, ef ekki kæmi þá í það. Mín skoðun er því, að menn eigi ekki að forkasta þessu nefndaráliti, en lagfæra það, svo eitthvað verði nótað af því;

og þegar eg hefi sèð breytíngaratkvæðin, mun eg halla mèr að einhverjum af þeim, ef mèr líka þau; en ef mèr ei geðjast þau, gef eg mig alveg frá málinu, því mèr getur alls eigi líkað frágangur nefndarinnar á málinu.

Jón Hjaltalín: Eg held eg verði að taka mèr í munn orð þíngmanns Norður-Þíngeyjarsýslu, er hann sagði, að nefndin hefði brugðizt þínginu, og segja, að þíngið hafi brugðizt nefndinni. Sumir í nefndinni hèldu, að þíngið mundi breiða út faðminn móti uppástúngum sínum, og varð nefndin glöð við það; nefndin hèlt, að hún hefði girt svo fyrir, að þíngið einhuga fèllist á þetta, af því stjórnin eflaust mundi ganga inn á það; en nóg þótti áður búið að bjóða stjórninni, sem hún eigi hefir getað fallizt á með nokkru móti. Líka af því, að hèr er talað um sóttvarnir, sem eru allt annað en kákið, sem verið hefir haft hèr, og sem þínginu er svo illa við. Nefndin bjóst því við beztu viðtökum, en mèr heyrist bóla á öðru.

Það er merkilegt og skrítið, að þíngið, þar sem þó eru á að eins 25 menn, að menn aldrei geta færzt nóg í fang, og menn vilja berja allt fram með ofurkappi; það sýnir bezt þetta fjárkláðamál. Það er óheppni fyrir fjárkláðamálið, að það kemur fyrir á þíngi í hundadögunum, annars kæmi víst ekki eins hraparlegar vitleysur fram. Eg hefi verið í velþekktum húsum, sem eg eigi hèr vil nefna, þar sem hafa verið 225 manns, og hefi þar aldrei heyrt eins miklar vitleysur, eins og komið hafa fram í þessum sal, þar sem eru að eins 25 (*Sveinn Skúlason:* Mest frá þíngmanninum sjálfum) Já! þeir, sem eru hvað mest vitlausir, álíta alla vitlausa, nema sjálfa sig; og vitleysurnar eru svo hraparlegar, að það er synd, að eyða orðum til að svara þeim. Hèr er ekki annað að gjöra, en hvað blessaðir bændurnir vilja. Þeir eru nú hèr að vísu fullt eins skynsamir og annarstaðar; en í þessu máli hafa þeir brúkað skynsemina illa, og eg held þeim verði seint komið á rètta stefnu. Það var sagt 1857 á þíngi, að bezt væri að láta reynsluna tala, og eg held mig minni rètt, að þíngmaður Gullbríngusýslu segði það; en eg vil nú spyrja hinn sama þíngmann, hvort reynslan hefir talað gegnum munn hans í þessu máli í dag, þar sem hann var að snupra Reykjavíkurnefndina, því meðan hún stóð, get eg sagt honum það, að fèð í 7 eða 8 hreppum, þar sem hún átti yfir að ráða, hefir aukizt fimmfalt, þar sem það hefir fækkað um $^1/_3$ annarstaðar. Eg veit ekki, hvað menn meina með orðinu »*reynslu*«; kann ske menn

meini með henni að lífga dauða skrokka; en þó eg haldi af líftórunni, þá get eg ekki treyst reynslunni til, að koma henni fram, þó hún sè kröptug. Eg skal nú ekki halda lengra út í þetta. Það lýsir sèr sama oftraust hjá þínginu og áður, að menn geti fengið allt, er mönnum þóknast; en það getur mætt mótspyrnu hjá stjórninni, og líka hjá þínginu. Það er von, að þolinmæði manna linist, þegar þeim er borið á brýn, að þeir ali kláðann í landinu; það eru ekki falleg orð um niðurskurðarflokkinn, sem komið hafa á prent frá *konúngsfulltrúanum* til stjórnar Dana, og eg held, að sá, sem sèr þau helzt, óski, að þau væri gleymd *(Sveinn Skúlason:* Er það í »*Berlíngi*«?). Nei! það er annarstaðar; en það væri víst ekki svo slæmt, að leggja það út, og setja það í »*Norðra*«. Orðin eru ekki falleg. Það er sagt, »að kláðamálið sýni, að *á Íslandi sè engi valdstjórn*"; þetta gefur stjórninni víst engar háar hugmyndir um, hvernig Íslendíngum mundi farast, ef þeir fengi stjórnarbót. Eg skal ekki brúka nein brigslyrði; það er rangt, og hver maður hefir leyfi til að láta í ljósi skoðun sína, hver sem hún er, og eg mun ekki geta sannfært þá, sem hafa aðra skoðun en eg. Mèr þykir lakara, þegar menntaðir menn villast; Mèr finnst hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki hafa verið of fastur í rásinni. Hann sagði, að þessi nefnd, sem hèr er stúngið upp á, mundi ónýt, ef hún ekki væri nema 1. Eg vildi óska, að þær yrði sem flestar; en er hann sagði, að hún ekki mundi komast yfir það, sem hún ætti að gjöra, þá held eg hann hafi ekki hugsað vel um ætlunarverk hennar, eða borið hana saman við heilbrigðisráð í öðrum löndum. Hún á að gefa út almennar reglur, sem valdstjórnin á að framfylgja, en ekki persónulega skoða hverja skepnu. Þess konar nefndir eru til í allri Evrópu, t. d. í Englandi og í Preussen; þær stíga aldrei fæti sínum á það svið allt, er þær ráða yfir. Hefir t. d. heilbrigðisráðið í Danmörku verið hèr, eður á Færeyjum eða Grænlandi? Þessar nefndir í útlöndum gefa þó reglur, sem stjórnirnar framfylgja. Án þess að vilja hrósa nokkuð nefndinni, er var hèr í Reykjavík, þá vil eg þó segja það, að ef ráðum hennar hefði verið fylgt, þá mundum við ekki hafa verið að klifa á kláðanum núna.

Það hafa meðal dýralækna í öllum löndum sumir sjúkdómar verið álitnir ólæknandi, til dæmis lúngnaveiki í nautum, og það var í Frakklandi boðið að skera þau niður; en það eru nú farnar að rísa mótbárur móti þessu, og hafa komið fram fullkomnar sannanir,

því það hefir sýnt sig, að t. d. lúngnaveiki þessi hefir leyft sèr að koma upp af sjálfri sèr, t. d. í miðju Englandi, þótt sóttvarnir væri þar við hafðar. Þá er hundaveikin, ekki hundaveikin hèrna á Íslandi, heldur »*Vandskræk*«, sem svo er kallaður; svo er hestaveikin (*Forseti:* Til efnisins:) þetta kemur efninu við, því eg var beðinn að skýra þetta.

En það er ekki nokkurt land, hvar skipað er að skera fyrir kláða; sá vísdómur yrði að koma hèðan. Eg vil leyfa mèr að leiðrètta það, sem *konúngsfulltrúi* sagði, að dýralæknaráðið í Kaupmannahöfn væri að eins skipað dýralæknum; $^2/_3$ partar af því eru samt mannalæknar, sem aldrei hafa tekið próf í dýralæknisfræði; eg segi þetta ekki, til þess að mótsegja hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa*, heldur að eins til, að leiðrètta það, sem misskilið er. Að því er aðalmálið snertir, þá bjóst eg ekki við, að nefndin mundi fá óþakkir fyrir það, að hún nefndi fleiri sjúkdóma, en kláðann, jafnvel þó nú þingmaður Suður-Múlasýslu gæfi henni rètt í því, og það mun hann hafa fundið til, að fleiri sjúkdómar drepa fè, en kláðinn í vetur; nefndin gat ekki haldið, að þetta væri sèrlegur ásteytíngsteinn fyrir þingið. Hitt er heldur ásteytíngarsteinn, að menn skuli hafa einblínt svo á kláðann, að þeir ekki sjái aðra sjúkdóma, og trúi ekki því, sem dýralækníngaráðið hefir sagt, að kláðinn mundi ekki vera nýr hèr á landi, þó hann nú hefði geysað meir en áður, heldur mundi móðir hans, nfl. almennur hörundskvilli eða óþrifakláði liggja til grundvallar fyrir honum og öðrum sjúkdómum (*Sveinn Skúlason:* Þeir munu hafa þetta úr landlæknínum). Nei af eigin sjón. Heilbrigð skynsemi hlýtur líka að segja hverjum manni, að þegar sárnaktar eða illa ullaðar skepnur liggja úti í misjöfnu veðri, þá er eðlilegt, þó *ýmsir sjúkdómar* þá kvikni í þeim. Eg held, að skynsamir menn gæti gjört mikið, ef þeir hætti að stara sig blinda á kláðann, eins og sèst, að bændur hafa getað vel læknað, og eru færir um að fara með kláðann. Ef menn tala kapplaust um málið og án þess að gefa sig við einstökum röngum skoðunum, þá held eg það sjáist, að vel mætti koma þessu í betra horf, en verið hefir, og það munu allir óska. Í byrjun 18. aldar var fjártalan 35,000, en 1740 var hún orðin $^1/_2$ millión, svo minnkaði hún við smámurkið til 1760. — (Á meðan stóð á þessum seinni kafla ræðunnar heyrðist murr og ógeði lýst yfir víða frá þingbekkunum, svo *forseti* hríngði og mælti: Þíngmenn þekkja þessa sögu, og vilja ekki heyra hana). — Ef eg ekki má taka fram »*hist-*

orisk facta«, til að sanna mál mitt með, þá þegi eg í þessu máli, því það er þá það sama, sem þingmenn með ofsa banni mèr að tala; en eg held mèr til nefndarálitsins, og skal þá leyfa mèr að nota þann rètt, sem alþingistilskipanin heimilar mèr.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði ekki að standa upp; en eg neyðist til þess. Eg álít að ekkert sè betra, til að útrýma kláðanum, en að þröngva kláðasviðið, og vildi eg óska, að einhver þingmaður tæki sèr um það breytíngaratkvæði. *Framsögumaður* tók svo vel og blíðlega í málið, og þegar þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu var búinn að skripta nefndinni, kom *evangelíum* á eptir, og þegar skoðun nefndarinnar og hans fóru að sameinast, þá fór eg að gleðjast. Eg vona að engi þingmaður svari ræðu hins 5. konúngkjörna þingmanns; en eg vil að eins minnast á 1. atriði, er hann sagði, að *konúngsfulltrúa* mundi ókunnugt um verkahríng þessarar nefndar, og hvernig gengi til í öðrum löndum; en eg held við megum þakka *konúngsfulltrúa* fyrir brèfið, er hann las upp. Eg vildi óska, að menn ekki rifi nefndarálitið niður, án þess að byggja upp, því það yrði til að rífa niður og eyðileggja málið, sem þó er nú eitt hið mikilvægasta velferðarmál vort.

Indriði Gíslason: Það má segja, að engi veit, hvað átt hefir, fyr en misst hefir. Vèr höfum nú misst mikið í þessum sal; við höfum nú misst hèr úr þessum sal þingmann Ísfirðínga, og þó hann ekki væri okkur öllum að skapi í þessu máli, þá var hann þó hreinn og beinn lækníngamaður, og vissi, hvað hann vildi; sama er að segja um hinn 5. konúngkjörna þingmann, þó hann þyki ekki góður; hann er þó hreinn og beinn í sinni skoðun; en þingið og nefndin veit ekkert, hvað hún vill; og eg get ekki líkt því við neitt, nema logndrífu. Fyrst ekki er gefinn gaumur að auglýsíngu stjórnarinnar nè yfirvaldanna, að ekki þurfi að taka kláðamálið til meðferðar, þá skal eg leyfa mèr að tala nokkur orð um þetta mál rólega, fyrst sem niðurskurðarmaður, og svo sem lækníngamaður. Eg ætla þá að byrja á því, er nefndarálitið segist hafa haft tillit til bænarskránna, er komið hafi nú til þíngsins um þetta mál. Það er satt; en til hverra? Í fyrra parti málsins, öfugugganum, sem reyndist óætur og var til einskis, var haft tillit til bænarskrárinnar frá Þíngvallafundinum, en ekki til neinnar bænarskrár frá hèruðum, en í þessum síðari parti málsins, nefnilega fiskinum sjálfum, sèst ekki, að tekið sè tillit til neinna bænarskráa, ekki einu sinni þeirrar frá Þíngvallafundinum. Í þeirri bænarskrá var farið fram á,

að 6 vikna lækníngatilraunir væri við hafðar, og svo niðurskurður, ef það ekki hjálpar. En hèr er ekki með einu einasta orði minnzt á þetta. Í sumum bænaskránum var niðurskurður afbeðinn, en í sumum voru aptur afbeðnar lækníngar, og beðið um að þrengja kláðasviðið. Það vantaði reyndar undirskriptir undir sumar þeirra, sem voru á móti niðurskurðinum, en hinn 5. konúngkjörni bauðst þó til, hèrna um daginn, að senda austur, og útvega þær; en þíngið vildi ekki þiggja það. Það er mikið talað um skort á eindregnum ákvörðunum; en þegar erindsrekarnir komu, þá höfðu þeir þó nægt vald og nægt fè, og fylgdu fram hinum beztu ákvörðunum, og yfirvöldin styrktu þá. En eg get ekki sèð neinar verkanir af öllu þessu, er geti snúið huga mínum. Eg get ekki vonazt eptir betri ráðstöfunum hèr eptir, en hingað til, og ef nefndin á að komast á, þá held eg valdstjórnin verði nokkuð mikið undirgefin; þetta kann nú að vera gott, en það hefði þótt ópolandi af mèr, hefði eg komið með slíka uppástúngu; hún á að hafa eptirlit á sjúku fè.

En er nú ekki hneykslanlegt að biðja um þetta, þegar menn deyja niður hrönnum saman, að vera nú að heimta heilbrigðisnefnd, er taki ráðin af valdstjórninni, og að vera að biðja um penínga, til þess að lækna kláðaær, þegar, segi eg, mannkynið má deyja hjálparlaust, og þegar nú að stjórnin er búin að veita 30,000 rd. til lækninganna, og reynslan hefir sýnt, að ekkert hefir á unnizt, en engi þorir að biðja um, að mega nota það fè, sem vèr höfum svo að segja í vösum okkar, nefnil. læknasjóðinn, til að ráða bót á bráðustu sjúkdómum manna í læknaleysinu; eg hefi ekki skilníng á öðru, en að hinir heiðruðu þíngmenn sjái sjálfir, að þeir sveimi í logndrífu, og að annað eins og þetta er til að spilla fyrir málinu.

Þíngmaður Eyfirðínga sagðist ekki hafa traust á niðurskurði, eða það sè mögulegt að koma honum við; já, það væri þá því minni sigurinn, sem stríðið væri minna, og ef ekki væri meira en svo, að ekki þyrfti nema að skera 1 spikfeitan hrút, og menn mætti það; en ef hann hefir ekki traust á honum, hefir hann þá traust á uppástúngum nefndarinnar? allir verða þó að játa, að niðurskurðurinn hefir bezt hjálpað, og hefði kláðasviðinu verið þröngvað í tíma, og skorið niður hèr á Suðurlandi, þá hefði það verið hinn mesti búhnykkur fyrir Sunnlendínga, og er enn, því þeir hefði þá getað selt fè sitt, og keypt sèr annað í staðinn, og það svo að þeir hefði fengið ferðakostnað sinn endurgoldinn. Eg býst ekki við, að

fá á mig þokka lækníngamanna, eða réttara sagt þíngmanna fyrir þetta; en eg get ekki setið hèr, án þess að lýsa yfir meiníngu minni, meðan eg ekki fer út fyrir efnið. Nú hefi eg talað sem niðurskurðarmaður, en eg lofaði að tala sem lækníngamaður, og það skal eg þá reyna til að gjöra, þó eg ekki geti það, til þess að bera mig að laða mig eptir logndrífu þíngsins og nefndarinnar. Eg vil vera annaðhvort niðurskurðarmaður eða lækníngamaður; en reynslan er búin að sýna, hvað rètt er. Þegar eg kem til niðurlagsatriða nefndarinnar, þá vil eg sem lækníngamaður, ef eg set mig í þeirra hóp, ekkert kák nè hálfvelgju, heldur hreinar og beinar lækníngar. Og eg held, að breytíngaratkvæði þíngmanna, þau sem enn eru fram komin, gjöri ekki annað en spilla, því þau eru ekki annað en ónýtir lappar. Þó eg nú feginn vildi verða lækníngamaður, þá held eg það væri of seint, og það væri að grípa í rassinn á deginum, þegar við erum búnir beinlínis að eyða 50,000 rd. fyrir utan allan þann óbeinlínis kostnað, sem verðirnir hafa kostað, og allan skaðann af kákinu; eg get sýnt hèr með nákvæmum reikníngi, ef eg vildi tefja tímann með því, að búið er að kosta upp á lækníngarnar beinlínis frá 50—60 þúsund dala, og hvað sýnir reynslan að hafi á unnizt? Mig furðar á að heyra ræður manna núna, og þegar eg ber saman við nefndarálitið ræðu þíngmanns Borgfirðinga í hitt eð fyrra í alþíngistíðindunum á bls. 1618—1621 og þíngmanns Strandamanna og fleiri, og heyri nú, hvernig þeir eru sinnaðir, þá getur mèr ómögulega annað en blöskrað.

Ef eg nú sný mèr sem lækníngamaður að nefndaralitinu, verð eg að áskilja mèr, að koma með ýms breytíngaratkvæði; eg vil ekki fella neitt úr, en leggja eins sektir við, ef veik kind verður skorin, eins og ef svo væri farið með mann.

Eg ætla nú að hvíla mig, og lofa mönnum að svala sèr á mèr, ef þeim svo þóknast.

Forseti: Það hefir verið beðið um, að umræðunum skyldi vera hætt; en af því bæði hafa nokkrir beðið um orðið, og líka hafa sumir þíngmenn aldrei talað í þessu máli, þá þykir mèr ísjárvert að slíta umræðunum nú þegar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ætla nú ekki að svala mèr á þíngmanni Dalasýslu, fyrir ræðu hans, en vil að eins láta álit mitt í ljósi um nefndarálitið, án þess þó að vilja kasta þúngum steini á nefndina, eða fara í hnútukast við hana, eins og sumir hafa gjört; eg skal heldur ekki segja, að hún hafi brugðizt þínginu, eða látið loforð

sín óefnd við það; en eg verð þó að láta í ljósi það álit mitt, að hún hafi farið í allt aðra átt, en eg vildi hafa óskað, og eg vænti eptir. Mèr þykir það vanta, að hún ekkert hefir talað um þær bráðabyrgðaráðstafanir, sem allir hljóta að viðurkenna, að nauðsyn krefi, að nú sè gjörðar hið bráðasta. Allt þingið er á því, að kláði sè til hèr i Suðuramtinu, og að það þurfi að uppræta hann sem fyrst, eða að minnsta kosti hafa allir játað þetta, nema ef það er 1 eða 2 þingmenn — og hví skyldi þá ei þurfa bráðabyrgðarráðstafanir? —

Framsögumaður forsvaraði það með því, að frumvarpið væri betra en bráðabyrgðarlög; en þá vil eg spyrja, hvort ekki þurfi meira með; að minnsta kosti var mèr ómögulegt að skilja af ræðu hans, að þetta væri einhlýtt. Frumvarp nefndarinnar gjörir ráð fyrir þeim kláða, sem kann að koma upp síðar, en ekki fyrir þeim kláða, sem nú er; og þegar nú að þetta frumvarp getur ekki orðið lög, fyr en eptir næsta þing; því mèr þykir líklegt, að konúngur leggi það aptur með þeim breytíngum, sem gjörðar yrði á því af stjórninni fyrir næsta þing, og hvaða lög gilda þá á meðan við þann kláða, sem nú er? nefndin hefir sjálf sagt, að þau væri engi. Hún verður því að játa með mèr, að það þarf hèr bráðabyrgðarlög og ráðstafanir, til að eyðileggja þann kláða, sem nú er í landinu, og sem nú einúngis er að ræða um. Nefndin hefir að mèr finnst blandað saman fjárkláða og fjárrækt, sem eru reyndar óskyld mál; og ef að á að fara að byggja fjárræktar-framfarirnar á fjárkláðanum, sem hefir valdið svo megnri sundrúngu í landinu, og meðal landsmanna, þá held eg fari ekki vel; það hefði verið betra, að uppástúnga nefndarinnar um fjárræktina hefði komið sèrstök, því eg held, að kláðamálið kunni að spilla fyrir henni, ekki einúngis hjá þínginu, heldur og hjá stjórninni.

Það er farið fram á það í 3. niðurlagsatriði nefndarinnar, að konúngur veiti 5000 rd., til að lækna með fè, og betra fjárræktina. Eg held það hefði verið ljósara og betra, að nefndin hefði ákveðið vissa upphæð til hvers um sig, en ekki grauta því svona saman. Einn nefndarmaður sagði, að nefndin hefði tekið þessa óafgjörandi stefnu, af því að bænarskrárnar hefði farið fram á hvorttveggja, niðurskurð og lækníngar; en því leitaðist þá ekki nefndin við, að sameina hvorutveggja þessar stefnur, eins og menn lèti sèr svo annt um undir hinni fyrri umræðu málsins. Bænarskrárnar fóru líka fram á að þreynga kláðasviðið, og það hefir ekki nefndin til greina tekið, en þó voru allir 1859 bæði niðurskurðarmenn og

hinir skynsömu lækíngamenn einhuga á því með þínginu þá, að nauðsynlegt væri að þröngva kláðasviðið, og um leið að útrýma kláðanum, og sjá um, að hann ekki færi út fyrir kláðasviðið. Í þessa stefnu hefir nefndin núna enga ákvörðun tekið, og það finnst mèr, eins og eg tók fram áðan, vanta. Þíngmaður Norður-Þíngeyínga hefir tekið sèr breytíngaratkvæði við nefndarinnar niðurlagsatriði, í þá stefnu, sem eg hafði ætlað mèr, og skal eg seinna meir bera mig saman við hann um þau; eins og eg einnig vil áskilja mèr það viðaukaatkvæði, að kláðasviðið verði þröngvað — og skal eg orða það betur seinna.

Framsögumaður: Eg álít það rèttast, að svara engu af því, sem nú hefir sagt verið um málið, því það mundi lítið gagn í því, að fara í nokkurn eltíngaleik við þíngmenn í því; en eg vil að eins áskilja mèr og nefndinni þau breytíngaratkvæði, er hún kynni að vilja taka, og jafnframt áskilja mèr rètt til, að bera mig saman við þíngmann Norður-Þíngeyjarsýslu, ef ske mætti, að breytíngaratkvæðin fyrir það gæti orðið svo löguð og almenn, að þau eigi við í almennum lögum.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hefi nú hlustað á 4 umræður í þessu máli, en ekkert talað, og ætla ekki heldur að tala neitt um það núna. Eg vil að eins segja hinum heiðraða þíngmanni Norður-Þíngeyínga það, að mèr þykir undarlegt, að hann skuli segja, að nefndin í fjárkláðamálinu í Reykjavík hafi »*forkvaklað*« málið, þar sem hann þó alls ekkert þekkir til aðgjörða hennar.

Jón Hjaltalín beiddi sèr hljóðs og krafðist, að þíngskrifararnir bókuðu eptir sèr *mótmæli* (Protest) gegn aðferð þeirri, er *forseti* og nokkrir aðrir þíngmenn hefði beitt við sig í þessu máli, er honum hefði verið meinað, að ræða eptir því, sem hann vildi; og ætlaði hann að mæla fram upp úr sèr eða af skrifuðum seðli þessi mótmæli til bókar (»*dictera*«), en nokkrir þíngmenn skutu því undir úrskurð *forseta,* hvort þetta væri eigi móthverft rèttri þíngreglu, þá mælti

Forseti: Eg get hvorki leyft hinum háttvirta þíngmanni, að mæla fram mótmæli til bókar nè leggja þau fram á skrifuðum seðli, en þess skal verða getið í þíngbókinni — þess bið eg þíngskrifarana — að hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hafi hreift þessum mótmælum. En eg verð að segja hinum háttvirta þíngmanni það, að þíngmenn og *forseti* hafa ábyrgðina af því og fullan rètt til þess,

að biðja og krefjast þess, að hver þingmaður sem er, haldi sèr við efnið.

Guðmundur Brandsson: Eg vil áskilja mèr breytíngaratkvæði við tölulið 1, að orðunum »*er kynni að verða skipaðir*« yrði breytt í: »*er hún sjálf kynni að kjósa*«, og að í staðinn fyrir »*gæzlu og meðferð*« í 3. gr. komi: »*lækníngu og aðra meðferð*«.

Magnús Andrèsson: Eg skal leyfa mèr að bera mig saman við þingmann Norður-Þingeyjarsýslu, því annaðhvort halla eg mèr að breytíngaratkvæðum hans eða engu.

Benedikt Þórðarson: Eg var líka búinn að hugsa mèr breytíngaratkvæði í sömu átt og þingmaður Gullbríngusýslu, og skal eg bera mig saman við hann um það.

Jón Hjaltalín: Eg vona að þingmenn hafi heyrt, að eg ætla mèr að nota rètt þann, sem 61. gr. alþingistilskipunarinnar heimilar.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúníngsumræðu lokið. Eg skal leyfa mèr að ítreka við þingmenn, að koma sem fyrst til mín með breytíngaratkvæðin í húsmanna og lausamanna málinu.

Kemur þá samkvæmt dagskránni til *ályktarumræðu stjórnarbótarmálið*. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Skagfirðínga, og skal eg biðja skrifarana að afhenda honum málið. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, sem eg vona að þingmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: þegnleg uppástúnga *um stjórnarbót fyrir Ísland.*

1. Breytíngaruppástúnga *Páls Sigurðssonar:*

   Að alþingi sendi konúngi allraþegnsamlegast ávarp, í yfirlýsta stefnu, áhrærandi stjórnarbótarmálið, í staðinn fyrir bænarskrá með niðurlagsatriðum.

2. *Nefndin:* 1. niðurlagsatriði:

   Að hann (ɔ: konúngur) allramildilegast vili, svo fljótt sem auðið er, kveðja til þjóðfundar á Íslandi eptir reglum þeim, sem gefnar eru í kosníngarlögum 28. september 1849, og leggja fyrir hann frumvarp til stjórnarbótar þeirrar, er honum allramildilegast vildi þóknast að gefa oss Íslendíngum.

3. *Jón Hjaltalín,* breytingaratkvæði við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar:

Að í staðinn fyrir: »Að hann svo framarlega sem þessu eigi gæti orðið við komið svo fljótt« o. s. frv. standi: »*Að konúngur vor allramildilegast vildi gefa næsta alþingi, 1863,* til bráðabyrgða« o. s. frv., og að í staðinn fyrir: »*vald til*« verði sett: »*fullt vald til*«.

4. *Nefndin:* 2. niðurlagsatriði:

Að hann, svo framarlega sem þessu eigi gæti orðið við komið svo fljótt, allramildilegast vildi gefa alþíngi til bráðabyrgða, og þangað til stjórnarbót Íslands væri komin í kríng, vald til að leggja á landið, með hans allrahæsta samþykki, alla nýja tolla og skatta, er rynni inn í einn sjóð, til framkvæmdar nýjum fyrirtækjum, er til landsins heilla horfa og nauðsynjar þess krefja, og vald til þess, í hvert skipti sem það kemur saman, að veita fé úr sjóðnum alþínga á miilum, og að hans hátign enn fremur allramildilegast vildi leggja fyrir næsta alþíngi frumvarp til laga um þetta mál, er löguð væri eptir því, sem nefndin hèr að framan hefir tilgreint.

5. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (Gísli Brynjúlfsson): Eg áskildi mèr við undirbúníngsumræðuna rètt til, að fara nú nokkrum orðum um mótbárurnar, sem þá voru komnar fram á móti uppástúngum nefndarinnar, þegar beðið var um, að umræðunum væri hætt í það skipti; og skal eg nú reyna til, að gjöra þetta á sem stytztan hátt. Mèr virðist nú reyndar svo, sem sú ætli að verða niðurstaðan, að ávarpsuppástúngan muni fá flest atkvæði hèr á þínginu, og get eg þá gjarna sagt það undir eins, að eg fyrir mitt leyti get ekki verið henni mótfallinn í sjálfri sèr, því það hefir miklu fremur æfinlega verið skoðun mín, að það form mundi að öllum líkindum vera hið haganlegasta, að eins að efni ávarpsins þá væri svo, að eg fullkomlega gæti fallizt á það. En eg álít mèr nú þó einkum skylt að segja, hver skoðun nefndarinnar yfir höfuð var á málinu, sèr í lagi með tilliti til þess, sem móti henni hefir verið haft. Uppástúngur nefndarinnar eru, eins og þær nú liggja fyrir, með tvennu móti, og er önnur yfirgripsmeiri en önnur, þar sem í hinni fyrri er beðið um þjóðfund, til þess alveg að útkljá stjórnarbótarmál

vort sem fyrst, en í hinni er að eins beðið *til vara*, að veita alþíngi því, sem nú er, rètt til þess að leggja alla þá nýja tolla og skatta á landið, er því kynni að þykja nauðsynlegir til einhverra fyrirtækja. Að því er nú hinni fyrri uppástúngunni viðvíkur, þá hafa eigi eiginlega nokkrar mótbárur komið á móti henni, nema að því leyti sem segja má, að þær sè einnig innifaldar í uppástúngunni um ávarp að eins til konúngs; en eg fyrir mitt leyti verð þó að segja, að eg sem nefndarmaður get ei fallizt á aðra uppástúnguna, nema svo að eins, að hún hafi líka framgang, því þær eru, að áliti mínu, svo nákvæmlega samtengdar, að það er varla til nokkurs að biðja um hið fyrra, án þess líka að biðja um hið seinna. Nefndin áleit sumsè, að það væri engu vissara nú en áður, að þjóðfundur fengist, þó enn væri að nýju beðið um hann, og hún vildi því að minnsta kosti reyna til, að hafa eitthvað fram; þess vegna stakk hún og upp á seinna atriðinu, að hún áleit heldur líklegt, að það fengist, og eg fyrir mitt leyti vildi ei heldur í þessu máli, heldur en t. a. m. í læknamálinu ráða þínginu til, að vera allt af að höggva ofan í sama farið, án útsjónar til þess, að hafa nokkuð verulegt fram. Menn sjá því, að nefndin hefir reynt til, að sameina tvær kröfur í einu, aðra þá, sem fer eptir hinum strangasta rètti, en sem engan veginn er víst að fáist fyrir hið fyrsta, og hina, sem ei fer eins langt, en sem líklegra er, að stjórnin muni fyr uppfylla, og hefir nefndin þá í þessu máli haft þá hina sömu aðferð, sem vèr vonum að muni verða affaradrjúg fyrir þetta þíng í fleiri málum, því þíngið á ei einasta að hugsa um hinn strangasta lagarètt út í allar æsar, heldur einnig hitt, hvað mögulegt sè að hafa fram í hvert skipti. Eg vona því, að menn skili, hvernig á því stendur, að eg sem nefndar- og framsögumaður get ei fallizt á aðra uppástúngu nefndarinnar, nema svo að eins, að henni verði líka framgengt á þínginu. En því miður heyrist mèr nú það hljóð í mörgum þíngmönnum, að þeir muni ei vilja fallast á hina síðari uppástúngu nefndarinnar, og þykir mèr það nokkuð undarlegt; því þó sagt sè, og það er hin einasta verulega mótbára, sem eg hefi heyrt, að það sè nú því síður ástæða til, að vera að biðja um einn part af fjárhagsráðunum, fyrst stjórnin sè einmitt nú farin að hugsa um, að setja niður nefnd um fjárhugsmálið allt, og líklega til þess bráðum að veita oss öll fjárhagsráðin í heilu lagi. Þá víta þó allir, að þetta er enn að eins ráðgjört, en ei komið í kríng, og bæn frá alþíngi nú í þá stefnu, sem nefndin hefir farið fram á,

getur alls eigi spillt nokkuð fyrir fjárhagsmálinu yfir höfuð. Og að því er því viðvíkur, að menn hafa á móti að biðja um, að veita þessu alþingi, sem vèr nú höfum, nokkurn rètt, þar eð það sè að eins að biðja um stjórnarbótina í stykkjum, þá segi eg fyrir mig, að eg hefi einmitt alls ekkert á móti því, þó við fengjum stjórnarbótina í stykkjum, því eg veit vel, að svo hefir stjórnarbótin einmitt fengizt í þeim löndum, sem nú eru frjálsust í þjóðlegu tilliti, í Englandi og Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, svo mèr þætti engi skömm, þó við færum að þeirra dæmum. Er þetta álit mitt því og í hinu nákvæmasta sambandi við þá skoðun mína á þjóðfundinum, sem eg áður hefi látið í ljósi, að eg tel það í raun og veru fremur formspursmál, heldur en verulegt, hvort stjórnarbót hèr í landi fengist fyrir meðalgöngu alþingis, sem nú er, eða þjóðfundar, að eins ef hún fengist góð og tryggileg; en eg hefi þó ei, sem sagt, fundið ástæðu til þess, beinlínis að vera á móti því, að þingið nú beiddi um þjóðfund, eins og það optar en einu sinni hefir áður gjört, fyrst það nú sýnist að vera almennur vili landsmanna, og eg hefi að eins óskað, að það beiddi þá undir eins líka um eitthvað það annað, viðvíkjandi stjórnarbótinni, sem meiri von væri um, að nú gæti fengizt þegar. En þetta er nú einmitt hið annað uppástúnguatriði nefndarinnar, og eg vil biðja þá menn, sem móti því eru, að gæta þess, að þeir geta ei vel með sanni sagt, að þeir óski stjórnarbótarinnar sem allra fyrst, er þó í kjarna sínum einkum er fullkomið fjárhagsvald, ef þeir nú ei einu sinni vilja biðja um, að vèr, ef hún ei fáist að svo stöddu, megum þó að minnsta kosti ráða öllum nýjum álögum á landið, ef þörf gjörist. Það ætti að vera auðsjáanlegra en svo, að nú þyrfti mjög að útlista það, hvert mein það hingað til opt hefir verið oss, að hafa engi fjárráð, — hvers sem landið svo hefir þurft með — og ekki þurfa heldur þeir, sem hafa á móti þessu, en segjast þó vilja stjórnarbótina, að óttast fremur, að slíkur rèttur yrði nú vanbrúkaður af alþingi, þó það hefði hann, heldur en af fullkomnu löggjafarþingi, er hefði öll fjárhagsráðin. En þingið verður nú að ráða ályktunum sínum, og eg segi að eins það, að ef eg vissi fyrir fram, að að eins hið fyrra uppástúnguatriði nefndarinnar mundi verða samþykkt, en hið síðara fellt, þá mundi eg heldur vilja fallast á ávarp til konúngs yfir höfuð um hin helzt áríðandi mál vor, ei þó þakklætisávarp að eins, eins og það, sem síðast var lesið hèr upp, heldur ávarp, sem einnig hefði í sèr ýmsar bendingar til

stjórnarinnar, og því vona eg enn mætti breyta. Eg segi ei nú beinlínis, hvernig eg vildi hafa slíkt ávarp; en eg get þess að eins, að mèr þætti tilhlýðilegt, að það óskaði fullkominnar endurbótar á allri landsstjórninni yfir höfuð, og ítrekaði það enn sterklega að nýju, sem annars og hefir komið fram hèr á þinginu, að menn verði að telja það með hinum helztu landsnauðsynjum, að öll kennsla verði sem fyrst innlend. En þetta verður að vera á þingsins valdi, og eg skal nú heldur ei tala fleira um málið að sinni.

Stefán Eiríksson: Eg talaði nú ekkert í þessu máli við undirbúningsumræðuna, enda voru ræðurnar þá fluttar með svoddan kappi af sumum, að margir þingmenn urðu út undan með orðið; það var nú margrætt um fyrstu uppástúngu nefndarinnar um þjóðfundinn, en eg get nú ekki kastað þúngum steini á nefndina, þó hún tæki það fyrir að biðja um þjóðfund, því flestar af bænarskránum fóru í þá stefnu; en samt sem áður held eg, að rèttari hefði verið fyrir þingið, að fara í sömu stefnu með stjórnarbótarmálið, og það hefir nú gjört á næst undangengnum þingum; þá kemur nú þetta annað niðurlagsatriði nefndarinnar, um þessar tolla- og skattaálögur; mig furðar nú á því, að menn skuli vilja fara fram á þetta, á meðan menn ekki vita um vilja landsmanna í þessu, þegar þó allur fjöldi þingmanna var á því hèr um daginn, að ekki mætti leggja alþingistollinn á jarðahundruðin, af þeirri ástæðu, að menn vissi ekki um vilja landsmanna; mèr finnst nú rèttast að fresta þessu skattaálöguatriði að þessu sinni, þangað til þjóðin hefir kynnt sèr málið, því þingmenn geta hver í sínu kjördæmi komizt að vilja þeirra í þessu efni; eg játa það að vísu, að okkur vantar fè til margra nytsamra fyrirtækja, en sem sagt: mèr finnst mjög vafasamt að fara fram á þetta nú; hinn háttvirti *varaforseti* sagði í gær, að það væri meining nefndarinnar að leggja þessa nýja tolla og skatta á munaðarvöru; það kann nú að vera, að það væri allgott úrræði, því þá yrði drykkjurútunum gjört erfiðara fyrir að kaupa brennivín, og eg fyrir mitt leyti er nú ekki á móti því; það gæti þó komið nokkurt fè saman með því, að leggja 2—4 sk. á hvern vínpott og hvert kaffipund og tóbakspund; aptur skildist mèr nú á sumum nefndarmönnum, að þeir hefði ekki miðað hugsun sína einasta við munaðarvöruna, heldur við alla þá gjaldstofna, sem nú eru; en eg verð nú að álíta, að á þeim hvíli ærin útgjöld, þó ekki verði nú farið að leggja á þá nýjan skatt. Af þessum ástæð-

um, sem eg hefi nú látið þinginu í ljósi, ætla eg einúngis að gefa atkvæði mitt með 1. tölulið.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg hefi ekki lengt þingræðurnar í þessu máli, og skal ekki heldur gjöra það. Í sumar, þegar þetta mál var hafið hèr á þingi, og tekið til nefndar, þá þótti mèr það vera svo alkunnugt, og margyfirvegað og skráð um það frá alþingi til stjórnarinnar, að eg gat ei álitið það svo flókið eða athugavert, að nefndin þyrfti að vera í 6 eða 7 vikur að hugsa sig um álit sitt, og að slíkt að lokum þyrfti að gjöra tveggja daga þögn á þingi. Eg hugsaði, að það mundi aldrei þurfa annað í þetta sinn, en að þingið með ávarpi til konúngs yfirlýsti sínum og þjóðarinnar sama áhuga á málinu, og að konúngur væri beðinn um, samkvæmt hans góðu undirtektum í auglýsíngu hans til þessa alþíngis, að flýta sem mest fyrir málinu. Eg aðhyllist því 1. tölulið á atkvæðaskránni; það fyrra niðurlagsatriði nefndarinnar, að biðja um nýjan þjóðfund, þykir mèr síður nauðsynlegt, að sè *skarpt* tekið fram. Eg vil ekki spilla málinu, en fela það konúngsins vilja og viturleik á vald, hvernig hann efnir heitorð sín 23. sept. 1848; hitt síðara atriði nefndarinnar, að alþíngi fái nú þegar vald til að leggja nýja skatta og tolla á land þetta, þyki mèr nú sem stendur ekki í rèttum tíma upp borið. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður margtók það fram við undirbúníngsumræðu þessa máls, að menn ætti að neyta tækifæris, að menn ætti ekki að sleppa því, þegar það gæfist í þessu tilliti; en eg vil spyrja: er nú nokkurt tækifæri til, að biðja um þjóðfund, að biðja um skattalöguvald? hafa menn nokkrar vonir um, að stjórnin vili bænheyra um þetta? Eg veit ekki til, að menn missi nokkuð tækifæri, þó menn þegði um þetta í þetta sinn; stjórnin hefir nú í auglýsíngu konúngsins látið í ljósi góðviljaðan áhuga sinn í þessu stjórnarskipunarmáli og sagt, að þegar væri gjörðar ráðstafanir til, að yfirvega fjárhagsviðskiptin milli Íslands og Danmerkur; eru því allar líkur til, að stjórnarbótarmálið komi bráðum fyrir sjálfkrafa, og fjárhagsvaldið bráðum í þíngsins hendur, þó vèr ekki biðjum í þessari bæn; þá er fyrst tækifæri að fara að leitast við, hvar helzt að lagðir verði á nýir tollar og skattar, þegar menn eru búnir að sjá fjárhag sinn, og sjá, hvers nauðsynjarnar krefja; þá fær þíngið líka vald til, að lètta á útgjöldum þeim, sem óþörf eru, og haga hlutunum til eptir því, sem hentugast og kostnaðarminnst kann að vera; en um þetta biður ekki nefndin hèr, heldur einúngis um vald til, að leggja á

álögur; annars þykir mèr hún komast í mótsögn við sjálfa sig, þar sem hún segir, að alþingi sè ekki fært um, að ráða neinu um stjórnarskipunarmálið; því þurfi að kjósa til þjóðfundar; en aptur þykir henni alþingi fært til þess, að hafa skattálöguvald, og geti vel búið til nýjar álögur. Eg vil nú ekki í þetta sinn fara að káfa ofan í það, að biðja um þetta vald; eg vil menn bíði þess, að það komi; þetta fæst með tíðinni, og þá er bezt að nota vel og með forsjá þetta vald.

Páll Sigurðsson: Mèr heyrðist framsögumaður ekki vera mótfallinn uppástúngu minni með nákvæmari breytíngum, og áskildi eg mèr rètt til þess í gær undir eins, að lagfæra ýmislegt, áður en ávarpið yrði borið upp undir endilegt samþykki þíngsins. Hinum konúngkjörna varaþíngmanni þótti nærri því ávarp mitt of auðmjúkt, þar sem eg áður hefði má ske stundum verið of harður við stjórnina; hann sagði, að eg áður hefði haft lítið traust á stjórninni, en lýsti nú svo furðu miklu trausti á henni; en það er aðgætandi, að eg hefi ekki getað haft traust til stjórnarinnar í þeim málum, sem vèr ekki höfum haft loforð stjórnarinnar að styðjast við; en þar sem vèr í þessu máli höfum vilyrði stjórnarinnar við að styðjast, verð eg að hafa traust til hennar, eins og eg hefi traust til einstaks manns, sem hefir gefið mèr eitthvert loforð. Mönnum hefir þótt það að ávarpinu, að ekki væri minnzt á þjóðfund, en það er þó gjört; að minnsta kosti er brèfið frá 20. september, sem hann er byggður á; en eg vildi ekki fara lengra út í það, því eg áleit, að konúngur mundi fullvel muna eptir því, hvað í því stendur, og hvernig þjóðfundurinn endaði, og þó að Íslendíngar álíti, að þetta heityrði konúngsins sè ekki uppfyllt, vita menn ekki, nema stjórnin líti öðruvísi á þetta mál, og þá væri það til þess, að seinka málinu, að biðja um þjóðfund, því ef stjórnin yrði á annari skoðun, en þíngið, veit eg ekki, hver ætti að skera úr því, hver skoðunin sè rèttari, og er þetta í rauninni ekki annað, en formspursmál. Að því er snertir uppástúnguna um landssjóðinn, er eg ekki á móti henni, af því að eg álíti það ekki þarflegt, að slíkur sjóður kæmist á, heldur af því, að eg álít það neyðarúrræði, að fá það í molum, sem menn helzt vilja fá í heilu lagi; mèr finnst það neyðarúrræði, að fá rètt til þess, að bæta við nýjum sköttum á landið, meðan menn ekki mega breyta þeim sköttum, sem eru, og sem mætti bæta mikið með lítilli breytíngu, en við því getum vèr ei hreift; þess vegna, fyrst vèr höfum þá von

frá stjórninni, að fjárhagsmál vort muni bráðum verða leitt til lykta, þá vil eg heldur bíða um sinn; en eg álít, að menn ætti þá fyrst að fara að biðja um rètt, til að leggja á sjálfir nýja tolla, og til búa landssjóð, ef vèr enga von hefðum, að fá fullkomin fjárforráð, til þess, að menn gæti þó heldur en ekkert gjört dálitla umbót innanlands.

Indriði Gíslason: Eg get ekki verið nefndinni samdóma, þó eg viti, að hún hafi viljað gjöra vel; eg hefði gjarnan viljað það af því, að hún hefir viljað hafa tillit til þess, að svo margar bænarskrár hafa komið til þingsins um þetta mál, og flestar fara fram á, að beðið sè um þjóðfund. Eg hefði ekki hneykslast á því, þó nefndin hefði álitið sèr skylt að taka tillit til þessa, ef sömu reglu hefði verið fylgt í öðrum málum; en nú eru 2 mál gengin í gegnum þingið, og hefir í þeim ekkert tillit verið haft til bænarskráa landsmanna. Að því er 2. atriði nefndarinnar snertir, þá skal eg, ef eg get, varast að nefna nafnið á því, sem þar er beðið um, því það er eins og menn hneykslist á orðinu »landssjóður«; en eg get ekki skilið, að það eigi nú við, að biðja um þetta. Eg skal skýra það með dæmi: það skulu vera tveir menn, sem hafa óhreina reikninga sín á milli; eg set nú stjórnina sem aðra persónuna og Íslendinga sem hina; milli þeirra eru óhreinir reikningar, meðan þeir ekki eru orðnir hreinir, og finnst mèr þá mjög óeðlilegt að biðja um skattgjafarvald, meðan vèr ekki vitum, hvað stjórnin á hjá okkur. En ef vèr ættum hjá stjórninni, finnst mèr undarlegt, að vilja ekki hreina reikninga, þegar stjórnin sjálf vill hreinsa þá. Menn verða líka að gæta að þeim kríngumstæðum, sem nú eru; mèr sýnist það hneykslanlegt, að biðja um þetta í sömu andránni, og menn eru að biðja stjórnina um styrk í húngursneyð, í sömu andránni, og menn biðja um 5000 rd., til þess að lækna kláða og aðra sjúkdóma í fènaðinum, og í sömu andránni, og menn eru að biðja um að mega ráða þeim sjóð, sem vèr eigum, þ. e. spítalasjóðnum, sem oss er hin mesta nauðsyn á. Eg held, að stjórnin muni ekki gleypa við þessu; eg er hræddur um að þegar stjórnin álítur oss ekki færa til þess, að ráða spítalasjóðnum, þá muni hún ekki veita oss þenna rètt, þó vèr biðjum um það; þess vegna verð eg að gefa atkvæði á móti 2. atriði nefndarinnar, en ekki af því, að eg vili ekki að vèr sèum ríkir.

Arnljótur Ólafsson: Mèr er sama, hvort mál þetta nær landi eða ekki; mèr er sama, hvort nefndaruppástúngurnar verða samþykktar eða ávarpið, því eg vona, að þingið hafi ekki á móti nefnd-

aruppástúngunum að efninu til, heldur að skipulaginu til. *Eg* held, að þeir, sem vilja að þingið sendi konúngi ávarp, sè með því, af því þeir treysti stjórninni svo vel, að þeir halda, að ekki muni þurfa meira, og eru jafnvel vissir um það. En eg verð að byggja á því, að sá þingmaður, sem kemur fram með einhverja uppástúngu, verði ekki að eins að hafa þá sannfæríngu, að hún sè rètt, heldur verður hann að vanda uppástúngu sína sem bezt, með þekkíngu og reynslu; og vona eg því, að þingmenn gjöri mèr engar gersakir, þegar eg kem fram með uppástúngu, sem er byggð á sannfæríngu minni, þekkíngu og reynslu. Eg vil leyfa mèr að svara þingmanninum úr Dalasýslu því, sem hann sagði, að það væri undarlegt, að biðja um fjárhagsráð, meðan vèr værum svo bláfátækir. Eg vil spyrja hann: Eigum vèr að sleppa því að biðja um stjórnarbót, af því vèr sèum svo fátækir, því ef vèr fáum stjórnarbót, þá fáum vèr fjárhagsráð; en til hvers er að biðja um fjárhagsráð, ef vèr höfum ekkert fè? Vèr vitum, að tekjur landsins hrökkva ekki fyrir útgjöldunum; ef vèr því biðjum um fjárhagsráð, áður en vèr höfum nokkurt fè, þá er það sama sem að biðja um, að vèr megum borga það, sem vèr ekki getum borgað. Þess vegna vildi nefndin, að þingið fengi vald til, að leggja þær nýjar álögur á landið, sem það gæti þolað, og sem nauðsynlegar væri, en svo yrði konúngur að skjóta því til, sem á brysti, til þess að landið gæti borið sig. Eg held nú reyndar, að stjórnin muni ekki ganga að þessu, og því vil eg eigi gjöra svo mikið úr þessum skattálögurètti, en eg held, að menn með því samt gæti fengið eins og taumhald á stjórninni, svo að hún lèti oss annaðhvort fá stjórnarbót eða þá það, sem henni er enn meinlegra. Þetta er mín meiníng um þetta mál, en það er hverjum frjálst, að skoða það öðruvísi.

Jón Hjaltalín: Eg ætla ekki að mæða mig á því að standa upp fyrir 1. tölulið á atkvæðaskránni, þó hann kunni að hljóma vel; því er svo varið, að eg er opt vanur að álíta ósèða hluti eins og tvíeggjað sverð, sem bæði gæti sært sjálfa oss og aðra; en hvað sem úr stjórnarbótinni verður, hvort sem hún verður að liði eða ekki, getur það, sem farið er fram á undir 2. atriðinu, orðið til góðs, og fyrir þessum tölulið ætla eg að standa upp; en falli hann, þá hefi eg ekkert traust á því, að þingið muni skilja sig vel við stjórnarbótina. Eg held, að allir verði að játa, sem þekkja landsstjórn og vita, hvað hún er, að sá sem hefir fèð í höndum, hann hefir líka valdið í höndum sèr, og getur þá sýnt stjórnvísi sína,

ef hún er nokkur til. Þetta hefir líka þingmaður Borgfirðinga tekið svo ljóslega fram, og ef þingmenn skilja ekki þetta, þá held eg, að þeir skili ekki mikið í því, hvað stjórnarbót er. Það eru til 2 vegir til þess að stjórna fólki; menn geta stjórnað annaðhvort með *stáli* eða *gulli*; það var rómverskur hershöfðingi, sem einhvern tíma sagði, að betra væri að stjórna með gulli; »því«, sagði hann, »með því kaupi eg stál«; en hinn maðurinn, sem átti tal við hann, það var minnir mig Attila, sagði: »Sverðið er betra, því með því ávinn eg gull«. Eg læt það ósagt, hver réttara hafði fyrir sér, en hitt segi eg, að þeir, sem ekki vilja fallast á 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, þeir ætla sér að stjórna með orðunum tómum; en það mun aldrei hafa orðið að neinu gagni hingað til, og verður að öllum líkindum heldur eigi hér eptir.

Benedikt Sveinsson: Eg verð að tala fáein orð, til þess að svara hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* upp á það, sem hann sagði, viðvíkjandi ræðu minni, af því eg gat ekki svarað honum í gær; eg er hræddur um, að annaðhvort hafi eg misskilið hann eða hann misskilið mig. Hann var hræddur um, að aðgjörðir fjárhagsnefndarinnar í Kaupmannahöfn muni koma í bága við uppástúngur nefndarinnar. En þetta get eg ómögulega skilið. Það er nú fyrst og fremst ekki víst, að nefnd þessi verði sett, því menn hafa ekkert fyrir sér í því, annað en almenna og óákveðna bendíngu í auglýsíngu konúngs til þíngsins, og í annan stað vantar allar upplýsíngar um það, hvort ætlunarverk þessarar nefndar sé, og þess vegna var eg móti því, að vísa öðru mjög áríðandi máli til þessarar nefndar, og því finnst mér, að þingið þurfi ekki að haga gjörðum sínum eptir þessari ímynduðu nefnd. En það var enn meiri misskilníngur milli hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* og mín, viðvíkjandi því sambandi, sem stjórnarfyrirkomulag Íslands stæði í við alríkisfyrirkomulagið í Danmörku. Eg sagði *ekki,* að það væri »reyrt og bundið« við stjórnarfyrirkomulagið í Danmörku; nefndin sagði það ekki heldur, og ekki heldur hitt, að það væri laust við það; en nefndin og eg fara fram á, að stjórnarfyrirkomulag Íslands þyrfti ekki að vera svo bundið við stjórnarfyrirkomulagið í Danmörku, að hennar áliti, að ekki yrði skipað um stjórn Íslands, fyr en alríkisfyrirkomulagið í Danmörku væri komið í kríng, en eg og nefndin hafa líka tekið það fram með berum orðum, að verið gæti, að þessi meiníng væri miður rétt, svo að skeð gæti, að aðaluppástúngur nefndarinnar kæmi í bága við það, sem stjórninni er unnt í þessu máli; vér getum

nefnilega hvorki með réttu sagt, að Íslands stjórnarfyrirkomulag sé alveg *bundið* við fyrirkomulag stjórnarinnar í Danmörku, né að það sé alveg *laust* við það; hvorttveggja sýnist mèr ísjárvert að þingið segi, og hvorugt getur án efa hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* staðið við að segja. Þegar því *konúngsfulltrúi* kom með þá mótbáru á móti nefndinni, að hún bæði um minna, en áður hefði verið beðið um, gætti hann þess ekki, að þetta snerti að eins varauppástúngu nefndarinnar, og er sniðið eptir því, sem eg nú hefi bent á, og eg verð að halda, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ætti líka að láta vera sèr hugfast; eg skil því ekki, að þetta sè nein sönn mótbára á móti nefndinni, auk þess, sem eg held, að það sè mjög áríðandi í þessu máli, að þingið fari fram með allri varkárni og stillingu. Eg álít ekki, að menn eigi að missa sjónar á því meira, sem réttast og æskilegast sè, þó kríngumstæðurnar gjöri það að verkum, að menn slaki dálítið til; nefndin hefir haldið aðalstefnu þingsins og þjóðarinnar áður, um málið sjálft, en að eins lagað það, sem alþingi hefir, að nefndarinnar áliti, áður skoðað miður rètt. Sá sem hugsar vel um uppástúngur nefndarinnar um nýjan þjóðfund og landssjóðinn til vara, mun sjá, að þetta er rètt hermt, en menn verða að setja sig vel inn í þetta mál. Hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* virtist hugsun nefndarinnar um sjóðinn óljós; það er satt, að nefndin hefir ekki tekið fram út í allar æsar, hvernig fyrirkomulag hans ætti að vera, en hefir þó gefið svo miklar bendíngar um það, að hver og einn, sem annars skilur í lögbundinni ríkisstjórn *(constitutionel Forfatning)* getur sèð, að nefndin vill að sjóður þessi verði bundinn slíkum reglum, og eru um slíka sjóði í þeim löndum, þar sem »*constitutionel*« stjórn er komin á; hún benti á það, að þingið ætti að geta lagt þessa skatta á með samþykki konúngs, eður með öðrum orðum, að þingið fengi »*Skattebevillingsret*« eða rètt til þess, bæði að kveða á um skattálag og líka að veita fè úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja, og ákveða, hvernig verja skyldi þessu fè þínga á milli; þetta eru aðalatriðin; en nefndinni þótti ei við eiga, að fara út í það smásmuglega. Hinir heiðruðu þíngmenn hafa komið með ýmsar mótbárur á móti uppástúngum nefndarinnar, og skal eg ekki tefja tímann með því, að svara þeim öllum, en að eins taka það fram, að eg get ekki skilið, hvers vegna menn halda, að það, sem nefndin stíngur upp á, muni seinka stjórnarbótarmálinu, því ef vèr höldum oss til þess, sem stjórnin hefir sagt, þá er stjórnarfyrirkomulag Íslands bundið við, að alríkisfyrirkomu-

lagið í Danmörku komist á, ef það annars kemst nokkurn tíma á, *þá* verður líka ákveðið um stjórnarfyrirkomulag Íslands. En nú getur engi sagt, að þetta alríkisfyrirkomulag komist bráðum á, og eiga Íslendíngar þá lengi að bíða? Er þá varauppástúnga nefndarinnar eigi betri en ekki neitt? en ef það bráðum væri í vændum eður réttara kæmist á, þá fellur hún af sjálfu sèr í burtu, því þá fáum vèr meira, en hún fer fram á, eður aðaluppástúngu nefndarinnar. Eg get ekki skilið, hvers vegna menn ekki vilja, að landið fái neinn stjórnlegan *rètt,* eða, að eg svo að orði kveði, að *rèttur* sè lagður á landið, því það er þó engi *skattur*, sem á það er lagður með þessu, eins og mèr hefir heyrzt sumir þíngmenn ímynda sèr; mèr þykir það undarlegt, að menn skuli forðast þenna *rètt,* eins og einhverja ófreskju; og er eg hræddur um, að ef mönnum sýnist þetta litla svo óttalegt, þá muni stjórninni, ef eigi þínginu og þjóðinni, þykja hið meira enn voðalegra. Mèr þykir það mikið vafamál, — en mín meiníng kann að vera röng í þessu — að fjárhagsaðskilnaður Íslands og Danmerkur komi með þá makalausu gullöld, sem sumir ímynda sèr; það er því sannarlega athugavert, hvort vèr, ef vèr fáum þessa allsherjar stjórnarbót, ekki munum þurfa að leggja á nýja tolla, og þá mikla, því þó eg seti svo, að Danastjórn veiti Íslendíngum allar kröfur þeirra, þá er eg hræddur um, að oss verði langur uppi að lifa á þessum gömlu skuldakröfum. Það er bágt, ef Íslendíngar hugsa sèr, að þeir með fjárhagsaðskilnaðinum muni fá einhvern nægtasjóð, sem þeir geta ausið af um langan tíma, þangað til hann er eyddur, og farið svo fyrst að leggja nýjar álögur á landið.

Eg verð nú að biðja þíngmenn að hlusta á orð mín litla stund enn; því allir þíngmenn álíta það helga skyldu sína, að segja sannfæringu sína, og þessi hugsun stendur mèr, sem er nokkurs konar aukabesefi hèr á þíngi, nú fast fyrir hugskotssjónum, og eg finn mig nefnil. því fremur knúðan til þess, að segja sannfæríngu mína um þetta mál, sem mèr að líkindum mun ekki verða auðið að vera hèr aptur á þíngi. Eg stend þá hèr á alþíngi Íslendínga, og virði fyrir mèr tilgang og ætlunarverk þessa þíngs. Hver var hinn mildiríki tilgangur hins hásæla konúngs vors Kristjáns hins 8. með hinu nýja alþíngi? Auðsjáanlega sá, að það skyldi feta i fótspor hins forna alþíngis. Hvernig tók þjóðin þessari gjöf? Hún tók henni fegins hendi, og hvert íslenzkt hjarta gladdist við hana. Mèr finnst þá eðlilegt, að eg líti yfir störf þessa nýja alþíngis, frá því

það var stofnað, svo menn sjái, hvort það hafi haft sèr hugfast ætlunarverk sitt, og að vísu sýnist mèr, að það hafi starfað eptir bezta megni, og það er engi vafi á því, að bæði þjóðin og stjórnin hafa viljað færa atgjörðir þingsins á betri veg; en getur það dulizt mönnum, að stjórnin hefir framfylgt ýmsum tillögum þingsins miður en skyldi, og haft of lítið tillit til þeirra? Það getur ekki heldur dulizt, að þjóðin hefir fundið að alþingi, og þótt því ábótavant, og þessu þingi þarf ekki að þykja minnkun að því, þó að því sè ábótavant, eins og eg held að því sè ábótavant, því þegar eg gæti að því, að þing þetta hefir nú staðið í 16 ár, þá dettur mèr í hug 16 ára aldurinn, sem er það tímatakmark, þegar vèr viljum að menn komist af ómagaaldrinum, og verði persónulega frjálsir, og fari sjálfir að vinna sèr brauð. Nú segi eg, að þingið hafi hingað til ekki vantað skynsamlegar tillögur og æskilegar bænir í mörgum málum, en hafi auðsjáanlega vantað traust á sèr og þjóðinni, til allra framkvæmda; en skynsemin eintóm er ekki einhlýt. Hið skynsamlega verður opt að engu, ef það ekki er framkvæmt; hinn pólitíski rèttur er ekki spegill, sem fögur og fáfengileg stúlka skoðar sig í, að gamni sínu, heldur er hann það meginbjarg, sem þjóðin á má ske með miklum erfiðleikum að velta upp í móti og yfir margar torfærur. Nefndin hefir nú bent Íslendíngum á þenna veg, þar sem hún hefir ráðið þínginu til þess, að biðja um nokkuð af hinu *politiska* frelsi *til framkvæmda,* þó stjórnin ekki geti eða vili veita oss Íslendíngum allt, sem vèr viljum, og vona eg, að þingið kasti ekki þúngum stelni á nefndina fyrir það, þó það verði að játa sinn eigin vanmátt, með því að fara eigi að bendíngum hennar; en það er og verður þingsins ábyrgð, en eigi nefndarinnar, ef mál þetta fær ekki rètt úrslit á þínginu.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg saknaði þess hjá nefndinni, að eg vildi, að hún hefði gjört grein fyrir því, annaðhvort í nefndarálitinu, eða þá í ræðum sínum, hver munur er á því, að stjórnbótararmálið væri lagt fyrir alþingi eða fyrir þjóðfund, því um það efni munu meiníngar manna vera tvískiptar; á síðasta þingi vakti það fyrir oss, að það mundi nægja, að stjórnarbótin væri lögð fyrir alþingi, eins og það er; en nú hefir kviknað upp hjá þjóðinni nýr áhugi á þessu máli; mjög margar bænarskrár hafa komið til þingsins, og flestar þeirra biðja eingöngu um þjóðfund; eg tek það því upp aptur, að eg saknaði þess, þess vegna, að nefndin gjörði ekki ljós grein fyrir því, hver munur væri á því fyrir stjórn-

arbótarmálið, ef það yrði lagt fyrir þingið, eins og það er nú lagað, eða fyrir þjóðfund; eg er nú reyndar á því, að réttara væri og hollara fyrir landið, að stjórnarbótarmál vort yrði lagt fyrir þjóðfund, en skal ekki fara fleiri orðum um það að sinni. Að því er 1. tölulið á atkvæðaskránni snertir, þá hefir mér heyrzt það á fleiri þingmönnum, að þeir muni vilja styðja það, að ávarp verði sent til konúngs í þá stefnu, sem uppástúngumaður eða flutníngsmaður ávarpsins hefir látið í ljósi, og er eg reyndar á því máli, að það hefði má ske ekki þurft meira í þetta skipti; en eg vil þó benda þinginu á það, að með því er ekki fullnægt óskum landsmanna; það er ekki tekið nóg tillit til hins almenna þjóðvilja, sem lýsir sér í öllum bænarskránum, ef látið er lenda við það, að senda konúngi vorum einasta ávarp, nema í því sé skýrt tekið fram þessi almenna ósk landsmanna, nefnil. að menn fái þjóðfund. Eg vildi því leyfa mér að hreifa því, hvort það væri svo fjarri, að ef ávarpið yrði samþykkt af þinginu, að í það yrði þá tekið fyrra niðurlagsatriði nefndarinnar, eða hér um bil aðalkjarninn úr niðurlagsatriðum bænarskránna. Eg skal ekki tala margt um 2. niðurlagsatriði nefndarálitsins, um landssjóðinn, sem orðið hefir svo mikill ágreiníngur um meðal þíngmanna; eg segi það að eins, að nú sem stendur hefði verið betra, að þessi uppástúnga um landssjóðinn hefði ekki komið fram á þessu þíngi, en það hefði verið mikillar þakkarvert, ef hún hefði komið svo sem 10—12 árum fyr. Nú stöndum vèr í þeirri von, að fari að þoka að því, að vèr fáum fullkomin fjárhagsráð, og er því ekki furða, þó menn sè í efa um, hvort rètt sè, að biðja nú þegar um þessa litlu grein fjárhagsráðanna eða skattaálögurèttarins; eg fyrir mitt leyti er í mestu óvissu í þessu máli, því mèr finnst á aðra hliðina ísjárvert, að hafna þessari uppástúngu, og á hinn bóginn skaði, að taka hana, ef hún kynni að koma í bága við fjárhagsmál vort hjá stjórninni; eg væri í engum efa um þetta, ef ekki stæði svona á þessu máli, og ef við ekki nú stæðum á þessum óvissa og tvísýna tímans púnkti; en menn geta vonað bráðum að fá að sjá fyrir endann á því, og þá er hinn rètti tími til, að koma með þessa uppástúngu, ef hennar þykir þá þörf. Hinn konúngkjörni varaþíngmaður gengur beinlínis út frá því, að menn vili ekki uppástúngu þessa, af því að menn vili fyrirbyggja, að nýir tollar eða skattar verði lagðir á landið; eg finn mèr skylt, að mótmæla þessu alveg, bæði mín vegna og þeirra af bændum, sem talað hafa á móti uppástúngunni; eg hefi ekki get-

að skilið svo ræðu neins þingmanns, að hann hafi mælt á móti uppástúngunni þessa vegna; og eru þær gersakir, sem sumum þingmönnum hafa verið gjörðar í þessa átt, því alveg ástæðulausar; en hitt vakir fyrir mönnum, að þeir vilja annaðhvort fá *full* fjárhagsráð og skattaálögurétt, eða þá *ekkert* af þeim; þetta er það, sem fyrir þeim vakir, og bið eg þingmenn, og einkum hinn konúngkjörna varaþingmann, að kasta ekki þúngum steini á þá fyrir það, þó þeir vili annaðhvort fá það, sem þeir meina sig að eiga fullan rètt á, eða þá ekkert; því þessa bina sömu stefnu hafði hinn heiðraði þingmaður í öðru merkilegu máli fyrir skemmstu; það var í launabótamálinu; þar vildi hann hafa *allt* eða *ekkert* (*Benedikt Sveinsson:* Þá var um minn eiginn hag að ræða). Það er það sama, því hver þingmaður hèr á þingi á að hafa fyrir augum gagn sitt, jafnt og kjósenda sinna eður allrar þjóðarinnar, og þetta verður ekki aðskilið, því velfarnan hvers einstaks þingmanns og þjóðarinnar er svo óaðgreinanlega sameinuð, að þar verður ekki gjörður greinarmunur á.

Guðmundur Brandsson: Það hefir nú mikið verið fært nefndinni til málbóta, að hún hefði tekið svo mikið tillit til bænarskránna, sem komið hafa um þetta mál, og sem hafa farið fram á þjóðfund; enda tók eg það líka fram við undirbúníngsumræðuna. En eg held, að hvað margar bænarskrár, sem koma, þá sè þingmenn ekki bundnir við þær, ef þær koma ekki saman við skoðun þeirra sjálfra, og er þetta ljóst tekið fram í 59. gr. í alþingistilskipuninni. Í þessu máli hefir nú nefndinni komið saman við bænarskrárnar; en hinir, sem eru á móti, hafa líka sína sannfæríngu og verða að fara eptir henni; báðir stefna að því sama, en hafa nokkuð mismunandi aðferð. Þegar stjórnarbótarmálið var hèr fyrir í hitt eð fyrra, voru einn eða tveir konúngkjörnir þingmenn — eg gæti nefnt þá, ef eg vildi — sem tóku það fram, þegar talað var um, að biðja konúng að flýta málinu, og leggja til grundvallar í því uppástúngur þjóðfundarins og alþingis síðan, að þeir vildi útilykja orðið »þjóðfund«, því þeir hèldi, að það mundi verða grýla í augum stjórnarinnar, og eins og talað var um um daginn, að væri orðið »*skóli*« (*Benedikt Sveinsson:* Væri það æskilegt?), ekki segi eg það; en eg álít, að þeir hefði ei komið með þetta, ef þeir hefði álitið, að það bætti. Eg álít það nú reyndar í rèttu formi, að þetta mál væri lagt fyrir þjóðfund, en hitt er annað mál, hvort það bætir eða flýtir fyrir því, að biðja um það núna. Þingmaður Suður-Þingeyj-

arsýslu spurði um, hver væri munurinn á, að leggja það fyrir þjóðfund og alþingi; eg get sagt honum það; þegar menn gá að kosningalögunum 1848, sjá menn, að fulltrúafjöldinn er miklu meiri á þjóðfundinum, en alþingi. Auk þess eru þingsköpin mikið mismunandi; þau eru miklu rýmri og betri en þingsköp alþingis; en eg skal nú ekki fara lengra út í það, en að eins skýrskota til þess, sem eg sagði í gær. Að því er þessum sjóði viðvíkur, sem nefndur er í 2. niðurlagsatriðinu, þá veit eg að stúngið er upp á honum í bezta tilgangi; en eg er hræddur um, að það verði til að seinka fyrir stjórnarbótarmálinu. Nefndin hlýtur að hugsa sem svo, að stjórnarbótin muni koma með seinni skipunum, og ef við fáum þetta, getum við heldur þolað biðina (*Pètur Pèturson:* það er rètt; það stendur í niðurlagsatriðunum). En mèr þykir samt þetta varasamt, því eg hefi betra traust til, að stjórnarbótinni verði flýtt, heldur en nefndin, þó bæði hún og eg rennum blint í sjóinn með þetta.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi nú ekki talað enn í þessu máli. Mèr fèll margt vel í ræðu hins konúngkjörna varaþíngmanns, einkum þar sem hann sagði, *að þingið gæfi með þessu þjóðinni bendíngu;* það er satt, þingið bendir bæði þjóðinni og stjórninni; þjóðin getur sèð sig um, hvort hún vill *þetta skattfrelsi,* áður en hún fær *aðalskattfrelsislög,* sem þingið hefir svo opt óskað eptir, og stjórnin sèr, hvað þingið vill. Það hefir verið talað um, hvort heldur skyldi senda ávarp, eða upgástúngu um þjóðfund; eg var nú fyrst í efa um, hvað ávarpið færi djúpt í um þjóðfund; en síðan hefi eg komizt að raun um, að það biður um þann þjóðfund, sem konúngur lofaði 1848, og tekur fram, að það treysti því, að konúngurinn álíti heitorð sitt enn óuppfyllt, og bænarskránna getið um þetta; þetta er því eins skýrt tekið fram í ávarpinu, eins og hèr er í niðurlagsatriðinu, og held eg þetta sè fullt eins gott og nefndin tekur fram, nema ef þetta þjóðfundarnafn hljómar svo betur í eyrum stjórnarinnar, en nafnið „*skóli*«. Menn hafa verið að tala um, að þeir hafi beðið eptir stjórnarbótinni í 15 ár, og muni víst bíða lengi enn, en þó vilja menn ei bíða með þetta eina atriði um landssjóðinn, sem er svo illa undirbúið; eg held, að þingið þurfi ekki að vekja stjórnina með þjóðfundarnafninu, því hún veit vilja okkar um þjóðfund; og eg ímynda mèr, að hún veiti oss þessa bæn, svo einhvern tíma hætti þessari endaleysu, að vèr þurfum að vera að biðja um hvern skildíng, ef vèr þurfum einhverju

að koma fram, og eins þyrfti umboðsvaldið að komast í betra lag, en það er nú í, því það er auðsèð að ómögulegt er, að stjórna landinu, með þeirri tilhögun, sem nú er, og má til að gjöra einhvern enda á slíku. Vèr verðum annaðhvort að fá „*já*“ eða »*nei*«; ef vèr fáum »*nei*“, þá er fyrst kominn tími til að fara að spila upp á eigin spítur, og þá megum vèr ei láta neitt valda hindrunum, til hvers sem taka þarf. Eg held því, að ekki spilli, þó einúngis ávarpið sè sent, en 2. niðurlagsatriði nefndarinnar sè fellt. Það hefir verið talað um, hvernig ætti að fara að leggja toll á ýmsar óþarfavörur hjá oss, t. d. brennivín; en veit þá ekki hinn háttvirti 5. konúngkjörni, hvernig slíkum tollum er hagað í Noregi? Eg held það væri annað ráð betra, til að auka peníngana í landinu, en að leggja toll á þessar vörur, og það er, að hætta að eyða peníngum í þær. Hann sagði, að járn og gull væri það, sem hjálpaði mönnum upp, en eg held, að aflinn og sparsemi hjálpaði líka. Eg held engi hætta sè búin, þó þetta 2. atriði bíði í þetta sinn, og komi undir dóm þjóðarinnar, og það verði betur yfirvegað, á meðan við fáum að vita, hvað ágengt verður með fjárhagsaðskilnaðinn.

Pètur Pètursson: Eg sè, að 2. atriði nefndarinnar ætlar að eiga erfitt uppdráttar, og fær líklega ekki góðar viðtökur við atkvæðagreiðsluna. En ef þetta atriði verður fellt, þá segi eg fyrir mig, að það renna á mig 2 grímur, hvort ei sè betra, að gefa atkvæði með ávarpinu; mèr er ei svo mikið um þjóðfund að gjöra, að eg vili, að beðið sè um hann, ef málið verður partað í sundur; eg skoðaði málið í heild, og þótti bæði atriðin jafnnauðsynleg. Það hafa nú sumir þíngmenn skilið tilgang nefndarinnar með 2. atr., en ekki allir; hann er nefnilega sá, að ef stjórnarbótin fæst ekki undir eins, þá veiti stjórnin alþíngi þetta vald til bráðabyrgða, því það getur ekki orðið stjórnarbótinni sjálfri til fyrirstöðu, þegar hún kemur. Það eru nú svo margir þíngmenn vongóðir um, að stjórnarbótin muni fást svo fljótt; eg vil nú ekki spá neinu um það, en hræddur er eg um, að hún muni bíða nokkuð enn. Ef hún á að bíða eptir því, að alríkisstjórnin komist á fastan fót, þá óttast eg fyrir, að vèr megum bíða eptir henni 1 eða 2 ár enn, því sagt er, að *Preussen* að minnsta kosti seti sig nú fastlega á móti »*definitiv Ordning*« af málefnum Dana, en vili einúngis »*provisorisk Ordning*«. Ávarp getur ekki spillt, ef það er hógværlega orðað; það gjörir svo sem hvorki til nè frá; mèr er nú ekki mjög annt um

þetta mál, nema einúngis að því leyti, að eg vil, að vèr fáum fè, til að koma fram nauðsynlegum fyrirtækjum; og því vildi eg, að 2. atr. fengi framgang; en ef það er fellt, læt eg mèr hægt um málið.

Framsögumaður: Eg held eg verði að svara hinum háttvirta þíngmanni Suður-Þíngeyínga nokkrum orðum upp á spurníngar hans um muninn á, að leggja stjórnarbótina fyrir nýjan þjóðfund eða alþíngi að eins. Eg hefi áður optsinnis getið þess, að eg að vísu með tilliti til þess, hvort stjórnarbótin yrði alveg bindandi eður ei, álít þetta miklu fremur formspursmál en verulegt, því sá, sem veitir þjóðfundi rètt til þess að ræða og samþykkja stjórnarbót, nefnilega konúngur, getur líka veitt þenna rètt alþíngi, eins og það nú er; en veiti konúngur því nú slíkan rètt, og annars getur það sjálfsagt ei ályktað neitt um stjórnarbótina, þá er auðsætt, að aðgjörðir þess í málinu verða að vera eins bindandi á alla bóga og aðgjörðir þjóðfundar. Að þessu leyti get eg því ei annað sèð, en að munurinn sè að eins, eins og eg hefi sagt, formlegur, en ei mjög verulegur í sjálfu sèr; en þá er þó annar munur, sem mèr finnst miklu verulegri, og sem líka var bent á í nefndarálitinu, en það er það, að þíngmenn eru bæði færri á alþíngi, en á þjóðfundi mundi verða, og svo ei heldur kosnir beinlínis til þess að ræða um stjórnarbótina, svo menn vita ei, hvort landsmenn einmitt mundu hafa kosið þessa hina sömu menn í það mál, ef þeir hefði vitað fyrirfram, að alþíngi ætti að útkljá um stjórnarbótina. Þetta held eg sè aðalmunurinn, sem eg leyfi mèr að benda hinum háttvirta þíngmanni á, og skal eg vissulega ei neita, að hann er ekki lítilsverður, því það er einmitt þetta, sem mest hefir knúð mig til, að fallast á, að biðja um að leggja stjórnarbótina fyrir nýjan þjóðfund, en ei alþíngi eitt, því eg vil ei, að mönnum sè synjað um tækifæri, til þess að kjósa nýja menn, til þess að ræða um svo mikilvægt mál, ef þeir óska þess. Að öðru leyti þótti mèr vænt að heyra hinn háttvirta þíngmann, sem sjálfur er í bændatölu lýsa því yfir, að þó bændur hefði á móti seinna uppástúnguatriði nefndarinnar, þá kæmi það engan veginn af því, að þeir væri á móti, að leggja nýja tolla eða skatta á landið, ef nauðsyn krefði, heldur af því, að þeim þætti of lítið að hafa að eins rètt til að auka gjöldin, ef þyrfti, en ei þá um leið til hins, að sjá svo um meðferð þeirra, að þau gæti einnig stundum orðið lèttari á alþýðu, ef mögulegt væri. Þetta er allt satt og rètt, og mèr þótti vænt um, og eg var að bíða eptir

að heyra bónda segja það, svo eg vil nú helzt halda, að það hafi að eins verið misskilníngur minn, að mèr heyrðist hinn háttvirti varaþíngmaður úr Dalasýslu tala í nokkuð aðra stefnu. En hvað sjálfu málinu viðvíkur, þá held eg enn að uppástúnga nefndarinnar sè rètt, og helzt von um að hún fáist bráðlega hjá stjórninni; því þó það sè rètt í sjálfu sèr, að þíngið eigi einnig að hafa rètt til að minnka útgjöldin, ef mögulegt er, þá vitum við þó allir, að að þeim fögnuði er nú ei að flasa hjá oss sem stendur, og hitt miklu vissara, að nauðsyn mun verða fyr eða síðar að auka álögurnar á landinu, svo menn þurfa hèr ei að hika, af því menn viti, að nóg sè samt til, að eins ef það væri rèttilega notað. Þetta bið eg menn vel að íhuga, áður en þeir fella hina síðari uppástúngu nefndarinnar, og þótti mèr vænt að heyra, að hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður var mèr hèr um bil samdóma, þar sem hann kvað sèr miklu ósárara um hið fyrra atriðið, ef hið síðara fèlli. En hver sem svo niðurstaðan nú verður hèr á þíngi, þá veit eg þó, að það er ósk allra Íslendínga, að vèr sem fyrst mættum fá þá stjórnarbót, að þíng vort yrði ei lengur eins og ómagi, er hvorki hefir fjárforráð nè annað; eg fyrir mitt leyti verð að segja það, að eg er nú orðinn leiður á þessum ráðgjafarþíngum, sem í raun og veru, þó orðið sè ei fagurt, eru ei annað en nokkurs konar viðrini, sem ekkert geta gjört að gagni þó þau heiti þíng — og hvert sem það svo verður með ávarpi til konúngs eða á annan hátt, vildi eg að þetta þíng gæti þó stuðlað eitthvað að, að vèr í stað þess fengjum annað verulegra, er bæði hefði löggjafarvald og fjárforráð. Í þessu er að mínu áliti innifalin öll stjórnarbótin að mestu, og hvernig sem það fæst, skal eg vera glaður.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hefi nú ekki talað fyr í þessu máli; en af því eg bar upp uppástúngu, sem nefndin hefir fallizt á, þá finnst mèr eðlilegt, að eg tali fáein orð. Mèr þykir það illa farið, að *framsögumaður* getur eigi annað sèð, en að það sè einúngis form, hvort stjórnarbótarmálið væri borið undir þjóðfund eða alþíngi; það er miklu meira, en form; má eg spyrja: var það form eitt, að stjórnarbótin í Danmörk var ekki lögð fyrir »*Standaþíngið*“ 1849, heldur fyrir sèrstakan fund; það er mikill munur á, hvort stjórnin hefir vald til að ónýta allt á eptir, eða er skyldug að fara eptir því; ef því málið væri lagt fyrir alþíngi, gæti stjórnin hafnað öllum uppástúngum þíngsins, en gefið sínum lagagildi, þar sem hún verður beinlínis að fara eptir tillögum þjóðfundar eða

kasta öllu málinu; en hún gæti alls eigi sett neitt það, sem þjóðfundurinn hefði eigi fallizt á; eg get því alls eigi annað séð, en að þetta sé miklu meira en form; og stjórnarbótin verður miklu þýðingarmeiri á eptir, ef málið er lagt fyrir þjóðfund, en ef það er lagt fyrir alþingi. Það eru nú margir svo ógurlega góðrar vonar um, að stjórnarbótin hlaupi svo fljótt af stokkunum, og eg vildi nú óska, að svo væri. En það er eg sannfærður um, að alþingi kemur saman nokkrum sinnum áður, en hún er komin í kring. Þó nefndin í Kaupmannahöfn sé nú sett, sem ekki er víst, þá þarf töluverðan tíma til að búa fjárhagsaðskilnaðinn undir, og það liggur í augum uppi, að þessi nefnd verður ekki búin svo fljótt, að ljúka af starfa sínum, að lagt verði frumvarp um það fyrir alþingi 1863; ef nú fjárhagsaðskilnaðurinn er undirbúningur undir hina almennu stjórnarbót, og frumvarp um hann verður ekki lagt fyrir þingið, fyr en 1865, þá verður ekki frumvarp um stjórnarbótina yfir höfuð lagt fyrir, fyr en í fyrsta lagi 1867. Eg sé eptir þessari föstu sannfæringu minni ekki, hvaða ástæðu þingmenn hafa til, að hafna uppástungu, sem miðar til, að vèr gætum komið einhverju í lag hjá oss, ef efni og kringumstæður leyfa. Að það sé ótímabært vegna fátæktarinnar, sem nú sé í landinu, það er sjálft svo ótímabært, að eg vil ekki svara því; það er ekki vegna þess, að hart er í ári, að vèr erum að biðja um styrk, heldur af því að vèr höfum ekki rètt til að bæta úr bágindum vorum sjálfir. Sparnaðaruppástúnga þingmanns Strandasýslu getur nú verið mikið góð í sjálfu sèr; en hvernig ætlar þingmaðurinn að safna þessum sköttum saman; ætla það verði ekki örðugt, nema með því að leggja toll á vörurnar? (*Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum: Brennivínsskattur), hvort sem það væri brennivíns- eða tóbaksskattur, þá er eg hræddur um, að þó þingmaður Suður-Þingeyjasýslu og þingmaður Strandasýslu legðist á eitt, mundi þeir þó varla fá mikið fè hjá þeim, sem hætta kynni að drekka brennivín eða hafa tóbaksnautn. Eg get vel fallizt á uppástúnguna um ávarp, en eg er eins sannfærður um, að sú uppástúnga er alveg þýðingarlaus, því ávarp nú hvorki bætir nè spillir. En það er auðvitað, að stjórnarbótin hèr þarf mikinn tíma, því stjórnarbótin í Danmörku á langan aldur enn.

Stefán Jónsson: Mèr hefir heyrzt á ræðum manna, sem þeim stæði á sama, hvort stjórnarbótarmálið yrði lagt fyrir alþingi eða þjóðfund; en eg held það sé mikill munur á því. Menn hafa opt kvartað yfir því utanþings, hve atkvæðagreiðslan færi einatt illa, og

að opt vantaði, að hafa hèr meira en eina atkvæðagreiðslu, sem er að kenna þingsköpum vorum, en þó heyrist mèr sem menn vili ráða þessu mikilvæga máli til lykta undir þessum þingsköpum, sem svona mörgum annmörkum eru bundin. Munurinn á þinginu og þjóðfundi er fyrst sá, að þingið er svo fámennt, og í öðru lagi sá, að þingsköpin eru önnur. Þjóðin hefir betra traust á því, að málið verði betur úr garði gjört af þjóðfundi, en alþingi, einkum af því atkvæðagreiðslan verður þar í betra lagi, vegna þingskapanna. Eg ætla nú ekki að fara út í hinar einstöku uppástúngur; þær mega gjöra hvort sem þær vilja fyrir mèr, falla eður standa.

Jón Pètursson: Eg skal nú ekki tala mikið. Þó menn nú sleppti því að biðja um, að stjórnarbótin verði lögð fyrir þjóðfund, áður en hún kæmist á, þá held eg engu spillt með því, og kemur það til af því, að eg ímynda mèr, að þingið muni koma saman, áður en stjórnarbótin kemst á, þó svo líti út, sem sumir þingmenn vonist eptir henni á hverjum degi. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður tók það greinilega fram, að stjórnarbótarinnar gæti orðið nokkuð að bíða. Ef hún er bundin við alveldisfyrirkomulagið í Danmörku, þá lítur helzt út fyrir, að hún enn geti dregizt, en ef stjórnarbót fæst einhvern tíma, þá verður hún að leggjast fyrir þjóðfund í landinu; það er greinilega tekið fram af mörgum. Það er auðsèð, að þegar konúngur gefur stjórnarbót, þá getur hann ekki neytt henni upp á landsmenn, heldur hlýtur hann að semja við þá um hana, hvernig hún skuli vera, og til þessa þurfa landsmenn þá að kveðja til menn af sinni hálfu; alþingismennirnir eru kosnir í allt öðru augnamiði, til að gefa konúnginum ráð, en þeir hafa ekkert vald frá þjóðinni, til að semja við hann þannig, að það gildi fyrir alda og óborna. En þrátt fyrir þetta getur þó konúngur lagt frumvarp um stjórnarbótina áður fyrir alþingi, og heyrt ráð þess um hana, til þess að geta lagað hana, svo hún því betur geti orðið aðgengileg fyrir þjóðfundarmennina seinna. Af því eg hefi svo litla von um bráða stjórnarbót, og mèr þykir svo slæmt, að menn skuli ekkert fè hafa til neins í opinberar þarfir, á meðan hún er að komast í kríng, vildi eg að menn tæki seinni uppástúngu nefndarinnar, því mèr finnst það líka niðurlægíng fyrir þingið, að verða að biðja um hvern skildíng, sem við þarf, úr ríkissjóðnum. Mèr þótti mjög fallegt það, sem hinn háttvirti konúngkjörni varaþingmaður sagði, að þingið væri nú orðið 16 ára gamalt, og væri því kominn tími fyrir það, að vera ekki lengur ómagi;

eptir danskri löggjöf er munur á að vera hálfmyndugur og almyndugur, og mèr sýndist það ekki vera úr vegi, að þingið óskaði nú að mega verða hálfmyndugt, og vendist þannig ofurlítið við, áður en það yrði alveg myndugt. Mèr sýnist það hvorki gjöra til nè frá, að senda ávarp; það gjöra þing opt við einhver tækifæri; það skyldi þá helzt vera, að þingið gjörði það nú í minningu þess, að það er orðið 16 ára gamalt, en þá ætti þingið líka í því ávarpi að bera upp óskir sínar. Mèr þykir það mikið illt, ef 2. atr. fellur, því mèr þykir svo leitt að verða einlægt að biðja ríkissjóðinn um hvern skildíng.

Framsögumaður: Eg skal að eins benda hinum háttvirta þingmanni Reykvíkínga til þess, sem eg áður hefi sagt, að konúngur gæti eins vel gefið alþingi, eins og þjóðfundi, þann sèrstaklega rètt, að ályktа fullkomlega um stjórnarbótina, og þá væri það ei lengur ráðgjafarþíng að eins í því máli. Menn gæti t. a. m. ímyndað sèr, að konúngur veitti alþingi 1863 þenna rètt, og þá væri munurinn á því og þjóðfundi að eins innifalinn í þingmannafjölda og þingsköpum, og svo því, sem eg áður hefi sagt, og víst er ei lítilsvert, að þingmenn nú er ei upprunalega kosnir til þess, að ræða um stjórnarbótina eina. En þar sem hinn háttvirti þingmaður segir, að ávarp sè þýðíngarlaust; þá er það að vísu svo, ef það er þakklætisávarp að eins; en ef stjórninni aptur á mót einnig eru gefnar ýmsar bendíngar, og bornar fram óskir vorar fyrir hana í því, sem eg álít sjálfsagt, þá get eg ei sèð, að munurinn þurfi að vera svo mikill á því og hverri annari bænarskrá. Eg sè enga ástæðu til þess að þakka stjórninni fyrir það, sem hún ekki hefir gjört, en eg sè mikla ástæðu til þess, að ávarpa hana um margt; og eg hefi allt af ímyndað mèr, að ef niðurstaðan hèr á þínginu yrði nú, að rita konúngi ávarp, þá mundu kosnir menn til þess að laga það, sem lesið var upp í gær, eða rita nýtt, svo efni ávarpsins, sem allt er undir komið, getur þó æfinlega, hvernig sem fer, orðið á þingsins valdi, því það ræður því, hverja það kýs, til að semja eða laga það.

Sveinn Skúlason: Viðvíkjandi ávarpinu, sem *framsögumaður* jafnvel heldur með, og þannig brýtur fótinn undan sjálfum sèr, þá vil eg taka það fram, að það er öldúngis ekkert talað um landssjóðinn í því. Mèr hefir heyrzt á ræðum þeirra, sem mælt hafa móti 2. niðurlagsatriðinu, að þeim væri ekki um þjóðfund; þeir ætti því líka að vera á móti ávarpinu, því þar er einmitt talað um þjóðfund. Eg fyrir mitt leyti álít engu betra, að gjöra ávarp, en

almenna bænarskrá. Þrátt fyrir ræðu hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns, get eg ekki gengið inn á 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, því mèr finnst svo margt mæla móti því.

Framsögumaður: Eg verð með tilliti til þess, sem hinn háttvirti þíngmaður Norður-Þíngeyínga mælti, að geta þess, að eg vona engi hafi misskilið mig svo, sem eg mælti fremur fram með ávarpi en niðurlagsatriðum nefndarinnar. En hitt hefi eg sagt, að ef þau mega ekki bæði fylgjast að, þá vil eg heldur ávarp, en það með því skilyrði, að það sè ei hið sama, sem í gær var lesið upp, heldur yrði því breytt og tekin inn í það þau aðalatriði, sem eg nú helzt hefi talið mikilvæg í stjórnarbótarmálinu.

Páll Melsteð: Mèr finnst ávarp það, sem hèr ræðir um, gjöra hvorki til nè frá, og ætla eg því að gefa mig frá því, en aðhyllast uppástúngur nefndarinnar; eg hygg stjórnarbótina eiga langt í land, og þá vil eg heldur biðja um hið minna, sem kann að fást, og oss getur orðið að liði, þangað til hið meira getur fengizt.

Forseti: Þó umræðurnar um þetta mál sè orðnar nokkuð langar, og eg muni ekki bæta um þær, þó að eg fari að tala nokkur orð, finn eg mèr þó skylt að tala fáein orð, einkum af því, að mèr hefir fundizt, að umræðurnar, síðan áleið, hafi ekki verið sjálfum sèr sem samkvæmastar hjá sumum þíngmönnum, og því vildi eg, ef mögulegt væri, skýra málið nokkuð. Sumir hafa sagt, að menn geti ekki vænt stjórnarbótar í bráð, heldur yrði bennar þvert á móti langt að bíða, ef til vildi, af því hún yrði að biða eptir alríkisstjórnarfyrirkomulagi Dana. Einn sagði, að »*Ordningen*« á fyrirkomulaginu í *Holstein* væri ekki nema »*provisorisk*«; en hví eru menn þá að biðja um þjóðfund og frumvarp til stjórnarbótar lagt fyrir þjóðfund? (*Jón Pètursson:* Menn biðja um, að það fáist á sínum tíma). Eg verð að gjöra hinn háttvirta þíngmann varan við, að eg hefi orðið sem stendur, í fullu lagaleyfi, og vil biðja þíngmanninn að grípa ekki fram í (*Benedikt Sveinsson:* Menn verða að svara, þegar menn eru spurðir). Eg veit ekki betur, en það sè heimilt og alvani á þíngum, að menn kasti fram spurníngum í ræðu sinni, án þess menn ætlist til, að þeim sè svarað, án þess neinn þíngmanna hafi rètt til að svara, og þar að auki hefir *framsögumaður* alltaf leyfi til að svara. Það eru eiginlega 2 atriði, sem liggja fyrir, stjórnarbótin yfir höfuð og fjárhagsmálið sèr. Af því sem nokkrir af nefndarmönnum hafa sagt, og farið um það mörgum orðum, hvað stjórnarbótin lægi fjarri, þá virðist mèr þessir

menn komist í bera mótsögn við sjálfa sig, er þeir biðja um þjóðfund. En að því er fjárhagsmálinu viðvíkur, þá áleit hinn 4. konúngkjörni, að það stæði í svo nánu sambandi við stjórnarbótina yfir höfuð, að það yrði ei útkljáð fyr en um leið og hún, og þess vegna væri annað niðurlagsatriðið — þetta um landssjóðinn, — alveg nauðsynlegt. Ef þetta er nú svo, þá játa eg, að þessir menn hefði mikið fyrir sèr, ef þessi uppástúnga þá meðfram ætti að styðjast við greinilega og almenna ósk landsmanna og eindreginn vilja þeirra, eða þá við frumvarp, sem hefði verið lagt fyrir þingið um sjóðinn, stofnun hans, tekjur og tilgang; en ekkert þess konar er hèr komið fram. Það er sjálfsagt, að ef stjórnarbótin er fjarlæg og fjárhagsmálið væri svo samtvinnað henni, að hvorugt gæti án annars fengizt, annaðhvort hvorugt eða hvorttveggja jafnframt, þá mætti vera að þessi landssjóðsuppástúnga væri eigi alveg þýðingarlaus. En svo mikils sem eg met getgátur hinna heiðruðu nefndarmanna, þá met eg þó meira það, sem stendur í hinni konúnglegu auglýsingu til þessa alþíngis, »að þegar sè gjörðar ráðstafanir« til, að fjárhagsmálið verði tekið fyrir. Þessi konúnglegu orð tek eg trúanleg og álít, að fjárhagsúrslitin liggi mikið nær en stjórnarbótin; því finnst mèr uppástúngan um þenna landssjóð alveg ótímabær, um sama leyti sem konúngur hefir lýst því yfir við þingið, að þegar sè gjörðar ráðstafanir til, að fjárhagsmálið verði tekið fyrir og fjárhagurinn aðskilinn. Mèr virðist að menn ætti að bíða, og vita hvort þessi konúnglegu orð væri hilliloforð, og í annan stað ætti líka að bíða eptir almennum óskum og yfirlýsíngum landsmanna um þetta atriði. Þetta var það, sem eg fann mèr skylt að taka fram málinu til skýríngar.

Fyrst að nú ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða og fèllu þau þannig:

1. Breytingaruppástúnga *Páls Sigurðssonar* felld með 11 atkvæðum gegn 11.
2. *Nefndin:* 1. niðurlagsatriði samþykkt með 19 atkv.
3. Breytíngaratkvæði *Jóns Hjaltalíns* samþykkt með 10 atkvæðum gegn 9.
4. *Nefndin:* 2. niðurlagsatriði, með áorðnum breytíngum, fellt með 11 atkv. gegn 10.

5. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 14 atkv. gegn 7.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *ályktarumræðu konúnglegt frumvarp til tilskipunar* um *sendíngar með póstum; framsögumaður* er þíngmaður Borgfirðínga. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona að þíngmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: konúnglegt frumvarp til tilskipunar um *sendíngar með póstum.*

1. Frumvarp stjórnarinnar 1.—7. gr. (að báðum með töldum) samþykkt af nefndinni.
2. *Nefndin:* viðaukaatkvæði:
   Að inn í 1. gr. 3. malsgrein, eptir orðið: »brennisteinsspýtur verði bætt:
   etandi hálfmálmar og sýrublendíngar þeir, er átumegn hafa (»og aðrir þeir hlutir« o. s. frv.).
3. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá um, að gjöra frumvarpið að lögum samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?
   Var mátið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg finn enga ástæðu til, að tala neitt um málið að sinni; eg vona að umræðurnar um það verði stuttar; en eg vil einúngis spyrja *forseta*, hvort ekki megi bera 2. tölul. upp á undan 1. tölul.

Forseti: Eg sè ekkert því til fyrirstöðu; þvert á móti held eg það sè rèttara í rauninni, að bera viðaukaatkvæðið upp fyrst og svo stjórnarfrumvarpið.

Gísli Brynjúlfsson: Að því leyti sem eg var í meira hluta nefndarinnar, er heldur óskaði sýslupósta, en að eins amtspósta, þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að eg vildi helzt, ef því verður komið við, að þíngið gæti greitt atkvæði um það, hvað það vildi heldur, svo það atkvæði gæti þá komizt inn í álitsskjalið sem meiníng þíngsins. Að öðrum kosti verðum vèr víst að láta oss nægja, að þess verði að eins getið þar, sem álits meiri hlutans, að sýslupóstar sè miklu hentugri en amtspóstar, og hagur sá, sem af þeim muni leiða, miklu meiri en kostnaðarmunurinn.

Framsögumaður: Eg sè ekki, að það geti komið fram öðru vísi, en í álitsskjalinu til konúngs, svo sem bendíng frá meiri hluta nefndarinnar.

Pètur Pètursson: Eg vildi helzt óska, að þessi bendíng alls

ekki kæmi fram í álitsskjalinu; því eg álít sýslupósta miklu verri en amtspósta.

Forseti: Eg er á sama máli og *framsögumaður,* að þetta geti ekki komið til atkvæða, heldur einúngis inn í álitsskjalið.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir öldúngis nauðsynlegt að taka betur fram um sýslupóstana, því amtspóstarnir eru mestu níðsli bæði á mönnum og skepnum, og þíngið er nýbúið að hafa málið um illa meðferð á skepnum til meðferðar.

Framsögumaður: Ef uppástúnga nefndarinnar fær framgang, þá verður engi ill meðferð á skepnum, þar sem nýárspósturinn á að fara gangandi. En ef stjórnin sèr ástæðu til, að breyta þessu, þá er illa meðferðin henni að kenna.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er þessari álykturumræðu lokið, og skal eg biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni. Það hefir verið stúngið upp á, að ganga fyrst til atkvæða um tölul. 2., og fyrst engi hefir á móti því, skal eg bera hann upp fyrst.

Síðan var gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig, að

Tölul. 2. *Nefndin:* viðaukaatkvæði samþykkt með 17 atkv.

— 1. Frumvarp stjórnarinnar 1—7. gr. (að báðum tölum meðtöldum) samþykkt af nefndinni — samþykkt með 21 atkv.

— 3. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá um að gjöra frumvarpið að lögum samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? — samþykkt með 21 atkv.

Síðan gat *forseti* um verkefni til næsta fundar, er hann ákvað til á morgun kl. 11 f. m.

Fundi slitið.

Fertugasti og sjötti fundur - 16. ágúst.

Forseti gat þess, að *konúngsfulltrúi* hefði tilkynnt sèr, að hann gæti ekki verið á fundi þessum, og hefði kvatt hinn 4. konúngkjörna þíngmann í sinn stað. Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *undirbúníngsumræðu* málið *um niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga; en um leið og eg læt afhenda *framsögumanni* málið til framsögu, skal eg geta þess,

að eg eptir ósk þingmanna, þar þeir álíta mig hvað kunnugastan máli þessu, mun tala fáein orð í því frá þingmannabekkjunum.

Var málið síðan afhent *framsögumanni,* er las upp nefndarálitið og meðfylgjandi brèf þannig hljóðandi:

Alþingi hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um 4 bænarskrár, er til þess voru komnar. Var ein þeirra frá Kollabúðafundi, er fer því fram, að alþingi sendi konúngi vorum umkvörtun yfir niðurjöfnun alþingistollsins nú í vor, og biði hann úrskurðar um málið, ef þinginu annars virtist tollheimta þessi miður lögmæt. Önnur var frá þingvallafundi með þeim niðurlagsatriðum:

1. Að alþingi seti nefnd manna, til að yfirfara og endurskoða alla alþingisreikninga frá upphafi, svo þeir geti komið fyrir almenníngssjónir í alþingistíðindunum.
2. Að allir alþingisreikníngar frá síðasta þingi, bæði áhrærandi útgjöld í þarfir þingsins og niðurjöfnun stiptamtmannsins á alþingistollinum, ásamt alþingistollsskýrslum hreppstjóra, verði jafnan lagðir fyrir hið næsta þing.

Þriðja bænarskráin var frá Dalasýslu með 13 nöfnum; hún fer því fram:

Að alþingí taki þetta málefni til meðferðar þeirrar, rannsóknar og úrslíta, er því þykir bezt við eiga, til þess að gjörð verði skýr skil og reikníngur yfir undanfarinna ára alþingiskostnað og gjöld, og finnist það, að meiri gjöld sè nú tekin, en nauðsyn og lög tilstóðu, að það ofborgaða verði þá endurgreitt, samt að skorður verði reistar móti því, að nokkur óvissa eða ruglíngur geti átt sèr stað framvegis, hvað gjaldheimtu þessa snertir.

Hin 4. bænarskráin er úr Eyjafirði með 32 nöfnum, og þessum niðurlagsatriðum:

1. Að það (þ. e. alþíngi) hlutist til þess, að samdir verði og auglýstir fullkomlega ljósir reikníngar fyrir því alþingisgjaldi, er heimtað hefir verið af oss öll hin undanförnu ár, og
2. Að sèð verði fyrir því, að hlutaðeigandi yfirvald eptirleiðis fylgi nákvæmlega lagaboðum þeim, er að þessu efni lúta.

Þess ber að geta, að einn nefndarmanna, þingmaður Húnvetníinga, hlaut sakir veikleika að fara af þingi, og gekk þingmaður Reykvíkínga í stað hans í nefndina.

Vèr höfum leitazt við að íhuga þetta mál rækilega, og höfum

í því skyni verið oss út um skýrslur þær, er vèr álitum við þurfa, og álítum vèr oss skylt, að minnast þess þakklátlega, að stiptamtmaður vor hefir svo mannúðlega látið oss í tè allar þær skýrslur, er vèr höfum beðið hann um, máli þessu til skýringar. Nefndin fann, að hún þurfti að byrja frá því 1853 að minnsta kosti, og svo, til þess að finna hinn rètta alþingiskostnað síðan, að yfirfara dagbók alþingis og jarðabókarsjóðsreikningana, til þess að sjá, hvort allt stæði heima, og hvort eigi væri neitt talið með þeim hluta alþingiskostnaðarins, er jafnað er niður á landsmenn, er of talið eður rangtalið væri. En til þess nú að finna, hvort niðurjöfnun alþingistollsins sè hæfileg eður eigi, áleit nefndin að yfirfara þyrfti allar alþingistollsskýrslurnar eður skrárnar um jarðaafgjöldin, og í annan stað finna, hversu mikið greitt hefir verið af lausafè, annaðhvort í jarðabókarsjóðinn eður ríkissjóðinn, með því nefndin gat eigi haft fyrir sèr nema jafnaðarsjóðsreikninga Suðuramtsins; þá þurfti og enn að athuga, hvort öll kurl kæmi til grafar, svo sem, hvort búið væri að borga öll alþingistíðindi þau, er seld eru o. s. frv.

Vèr sáum nú, að með öðrum störfum þeim, er vèr nefndarmenn höfðum á hendi í þarfir alþingis, var oss eigi fært að yfirfara þetta allt: dagbók alþingis, jarðabókarsjóðsreikningana, athugasemdir og endurskoðanir reikningsdeildarinnar í Kaupmannahöfn, og þó einkum afgjaldaskrárnar, ásamt öðru fleiru, og það frá því 1853 til fardaga 1861. Vèr hlutum því að fara skemmri leið, og leyfum vèr oss að skýra þinginu frá, hvernig reikningum alþingis var komið í lok fjárhagsársins $18^{60}/_{61}$, eptir því, sem vèr höfum getað næst komizt.

Reikningsstofan í Kaupmannahöfn telur, að eptir hafi staðið óborgað 31. marz 1858 . . . 8486 rd. 39 sk.
og alþingiskostnað 1859 til $^{31}/_{3}$.
1860 . . . . . 9178 — 5 —
eptir jarðabókarsjóðsreikningi var
alþingiskostnaður árið 1860—
1861 . . . . . 1427 — 50 — 19091 rd. 94 sk.
Upp í kostnað þenna er borgað:
I. í jarðabókarsjóðinn $18^{58}/_{59}$. 2032 — 78 —
——— $18^{59}/_{60}$. 3306 — 26 —
——— $18^{60}/_{61}$. 4704 — 67 —
II. í ríkissjóðinn til 31. marz 1860 1841 — 39 — 11,885 — 18 —
Verður þá eptir 7,206 rd. 76 sk.

Fluttir: 7,206 rd. 76 sk.

Hèr við bætist 14 rd. 89 sk., sem taldir hafa verið tvisvar borgaðir . . . . . 14 — 89 —

og verður þá eptir óborgað 31. marz 1861 samtals 7221 — 69 —

Hèr við þykir nefndinni athuganda:

1. Að árið 1859—60 er ávísað af *forseta* einúngis 8,936 rd. 89 sk., en saman við upphæð þessa eru lagðir 225 rd. + 16 rd. 12 sk = 241 rd. 12 sk., er gekk til skrifara *konúngsfulltrúa* og til að íslenzka og prenta konúngleg frumvörp.
2. Að árið 1857—58 er ávísað af forseta 8,841 rd. 11 sk., en saman við þenna kostnað eru lagðir samtals 254 rd. 23 sk., er gengu til skrifara *konúngsfulltrúa*, og til að íslenzka og prenta konúngleg frumvörp. Kostnað þenna ætlar nefndin að þingið ætti að biðja *forseta* sinn að fá leiðrèttan, samkvæmt konúngsúrskurði 23. apr. 1845 og brèfi dómsmálast. 16. febr. 1861.
3. Að eptir er enn óborgað um 1000 rd. af alþingiskostnaði 1859; þar af eru til prentsmiðjunnar rúmir 700 rd. óborgaðir.

Eptir því sem nú var sagt, hefir staðið eptir óborgað af alþingiskostnaði 31. marz 1861 um 8000 rd. Þá má og ætla, að kostnaður af alþingi 1861 muni verða álíka sem hann var 1859, eður um 11,600 rd. Það er að segja $18^{59}/_{60}$ 7178 rd. 5 sk., $18^{60}/_{61}$ 1427 rd. 50 sk., og enn ógreiddur alþingiskostnaður um 1000 rd., eður samtals 11,600 rd. 55 sk. Þessum 8000 rd. + 11,600 rd. = 19,600 rd. átti nú að jafna niður á þau 2 ár, árið $18^{61}/_{62}$ og $18^{62}/_{63}$, eður 9,800 rd. á hvort árið, því nefndin verður að álíta rètt, að búið sè að endurgjalda undanfarinn alþingiskostnað, þegar nýr alþingiskostnaður fellur á, því nefndin getur eigi sèð, að fara eigi eptir fjárhagslögum Dana, er alls eigi eru lög hèr á landi. Nú til þess að komast nærri því, hve mörgum skildíngum hefði átt að jafna niður í vor, þá höfum vèr yfirfarið afgjaldaskrárnar 1859, sem eru hinar síðustu, er komnar sè til stiptamtsins, og verða eptir þeim afgjöld jarða þeirra, er alþingistoll á af að lúka, samtals 135,144 rd. 41 sk. Þó má þess geta, að skýrslu vantaði frá Suður-Múlasýslu, og höfum vèr því orðið að taka skýrslu þaðan fyrir árið 1858, því engi nýrri var til. Setjum nú, að jarðaafgjöldin hafi verið jafnmikil vorið 1861, sem þau voru 1859. Nú átti að jafna niður vorið 1861, sem fyr var sagt 9,800 rd., og $^3/_4$ þar af á fasteignina eður 7,350 rd.; og verður það um $5^1/_3$ sk. af hverjum ríkisdal jarðaafgjaldanna. Vèr hljótum að geta þess, að þótt vèr höfum nú komiz

að því, að ei hefði átt að jafna meiru niður í vor, en nú var sagt, þá var ómögulegt fyrir stiptamtmann að sjá það fyrir, að svona litlu skyldi niður jafna, með því að skýríngar og athugasemdir endurskoðunarstofunnar í Kaupmannahöfn við jarðabókarsjóðsreikninginn árið $18^{58}/_{59}$ gátu eigi komið honum í hendur, fyr en hann var búinn að jafna niður; hann gat t. a. m. eigi ætlað á, að borgaðir hefði verið 1841 rd. 39 sk. í ríkissjóð, þar sem áður hafði vanalega verið greiddir 500 rd. ár hvert að meðaltali, og margt mætti annað til telja.

Nú er nefndin var komin að því, að heldur miklu hefði verið jafnað niður, fannst henni réttast og affarabezt, að leita álits stiptamtmanns á máli þessu. Nefndin ritaði því stiptamtmanni bréf það, er hér fylgir (sjá fylgiskjal II), er hún sendi honum gegnum *forseta* sinn, og fékk aptur bréf svo látandi (sjá fylgiskjal III). Nú er stiptamtmaður hefir tekið svo vel undir þetta mál, getur nefndin eigi fundið nokkra ástæðu til, að farið verði eptir bænarskrá Kollabúðafundarins, með því og, að það mun ei vera vili beiðenda að svo vöxnu máli. Nefndin getur og eigi betur séð, en að öll sú óánægja, er yfir tolli þessum hefir verið, hljóti þegar að hverfa. Nefndinni virðist að vísu, að mikið mæli með því í sjálfu sér, að alþíngisreikníngarnir verði jafnan lagðir fram á næsta þíngi eptir, en þó vill hún eigi gjöra það að uppástúngu, fyrir því, að þá ætti líka að biðja um, að hið sama væri gjört við marga landssjóði aðra. Hins vegar hlýtur nefndin að álíta það nauðsynlegt, líkt og farið er fram á í bænarskránni frá Eyjafirði, að þíngið kjósi einn eður tvo menn gegn sanngjarnri borgun, til að yfirfara alla alþíngisreikníngana, og að þeir verði síðan prentaðir aptan við alþíngistíðindin.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, leyfir nefndin sér, að ráða hinu heiðraða alþíngi til:

1. Að það biði *forseta* sinn, að fá leiðréttan þann kostnað til *konúngsfulltrúa* 1857 og 1859, er talinn hefir verið landinu til útgjalda, samkvæmt konúngsúrskurði 23. apríl 1845 og bréfi dómsmálastjórnarinnar 16. febrúar 1861.
2. Að þíngið kjósi 2 menn, til að yfirfara alla alþíngisreikníngana, gegn sanngjarnri borgun, og að skýrsla þeirra verði síðan prentuð aptan við alþíngistíðindin.

Reykjavík, 13. ágúst 1861.

Sveinn Skúlason, formaður. *Halldór Kr. Friðriksson.* *Arnljótur Ólafsson,* framsögumaður.

Fylgiskjal I.

Útleggíng.

Eptirrit

af brèfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtsins, dags. 16. febr. 1861.

Út af brèfi frá *exam. jur. Jóni Guðmundssyni,* er hann hefir sent stiptamtinu, þar sem hann fer því fram, sem *forseti* á hinu síðasta alþíngi, að engi útgjöld þau, er snerta *konúngsfulltrúann* á alþíngi, sè talin með þeim útgjöldum þessa þíngs, er endurborgast með niðurjöfnun á landið, hafið þèr herra stiptamtmaður í brèfi 23. október f. á. beiðst úrskurðar stjórnarráðsins um það, hvort ekki eigi að standa við þau úrslit, er málið, eptir yðar áliti, þegar hefir fengið með brèfi dómsmálastjórnarinnar 21. nóvember 1857, þannig, að það, sem fram yfir er þá 1000 rd., sem *konúngsfulltrúa* eru ætlaðir, sè talið með öðrum þeim alþíngisgjöldum, er endurborgast jarðabókarsjóðnum með niðurjöfnun á landið. Þessu til svars gefst yður hèr með til vitundar, að eins og það ekki verður leitt af því, að einir þúsund ríkisdalir eru ákveðnir í fyrirfarandi fjárhagslögum, til að standast kostnað þann, er leiðir af stöðu *konúngsfulltrúans* á alþíngi, að kostnaður þessi geti á engan hátt orðið meiri, þar eð þessi upphæð eins og hin önnur útgjöld, sem ætluð eru til alþíngiskostnaðarins, eru einúngis að álíta sem áætlun, eins hefir ekki með orðunum í brèfi því 21. nóvember 1857, er þèr vitnið til: »að þessar summur skuli telja með öðrum alþíngis gjöldum«, verið svo tilætlað, að þær skyldi taldar með alþíngiskostnaði, er endurborgast ætti með niðurjöfnun, heldur leiðir það beinlínis af ákvörðununum í allrahæstum konúngsúrskurði 23. apríl 1845, að öll þau gjöld, sem ganga til *konúngsfulltrúa* og aðstoðarmanns hans við þínghaldið greiðist úr jarðabókarsjóðnum án endurgjalds.

in fidem copiæ.
Th. Jónassen,
cst.

Fylgiskjal II.

Nefnd sú, er alþíngi hefir kosið, til að segja álit sitt um alþíngistollinn og reikninga hans, hefir íhugað þetta mál, og hefir fundið meðal annars, að heldur miklu hefir verið jafnað niður í þetta skipti. Það er kunnugt, að í sumum sýslum hafa bændur eigi greitt nema helming alþíngistollsins. Þótt nú nefndin sè sannfærð um, að hið háa stiptamt muni taka fullt tillit til þessa við

næstu niðurjöfnun alþingistollsins, þá þykir þó nefndinni æskilegt, að það verði almenníngi kunnugt, svo fljótt sem auðið er, og hún getur eigi sèð, að annað tækifæri sè til þess hentugra og betra, en ef stiptamtið lèti nú nefndina vita fyrirætlun sína í máli þessu, fyrir því að þá geta þíngmenn skýrt almenníngi frá henni, þegar þeir koma nú heim til kjósenda sinna. Nefndin verður að ætla; að varla muni þurfa að jafna meiru niður að vori komanda, en 4 sk. á hvern ríkisdal afgjaldanna, og ætti þá allir þeir, er nú hafa greitt 8 sk., að vera lausir við gjaldið; en þyrfti að jafna 5 skildíngum niður, þá ætti þeir að greiða 1 sk. að eins o. s. frv. Nefndin leyfir sèr því að biðja yður, herra stiptamtmaður, svo vel gjöra að láta nefndina vita, og það svo fljótt sem auðið er, hver fyrirætlun yðar sè í máli þessu.

Reykjavík, 12. ágúst 1861.

Sveinn Skúlason formaður nefndarinnar.

Til
stiptamtmannsins yfir Íslandi.

Fylgiskjal III.

Sú heiðraða nefnd, sem kosin hefir verið á alþíngi, til þess að að segja álit sitt um niðurjöfnun alþíngistollsins á næstliðnu vori og reikníng, hefir í brèfi hennar frá í gær, skrifað stiptamtinu, að hún sè komin að þeirri niðurstöðu, að heldur miklu hafi verið jafnað niður í þetta skipti, og þó hin heiðraða nefnd teli það víst, að stiptamtið muni taka fullt tillit til þessa við næstu niðurjöfnun alþíngistollsins, þykir henni það ei að síður æskilegt, að það verði sem fyrst almenníngi kunnugt, og til þess finnur nefndin ekkert betra tækifæri, en ef stiptamtið nú lèti nefndina vita fyrirætlun sína í málinu eptirleiðis.

Út af þessari hinnar heiðruðu nefndar áskorun, skal eg ekki láta dragast að gefa henni til þóknanlegrar vitundar, að það liggur beint við sem sjálfsögð skylda stiptamtsins, að bæta úr því við næstu niðurjöfnun alþíngistollsins, sem í þetta skipti kynni að hafa verið heimtað og greitt framyfir það, sem vera átti að rèttu lagi, þannig að allir greiði jafnt, og að þeir, sem greitt hafa of mikið, að því leyti þeir hafa greitt að fullu það, sem jafnað var niður á næstl. vori, fái það endurgoldið í næstu niðurjöfnun á þann hátt, sem nefndin hefir tekið fram. Að þessu skuli verða fullnægt í fullum skilníngi, svo engi af greiðendum tollsins verði fyrir hinum

minnsta halla, skal eg láta mèr annt um, því það er sjálfsögð skylda gegn hlutaðeigendum, og um þetta getið þèr fullvissað kjósendur yðar. Öðru eða fleiru get eg ekki svarað í þessu tilefni; einúngis skal eg votta þeirri heiðruðu nefnd mitt virðíngarfullt þakklæti fyrir það, hvað mannúðlega hún hefir tekið í þetta mál, og litið á kríngumstæður þær, sem að því liggja.

Íslands stiptamtshúsi, d. 13. ágúst 1861.

Th. Jónassen.
cst.

Til

Nefndarinnar, sem alþingi hefir kosið, til að segja álit sitt um niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins vorið 1861.

Að upp lesnu nefndarálitinu gekk *forsetinn Jón Guðmundsson* til þíngbekkjasætis, en *varaforseti* settist í forsetastólinn.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg veit ekki, hvort þíngmenn óska, að eg gjöri nú þegar grein fyrir öllum störfum nefndarinnar, fyr en umræða um það er vakin; en ef hún verður vakin um það, að reikníngur nefndarinnar sè ekki rèttur, skal eg síðar skýra frá því, á hvaða rökum hann er byggður, en skal nú að eins benda á það, að eg álít, að málið sè komið í hið bezta horf eptir kríngumstæðunum, því stiptamtmaður hefir ekki að eins sagt, að lag mundi komast á mál þetta við næstu niðurjöfnun, heldur hefir hann sagt, að það væri sjálfsögð skylda stiptamtsins, að koma því í lag, svo að þeir, sem hafa nú borgað of mikið, fái það endurgoldið við næstu niðurjöfnun, svo að hèr getur ekki lengur verið talað um ójöfnuð við landsmenn eða óánægju hjá þeim; sá hinn eini halli, sem þeir verða fyrir, er, að þeir fá ekki leigu af peníngum sínum þetta eina ár; því má nú fulltreysta, að það, sem nú var of mikið niðurjafnað, muni verða dregið frá því, sem niður verður jafnað á næsta vori.

Jón Guðmundsson: Áður en eg fer að tala um mál þetta, vil eg leita hjá nefndinni nokkurra upplýsíngu: fyrst er það, að eg skil ekki það, sem í nefndarálitinu stendur ofarlega á 6. blaðsíðu[1], og hefi eg haldið, að þar sè ritvilla í summunum; hin önnur upplýsíng, sem eg vildi fá, er um það, hvort uppbót sú, sem *konúngsfulltrúa* 1857 og 59 var ávísuð fram yfir það, sem hann átti að hafa úr ríkissjóði, sè innifalin í aðalsummunni, sem nefndin hefir lagt til grundvallar, eða ekki; og í þriðja lagi, hvað nefnd-

1) það stendur hèr á miðri bls. 1596. Ritnefndin.

in meini með alþingisreikningunum, sem þessir 2 menn, er nefndin stingur upp á að verði kosnir, eiga að yfirfara, hvort hún meinar með því reikningana yfir niðurjöfnunina eða líka yfir kostnaðinn, sem leiðir af alþingi.

Framsögumaður: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga spurði fyrst um tölur efst á 6. bls. nefndarálitsins, þá er það víst kostnaður af alþingi 1859 bæði reikningsárin $18^{59}/_{60}$ og $18^{60}/_{61}$, það er 9,178 rd. 5 sk., og 1427 rd. 50 sk., og skal eg þá svara spurningu þessari á þá leið, að tölurnar eru rètt settar, eptir því sem *forseti* hefir ávísað bæði árin. Að því er aðra spurninguna snertir, hvort nefndin hafi lagt þann kostnað saman við, sem hún hugði óborgaðan *konúngsfulltrúa* 1857 og 1859, þá er það svo; en hún hefir tekið fram, hvað sè ávísað af *forseta* einúngis, og hvaða upphæð kemur út, þegar farið er eptir athugasemdum endurskoðunarskrifstofunnar, sem hefir af kostnaði til *konúngsfulltrúa* dregið frá 300 rd., en látið nokkuð standa eptir, eður þá tölu, er nefndin telur til, það er að segja 241 rd. 12 sk. á alþingi 1859, en 254 rd. 23 sk. 1857; en lengra fór hún eigi aptur í tímann. Jarðabókarsjóðsreikningurinn er þannig lagaður, að í honum er listi yfir alþingiskostnaðinn í tvennu lagi: 1, hvað sè ávísað til útborgunar af *forseta,* og 2, hvað borgað sè af *konúngsfulltrúa;* jarðabókarsjóðsreikningurinn á að sýna, hvað mikið sè út borgað í alþingis þarfir, en stiptamtmaður og endurskoðunarskrifstofan á að aðgreina og halda í sundur þeim sèrstöku gjöldum, og telja að eins Íslandi til skuldar það, sem ávísað er af *forseta.* Nú hefir nefndin tekið fram, hverju hún ætlar að endurskoðunarskrifstofan í Kaupmannahöfn hafi ekki rèttilega slengt saman við alþingistollinn, og sem hún því álítur, að stiptamtmaður eigi að leiðrètta. Að því er hina 3. spurningu um alþingisreikningana snertir, þá verður nefndin að segja sögu sína, til þess að skýra það. Nefndin ætlaði sèr í upphafi að byrja stórt, svo að hún gæti upplýst mál þetta með áreiðanlegum skýrslum. Hún sá þá, að hèr var bæði að tala um gjöld og tekjur, eins og í öllum reikningum; hún áleit nú, að þau rèttu alþingisgjöld væri þau, sem *forseti* hefði ávísað, en þá var að athuga, hvort ekki væri annað talið með gjöldunum, en vera ætti, og nefndin verður að segja, að hún hefir ekki fundið meira, en hún hefir sagt; þá var í annan stað að athuga það, hvort tekjurnar væri of miklar eða of litlar; til þess að sjá þetta, áleit nefndin nauðsynlegt, að rannsaka allar skýrslur um það,

svo sem afgjaldaskrárnar, ásamt með endurskoðun stiptamtmanns, sem er mikil og nákvæm, einkum hin síðustu árin; að yfirfara þetta er mikið verk, og svo þurfti nefndin að yfirfara jafnaðarsjóðsreikningana, til þess að sjá, hversu mikið hafi komið inn af lausafénu; nefndin sá, að hún þurfti að rannsaka þetta, og svo, hvað mikið væri komið inn úr hverri sýslu síðan 1853, og hvar það sè komið inn; svo þurfti nefndin að rannsaka jarðabókarsjóðsreikningana ásamt með endurskoðun skrifstofunnar í Kaupmannahöfn. En þetta allt, sem nefndin sá, að hún þyrfti að gjöra, til þess að upplýsa málið fullkomlega, treystist hún ekki til á þessum stutta tíma, sem svo margt annað var að gjöra á, og verð eg þó að segja það, að eg hefi haft meira fyrir þessu máli, en nokkru öðru máli á þingi. Nefndin sá sig því neydda til, að höggva einhverstaðar niður, og lagði nefndin þá til grundvallar hina endurskoðuðu reikninga frá 1858, og reiknaði svo nákvæmlega frá því tímabili tekjur og útgjöld alþingis, eptir öllum þeim skýrslum, sem um það eru. Nú er það aðgætanda, að þegar stiptamtmaður jafnaði niður 1861 snemma um vorið, þá hafði hann ekki fyrir sèr afgjaldaskýrslur frá 1860, heldur varð hann að fara eptir afgjaldaskýrslum hins fyrra árs, eður frá 1859, af því hinar voru þá ekki allar til hans komnar; en af þessu flýtur, að þegar stiptamtmaður jafnar niður, getur hann ekki vitað upp á víst, hvað afgjöldin muni hlaupa það árið. Þegar nú nefndin var búin að fara yfir reikninginn, gætti nefndin að því, hversu miklu mundi hafa þurft að jafna niður hið síðasta vor, til endurgjalds alþingiskostnaðinum, og fann þá, að það var 5 1/3 úr skildíng á hvern ríkisdal afgjaldanna, sem niður þurfti að jafna, eptir afgjaldaskýrslunum 1859, til þess að fá endurborgaðan helmínginn af þeim alþingiskostnaði, sem átti að vera borgaður á 2 næstu árunum. Eg skal stuttlega geta þess, að þau 2 rit, sem um þetta mál eru til, þ. e. »*Íslendíngur*« og »*Þjóðólfur*« eru nú orðnir á eptir tímanum; því nefndin hefir haft fyrir sèr nýrri og betri skýrslur við að styðjast, en þau gátu haft, því að vèr höfum farið eptir frumskýrslunum.

Jón Guðmundsson: Það er hvorttveggja, að nokkrir þíngmenn hafa óskað, að eg talaði frá þíngmannabekkjunum í þessu máli, enda hugsaði eg, að það mundi ekki verða til þess að spilla fyrir málinu, því að það má ætla, að eg sè þessu máli fyllilega eins kunnugur, og margir þíngmenn. Eg skal nú þegar lýsa því yfir, að mèr sýnist að nefndin hafi tekið rètta og góða stefnu í þessu

máli, að gjöra það að innanþingsmáli; eg játa líka, að það hefði verið hreinn ógjörningur fyrir nefndina, að komast yfir að ganga í gegnum mál þetta frá rótum, eða að yfirfara allar alþingistollsskýrslurnar, eins nákvæmlega og vandlega, eins og þurfti; nefndinni hefði verið þetta of vaxið, þó hún ekki hefði haft neitt annað að gjöra allan þingtímann, og það því fremur, sem helzti maðurinn í nefndinni hefir haft svo fjarska mörg önnur þingstörf á hendi, og þó að má ske ýmislegt sè athugavert við reikníng nefndarinnar, þá er það flest allt miður verulegt, því að það verulega er sú rètta stefna, sem nefndin hefir gefið málinu, svo að nú má vona, að öllum rèttlátum kröfum landsmanna og þingmanna í málinu muni verða fullnægt, og þessari rèttu stefnu nefndarinnar verð eg að þakka það, að stiptamtmaður hefir tekið undir þetta mál með jafnmikilli hreinskilni og göfuglyndi. Eg byggi þá það, sem eg ætla að segja í þessu máli á þessu tvennu, á hinni rèttu stefnu nefndarinnar og mannúðlegum undirtektum stiptamtmanns, og vona eg, að bæði nefndin og stiptamtmaður taki orð mín til greina. Það er auðvitað, að nefndin gat ekki byggt á því, sem helzt var á að byggja, sem er alþingistollsskýrslunum; hún varð að láta sig bera að því sama skeri, sem stiptamtið bar upp á og flæddi á í vor, en það sker eru reikníngar landfógeta, en þó nefndin lèti nú festast á þessu skerinu, þá vona eg, að svo mikið flóð komi, að hún losni af því aptur, og geti siglt burt af því með fleygibyr. Nefndin byrjar reikníng sinn á eptirstöðvum þeim af óloknum alþingiskostnaði, sem endurskoðunarskrifstofan í Kaupmannahöfn segir, að hafi verið útistandandi 31. marz 1858; leggur hún þessa upphæð til grundvallar í álitsskjali sínu, og *framsögumaður* upplýsti núna, að þar frá væri ekki undanskilið, heldur einmitt í þessari upphæð sinni talið það, sem *konúngsfulltrúa* hefði verið borgað til aukaútgjalda handa skrifara sínum o. fl.; að þessu leyti er fullnægt fyrirspurn minni; en um hitt vantar mig enn upplýsíngu, hvort í þessu, sem talið er að sè útistandandi, er líka talið það, sem óinnkomið er í ríkissjóðinn, en sem búið er að niðurjafna; en þetta er nú reyndar óverulegra, því það, sem var talið óinnkomið 31. marz 1858, mun hafa komið inn á tveim næstu árunum; og nefndin hefir tekið fram, hvað hafi goldizt bæði í jarðabókarsjóð og ríkissjóð á þessum árum, frá 1. apríl 1858 til 31. marz 1860, og *álít* eg, að það sè fólgið í þeim upphæðum, er nefndin tilgreinir fyrir tèð 2 ár; hefi eg því að eins getið þessa til athuga. Eg vildi, að það, sem eg segi, gæti orðið

til að skýra málið, og vil eg þá geta þess, að eg held, að nokkur skakki sè á því, sem nefndin hefir útlistað; mèr finnst reikningur hennar eigi glöggur nè ljós, og eg er hræddur um, að hann sè eigi óyggjandi í öllu tilliti, og get eg þessa, svo menn gjöri sèr ekki fastar vonir um, að hann haggist ekki að neinu frá þessu $5\frac{1}{3}$ sk. gjaldi af hverjum ríkisdal afgjaldanna, sem nefndin hefir þótzt finna, að hefði átt að jafna niður á næstliðnu vori; því það er öllu sennilegra, að enn minna hefði þurft að niðurjafna, og byggi eg það á þessu, að nefndin hefir ekki getað fengið neinar upplýsíngar um það, og veit ekkert um það, hvað sè borgað inn í ríkissjóðinn eptir 31. marz 1860; það eru nú má ske ekki 1841 rd., eins og borgað hefir verið í ríkissjóð, eptir skýrslu nefndarinnar, þau 2 ár, til 31. marz 1859 og 31. marz 1860; en af því margir sýslumenn borga gjöld sín inn í ríkissjóðinn, eins og öllum er kunnugt, þannig, að þeir gefa honum ávísun upp á einhverja kaupmenn í Kaupmannahöfn, má gjöra ráð fyrir því, að talsvert hafi þannig verið borgað inn í ríkissjóðinn, frá 31. marz 1860, og væri þá þeim mun minna óendurgoldið, heldur en nefndin skýrir frá í álitsskjali sínu, og byggir á þenna sinn niðurjöfnunarreikníng, $5\frac{1}{3}$ sk. af hverjum dal; en þar að auki er þetta útreikníngsskekkja eptir upphæðum sjálfrar nefndarinnar, og ætti að vera $5\frac{1}{4}$ sk. eptir hennar eigin tölum, ef rètt væri reiknað. Þetta er sú hin fyrsta athugasemd mín, sem getur upplýst, að gjaldið hefði þó átt að vera nokkuð minna, en nefndin segir, og fráleitt meir en $5\frac{1}{4}$ úr skildíng, því að hver 1 sk., sem niður er jafnað, gefur 1408 rd., og ef nú skyldi vera komnir 1400 rd. inn í ríkissjóðinn síðan 31. marz 1860, þá munar það því, að 1 sk. minna hefði mátt jafna niður, en nefndin segir. Eg segi ekki þetta, til þess að gjöra lítið úr alúð nefndarinnar, heldur til athuga fyrir hina háttvirtu þíngmenn, ef þeir vildi byggja á því breytíngar- eða viðaukaatkvæði. Af því nefndin hefir ætlazt til, að forseti þíngsins fengi leiðrèttíng á þeim kostnaði til *konúngsfulltrúans*, sem talinn hefir verið Íslandi til útgjalda, eða þeim 495 rd. 35 sk. eptir því sem nefndin segir, sem endurskoðunarskrifstofan *ekki* hefir aðskilið frá þeim kostnaði, sem landsmenn eigi að endurgjalda, og nefndin þannig ætlast til, að þessir 495 rd. 35 sk. verði aptur landinu endurgoldnir af ríkissjóðnum; en nefndin hefir samt haldið þessari summu fyrir utan grundvallarsummu sína, en ekki beinlínis *dregið* þessa 495 rd. *frá* þeirri upphæð, sem hún segir hafi verið óniðurjöfnuð eða óendur-

goldin og leggur til grundvallar fyrir reikníngi sínum, þá er auðsætt, að fyrir þetta verður niðurstaðan hjá nefndinni, að allt að því *hálfum* skildíng *meira* hefði átt að jafna niður á hvern dal jarðaafgjaldanna, heldur en í raun réttri átti að vera; en af því, sem fram er komið, sè eg ekki betur, en að það hefði verið bein skylda stiptamtsmanns, eptir úrskurði lögstjórnarinnar 16. febr þ. á, að taka þetta beinlínis til greina við síðustu niðurjöfnun, og jafna þeim mun minna niður á landsmenn, sem þessum 495 rd. 35 sk. svaraði, því þegar stjórnin hefir sagt í þessum úrskurði, að þetta eigi ekki að lenda á landinu, þá getur stiptamtmaður ekki leitt hjá sèr, að taka það til greina við næstu niðurjöfnun, fyrst honum sást yfir það í vor er leið, og finnst mèr, að forseti þurfi ekki, og eigi ekki, að skipta sèr af því. Það, sem nefndin segir, að sè ávísað af alþíngiskostnaðinum 1859, mun láta nærri; það verða ekki fullir 1000 rd, og munar sem svarar 100 rd.; þetta er reyndar ekki verulegt, en má þó koma til greina. Allar þessar misfellur hjá nefndinni koma af því, að hún hefir farið eptir reikníngum landfógeta, en af því leiðir líka, að nefndin hefir ekki getað upplýst það, sem er miklu verulegra og óræk úrslit málsins eru undir komin, fyrst hvað mikið hafi verið ávísað til Hafnar upp í alþíngiskostnaðinn, og þar goldið í ríkissjóð eptir 31. marz 1860, og í annan stað, hvað mikið er útistandandi enn hjá sýslumönnunum sjálfum af því, sem búið er að jafna niður á gjaldþegnana, og þeir búnir að greiða, því þó að nefndin hafi sagt, hvað borgað hafi verið inn í jarðabókarsjóðinn, þá er þar með hvorki sagt nè sannað, að enn sè ekki töluvert útistandandi hjá sýslumönnum, og þó að flestir sè að líkindum búnir að standa skil á þessu gjaldi, annaðhvort til landfógeta eða með ávísunum til Hafnar, þá vita menn þó til, að einn sýslumaður muni ekki enn vera búinn að borga, fyrir að minnsta kosti eitt ár eða tvö, þar sem enn munu vera ókomnar afgjaldaskýrslurnar frá honum, eins og bent er til í nefndarálitinu; væri gjörð full skil fyrir öllu þessu, þá yrði grundvallarsumma nefndarinnar þeim mun minni, og aptur þeim mun minna, sem stiptamtið hefði þurft að jafna niður næstliðið vor, heldur en þessir $5^1/_3$ sk., sem nefndin segir; en rètt reiknað er það ekki, nema $5^1/_4$ sk., eptir grundvallartölum nefndarinnar, og sem hún hefir byggt á. Eg vil því skjóta því til þíngsins og einkum nefndarinnar, hvort ekki muni vera ástæða til þess, að gjöra breytíngar- eða viðaukaatkvæði við uppástúngur nefndarinnar, eptir

þessum athugasemdum mínum, því brèf stiptamtmanns til nefndarinnar útilokar ekki, að þingið, eptir að það hefir fengið og getur fært rök fyrir því, að eitthvað sè ofhermt eða vanhermt hjá nefndinni, þegar það ritar stiptamtmanni, fari fram á það við hann með hóflegum orðum, að hann bæði taki það til greina við næstu niðurjöfnun, sem beinlínis má sýna, að er vanreiknað hjá nefndinni, og sömuleiðis, að hann gjöri svo vel, til enn meiri fullnægju, að skrifa út og fá upplýsingar um það, hversu mikið sè borgað inn í ríkissjóðinn síðan 31. marz 1860 til júníloka 1861, því menn vita, að á þeim tíma getur ekki neitt verið borgað inn í ríkissjóðinn upp í þann hluta kostnaðarins, sem var jafnað niður í vor, eða fyrir árið 1861, því sýslumenn eru ekki svo snemma búnir með reikninga sína fyrir það ár, — og hvað mikið sè þar að auki enn útistandandi hjá sýslumönnum. Stiptamtmaður má ekki, þegar hann ákveður, hvað miklu skuli jafna niður, byggja á því, sem er útistandandi, eða ógoldið frá sýslumönnum, heldur á því, hvað mikið ójafnað sè niður af þeim kostnaði, sem leitt hefir af undangengnum þingum. Að því er snertir 2. uppástúngu nefndarinnar, þá lízt mèr betur á, að, af því að stiptamtmaður hefir einn með niðurjöfnunina að gjöra, en hins vegar er nokkur misskilníngur á kominn um það, hvað miklu sè í raun rèttri ójafnað niður af áföllnum kostnaði, en áríðandi bæði fyrir stiptamtið sjálft og landsmenn, að sem fyrst fengist fullvissa og tryggíng í þessu máli — að þingið færi bónarveg til stiptamtamtmanns, að þar sem þessi misgáníngur nú einu sinni hefði átt sèr stað, þá tæki hann sèr til aðstoðar 2 menn, svo sem forseta og varaforseta þíngsins, til þess að gjöra út um það við *næstu* niðurjöfnun, hvað eptir stæði óniðurjafnað af alþíngistollsgjaldinu að undanförnu; þetta mætti verða, til þess bæði að lètta af stiptamtmanni grunsemi og meginhluta ábyrgðarinnar, og tryggíng fyrir landið. Getur verið að stiptamtmaður segði: »*nei*« við þessu, en hitt tel eg samt víst, að hann álítur það skyldu sína, að leita hinna beztu upplýsínga og sjálfum sèr trausts í málinu.

Framsögumaður: Eg verð að þakka hinum heiðraða þíngmanni Vestur-Skaptfellínga bæði fyrir mig og nefndina, og fyrir það, hve fallega hann tók í málið; og kom það víst af því, að hann veit, hvílíka fyrirhöfn það muni hafa kostað nefndina, að geta leyst verk þetta af hendi, eins og hún hefir gjört það. Hann gat þess reyndar, að nefndin hefði snortið hið sama hættulega sker, sem stiptamtmaður hefði strandað á (*Jón Guðmundsson:* Hún mátti til að snerta það).. Já!

ef ekki var til neinn annar vegur, en um þetta skèr, þá er nefndinni ekki láandi, þó hún hyggi niður á því, ef hún komst samt laglega sína leið. Hið eina, sem kann að vera skerjótt í nefndarálitinu, er það, að nefndin varð að byggja á því, að það væri rètt, sem endurskoðunarskrifstofan hefir talið óborgað 1858, sem er 8486 rd. 39 sk.; en eptir það skal eg ábyrgjast, að reikningur nefndarinnar er rèttur. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga sagði það væri annað, sem niður hefði verið jafnað, og annað,sem komið hefði inn; það er satt, að allt, sem niður er jafnað að vorinu, er ekki komið inn næsta fjárhagsár, t. a. m., að það, sem niður er jafnað vorið 1860, kemur eigi ætið inn fjárhagsárið $18^{60}/_{61}$; en eg hefi gjört mèr ómak fyrir því, að komast eptir, hversu mikið muni vera ókomið inn fjárhagsárið 1860—1861, og hefi eg fundið, að það er mjög lítið, sem er ókomið inn af því, sem niður var jafnað vorið 1860. Þar sem þingmaðurinn vildi, að athugasemdir sínar um það, að minna hefði átt að jafna niður en $5^1/_3$ sk., yrði teknar til greina, þá get eg ekki sèð, að mikið mætti byggja á athugasemdum hans, því vèr hljótum að gæta þess, hvernig á stendur við hvers árs niðurjöfnun. Stiptamtmaður gat eptir skýrslum þeim, sem hann hafði þá, er hann átti að jafna niður í vor, ekki hugsað, að mætti jafna svo litlu niður; hann vantaði þá skýrslu frá skrifstofunni í Kaupmannahöfn, sem síðar er komin, og skýrir frá því, hvað sè í ríkissjóð til 31. marz 1860; en þessa skýrslu fèkk stiptamtmaður ekki, fyr en búið var að jafna niður í vor, og það er ekki mögulegt fyrir stiptamtmann að fá að vita, hversu mikið er komið í ríkissjóðinn af því, sem hann jafnaði niður í vor, áður en hann jafnar niður að vori. Hann getur af jarðabókarsjóðsreikningunum sèð, hversu mikið hafi verið borgað, og hverir sýslumennirnir hafi ekki borgað, og getur hann þá bæði hugsað sèr, að þeir hafi alls ekki borgað, eða að þeir hafi borgað inn í ríkissjóðinn; og þó nú að stiptamtmaður bæði stjórnina utanlands að segja sèr, hvað mikið af því, sem niður var jafnað vorið 1860, hafi verið borgað inn í ríkissjóð, þá er ómögulegt fyrir hana, að láta stiptamtmann vita af því, áður en hann jafnar niður, sem hlýtur að verða í febrúar eða marzmánuði 1861; því að þeir, sem borga beinlínis inn í ríkissjóðinn, gjöra það ekki allir fyr en um haustið 1860, eða jafnvel eigi fyr en um vorið 1861, og eptir þann tíma eru engar ferðir híngað til lands, áður en stiptamtmaður jafnar niður. Eg veit, að þingmaður Vestur-Skaptfellinga veit, hvernig

á þessu stendur, og getur því tekið það til greina. Stiptamtmaður getur haft tillit til þess, hvað eptir er óborgað af fyrra árs niðurjöfnun, en endurskoðunarskrifstofan í Kaupmannahöfn er tveimur árum á eptir, eður því nær, með endurskoðun á því, sem hingað er inn borgað; en hún er að eins einu ári á eptir með það, sem borgað er inn í ríkissjóðinn beinlínis. En þessu er þó svo varið, að athugasemdir endurskoðunarstofunnar hljóta að koma hingað um seinan fyrir stiptamtmann; t. a. m. nú er komin frá henni endurskoðun á jarðabókarsjóðsreikningunum árið $18^{58}/_{59}$ og skýrsla um, hve mikið sè borgað í ríkissjóð af alþingistolli til 31. marz 1860; en hvorttveggja þetta kom síðar, en stiptamtmaður jafnaði niður í vor eð var. Hinn sami þingmaður sagði, að 1. niðurlagsatriði nefndarinnar væri óþarft, og fellst eg á það, því þó nefndin ekki skrifaði stiptamtmanni um það, treysti eg því, að hann muni koma leiðréttingu á það, sem hefir verið borgað af landinu til *konúngsfulltrúa*, án þess að neitt frekar þurfi í því að gjöra, og álít eg því, að þingið þurfi ekki að gjöra neitt frekar í því; en þar sem þingmaðurinn sagði, ef eg skildi hann rètt, að stiptamtmaður hefði átt að taka stjórnarbrèfið um þetta efni til greina, þá er auðsætt, að hann hefir eigi getað það hingað til, því brèfið er dagsett 16. febr. 1861, og gat því eigi komið stiptamtmanni í hendur, fyr en hann hafði jafnað niður í vor.

Þar sem nú hinn háttvirti þingmaður stakk upp á því, að þingið bæði stiptamtmann að taka tvo menn sèr til aðstoðar við næstu niðurjöfnun, þá finnst mèr það vera í beinni mótsögn við það, sem hann sagði um undirtektir stiptamtmannsins undir brèf nefndarinnar, því ef menn álíta svar stiptamtmannsins eins strengilegt, eins og það er, þar sem hann ábyrgist alþingismönnum, að landsmönnum skuli ei verða neinn ójöfnuður gjör, þá sýnist mèr það ekki rètt nè drengilegt, að svara honum með því að segja við hann: Megum við setja 2 menn þèr til höfuðs, til þess að passa upp á, að þú svíkist ekki um loforð þitt? Þetta er ódrengilega svarað. Eg segi fyrir mig, þegar mèr er drengilega svarað, þá er eg svo gjörður, að eg vil heldur trúa og verða svikinn, en að treysta ekki, og verða ekki svikinn; og hvað eigum vèr, fulltrúar þjóðarinnar, þá að gjöra, er vèr megum vera óhræddir um allt tál? því eptir því, sem stiptamtmaðurinn hefir kynnt sig hèr á þinginu sem *konúngsfulltrúi*, get eg ekki sèð, að hætt sè við því, að vèr munum verða sviknir; þvert á móti. Vegna drengskapar hans og sakir dreng-

skapar vors, sýnist mèr því, að vèr ættum ekki að fara lengra, en nefndin hefir farið, og lofa stiptamtmanni að efna loforð sitt tilsjónarlaust, en ef hann ekki efnir það, skal eg ekki vera á móti því, að það sè gjört, sem þingmaðurinn stakk upp á seinna meir. Það er satt, að vèr eigum að vera forsjálir, en vèr eigum líka að vera góðir drengir, og treysta því, sem treysta má.

Konúngsfulltrúi (Jón Pètursson): Eg verð að segja það, að mèr virðist þingmenn hafa talað sanngjarnlega um þetta mál, sem, af því það er reikníngsmál, krefur nákvæma yfirvegun og langan umhugsunartíma, ef maður skal fá ljósa hugmynd um það. Nefndin hefir tekið vel í málið og fleiri þingmenn, sem talað hafa; það er vandi fyrir stiptamtmann að jafna niður alþingistollinum þegar í marzmánuði, því þá hefir hann ekki fengið allar skýrslur úr landinu um niðurjöfnunina frá árinu fyrir, og skýrslurnar um upphæð lausafjártíundarinnar ekki heldur allar komnar. Það er auðsjáanlega líka ómögulegt, að hnytmiða niðar gjöldin, hvort heldur þau eiga að vera $5\frac{1}{3}$ sk. eða meira eða minna. Stiptamtmaður hefir lýst því yfir, að það, sem nú hefir verið of krafið, skyldi verða leiðrètt næsta ár, og er sú leiðrèttíng lètt, því það er auðsèn hlutur, að ef 4 sk. t. a. m. skyldi jafna næsta ár, þá eiga þeir, sem í ár hafa borgað 8 sk., einúngis að greiða $1\frac{1}{3}$ sk.; hinir aptur, sem í ár að eins hafa goldið 4 sk., ætti þá að borga $5\frac{1}{3}$. Að því er 1. niðurlagsatriði snertir, virðist það sjálfsagt, að stiptamtmaður getur fengið það leiðrètt. Þar sem töluliður 2 vill láta þingmenn kjósa 2 menn til að endurskoða reikníngana, þá er það að vísu mikið gott í sjálfu sèr, en þessir reikníngar eru skoðaðir nákvæmlega í Kaupmannahöfn af endurskoðunardeildinni. Mèr virðist það nóg, ef reikníngarnir verða prentaðir, og það lætur stiptamtmaður sjálfsagt gjöra á sínum tíma. Það, sem farið er fram á í 2. uppástúngu nefndarinnar, að 2 menn sè kosnir til að rannsaka alþíngisreikníngana móti borgun, getur orðið mikið verk og talsvert kostnaðarsamt; en það vil eg gjöra þíngið vart við, að það tekur þar upp á sig ansvar, gagnvart kjósendunum eða gjaldendunum. Þar sem þvílíkt gjald ekki er lögheimilað, gæti gjaldendur orðið ófúsir á að greiða það, og sýnist ekki heldur vera nauðsynlegt, ef reikníngarnir verða prentaðir. Uppástúnga þingmannsins úr Skaptafellssýslu, að biðja endurskoðanda um upplýsíngar, yrði víst árangurslítil, þar sem gjöldin ekki koma inn fyr en á haustin, og verður þá stiptamtmaður engu nær í marzmánuði, og að því er þá uppá-

stúngu hans, er hann hreifði, snertir, að stiptamtmaður taki 2 menn sèr til aðstoðar við niðurjöfnun alþíngistollsins, þá sè eg ekki nauðsyn til þess fremur um þessa álögu, en um niðurjöfnunina á lausafè, nema má ske síður sè. Alþíngistollsskýrslurnar verða víst líka framvegis ljósari, en verið hefir, því þær hafa verið svo »*revideraðar*« um hin seinustu ár, að varla mun betur verða. En málið kemst víst í betra horf hèr eptir, en verið hefir.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Svo óvænlega sem þetta þjóðarmál horfði við, þá kalla eg nú, að því sè komið í gott horf; og sè eg það, að nefndin hefir haft mikið fyrir því, og gjört sèr allt far um, að skýra reikníngaua eptir beztu föngum, bæði fyrir sèr og þínginu; og eg vil innilega þakka nefndinni fyrir það, að hún hefir beint málinu í þá heppilegu stefnu, sem það hefir nú tekið; eg fagna því, og veit að allir þíngmenn fagna því, að stiptamtmaðurinn hefir tekið svo forsjállega og góðmannlega í málið, sem hann hefir gjört; að hinu leytinu felli eg mig ekki við vöflur þær, er nefndarálitið og *framsögumaður* eru að framfæra, að reikníngarnir hafi orðið að vera óglöggir fyrir stiptamtmanni, þá hann jafnaði alþíngistollinum niður á landsbúa, vegna þess, að skýrslur hafi vantað um, hvað inn væri komið í ríkissjóðinn, eða hvað vantaði frá sýslumönnum? Þetta finnst mèr ekki koma málinu við; mèr sýnist, að reikníngar þessir muni vera flækjulausir og óbrotnir; útgiptin öll er innifalin í þörfum þíngsins, þeim sem *forsetinn* ávísar, og leggur fram fyrir stiptamtmann; á hina síðuna er tekjustofninn, það eru afgjaldaskrár jarðanna frá hreppstjórunum, staðfestar af sýslumönnunum, sem allar eru í hendi stiptamtmanns; nú skiptir hann kostnaði hvers alþíngis í helmíng, og leggur helmíng á landið alþíngisárið, $^3/_4$ á afgjaldaupphæðina, hinn $^1/_4$ partur kemur upp á jafnaðarsjóðinn, sem allir vita; hinn helmíngurinn kostnaðarins stendur þangað til að ári; þá er honum jafnað niður eptir sömu reglum, og ekki meiru, þó ekki sè allt hèr inn komið frá fyrra ári; það er þá víss útistandandi skuld til góða, annaðhvort hjá ríkissjóðnum eða hjá sýslumönnum; það kemur til skila, og þá er að krefja þá um það, en ekki að fara að jafna því aptur á gjaldþegna, sem þeir voru búnir að greiða sýslumanni í fyrra; upphæð lausafjárhundraðanna þarf stiptamtmaður ekki heldur að vita, þá hann gefur út regluna, hvað margir skildíngar skuli koma á hvern ríkisdal jarðaafgjaldanna, því hann veit, að einúngis $^3/_4$ kostnaðarins skuli koma á þessa gjaldagrein; hinum $^1/_4$ má jafna á jafnaðar-

sjóðina síðar, þegar skýrslan fæst frá hinum ömtunum um lausafjárupphæðina þar. Uppástúnga sú, sem hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu tæpti á, þykir mèr svo æskileg, sem maður gæti hugsað, og það væri gott, að einhver vildi gjöra það að sínu breytingaratkvæði. Eg vil halda, að ekkert annað ráð fengist öruggara og vinsamlegra, heldur en ef alþingis*forsetinn* og *varaforsetinn*, sem nú er, með stiptamtmanninum, sem nú er, og allir þekkja að góðgirni og rèttvísi, hjálpaðist nú allir að, að rannsaka alla alþingisreikningana, og með bróðurlegu samkomulagi leiddi þá til lykta fyrir næsta árs niðurjöfnun; og eg get ekki skilið annað, en stiptamtmaðurinn sjálfur þýðist þetta, því eg veit, að honum er sjálfum mjög annt um, að fá það rètta upp í þessum hlut, og að engum gjaldanda sè órèttur gjör, og að allt ólagið geti hreint horfið.

Jón Guðmundsson. Eg ætla að leyfa mèr að svara fáu í ræðu *framsögumanns*, því viðvíkjandi, er eg stakk upp á, að stiptamtmaðar væri beðinn að taka 2 þingmenn sèr til aðstoðar og leiðbeiningar til þess, að koma máli þessu í fast horf við næstu niðurjöfnun. Að því er þetta snertir, skal eg geta þess, að nefndin gaf mèr með 2. niðurlagsatriði sínu tilefni til, að hreifa þessari uppástúngu. Nefndin hefir sagt, að stipamtmaður hafi ekki getað ætlað á það, að svo mikið hafi verið búið að borga inn í ríkissjóðinn í Höfn, eins og nefndin þó fann, að búið væri að inn borga; en það, sem *framsögumaður* sagði, finnst mèr vera í mótsögn við þetta, því hann sagði, að stiptamtmaður gæti sèð, hversu mikið væri óborgað, og út frá því hefði nefndin átt að ganga (*Framsögumaður:* Misskilningur). Eg held, að eg hafi vakið athuga þingmanna að því, að þeir $5^1/_3$, eða rètt reiknað $5^1/_4$ skildingur, sem nefndin hefir skýrt frá, að hefði átt að jafna niður næstl. vor, væri ekki sem áreiðanlegast, og hefi eg gjört það til þess, að þingið ekki skyldi afvega leiða stiptamtmanninn, svo að hann áliti það áreiðanlegt og órækt, sem eg þykist hafa leitt rök að, að muni alls ekki vera það; og eg held, að stiptamtmanni geti ekki orðið það neitt óþægilegt, að 2 þingmenn styddi hann, til þess að upplýsa mál þetta betur, svo að allur misgrunur megi hverfa hjá landsmönnum, og þeir megi ugglaust treysta því, að málið sè komið í fastara horf, og fæ eg ekki sèð, að menn með því lýsi neinu vantrausti á stiptamtmanninum, því honum má sjálfum vera það hugarhaldið, að sem mest tryggíng verði fyrir því, að niðurjöfnunin sè rètt; en hann getur fengið bezta tryggíngu fyrir þessu með því, að

taka sèr til aðstoðar mann af hinum flokkinum, sem ekki ástæðulaust hafa vakið grun um það, að of miklu muni hafa verið jafnað niður. Að því er það snertir, sem *framsögumaður* sagði, að ekki væri mögulegt, að fá upplýsingar um það, hversu mikið væri goldið inn í ríkissjóðinn frá 31. marz 1860, þá skil eg það ekki; eg sè ekki, að það sè hægra fyrir stiptamtmanninn, að gegnum ganga skýrslur sýslumanna, en að skrifa stjórninni nú þegar, og spyrja hana að því nógu tímanlega, svo að hann gæti verið búinn að fá þar að lútandi upplýsingar á undan næstu niðurjöfnun, hversu mikið sè inn borgað í ríkissjóð frá 31. marz 1860, upp í alþingiskostnaðinn 1859 og þar á undan, því þar sem nú stiptamtmaður við hinar fyrri niðurjafnanir hefir þótzt verða að fara eptir reikningum landfógeta, þá er ekki neitt það fram komið í þessu máli, sem geti gefið honum tilefni til þess, að brúka aðra undirstöðu nú, en reikninga landfógetans; og nefndin hefir einmitt nú í álitsskjali sínu gefið tilefni til, að stiptamtið fylgi fram sömu aðferð, eins og að undanförnu. Eg get ekki litið öðruvísi á þetta mál, en að það sè hægra fyrir stiptamtmann, að fá upplýsingar frá endurskoðunarskrifstofunni, en að taka upp nýja aðferð, þó að hún sè í rauninni miklu réttari, að byggja á skýrslum sýslumanna, enda getur skeð, að þær sè ekki til hans komnar allar, þegar á þarf að halda. Eg held, að þar sem talað er um þessa 2 menn stiptamtmanni til aðstoðar, hafi ekki legið neitt vantraust til stiptamtmanns í orðum mínum, og eg álít að engu minna vantraust til hans sè fólgið í 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, þegar rètt er álitið. En eg skal að eins skjóta því til nefndarinnar, hvort henni sýnist ekki rètt, að breyta 1. niðurlagsatriði sínu, samkvæmt úrskurðinum frá 16. febr. 1860, og bæta þar við öðrum þeim summum, sem endurskoðunarskrifstofan má ske ekki hefir aðgreint í eldri reikningum.

Konúngsfulltrúi (Jón Pètursson): Eg skal geta þess, út af því, sem þingmaður Mýramanna sagði, að stiptamtmaður getur ekki ávallt vitað, hvað mikið það er, sem hann á að jafna niður; sèst það af því, að *forseti* hefir þó fyrir fáum dögum ávísað 200 rd. af þingkostnaðinum 1859.

Jón Guðmundsson: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að nýlega væri út sèð um reikninga yfir alþingiskostnaðinn 1859, af því fyrir skemmstu hefði verið ávísað nokkru upp í þann kostnað, þá er þetta öldúngis rètt, en það eru hrein afbrigði, og hefir aldrei verið fyrri. Reikningurinn yfir kostnað hvers

alþingis hefir aldrei verið seinna búinn að undanförnu, en í febrúar eða marz; en að hann varð svo síðbúinn fyrir þingið 1859, var að kenna hinum fjarskalega drætti á prentun alþingistíðindanna.

Indriði Gíslason: Eg verð nú að lýsa því yfir, að eg er ánægður með það horf, sem þetta mál er nú komið í, og einkum er eg ánægður með undirtektir stiptamtmannsins, því það má með sanni segja, að þær gátu ekki verið betri. Eg verð nú að segja það, að mèr sýndist það engan veginn lýsa neinu vantrausti á stiptamtmanni, þó nefndin hefði farið nokkuð lengra, og t. a. m. beðið stiptamtmann með hógværð, að skrifa stjórninni, og biðja um upplýsingar um, hvað mikið væri af sýslumönnunum endurborgað í ríkissjóð. Eg sè engan veginn, að það geti meitt stiptamtmann, þó hann sè beðinn að komast að, hvað mikið sýslumenn sè búnir að gjalda, og hvað mikið standi eptir. Eg vil því taka mèr viðaukaatkvæði í þá stefnu, að stiptamtmaður skrifi stjórninni um, að fá upplýsingar um, hvað mikið sè borgað í ríkissjóðinn. Mèr getur ekki betur skilizt, en ef stiptamtmaður skrifaði nú þegar, þá gæti hann fengið svar svo tímanlega, að hann gæti haft hliðsjón af því við næstu niðurjöfnun, og það yrði til að fullnægja landsmönnum, því eptir því, sem *framsögumaður* tók fram, þá er þetta nokkuð kveðið eptir sig, og verður einúngis annars að fara eptir undanfarinna ára skýrslum. Viðvíkjandi 2. atr., þá veit eg ekki, hvað er unnið með því, nema það eykur kostnaðinn; eg veit ekki heldur, hvaða reikníngar meintir eru, hvort það eru þeir, sem standa aptan við þingtíðindin (*Jón Guðmundsson: Framsögumaður* hefir upplýst það); en eg ætla ekki að fara lengra út í það. Eg ætla að leyfa mèr, að bera upp það breytíngaratkvæði, í stað 2. niðurlagsatriðis bjá nefndinni, að stiptamtmaður taki *forseta* eg *varaforseta* sèr til ráðaneytis við niðurjöfnunina. Ef þessu væri hagað svona, þá yrði það til að spara kostnaðinn (*Sveinn Skúlason:* Eiga þeir *forseti* og *varaforseti* þá líka að endurskoða reikníngana?) Eg get alls eigi sèð, að það lýsi vantrausti á stiptamtmanni, þó þetta væri gjört.

Framsögumaður: Það getur verið, að eg hafi ekki talað ljóst, þegar eg var að taka það fram, hvað stiptamtmaður vissi og ekki vissi, því hinn heiðraði þíngmaður Vestur-Skaptafellssýslu dró allt aðra ályktun út úr orðum mínum, en meiníng mín var. Eg sagði, að stiptamtmaður yrði að jafna niður, áður en fjárhagsárið væri úti; hann getur nú sèð af skýrslum seinasta fjárhagsárs, hvað mikið er borgað inn í jarðabókarsjóðinn; hann veit líka, hvað mikið

átti að koma inn eptir niðurjöfnuninni, en hann veit ekki, hvað mikið af því, sem óborgað er í jarðabókarsjóð, er borgað í ríkissjóðinn, og getur því að eins gizkað sèr það til. Hann getur ekki fengið hjá endurskoðunardeildinni skýrslur um, hvað óborgað sè, fyr en í fyrsta lagi mánuði eptir að hann er búinn að jafna niður. Póstskipið fer nefnil. frá Höfn 1. marz; en fjárhagsárið endar ekki, fyr en 31. marz; endurskoðunardeildin veit því engan veginn, þegar póstskipið fer, hvað inn verði komið í lok fjárhagsársins 31. marz, og getur því eigi gefið stiptamtmanni fullkomna skýrslu um það fyr en með annari ferðinni, en setjum nú, að hún gefi stiptamtmanni skýrslu um það með fyrstu ferðinni, en sú skýrsla hlýtur þó að koma, þegar því nær mánuður er liðinn frá því stiptamtmaður jafnaði niður, sem er í febrúar eður fyrztu dagana af marz. Ef nú hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga er mèr samdóma í því, að fjárhagsárið endi 31. marz, og ef hann er mèr samdóma í því, að nauðsynlegt sè, að stiptamtmaður jafni niður, í síðasta lagi fyrst í marz, þá verður hann og að vera mèr samdóma í því, að stiptamtmaður fái ekki skýrslur endurskoðunardeildarinnar, fyr en mánuði eptir niðurjöfnunina, því eg hefi áður sýnt, að hann getur ekki fengið þær fullkomnar, fyr en með 2. póstskipsferð í apríl. Hinn háttvirti þingmaður kann nú að segja, að stiptamtmaður eigi ekkert að kæra sig um, hvað inn sè komið; hver veit, nema hann hugsi, að hafa skuli ekkert tillit til annars, en þess, sem jafna á niður, en ekkert þurfi um það að hugsa, hvort nokkurn tíma sè nokkuð borgað eður aldrei. Það getur nú nokkuð mælt með þessu í viðskiptum manna á milli, en í fjárhagslegu tilliti er þetta ekki rètt. Stiptamtmaðurinn á ofur hægt, ef hann kærir sig ekkert um, hvað inn er komið, hann getur þá að eins sagt: »Svona mikið á að koma inn, án tillits til, hvort það kemur nokknrn tíma eða aldrei; það sjá allir, að þetta er mikið hægt, en stiptamtmaður getur engan veginn látið sèr standa á sama, þótt engi skildingur verði borgaður af þessu, því þá missti hlutaðeigandi sjóður tekjur sínar. Eg vil taka til dæmis, að hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga væri orðinn landfógeti; ætli hann mundi þá láta sèr nægja, að svona miklu er jafnað niður á landsmenn, eður með öðrum orðum, að svona miklar eru árstekjurnar; og með því þær standast á við ársgjöldin, þá er nóg? Nú, hann mundi segja: Þær verða líka að koma inn í tæka tíð, svo eg geti borgað hverjum sitt, og ef það getur eigi orðið, þá verður að hafa einhver ráð, til þess að geta borgað á

rèttum tíma. Sama ætla eg að eigi að vera um alþingistollinn, að það verður að hafa sèrlegt tillit til þess, er inn kemur. Ef það er nú fjárhagslega rètt, að alþingiskostnaðurinn sè í hvert sinn endurborgaður, áður en nýr er lagður á, þá er þetta rètt skoðun *(Jón Guðmundsson*: Nei). Ekki rètt skoðun! *(Jón Guðmundsson*: Nei!) Hyggur þá þingmaðurinn, að sú sè meiníng í kgs.br. 1848, að alþingiskostnaðurinn eigi að borgast á 4 eða 5 árum, eður þá enn seinna eður aldrei. Eg ætla óhætt sè, að ganga að því vísu, að alþingiskostnaðurinn eigi að borgast á 2 árum; það er og aðgætandi, að þótt 1000 rd. standi eptir hjá einum sýslumanni eitt ár, þá tvíborga ekki landsmenn það, heldur jafnast það, við niðurjöfnunina næsta ár, þegar búið er að borga þessa 1000 rd., því allir vita, að eigi rennur nè getur runnið 1 sk. í vasa stiptamtmannsins, hvort svo sem er jafnað of miklu eður of litlu niður. Það er ekki rètt hermt af hinum heiðraða þingmanni Vestur-Skaptfellínga, að stiptamtmaður fari að eins eptir landfógeta reikníngnum. (Jón Guðmundsson: Hafi farið); það hefir heldur eigi verið, því í »Íslendíngi« er tekið tillit til endurskoðunardeildar reikníganna; en hann var ekki, þegar hann jafnaði niður, búinn að fá reiknínga endurskoðunardeildarinnar fyrir 1858—59, og heldur ekki skýrsluna um, hvað borgað væri í ríkissjóð fram til 31. marz 1860, og gat því ekki farið eptir því. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellínga og þingmaður Dalasýslu halda því svo mjög fram, að stiptamtmaður hafi 2 aðstoðarmenn eða ráðgjafa, og sýnist það ekki lýsa neinu vantrausti á stiptamtmanni, þá vil eg spyrja: til hvers eru þessir tveir menn, ef engi tryggíng er að þeim? en ef tryggíng er að þeim, þá eru þeir settir, af því eitthvað þarf að tryggja, og þá lýsir það vantrausti á stiptamtmanni, ef menn álíta, að tryggíngu þurfi *(Jón Guðmundsson:* það er líka til oftraust). Já, eg get ímyndað mèr, að þingmaðurinn beri *traust* til stiptamtmanns, til að jafna *of* miklu niður, en það er það sama sem að *vantreysta* honum, til að jafna rètt niður. Þingmaðurinn segir, að þetta sè einúngis gjört, til að lètta undir byrði stiptamtmanns, og hèr sè farinn bænarvegur. En það stendur hverjum og einum frjálst fyrir, að fara til stiptamtmanns, og bjóða honum sín *bona officia,* ef þeir þykjast svo góðir reikníngsmenn, að þeir geti það betur, en stiptamtmaður sjálfur, sem líka getur verið, að sè eigi svo góður í reikníngi, þó hann sè góður í öðru; það stendur hverjum frjálst fyrir, að segja við stiptamtmann: Svona áttu að fara að því

lagsmaður góður. Það er allt annað, að bjóða einhverjum sína góðu þjónustu, en að setja menn til höfuðs honum. Ef þessari uppástúngu er haldið áfram, skal eg leyfa mèr að taka mèr það viðaukaatkvæði, að 2 menn sè einnig settir til höfuðs *forseta*, svo tryggíng sè fyrir því, að útgjöld alþíngis sè rètt; gjöri eg þetta engan veginn af vantrausti til ávísana *forseta*, því eg segi eigi, að eg hafi nokkra tölu fundið athugaverða í þeim, heldur sakir þess, að það er ætíð álitið, að meir þurfi að tryggja útgjöld, en tekjur; og ef 2 menn þarf með stiptamtmanninum, svo tekjurnar verði ekki ofmiklar, þá þarf þó fremur 2 menn með *forseta*, svo útgjöldin verði ekki of mikil. Hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu vissi ekki, til hvers þessir 2 menn ætti að vera, og til hvers þeir ætti að yfirfara reikníngana; en eg vil spyrja hann, hvort það sè ekkert gagn í, að fá að sjá rèttartekjur og rèttarútgjöld alþíngis allt til þessa tíma, svo vèr getum fengið hreinar og greinilegar skýrslur? Ef hinn heiðraði þíngmaður vill ekki fá þessar lýsíngar á málinu, þá veit eg sannarlega ekki, hvaða ljós hann vill fá í því. Ef hann endilega vill, að *forseti* og *varaforseti* hafi nú þetta starf á hendi, þá hefi eg ekkert á móti því; en eg vil þó segja það, að eg álít rèttara, að þeir væri þá kosnir á þínginu.

Páll Sigurðsson: Eg er nú eins og fleiri þíngmenn, að eg álít stefnu nefndarinnar mjög æskilega í þessu máli, er hefir vakið mikla óánægju meðal landsmannanna, og held eg hún hafi mest verið sprottin af því, að engir reikníngar yfir alþíngistollinn hafa verið auglýstir, frá því þíngið hófst fyrst. Menn hafa nú heyrt bæði álit nefndarinnar og undirtektir stiptamtmannsins, og eptir því hvorutveggja hefi eg beztu von um, að málið fái góðan enda. Þar sem *frmsögumaður* sagði það lýsti vantrausti til stiptamtmanns, að vilja hafa 2 menn, honum til ráðaneytis og aðstoðar, þá get eg engan veginn sèð, að svo sè; eg held þvert á móti, að stiptamtmanni væri mjög kærkominn hjálp þeirra, þegar hann á að jafna niður, og einkum í ár að hjálpa til þess, að gjöra svo augljósa þá reikníngsskekkju, sem nú er á orðin, að þjóðin kæmist í fullan skilníng um, hvernig á henni stendur *(Framsögumaður:* Hann getur það sjálfur); það væri þó kærkomið þjóðinni, og henni þætti það enn meiri tryggíng, að menn fyrir hennar hönd væri með, því þeir gæti þá í blöðunum gefið hèr um þær upplýsíngar um þau atriði, sem útskýríngar þyrfti, svo landsmönnum yrði það fullljóst. *Framsögumaður* tók það fram, að stiptamtmaðurinn yrði að jafna

niður upp á óvissu; fyrst svo er, þá held eg honum þætti vænt um, að hafa þá við hlið sèr, því þeir gæti þó gefið honum má skè góðar bendíngar og upplýsíngar um, hvað miklu skyldi jafna niður, og á marga vegu gæti það verið hægðarauki fyrir stiptamtmann að hafa þessa menn. Að því er því viðvíkur, að auglýsa skýrslur og reiknínga áhrærandi alþíngi á prenti, þá álít eg það í «alla» staði æskilegt, því þá mundi öll óánægja hverfa, er verið hefir út úr þessu máli, og þó svo skyldi bera að, að of miklu væri jafnað niður eitt ár, þá mundi landsmenn láta sèr það lynda, þegar þeir vissi, hvernig á því stæði, og af hverju það væri til komið, og sæi það gæti jáfnazt hitt árið við næstu niðurjöfnun. En það er ekki að eins viðvíkjandi alþíngi, sem ætti að auglýsa reiknínga á prenti, heldur ætti það að vera í öllu; eg vil taka til dæmis jafnaðarsjóðsreiknínganna. Þjóðin vill sjá reiknínga fyrir öllu, og það er eðlilegt, svo hún geti áttað sig, og fengið að vita, hvað af fè því verður, er hún greiðir. Aptur á hinn bóginn er mèr óhætt að fullyrða það, að þjóðin kvartar í síðustu lög undan gjöldum, sem á hana eru lögð, ef hún einúngis veit, til hvers þau eru brúkuð. Eg fyrir mitt leyti verð því að álíta það mjög æskilegt, að stiptamtmaður hefði þessa 2 menn sèr til hjálpar. Það er engan veginn af því, að eg vantreysti stiptamtmanninum, sem nú er, en það er ekki víst, að hann verði lengi, og þá er ekki víst, hver kemur í staðinn; það getur orðið maður, sem er ókunnugur að öllu og kann ske útlendur; hèr er að vísu ekki ráðgjört nema fyrir næstu niðurjöfnun; en nú er líka allur vandinn, að koma þessu ólagi í gott horf, og líka getur skeð, að stiptamtmaður, sem nú er, verði ekki fyrir embættinu, og þá held eg væri munur fyrir hinn, að geta haft stuðníng af þessum 2 kunnugu mönnum. Eg vil taka til dæmis, þó ólíku sè saman að jafna, að ókunnugur hreppstjóri á örðugra með sveitarreiknínga, en sá, sem fengizt hefir við þá, og eru þó þessir lítilfjörlegu sveitarreikníngar lítið að reikna móti þessum allsherjarreiknúngum alls landsins, og því fremur, þegar útlendur stiptamtmaður ætti hlut að máli. Eg verð því að lýsa því yfir, að eg halla mèr að breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu.

Páll Melsteð: Eg vil að eins leyfa mèr, að taka fram eitt atriði, sem mèr, ef til vill, er ljósara en sumum öðrum þíngmönnum. Þegar stiptamtmaður fer að jafna niður alþíngistollinum á vetrum í febrúar eða marz, hvað hefir hann þá fyrir sèr? á hvaða skjölum byggir hann þá? Hann hefir einúngis fyrir sèr alþíngis-

tollsskýrslur, ekki frá næsta hausti þar á undan, heldur haustinu þar fyrir; það eru þær skýrslur, sem sýslumenn hafa krafið tollinn eptir á manntalsþingunum vorið næst á undan, því sýslumenn senda þær ekki frá sèr til stiptamtmanns, fyr en eptir að þeir eru búnir að þínga á vorin. Eg skal skýra það betur með dæmi; í vetur, sem leið, þegar stiptamtmaður í marz 1861 lagði á þenna alþíngtoll, þá voru ekki komnar til hans alþíngisistollsskýrslur hreppstjóranna, sem þeir sömdu haustið 1860, af því sýslumenn þurftu að hafa þær nú á manntalsþíngum í vor sem leið (1861), og krefja tollinn eptir þeim; og það er fyrst nú um þessar mundir, að stiptamtmaður fær þær, og gjöldin eru fyrst nú um þessar mundir greidd í jarðabókarsjóðinn. Stiptamtmaður verður því að hafa tillit til hinna síðustu skýrslna, sem hann hefir, og gjöra niðurjöfnunina eptir eins konar áætlun, þar hann ekki veit, hvað há jarðaafgjöldin eru það yfirstandandi ár. Að því er hitt snertir, að stiptamtmaður vildi fá að vita, hvað sýslumenn væri búnir að borga mikið af alþíngistolli, og hvað eptir stæði, þá ímynda eg mèr, að það væri hinn fljótasti vegur fyrir hann, að skrifa amtmönnunum, og biðja þá útvega skýrslur frá sýslumönnunum í umdæmum þeirra. Eg veit eigi betur, en að sumir sýslumenn ávísi bæði þessu gjaldi og öðrum gjöldum, er þeir eiga að greiða, til kaupmanna í Kaupmannahöfn og biði þá borga þau inn í ríkissjóðinn, og getur verið, að eitthvað af alþíngistolli sè þar innibundið í, og amtmaður veit, ef til vill, ekki af því svo fljótt, en sumt borga sýslumenn beinlínis til landfógetans. Eg ímynda mèr til dæmis, að sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu og í Múlasýslum, sem lengst eru hèðan, greiði gjöldin með ávísunum í Kaupmannahöfn, án þess má ske að skrifa amtmanni um það þegar í stað; að fá þetta að vita, hvað goldið væri og hvað eptir stæði, svona hreint og beint frá sýslumönnum sjálfum, þetta ímynda eg mèr yrði fullt svo greiður vegur, sem að fara til stjórnarinnar. Sýslumaðurinn getur gefið og gefur, þegar þess er leitað, greinilega skýrslu um, hvað sè borgað og upp í hvaða gjöld. Að því er niðurlagsatriðin snertir, álít eg að þurfi að breyta 1. atriðinu; en eg tók ei vel eptir *framsögumanni,* hvað hann sagði um það; hann hefir má ske tekið það fram. Að því er 2. atriði snertir, þá verð eg að segja fyrir mig, að mèr finnst ósanngjarnt að biðja um 2 menn, til að setja við hliðina á stiptamtmanni í þessu málefni, til tryggíngar. Mèr sýnist það þar að auki liggja í augum

uppi, að þeir verði að hafa borgun; en eg verð að segja fyrir mig, að eg þori ekki að taka þá ábyrgð upp á mig gagnvart kjósendum mínum, að ákvarða þeim borgun. Þó menn nú fylgdi breytingaratkvæði þingmannsins úr Dalasýslu, að láta það vera *forseta* og *varaforseta*, þá get eg ekki séð, hvers vegna þeir ekki ætti að hafa laun eins og aðrir, en ef þeir eiga að hafa borgun, þá rekur að hinu sama; og vil eg því alveg fella þá ákvörðun burt.

Jón Gudmundsson: Eg vildi reyndar ekki þurfa að tala meira í þessu máli, ef eg ekki væri neyddur til þess, þar mèr þykir grundvallarregla sú, er hinn háttvirti *framsögumaður* gengur út frá, vera nokkuð viðsjál, og þarf að mótmæla henni, einkum af því hún kemur frá honum, sem er álitinn svo merkur þingmaður. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að stiptamtmaðurinn yrði að hafa tillit til þess, sem inn væri komið, þess, sem eptir stæði, og þess, sem ætti að jafna niður. Þessu mótmæli eg öldúngis að því leyti, að stiptamtmaður á öldúngis ekki að hafa tillit þess, sem inn kemur; það sem hann á að fara eptir, er á aðra hliðina það, sem þarf að jafna niður af alþíngiskostnaðinum og á að jafna niður á landmenn eptir lögum, en á hina hliðina gjaldstofninn, er gjaldinu á að jafna niður á, eða á að bera það; en honum kemur öldúngis ekki við, hvað inn kemur; sem meðstjórnandi jarðabókarsjóðsins á hann reyndar að hlutast til um, að skuldir tii sjóðsins, hvort heldur er upp í alþíngiskostnað eða annað, fáist inn, en sú skylda hvílir öldúngis ekki á honum, sem þeim er settur er að lögum eður veitt er lagavald til, að *jafna niður* alþíngiskostnaðinum. Það var og annað atriði, er *framsögumaður* fór skakkt í, þar sem hann kom með dæmi af sjóðnum; hann sagði, að hann yrði að hætta að borga eða greiða af hendi útgjöld þau, er á sjóðnum hvíldi, ef tekjurnar brygðist, svo að eigi yrði nægir peníngar til þess að standast útgjöldin. Þetta er ekki rètt; sjóðurinn er skuldbundinn til að borga það, sem hann á að borga, hvort sem hann hefir það til eða ekki; hann hlýtur þá að hafa lánstraust, og útvega penínga. Þetta er algild regla í allri fjárhagsstjórn. Það er tvennt ólíkt, stiptamtmaðurinn sem *umsjónar maður* jarðabókasjóðsins, og stiptamtmaðurinn sem sá, er *hefir þá lagaköllun* á hendi að jafna niður alþíngisgjaldinu á landmenn. Mèr fannst það vera bein skylda mín að mótmæla *framsögumanni* í þessu atriði, því það má engan veginn blanda því tvennu saman. Að öðru leyti ætla eg mèr ekki í þetta sinn að fara lengra út í málið, en einúngis taka það fram, að mèr getur ekki virzt svo, að

uppástúngan um þessa 2 menn lýsi nokkrn vantrausti á stiptamtmanni, þó *framsögumaður* mótmæli henni og beri það fyrir, að það sè ódrengilega gjört; það er ekki eins og við skipum stiptamtmanni að taka menn þessa, heldur með allri kurteysi spyrjum, hvort honum ekki væri það kærkomið, að hafa þessa aðstoðarmenn. Eg hefi hugsað mèr þá einúngis svo, að þeir aðstoðuðu stiptamtmann við næstu niðurjöfnun, og mundi landsmenn fyrir þetta fá betra traust á því, að lag kæmist á, og hefði þjóð og þíng þar að auki meiri tryggíng frá sinni hálfu, ef svona væri að farið. Þetta vona eg allir sjái, sem vilja, að er engi tortryggni.

Þegar hèr var komið umræðunum gekk *Jón Guðmundsson* aptur til forsetasætis.

Benedikt Sveinsson: Eg stend nú ekki upp, til að tala margt í þessu máli, og sízt að sinni. Þó voru það 2 atriði, er eg vildi fátt eitt minnast á. Það, sem eg þá fyrst vildi drepa á, er það, hvort alþíngistollurinn fyrir hvert þíng eigi að vera borgaður fyrir næsta þíng eður ekki. Lögin komast eigi svo að orði, að tollurinn fyrir hvert þíng eigi að vera greiddur fyrir næsta þíng, en það stendur beinlínis í lögunum, að alþíngistollurinn megi ekki safnast fyrir. Spursmálið er þá, hvort alþíngistollurinn þurfi að safnast fyrir, sem er gegn lögum, ef hann ekki er borgaður fyrir næsta þíng. Eg held nú, að allir sjái, að það er ómögulegt að segja í sömu andránni, að alþíngistollurinn megi ekki safnast fyrir, og segja undir eins, að hann þurfi ekki að vera greiddur á undan næsta þíngi á eptir. Eg held allir sjái, að það er sama að segja, að alþíngistollurinn þurfi ekki að vera borgaður fyrir næsta þíng á eptir, og að segja, að hann megi safnast fyrir; en það er gagnstætt skýlausri lagareglu. Menn sjá þá af þessu, að stiptamtmaður varð að jafna núna í þetta sinn því niður á landsbúa, sem áður var ógreitt af kostnaði undanfaranda þíngs eður þínga, hvort sem það er mikið eða lítið, og hvort sem það var meira eður minna, en áður hafði verið jafnað niður. Hitt atriðið, sem eg finn mèr skylt að fara nokkrum orðum um, er uppástúngan um þessa 2 menn, *forseta* og *varaforseta,* er ætti að vera aðstoðarmenn stiptamtmanns við niðurjöfnunina. Hinum háttvirta *framsögumanni* fórust vel orð um þessa uppástúngu; eg segi að honum fórust vel orð um hana, því hann færði ei að eins skýr og greinileg rök á móti henni, heldur sýndi hann og, að hún er gagnstæð drenglyndistilfinníngu Íslendínga; eg er honum samdóma í þessu, og vona, að

þingið gefi því þann gaum, er vera ber. Viðvíkjandi uppástúngu *framsögumanns* um, að setja 2 menn til aðstoðar *forseta,* þá held eg það hafi eiginlega verið meiníng hans, að hvorug uppástúngan yrði tekin til greina, en mèr þótti það ókostur við uppástúnguna, svo hún væri jafnvægi á móti hinni, að hún eigi fór því fram, að stiptamtmaður aðstoðaði *forseta,* svo þeir þannig hjálpaðist að því innbyrðis að hafa umsjón (»*Control*«) hvor með öðrum; jöfnuðurinn er jafnan góður. Það virðist annars auðsætt, að það er ógjörníngur að fara því fram, að stiptamtmaður taki sèr 2 menn til aðstoðar eða ráðaneytis. Hinn heiðraði *forseti* tók það fram í fjárkláðamálinu um daginn, að þingið hefði engan rètt til að beina neinni ósk að stiptamtmanni, og var þó ekki önnur meiníng þingsins þá, en að leita upplýsínga hjá stiptamtmanni um það, hvað hann eptir embættisvaldi sínu sæi sèr fært að framkvæma, og óska jafnframt að hann beitti því í þá stefnu, sem þingið áleit svo mikils umvarðandi fyrir allt landið. Þar var öldúngis ekki taiað um, að skylda stiptamtmann til neins, nè heldur því farið á flot, að hann þyrfti annara með, til að geta gegnt sinni skyldu, eður leyst það ætlunarverk af hendi, sem lögin hafa honum gefið; en hvað er nú hèr farið fram á? ætli það sè ekki töluvert meira? Það er hvorki meira nè minna, en að setja 2 menn til höfuðs stiptamtmanni; hèr er farið fram á að breyta þeirri tilhögun, sem skýrt er ákveðin í lögum, án þess að til sè ætlazt, að þingið fari fram á breytíngu á lögunum á þann hátt, sem fyrir er skipað. Ef þetta tvennt ætti að geta staðið jafnhliða hvort öðru, þá ætti hèr að vera farið fram á, að leita upplýsínga um það, hvað stiptamtmaðurinn sæi sèr fært, og ósk þíngsins til hans þessu samkvæm; en hèr er ekki spursmál um það, heldur að setja stiptamtmanni 2 menn, svo tryggíng sè fyrir því, að hann framvegis gæti þess, sem er bein lagaskylda; þeir eiga að sjá um, að hann uppfylli þessa skyldu. Til þessa hefir þetta þing alls engan rètt að mínu áliti. Þingið hefir rètt og vald til að óska breytíngar á ýmsu lögskipuðu fyrirkomulagi, og það hefir án efa rètt til að senda bænarskrá til konúngs um það, að lögunum yrði þannig breytt, að stiptamtmaður yrði eigi framvegis einn við niðurjöfnunina; en áður en þetta er gjört og fengið, hefir það engan rètt til að setja stiptamtmanninn undir umsjón (»*Censur*«). Hèr er ekki talað um umkvörtun yfir því, sem gjört hefir verið, nè heldur ósk þíngsins til konúngs vors um, að breyta hinu lögskipaða fyrirkomulagi, heldur er það uppá-

stúnga, sem gengur beinlínis í berhögg við lögin, stríðir gegn rètti þingsins, og vil eg kröptuglega vara þingið við, að fara henni fram. A hinn bóginn hefði mèr sýnzt það næsta vel til fallið, að þingið hefði notað sèr tækifæri það, sem nú gafst, til að fá bót á þeim ófullkomlegleikum, sem munu vera á fyrirkomulagi því, sem nú er um niðurjöfnun alþingistollsins og mörgu fleiru, er þar að lýtur, en á lögskipaðan hátt; því með því einu móti hefði það getað komið í veg fyrir misklíðir eptirleiðis og hrundið málinu í lag.

Indriði Gíslasson: Mèr finnst hafa komið fram misskilningur á breytíngaratriði minu, og hann ekki alllítill. Eg hefi aldrei sagt, að setja skyldi 2 menn til höfuðs stiptamtmanni, eins og sumir þíngmenn hafa sagt; mèr finnst það liggja nær í uppástúngu nefndarinnar sjálfrar. Eg vil taka upp aptur orð mín, að biðja stiptamtmanninn, að taka sèr til hjálpar *forseta* og *varaforseta* þíngsins við niðurjöfnunina á alþíngistollinum. Þetta sè eg ekki að sè að setja þá til höfuðs honum. Þíngmaður Borgfirðínga gjörði lítið úr því, að biðja amtmanninn að skrifa stjórninni til, svo hann gæti fengið ljósa skilagrein fyrir því, hvað mikið hefði verið borgað í ríkissjóðinn. En eg held þó, að amtmaðurinn þurfi að byggja á einhverjum grundvelli, þegar hann jafnar niður alþíngistollinum. Þíngmaðurinn sagði, að hann væri búinn að jafna tölunum niður árið áður; en þá vil eg spyrja: byggir hann þá ekki á neinum skýrslum. Mig furðar ekki, þó þíngmaður Borgfirðínga hafi þessa skoðun, þar sem hann sagði, að ómögulegt væri fyrir stiptamtmanninn að byggja á öðru en *getgátu* einni, því helmíngurinn af skýrslunum komi aldrei; en þá fræðist eg á því, sem eg ekki vissi áður, nfl. því að alþíngistollinum sè jafnað niður eptir *ágiskun*. Eg hafði ímyndað mèr, að stiptamtmaðurinn mundi fara eptir afgjaldsskýrslum frá fyrra ári, og því þá ekki eins eptir því, hvað mikið borgað hefði verið í ríkissjóðinn, eða eptir leiðbeiníngum stjórnarinnar? Og þá er ekkert á móti því, að biðja stiptamtmanninn um, að fá sèr grundvöll til, að byggja á gjörðir sínar, svo þær verði fulltryggjandi, og veki traust og virðíngu landsmanna. Eg get ekki heldur sèð að það lýsi neinu vantrausti til stiptamtmannsins, þó menn vili gjöra honum lèttara fyrir; og eg er ekki fallinn frá viðaukaatkvæði mínu, hvorsu miklir gallar sem á því kunna þykja.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það er óþarfi fyrir hinn háttvirta konúngkjörna varaþíngmann, að margtaka það upp, eður stökkva stórt, þó svo væri, að upp á því hefði verið stúngið, að

setja 2 menn stiptamtmönnunum til höfuðs og aðgæzlu við reikninga alþingiskostnaðarins, og niðurjöfnun hans; því eptir því, sem reikningarnir gjörðust í vor, þá hefði það ekki verið orsakalaust, þó svo hefði verið gjört; en þetta mál hefir nú lagast allt betur, en þessu þurfi að beita, því stiptamtmaðurinn hefir tekið svo góðmannlega í það, og það þekkja líka allir þennan stiptamtmann, sem nú er, að því, að honum er sjálfum annt um, að gjöra hverjum manni sem réttast; en þessir alþingisreikningar munu vera frá fyrri tíma svo aðgæzluverðir, að þeir munu ekki vera fullskoðaðir enn, eins og hinn háttvirti *framsögumaðnr* líka kannaðist við og tjáði, að nefndin hefði ekki haft tíma eða öll tæki á, að rannsaka allt til hlýtar; þess vegna sýnist mèr það ágætt og ómissandi, bæði vegna stiptamtmanns og landsmanna, að 2 fróðir og áreiðanlegir menn gjöri upp alla reikningana með stiptamtmanni, og afmái alla þessa truflun, sem á er komin; mundu þá bæði landsmenn og stiptamtmaður miklu ánægðari hvor við annan á eptir, því hreinir reikningar gjöra beztan vinskap; enn úr því einu sinni er búið að rètta við alla skekkjuna, þyki mèr ekki þurfa, að þessir 2 menn sè úr því árlega settir, og falli nú svo, að stiptamtmaður þýðist nú þetta, sem upp á hefir verið stúngið, að taka sèr til aðstoðar *forseta* og *varaforseta*, þá þykir mèr mega burt falla þetta síðara niðurlagsatriði nefndarinnar, að þingið kjósi 2 menn til að yfirfara alla alþingisreikningana.

Framsögumaður: Eg verð að segja við hinn heiðraða þingmann Dalasýslu, að við erum samdóma í því, að stiptamtmaðurinn á að byggja á skýrslum frá endurskoðunarstofunni, eður sem hann kallar svo frá stjórninni, og að hann gjörir það. En okkur skilur á, þegar lengra kemur, og það er, þegar þingmaðurinn vill, að stiptamtmaðurinn byggi á skyrslum frá stjórninni, sem ómögulegt er að fá, þegar á þeim skal byggja. Þingmaðurinn fyrir Snæfellsnessýslu tók fram áðan, hversu lengi skýrslurnar frá hreppstjórunum og sýslumönnunum væri á leiðinni til stiptamtmanns; og eg tók fram, hvað fljótt þær gæti í fyrsta lagi komið frá endurskoðunarstofunni í Kaupmannahöfn; og þó menn hefði pósta, sem væri hraðari að ferðast, en búast verður við af hinum háttvirta *forseta*, þá gæti þeir ekki komizt fyr en eptir ár, því þessi skýrslupóstur yrði að vaða sjóinn til Danmerkur og svo út hingað aptur, kann ske líkt og kölski, þegar hann var að ferja Sæmund fróða.

Þingmaður Mýramanna sagðist vilja aðhyllast aðra uppástúngu

nefndarinnar, ef hún væri í því augnamiði, sem hann vildi; eg held hann sjái augnamið hennar af henni sjálfri, og ef hans augnamið er hið sama, þá er það gott; en ef ekki, ja, þá verður það svo að vera; augnamiðin verða þá að farast á mis. Eg get ekki gefið uppástúngumanni annan tilgang en þann, sem hann hefir, sem er sá, að þessir 2 menn rannsaki alla alþíngisreikníngana fram að fardögum 1861, og þannig upplýsi allt málið; en ekki sá, að biðja stiptamtmanninn að taka sèr menn til höfuðs. Þíngmenn hafa nú orðað þetta mjög mjúklega, og vilja biðja stiptamtmanninn að lètta á sèr; en það væri þó enn mjúklegra, að spyrja hann, hvort hann vildi ekki hafa 1 eða 2 ágæta reikníngsmenn hjá þínginu, til að hjálpa sèr; eg hefi ekkert á móti þessu. Eg vil ekki svara ræðu *forseta,* er hann hèlt af þíngmannabekknum, því eg veit ekki nema eg kynni að reka hann úr *forseta*-sætinu aptur, en það vil eg ekki gjöra. En eg held að það, sem hann hafði á móti mèr, hafi verið sprottið af misskilníngi. Eg sagði, að stiptamtmaður ætti að gjöra áætlun, svo tekjur og útgjöld sjóðsins stæði heima, og sjá um að sjóðurinn, sem ætti að borga, fengi tekjur sínar, svo honum væri sèð farborða. Eg veit ekki, hvort *forseti* man eptir máli, þar sem dómsmálasjóðurinn var nefndur; þar var ekki haft tillit til þess, sem koma ætti inn, það var fellt burt, heldur var einúngis haft tillit til þess, sem kom inn, þ. e. þíngmenn byggðu á hinum sönnu tekjum sjóðsins. Mín meiníng er nú sú, að stiptamtmaðurinn eigi að hafa stöðugt tillit til þess, að ætíð væri skuldlaust og hreinir reikníngar fyrir hvert þíng, svo ekki safnaðist fyrir, og eg tek það enn upp, að það hefir verið meiníng löggjafans, að allt yrði borgað fyrir næsta þíng, annars mundi engi tími verða til tekinn, þá búið skal að borga. Eg vil spyrja hina heiðruðu þíngmenn, hvort þeir ekki vili taka aptur breytíngaruppástúngur sínar og viðauka, og þá væri eg til með, að taka aptur uppástúngu mína, eða hvort þeir ætla að halda þeim til ályktarumræðu? Ætli annars að eigi mætti ganga til atkvæða um uppástúngurnar nú þegar, þótt menn vili halda þeim? en ef málið á að ganga til ályktarumræðu, þá vil eg og halda fram uppástúngu minni, er eg áðan gjörði.

Forseti: Fyrst þíngmeun hafa ráðgjört breytíngaratkvæði, álít eg sè betra, að málið gangi til ályktarumræðu, nema ef uppástúngumenn beinlínis óska þess, þá sè eg ekkert móti því, að málið verði útkljáð á þessum fundi, því þetta mál er innanþíngsmál, og

engar uppástúngur nè breytíngaratkvæði stefna að því, að rita álitsskjal eða bænarskrá til konúngs.

Af því að *framsögumaður* tók til dæmis dómsmálasjóðinn í sambandi við það, sem eg sagði áðan af þíngmannabekkjunum, þá verð eg að vekja athygli hans að því, að þau 3 árin, sem við málaflutníngsmennirnir áttum að fá laun vor úr honum, höfðum við fulla heimtíngu á þeim, hvort sem nokkuð var til í honum eða ekki.

Konúngsfulltrúi (Jón Pètursson): Eg ætla að geta þess, sem eg gleymdi áðan, að kapítúlstaxtinn er stundum ekki kominn til stiptamtmanns, þegar jafna skal alþíngistollinum, en kapítúlstaxtinn gjörir stundum mikla breytíng á verðlagi landauranna, og þá breytíng getur hann ekki vitað fyrir, áður en kapítúlstaxtarnir koma inn.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr fmnst hafa verið talað svo ljóst um það, á hverju stiptamtmaðurinn styði niðurjöfnun alþíngistollsins, og að öllum megi vera ljóst, að það er ekki auðið fyrir hann að jafna honum niður, svo að engi verði munurinn á því, sem alþíngistollurinn er í raun rèttri, og því, sem niður er jafnað. Hann verður að jafna niður eptir nokkuð öðrum gjaldstofni, en tekjurnar eru krafðar inn. Og þó nokkrum dölum væri um of í eitt skipti, þá getur það leiðrètzt með því, að jafna minna niður næsta skipti, og þá yrði það ekki annað en það, að það yrði dálítið fyrir fram borgað til næsta árs. Þar sem þíngmenn segja, að 2. niðurlagsatriði nefndarinnar muni til lítils verða, þá er eg reyndar ekki allskostar á sama máli; en ef þíngmenn vilja, þá skal eg gjöra þeim það til geðs, að sitja fyrir því. En það er tilgangurinn að þessir menn safni reikníngunum saman, svo landsmenn geti sèð þá í heild sinni, en ekki af því, að nefndin áliti ekki reikninga sína fullkomlega rètta; en það vantar í þá, eða með öðrum orðum: þeir eru eigi svo nákvæmlega skýrðir, sem landsmenn mundu æskja, og það ætti þessir 2 menn að fylla út. En þar sem verið er að tala um *forseta* og *varaforseta*, þá vil eg spyrja: hvað eiga þeir að gjöra? Ekki annað en sjá um, að stiptamtmaður jafni rètt niður eptir þeim skýrslum, sem hann getur farið eptir, og þetta sýnist mèr lýsa vantrausti, því eg get ekki sèð, að *forseti* nè *varaforseti* hafi nokkrar aðrar skýrslur, en stiptamtmaður. Þessi nefnd ætti þá að reikna út, hvort stiptamtmaðurinu hefði rètt reiknað út, hversu mikið ætti að gjalda af hverjum ríkisdal jarðaafgjaldanna. Ef þetta er ekki vantraust á stiptamtmanninum, þá veit eg ekki, hvað van-

traust er. Eg held ekki, að þessir háttvirtu herrar geti gefið stiptamtmanni neinar upplýsingar.

Framsögumaður: Þar sem hinn háttvirti *forseti* fór nokkrum orðum um rètt málaflutníngsmannanna, þá skal eg leyfa mèr að segja, að embættismannarèttur er annað en það, sem er fjárhagslega rètt.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, sem nú er, vildi tjá, að það gæti gjört skekkju í reikníngunum, að stiptamtmaður þyrfti að breyta afgjaldaskránum, sem þó væri allar meir en ársgamlar, eptir þeim kapitúlstaxta, sem þá væri gildandi, þegar hann jafnaði alþíngistollinum niður á landið; þessu verð eg harðlega að mótmæla; hreppstjórarnir leggja undir eins jarðarafgjalds aurana í ríkisdali og skildínga, eptir þeim kapitúlstaxta, sem þá gildir, og þegar þær ríkisdala og skildínga summur eru rèttar, þarf hvorki sýslumaður nè stiptamtmaður að breyta þeim framar; stiptamtmaður ákveður einúngis víst skildíngatal á hvern ríkisdal, og sá alþíngistollur á að greiðast í peníngum, en ekki öðrum aurum, svo enga verðlagsskrá þarf þar við að hafa, og þó stiptamtmaður hafi fyrir sèr fyrra árs afgjaldaskrár, kemur öldúngis fyrir það sama, þegar það lag er á komið; það gengur því yfir mig, að þessi konúngkjörni maður, sem nú situr í konúngsfulltrúastólnum, skuli fram færa fyrir þínginu aðra eins kenníngu og þetta.

Konúngsfulltrúi (Jón Pátursson): Það var rètt, sem eg sagði, og þíngmaðurinn hefði átt að taka betur eptir.

Forseti: Af því 10 þíngmenn hafa óskað, að umræðunum skyldi hætta, vil eg biðja þíngmenn, er kynni að vilja bera upp breytíngar- og viðaukaatkvæði að gjöra það nú þegar.

Jón Hjaltalín: Eg áskil mèr það breytíngaratkvæði, að alþíngi lýsi því yfir, að skýrslur þær, er stiptamtmaður hefir gefið, sè fullnægjandi fyrir það.

Ásgeir Einarsson: Eg vil stínga upp á þeim viðauka, að þíngmaður Borgfirðínga yrði valinn, til að gegnum ganga reikníngana, ef hann yrði hèr eptir á þíngi, og þá einhver annar með honum, og fengi þeir þóknun, eins og heimilað er við þíngstörf á þíngi.

Eg vildi að eins spyrja að því, hvort stiptamtmaður ætti ætíð að jafna niður, og gjaldendur allt af borga, þó ekkert kæmi inn, og engi skýrsla fengist, en jafna allt af niður, eptir því sem þyrfti?

þetta gat eg ekki skilið; en ef svo er, þá á stiptamtmaðurinn að gjöra meira, en jafna niður.

Þar sem menn segja, að uppástúnga þingmanns Dalasýslu sè ókurteys, þá vil eg spyrja, hvort hún sè svaðalegri, en það, sem farið var fram á í kláðamálinu, að stiptamtmaðurinn skyldi sjá um, að hver kind, sem ekki yrði læknuð á 6 vikna tíma, skyldi tafarlaust vera skorin? Er þetta kurteysara, en að biðja stiptamtmanninn, að taka sèr 2 menn til aðstoðar í svona mikilfengu máli?

Eg kenni ekki þeim stiptamtmanni, sem nú er, um það, hvernig reikningarnir eru; honum var fengið það, sem áður var, og svona var það lagt í hendurnar á honum; en hvort hann mundi færari um að kljúfa sig fram úr reikningunum, en nefndin, veit eg ekki; eða hvort hann mundi á sinn kostnað eiga svo hægt með, að senda austur í Múlasýslu eptir reikningum frá 1858. En engi getur kennt þeim stiptamtmanni, sem nú er, þó skýrslurnar ekki sè komnar enn.

Björn Þórðarson: Eg vil áskilja mèr viðaukaatkvæði við 1. gr., á þá leið, að það sè tekið fram um allan kostnað frá fyrri þingum, sem kynni að hafa verið of jafnað niður á landið.

Forseti: Þar sem nú ekki fleiri vilja áskilja sèr viðauka- eða breytingaratkvæði, þá vil eg bera undir atkvæði þingsins, hvort umræðunum skuli lokið.

Var síðan gengið til atkvæða, og með atkvæðafjölda samþykkt, að hætta umræðunum; kvað þá *forseti* þessari undirbúningsumræðu þannig lokið.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til *ályktarumræðu* og *atkvæðagreiðslu* málið um *stofnun lagaskóla í Reykjavík. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga.

Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona að allir þingmenn hafi fyrir sèr.

Atkæðaskrá

í alþingismálinu: þegnleg uppástúnga *um stofnun lagaskóla í Reykjavík.*

1. *Gísli Brynjúlfsson,* uppástúnga: að 1. niðurlagsuppástúnga nefndarinnar verði 5. gr. (í bænarskrá til konúngs).
2. *Arnljótur Ólafsson,* uppástúnga: að 1. niðurlagsatriði nefndarinnar verði 4. gr. (í bænaskrá til konúngs).
3. *Gísli Brynjúlfsson,* breytíngaratkvæði við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (ef 1. tölul. verður samþykktur).

Að 15. gr. í tilsk. 26. jan. 1821 verði, *þegar þetta er komið í kríng* (eða *fengið*), úr lögum numin o. s. frv.

4. *Arnljótur Ólafsson*, breytíngaratkvæði við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (ef. tölul. 2 yrði samþykktur).

Að þegar lagaskóli þessi er kominn á, sè 15. gr. í tilsk. 1821 úr lögum numin o. s. frv.

5. *Nefndin*, 1. niðurlagsatriði:

Að 15. grein í tilskipun 26. janúar 1821 verði úr lögum numin, að svo miklu leyti hún ákveður, að hinir dönsku júristar, sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumanna-embættin eigi verði veitt neinum, sem hèr eptir les að eins dönsk lög.

6. *Indriði Gíslason*, breytingaratkvæði við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 8).

Að í staðinn fyrir »í Reykjavík«, á eptir orðið »kennsluskóli« verði sett: *hèr á landi.*

7. *Páll Melsteð*, breytíngaratkvæði við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 8).

Að eptir orðin »lærðan skóla«, í tölul. 2, bætist þessi orð: *eða eru útskrifaðir úr heimaskóla.*

8. *Nefndin*, 2. niðurlagsatriði:

Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngaefnum, er áður hafa tekið burtfararpróf við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þenna; og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði, rómverskum rètti og íslenzkum lögum og rètti.

9. *Sama*, 3. niðurlagsatriði:

Að lögfræðíngar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðínga-embætta á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti.

10. *Sama*, 4. niðurlagsatriði:

Að kostnaðurinn til skóla þessa mætti að minnsta kosti fyrst um sinn, uns alþíngi fær skattálögurètt, verða greiddur úr ríkissjóðnum.

11. *Páll Melsteð* og *Benedikt Þórðarson*, breytíngaratkvæði við 5. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 13):

Að öllum þeim mönnum, sem annaðhvort hafa aflokið lög-

ákveðnum skólalærdómi, eða með sèrstöku prófi sannað, að þeir hafi fengið almenna undirstöðumenntun, sem nauðsynleg er talin fyrir hvern embættismann, gefist kostur á að nema lagafræði, einkum íslenzka, hjá landsyfirrèttardómendunum í Reykjavík, og að aflokinni kennslu ganga undir opinbert próf hjá þeim, en að því búnu öðlast jafnan rètt til embætta hèr á landi, sem hinir svo nefndu »dönsku júristar« hafa eptir gildandi lögum.

12. *Gísli Brynjúlfsson,* breytíngaratkvæði við 5. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 13):

Að í staðinn fyrir »*mönnum*«, verði sett; „*skólagengnum mönnum*“.

13. *Nefndin,* 5. niðurlagsatriði (»til vara«):

(Til vara): Að mönnum gæfist kostur á, að ganga undir opinbert próf í íslenskum lögum hjá landsyfirrèttardómendunum í Reykjavík; sè próf þetta lagað líkt því, sem danskir júristar ganga undir við háskólann í Kaupmannahöfn; skulu þeir áður sanna með prófi, er þeir ganga undir, að þeir hafi fengið þá almennu menntun, sem nauðsynleg er talin fyrir hvern embættismann, og skulu þeir hafa sama rètt til embætta hèr á landi, og danskir júristar hafa eptir gildandi lögum.

14. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Var síðan málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Reyndar eru hèr nokkur breytíngaratkvæði, en eg ætla ekki að fara að berjast við þau, en að eins geta um, hver þeirra eg get fallizt á, og hver ekki. Eg get ekki fallizt á breytíngaratkvæðin undir tölulið 1. og 3., því eg get ekki fallizt á það, sem þau vilja, nl. að flytja aptur fyrir það, sem nefndin hefir haft sem 1. uppástúnguatriði; en tölul. 2. og 4. get eg fellt mig við. 5. uppástúnga nefndarinnar er varauppástúnga, og því á ekki við, að setja hana á undan aðaluppástúngunni. Um 6. tölulið stendur mèr á sama, og er eg fús á, að gefa því atkvæði mitt, ef það hljómar betur í eyrum stjórnarinnar. Að eg fallist á 7. tölulið er sjálfsagt, en hann er reyndar óþarfur, því hann er ekki annað en orðabreytíng. Þá kemar töluliður 11. Hann er hin eina verulega breytíng við nefndaruppástúngurnar, og get eg ekki fallizt á hann. Eins og eg að einu leytinu er

sannfærður um, að landsyfirrèttardómendurnir muni veita mönnum, er þess beiðast, alla þá tilsögn, er þeir geta, eins álít eg að hinu leytinu ekki rètt, að skuldbinda þá til þess; eg vil að menn verði sjálfir að sjá sèr fyrir kennslu hjá landsyfirrèttardómendunum, ef þeir geta, en annarstaðar, ef þeir geta. Svo kemur breytíngaratkvæði þíngmanns Skagafjarðarsýslu; en eg sè enga ástæðu til, að heimta meira af þessum mönnum hèr, en að tiltölu er heimtað af hinum svo nefndu dönsku júristum í Danmörku, úr því rèttindi þeirra eiga að vera jöfn.

Páll Melsteð: Eg verð að minnast með nokkrum orðum á þetta mál, því mèr er nokkuð kunnugt, hvernig gengur til ytra með hina *dönsku júrista,* bæði Dani og Íslendínga, og þegar mál þetta var hèr á þíngi árið 1859, þá talaði eg um það. Það er eins og eg sagði þá, að *dönskum júristum* er alls ekki kennt neitt við háskólann í Kaupmannahöfn, heldur lesa þeir lögin út í bænum, eður jafnvel fyrir utan bæinn; ef nú þessir úngu menn geta lært lögin hjá einstökum mönnum, án þess nokkurn tíma að koma á háskólann og heyra fyrirlestra, áður en þeir ganga undir próf, þá held eg, að Íslendíngar gæti lært lögin hjá reyndum embættismönnum hèr á landi. Eg ætla t. a. m. ekki að gjöra svo lítið úr yfirrèttardómendum þessa lands, að þeir geti ekki sagt til í lögum allt eins vel og betur en kornúngir kandídatar í Kaupmannahöfn, og þegar nú þar við bætist, að hèr er að ræða um íslenzk lög og lagakennslu, sem yfirdómendur þessa lands hljóta að þekkja miklu betur, en danskir lagamenn, þó vel kunni að vita sín lög, þá vona eg, að mismunurinn liggi hverjum manni í augum uppi, og hægt að skilja, hvort hollara sè voru landi. Það hefir nú á síðustu árum, eins og kunnugt er, ýmislegt verið fundið að lagakennslunni við háskólann í Kaupmannahöfn, og einn embættismaður í hæstarètti ritaði í vetur, sem leið, merkilega grein um þetta mál, og sagði meðal annars, að háskólakennendurnir bryti lög á mönnum, með því að lesa margfalt fleiri missiri og ár yfir ýmsa kafla, ýmsar kennslugreinir í lagafræðinni, en lögin leyfði. Hver sem þekkir lögin um þetta efni, bæði tilsk. 26. jan. 1821, og tilsk. 30. des. 1839, um lagakennsluna við háskólann, hlýtur að játa, að þetta sè satt. Þar segir svo, að lagakennslunni skuli vera lokið á 2 árum fyrir latínska júrista, og ekki *megi* háskólakennendur halda fyrirlestra lengur í neinni einstakri grein lagafræðinnar, en 1 eða

2 missiri; en þessu fylgja þeir ekki; þeir lesa yfir sömu greinina svo árum skiptir; hversu mega nú fátækir íslenzkir stúdentar endast að efnum til, ef þeir eiga að hanga yfir slíku mörg ár? Auk þess, sem nú lagakennslan er svona af háskólans hálfu, einkum fyrir þá menn hèðan frá landi, er lesa dönsk lög *(danska júrista)*, þá er það og tilfinnanlegt fyrir þá, að ekki er haft neitt tillit til íslenzkra laga. Eg tala þetta af sjálfs mín reynslu. Ekki var eg spurður einni spurníngu þegar eg gekk undir embættispróf, sem sèrstaklega snerti Ísland, eða íslenzk lög. Eg er því fastlega meðmæltur þessu máli, mèr er annt um menntun þessa lands; hún þarf að dragast inn í landið sjálft, verða innlend, spretta upp af innlendri rót, þá fyrst verður hún oss að gagni; ekki að tala um, hvað hún verður hægri og kostnaðarminni, þá fara fleiri að læra; en nú missist margt gott mannsefni frá náminu, af því allt er svo erfitt og óeðlilegt. Eg hefi og það traust til stjórnarinnar, að hún muni vilja gagn vort og framfarir, að hún muni sýna oss alla sanngirni og tilátsemi, og veita oss þessa bæn, sem hefir svo gild og góð rök við að styðjast. Um breytíngaratkvæði mitt skal eg ekkert tala; en fela það á vald þíngsins, hvað það vill við það gjöra.

Jón Hjaltalín: Eg þreytti engan um daginn í þessu máli, því eg komst ekki að fyrir draugaganginum í seðlunum, sem bæði hafa hamlað mèr og öðrum frá, að segja meiníngu sína. En það er bezt eg noti nú gæsina, meðan hún gefst, og tali nú hèr um fáein orð.

Það hefir ætið verið álit mitt, að landið aldrei geti komizt á græna grein, fyr en menn fá næga kennslu í landinu í þeim hlutum, sem landinu eru áríðandi, eins í stjórn sem öðru; þetta hefir ætið verið sannfæríng mín, þrátt fyrir allar þær mótspyrnur, sem eg hefi mætt í þessum sal, bæði í þessu máli 1859 og eins í læknamálinu. Það vill nú svo til, að eg hefi verið að horfa í dag í bók, eptir einhvern hinn mesta stjórnvitríng í heimi, það var *Washington*. Maður getur lært mikið af hinni hinnstu kveðju hans til þíngsins í Bandafylkjunum; því þar má lesa þessi orð: »Stundið um fram allt að koma á stofn hinum æðri menntunarstofnunum hjá ykkur, því þær eru undirrótin undir allri góðri stjórn, því þar myndast þeir, sem stjórna eiga«. Þessi orð eru merk, og töluð af merkum manni, og það hefir ásannazt þar

sem þau voru töluð, því engi þjóð í *heimi* er lengra á veg komin í vísindum á vorum dögum en Bandafylkjamenn.

Eg skal nú ekki fara út í þetta lengra, heldur snúa mèr að efninu, eins og það liggur hèr fyrir, og þá held eg, að reynslan sè nógsamlega búin að sanna, að skortur er á sýslumannaefnum, og brýn nauðsyn sè til, að fá menntastofnanir, hvar menn geti menntast í lögfræði. Það var sagt við undirbúningsumræðuna, að mörg lögfræðínga embætti væri laus, og það þyrfti að taka bændur í þau, og eg veit til þess, að í Suðuramtinu hefir nú í 2 ár bóndi gegnt sýslumannsembætti, og einn er í Vesturamtinu, og vèr höfum ekki neina vissu fyrir, að þessir menn hafi aflað sèr nokkurrar lagaþekkíngar. Það er undarlegt að hugsa, að menn, sem aldrei hafa lært þá hluti, er þeir eiga um hönd að hafa, geti betur leyzt þá af hendi, en þeir, sem hafa aflað sèr þekkíngar á þessum hlutum. Reynslan hefir sýnt, að ekki þarf svo mikið til, að geta verið sýslumaður hèr; það sást bezt á 16. 17. og 18. öld. Hvaða lagalærdóm höfðu sýslumennirnir þá, og þeir voru þó allt eins duglegir og þeir eru núna. Eg veit ekki, hvar lögmaður *Þorvarður Erlendsson í Selvogi* hafði lært, og hann lèt þó ganga undan sèr með mesta dugnaði, og gaf jafnvel lög. Svona voru margir, en nú er sagt, að bæði sè sýslumannaembættin laus, og sýslumennirnir ónýtir. Um sama leyti sjá menn, að menn, sem koma hingað upp, og ekki hafa getað tekið embættispróf við háskólann, hvort sem það er þeim eða háskólanum að kenua, það skal eg ekki dæma um, hafa verið settir hèr í sýslumannaembætti, og verið einhverir hinir beztu sýslumenn. Eg gæti nefnt mennina, en eg þarf þess ekki, því menn vita víst, hverja eg meina. Það er sorglegt, þegar slíkum mönnum er meinað að komast í þau embætti, sem þeir eru vel vaxnir, þó þeir ekki hafi náð prófi. Eg er of kunnugur bæði við Kaupmannahafnarháskóla og aðra háskóla, til þess að geta samsinnt því, sem konúngsfulltrúinn sagði, því eg er víst sá eini, sem hefi tekið próf við 2 háskóla, af þeim, sem hèr eru inni. Það hefir verið sagt, að háskólalærdómurinn fyrir danska júrista væri ekki svo mikill, þeir lærði allt hjá »*manuducteurum*« en sæi kann ske aldrei prófesssorana, fyr en þeir kæmi að græna borðinu, og þaðan kæmi þeir hingað í embættin. *Konúngsfulltrúi* sagði, að þeir þyrfti ekki með þessara *manuducteura;* eg verð að mótmæla honum í því, því þegar eg var við háskólann, var það almenn trú, að þeirra þyrfti með í öllum þeim vísindagreinum, sem maður

vildi verða vel að sèr í, og þegar eg var í Danmörku, þá voru allir, sem höfðu þessa handleiðslumenn. Þannig verður kostnaðurinn við háskólann langtum meiri, en menn skyldi halda, að hann væri fyrir þá, er vilja verða vel að sèr. Það væri oflangt, að telja upp allar ástæðurnar, en eg skal einúngis geta um tvær, hvers vegna háskólinn er frábrugðinn sumum öðrum háskólum. *Prófessorarnir* við háskólann eru mikið lærðir menn, það er satt, og fara djúpt inn í efnið, en þeir heimta líka hið sama af lærisveinum sínum, og þeir heimta stundum sín eigin orð. Þannig er það þar á móti ekki í þýzkalandi; þar heimta menn kjarnann úr vísindunum, en ekki sín orð, og ekki eins og kennt er við þann eða þann háskóla, heldur eins og reyndir embættismenn álíta að þurfi til þess að sjá, hvort sá, sem yfirheyrast á, sè inn í höfuðvísindunum. Þýsku *prófessorarnir* heimta almennt yfirlit, en hinir dönsku prófessorar heimta meira sèrstakt yfirlit í hverri einstakri vísindagrein og hverju einstöku atriði. Þessu getur hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki neitað, því eg hefi heyrt þetta, sèð það, og sjálfur reynt. Próf in við háskólann í Danmörku fara opt inn í sèrstakar greinir mjög nákvæmlega, en við þýzku háskólana eru próf in vaualega umfangsmeiri, og leggja meira undir; en þar er eigi farið mjög smásmuglega í neina grein, af því sem fyrir liggur. Þannig getur það komið fyrir, að menn sè yfir höfuð vel að sèr, en verði þó apturreka í þýzkalandi, af því þeir ekki hafa nægilegt yfirlit, en í Danmörku getur sá maður, sem minna yfirlit hefir, verið svo heppinn við græna borðið, að hann fái bezta vitnisburð, af því hann kann vel þá einstöku grein, er á hann hefir komið, þar sem hann mundi, ef til vill, hafa fengið allt lakari vitnisburð við háskóla í þýzkalandi.

Konúngsfulltrúi sagði, að kennslan hèr mundi ekki geta haft *praktiska* þýðínga, og spurði, hverja ætti að fá í skólann. Eg skil nú ekki að lögfræðíngar þeir, sem eru í yfirrèttinum, sem eru má ske ferfallt betur að sèr í íslenzkum lögum, en *manuducteurarnir* í Kaupmannahöfn, geti ekki kennt betur en þeir þeim mönnum, sem eiga að vera embættismenn hèr á landi, þar sem eru mörg sèrstök lög og önnur landsvenja, og ef ekkert tillit á að hafa til þess, hvernig þeir eru að sèr í landsins lögum, þá þykir mèr það býsna undarlegt. Eg þori jafn vel að fullyrða, að sumir *manuducteurarnir* ekki fengi góðan vitnisburð, ef þeir ætti að að taka próf í íslenzkum lögum og rètti hjá landsyfirrèttardómurunum hèrna. Þessu getur *konúngsfulltrúi* ekki vel neitað, og því held eg þetta, sem hèr er

beðið um alveg »*praktiskt*“. Allt öðru máli er að gegna með fyrirkomulagið á þessari kennslu. Það kom fram í ræðu þingmanns Borgfirðinga, að orðið *skóli* væri bið versta uppsölumeðal fyrir suma menn í Danmörku, og það svo, að ekki mætti brúka það um guðfræðismenntastofnan hèrna, heldur ætti hún í staðinn fyrir »prestaskóla« að heita: »*Dannelses-Anstalt for vordende Theologer*«; og sama væri að segja um læknas*kólann;* þetta orð »*skóli*«, sagði hann, hljómar ekki vel í eyrum Dana, og það er því miður opt, að vel menntuðum mönnum hættir við, að hanga í orðum, án þess að gæta að meiningunni.

Eg get ómögulega mælt móti slíkum skóla, eður ef stjórnin ekki vill orðið skóla, þá móti þessari menntastofnun; mèr er sama, hvernig kennslan kemst á; en velferð landsins og landsmanna heimtar, að hún komist á, og eg er ekki vanur að ganga móti sannfæringu minni. Eg gef því atkvæði fyrir flestu, sem hèr er á atkvæðaskránni, því það fer allt í sömu áttina.

Það mun nú mega segja, að það vanti fè, helzt ef stjórnin ekki vill leggja neitt til, til bráðabyrgða; en má ske þá þetta kunni að flýta fyrir stjórninni, að gefa út skattalögin? það er ekki svo langt síðan hún fèkk góða *lektsíu* um það, að hverju sem það verður á endanum. Eg er ekki fjarri því, að standa upp fyrir 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, þó mèr þætti illt, ef orðið *skóli* skyldi spilla fyrir málinu, og vildi eg því heldur að stæði *menntastofnun*; en það er nú orðið of seint að breyta því.

Á 1. uppástúngu nefndarinnar get eg ekki fallizt, því þegar búið er að sanna, að okkur vanti sýslumenn, þá þykir mèr skrítið, að útiloka þá menn, sem geta orðið til gagns, »því *betra er að veifa röngu trè en engu*«. Mèr sýnist það og koma í mótsögn við það, sem sagt er í nefndarálitinu; það væri öðru máli að gegna, ef innlend kennsla væri komin á. En ef svo skyldi fara, að mótbárurnar sigraði, þá ætla eg mèr að halda mèr að varauppástúngunni, og eg skal ekki neita því, að mèr geðjast vel að breytíngaratkvæðinu undir tölulið 11; það er í því ljóslega tekið fram, hvað tiltækilegast væri, ef stjórnin neitaði núna enn. Það liggur beint við, þegar við höfum lögfræðínga, sem að eins vantar próf, þá sýnist mèr þetta breytíngaratkvæði gefa þeim vissu fyrir, að þeir ekki hafi unnið fyrir gýg, heldur gæfist kostur á, að undirkasta sig prófinu hjá þeim mönnum, sem settir eru yfir alla sýslumenn landsins, og eg held, að stjórnin verði að álíta það próf

gilt, annars væri sem hún gæfi sjálfri sèr »*Mistillidsvotum*«. Eg stend því sjálfsagt upp fyrir breytíngaratkvæðinu undir tölulið 11. Eg vona, að nefndin ekki taki mèr það illa upp, því eg játa fúslega, að formaður nefndarinnar er einhver hinn bezti júristi landsins. Mèr er sáma hvaðan gott kemur, ef eg að eins fæ það.

Framsögumaður: Það er allt of mikill heiður fyrir mig, að eg sè kallaður bezti lögfræðíngur í landinu.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að svara ræðu hins heiðraða 5. konúngkjörna þíngmanns með fám orðum. Fyrri hlutinn í ræðu hans virtist mèr einkum lúta að því, að það væri hreinn óþarfi að ganga undir embættispróf, til þess að geta tekið embætti; þetta hafa nú fleiri sagt; en það er þó á hinn bóginn auðsætt, að stjórnin þarf að hafa einhverja tryggíngu fyrir því, að embættismenn hennar hafi þá nauðsynlegu þekkíngu, sem staða þeirra útheimtir, og þessa tryggíngu gefur það fyrirskipaða embættispróf. Hann talaði þar næst um, hvað kennslan við háskólann í Þýzkalandi væri miklu betri og fullkomnari, en við Kaupmannahafnarháskóla, hvar henni væri mjög ábótavant, og í þessu var hinn heiðraði fulltrúi Snæfellsnessýslu honum samdóma; um hið fyrra atriðið get eg ekki dæmt, en að því er hinu síðara viðvíkur, verð eg að ætla það of mælt, að Kaupmannahafnarháskóli ekki fullnægi öllum sanngjörnum kröfum; það kann vel að vera, að Íslendíngar, sem ætla að verða danskir júristar, eins og það er kallað, ekki noti fyrirlestra *prófessoranna*, en það er þeim þó sjálfum að kenna; en að þeir geti haft fullt gagn af fyrirlestrum *prófessoranna*, ef þeir vildi heyra þá, það dirfist eg að fullyrða; það er hægra að láta *manuducera* sig, og það er skemmri vegur, ef til vill, til þess að geta náð embættisprófi; og það er einmitt þessi ástæða, sem ræður hjá dönsku lögfræðíngunum, en ekki sú, að fyrirlestrar prófessoranna sè ekki fyrir þá eða þeim til uppíýsíngar.

Eg skal ekki mótmæla því, sem hinn heiðraði fulltrúi Snæfellsnessýslu sagði um það, að fyrirlestrar *prófessoranna* stæði opt lengur yfir, en lögboðið væri, en ef svo er, þá er það að eins um stundarsakir, og þar á verður eflaust ráðin bót. Menn hafa talað hèr mikið um þann mikla mismun, sem væri á milli hinna dönsku og íslenzku gildandi laga; eg leyfi mèr að segja, að það er hvergi nærri svo mikið djúp staðfest milli þeirra, eins og menn hèr fullyrða; eða eru ekki sakamálalögin, erfðalögin, *proceslögin* o. s. frv. hin sömu, eða mjög lík hver öðrum? Það er einúngis landbún-

aðarlögin og rekarètturinn, sem eru algjörlega sèrstakleg fyrir Ísland; en eg veit heldur ekki betur, en að íslenzkir lögfræðingar fái tilsögn við háskólann í íslenzkum lögum, að minnsta kosti er það í þeim prentuðu kennslubókum, t. a. m. í *Ussings* »*Kriminalret*« og í *Larsens* »*Proces*« tekið fram, sem er sèrstaklegt eða frábrugðið fyrir Ísland. Hinn heiðraði 5. konúngkjörni þingmaður talaði mikið um, hvað dönsku prófessorarnir væri strangir í því, að heimta við embættisprófið þeirra eigin orð og setníngar; það get eg ekki borið um nú, en ekki var það svo, þegar eg þekkti til þess, og fjarri fór það, að það útheimtist til þess, að fá góðan vitnisburð, ef hlutaðeigandi að öðru leyti vottaði í svörum sínum, að hann væri orðinn vel að sèr. En það játa eg, að *Examens-collegia* kynni að vera hagfelldari, því þá reyna aðrir hlutaðeiganda en þeir, sem hafa kennt honum. Að menn ekki, eins og hann sagði, geti lesið til examens án *manuducteurs* er ekki, að eg ætla, rètt hermt, og að vísu veit eg til þess, að margir hafa ekki gjört það, og það að vísu þeir, sem bezt voru að sèr; en hitt er líka víst satt, að flestir munu nú taka sèr þessa tilsögn. Eg hefi sagt, að lagaskóli, stofnaður hèr í landi, mundi fá litla *praktiska* þýðíngu; þetta held eg að eg geti rèttlætt; og hvar eru skólagengnir menn, er geti gengið í þennan skóla, eins og nú stendur? Það er satt, að þetta kann að breytast, en engi vissa er þó fyrir því, og það, sem mest er vert hèr, yrði fyrir þá íslenzku lögfræðínga fyrir litlu að gangast, því þeir eiga að hafa sama rètt til embætta, sem danskir júristar; en þeir geta að eins, eptir löggjöfinni, komizt að í viðlögum, þegar latínskir júristar ekki eru til.

Danskir júristar hafa gefizt hèr vel yfir höfuð að tala, og þeir hafa því gengið hèr, þegar þeir voru búnir að standa hèr vel í embættum, jafnhliða latínskum júristum; þetta er frá stjórnarinnar sjónarmiði rèttlátt, því hèr ber einúngis að líta á embættisdugnaðinn.

Viðvíkjandi uppástúngunni um það, að landsyfirrèttardómendurnir skuli kenna íslenzkum lögfræðingum og þeir, sem þannig hafa menntazt, skuli geta haft aðgang til embætta, þá skal eg geta þess, að þessi uppástúnga er ný; en eg er hræddur um hún verði líka þýðíngarlítil, þó henni yrði framkvæmt; eða hverir mundu vilja nota þá kennslu, með því fyrirheiti, sem þeir hafa á eptir, að ganga á borð með dönskum júristum, það er að geta komizt að

í viðlögum? en eg skal eigi að síður ekki hafa neitt á móti þessari uppástúngu.

Eg skal svo ekki að svo komnu fara fleiri orðum um málið; eg efast ekki um, að þingið, sem virðist að hafa svo mikinn áhuga á þessu máli, mæli kröptuglega fram með því, og að menn láti þann áhuga, sem þeir hafa á málinu, koma fram í verkinu, með því að leggja til það fé, sem þar til útheimtist; stjórnin mun naumast vilja leggja það til; landsmenn verða því sjálfir að taka stofnun þessa að öllu leyti að sèr, en hvort þeir muni vilja gjöra það að svo komnu, þori eg ekki neitt um að segja, en mèr liggur þó við að efast um það.

Benedikt Sveinsson: Þessu máli, sem að vísu er búið að tala allmikið um, er nú svo háttað í mínum augum, að eg á bágt með að vita, hvar eg á að byrja og hvar eg á að enda á því; til þess að stytta mèr leiðina, held eg að eg byri á því, að geta þess, að mèr finnst að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og *framsögumaður* hafi komið sèr saman um það, að annar þeirra skyldi færa ástæður móti, og hinn ástæður með þessu máli; og eg verð líka að segja, að ef þær væri lagðar á metaskálarnar, þá kynni ýmsum að finnast þær svo jafnar, að bágt væri að skera úr því, hverjar meira ætti að vega! á annari metaskálinni er ósk Íslendínga um, að fá innlendan lagaskóla, á hinni er »nei«, já beint og blátt »nei«, stjórnarinnar. Viðvíkjandi hinu fyrra, skal eg leyfa mèr að skýrskota til nefndarálitsins yfir höfuð að tala, en eg vildi líka, ef eg gæti, reyna til að leggja einhvern mola í þá skálina, svo hún fremur lækkaði en hækkaði. Viðvíkjandi hinu síðara, þá er það nú eina ástæðan, sem þetta sífellda *nei* stjórnarinnar er einlægt byggt á, (því þessar kringumstæður (Omstændigheder) í almennum orðum eru *engi* ástæða), að það sè apturför fyrir oss Íslendínga, að fá lagaskóla hèr á landi. Falli þessi ástæða eður verði hún hrakin, er »*nei*«-ið ástæðulaust bann stjórnarinnar. Þessa setníngu vil eg því reyna til að rannsaka nokkuð gjör; hún er nú sjálfsagt aptur byggð á ágæti háskólans í Kaupmannahöfn, og þeim misfellum eður ókostum, sem mundu verða á þessum tilvonandi lagaskóla hèr í landi. Þegar menn þá tala um ágæti háskólans í Höfn, þá mega menn eigi gleyma því, að það gæti verið tvenns konar: 1. ágæti háskólans í sjálfu sèr, og 2. ágæti hans fyrir oss Íslendínga. Þá er nú fyrst: Er háskólinn (eg meina *laga*-skólinn, eður háskólinn að því leyti hann kennir lög) svo ágætur í sjálfu sèr? Eg segi nei fyrir mína

sannfæringu; og eg hefi líka óræka viðurkenníng um galla hans jafnvel frá munni og penna þeirra manna, sem eg hefi sjálfur lært hjá á háskólanum fyrir skemmstu og enn lifa; það vita allir, að fátt er svo fullkomið, að ekki verði með gildum og góðum rökum að því fundið, og fáir háskólar munu og vera lýtalausir, og þá er háskólinn í Kaupmannahöfn það sannarlega heldur ekki. Eg vil nú í fám orðum virða lítið eitt fyrir mèr kennsluna við háskólann: Hún er þá tvenns konar, vísindaleg *(theoretisk)* og verkleg *(praktisk)*. Hinni vísindalegu kennslu við háskólann skipti eg aptur í tvennt: 1. er hin almenna vísindalega lagakennsla, það er að segja hin heimspekilega lagafræði og hinn rómverski rèttur, og í annan stað er kennslan í hinum danska rètti. Kennsla í hinum rómverska rètti í Kaupmannahöfn hefir hingað til ekki verið á marga fiska, og sèst það bezt á hinum eldri kennslubókum háskólans, bornum saman við það, sem kennt hefir verið í honum við aðra háskóla, t. a. m. á Þýzkalandi og á Frakklandi, enda gat hún engan veginn fullnægt einu sinni þörfum mínum, að mèr fannst, og svo mun vera um fleiri. Það verður líka eitthvað að vera, að hver *prófessorinn* á fætur öðrum skuli leggja á hylluna kennslubækur þær, sem fyrirmaður hans samdi; og svona er komið með bók þá, sem eg fyrst lærði eptir; en það sem varðar mestu, er þó það, að hún mun hafa verið nær því bein og blá útleggíng af handriti, sem höfundurinn fann á Ítalíu, og mátti því eigi heita vísindalegt verk háskólans danska í eiginlegum skilníngi. Hina heimspekilegu lögvísi kennir nú að vísu einhver hinn ágætasti lögfræðíngur í Danmörku að mínu áliti, sem eg allt af minnist með virðíngu; það er prófessor *Bornemann;* en það er ógæfan, að þessi kennsla er heldur ekki dönsk, því háskólinn byggir mjög svo í þessu á bókum frá Þýzkalandi; eg held því, að það stig, sem háskólinn stendur á í þessum greinum, sè ekki svo háleitt, að ekkert eða fátt geti við það jafnazt. Þá er nú hinn 2. flokkur hinnar vísindalegu lagakennslu, kennslan í dönskum lögum og rètti; hún er nú í mörgu góð, og um hana hafa og fjallað hinir mestu lögfræðíngar Dana á seinni tímum, svo sem Örsteð og Larsen sálugi; þessi kennsla getur maður sagt, að sè mestmegnis háskólans verk, og að hún sè ekki byggð á útlendum kennslubókum, nema að því leyti, sem lögin sjálf í Danmörku eru ekki innlend eður þjóðleg, og til þess hafa og margir fundið, að mörg af lögum Dana væri af óþjóðlegri rót runnin; eg tek t. d. erfðalögin nýju; munu þau tekin heldur en ekki eptir *austurrískum* erfðalögum.

Það vita nú allir, að í Danmörku sjálfri hafa komið fram, einkum á seinni árum, miklar aðfinníngar á háskólanum; og eg held, að ef vèr skoðum ágæti hans út af fyrir sig rètt og rækilega, að vèr getum ekki skoðað hann eins og einhverja sál, sem ein geti borið oss Íslendíngum vísindalegt ljós. Hitt atriðið er nú samt meira í varið, hvað háskólinn sè fyrir oss Íslendínga, þegar vèr lítum á vora sèrstaklegu stöðu og sönnu þarfir; þá kemur nú spurníngin um það, hvort hèr á landi sè sömu lög, og í Danmörku; það hefir opt verið sagt, að þau væri ekki mikið frábrugðin; en eg verð að lýsa því hreint og beint yfir, að eg álít þessa skoðun mjög svo ranga; en hitt er víst sannast sagt, að þau sè meira frábrugðin, en eg er fær um að segja, og jafnvel nokkur mundi vera fær um að segja, því það er órannsakað mál; eg þekki enga einustu bók eður rit, sem svarað hefir þeirri spurníngu, í hverju danskur og íslenzkur rèttur væri mismunandi, hvort sem menn heldur taka það frá sjónarmiði gildandi laga eða þá rèttarsögunnar; og eg þori að fullyrða, að hún er ekki til; það er svo langt frá því, að engi bók er til, sem hefir verið gjörð í tilraun til þessa yfir höfuð. Eg vil að eins drepa á ýms atriði, sem hèr koma til greina. Lög og rèttur eru ekki að eins skrifaðar reglur, heldur bæði skrifaðar og óskrifaðar reglur, og svo einnig, og það má ske fyrst og fremst, mannlífið sjálft. Þegar eg vil kynna mèr og þekkja til hlítar lög og rètt í einu landi, get eg það alls eigi, nema eg þekki nákvæmlega fèlagslíf þess að fornu og nýju; þetta er það eina sjónarmið, frá hverju maður getur glöggt sèð, hvað sè lög og rèttur í landi hverju, og maður má því eigi einblína á eina hlið eður atriði laganna, hinar skrifuðu reglur. Það er því ei rètt, að jafna svona blátt áfram saman dönskum og íslenzkum lögum og rètti eptir einstökum skrifuðum lögum; Ísland aðskilur sig frá Danmörku bæði að hugsunarháttum og venjum; þetta segir sig sjálft, og þarf ei að sanna. Eg vil geta þess, að eg get ekki gefið til kynna tengdir mannlífsins við lög og rètt betur með öðru en því, að líkja þeim saman við tengdir móðurmálsins við það. Þessar tengdir vita allir að eru nánar og helgar, svo að málin deyja með þjóðunum og þjóðirnar með þeim; það vita og allir, sem rannsaka lög og rètt og undirstöðu þeirra, að þau vaxa upp og þróast með fèlagslífinu sjálfu, sem þau eru óaðgreinileg frá, eins og skuggínn líkamanum, og svo er um málin. Eg ætla því næst að fara nokkrum orðum um hin skrifuðu lög hèr og í Danmörku, og jafnvel *þeim* viðvíkj-

andi verð eg líka að vera hreint á móti því, að hèr sè sömu lög og í Danmörku. Eg ætla nú ekki að skipta mèr af þjóðarrèttinum, sem þó er merkileg lagagrein, heldur að eins drepa lítið eitt á hin innlendu lög og rètt. Aðalkjarni þessara laga og rèttar snertir hin svo kölluðu einkamál manna; það eru býsna mörg lög þeim viðvíkjandi, sem eru frábrugðin í Danmörku og hèr á landi; ef menn tæki Jónsbók, t. a. m. um hlutarrètt *(Tingsret)*, þá mundi í mjög mörgum atriðum og merkilegum annað verða ofan á, en er í dönskum lögum, og það mundi jafnvel ómögulegt, að samrýma sjálfar grundvallarreglur danskra laga í þessu efni við rèttan skilníng Jónsbókarinnar; það hafa líka verið lögð dönsk lög um þetta efni fyrir þetta þíng á hinum síðustu árum, sem það ekki hefir álitið rètt, að lögleiða hèr af ýmsum ástæðum. Sama er og að segja um skuldalúkníngarrèttinn *(obligatorisk Ret)*; það er í ýmsum efnum mjög frábrugðinn *grundvöllur* í Jónsbók frá því, sem er í lögum Dana, og munurinn snertir engan veginn einstök atriði; hann er bæði fólginn í eðli samníngsanna sjálfra og skapnaði þeirra, eður efni og formi. Í Danmörku er og margt til, sem ekki er hèr, og því eru engi lög um; svo sem því er áhrærir kaupmannastèttina, sjómannastèttina og ýms fèlög og framkvæmdir, t. a, m. hin svo kölluðu »Actiu- og Assurance«-fèlög, og margt annað fl.; þetta er alls ekki að heita megi til hèr, og því eru heldur ekki lög til hèr um það; því þegar mannlífið vantar það, sem lögin eiga að byggjast á, þá er líka eðlilegt og sjálfsagt, að lögin sè ekki til um það. Hèr er lífið langtum frábreyttara og einfaldari en í Danmörku, og því eru og lagareglur vorar að jöfnu skapi færri og einfaldari, en þar. Í hinum svo kallaða »Familieret« eður þeim rètti, sem snertir hjúskapar- og heimilislíf er líka margt ólíkt; enda hefir þetta þíng fjallað um lög, hjúalögin, er honum kemur við að nokkru leyti, og álitið, að margt ætti að vera öðruvísi en er í Danmörku í þessu efni. Sama er að segja um erfðalöggjöfina, t. d. allan kaflann um hinar sèrstaklegu erfðir á ýmsum eignum stærri og smærri; hann á sèr hèr alls eigi stað sem lög; það, sem hèr ætti að svara til þessa, væri óðalsrètturinn íslenzki, en hann er sèrstök grein og allur annar bæði eptir Jónsbók og eins eptir óðalsrèttartilskipuninni dönsku, sem breytti henni um það efni. Í sakalögunum eru mest líkindi milli danskra og íslenzkra laga; þó er líka þar margt ólíkt, sem flýtur af því, að margar sakir eru í Danmörku, sem eru ekki hèr, t. d. ýms svik og prettir, þjófnaðartegundir og aðrir glæp-

ir, sem eigi geta átt sèr hèr stað; en þar sem að ræða er um sameiginlega glæpi í báðum löndum, þar eru lögin óneitanlega lík yfir höfuð að tala; þá er töluverður munur á hegningunni í ýmsum sakamálum hèr og í Danmörku. Í sakafarsreglunum eru að vísu mjög mikil líkindi hèr og í Danmörku, þó eru hinar dönsku miklu fjölbreyttari og nokkuð á annan veg um sama efni, t. a. m. um sakavarnarþingið, og annað fleira. Rèttarfarsreglurnar í einkamálum mega heita mjög svo ólíkar, því rèttarfarsreglurnar hèr, á milli einstakra manna, eru í raun rèttri sniðnar eptir *sèrstakri* grein af rèttarfarsreglum manna á milli í Danmörku, og það má með sanni segja, að rèttarfarsreglurnar hèr á landi sè í samanburði við rèttarfarsreglurnar þar, eins og einn dropi í stórri vatnsskál, og að segja, að á Íslandi og í Danmörku væri hinar sömu rèttarfarsreglur, væri álíka og að segja, að 1 dalur væri sama sem 21 rd., af því hvorttveggja væri peningar. Það er sem sagt einúngis ein grein af hinum sèrstaklegu rèttarfarsreglum í Danmörku, sem gjörð eru gildandi hèr í einstakra manna málum í hèraði. Kirkjurèttarinn í Danmörku og hèr er mikið ólíkur; það flýtur af því, að grundvallarlögin eru ekki gildandi hèr á landi meðal annars. Eg verð eptir þessu,— sem þó er lítið af því, sem segja má — að bera á móti því, að sami rèttur sè hèr, sem í Danmörku; hinn skrifaði rèttur er að mörgu og miklu leyti annar, hinn óskrifaði enn þá ólíkari, og mannlífið eður mannfèlagið, sem rèttarinn byggist á, næstum allt öðruvísi. Ef menn skoða þessa setníngu frá sögulegu sjónarmiði, verður munurinn enn meiri og augljósari; og það verða menn þó að gjöra, að skoða lögin, og verða menn að fara frá elztu tímum, ef menn eigi að þekkja þau til hlítar. Eg álít þá, að önnur lög og annar rèttur sè á Íslandi og í Danmörku, og á þessu þori eg óhultur að byggja. En þá er nú næsta spursmálið: fá Íslendíngar þekkíngu á þessum mismun við háskólann? Nei! ekki fèkk eg það, og eg átti engan kost á því. Það er satt, að mönnum er við og við í dönskum fyrirlestrum vísað til íslenzkra laga; en það er ekki nóg; það verður að útlista íslenzk lög, eins og önnur, í visindalegri heild; en það gjörir háskólinn ekki. Fyrirlestrar þeir, sem *Krieger professor* um árið samdi í slèsvíkskum rètti, sýnir það berlega, að menn mega ekki hlaupa eptir einstökum skrifuðum lögum; menn verða að rannsaka rèttinn í heild sinni og frá rótum, svo menn þekki hann til hlítar; það er eigi nóg, að vísa á einstök lagaboð, heldur verða menn að sjá

hinar almennu og einstöku lagareglur í vísindalegri heild og sambandi; menn verða jafnvel að taka allan skrifaðan og óskrifaðan rètt, sem er og hefir verið gildandi í landinu, og þekkja hann til hlítar; og eptir þessu held eg nú, að engi geti sagt, að háskólinn fullnægi þörfum vorum Íslendínga að því er vísindalega þekkíngu í lögum vorum snertir. En þá er spursmálið: getur hann gjört það? Eg segi nei. Hinn nafnfrægi lögfræðíngur Dana *Larsen* sál., sem lagði sig mikið eptir íslenzkum rètti, mun sjálfur hafa fundið til þess, að hann hafði ekki komizt í því hálfa leið; enda sýnir það sig líka í ritum hans, um íslenzkan rètt í samanburði við önuur rit hans; því í því, sem hann var vel heima í, mun honum sjaldan hafa skjátlast að sjá hið rètta. Annan veit eg ekki af Dönum á seinni tímum, sem hafi lagt sig að mun eptir íslenzkum lögum. Eg hefi líka sjálfur orðið svo frægur, að hafa haft handa á milli viðurkenníngu frá háskólakennurunum, sem lýsti því, að þeim þætti áskorta krapta sína, að rannsaka til hlítar íslenzkan rètt, og að grundvöllur hans væri annar, en hins danska rèttar. Það liggur líka í augum uppi, að það þyrfti mjög mikla yfirlegu frá Dana hálfu, ef þeir fyrst ætti að læra mál vort, og svo fara að lesa íslenzk lög, og rannsaka allar lagavenjur og viðtektir frá öndverðu, þetta held eg yrði of vaxið þeim að svo stöddu. Eg vil því gjarna halda mèr til þess, að háskólinn sè mikið góður fyrir Dani, en ekki nýtilegur fyrir íslenzka lögfræðínga. Þá er enn hin verklega (*praktiska*) æfíng, sem háskólinn gefur mönnum? Það er nú grófur galli á Dönum að mínu áliti yfir höfuð, að þeir skilja of mjög að þekkíng og reynslu, þeir læra utan að, eins og hinn 5. konúngkjörni sagði, en vantar opt að geta sameinað þekkínguna við lífið. Þetta held eg komi líka berlega fram í lögfræðinni; öll sú *praktiska* æfíng, sem menn fá í háskólanum, er í því fólgin, að menn eru látnir taka þátt í fáeinum og ímynduðum lagaþrætum, sem þó verða ætíð dauðar og daufar; eg segi líka fyrir mig, að eg fèkk sárlitla æfíngu af þeim. Englendíngar fara öðruvísi að; þeir láta þekkínguna vera samfara lifandi og sannri æfíngu, svo hvorttveggja haldist í hendur. Þenna galla á háskólanum sjá menn bezt á þeim fjarska mun, sem er á hinni vísindalegu kenníngu við hann og úrslitum dómstólanna, enda höfðu kunnugir menn eptir hinum nafnfræga málsfærslumanni *Sporon* við hæstarètt, að ónefnd lagakenníng í grein einni mundi varða hann sekta, ef hann kæmi með hana fyrir hæstarètt. Það er ekki nóg

að hafa þekkínguna tóma, ef reynsluna vantar; þó þekkíngin á hinn bóginn sè alveg nauðsynleg.

Eg hefi þá í stuttu máli bent á ýms atriði er snerta þessa ímynduðu apturfarir vorar, ef vèr fengjum lagaskóla hèr í landi; og eg vona, að þó eg kann ske hafi ekki sannað mikið, þá hafi eg þó sannað það, að háskólinn danski hvorki fullnægir nè getur fullnægt þörfum vorum í þessu tilliti, þó hann væri af gulli gjörður. Þessir 5 *prófessorar* í lögum hafa nóg að gjöra, að sökkva sèr niður í danska rèttinn, þó þeir bæti því ekki á sig, að fara að lesa íslenzk lög og rètt; ef þetta er nú satt, að háskólinn ekki fullnægi þörfum vorum, og vèr sjálfir á hinn bóginn getum sýnt og sannað, að þau skilyrði, sem til þessa heyrir, sè eins hugsanleg hèr á landi, eins og í Kaupmannahöfn, þá finnst mèr að vèr ættum að treysta eins vel lagaskóla hèr eins og háskólanum. Þessi skilyrði eru þá fyrst og fremst: menn færir um að kenna í skólanum, og í öðru lagi: menn til að nema. Ef menn eru hèr ekki til, sem sè færir um að kenna, þá er það slæmt, en það getur ekki verið ástæða móti skólanum, því það er ei að kenna þeim skóla, sem ekki er til, heldur háskólanum, sem er til, og menn hèr á landi hafa numið lög í. Eg ætla nú ekki að halda sjálfum mèr fram, en af því eg eigi vil lasta háskólann, þá verð eg að segja það, að hèr sè margir menn, sem eru til að kenna embættismannaefnum hèr lög, og jafnvel betur en kennararnir við háskólann; eg gæti nefnt þessa menn með nöfnum, ef eg vildi. En eg þekki engan skóla, sem hafi tilbúna kennara áður en hann er stofnaður; það væri sama sem að smíða negluna á undan skipinu; og eg býst ekki við, að háskólinn í Kaupmannahöfn hafi heldur haft neina þvílika menn, áður en hann var stofnaður, enda var hann nú ekki svo merkilegur eða fullkominn allrafyrst; en þó hefir hann *nú* hèr til menn, sem færari væri að kenna íslenzkum mönnum lög, en menn við háskólann sjálfan! Ef menn ekki fást til að ganga í skólann, þá er það skólanum sjálfum að kenna; þar sem menntunarlöngunin er sterk, streyma menn að skólunum, eins og þyrstar kindur að læk; og færri fá embættin, en vilja. Háskólinn sjálfur hefir stundum, ætla eg, 300 embættislausa kandidata; hví lætur hann þá ekki okkur fá menn í embættin? af því »náttúran verður ekki barin með lurk«; menn eru svo tregir að fara til háskólans, því hann er oss óeðlilegur; þessi mótbára lendir þá og á háskólanum sjálfum, enda er hún byggð á umliðnum en ekki ókomnum tíma.

En hún lendir þó eigi alveg á háskólanum; að nokkru leyti eru hinar lægri vísindastofnanir hèr á landi orsökin til þessa; það er eðlilegra að segja, að það sè skólanum að kenna, að stúdentar sè ekki til, heldur en háskólanum þó skólinn kunni að vera góður, þá verður það þó eigi varið, að latínuskóli vor hefir á sèr ýmsa galla, sem fælir menn frá honum. Eg geng út frá því sem vissu, að ef Íslendíngar fengi góðar og þjóðlegar menntastofnanir æðri og lægri, þá mundi ekki verða sú ónáttúra í þeim, að þeir vildi eigi nota sèr þær. Þá er hið þriðja aðalskilyrði fyrir skólanum. Það er fèð; það er nú sjálfsagt nokkuð örðugt, að leysa úr því, því vèr erum fátækir; þó held eg stjórninni sè ekki alvara, að vilja ekki leggja fè til skólans, *ef* hún sannfærist um, að hann er oss nauðsynlegur; því það vita allir, að stjórnin hefir á seinni tímum stutt öll vísindaleg fyrirtæki í Danaríki; þess vegna vantar hana líklega ekki annað en sannfæringuna um, að skólinn sè oss nauðsynlegur og gagnlegur; hún hefir líklega hingað til lagt meiri áherzlu á tillögur þeirra, sem hafa sagt, að skólinn væri hèr ónauðsynlegur, en hinna, sem hafa talið hann nauðsynlegan, þó þeir sè miklu fleiri og hafi á rèttara að standa. En þó nú stjórnin ei vili leggja fè til skólans, álít eg að það sè heilög skylda fyrir Íslendínga, að leggja fè til hans. Og eg held, að það sè engi, sem ekki vildi leggja fè til þess, að þessi skóli kæmist á, svo menn gæti fengið kost á, að þekkja lög sín; »með lögum skal land byggja«; en til þess þau byggi landið, þurfa menn að þekkja þau; þess vegna ímynda eg mèr, að allir Íslendíngar yrði fúsir til þessa, og eg hefi ekkert fyrir mèr í því, að þeir sè það ekki. Annað mál er það, að ástandið er nú svo bágborið, að þeir, ef til vill, gæti það alls ekki, og þá er nú ekki annað úrræðið, en annaðhvort að bíða og vita, hvort stjórninni snýst ekki hugur, eða þá að finna upp á einhverju nýju ráði; það ætti þá lítið eða ekkert að kosta, en það gæfi þá að líkindum ekki mikinn rètt; en þá er aptur því hægra fyrir stjórnina, að veita hann. Þetta úrræði held eg nú að nefndin hafi fundið. Eg ímynda mèr, að landsyfirrèttardómendurnir, hvort sem það eru þeir, sem nú eru, eða þeir, sem seinna verða, geti dæmt um, hvort menn hafi næga þekkíngu til að verða sýslumenn hèr á landi, og eg held, að þeir sè líka færir um, að veita meiri og vísindalegri þekkíngu, en heimtuð er af hinum dönsku júristum í Kaupmannahöfn. Eg vona nú, að stjórnin sjái svo um, að vèr að minnsta kosti á þenna hátt getum fengið embættismanna-

efni í hin veraldlegu embætti hèr á landi. Eg vona líka, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi,* sem veit eins og eg, að það er satt, sem eg hefi sagt, muni mæla vel fram með þessu máli við stjórnina, og þó hann kann ske áður hafi verið á móti lagaskóla hèr á landi, þá muni hann sjá, að þetta er sannarlegt velferðarmál fyrir landið; eg er því óhræddur um það, að málið muni komast einu stigi lengra við það, að sá er *konúngsfulltrúi,* sem nú er. Eg skal nú ekki mæða þingmenn með því, að tala lengur um þetta mál, en skal að eins bæta því við, að eg held, að þessi skóli hjá oss yrði Dönum sjálfum sannur ávinníngur og sómi; því eg álít, að öll gömul og norræn stefna mundi verða Dönum hollari, heldur en þessi þýzka stefna, sem er í fjandskap við andlega og líkamlega framför og heillir Dana að fornu og nýju.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði konúngkjörni varaþingmaður sannaði með ræðu sinni einmitt það, sem eg hefi áður sagt, viðvíkjandi því atriði, að þekking á dönskum lögum væri nauðsynleg og ómissandi fyrir íslenzka embættismenn, og að það væri apturför í lagamenntun vorri, ef íslenzkir embættismenn ekki öfluðu sèr þessarar þekkíngar, en þessa yrði ekki kostur í íslenzka lagaskólanum. Hinn heiðraði þingmaður hefði ekki getað haldið eins fjörlega og snjalla ræðu, og hann hèlt, ef hann ekki hefði fengið menntun sína við háskólann. Hann leitaðist við að sanna, að það væri fjarska mikill munur á íslenzkum og dönskum gildandi lögum; en hann fór lengra í sönnuninni, en hann mátti, því hann tilgreindi ýmsar stofnanir, sem eru til í Danmörku, en ekki hèr, t. a. m. járnbrautir, ábyrgðarfèlög brunabótarsjóði o. s. frv., og lög um þessar stofnanir; en hèr ræðir einúngis um lög, sem gilda um hin sömu eða lík tilfelli hèr og þar, og þá segi eg, að mismunurinn er ekki eins mikill, eins og menn halda hèr fram, og að minnsta kosti er hægt að kynna sèr hann á stuttum tíma; þetta er nægilega staðfest af reynslunni.

Hinn sami heiðraði þingmaður fann það að háskólamenntuninni, að því er lögfræðíngana snertir, að þeir fengi enga *praktiska* menntun, þetta er í eðli sínu, og svo mun og verða hèr í lagaskólanum; háskólinn á einúngis að veita *theoretiska* menntun, og hana eiga hlutaðeigendur síðan að ávaxta í lífinu í embættisstöðunni; þar eiga þeir að gjöra hana *praktiska;* þetta liggur í hlutarins eðli. Hann talaði líka um, að skilyrðin fyrir Íslendínga að afla sèr lagalegrar menntunar, væri miklu auðveldara í lagaskólanum,

en við háskólann, en hann sannaði þetta ekki, og eg held ekki heldur hann geti sannað það; hann gjörði lítið úr lagakennslunni við háskólann, en það gagnstæða sannast af reynslunni, því frá háskólanum eru komnir margir duglegir og vel menntaðir íslenzkir lögfræðíngar; en það sannar einmitt, að kennslan er góð; það gildir einúngis um það, að færa sèr hana vel í nyt; það er aðalskilyrðið. Menn hafa sagt hèr og talað mikið um, að koma menntuninni inn í landið, að hún ætti að vera innlend, og vitnað í orðtækið: »hollt er heima hvað«; en það er líka til annað orðtæki, sem segir: »að heimskt sè heima alið barn«. Menn læra yfir höfuð meira af lífinu en af bókum; það er eðlileg og fögur hugsun, sem hèr vakir fyrir mönnum, en menn verða að gá að kríngumstæðunum, að því, að vèr erum sjálfum oss ónógir, að skóli, sem ekki ber nafn með rentu, ekki getur borið þá eptirvæntu heillariku ávexti.

Eg hefi ekki farið þessum orðum í því skyni, að vilja á nokkurn hátt spilla fyrir málinu, því mèr þætti það sannarlega miður farið, ef skoðun mín á máli, sem allt þíngið álítur svo umvarðandi fyrir landið, gæti komið í bága við það, sem fósturjörð minni gæti orðið að sönnu gagni; en eg verð að játa það, að eg hefi ekki getað sèð þetta gagn. Hið heiðraða þíng mun nú senda sína allrahegnsamlegustu bænarskrá konúngi vorum í málinu; eg vildi þá óska þess, að málið fengi þá áheyrzlu, sem menn æskja og tengja svo miklar vonir við, og skal eg svo ekki fara um þetta mál fleirum orðum.

Benedikt Þórðarson: Að því er lagaskóla hèr á landi og innlenda lagamenntun snertir, þá lýsi eg áliti mínu á því, að eg ætla slíkt mjög nauðsynlegt landi voru, því »sjón er sögu ríkari« um það, hversu hèr hefir opt skort og nú skortir menn í lögfræðíngaembættin; amtmenn hafa sökum þess neyðzt opt til, að setja ólögfróða menn og bændur til að þjóna heilum sýslum, svo árum skipti, og eru slíkt vandræði; eg vil ekki fara mörgum orðum um atkvæðaskrá þessa, sem hèr liggur nú fyrir, að eins geta þess, að mèr sýnist, að viðsjált sè og óþarft nú þegar, eins og nefndin stíngur upp á, að biðja um, að 15. gr. í tilskipun 26. jan. 1821 sè úr lögum numin, því meðan engi bót fæst á lögfræðíngaskortinum, og lagaskólinn ekki kemst hèr á, er það betra að veita röngu trè en engu, betra að fá þessa svo nefndu dönsku júrista, og það jafnvel danska menn, en að hafa ekki neitt. Það er og eitt í

máli þessu, er eg vil taka fram, að það er eins og sumir ætli, að kennsla hèr í lögum verði svo bundin við landið, að þekking á dönskum lögum hverfi; þetta skilst mèr ekki; eg ætla að allt, sem þörf væri fyrir íslenzka embættismenn að nema í útlendum lögum, mundi verða kennt hèr.

Breytíngaratkvæði þíngmanns Snæfellínga, tölul. 11, fellst eg á, og þetta því heldur, sem eg er þar að öðrum þræði eins og haustullin; þar er stjórninni bent á, hvar lagakennslan gæti hèr svo auðveldlega fengizt, og er þetta ekki óaðgengilegra en það, er þíngið bað um í læknamálinu. Það sjá allir að þegar landlæknirinn, einn maður og sem hefir hið erfiðasta embætti á hendi, skyldi geta kennt læknisfræði, að hægra mundi yfirrèttardómendunum, 3 mönnum í hinni hægustu embættisstöðu, að kenna hèr lagafræði; að þeir mundu fúsir að gjöra það, efa eg ekki; en þeir, sem hjá þeim lærði, yrði að kosta það sjálfir, meðan ekkert frá opinberri hlið legðist þeim til styrktar. Þar er því þetta atkvæði, er mèr finnst að bati að nokkru uppástúngu nefndarinnar. Atkvæðið undir tölul. 5. er og vel hugsað, því það miðar til að fjölga þeim, er lögin tæki að nema; um hitt annað á atkvæðaskránni tala eg ekki; en eg gef öllu því atkvæði mitt, er mèr virðist málinu til nokkurs vegs mundi verða.

Guðmundur Brandsson: Eg er nú á sama máli og þíngmaðurinn, sem síðast mælti, að það sè nógur tíminn að biðja um það, sem farið er fram á undir 5. tölul., því þegar eg ber það saman við það, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að nú væri farið að setja bændur í sýslumannaembætti, þá finnst mèr þetta sönnun fyrir, að það sè heldur fljótt, að biðja um þetta nú þegar; eg vil því heldur ganga inn á breytíngaratkvæðið undir 4. tölul., að ekki sè beðið um það, fyr en skólinn er kominn á. Eg skil nú við þessa dönsku júrista, að það geti eins verið íslenskir menn, sem lesa dönsk lög í Kaupmannahöfn; en mèr skilst á mönnum, að ekki þyrfti mikla menntun, til að ná embættisprófi í dönskum lögum; það gæti nú kann ske orðið dráttur á, að lagaskóli kæmist hèr á, og þá væri betra, eins og þíngmaður Barðstrendínga tók fram, að veifa röngu trè en engu; eg held það spilli ei til, þó menn læsi dönsk lög, en kynnti sèr svo hin íslensku á eptir, eins og margir hafa gjört að undan förnu. Þar sem þíngmaður Barðstrendínga hèlt fram breytíngaratkvæðinu undir 11. tölul., þá get eg nú ekki tekið það fram yfir varauppástúngu nefnd-

arinnar; mèr þykir það að því, að það vill binda kennsluna við einsamlan yfirrèttinn, en varauppástúngan bindur að eins prófið við hann; menn geta eptir henni eins lært hjá sýslumönnum eða hverjum öðrum lögfróðum manni, hvar sem svo hann væri á landi; og ef þetta próf á að vera eins lagað og próf dönsku júristanna, þá held eg, að margir sýslumenn væri færir um, að kenna annað eins í lögum, og þar er krafizt, og að menn þyrfti ei að verða ræki r, þegar til prófsins kæmi; eg fellst því heldur á uppástúngu nefndarinnar. Það hefir nú komið skrifað breytíngaratkvæði frá þíngmanni Norður-Þíngeyínga, að fella úr þessa ákvörðun um líkíngu við dönsku júristana, en hefir ekki sett neitt í staðinn, og einhverja reglu verða þó landsyfirrèttardómendurnir að hafa, þegar þeir útskrifa þessa menn. Meðan eg því ekki fæ betri upplýsíngar, en þetta, get eg ekki gefið þessu breytíngaratkvæði atkvæði mitt. Um hin breytíngaratkvæðin skal eg ekki tala, það sèst við atkvæðagreiðsluna fyrir hverju eg verð af þeim.

Pètur Pètursson: Eg get nú ekki sagt annað en það, að mèr sýndist ræða hins háttvirta konúngkjörna varaþíngmanns svo ágæt, að mèr sýnist hún einmitt vera sú bezta sönnun fyrir ágæti háskólans, því hann hefði annars ekki getað flutt aðra eins ræðu, hefði hann ekki verið menntaður þar; enda hafði ræða hans mörg háleit sannindi að geyma. Það er nú hvorttveggja, að fjárhagsaðskilnaðurinn á líklega ekki langt í land, enda er ekki beðið um borgunina úr ríkissjóðnum, nema þangað til hann er kominn í kríng. Eg sagði við undirbúníngsumræðuna, að eg vildi heldur hallast að varauppástúngunni, af því eg hefi litla von um, að stjórnin stofni slíkan skóla hèr í bráð; og þegar skólinn á að vera hèr, þá verður hann óaðgengilegur, þegar ekki er farið fram á nein stipendia; það verður töluverður kostnaður fyrir almenníng, og verður því skólanum til fyrirstöðu. Varauppástúnga nefndarinnar kann eg betur við til bráðabyrgða. Eg spurði við undirbúníngsumræðuna, hvað meint væri með prófi í íslenzkum lögum; eg fèkk nú svarið í ræðu hins konúngkjörna varaþíngmanns, að það væri öll þau lög, sem eru og hafa verið gildandi hèr á landi fyr og síðar. Eg er hræddur um, að það verði bágt fyrir menn að nema þetta út um landið, nema eptir einhverju föstu »*systemi*« og fyrirlestrum; þegar menn eiga að nema frá rótum, hvernig lögin hafa fyrst myndast, og hvernig þau eru orðin, eins og þau eru nú, og að hve miklu leyti þau eru sprottin af útlendri rót, þá verður þetta fjarska-

lega umfangsmikið út um landið, ef ekki eru reglulegir fyrirlestrar. Þess vegna sakna eg þess í varauppástúngunni, að landsyfirrèttardómendunum er ekki gjört að skyldu, að halda fyrirlestra; að þessu leyti kann eg betur við breytíngaratkvæðið undir tölul. 11., því þar er þeim gjört að skyldu að kenna. Það er líka tekið fram, að það sè almenn lagafræði, sem eigi að kenna, og hún er víst ómissandi, því íslenzka lagafræðin er ekki svo einfær, að hún hafi ekki rót í öðrum löndum. Mèr sýnist breytíngaratkvæðið einnig í þessu fullkomnara og betra, til að ná tilganginum; en tilgangurinn er, að læra lög, fá góða tilsögn í þeim, ná embættisprófi, og fá svo embætti á eptir. Eg skil ekki, hvað meint er með í varauppástúngunni, að þeir skuli taka próf í íslenzkum lögum, lagað eptir því, sem danskir júristar taka við háskólann í Kaupmannahöfn; eg hefi heyrt, að danskir júristar lesi lítið í íslenzkum lögum; og ef þetta er meiníngin, þá er þetta lítil framför. Mèr þykir sjálfsagt, að ef landsyfirrèttardómendunum er gjört að skylda að kenna, þá eigi þeir líka að fá laun; og eg vona því, að ef tölul. 10. er samþykktur, þá nái hann líka til varauppástúngunnar.

Arnljótur Ólafsson: Það var sagt um eitt mál hèr í dag, að það hefði að vísu eigi brotnað, en höggvið niður á skeri. Það er nú svo um öll alþíngismál, að þau eiga hart sker, sem þau hljóta að brotna á, ef þau geta ekki flotið yfir það. Þetta sker er stjórnin. En þau eiga líka annað sker, sem liggur nokkuð nær; það er *konúngsfulltrúinn.* Það lítur nú ekki byrlega út, þegar bæði skerin eru í veginum, eins og er með þetta mál; eg veit því ei, hvort því byrjar vel, þó það fari út úr höfn frá þínginu fyrir fullum seglum. Eg álít þó næsta skerið ekki blindsker, heldur óttasker, sem menn að eins sjá. Mèr þykir mjög skiljanlegt, að *konúngsfulltrúi* sè þrándur í götu í þessu máli, því hann hefir æfinlega verið það, og það er sökum þess, að hann veit, að ef lagamenntun innlend á að komast á hèr á landi, þá verður hún að ganga út frá honum, og því vill hann ekki halda henni fram, af því hann vill ekki dæma í sjálfs sín máli, eða hrósa sèr sjálfur. En eg vil biðja hann að athuga, að það er ekki að eins til í guðfræðinni rangsnúin auðmýkt, heldur og í þjóðmálum, og því ætti hann ekki með henni að vera til hindrunar þessu máli. Ef vèr skoðum málið sjálft, þá verðum vèr að álíta, að lagaskóli væri happasælli, kostnaðarminni og betri hèr, en í Kaupmannahöfn. Happasælli yrði hann, af því menn lærði hèr að eins það, sem menn þyrfti að

læra, svo kennslan kæmist við það í náttúrlegt horf og yrði kostnaðarminni; því auk alls annars, er telja mætti, læra menn hèr hið eina nauðsynlega, og þyrfti því miklu styttri tíma. En það er búið að sýna, að kennslan hèr hlyti að verða betri að öllu samlögðu. Eg verð að álíta, að Íslendíngar hafi þá rèttarkröfu, að þeir gæti haft eins góða lagamenntun fyrir íslenzka embættismenn, eins og Danir hafa fyrir sína embættismenn. Ef íslenzkir embættismenn hafa jafnrètti til launa við danska embættismenn, þá eiga þeir líka að hafa jafnrètti til menntunar á við þá. Ef vèr skoðum samband íslenzkra þegna við konúng, þá verðum vèr að álíta, að Íslendíngar hafi sömu kröfu til, að embættismenn þeirra sè vel undirbúnir í menntun, eins og Danir; og eg held, að það sè sannað, að íslenzkir embættismenn gæti orðið betur undirbúnir undir þau, hèr en þar. Íslendíngar verða á tvennan hátt út undan við háskólann í lagakennslunni, að þeir verða að læra það, sem þeir ekki þurfa að læra, en fá aptur á móti ekki að læra það, sem þeir þurfa að læra; þetta er ágalli, sem stjórnin ætti að kannast við, og kippa í lag. En þar að auki er nú runnin ný snurða á allt þetta mál fyrir stjórninni, síðan konúngi þóknaðist að staðfesta íslenzka textann af lögunum með undirskript sinni; síðan er engi lögfræðíngur við háskólann, sem kann islenzku. Hvernig á nú sá, sem ekki kann eitt orð í íslenzku, að kenna íslenzk lög, og þó eru lögin gildandi á íslenzku. Eg vil færa til eitt dæmi: Gáfaður maður nokkur, sem kennir rèttarsögu Dana, fór hèr um árið til útlanda í fræðiferð; en hvert fór hann þá til að rekja undirstöðu laganna? Fór hann þangað, sem lögin eru mest runnin frá, til Noregs, Svíþjóðar og Íslands? Nei! og hann fór heldur ekki til Englands, sem er hliðarland okkar Norðurbúa; en hann fór til þess lands, sem Danir hafa mestan ótta af; hann fór til Þýzkalands, þangað sótti hann lög i Sachsenspiegel og fleiri skruddur. Maðurinn skilur ekki að sögn eitt orð í íslenzkri túngu; og hvernig á hann þá að leiða Kristjáns 5. lög — að eg ekki tali um Jónsbók — út af þeirri uppsprettu, sem þau eru runnin af? Eg held því, eptir þessu, að það sè alveg ómögulegt, að læra íslenzk lög við háskólann. Það er hægt að segja, að háskólinn sè ágætur, af því svo margir ágætismenn hafi komið frá háskólanum; en það eru undantekníngar, sem ekkert sanna. Eg get þá fært annað dæmi: Það vita allir, hvílíkur lögfræðíngur Páll Vídalín var; hann hafði þó aldrei gengið í lagaskóla, og eins var um annan mann, sem

nú er nýdáinn. Þess vegna er það sama sönnun að segja, að háskólinn sè ágætur, af því svo margir ágætismenn hafi komið frá honum, eins og að segja, að það hafi verið svo margir ágætir lögfræðíngar, sem ekki hafi gengið í lagaskóla, og þess vegna sè bezt að hafa engan lagaskóla. Það hefir verið sagt, að kostnaðurinn af að stofna skólann yrði svo mikill, ef stjórnin legði eigi fè til þess; en eg bið þíngmenn að gá að því, að ef menn bera saman þá penínga, sem ganga út úr landinu til háskólans, eða sem foreldrar verða að gefa með sonum sínum þar, við þá penínga, sem lítilfjörlegur lagaskóli — því eg ímynda mèr hann ekki eins og neina hlmingnæfandi stofnun — hèr kostaði, þá yrði það ekki einn fjórðúngur af því, sem háskólaveran kostar ytra. 13. tölulið líkar mèr vel við, en þó, ef til vill, enn betur við breytíngaratkvæðið undir 11. tölulið. Það er reyndar eitt, sem mælir með varauppástúngunni fram yfir 11. tölulið, að þar er alveg farið inn á stjórnarinnar eigin skoðun. Kennsla í *slèsvíkskum* lögum er við háskólann í Kaupmannahöfn, en prófið er hjá yfirdómurunum í Slèsvík; eins vært það hèr eptir þessu, að hvort sem menn lærði austur í Múlasýslu, eða á Hornströndum, eða í París, þá gætum vèr æfinlega heimtað, að þeir gengi undir próf hèr hjá yfirdómendunum, sem stjórnin hefir sett til að dæma lög og rètt í landinu. Þessari uppástúngu getur stjórnin ekki synjað, ef hún vill ei beita ójöfnuði, og það megum vèr ei gjöra ráð fyrir, að hún gjöri. Að því er breytíngaratkvæði mínu viðvíkur um dönsku júristana, þá vildi eg binda þessa uppástúngu við það, að lagaskólinn kæmist á. Það ætti þá að vera svo, að 1. uppástúnga nefndarinnar væri felld, en í staðinn fyrir hana yrði settur 4. töluliður aptan við 8. tölulið, og það yrði þá 4. töluliður til samans, af því það yrði ný grein.

Magnús Andrèsson: Eg ætla einúngis að tala fá orð, til þess að sýna, hvernig eg muni gefa atkvæði. Hinn 5 konúngkjörni þíngmaður kvartaði yfir því, að hèr á þíngi reiddi svo illa af málum, er snerta nýjar stofnanir, t. a. m. læknaskóla- og lagaskólamálinu. Eg felli mig nú ekki við það, að lagaskólamálinu hafi reitt svo illa af hèr á þíngi, að minnsta kosti hefi eg allt af gefið því atkvæði mitt. En það er annað, hvernig stjórnin hefir tekið í málið. En nú er farið fram á fleira í þessu máli, en áður, og finnst mèr það gott, því það fer í líka stefnu, og farið var fram á í málinu um lærða skólann, að koma hèr á *prívat* kennslu fyrir lögfræðínga; og hefi eg góða trú á því, því meðan ekki fæst hèr algjör laga-

skóli, þá held eg það sè betra en ekki, ef menn gæti farið að læra *prívat* í landinu sjálfu; og finnst mèr það, sem þar að lýtur á atkvæðaskránni, vera vel hugsað, því bæði hefi eg góða trú á því, að menn þeir, sem í yfirdóminum sitja, munu vera færir um að kenna, og svo líka því, að lærisveinar þeir, sem hjá þeim læra, muni verða færir í sýslumannaembætti hèr á landi. En það hefir nú verið sagt, að þeir mundu ekki fá rètt til þess, að verða sýslumenn, nema í viðlögum; eg held að nú sè þó svo komið, að gott væri að geta haft þá í viðlögum; og veit eg ekki, hvað lengi svona getur staðið, að þeirra þurfi með, og væri því æskilegt, að þessi heimakennsla gæti komizt á. Eg felli mig betur við 13. tölulið, en breytíngaratkvæðið undir 11. tölulið, samt með því, að fella það úr, sem þíngmaður Norður-Þíngeyínga hefir stúngið upp á. Ef þessum mönnum er trúandi fyrir að kenna, þá er þeim einnig trúandi fyrir að laga prófið, eins og það á að vera; en mèr sýnist ekki miklu tapað, þó mönnum sè ekki leyft að læra út um landið, því eg veit til þess, að sýslumenn hafa lítinn tíma til þess að kenna; en eg held, að allt öðru máli sè að gegna með dómendurna í landsyfirrèttinum; þeir held eg að hafi góðan tíma til þess; og lýsi eg hèr með gleði minni yfir því, að þetta stendur hèr á atkvæðaskránni. Fyrir 8. tölulið ætla eg nú, sem áður, að gefa atkvæði mitt, því það hefir jafnan verið mín skoðun, að bezt væri að öll kennsla í öllum vísindagreinum, ef mögulegt væri, væri innlend. Eg get ekki skilið í því, að þetta verði til apturfara í lagaþekkíngu, því eg held, að þessir lærðu menn, sem hafa lært við Kaupmannahafnarháskóla útiloki ekki þá þekkíngu úr kennslu sinni, sem þeir hafa lært þar, heldur láta hana vera, að svo miklu leyti sem hún er nauðsynleg, samhliða hinni. Eg felli mig vel við breytíngaratkvæðið undir 4. tölulið, að þegar lagaskóli þessi er kominn á, sè 15. gr. í tilsk. 26. janúar 1821 úr lögum numin, að nefnilega hún verði ekki úr lögum numin, fyr en lagaskólinn er kominn á, því mèr sýnist menn ekki megi útiloka þessa dönsku júrista frá embættum, meðan svo mikill skortur er á lögfræðíngum, fyr en aðrir geta komið í þeirra stað, sem betur eru til embætta fallnir.

Konúngsfulltrúi: Eg skal taka það fram í tilefni af orðum hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns, þar sem hann fann það óljóst, sem segir undir 13. tölulið á atkvæðaskránni, hvernig nefndin hefði hugsað sèr prófið, er þar ræðir um, að mèr virðist það sè svo að skilja, að prófið skuli, að innihaldinu til, vera viðlíka

yfirgripsmikið og dönsku lögfræðinganna, og að forminu til eins fyrir komið, t. a. m. að prófdómendur sè viðstaddir, og prófið að öðru leyti sè haldið í heyranda hljóði.

Sveinn Skúlason: Það situr ekki á mèr, að fara langt út í þetta mál, því eg mun ekki geta upplýst það mikið; og eg vona, að það muni geta sèzt af því, er eg sagði við undirbúningsumræðuna, með hverju eg muni gefa atkvæði mitt. Mèr þykir það illt, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skuli vera á móti máli þessu, því ef hann nú væri með því, kynni að vera, að það nú gæti fengið framgang. Mèr sýnist að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, sem nú kostar 2 sonu sína við háskólann í Kaupmannahöfn, ætti að stínga hendinni í sinn eiginn barm, og sjá, hversu miklu lèttara fyrir hann og hollara fyrir syni hans það mætti verða, að hann kenndi þeim sjálfur, með sonum annara manna, en að kosta þá þarna í Kaupmannahöfn, því það má þó vera tilfinnanlegur kostnaður; en engi menntun getur verið betri en sú, sem faðir gefur syni sínum. Eg geng ekki inn á 11. tölulið, af því að þar er gjört ráð fyrir, að menn megi ekki læra lög hjá öðrum, en yfirdómendunum í landsyfirrèttinum; mèr finnst rètt, að menn eigi að ganga undir próf hjá þeim, en mèr sýnist, að menn ætti að mega læra líka hjá öðrum. Eg get ekki fallizt á breytíngaratkvæði þíngmanns Skagfirðínga undir 12. tölulið, að engir aðrir megi ganga undir próf hjá landsyfirrèttardómurunum í íslenzkum lögum, en þeir, sem skólagengnir eru, því menn vita, að margir hafa orðið duglegustu embættismenn, sem ekki hafa verið skólagengnir, áður en þeir fóru að lesa lög; þeir hafa lært *praktiskt*, sem skrifarar hjá sýslumönnum, áður en þeir fóru að læra *theoretiskt;* og sè eg enga ástæðu til þess, að þeir sè skólagengnir; mèr sýnist nóg, að þeir sanni, að þeir hafi fengið almenna menntun, og þurfa þeir engan veginn að vera grísku- eða latínulærðir, eins og gjört er ráð fyrir í breytíngaratkvæðinu undir 12. tölulið. Þá koma aukabesefarnir mínir, sem mèr þykir eins vænt um, og þó þeir hefði haft þá æru, að komast í prentstofuna til Einars Þórðarsonar; en það þykir mèr illt, að 3. besefinn minn skuli hafa orðið út undan, af því að eg ráðgjörði hann ekki nógu vel, og vil eg taka fram efnið í honum, því það þótti mèr gott, það nefnilega, að þeir, sem hefði tekið theoretiskt próf hjá landsyfirrèttardómurunum, skyldi á eptir taka *praktikst* próf, og skal eg skjóta því til *forseta,* hvort þetta ekki geti komið í bænarskrá til konúngs, þó hann álíti, að það ekki

gæti komið á atkvæðaskrána, af því að eg ráðgjörði það ekki beinlínis við undirbúningsumræðuna. Mèr finnst engi ástæða til þess, að binda dómarana í landsyfirrèttinum, þegar þeir prófa lærisveina í íslenzkum lögum, við reglur þær, sem gilda um það próf, sem danskir júristar taka í Kaupmannahöfn, því mèr finnst rèttast, að þeir skapi sèr sjálfir prófsreglur í íslenzku formi, en sè ekki bundnir við hið danska form, og held eg t. a. m., að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sè fullfær um, að búa til þvílíkar prófsreglur. Eg ætla mèr, eins og menn munu geta ráðið af orðum mínum, að gefa atkvæði mitt með nefndinni, en ekki þeim breytíngaratkvæðum, sem eg hefi fráskilið, og ekki heldur með sumum öðrum.

Gísli Brynjúlfsson: Tilgangur minn með hinum fyrstu breytíngaratkvæðum mínum var hèr um bil hinn sami sem þíngmanns Borgfirðínga með sínum, að eg vildi ei setja aftekníngu hinna dönsku júrista í brodd fylkíngar, þar sem eg hefi litla ástæðu til þess, að hafa nokkuð á móti þeim í sjálfu sèr, eins og þeir hafa reynzt hèr í landi; það á að eins að vera afleiðíng af því, að menn hafi nú fengið aðra í þeirra stað, að þeir falli burtu. Munurinn á breytíngaratkvæði mínu og þíngmanns Borgfirðínga er að eins sá, að eg hefi viljað binda það, að danskir júristar hætti að hafa rètt til embætta hèr, við það, ef landsyfirrèttirinn fær rètt til að prófa menn í lögum undir embætti; en hann vill að eins binda það við það, að reglulegur lagaskóli komist á hèr í landi; eg gjörði mitt breytíngaratkvæði til heiðurs við landsyfirrèttinn; en ef menn ei vilja hafa það, þá stendur mèr á sama, með því mèr er alls ei svo annt um, að flýta fyrir því, fremur en verkast vill, að greinin um dönsku júristana verði numin úr lögum, og eg skal því ei vera neitt ófús á, að taka þessi breytíngaratkvæði mín aptur. En öðru máli er að gegna um breytíngaratkvæði mitt undir tölulið 12, því það verð eg að halda fast við, þar eð eg held, að það verði að gefa embættismönnum meira álit, ef þeir líka hafa almenna skólamenntun; hinn háttvirti þíngmaður fyrir Norður-Þíngeyjarsýslu sagðist reyndar ei geta fallizt á það, en mèr skildist ei ástæða hans; og mèr finnst mín uppástúnga einmitt fara í sömu stefnuna, sem sjálf uppástúnga nefndarinnar undir tölulið 13 *(Sveinn Skúlason:* Nei.!); því hvað er sú menntun, sem nauðsynleg er talin fyrir hvern embættismann, ef það er ei einmitt skólamenntunin sem undirstaða allrar almennrar menntunar? Að öðru leyti þarf eg varla að segja, að eg fellst einmitt á varauppástúngu nefndarinnar, en

ei á breytíngaratkvæðið undir tölulið 11, af því eg vil einmitt að kennslan sè alveg frjáls, og prófið að eins bundið við landsyfirrèttinn, því í því liggur nóg tryggíng fyrir því, að kennslan verði samt innlend, og það er aðalatriðið, því annars mega menn fyrir mèr læra lögin hvar sem menn vilja, og eg held t. a. m. það væri nú engi skaði, þó einhverir gæti nú jafnvel aptur lært hjá fóstrum sínum, eins og þegar Þórhallur nam lögin af Njáli forðum, og fór það ei illa. Annars skal eg ei tala fleira um málið, sízt eptir hina miklu og fróðlegu ræðu hins háttvirta kouúngkjörna varaþíngmanns; en að eins láta þá von í ljósi, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* muni þó ei leggja á móti bæn þíngsins við stjórnina, þegar til kemur, og þess vil eg innilega biðja hann, að hann gjöri svo.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að »danskir júristar« gæti heyrt fyrirlestra á háskólanum í Kaupmannahöfn; það er mikið satt, en til þess þurfa þeir 4—5 ár, og fyrirlestrar þeir, sem þeir þar heyra, eru ekki lagaðir eptir þeirra prófi; þess vegna er það satt, að það eru engir fyrirlestrar haldnir fyrir »danska júrista« við Kaupmannahafnarháskóla. Þeir eiga líka að eins að fá embætti í viðlögum; það er satt; en eg held, að þeir fái það stundum optar; það er ekki laugt síðan, að »dönskum júrista« óskólagengnum var veitt embætti fyrir latínskum júrista, sem ekki var til muna yngri en hann; þetta er sannarlega meir en viðlögurèttur. Eg held, að það megi með sanni segja, að það sè skaði fyrir Íslendínga, að lesa lög í Kaupmannahöfn, því þeir læra þar mikið, sem þeir hafa ekkert gagn af, en læra lítið, sem þeir hèr þurfa að hafa lært; það er sannarlega ekki meiri ástæða til þess, að þeir læri lögfræði í Kaupmannahöfn en í Frakklandi eða Þýzkalandi; það er að sönnu satt, að því meiri sem lagaþekkíngin hin almenna er, því betra er það; en það kemur hinum íslenzku embættismönnum eigi við, sem íslenzkum embættismönnum; þó þeir þekki ekki einhver dönsk lagaboð, þá er það lítill skaði fyrir þá, sem íslenzka embættismennn. Það hefir ekki verið sagt, að kennslan við háskólann sè ónýt; en það hefir verið sagt, og því hefir hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki getað neitað, að hún væri ónóg og óhaganleg; eins og hin íslenzku lög til forna voru ólík þeim dönsku, eins verða þau nú aptur þeim því ólíkari, því lengur sem alþíngi stendur, og því ólíkara verður það »*system*«, sem út úr þeim má draga. Eptir því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir talað í þessu máli, get eg ekki annað sèð, en að þíngið geti

haft beztu vonir um, að hann muni gefa því sín beztu meðmæli, og er það gleðilegt, að hann, sem áður hefir verið á móti þessu máli, skuli nú hafa tekið svo vel í það, að vèr megum þakka honum fyrir undirtektir hans. Að því er breytíngaratkvæðin snertir, þá hefi eg sagt mig fúsan til þess, að ganga inn á 2. og 4. tölulið, af því þeir eru samkvæmir hugsun nefndarinnar; eg játa það, að það er í hugsuninni rèttara að setja greinina aptur fyrir, en ekki aptur fyrir varauppástúnguna, af því að maður gefur þeim sömu rèttindi og »dönskum júristum«, en upphefur ekki »danska júrista« fyrir það. Eg get ekki verið með breytíngaratkvæðinu undir 11. tölulið, af því að það bindur kennsluna við dómarana í landsyrrèttinum; mèr finnst nóg, að þeir sanni þekkíngu sína fyrir þeim; en mèr stendur á sama, hjá hverjum þeir afla sèr þessarar þekkíngar; það er satt, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það þarf að vera »*system*« í kennslunni; en þetta »*system*« getur verið í kennslunni hjá fleirum en dómurunum í landsyfirrèttinum. Á 12. tölulið get eg ekki fallizt; því þá væri heimtað meir af hinum íslenzku júristum en hinum dönsku, án þess að þeim væri gefinn meiri rèttur en þeim; en mèr sýnist að kröfurnar til þeirra ætti að vera jafnar, þegar þeim er gefinn jafnrèttur, og ef einhver óskólagenginn sannar, að hann hafi fengið næga undirstöðumenntun, til þess að vera embættismaður, þá sýnist mèr, að það megi nægja (*Gísli Brynjúlfsson:* Hvaða menntun er það?). Það er sú menntun, sem menn sanna við hið svo kallaða undirbúníngspróf að þeir hafi. Breytíngaratkvæði þíngmanns Norður-Þingeyinga, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður sagðist ekki skilja, hefir hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skýrt vel, og held eg, að það sè ljóst, að þar er meint, að prófið við landsyfirrèttinn skuli vera jafnyfirgripsmikið og próf »danskra júrista« í Danmörku, eða að það skuli hafa sama »*Omfang*« *mutatis mutandis*.

Stefán Jónsson: Það er svo fyrir flestum, að þegar þeir komast í einhver vandræði, þá reyna þeir með einhverju móti að komast úr þeim aptur. Það kom ekki alls fyrir löngu til tals hèr í öðru máli, að skorturinn og vannræðin með embættismannaefnin væri komin af því, hvað óðum fækkaði þeir, sem í skóla gengi. Nú kveður aptur hin sama bjalla, að nú vantar embættismenn; hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók það fram, að 8—10 lögfræðíngaembætti væri laus, og engi til í þau nema 1 eða 2; en má eg spyrja: hver er þá orsökin til þessa? Ekki getur hún verið sú, að hèr sè lagaskóli, en

engir fáist mennirnir í hann. Hvað ætli stjórnin taki nú til bragðs, til að ráða bót á þessu? Það liggur í augum uppi, að hún verður annaðhvort að setja danska menn í embættin, eða hún verður að setja bændur, og hvern sem hún nær í eptir hendinni; og held eg engan kostinn góðan. Hèr eru reyndar nokkrir menn, sem menn geta kallað hálflærða; það eru þeir, sem hafa lesið lög, en ekki náð embættisprófi við háskólann, og það má nú heita gott, að þeir eru til, því þeir taka þó altènd bændum fram, til að hafa embættin á hendi um tíma. Þegar menn nú sjá þetta ástand, þá liggur beint við, að reyna að finna orsökina; og hver mun hún þá vera? ætli þetta liggi ekki mikið í því, að það er erfitt fyrir landsmenn, að koma sonum sínum fram við Kaupmannahafnar háskóla, og að þeir eru fæstir, sem hafa krapt til að kosta þá þar? Ef nú einmitt þetta væri orsökin, bæði til fækkunarinnar í lærða skólanum og skortsins á lögfræðingunum, þá held eg bezt yrði bætt úr því, með því að stofna lagaskóla hèr á landi, því eg ímynda mèr, að þá mundi fleiri sækja skólann, og þó verða ráðin á embættismannafæðinni, og einkum ef varauppástúngan fengi samþykki stjórnarinnar, að mönnum gæfist kostur á, að læra lög utanskóla og ganga undir próf landsyfirrèttarins. Það hefir verið sagt, að menn mundi ekki fást í þenna skóla; en eg þori að fullyrða, að þeir, sem ekki fást til að ganga í þenna skóla, fást ekki fremur til að fara til háskólans. Og eins og menn reyndu að finna orsökina til fækkunar í hinum lærða skóla, eins vil eg reyna að finna hina rèttu orsök til þessa; og hver veit, nema hún sè hèr um bil hin sama? Eg vil því halda því fram, að menn reyni þetta, og viti svo hvernig fer.

Jón Pètursson: Eg talaði mjög lítið við undirbúningsumræðu þessa máls, og eg skal ekki lengja þingræðurnar í því heldur núna. Eg er öldúngis viss um, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* mælir með máli þessu, því hann sagði, að það væri illt, ef hann yrði til að spilla fyrir málinu. Mèr sýnist því engi þörf á lengri umræðum um málið. Eg ímynda mèr nú, að það geti orðið bið á lagaskóla, því hann verður að kostast af ríkissjóðnum, altènd þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á. Á hinn bóginn sjá þó allir, að lögfræðingafæðin er orðin svo mikil, að embættin standa mörg laus, og að stjórnin verður að gjöra einhverja breytíngu á, til að bæta úr því, og til þess sýnist mèr mjög mikið stuðlað, ef varauppástúnga nefndarinnar undir tölulið 13. á atkvæðaskránni fengi framgang. Það má til að gjöra einhverja breytíngu á þeirri

tilhögun, sem verið hefir, því hún hefir reynzt ónóg, og sýnir það sig bezt í því, að embættin standa óveitt; það verður því að gjöra mönnum það léttara, en verið hefir, að ná lagaþekkingu. Eg er öldúngis sannfærður um, að kennslan yrði eins góð hèr og danskir júristar geta fengið við háskólann, nema hvað hún yrði þénanlegri fyrir land þetta, því strangt tekið læra þeir, sem lesa lög við háskólann í Danmörku, lítið annað, til þess að geta orðið embættismenn á eptir hèr á landi, en rètta hugsun í því, hvernig þeir eigi að skilja lög yfir höfuð. Menn mega engan veginn hugsa, að danskir júristar yfir höfuð sè menn vel að sèr, því þeir eru það ekki, en að margir Íslendíngar, sem hafa lesið dönsk lög, hafa gefizt vel, kemur mestmegnis til af því, að þeir hafa verið stúdentar, og haft því almenna menntun, og getað þess vegna skoðað lögin á vísindalegan hátt. Þegar eg þá sný mèr að atkvæðaskránni, þá vil eg ganga inn á 1. og 3. tölulið; eg vil, að 15. gr. í tilsk. 26. jan. 1821 verði úr lögum numin, ef varauppástúnga nefndarinnar kemst á, og dómendurnir í landsyfirrèttinum fái leyfi til að reyna lögfræðíngaefni. Einnig gef eg atkvæði mitt fyrir tölul. 7., og svo víst ekki fleiru, nema nefndaruppástúngunum.

Páll Sigurðsson: Eg hefi ekki talað áður í þessu máli, en eg hefi áður lýst yfir skoðun minni á menntastofnunum yfir höfuð, og eg hefi sömu skoðun enn, og get eg þess vegna verið því fáorðari. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að hinn konúngkjörni varaþíngmaður hefði ekki getað haldið svo snjalla ræðu, ef hann hefði ekki lært við Kaupmannahafnarháskóla. Þetta er öldúngis satt, af því hann hefir lært við háskólann, þá þekkti hann til hans og gat tekið fram gallana á honum, og eins kostina, og lýst betur flestum eða öllum hèr í salnum, hvort ágæti sú íslenzka menntun gæti vænt sèr þaðan, ef hún á að geta samrýmzt þjóðerni voru. En hvað ágætur sem háskólinn er nú í sjálfu sèr, þá er á hitt að líta, að bæði sýslumanna- og læknaembætti standa auð. Þíngið er nú búið að gjöra ákvarðanir til að reyna að bæta lærða skólann, og koma honum í betra horf; og eg játa, að það muni geta orðið til þess, að fleiri sæki skólann; en trauðla verður þó að fullu bætt úr embættismannaskortinum með því, á meðan ekki fást fleiri af hinum æðri menntastofnunum inn í landið; ekki geta þó allir frá skólanum orðið prestar, en eg er hræddur um, að landsmenn verði deigari á að koma sonum sínum í skóla, þegar þeir vita, að eigi liggur annað fyrir, en að koma þeim til há-

skólans á eptir, en þar eiga þeir fyrst ómögulegt með að kosta þá; og þetta mun heldur fara í vöxt, en minnka, eptir því sem þjóðlíf Íslendínga vaknar af þeim dauðadvala, er það lá í á 16., 17. og 18. öld, er allt þjóðlíf mátti heita orðið burtkúgað, og öll þjóðin sofandi, því öll lagasetníng og stjórnarvald var sett og framkvæmt með útlendum krapti, blæ og formi, og slagæð hins forna þjóðlífs næstum hætt að slá. Mèr hefir opt runnið til rifja, að sjá lögin frá þeim tíma, hvernig þau hafa algjörlega verið runnin af útlendri rót, og þetta hefir jafnvel hver vinnumaðurinn sèð; þeir hafa sagt: »Er þetta ekki eitthvað útlent? getur þetta átt við hèr?« Af þessu hefir það leitt, að helgi laganna hvarf hèr í landi, og margt komst í ólag, einmitt af því undirstaðan var skökk; á þessu verður ekki ráðin bót, með því að halda sama fram og híngað til hefir verið. Þó eg sè ekki mikill spámaður, vil eg samt segja, að þessu heldur áfram, ef ekki er fljótt og vel viðgjört. Þó þessi kennsla verði lítil í fyrstu, þá hefir hún þó innlenda rót, og eg vona, að hún verði það frækorn, sem eptir sinni rót ber heillaríka ávexti fyrir land og lýð, þegar stundir líða fram.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður bar saman varauppástúngu nefndarinnar, tölulið 13, og breytíngaratkvæðið undir tölul. 11, og mælti meira fram með breytíngaratkvæðinu, að það væri tekið; en eg vil spyrja: þarf varauppástúngan að vera fallin, þó breytíngaratkvæðið sè samþykkt? það biður um, að menn fái kost á að nema lögfræði hjá landsyfirrèttardómendunum; en varauppástúngan biður um, að menn fái kost á að vera prófaðir í lögfræði þar; mèr sýnist, að það megi því samþykkja báðar þessar greinir, þar sín talar eiginlega um hvort efni (*Forseti* og *Pètur Pètursson:* Ef töluliður 11. er samþykktur, þá er töluliður 13. fallinn); þá vil eg heldur samþykkja varauppástúngu nefndarinnar, því þá geta menn lært lögfræði hjá hverjum, sem vill kenna hana; en þurfa ekki að vera bundnir við yfirdómendurna.

Forseti: Úr því ekki fleiri biðja sèr hljóðs, þá er þessari ályktarumræðu lokið. En áður gengið er til atkvæða, skal eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta þíngmann Skagfirðínga, hvort hann hafi tekið aptur 1. og 3. tölul.?

Gísli Brynjúlfsson: Já.

Björn Pètursson: Eg tek þá upp aptur.

Forseti: Þá vil eg biðja þíngmenn, að ganga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá gengið til atkvæða, og fèllu atkvæði þannig:

1. Uppástúnga *Gísla Brynjúlfssonar* felld með 16 atkv. gegn 5.
2. Uppástúnga *Arnljóts Ólafssonar* samþykkt með 21 atkv.
3. Uppástúnga *Gísla Brynjúlfssonar* fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 1. tölul.
4. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar,* við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, samþykkt í einu hljóði.
5. *Nefndin,* 1. niðurlagsatriði, samþykkt við atkvæðagreiðsluna við 4. tölul.
6. Breytíngaratkvæði *Indriða Gíslasonar,* við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, samþykkt með 15 atkv.
7. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs,* við 2. niðurlagsatr. nefndarinnar, samþykkt í einu hljóði.
8. *Nefndin,* 2. niðurlagsatriði, samþykkt með 21 atkv.
9. *Nefndin,* 3. niðurlagsatriði, samþykkt með 21 atkv.
10. *Sama* 4. niðurlagsatriði samþykkt með 21 atkv.
11. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs* og *Benedikts Þórðarsonar,* við 5. niðurlagsatriði nefndarinnar, fellt með 15 atkv. gegn 7.
12. *a,* Breytíngaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar* við sama fellt með 14 atkv. gegn 4.
12. *b,* Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við sama samþykkt í einu hljóði.
12. *c,* Breytíngaratkvæði *sama* við sama fellt með 14 atkv. gegn 7.
13. *Nefndin,* 5. niðurlagsatriði (»til vara«), samþykkt í einu hljóði.
14. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, — samþykkt með 21 atkv.

Forseti gat síðan verkefna til næsta fundar, er hann ákvað til á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

Fertugasti og sjöundi fundur — 17. ág.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en tekið væri til dagskráar, hefir hinn heiðraði þíngmaður Rangæínga beðið sèr hljóðs.

Páll Sigurðsson: Nú er kominn 15. marz, sagði Cæsar forðum við manninn, sem hafði varað hann við þeim degi. Þá svar-

aði hinn: »Hann er að sönnu kominn, en hann er ekki uti enn«. Nú vil eg segja; það er kominn 17. ágúst. Þinginu er kunnugt, að við 7 þingmenn tilkynntum skriflega, að við ekki sætum lengur, en til þess 16. Til þess þóttumst við hafa ástæðu, bæði frá undanfarandi þingum, er altaf hafa heldur verið að dragast fram og lengjast ár frá ári. Hin ástæðan var vili kjósenda okkar; okkur var það fullkunnugt, hvað óvinsæl þessi löngu þing eru hjá þjóðinni, og því meiri er náttúrlega kostnaðurinn, sem þingið er lengra. Við gátum þá heldur engan veginn séð, þegar við rituðum brèfið, hvernig þing þetta mundi lúkast, því þá var harla mikið gínnúngagap í þinginu, þar sem ekkert mál af þeim, sem eptir voru, voru komin frá nefndunum, og ekkert varð gjört, svo við sáum þá ekki annað sýnna, en ef málum þeim, er þingið hafði tekið til meðferðar, ætti að verða lokið, mundi það ekki verða fyr en undir lok þessa mánaðar, og vorum við sannfærðir um, að kjósendur vorir vildi miklu fremur, að nokkur málefni biði næsta þings, heldur en að kosta svo mikla lengíng þingtímans. Eg finn mèr skylt að geta þess, að þegar hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* lengdi þingið til þess 10., þá lýsti eg því yfir, að eg fyndi enga ástæðu til að sitja lengur á þingi, en þangað til. Nú var þingið enn lengt til þess 16., og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* tók það tvívegis fram, að það væri það mesta, sem hann gæti lengt það. Þetta tókum við gilt, og vildum öldúngis ekki sitja lengur. Eg er nú á sömu skoðun reyndar enn, og er í þetta sinn kominn eptir beiðni hins heiðraða *forseta*. Mèr fyrir mitt leyti virðist nú þó allt öðru máli að gegna, þar þingmálin eru komin og út lítur fyrir, að einhver endi verði þar á bráðlega, en eg veit ekki, hvað hinir heiðruðu fèlagar mínir segja.

Forseti: Eg vona, að hinir heiðruðu fèlagar þingmanns Rangæinga sè á sama máli og hann, og hefi eg það traust til þeirra, að þeir slíti ekki fèlagsskapinn fyrir eina 3 daga, einkum þar þeir hreifðu engum mótmælum, þegar þingið var lengt seinast. Eg treysti því, að fyrst hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sýndi svo mikla mannúð í, að lengja þingið, þá verði hinir þjóðkjörnu þingmenn ekki til þess að spilla fyrir, að málin komist af; en það mundi valda miklum kostnaðarauka fyrir þjóðina.

Jón Sigurðsson frá Haugum stóð þá upp, og kvaðst sjá fram á, að meiri kostnað mundi af því leiða, ef málin yrði nú eigi útkljáð, heldur yrði að fresta þeim til næsta þings; kvaðst hann ekki

vilja verða þessu valdandi, og því mundi hann láta tilleiðast að sínu leyti, að bíða til þingloka.

Konúngsfulltrúi: Það gleður mig að heyra undirtektir hinna heiðruðu 7 þingmanna og viðurkenníngu þeirra um, að sú umbeðna lenging þingtímans hafi ekki verið ófyrirsynju, er þingmálin nú geta leiðst til lykta, eins og hinn heiðraði *forseti* vonaðist til og færði rök fyrir.

Forseti: Þá hverfum vèr til dagskrárinnar, og eptir samkomulagi við hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* kemur þá fyrst til *ályktarumræðu* og *atkvæðagreiðslu konúnglegt frumvarp til tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi.* *Framsögumaður* er þingmaður Snæfellínga. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu og vona, að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: kgl. frumvarp til tilskipunar *um lausamenn og húsmenn á Íslandi.*

I. *Um lausamenn.*

A. Breytíngaruppástúngur meira hlutans *(Benedikt Sveinsson, Guðmundur Brandsson* og *Páll Melsteð)* við frumvarp stjórnarinnar.

1. *Halldór Kr. Friðriksson,* breytíngaratkvæði við meira hluta 1. gr. (tölul. 2):

   Að eptir: »*þeim manni*«, sè bætt inn í »*sem skyldur er að ganga í vist eptir gildandi lögum, og*«.

2. *Meiri hlutinn,* 1. gr.:

   Skylt er hverjum þeim manni, sem er af ómagaskeiði eða fullra 16 ára, karli sem konu, og eigi hefir heimilisforstöðu á hendi, að vera í vist, annaðhvort hjá foreldrum, forráðamönnum eða vandalausum.

3. *Sami,* 2. gr., fyrirsögn og tölul. 1., 2. og 3. sjá frumvarp meira hl.:

   Við þessa skyldu eru þó lausir:

   1. Þeir, sem settir eru til mennta eður til að nema verzlun, eða einhverja þá iðn aðra, er sèrlega kunnáttu heimtar.
   2. Þeir, sem fullnuma eru í þeirri mennt eður iðn, veiti hún þeim atvinnu.
   3. Ekkjur þeirra manna, sem nú voru nefndir.

4. *Halldór Kr. Friðriksson,* breytíngaratkvæði við 2. gr. tölu. 4. meira hl. (hèr tölul. 6.):

   Að »*15*« sè breytt í »*5*« og til vara í »*10*«.

5. *Sami,* breytíngaratkvæði við meira hluta 2. gr., tölul. 5. (hèr tölul. 6.):

Að »*20*« verði breytt í »*15*«.

6. *Meiri hlutinn,* 2. gr. tölul. 4., 5. og 6.:

4. Hverr sá, sem búið hefir í 15. ár, karl eður kona, og búi bregða, en hafa goldið árlega til allra stètta.
5. Þeir, sem staðið hafa í vinnuhjúastètt í 20 ár.
6. Þeir, sem eptir 6. og 7. grein ekki geta fengið vist, eða ekki eru skyldir að ganga í vist.

7. *Halldór Kr. Friðriksson,* breitíngaratkv. við 3. gr. meira hl. (tölul. 8):

Að eptir »*gildandi lögum*«, sè bætt inn í: »*og að auki til sveitarsjóðs eptir efnum og ástæðum*“.

8. *Meiri hlutinn,* 3. gr.:

Skyldir eru þeir, sem taldir eru í 2. gr., 3., 4., og 5. tölulið hèr á undan, að greiða árleg gjöld til allra stètta samkvæmt gildandi lögum. Svo skulu og allir lausir karlmenn taka þátt í almennum skylduverkum í sveit sinni jafnt bændum.

9. *Halldór Kr. Friðriksson,* breytíngaratkv. við 4. gr. meira. hl.: Að orðin: »*og gjaldi að auki eptir 3. gr.*«, verði úr felld, en í verði bætt: *en skyldur er hann að ganga þegar í vist*».

10. *Meiri htutinn,* 4. gr.:

Nú verður maður sekur í heimildarlausri lausamennsku, þá skal hann sæta frá 5—30 rd. sektum. Og gjaldi að auki eptir 3. gr.

Þyngja skal það jafnan lausamennskusekt, ef beitt er brögðum eða röngum fyrirburði um vistarráð, eða lausamennskubrotið er ítrekað, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki eða betli.

11. *Sami* 5.—9. gr.:

5. gr.

Hver sá húsráðandi, er hilmar með ólöglegum lausamanni, skal sæta jöfnum sektum, sem hann, og hýsi hann lausamann 3 nóttum lengur að nauðsynjalausu, sektist allt að 5 rd.

6. gr.

Nú er maður, sem skylt er að ganga í vist, eigi vistráðinn

mánuði fyrir hjúaskildaga, þá skal hann fara til hreppstjóra þeirrar sveitar, sem hann er þá í, eður bæjarstjórnar í kaupstöðum þeim, þar sem hún er á komin, og beiðast vistar. Skal hann þá skyldur að fara í hverja þá boðlega vist, er fengizt getur, og ef fleiri bjóðast, í þá, er hann sjálfur kýs.

Nú býðst eigi vist, þá skal sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþingum, og má hann þá velja um vistir, sem nú var sagt. Nú býðst enn engi vist, og er hann þá laus við vistarskyldu til næsta hjúaskildaga, en gjaldi sem segir í 3. gr.

7. gr.

Nú losnar hjú úr vist af einhverjum orsökum, en þó fyrir jól, þá skal það skylt að fara til hlutaðeiganda hreppstjóra, og fara í þá vist, sem hann getur útvegað því, og það sjálft kýs, ef fleiri bjóðast en ein.

Nú býðst engi vist, eður losnar hjúið eptir jól, þá er það laust við vistarskyldu til næsta hjúaskildaga.

8. gr.

Sá, sem eigi leitar hreppstjóra um vist samkvæmt 6. og 7. gr., eður eigi gengur í þá vist, er honum býðst, sektist um ólöglega lausamennsku, sem fyr segir.

9. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að engi sá, sem skyldur er að fara í vist, skjóti sèr undan þeirri skyldu, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi leita skýrslu um, hvort brotið hafi verið gegn þeirri reglu.

B. *Stjórnarfrumvarpið,* með breytingum *minna hlutans (Arnljótur Ólafsson* og *Jón Pètursson):*

12. *a, Ásgeir Einarson,* breytingaratkvæði við minni hl. 2. gr.: Að í staðinn fyrir »*25 ára*« setist: »*30 ára*«.

12. *b, Minni hutinn,* breytingaratkv. við stjórnarfrumv. 1. og 2. gr. (tölul. 13.):

1. gr.

Frá skyldu þeirri, er að lögum liggur á sumum mönnum til að vera í vist, eru þeir menn undanþegnir, er hafa 5 hndr. álna eður meira í árságóða af fasteignum eður öðru fè.

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 25 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni, ef hann fær sèr leyfisbrèf hjá lögreglustjóranum. Fyrir leyfisbrèfið borgar karlmaður 1 hndr., en kona ½ hndr. álna, og skal gjald þetta greitt í peningum eptir verðlagsskrár aðalmeðalverði. Leyfisbrèf skal taka hvort heldur maður vill vera laus að nokkru eður að öllu.

13. Stjórnarfrumv 1. og 2. gr.:

1. gr.

Frá skyldu þeirri, sem eptir lögum þeim, er nú gilda, liggur á sumum mönnum til að vera í vist, getur hver maður, sem er 25 ára að aldri fengið sig undan þeginn, ef hann leysir leyfisbrèf hjá lögreglustjóranum. Fyrir leyfisbrèfið borgar karlmaður 1 hndr., en kona ½ hndr. á landsvísu, og skal gjald þetta greitt í peningum eptir verðlagsskrár meðalverði. Leyfisbrèfið skal leysa hvort heldur maður vill vera laus að nokkru eða öllu leyti.

2. gr.

Þeir skulu eigi skyldir að leysa leyfisbrèf, er hafa 5 hndr. á landsvísu í árlegan ágóða af fasteignum eða arðberanda fè.

14. *Minni hlutinn*, (orða)breytíng við stjórnarfrv. 3. gr. (tölul. 15.): Heimilt skal og mönnum þeim, er nú skal greina, að taka leyfisbrèf, þótt yngri sè en 25 ára:

1. Ekkjumenn og ekkjur.
2. Menn, sem hafa 1 hndr. álna í ársarð af fasteignum eða öðru fè. Ef afgjaldið eða leigan er greidd í peningum, skal hana telja til álna eptir aðalmeðalverði í verðlagsskrá.

15. Stjórnarfrumv. 3. gr.:

Veita má mönnum, þó þeir sè ekki fullra 25 ára, leyfisbrèf þau, sem nefnd eru í 1. grein, ef það eru:

1. Ekkjumenn og ekkjur.
2. Menn, sem hafa 1 hndr. á landsvísu í ársarð af fasteignum eða arðberanda fè; sè afgjaldið eða leigan greitt í peningum, skal það reikna til landsvísu eptir verðlagsskrár meðalverði.

16. *Minni hlutinn*, (orða)breytíng við stjórnarfrv. 4. gr. tölul. 17): Þessir menn geta fengið leyfisbrèf borgunarlaust:

1. Þeir, sem búið hafa 15 ár og goldið árlega til allra stètta.

2. Þeir, sem staðið hafa í vinnuhjúastètt 20 ár, og fengið jafnan góðan vitnisburð.

17. Stjórnarfrumv. 4. gr.:
Þessir menn geta fengið leyfisbrèf borgunarlaust:
1. Bændur, sem búið hafa í 15 ár, og goldið hafa árlega til allra stètta, og ekkjur, þegar eins er ástatt.
2. Þeir, sem staðið hafa í vinnuhjúastètt í 20 ár, og fengið jafnan góðan vitnisburð.

18. Stjórnarfrumv. 5. gr. (samþ. af minna hlutanum):
Fyrir hvert leyfisbrèf skal greiða lögreglustjóranum 1 rd.

19. Stjórnarfrumv. 6. gr. fyrra atr.:
Hver sá maður, sem leyst hefir leyfisbrèf, skal greiða árlega auk opinberra gjalda, er honum ber að lúka, eptir stöðu sinni og tíundarbærum fjárstofni, 6 álnir til ríkissjóðs karlmaður, og 3 álnir kona, og jafnmikið til kirkju, prests og fátækra. Svo skulu og allir karlmenn, er leysa leyfisbrèf, og fyrir það eru undanþegnir frá að fara í vist, taka þátt í almennum skylduverkum í sveit sinni, jafnt bændum.

20. *Minni hlutinn* (orða)breyting við 6. gr. síðara atr. stjórnarfrv.:
Láti nokkur undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eða skylduverk, eður þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eptir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört þeim rètti sínum að vera laus, og má honum eigi veita leyfisbrèf að nýju, fyr en eptir 5 ár.

21. Stjórnarfrumv. 6. gr. síðara atr.:
Láti nokkur undanfalla 2 ár í bili að greiða tèð gjöld eða skylduverk, er á honum hvíla, eða ef að því rekur, að fjárnámi þurfi að beita í 2 ár, hvort eptir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört rètti sínum eptir leyfisbrèfinu, og má honum eigi veita leyfisbrèf að nýju, fyr en eptir 5 ár.

22. Stjórnarfrumv. 7. gr.:
Nú flytur nokkur, er leyst hefir leyfisbrèf, sig í annað lögsagnarumdæmi, skal hann leysa nýtt leyfisbrèf, er hann fái borgunarlaust; þó skal hann greiða lögreglustjóranum 1 ríkisdal (sbr. 5. grein). Ef einhver, sem hefir leyst leyfisbrèf, tilkynnir hlutaðeiganda lögreglustjóra, að hann ætli eigi að nota leyfið um ákveðinn tíma, skal honum heimilt

að nota það síðar, án þess að greiða nokkra borgun, ef hann gefur slíkt lögreglustjóranum til vitundar.

23. *Minni hlutinn,* 7. gr. (breytíng við tölul. 24):

Nú er maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga, og á sèr enga aðra löglega atvinnu vísa, og leitar hann hreppstjóra um, að útvega sèr vist; og skal þá hreppstjóri vera honum hjálplegur í því efni.

Ef maður er enn óvistráðinn um manntalsþíng, og leitar hann sýslumanns um að útvega sèr vist, og skal þá sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþíngum sýslunnar.

Nú útvegar hreppstjóri eða sýslumaður manni vist á þann hátt, er nú var sagt, og er hann þá skyldur að fara í þá vist, ef hún er boðleg.

Bjóðist fleiri en einn til að taka manninn, má hann sjálfur um kjósa; en sè hann eigi við staddur, skal hreppstjóri eða sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara. Nú vill hann ekki þiggja vistina, og skal honum þá hegnt sem fyrir lausamennsku.

Nú hefir engi boðizt til að taka hinn vistlausa mann, og varðar honum þá eigi við lög, þótt hann sè laus til næsta hjúaskildaga, en skyldur er hann að ganga að hverri þeirri vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, enda sè vinnan honum eigi of vaxin. Ella er hann sekur 1—10 rd. eptir málavöxtum. Sama er og um hjú, er vistlaust verður eptir manntalsþíng.

Nú er maður enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, og skal þá fara sem fyr segir.

24. Stjórnarfrumv. 8. gr.:

Sè maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga og eigi sèr enga aðra löglega atvinnu vísa, og leiti hreppstjóra um að útvega sèr vist, þá skal hreppstjóri vera honum hjálplegur í því efni.

Sè maður enn óvistráðinn um manntalsþíng, og leiti sýslumanns um að útvega sèr vist, þá skal sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþíngum sýslunnar.

Þegar annaðhvort hreppstjóri eða sýslumaður útvegar manni vist á þann hátt, er nú var sagt, þá skal hann skyldur að fara í þá vist, ef hún er óaðfinnanleg.

Bjóðist fleiri en einn til að taka manninn, má hann

sjálfur um kjósa; en sè hann eigi við staddur, skal hreppstjóri eða sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara, og skal hann einnig skyldur að þiggja þá vist, ef hún er óaðfinnanleg. Vili sá, er hlut á að máli, ekki þiggja vist, er honum býðst eptir því, sem nú hefir sagt verið, þá skal honum hegnt sem fyrir lausamennsku.

Nú hefir engi boðið sig fram til að taka hinn óráðna mann, og er þá eigi hegníngarvert, þótt hann sè laus til næsta hjúaskildaga; en skyldur skal hann vera að ganga í hverja þá hæfilega vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, og sæti ella sektum frá 1—10 rd. eptir málavöxtum.

Nú er hann enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, skal þá fara sem fyr segir.

25. Stjórnarfrumv. 9. gr.:

Vistráðið hjú, sem eigi er vitjað á hjúaskildaga, eða fer úr vist sinni, eða er rekið úr henni, áður vistartíminn er á enda, verður eigi sekt í lausamennsku, þótt það eigi útvegi sèr vist til næsta hjúaskildaga, en skylt skal því að ganga að vinnu þeirri, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri útvegar, að við lögðum sömu sektum, sem segir í 8. gr.

26. *Minni hlutinn,* 8. gr. 1. og 3. atr. (breytíng við tölul. 27):

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en eigi hefir gjört það, nè heldur keypt leyfisbrèf, en var þó skyldur þess, ef hann vildi laus vera, verður um það sekur 10—30 rd., og skal hann greiða að auki jafnmikið, og lúka á fyrir leyfisbrèf eptir 2. gr., ef hann vill laus vera.

Þýngja skal það jafnan sektina, ef brotið er ítrekað, eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

27. Stjórnarfrumv. 10. gr.:

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en eigi hefir gjört það, og eigi heldur leyst leyfisbrèf, og verði þó eigi 11. gr., sbr. 4. gr., heimfærð til bans, skal sæta frá 10—30 rd. sektum, og greiða að auki jafnmikið, og lúka á fyrir leyfisbrèf eptir 1. gr.

Þýngja skal það jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, sem ekki eiga sèr stað, eða ef sá, sem hlut á að máli, gjörir sig sekan í flakki.

28. *Minni hl.*, 8. gr. 2. atr. (breytt við tölul. 29.):
En þurfi maður eigi að kaupa leyfisbréf, en var þó skyldur að taka það að eins eptir 4. gr., verður hann sekur 2—5 rd.

29. Stjórnarfrumv. 11. gr.
Verði einhver sá, er bar að leysa leyfisbréf eptir 4. grein, sekur í brotum þeim, sem um er rætt í 10. grein, skal hann sæta sektum frá 2—5 rd.

30. *Minni hl.*, 9. gr. (orðabreyting við tölul. 31.):
Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að engi sá, sem er skyldur að fara í vist, komi sèr hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþíngi grennslast eptir, hvort brotið hafi verið móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrèf, hafi fast heimili og sè ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 2—20 rd., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

31. Stjórnarfrumv. 12. gr.:
Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að engi sá, sem er skyldur að fara í vist, komi sèr hjá skyldu þeirri, er á honum hvílir í því efni, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþíngi leita skýrslu um, hvort brotið hafi verið móti þessari reglu.

Lögreglustjórinn skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrèf, hafi fast heimili og sè ekki á flakki, en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 2—20 rd., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

32. Stjórnarfrumv. 13. gr. (samþykkt af minna hl.):
Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sèr undan skyldu sinni að fara í vist, skal eptir málavöxtum sektast um helming eða allt að tveim þriðjúngum þeirrar sektar, sem ákveðin er í 10. og 11. grein.

Hver sá húsráðandi, er hýsir slíkan mann 3 nóttum lengur að nauðsynjalausa, skal sektast um 1—5 rd.

II. *Um húsmenn.*

A. Frumvarp *meira hlutans (Arnljótur Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Jón Pètursson):*

1. gr.

33. Þegar sá, sem hefir heimili forstöðu að veita, vill setjast að sem húsmaður, annaðhvort sem tómthúsmaður, eða

húsmaður með grasnyt, skal hann beiðast leyfis til þess hjá fátækrartjórninni, þar sem hann vill setjast að, og veiti hún honum leyfið, verður hann þar strax hrepplægur, sè hann það eigi áður. Nú synjar fátækrastjórnin honum leyfisins, og hann er utanhreppsmaður, þá má hann eigi að síður setjast þar að, ef hann fær leyfi til að lifa í húsmennsku hjá fátækrastjórninni, þar sem hann er hrepplægur, en þá hefir hann enga heimtíng á að taka þátt með hreppsbúum í hlynnindum sveitarinnar, og getur aldrei með dvöl sinni áunnið sèr þar framfærslurètt, en á hinn bóginn er hann þar undanþeginn aukaútsvari til sveitar.

2. gr.

Setist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa heimild til þess, sem nú var sagt, skal hann sekur 5—20 rd., og sá húsráðandi, er tekur hann á heimili sitt, lúki 2—8 rd. í sekt.

3. gr.

Láti nokkur fátækrastjórn utanhreppsmann ári lengur vera í húsmennsku í hrepp sínum, án þess hann hafi fengið húsmennkuleyfi hjá fátækrastjórninni þar, sem hann á sveit, verður hann þar hrepplægur.

4. gr.

Þessar ákvarðanir skulu einnig ná til þeirra manna, er ekki hafa stærra jarðarpart til ábúðar, en 1 hundrað.

5. gr.

Þeir, sem eiga tómthús og eru þar sveitlægir, geta sezt þar að í tómthúsmennsku, án þess þeir þurfi leyfi fátækrastjórnarinnar til þess.

B. *Stjórnarfrumvarpið,* með breytíngum *minna hlutans (Guðmundur Brandsson, Páll Melsteð):*

34. Minni hl., 1. gr.:

Sá er húsmaður, en ekki lausamaður, sem á heimili forstöðu að veita.

35. *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum, breytíngaratkv. við minna hl. 2 gr.:

Að fyrri hlutinn orðist þannig:

Hver sá, sem vill verða húsmaður eða þurrabúðarmaður, skal beiðast leyfis til þess hjá sveitarstjórninni, þar sem hann ætlar að setjast að; syni sveitarstjórnin um leyfið,

skal hún skyld til að færa ástæðu fyrir synjuninni, og er þá hlutaðeiganda heimilt, að skjóta máli sínu til sýslumanns, sem sker úr, hvort synjunin sè gild eða ekki. Setist nokkur að o. s. frv. (sjá frumvarp minni hl).

36. *Minna hl., 2. gr.*:

Sveitarstjórnin í hverjum hreppi, í Reykjavík fátækranefndin, skal ráða því, hverir utansveitar- eða innsveitismenn megi taka þar aðsetu sem húsmenn eða þurrabúðarmenn. Úrskurði sveitarstjórnanna í þessum málum má eigi áfrýja til æðri úrlausnar, nema ef þeim er synjað um húsmennskuleyfi, sem er þar sveitlægur. Setist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa þá heimild til þess, er með þarf, skal hann sekur um 5—20 rd., og getur hann eigi með ólöglegri dvöl sinni í hreppnum unnið þar rètt til sveitarframfærslu. Svo má og vísa þeim húsmanni úr hreppnum með missiris fyrirvara til næstu fardaga, sè hann þar eigi sveitlægur, nema hann vinni leyfi sveitarstjórnarinnar til að ílengast þar.

37. *Arnljótur Ólafsson*, varauppástúnga við stjórnarfrv. 1. gr., að síðasta málsgrein: »Sá, sem er skyldur að fara í vist, o. s. frv.» — falli úr.

38. Stjórnarfrv. 1. gr.:

Þegar einhver æskir að gjörast húsmaður eða þurrabúðarmaður, sem til þess þarf sèrstaklegt leyfi að lögum, þá skal hlutaðeigandi sýslumaður, eða í Reykjavík bæjarfógetinn, eins og að undanförnu, skera úr því, hvort slíkt leyfi skuli veitt eða ekki; en áður úrskurður sè lagður á málið, á að fá um það álit fátækrastjórnarinnar á þeim stað, þar sem sá, er hlut á að máli, vill setjast að. Sè annaðhvort hann eða fátækrastjórnin óánægð með úrskurð yfirvaldsins (sýslumanns eða bæjarfógeta), má skjóta honum til æðra yfirvalds. Setist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa þá heimild til þess, er með þarf, skal hann sekur um 5—20 rd., og getur hann eigi með ólöglegri veru sinni í hreppnum áunnið sèr þar sveitarframfæri. Svo má og vísa þeim húsmanni úr hreppnum með missiris fyrirvara til næstu fardaga, sè hann þar eigi sveitlægur.

Sá sem er skyldur að fara í vist getur ekki, með því að setjast einhverstaðar að sem húsmaður, komizt hjá að

þeirra, lausamenn venjast opt í lausamennskunni frá búnaðarstörfum og til sjálfræðis, iðjuleysis, slarks og drykkjuskapar, þeir okra verk sín út við bændur, og þess á milli, þegar vinnubrestur er, liggja þeir á kosti bændanna; og þannig hefir þetta reynzt, og eins mundi það reynast, og öllu heldur við það, að lausamennska yrði hèr lögleidd. Í frumvarpi stjórnarinnar og áliti minna hlutans er gefinn kostur á lausamennsku móti ákveðnu gjaldi. Þetta geðjast mèr ekki, því bæði er slíkt nýlunda hjá oss, að kaupa hèr frelsi sitt með leyfisbrèfum og peningum, og svo finnst mèr, að hèr felist undir nokkur ójöfnuður, því þeir einir, sem efnin eiga, geta undir eins orðið lausamenn; en hinir fátæku geta aldrei orðið lausir. Það er nú einkum þessi leyfisbrèfa sala, er gjörir aðalgreiníinginn milli meira og minna hlutans; sem sagt, mèr geðjast hún ekki, og mun eg því heldur hallast að meiri hlutanum og breytíngaratkvæðum við hann, er mèr kunna að líka.

Svo er nú húsmannamálið tvískipt hjá nefndinni. Þar get eg alls ekki aðhyllzt meiri hlutann, því mèr finnst hann fylgi því fram, er ekki getur staðizt samkvæmt gildandi lögum, svo sem þar hann segir, að einn geti orðið þegar í stað sveitlægur og hann fær leyfi sveitarstjórnar að setjast að í sveitinni, og aptur að annar geti aldrei áunnið sèr sveit; þetta væri þó ósanngjarnt, því þó hann aldrei svo, nema að nauðugri sveitastjórninni, næði dvöl í sveitinni, gæti auðveldlega svo farið, að hann kæmi sèr þar vel og yrði dugandis maður, og þó skyldi hann aldrei geta orðið þar að njótandi, að fá hlutdeild í hlunnindum sveitarinnar, þá því síður að öðlast þar hrepphelgi. Þetta skilst mèr að ekki geti staðizt.

Það er því stjórnarfrumvarpið og minni hluti nefndarinnar í húsmannamálinu, er eg verð að halla mèr að, og þá hallast eg heldur að minni hlutanum, með því skilyrði þó, að breytíngaratkvæði þíngmanns Suður-Þíngeyínga komist að; eg tala hèr um ekki meira, og mun greiða atkvæði í þá átt, er eg hefi sagt.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst breytíngaratkvæði mín fara mjög nálægt stefnu nefndarinnar. Það var tilgangur minn heldur að rýmka um, en fara þó ekki mjög langt fram yfir það, sem nefndin fór. Mèr fannst það óeðlilegt, úr því nefndin hafði þá stefnu að lina vistarskylduna, að hún skyldi innilykja þá undir vistarskyldunni, sem híngað til hafa verið lausir við hana, og þess vegna bætti eg við 1. grein. Í snöggu áliti sýnist þessi gr. koma í bága við 1. og 2. tölulið, en mèr sýnist rèttast að fella þá; það

yrði annars upptekníng af binu sama. *Framsögumaður* talaði um breytíngu mína undir 4. tölul., og skal eg taka það fram því viðvíkjandi, að það er reyndar satt, að nefndin hefir ætlazt til, að bóndinn skyldi losna undan vistarskyldu eptir 16 ár og hjúið eptir 20, og báðir flokkarnir skyldi mætast við 36 ár; en þetta kemur allt eins vel heim eptir breytíngaratkvæði mínu, þá losna hvorirtveggja við vistarskylduna um 30; þetta bið eg hinn háttvirta *framsögumann* að að gæta. Mèr finnst meiri ástæða til að gefa bóndanum meira leyfi, en hjúiuu, og þess vegna færði eg áratöluna niður í »5». En þar hjá skal eg leyfa mèr að geta þess, að eg vona, að hinn háttvirti *forseti* leiti um það atkvæða í tvennu lagi, því þó þíngið ekki fallist á, að bóndinn skuli vera laus eptir 5 ár, þá samþykkir það, ef til vill, að hann losni eptir 10. Eg hafði ætlazt til, að það væri í tvennu lagi, en það hefir kann ske verið óljóst orðað hjá mèr; en eg vona þíngmenn skili það. Viðvíkjandi 3. gr. meira hlutans, þá þótti mèr hún ekki nógu greinilega orðuð hjá nefndinni; mèr þótti sjálfsagt, að leggja mætti á þá aukaútsvar, og þótti mèr því betra að taka það fram. Viðvíkjandi 4. gr. meira hlutans, þá sýnist mèr eptir henni, að lausamennskan væri helguð með sektum; en eg vildi láta það sjást, að það væri ekki, og þess vegna gjörði eg þessa breytíngu. Yfir höfuð finnst mèr breytíngar mínar heldur vera til bóta, en þíngið ræður nú samt, hvað það gjörir við þær.

Guðmundur Brandsson: Það var altènd líklegt, að hinir gömlu og reyndu menn mundu halda með meira hlutanum, eins og hinn heiðraði þíngmaður Barðstrendínga gjörði, og verð eg að vera honum öldúngis samþykkur. Eg fyrir mitt leyti hefi heldur ekki mikið á móti breytíngaratkvæðum þíngmanns Reykvíkínga. Það mætti mótspyrnu hèr við undirbúníngsumræðuna, að meiri hlutinn vildi innilykja alla undir vistarskylduna, og voru þá einkum tekin fram embættismannabörn; eg sýndi þá fram á, að það er ekkert ósanngjarnt í því, því embættismannabörn hafa ekki öll svo mikinn auð, að þau geti haft uppeldi af honum, og mèr getur ei betur sýnzt, en að þau verði að vinna fyrir lífi sínu, eins og hver annar, ef þau eru ekki í því standi, að þau geti átt með sig sjálf. Inn á 1. tölul. á atkvæðaskránni vil eg ganga, og viðvíkjandi 4., þá læt eg það vera; eg er því ekki svo mótfallinn, því leyfisbrèfin vil eg fyrir hvern mun forðast; því ef þau eru, þá geta öll vinnuhjú, úr því þau eru 25 ára, orðið lausamenn. Því hefir verið slegið fyrir,

að það væri einúngis hinir ríku, sem þá yrði lausamenn, en eg held það yrði fleiri; eg held þeim þætti ekki mikið fyrir að taka til láns 1 hndr. á landsvísu, til þess að geta orðið lausamenn, því gróðinn væri ekki mikill af lausamennskunni, ef þeir gæti ekki unnið það upp. Viðvíkjandi aldrinum hefi eg ekki svo mikið á móti, að slaka til með hann, svo menn losni undan vistarskyldunni um 30; menn eru líka þá á frískasta skeiði og geta gipst, og þá eru þeir komnir til vits og ára. Mèr þykir það ekkert mæla með lausamennsku, eins og sumir hafa tekið fram, þó það sè lög í Danmörku; og eg er öldúngis mótfallinn, að menn kaupi það frelsi, er menn eiga að hafa. 7. tölul. finnst mèr óþarfur, því hann felst í 3. gr. meira hlutans. 9. breytíngaratkvæðið fer fram á að fella úr: »og gjaldi að auki eptir 3. gr.«, en bæta aptur inn í, að þeir sè skyldir að ganga í vist, sem berir verða að heimildarlausri lausamennsku; þetta getur ef til vill komið sèr betur, en eins og það er hjá nefndinni, og er eg því ekki harður á móti því. Viðvíkjandi minna hlutanum, þá skal eg hvorki mæla með honum nè móti; hann hefir líka fullöfluga talsmenn; en eg vona það verði einhver til þess að leggja á borð með okkur. Það er eitt hjá minni hlutanum, sem eg er tilleiðanlegur að ganga inn á; það er seinasti kafli 24. töluliðs, en samt þarf eg að hugsa mig betur um það, og fyrst heyra ástæður hins konúngkjörna varaþíngmanns því viðvíkjandi, því hann hefir ekki talað áður; eg fyrir mitt leyti er ekki vonlaus um, að það gæti aptrað flakki. Að því er snertir frumvarp okkar um húsmenn, þá sýnist mèr breytíngaratkvæði þíngmanns Suður-Þíngeyínga engu spilla, en gjöra heldur liðlegra, þar sem það fer fram á, að bæði utan- og innanhreppsmenn megi áfrýja máli sinu til sýslumanns; eg ætla því ekki að mæla á móti því, og yfir höfuð engu, sem eg sè, að heldur bætir, en skaðar.

Páll Sigurðsson: Eg verð nú að segja, að eg tók ekki til máls við undirbúníngsumræðuna, af því eg treysti mèr ekki til að tala í þessu máli, þar sem hèr liggja 5 frumvörp fyrir, því þó eg vildi taka eina grein úr einhverju þeirra, þá vildi eg ekki hina, og yrði þá að taka hana úr hinu, og yrði svo allt tómur vafníngur; eg ætla því ekki að fara út í einstakar greinir, heldur segja yfirlit yfir málið í heild sinni, eins og mèr frá mínu sjónarmiði virðist það. Eg skal þá fyrst taka það til, að lausamenn hafa ekki verið hèr til í lagalegum skilníngi; þeir hafa kann ske verið með leynd, en það hafa of þúngar eða óeðlilegar sektir legið við, ef

nokkrir yrði berir að lausamennsku. Mönnum er kunnugt, að hèr eru nýrædd og samþykkt ný hjúalög, og það má kann ske búast við, að þau gjöri þjóðbreifingu, þegar bæði húsbændur og hjú fara að sjá og skoða rèttindi sin og skyldur, og einkum af því húsaginn svo mjög var farinn að fara aflaga. Eg verð því að álíta, að betra hefði verið, að lausamannalögin hefði beðið í þetta sinn, og ekki komið inn á þetta þing; en það tjáir nú ekki að tala um það; það er komið sem komið er. Eg verð því að lýsa yfir þeirri aðalskoðun minni, að úr því hingað til hefir verið bönnuð lausamennska, þá sè betra að fara hægt, og þess vegna vil eg heldur aðhyllast skoðun meiri hlutans í aðalstefnunni, því mèr þykir nóg, að menn fái leyfi til að vera lausamenn 36 ára; en menn ætti þá ekki heldur að þurfa að kaupa þetta, þar það líkist því, að þurfa að kaupa sèr frelsi; því bæði er það, að húsagi er kominn í óreglu, og svo finnst mèr það ísjárvert, að í sömu andránni og menn eru að setja hjúalög og þannig binda rèttindi húsbænda og hjúa í millum með lögunum, þá undir eins að losa um þessi sömu bönd, því af því getur leitt, að allir vili verða lausamenn, í stað þess að venjast við að hlýða, og læra vel verklag og reglu, sem þeir eldri ætti að vera komnir lengra í að þekkja og virða. En má eg nú spyrja: hverir hafa verið lausamenn? Það hafa verið helzt spjátrúngar og letimagar; og að hvaða gagni hafa þeir orðið? Þeir hafa lifað á flakki og verið öðrum til byrði. Þessi lausamennska hefir mest færzt í vöxt, síðan verzlunin fór hèr að losna, og einkum síðan staðarlífið fór að eflast. Þegar þess konar menn hafa komið nálægt kaupstöðum, eða kynnzt þar, þá hafa þeir sèð handverksmenn vel búna, og hugsað með sèr: Svona vil eg vera; þetta er notandi líf; það er munur eða að vera að pæla torf og vinna óþrifaverk uppi í sveitum; það má skollinn þræla í því í minn stað. En hèr á að kippa fætinum undan húsbóndavaldinu með því, að losa þessi bönd, og húsbóndavaldið er þó undirrót alls fèlagslífs (*Jón Hjaltalín:* Bravó). Úngdómurinn verður fyrst að læra að hlýða, hvort sem hann verður yfirboðinn eða undirgefinn, því læri hann ekki að hlýða, þá kann hann aldrei að stjórna; eg álít því alveg nóg í bráð að fara eptir meiri hlutanum, fyrst málinu ekki var frestað, sem miklu betra hefði verið, fyrst það þá varð í 5 pörtum, þegar það kom. Það hefir verið talað um, hvort breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga væri rèttara; því neita eg, því til hvers höfum við þá verið að tala um óráðsmenn og óráðsmannagiptíngar? Þegar nú þessleiðis

maður giptist og býr í 5 ár, og á þeim 5 árum á hann 5 ómaga, og fleygir þeim öllum á hreppinn, þá má hann vera lausamaður, pilturinn sá. Það er nauðsynlegt, að úngdómurinn hlýði; það þekki eg af eigin reynslu, þó lítil sè; einmitt þeir hafa viljað vera lausamenn, sem engi vildi hafa, þeir örguðu ofan af fyrir sèr svo sem 4 eða 5 ár, náðu svo í einhverja stelpu eða áttu krakka, og urðu svo til bölvunar og þyngsla í fèlaginu; að þessu öllu ætti menn nákvæmlega að gæta, því eg veit, að allir vilja að góð regla og atorka gæti eflzt og aukizt í landinu, og hver sá bóndi, er lætur sèr hugfast að taka hèr í framförum, á það heiðursnafn skilið, að nefnast bústólpi. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að það yrði að gá að mannrèttinum; en eg segi líka þurfi að gá að þjóðrèttinum; og eptir ásigkomulagi þessa lands, álít eg nóg farið niður á við, að miða við 36 ára aldurinn; það er þó munur eða áður, er menn voru flengdir fyrir lausamennsku; en það álít eg nú ófært, að láta það varða skammarstraffi; eg vil öldúngis ekki fara niður í 25, heldur losa hægt og hægt, og sjá, hverir ávextirnir verða; það verður líklega aptur þíng, og þá má losa meira um, ef öllu þínginu finnst þar til yfirgnæfandi ástæður; verra er að fara langt í byrjuninni. Mín skoðun er því, ef eg annars gef nokkru atkvæði, að aðhyllast meiri hlutann, þó eg geti það ekki alstaðar, því eg vil losa um þessi albundnu bönd, sem hin fornu lög álitu skaðleg, nl. lausamenn, en þó losa með hægð. Eg vil setja, að einn er illa uppalinn; hann er orðinn 16 vetra, og kann ekki að hlýða; nú fer hann í vist þangað til hann er 20, en er enn ekki búinn að læra að hlýða, svo verður hann 25, og kann enn ekki vel að hlýða og ekki til algengra verka; ætli honum væri þá ekki betra að vera í vist, þangað til hann væri 30, ef hann kynni að lagast? Af hverju kemur það, að eptir kosníngarlögunum má ekki kjósa menn yngri en 30 ára; það er af engu öðru en því, að þeir eru álitnir að hafa meiri lífsreynslu; og ætli það mætti ekki líka dragast hèr undir. Eg fyrir mitt leyti gef ekki samþykki mitt til, að losað sè meira, en meiri hlutinn fer fram á; það er altènd hægt að bæta við seinna (*Sveinn Skúlason:* þegar búið er að drepa þá í vistinni). Það hefi eg nú aldrei heyrt. Mèr finnst nú engi hægðarleikur að fá heild út úr þessu máli, og vil helzt ekki gefa atkvæði fyrir neinu. Eg verð að lýsa því yfir, að mèr þykir það hart hjá meira hlutanum, að þeir, sem áður voru undanþegnir vistarskyldu, þeir eru nú undir henni, og mèr þykir það óeðlilegt, þegar á að

losa um suma, þá skuli menn herða á öðrum. Eg hefi nú lýst yfir grundvallarskoðun minni á málinu, og ætla ekki að fara út í atkvæðaskrána, því eg veit ekki, hvort eg gef nokkru af því atkvæði, sem á henni er. Eg er hræddur um, að þetta verði aldrei góð lög, og eg óska þinginu til lukku, ef það getur fengið heild út úr þessu, svo það verði góð lög.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði þingmaður hèlt nú snjalla ræðu, sem margt var gott og satt í; en eg get þó ekki verið honum samdóma í því, að lagafrumvarp það, sem hèr er umtalsefni, hafi verið óþarft, og að það mál hefði vel mátt bíða byrjar þangað til seinna, því það var þó almennt viðurkennt, að lögin um lausamenn og húsmenn væri komin í ruglíng, og ekki lifað eptir þeim, og það, sem lakast var, þeim var fylgt sumstaðar, sumstaðar ekki, eptir því sem hlutaðeigandi lögreglustjórn var skapi farin; það var því öll nauðsyn til þess, að á þessu yrði ráðin bót, með því líka lausamannalögin áttu ekki lengur við þann tíma, sem kominn er. Eg hefi sjálfur haldið fram persónulegu frelsi, og aldrei getað fellt mig við þann skoðunarhátt manna, sem hèr hefir verið á lausamönnum; en það má þó ekki sleppa öllum taum af málinu enn sem komið er hèr í landi, og það hjálpar ekki að fara algjörlega eptir því, sem nú er í Danmörku, hvar engi vistarskylda nú á sèr lengur stað; en menn eiga að fara svo frjálslega í málið, sem unnt er. Eg felli mig því betur við álit meiri hlutans að því leyti, að leyfisbrèfunum er sleppt; en þar á móti er vistarskyldan bundin, eptir meiri hlutans áliti, við of langt tímabil; en ef breytíngaratkvæði þingmannsins úr Reykjavík fengi samþykki þíngsins, þá þætti mèr málinu komið í frjálslegt og eðlilegt horf; en fái það ekki þíngsins samþykki, þá verð eg að álíta stjórnarfrumvarpsins og minni hlutans ákvörðun um leyfisbrèfin frjálslegri. Viðvíkjandi nefndarinnar uppástúngu um húsmenn, aðhyllist eg hvorki meiri nè minni hlutann, eins og eg er búinn að taka fram, en ræð þinginu til að aðhyllast stjórnarfrumvarpið, því ákvarðanir þess eru bæði eðlilegar í sjálfu sèr og miklu frjálslegri. Því það er hreinn og beinn ógjörníngur, að allt skuli vera lagt á vald sveitarstjórnarinnar um það, hvort hlutaðeigendur megi setjast að í sveitinni eða ekki; það leiddi af þeirri reglu hið fyllzta gjörræði; og eg leyfi mèr og að fullyrða, að stjórnin aldrei mundi aðhyllast jafnt ófrjálslegt fyrirkomulag í þessu efni, eins og nefndin hefir stúngið upp á. En eg skal ekki orðlengja um málið, en leyfa mèr að láta þá von í

ljósi, að þingið taka frjálslega í málið, og sýni með því frjálslyndi sitt og virðingu fyrir náttúrlegu frelsi manna.

Björn Þórarsson: Eg stóð ekki upp við undirbúningsumræðu þessa máls, því bæði urðu margir til að tala, en þingtíminnn svo naumur, að ekki gátu allir talað; enda finnst mèr það alveg óþarft, að hver standi upp á eptir öðrum til þess að »lýsa yfir samþykki« sínu, eða hafa upp sömu ástæðurnar með öðrum orðum. Eg fann ekki heldur hjá mèr köllun til að koma fram með breytíngaratkvæði. Eg hèlt málið mundi fá »góðan byr« á þínginu; hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* lýsti yfir svo hjartanlegri ánægju sinni yfir meira hlutanum, þángað til hann fèkk upplýsíngar frá þíngmanni Gullbríngusýslu og þíngmanni Borgfirðínga, sem honum einhvern veginn hefir sèzt yfir í ástæðum stjórnarinnar við frumvarpið; þá sneri hann við blaðinu, og þótti 1. gr. með öllu ótæk. Þíngmaður Reykvíkínga hefir nú reynt að bæta úr þessari 1. gr; en eg held að bændur samþykki greinina, eins og hún er, því þeim þykir, sem von er, svo vænt um »jafnrèttið«, ef þeir á annað borð ætla sèr að samþykkja meira hlutann, en ekki breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga. Eg verð nú að segja, eins og þíngmaður Rángæínga, að eg á bágt með að átta mig á öllum þessum frumvörpum. Það eitt er sameiginlegt með þeim, að þau öll, bæði stjórnin og meiri og minni hluti nefndarinnar viðurkenna vistarskylduna. En meiri hlutinn einn fer því fram, að engir geti *á löglegan hátt* losast við vistarskyldu, fyr en þeir eru 36 ára gamlir. Eg verð að segja fyrir mig, að þó eg álíti það sè hart band á náttúrlegu frelsi manna, þá held eg að það sè þó nauðsynlegt hèr, þar sem svo er lítið vinnuafl. Hèr vantar bæði vinnuhjú og líka verkfæri; það er allt öðru máli að gegna í öðrum löndum, þar sem þetta hvorttveggja er nóg; þar verður vinnuaflið að lúta í lægra haldi fjáraflinu; en hèr hefir þvert á móti fjáraflið verið ofurliða borið af vinnuaflinu, þrátt fyrir þessi bönd, sem á því hafa legið, og nú á að fara að losa. Eg get samt ekki fallizt á skoðun meiri hlutans, því bæði er hún ófrjálslegri, og svo held eg, að eptir henni verði bæði *fleiri* og *verri* lausamenn, samanber 2. og 4. grein, tölulið 3. og 4. á atkvæðaskránni. Þeir, sem verða lausamenn eptir meiri hlutanum, verða það í óleyfi laganna, og það munu helzt verða þeir einir, sem lakastir eru; þegar þess konar menn geta sloppið með 5 rd. sekt, þá held eg þeir víli ekki fyrir sèr að vera lausamenn. Mèr þykir því helzt að minni hlutanum, að hann hefir

sleppt þessu árlega gjaldi stjórnarfrumvarpsins, en ekki sett neitt í staðinn. En ef tölul. 12. yrði samþykktur, þá bætti það mikið úr, því hann vill hafa 30 fyrir 25 ár; það er meira band, og mun eg því ganga inn á þann tölulið. Mèr þykir það mjög ísjárvert, að taka undir sig stór stökk í löggjöfinni og steypa því allt í einu um koll, sem lengi hefir staðið; það er víst miklu hyggilegra, að breyta því smámsaman eptir kríngumstæðum og reynslu, þangað til að menn geta verið *vissir um*, að breytíngin verði til heilla, en ekki eyðileggíngar. Eg fyrir mitt leyti er ekki hræddur um, að það verði of margir lausamenn, ef bæði lögreglustjórnin og bændur sjá um, að þeir komist ekki upp á, að halda sèr uppi á flakki á veturna. Leyfisbrèf mundu þá ekki aðrir kaupa, en dugnaðar- og reglumenn, því þeir einir geta haft gagn af lausamennskunni. Og eg ímynda mèr, að fyrst hreppstjórar eiga að hafa helmíng af því fè, er lausamenn eiga að greiða, þá muni verða helmíngi betra *eptirlit* haft með þeim, og það er þó altènd það gott við þessa tilhögun, að með því er *loksins* fundið ráð til að *launa hreppstjórum*, og kalla eg því hèr vera slegnar tvær flugur, og *þær stórar*, í einu höggi. Viðvíkjandi frumvarpi meira hlutans um húsmennina, þá fundust mèr ástæður nefndarmanna við undirbúníngsumræðuna mjög veikar; en eg veit nú ekki nema hinn heiðraði konúngkjörni varaþíngmaður, sem þó ekki tók til máls, kunni nú að koma með aðrar kröptugri, og getur verið, að eg gangi inn á meiri hlutann, þegar eg fæ að heyra þær! Mèr virðist það mjög skrítið og gagnstætt nú gildandi lögum, að maður skuli verða hrepplægur á 1. ári; það er rètt eins og barn, sem verður sveitlægt undir eins og það fæðist á fæðíngarhreppnum; auk þess er það óeðlilegt, að nokkur hreppur skuli geta með úrskurði sínum komið meðlimum sínum upp á alveg óviðkomandi hrepp. Sama er að segja um minni hlutann, sem vill láta húsmennskuleyfið vera alveg komið undir úrskurði sveitarstjórnarinnar, því það álít eg öldúngis sama sem að banna mönnum húsmennsku; en það álít eg hreint ótækt, einkum í þessum góðu sjóplássum, þar sem duglegir húsmenn geta svo vel komizt af, og verið sjálfum sèr og öðrum til gagns.

Eg held t. a. m. að engum væri auðgefið, að fá húsmennskuleyfi í hrepp hins heiðraða þíngmanns Gullbríngusýslu. Breytíngaratkvæðið undir tölul. 35. þykir mèr hæta mikið, og mèr heyrðist jafnvel hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu ekki svo ófús á að

ganga inn á hann; en eg sè engan mun á því og stjórnarfrumvarpinu, því eptir því á sýslumaður að skera úr, eptir að hafa fengið álit sveitastjórnarinnar; þetta finnst mèr eins í greininni undir tölul. 35., nema í stjórnarfrumvarpinu er nefnt, að í Reykjavík skuli bæjarfógeti skera úr; og yfir höfuð finnst mèr stjórnarfrumvarpið betur orðað, að því er þá grein snertir. Að því er það snertir að fella úr seinustu málsgrein undir 38. tölulið, eins og farið er fram á í varauppástúngunni undir tölul. 37., þá skil eg ekki, hvað mönnum gæti gengið til að fella þetta úr; mèr finnst sú ákvörðun þurfa að vera, að sá, sem sezt að í húsmennsku, en er skyldur að vera í vist, komist ekki hjá sektum, sem fyrir lausamennsku. 1. gr. minni hlutans þykir mèr misskilningi undirorpin, því eptir henni hverfur alveg nafnið »bóndi«; en allir skulu kallast búsmenn, nema þeir, sem eru lausamenn, ef þeir hafa »heimili forstöðu að veita«, og eins embættismennirnir (*Guðmundur Brandsson:* Eg verð að biðja þingmanninn að gá að 40. tölulið). Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en eg mun gefa atkvæði í þessa stefnu, er eg hefi talað.

Pètur Pètursson: Eg skal ekki lengja þingræðurnar, heldur einúngis með fám orðum sýna, hvernig eg muni greiða atkvæði.

Hèr stendur fyrst breytíngaratkvæði þingmanns Reykvíkínga, þar sem hann vill, að vistarskyldan sè nákvæmar til tekin. En ef nú þetta breytíngaratkvæði verður samþykkt, þá sè eg ekki, hvernig það getur samrýmzt við tölulið 3. (1. 2.). Eg held það hefði beinlínis þurft að bera fram breytíngaratkvæði um, að fella það burtu, sem tekið er fram undir tölulið 3. (1. 2), því þar eru vissir menn undanteknir. Yfir höfuð sýnist mèr meiri hlutinn vera ófrjálsari en minni hlutinn og stjórnarfrumvarpið, því hann gjörir hverjum skylt að fara í vist; og eins og eg tók fram við undirbúníngsumræðuna, eru þeir ver farnir, sem stunda bókmenntir, þegar þeir eru búnir að ljúka sèr af, en meðan þeir voru að nema, t. d. ef hèr skyldi vera gamall vísindamaður, sem frægur væri um alla Norðurálfu, en ekki hefði embætti, heldur lifði af samskotafè vina sinna, þá er þessi maður skyldugur að ganga í vist, og þetta er þó vissulega mjög óviðurkvæmilegt. Það hefir verið mjög haft á móti leyfisbrèfunum, en eg get nú ekki skilið, hvers vegna; því þegar eitthvað er bannað, þá er eðlilegt, að þegar undantekníngar eru leyfðar, að þá sè borgað fyrir þær. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir haft á móti þeim, en ekki komið með neina ástæðu aðra, en þá,

að hann hafi verið móti þeim fyr. Þeir þingmenn, sem hafa haft móti þeim, hafa fært það sinni skoðun til gildis, að það væri svo hægt fyrir alla slóðana, að taka til láns 1 hnd. á landsvísu, til að kaupa leyfisbréf fyrir. Það er gott, ef svo mikil peningagnægð er til í þeirra héruðum; en leyfisbréfið kostar þó frá 20—30 rdl., og þar að auk, og eptir frumvarpi stjórnarinnar, er 4 rd. gjald árlega. Eg get ekki skilið í því, að bændur sè fúsir á að fleygja út 20 rd. handa hverjum, ekki einúngis fátæklíngi, heldur sannarlegum lausamanni; og eg held, að þessi hræðsla sè með öllu orsakalaus og ógrundud; mèr finnst enn fremur þessi máti eðlilegur, svo sveitarfèlagið fái fullnægu með sanngjarnri borgun.

Um húsmennina skal eg ekkert tala; þar er eg aiveg með stjórnarfrumvarpinu, en hvorki með meiri eða minni hlutanum, eins og eg einnig hefði getað fylgt stjórnarfrumvarpinu um lausamennina; en mèr finust þó minni hlutinn hafa bætt það nokkuð.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður sagði, að eg hefði ekki fært neinar ástæður gegn leyfisbrèfunum; en eg tók annmarkana, sem mèr þóttu á þeim, fram við undirbúníngsumræðuna, og þarf eg ekki að taka það upp aptur; en eg get þó svarað honum því, að hann tók ekki heldur neitt það fram, er sannaði ágæti hinna hèr umræddu leyfisbrèfa.

Benedikt Sveinsson: Mig furðar á því, að hinn heiðraði fulltrúi Borgfirðínga eigi skuli taka til máls; eg ætlaði að tala nokkur orð í þessu máli, áður gengið væri til atkvæða, og get eg þá eins gjört það nú þegar, eins og seinna, svo að hinn virðulegi fulltrúi Borgfirðínga geti átt seinasta orðið. Eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna, að okkur kæmi saman um það, að menn yrði að hafa 2 aðalundirstöðuatriði fyrir augum í þessu máli, almenn mannrèttindi og þarfir mannfèlagsins eður rètt hins opinbera. Eg sýndi líka fram á, að minna hlutanum hefði ekki tekizt að sameina þessi tvö atriði; en hann má með sanni segja, og þeir, sem honum fylgja, að þeir játi trúnni með vörunum, en afneiti hennar krapti. Þeir komast sumsè í berustu mótsögn við sjálfa sig, er þeir segja, að það fljóti af almennum mannrèttindum, að *engi* sè *skyldur* til að vera í vist, en heimta þó af mönnum, að þeir kaupi sig lausa með peningagjaldi frá þessari skyldu. Hvernig getur maður *keypt sig* undan þeirri skyldu, sem *ekki er til,* eptir minna hlutans meiníngu, vistarskyldunni, eður þá *keypt* það, sem maður *á,* almenn mannrèttindi? Svona má ei sameina mannfrelsi og fèlagsþörf, held-

ur þannig, að mannfrelsið takmarkist við þarfir fèlagsins, því af því má útleiða skylduna, og af skyldunni aptur, að það varði við lög, ef hún er brotin. Þessi mótsögn var nú vígið, sem þingmaður Borgfirðinga hröklaðist úr um daginn. Síðara vígið, sem hann kaus sèr, voru bin svokölluðu »*argumenta ad hominem*«, eður sannanir, sem menn gjöra helzt ráð fyrir, að menn muni fallast á, eptir kríngumstæðunum, þó þær eigi *ekki* við og sè *rangar*. Eg hefði nú vonað, að þingmanninum hefði farizt líkt og skyttunni, sem hann talaði um hèrna um daginn, og að hann hefði engan *hominem* hitt hèr á þingi; en eg held, að hann hafi eigi einúngis hitt suma þingmenn, heldur líka sært þá, því miður að mun, svo þeir þurfi læknis við. Eg kalla þá menn særða á þingina — þar sem menn eiga að sjá og segja um lög og lands gagn — er missa sjónar á grundvallarreglum þeim, er byggja verður á, ef vel á að fara. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður sagði, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefði ekki komið með *neinar* ástæður móti leyfisbrèfunum; en eg verð að segja, að ástæður *konúngsfulltrúans* voru næsta ljósar og skiljanlegar, þó þær væri stuttar; eg skal nú samt leyfa mèr að bæta nokkru við það, sem hann sagði. Lítum þá *fyrst* á þörf bændanna hèr á landi fyrir vinnu, því eg játa að hún sè til og að hún sè mikil; en hinn háttvirti 3. konúngkjörni sagði, að þessari þörf bænda væri fullnægt, ef lausamaðurinn borgaði leyfisbrèfið sitt. Eg vil þá spyrja hann, hvort fátækum bónda, sem þarfnast vinnu, sè það nóg, þó vinnumaður hans borgi í sveitarsjóðinn svo sem 30 rd., og fari svo frá honum? Það er hvorttveggja, að sveitasjóðurinn er annað en bóndinn, og svo er vinnan ekki sama sem peníngarnir; því halda menn hjú fyrir peninga, eður rèttara kaupa vinnu hjúanna fyrir peninga; hinn einstaki fær með öðrum orðum ekkert, heldur sveitarsjóðurinn; og hann fær aptur annað, en það, sem hjúið var skyldugt um fèlaginu, peninga fyrir frelsi, en eigi vinnu fyrir fè; og í þriðja lagi fær sveitarsjóðurinn það, sem hann eptir hlutarins eðli alls eigi *á*, þótt hann kynni að *þarfnast* þess í sjálfu sèr. En látum oss í annan stað skoða hag og þarfir hjúanna sjálfra. Því getur engi neitað, að það er aðalgallinn hèr á landi á húsmannsstjórn allri, að í henni skortir bæði hlýðni og reglusemi; það er ómissandi fyrir hvern úngan mann að læra að hlýða, því það er víst, *að sá, sem aldrei hefir lært að hlýða, mun heldur ekki verða vel fær um að segja yfir öðrum.* Þetta atriði leiðir mig lengra inn í fèlagslíf vort.

Það er gömul og góð setníng, að hver þjóð, sem vill skipa vel og viturlega um stjórn sína, og einkum sú, sem vill laga stjórnarfyrirkomulag sitt, á að réttu lagi að byrja á neðsta stigi, og færa sig svo upp eptir. Hið neðsta stig, eður undirstaðan, er barnauppeldið, það er vísir mannfélagsins; þá koma hjúin; úr góðum börnum og góðum hjúum verða góðir foreldrar, góðir húsbændur og góðir félagsmenn; og þeir einir eru færir um frjálsa stjórn í æðra skilníngi; þetta er sú eðlilega byrjun til allra sannnarlegra þjóðar framfara, en alls eigi sú, að byrja að ofan og skeyta ekki um undirstöðuna, svo að allt dettur um sjálft sig. Á þetta vildi eg benda mönnum, svo menn gengi eigi gruflandi að því, að meiri hlutinn hefir heldur viljað laga það, sem til er í landinu, með hlýðni og stjórnsemi, en að innleiða ástæðulaust sjálfræði, er menn kalla frelsi, og sem er ótímabær burður, eins og enn er komið hússtjórn vorri og högum. En það er enn eitt atriði, sem eg verð að taka fram og sterklega mælir með meiri hlutanum. Lögin eiga að vera sjálfum sèr samkvæm. Eigi menn að skilja lögin rètt, verða menn að þekkja eldri lög um það efni, sem um er verið að ræða, og menn verða líka að sjá sambandið millum hinna gildandi laga, einkum þeirra, sem um lík efni eru. En eigi þessi skilníngur og samband að fást úr lögunum, þá verða menn líka að gæta að því, þegar menn búa þau til, að þau verði ekki öll í molum. Ef maður nú ber saman meiri og minna hlutann í þessa stefnu, þá verða menn þó að játa, að meiri hlutinn hefir rèttara tillit, bæði til æðri laga og þeirra, sem nú gilda, en minni hlutinn; hèr *eru* og hafa verið lög um það, að mönnum sè skylt annaðhvort að ganga í vist, eður þá vera alveg lausir við alla vistarskyldu; en hvergi er það í lögum vorum gömlum eða nýjum tekið fram, að menn leysi *leyfisbrèf*, til þess að vera lausir við vist. Nú er þá að mínu áliti annaðhvort að gjöra, að halda vistarskyldunni hreint og beint, eður hefja hana; meiri hlutinn heldur henni, en minni hlutinn *vill* hefja hana, en gjörir í rauninni hvorugt, en hefur alla lagareglu hjá oss með þessari mótsögn. Meiri hlutinn heldur þannig vistarskyldunni og grundvallarreglu laganna, en hann vill að eins lina lagaregluna, svo hún verði mannúðlegri en áður; hann vill losa, áður en hann leysir, svo mannrèttindum sè eigi of nærri gengið fyrir þarfir bænda. Þá eru nú hjúalögin, sem eiga að verða í sambandi við þessi lög; þó þau sè, ef til vill, ekki eins nátengd þeim, eins og sumir álíta, standa þau þó í svo miklu sambandi við þau, að það má eigi al-

veg gleymast. Þau byggjast sumsè á því, að hjú gangi í vist, og það aptur nauðsynlega á því, að hjú sè skyld til að ganga í vist, því ella geta menn eigi gjört ráð fyrir neinu hjúi á þessu sjálfræðisins landi. Nú vill minni hlutinn hefja vistarskylduna, og því ekkert hjú hafa, svo menn sè hèr frjálsir menn, en eigi þrælar; en þá vil eg vekja athygli þingsins að því, að þegar það, sem lögin hljóða um, fellur burtu, þá falla lögin og sjálf burtu. Ef því minni hlutinn verður samþykktur, þá hefir þingið sannarlega verið að brjóta heilann í nýjum lögum, hjúalögunum, sem deyja áður en þau fæðast, af því það er ei til, sem þau skipa fyrir um; enda held eg að öðru leyti sè heldur eigi unnt, að láta hina sömu lagaskoðun og grundvallarreglu koma fram í þessum nýju hjúalögum og lausamannalögum minna hlutans. Eg vona nú, að þegar þingmaður Borgfirðínga gáir betur að, þá sjái hann að sèr, og láti sèr segjast af þeim ástæðum, sem eg hefi tilgreint, og einkum af sambandinu millum eldri og yngri laga, úr því hann er svo lögfróður maður. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en að því er atkvæðaskrána sjálfa snertir, þá er eg fús til að fallast á breytingaratkvæði þingmanns Reykvíkinga, því það mælir margt með þeim. Eg vil að eins geta þess, að ef A 1. verður samþykkt, þá þarf að fella tölul. 3. (1. 2.). Mèr er eigi sárt um að stytta tímann, eingöngu ef grundvallarreglan (*Princípet*) helzt; lögin geta verið rètt, og þó svo eins og mannúð krefur. Eg skal ekki fara mörgum orðum um húsmennina, en að eins leyfa mèr að drepa lítið eitt á ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* um þetta efni. Hann vill hafa frjálslynd húsmannalög; það vil eg líka; hann sagðist fallast á stjórnarfrumvarpið, af því það væri svo frjálslegt, og það byggði hann aptur á því, að það vildi láta yfirvöldin skera úr málum húsmanna, en eigi sveitastjórnarinnar. Eg þekki nú ekki sveitastjórnirnar, svo eg viti, hvað þær eru ófrjálslyndar. Þeim kann að vera í mörgu ábótavant, en slæmt er það, ef blessaðir hreppstjórarnir okkar eru *svo* ófrjálslyndir og meinbægnir, að þeir ekki vili leyfa húsmönnum að setjast að í hreppunum, svo framarlega sem eigi er hægt að sjá fram á hættulegar afleiðíngar af því fyrir sveitarfèlagið; en sízt ætla eg að hreppstjórarnir sjái má ske betur en yfirvöldin, hvað sveitinni *hentar* bezt í þessu tilliti. Og hvað sem um þetta er, þá er það á hinn bóginn ísjárverð regla, að vilja gjöra öll mál og málsúrslit hèr á landi sem flóknust og vafníngamest. Ætla það væri ekki ólíkum mun rèttara og hentugra að

gjöra þau svo einföld og greið, sem unnt er? Viðátta landsins og samgönguleysið bendir sannarlega á þá reglu, að smá mál fái úrslit sín, þar sem þau gjörast hèr á landi. Eg vona einnig, að sveitarstjórnirnar hagi sèr svo, að ekki þurfi að taka aptur af þeim það vald, sem þeim yrði einu sinni veitt í þessu eður öðrum efnum. Þessi ástæða finnst mèr nú fullt eins gild og ástæða hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*. Þar sem hann enn fremur sagði, að meiri hlutinn væri ófrjálslyndari en minni hlutinn, þá get eg ekki verið honum samdóma, því meiri hlutinn vill einmitt girða fyrir það, sem hann óttaðist, að sveitarstjórnin geti meinað mönnum um skör fram, að setjast að sem húsmenn, og eg fæ ekki betur sèð, en að honum hafi tekizt vel í því, að girða fyrir þenna anmarka. Viðvíkjandi því, sem einn þíngmanna lèt í ljósi, að tillögur meiri hlutans væri svo andstæðilegar gildandi lögum um það, að ávinna sèr framfærsluhrepp, þá vil eg benda honum á það, að það er eðlilegt, þegar um ný lög er að ræða, að þau víki frá hinum eldri lögum, því ella væri þau ónauðsynleg; hitt hefði verið annað mál, ef þíngmaðurinn hefði sýnt, að þessi *breytíng* væri óeðlileg, sem meiri hlutinn fer fram á, en það er ógjört af honum.

Arnljótur Ólafsson: Hèr liggja fyrir 6 frumvörp, og eg skal þegar í upphafi gjöra þá almennu athugasemd, að annaðhvort er að taka eitthvað þeirra heilt eða ekkert úr þeim. Eg skal þá fyrst snúa mèr að lausamönnunum, og þá vil eg spyrja: hvert er ágreiníngsefnið þar milli meiri og minni hlutans; er það eigi það: hvort vèr viljum hafa lausamenn eða ekki, og hvort vèr viljum hafa þá gegn lögum eða að lögum? Minni hlutinn vill hafa þá að lögum, en meiri hlutinn vill líða þá en ekki leyfa. Þegar um það er að ræða, hvort vèr eigum að hafa lausamenn eða ekki, þá kemur fyrst til greina mannrèttur inn og mannfèlagsrètturinn, og ekki einúngis það, heldur er og að rannsaka, hver þessi mannfèlagsrèttur sè. Er það rèttur allra landsmanna? Eg segi *nei!* því hin giidandi lög hafa lagt vistarskylduna mönnum á herðar fyrir sveitabændur eina, og því er það ekki fèlagsrèttur, að heimta vistarskyldu, heldur rèttur einstakrar stèttar í landinu; fyrir því er og heldur eigi rètt, að leggja vistarskylduna öðrum á herðar en sveitamönnum. Þá kemur næst til skoðunar, hvað sè haganlegast fyrir þjóðfèlagið; er það að kúga menn í vist, eður að gefa mönnum frelsi til að mega vinna, hvar sem þeir helzt vilja? »Vinnan er peníngar«; en hvað eigum vèr þá að gjöra, til þess að fá sem mesta

vinnu? Er það að segja: þú skalt vinna hèr, og þú skalt vinna þar, en ekki annarstaðar? Nei! »hver er sjálfum sèr næstur«, og getur því bezt sèð, hvað honum er haganlegast. Ef almenníngur hefir vit fyrir hinum einstaka, eða sèr betur en hann, þá ætti að gjöra alla ómynduga, og það vill þó víst engi gjöra.

Til eru og önnur lög, og það er keppnin í hverju sem er, hvort það er heldur í vinnu eður verzlun, og keppni þessi er áreynsla eður aflgeisli mannfrelsisins. Ef maður setur nú bændur í fèlag, og alla vinnandi menn í annað fèlag, þá kemur upp eðlileg keppni milli *fjáraflans* og *vinnuaflans*, milli þess, sem hefir fèð og vill kaupa vinnuna, og hins, sem vinnuna hefir, og vill selja hana; og bændur vilja þá fá sem mesta vinnu fyrir minnst kaup, en hinir láta hana fala fyrir sem mest kaup, því hið sama lögmál ræður gjörðum manna hèr, sem í öðrum kaupum og sölum. Hafi menn nú viljað almennt verzlunarfrelsi; hví vilja menn þá eigi þessa grein kaupfrelsisins? Það hefir æfinlega reynzt, að menn eru hræddir við breytíngar, en það hefir og reynzt, að allar grýlur um skaðann hafa ofsjónir einar verið; eg get ekki fært til þessa dæmi hèrlendis, er sè sem hnittnast; en þó vil eg til nefna verzlunarlögin. Þá er verzlunin var frjáls gefin, voru menn hræddir um að svo mundi fara, að annaðhvort allir menn eður engi mundi híngað verzlun sækja; en það fór ei svo, því allt laut lögum náttúrunnar; hver einstakur hlaut að sjá sinn hag og sá hann. Eins var í Danmörku, þegar bændaánauðinni var lètt af; þá sögðu margir: »bændur fara þegar í stað á hausinn, því þeir eru hinir mestu letíngjar og hirðuleysíngjar«, eins og sagt er um lausamennina hèr; en reyndin varð önnur, því bændur reyndust hinir beztu drengir, og eru nú orðnir *bændavinir*. Þegar ófrelsi er, þá eru tveir flokkar, hinn frjálsi og hinn ófrjálsi, sá sem hagurinn er fyrir, og sá er órèttinn líður. Sá sem órèttinn líður, hann verður óreglusamur ónytjúngur, hirðulaus og skeytíngarlaus, því hann verður jafnan sem milli steins og sleggju. Hinn, sem lögin eru í hag, kennir í brjóst um hinn auma, gefur honum að borða, og sèr í gegnum fíngur við hann. Afleiðíngin verður sú, að báðir missa í og bíða óhag af, og þetta elur upp slóðaskap og leti á eina hönd, en rangsnúna auðmýkt á aðra. Ef vèr trúum því, að mannlegt frelsi sè gott, þá verðum vèr og að trúa því, að afleiðíngar þess sè góðar, en afleiðíngar ófrelsisins vondar og til skaða. Þetta sýnir og mannkynnssagan nógsamlega.

Af því að hinn konúngkjörni varaþíngmaður sagði, að lögin

um lausamenn hjá minni hlutanum væri móti eldri lögum, þá vil eg leyfa mèr, að fara nokkrum orðum um rèttarsögu vora, og vil eg þá byrja á elztu lögum vorum, Grágás. Er þar boðin vistarskylda? Eg segi nei (*Benedikt Sveinsson:* Hver sagði það? en leyfisbrèf?). Þar er tekið fram, að menn þurfi ekki að fara í vist, nema menn vili, og á hverjum tíma árs, sem menn vili, og svo lengi sem menn vildi í senn; en þar er hvergi dæmi til, að menn væri flengdir í vist. Það eru mörg dæmi upp á lausamenn, sem voru dugandismenn, t. d. *Oddur á Mel;* hann var ekki ónýtur, þó hann væri laus. Svo er Jónsbók; þar var boðin tveggja missera vist. Íslendíngar vildu fá það afnumið, og vildu frjálsir vera, og því var tveggja missira vist síðan úr tekin bókinni. En nær fer þetta að komast á? fyrst seint á 15. öld, og einna fyrstur er einn dómur; það er hann *píningsdómur* frá 1490. Síðan er smátt og smátt verið að herða böndin, eptir því sem Íslendíngum var sífellt að hnigna; en aðallagaboðið er frá 19. febr. 1783; sama árið og eldgosið mikla var á Íslandi og Íslendíngar voru rètt komnir í dauðann, þá kom þetta mikla »*princip*« upp, er menn eru hèr að skýrskota til og tilbiðja sem hina ágætustu frumreglu laganna. Hèr af má sjá hið almenna lögmál, að menn fara að vera ófrjálslegir, þegar þeir eru sjálfir orðnir ófrjálsir. Síðan kom þó út úrskurðurinn frá 1808, og þótti hann ekki góður (*Benedikt Sveinsson:* Þíngmaðurinn hefir einmitt sannað það, sem eg sagði, að leyfisbrèfin þekkist alls eigi í löggjöf vorri fyr nè síðar). En mannfrelsið fór fyrst að roða á fjöll, þegar Reykjavíkurpósturinn kom út (*Benedikt Sveinsson:* Er Reykjavíkurpósturinn núna orðin lög? Hèlt hann fram leyfisbrèfum?). Raunar hafði áður komið út mikil ritgjörð i *búnaðarriti húss- og bústjórnarfèlags suðuramtsins* um húsmenn og lausamenn. Ritgjörð þessi var vel samin, sem von var af þeim, er samdi, því hún er eignuð öðrum, en samið hafði. Í ritgjörð þessari má líta allan þann sæg af alþíngissamþykktum, konúngsbrèfum og tilskipunum, er út hafa runnið yfir höfuð og frelsi húsmanna og lausamanna. En eg vona að sú ritgjörð sè saga eður líkræða yfir liðin lög, en ekki til þess að þau rísi aptur á fætur í nýju lagaboði. Nú kom þá Reykjavíkurpósturinn; hann var frjálslyndur og hèlt með húsmönnum og lausamönnum; og af því þá var nýorðið til lagaboð í Danmörku, sem tekur til 28 ára aldurinn, þá allir mætti lausir vera, þá vill og Reykjavíkurpósturinn taka hann upp; en síðan komu út í Danmörku vinnuhjúalögin 1854, er gjöra alla

18 vetra gamla að lausamönnum og aftaka hin fyrri lagaboð. Nú hefi eg leitt rök að því, sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður kom mèr til að skýra frá, hvað hafi verið lög, og hvað nú sè lög. En hvað á nú að gjöra? Eigum vèr að halda lögunum, og að eins hafa minni sektir, og þannig fara eptir hinum verstu tímum og verstu lögum vorum; eða eigum vèr að fara eptir hinum beztu tímum og frjálsustu og hinum beztu lögum vorum? Það hið síðar talda gjörir minni hlutinn. Eg verð að taka það enn upp, að hin gildandi lög gefa bændum vald til að selja börn sín í vist, svo þeir geti fengið hjú; því bændur geta því að eins fengið hjú, að þeir seli börn sín fram undir ánauðarok vistarskyldunnar, og það mun þó hljóta að þykja þúngt til að vinna. Svo eg minnist á leyfisbrèfin, þá segi eg það satt, að eg vil helzt engi leyfisbrèf, því það er náttúrurèttur hvers manns, að mega vinna sèr brauð með höndum sínum; en fyrst vèr ekki þorum eður getum orðið svona frjálsir allt í einu, þá þykir mèr það næst, að geta keypt það, sem maður á með öllum rètti ókeypis. Hinir beztu hændur hèr á landi eru líka farnir að sjá, að sú regla sè haganleg, að hver megi verka og vinna hvar sem hann vill, að minnsta kosti játa Húnvetníngar það, að kaupamennirnir, sem þar eru lausamenn, hafi komið þeim upp, eður að lausamennirnir hafi kennt bændum að búa, eins og þíngmaður Suður-Þíngeyínga komst svo vel að orði. Eg vil því *leyfa* en ekki *líða* lausamennsku, og segja: »*góðmennskan gildir eigi*« o. s. frv. Maður getur ekki haft í sèr kjark, nema maður sè frjáls, og maður getur varla fengið af sèr að beita kjarki við annan, nema hann sè frjáls; þetta sèst bezt á Englendíngum; þeir segja, að annaðhvort sè að lifa eða drepast.

Eg skal svo víkja mèr að atkvæðaskránni og þá fyrst að 3. tölul. 2. atr. hjá meiri hlutanum, er svo hljóðar: Þeir, sem fullnuma eru í þeirri mennt eður iðn, *veiti hún þeim atvinnu*. En hver á að rannsaka það? lögreglustjórnin líklega, en sú rannsókn hygg eg að verði vandasöm og margbrotin, og þó til lítils gagns. Þá er 8. tölul., er ekki hljóðar um annað, en að lausamenn gjaldi það, sem þeir eru skyldir að gjalda eptir lögum. Það er næsta þarflaus lagagrein. Um 4. gr. skal eg ekki tala framar. En »*prinsípið*« er þó það að mega brjóta lögin. En hver er nú munurinn, er menn bera það saman við leyfisbrèfin? Ef leyfisbrèfin eru, þá verða hyggnir og dugandis menn lausamenn, en eptir meira hlutanum slóðarnir, er engi vill taka í vist, eður þeir aðrir, er ekki

skeyta, þó þeir brjóti lögin ár eptir ár, því ekkert er aðhaldið. Eru þá sakalögin fyrir alla? þau eru fyrir þá einu, sem brjóta, en ekki hina, er hlýða þeim; en nú vill meiri hlutinn gefa lög fyrir menn, til þess að brjóta þau viðstöðulaust, en minni hlutinn vill gefa lög um leyfisbréf fyrir þá, er kaupa vilja eður öðlast rètt, en eigi til handa þeim til að gjöra órètt. Við minni hlutann er ekki komið nema eitt breytíngaratkvæði og sýnir það, að hann hefir verið óaðfinnanlegri en meiri hlutinn, sem fengið hefir svo mörg; þetta breytíngararatkvæði get eg fyrir mitt leyti vel fallizt á með því skilyrði, ef leyfisbrèfin fèlli þá niður. Eg skal svo ekki þreyta þíngið á umræðum um húsmennina, en að eins lýsa því yfir, að eg heldur halla mèr að stjórnarfrumvarpinu en meiri hlutanum, enda efast eg um, að hinn háttvirti konúngkjörni varaþíngmaður sè búinn að sannfæra þíngmenn um ágæti meira hlutans.

Indriði Gíslasson: Það er nú hvorttveggja, að tíminn er orðinn naumur, og allt er rekið í mann í bögli svona undir þínglok, eptir að lengi ekkert hefir verið að gjört, enda á eg bágt með að átta mig í þessari rekkjuvoð. Þegar eg lít til þessara tveggja sona, meiri og minni hlutans, þá held eg megi nú segja, að sitt sè að hvorum þeirra; en þó finnst mèr minni hlutinn langtum betri. Þegar eg lít til tölul. 3. (1), að menntaðir menn sè ei skyldir að ganga í vist, ef þeir geti lifað af menntun sinni, þá þykir mèr nú, eins og hinum 3. konúngkjörna, óviðurkvæmilegt, að eptir þessu skuli vísindamaður, sem alveg lifir fyrir vísindin, en lifir á samskotum ættíngja sinna og vina, verða skyldaðir að ganga í vist. En ef vèr nú skoðum hið gagnstæða, þá er auðsèð, að það er ekki nóg að vera settur til mennta, ef menn eigi geta haft atvinnu af því; það er ekki nóg að vera settur til að læra bókband eða annað handverk, ef menn ei geta lifað af því; þetta mundi því gefa tilefni til mestu lausamennsku og flakks; menn þyrfti þá ei annað, en segja, að þeir hefði verið settir til þeirra og þeirra mennta, svo geta þeir flakkað um allar sveitir, og selt bækur og tvinnastokka og annað þess konar, og legið þannig eptir vanda ókeypis upp á bændum. Eg er því alveg á sama máli og þíngmaður Rangæínga, og hafði að mörgu leyti hugsað mèr sömu orð sem hann. Þíngmanni Reykvíkínga hefir nú þótt tíminn of langur, og tekið sèr breytíngaratkvæði um hann; en eg held, að það sè nógur tími fyrir þá, til að vera lausir, þegar þeir hafa búið 15 ár, og hafa svo kann ske flosnað upp; ef sveitarstjórnin segir við þá: »þú mátt

ekki flakka«, þá segja þeir: »þú getur ekki bannað mèr það; mèr er leyft það í lögunum». Að því er vinnumennina snertir, þá held eg tíminn megi ekki vera styttri, en 20 ár; þeir hafa getað verið að flækast úr einum staðnum í annan, og verið 1 ár í hverjum stað, en þó verið alltaf í vist, en geta verið alveg ófærir til lausamennsku. Þegar eg kem nú til 11. tölul., og ber saman 5. og 7. gr., þá lízt mèr nú ekki á; það á þó víst að girða fyrir lausamennsku með þessu; í seinni hluta 7. gr. stendur: Nú bíðst engi vist o. s. frv., og er hann þá laus við vistarskylduna til næsta hjúaskildaga; en í 5. gr. stendur, að ef húsbóndi hylmar yfir með lausamanni eða hýsir hann 3 nóttum lengur, skal hann sektast allt að 5 rdl. *(Guðmundur Brandsson:* Ólöglegum lausamanni); já, hvar á hann að vera? hann getur þó eigi legið á klakanum, og þarf þó ekki að vera í vist; og þó er bóndi sektaður, ef hann hýsir hann 3 nætur *(Guðmundur Brandsson:* Þetta er misskilníngur); það er hvergi gjört ráð fyrir, hvað eigi að gjöra af þessum mönnum. Eg veit ei, hvort hreppstjóri á hægt með að sjá þeim fyrir vinnu, ef þeir losna einhverra orsaka vegna úr vist eptir jól; svo eg get nú ekki annað en álitið, að þó eitthvað af þessu yrði gefið út sem lög, þá væri engi bót í því, þó því væri hrært hverju innan um annað; svo yfir höfuð mundi það verða meir til að losa um lausamennskuna, í staðinn fyrir að ætti að herða að henni; því það vita allir, hvílíkt átumein hún er í landinu. Þar sem þíngmaður Borgfirðínga sagði, að menn eins og álitu, að allir lausamenn væri ónytjúngar, þá held eg óhætt sè, að álíta svo; þeir sem lansir eru, gjöra það flestir vegna makindanna, til þess að hafa ekkert að gjöra; þeir vita sem svo, að bændur hýsa þá fyrir ekkert, og svo geta þeir lifað náðugu lífi; en hvar er nú hèr ráðin bót á þessu? hvergi; menn geta nú einmitt, langtum betur en áður, verið lausir, því nú geta menn það í laganna nafni; þeim eru líka opnaðar hentugar dyr í minni hlutanum með leyfisbrèfunum; þeim verður hægt að svíkja einhverstaðar út 1 hndr., og þá má engi tala um, þó þeir sè lausir. Auk þessa er þetta sú sterkasta hvöt fyrir hreppstjóra, að vera linari með eptirlit með þessum mönnum eptir en áður, og jafnvel eggja menn á lausamennskuna, því það er vatn á þeirra mylnu, að sem flestir sè ólöglega lausir, því þeir fá helmínginn af gjaldinu. En úr því nú er farið að breyta frá þeirri lagareglu, sem áður hefir gilt í þessu efni, þá held eg sè bezt, að láta menn vera alveg frjálsa og óbundna, ef að bænd-

ur þá kynni heldur að verða knúðir til samtaka, með að hýsa þá ekki fyrir ekki neitt, eins og hingað til; það er ekki annað að því, en að bændur verða fyrir hallanum, meðan þeir ekki kunna að brúka þá, og verða því fèþúfa þessara manna, í staðinn fyrir, að hið mótsetta ætti að eiga sèr stað; svo þó þetta lagaboð eigi að verða til gagns, þá sè eg ekki, að neitt gott skíni út úr því; samt ætla eg langtum heldur að halla mèr að minni hlutanum, úr því það auðsjáanlega gengur í gegnum þingið hvort sem er.

Jón Pètursson: Eg lèt við undirbúningsumræðuna álit mitt í ljósi, bæði um lausamenn og húsmenn, og tók fram, að skoðun mín á málum þessum væri einkum byggð á því, að ekki bæri að þröngva að mannlegu frelsi meir, en fremst væri nauðsyn til. Þingmaður Borgfirðinga og hinn 3. konúngkjörni og margir fleiri hafa nú talað svo ljóst um þessi húsmannalög, að eg get ekki neitt bætt það; eg ætla að eins að taka upp helztu mótmæli móti minni hlutanum í lausamannalögunum; það var nú fyrst, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* aðhylltist meiri hlutann, af því hann væri frjálslegri, og af því að hann vildi sleppa leyfisbrèfunum. En það er aðgætandi, að meiri hlutinn vill ekki hafa leyfisbrèfin, af því hann vill ekki gjöra mönnum mögulegt að vera lausir, og það get eg ekki skoðað sem frjálslegt, nema ef það er frelsi að þvínga mönnum í vist; þó menn sè látnir borga dálitið fyrir frelsið, get eg ei skoðað það sem ófrjálslegt, heldur hitt, að leyfa mönnum ei, hvað sem í boði er, að fá frelsið. Það verður því eitthvað að mæla með meiri hlutanum, annað en frelsið. Það á þá líklega að vera það, að meiri hlutans ákvarðanir sè nauðsynlegar, svo húsbændur geti fengið vinnuhjú. *Framsögumaður* sagði, að bændur þyrfti vinnu við; það er satt; en ætli lausamenn vildi ekki vinna fyrir kaup; það held eg víst, og bændur mundu þá víst geta fengið nóga vinnu, þó nokkrir væri lausir. Það er haft móti leyfisbrèfi, að það sè ekki góð regla, að selja eða kaupa mannrèttindi, en það er þá ekki betri regla að kúga þau.

Eg skal nú tala fátt um húsmennina; eg vil að eins fara fáum orðum um meiri hlutann; skoðun hans byggist á því, að hver maður, sem getur haft ofan af fyrir sèr sjálfur, megi vera þar, sem hann getur komið sèr fyrir, og þurfi eigi að sækja leyfi til þess, hvorki til sveitastjórnarinnar þar, nè yfirvalds; þetta held eg sè almenn regla um allan hinn siðaða heim. Eg veit að vísu, að það var einu sinni bannað í Danmörku, að vissir Gyðingar mætti koma

þangað eða dvelja þar, nema þeir fengi þetta leyfi. Að banna mönnum húsmennsku, getur einúngis réttlætzt við það, að þessi staða sé svo hæpin, að, ef maðurinn fær fjölskyldu að annast, sé öll líkindi til, að hann flosni upp, og verði félaginu til byrðar; en hvaða félagi? Því félagi, sem hann hefir framfærisrétt í. Það sýnist því eðlilegast, að ef hann á að sækja um þetta leyfi, þá sæki hann það til fátækrastjórnarinnar í þeim hreppi, sem byrðin af honum hvílir á. En lög vor um framfærsluhreppana, sem segja, að menn geti orðið sveitlægir í einum hreppi eptir nokkura ára dvöl þar, og þannig velt framfærsluskyldunni yfir á þenna hrepp, eru þessari grundvallarskoðun til nokkurrar fyrirstöðu. Ef menn nú eigi vilja breyta þessum lögum neitt að því er húsmenn snertir, þá væri að vísu eðlilegast, að samkomulag gæti orðið milli þeirrar sveitar, sem húsmaðurinn vill setjast að í, og þeirrar, sem hann á framfærslurétt í; en þvílíkt samkomulag getur þó varla átt sér stað, svo að ef menn enga breytíngu vilja gjöra á hinum nú gildandi lögum um framfærsluskylduna, þá verður réttast að fela 3. manni að skera úr þessum tilfellum í hvert skipti, og það verður þá eðlilegast, að fela það yfirvaldinu. Ef menn því ei ganga inn á meiri hlutann, verð eg nauðbeygður til að ganga inn á stjórnarfrumvarpið, og eg er því ei fjarlægur, ef fleiri þíngmenn gjöra það sama; því eg get ei séð, að minni hlutinn í húsmannalögunum sé eins frjálslegur eður réttur í skoðun sinni, og stjórnarfrumvarpið; því hvernig getur það verið rétt, að fátækrastjórnin megi leyfa utanhreppsmönnum að taka fyrir sig svo hæpna stöðu, sem húsmannastaðan er, þrátt fyrir mótmæli sveitarstjórnarinnar þar, sem byrðin hvílir á, eður að henni fornspurðri, og reka þá síðan að nokkrum árum liðnum aptur á framfærsluhreppa þeirra? Eg geng ekki inn á breytíngaratkvæðin, en held mér fast við minni hlutann í lausamannamálinu og stjórnarfrumvarpið í húsmannamálinu, af því eg sé að meiri hlutinn muni ekki geta gengið í gegnum.

Jón Hjaltalín: Þegar eg sé öll þessi skjöl, dettur mér í hug það, sem *Shakspeare* sagði: *There is something rotten in the state of Danemark* (það er eitthvað rotið í Danmörk). Eins held eg megi nú segja: það er eitthvað rotið á Íslandi. Eg ætla nú ekki að fara að rekja sögu lausamannanna frá þessum góða þvíngunardómi og til ritgjörðarinnar í Reykjavíkurpóstinum, en ætla að eins að fara í aðalatriði málsins. Eg sé nú, að stjórnin og minni hluti nefndarinnar hafa viljað gjöra við þessari rotnun; en eg held það

megi segja um það, að þessum lausamannagörmum sè eigi gott við að bjarga. Mèr sýnist nú sami gallinn vera á meiri og minni hlutanum, þó það sè meira á einum stað en öðrum hjá hvorum fyrir sig. Eg ætla nú að taka ljóslega fram, hvað eg hefi á móti löggjöfinni um lausamenn; þeir sem tala á eptir mèr, geta þá hrakið ástæður mínar, eða útfært þær betur, ef þeim þykja þær á rökum byggðar. Það er þá fyrst, að mèr sýnist, að það að banna mönnum að vera lausir, sè það sama, sem að banna mönnum að leita atvinnu sinnar á náttúrlegan hátt, og er það á móti öllu mannlegu eðli, og á móti því, sem drottinn sagði: í sveita þíns andlitis skaltu þíns brauðs neyta; þetta á nú maðurinn ekki að geta eptir vorum lögum, heldur verður hann að fara í einhvern kotrássinn, sem hreppstjóri eða sýslumaður skipar honum, eða þá vera boðinn upp, eins og kerald eða eitthvert amboð; þetta er sannarlega, virðist mèr, það sama, sem nærfellt að fótumtroða mannleg rèttindi. Eg þekki engi grundvallarlög í öðrum löndum, þar sem þetta er ekki fyrsta atriðið, »*að atvinnan sè frjáls*«. Það er satt, að letiófrelsi er víða til, en það er allt annað. Eg gæti lesið kafla upp á þetta úr lögum Dana; sjá grundvallarlög þeirra; og þessum lögum höfum vèr kastað; og þá er líkt þessu í grundvallarlögum allra menntaðra þjóða; það er sannarlega betur farið en heima setið, eða hitt heldur þó, þegar menn kasta frá sèr frjálsum grundvallarlögum og fara svo að búa til ófrelsislega löggjöf. Þingmaður Borgfirðinga hefir sýnt ljóslega, að atvinnufrelsið er alstaðar til lukku og blessunar, eins og lausamannsklúðrið á Íslandi er til bölvunar og ólukku einnar; þetta er von, því það er á móti mannlegu eðli, móti venju allra siðaðra þjóða og móti sannri reynslu lands vors. Enda er það, að það hefir verið bundið, sem ei átti að binda. Það eru heimspekileg sannindi, að við mennirnir erum svo, að vèr viljum helzt það, sem er bannað: »*Nitimur in vetitum semper cupimusque negata*«, einkum þegar það er bannað, sem vèr höfum fyllstu rèttindi til. Þessi lausamannalög, sem vèr höfum haft, gjöra að minni hyggju landinu meiri smán og skaða, en menn halda, því þau eru grundvöllur fyrir því, sem allir hafa klagað yfir, sumsè öreigagiptingum og kotúngsskap. Eg var á mótl því á alþingi 1859, að letíngjum og ónytjúngum væri gefið leyfi til að skatta bændur, en bændur gefa þeim sjálfir vopnin í hendur, því í staðinn fyrir að segja við þá: »farðu og hafðu ofan af fyrir þèr, hvar sem þú vilt með ærlegu móti«, þá segja þeir: »vertu þarna; ef þú getur ei

fengið að vera hjá Páli, þá hjá Pètri, og svo, ef það gengur ekki, hjá Jóhannesi, og svo koll af kolli, nema ef þú villt taka þèr ektafrú, þá máttu vera laus, góðurinn minn, já vili einhver lausakonan taka þig að sèr þá megið þið bæði vera laus«!!! Þá er nú á hinn bóginn rúsínan í endanum, þar sem er 1. gr. í húsmannalögunum; fyrir þeirri grein held eg geti setið með góðri samvizku; húsmaðurinn á að geta setið með allt sitt hyski, þar sem hann er kominn; ef þetta er ekki á móti allri reynslu, þá veit eg ekki, hvað það er. Eg vil taka eitt dálítið dæmi; það getur þó verið þúngt, ef duglegur maður, sem á efnilega syni, deyr, og synir hans eru komnir undir tvítugt, og þeir kynni að vilja halda áfram í sömu stefnu og faðir þeirra, ef þeir mætti vera sjálfráðir, þá skuli hreppstjórinn mega segja: þú skalt í vist, strákur! hvort sem þú vilt eða ekki; það getur raunar verið, að það sè þá góð vist, en »það er misjafn sauður í mörgu fè«, svo það er allt eins að búast við, að hún geti verið slæm, *já ótæk.* Drengurinn verður samt að hlýða, ef hann á ei að verða flengdur, nema svo sè, að hann geti keypt sig lausan. Ef hann er svo ríkur að hann geti keypt sig lausan, þá getur hann sloppið hjá, að fara í vist til einhvers kotúngsins, þar sem kunna að vera mestu óþrif og óregla, og jafnvel sultur og seyra. Að þessu leyti er því minni hlutinn skárri en meiri hlutinn, því hjá honum hefir pilturinn ekkert undanfæri; menn geta þó sloppið eptir minna hlutanum við hýðíngu, ef menn hafa penínga, og það er þó skárra en ekki neitt; en mèr líkar hún samt engan veginn fyrir það, og fá lönd held eg að sè nú á dögum, er hafi slíka löggjöf, enda er eitthvað svo sèrstaklega íslenzkulegt við hana. Eg get nú ekki verið að skoða þetta net í öllum sínum möskvum, því það er svo rotið og ónýtt, að það er ekki þess vert, og menn geta veitt úr því 2 lausamenn fyrir 1, þegar menn vilja, ef þessir menn hafa dálítið vit í kolli; en það er verra, að það lendir enn lengra, svo menn kunna að geta fengið 4, 5, 6 lausamenn fyrir; menn þurfa, eins og áður er sagt, ekki annað, en fá sèr lausakonu; það er líka vegur, til að losa sig við þetta leyfisbrèf fyrir þá, sem vilja; en mèr virðist það óhæfileg lög, sem bjóða mönnum til, að gjöra narr að landslögunum sjálfum; í þessu er meiri og minni hlutinn að miklu leyti eins, og nærfellt eins og 2 álnir af sama vaðmáli; en þó eru einhver dálítil smyrsli í minni hlutanum, sem mèr falla betur í geð. Eg ætla nú ekki að tefja þíngið með langri ræðu; eg veit að sömu mótbárurnar koma, sem vant er, að

menn segja: gáðu að, hvar þú ert, stíkktu fíngrinum í jörðina; en eg segi aptur: gáið þið að sjálfum yður, og stíngið fíngrinum *í mannlegt eðli og reynsluna.* Þegar bændur voru flengdir, af því þeir vildi ei verzla hjá vissum kaupmanni, Claus eða Christjáni, þá held eg mætti heimfæra það upp á þetta að nokkru leyti, því það mun þá hafa þótt eiga við, og hver veit, nema menn með þessari röksemd gæti innleitt hèr »rússíska sóflinn« líka, með því einmitt að segja, að við værum svo latir, að hann þyrfti hèr að vera. Eg segi þínginu það, að það er bágt, að sigla á þetta sker, sem menn kalla almennt viðurkennd sannindi, og það er einmitt eitt í þeim, að mannfrelsið til frjálsrar atvinnu eigi ekki að skerðast (*Halldór Kr. Friðriksson:* En öreigagiptíngarnar); þær koma út úr lausamanna-lagaboðinu, og fæðast þá stundum sem tvíburar og þríburar. Það má vera þúngt fyrir únglíng, sem hefir alizt upp hjá góðum föður, að hann skuli ei geta verið laus við, að fara til einhvers óþrifa kotungsins, hvar hann getur ekkert lært, má ef til vill svelta, og hefir alla aðbúð að því skapi, og er þá mjög hætt við, að það góða, sem hann numdi í föðurhúsum, fari forgörðum, því það er gamalt máltæki, »að hver dragi dám af sínum sessunaut«. Það er ábyrgðarhluti fyrir þíngið, að gefa slík lög? Það getur verið úngur maður, sem ef hann væri laus, gæti unnið sèr miklu meira inn, en ef hann væri í vist; nú getur hann orðið veikur, og orðið ófær til vinnu, og þá er þó gott fyrir hann, að eiga eitthvað til. Er það þá ekki ábyrgðarhluti að gefa lög um, að fleygja honum til kotúngsins, hvar hann má ske ekkert lærir, en missir heilsu af óþrifnaði, slæmum húsum og illu fæði. Hvað skuldar landið þessum slóðum, sem eru að gjöra stórbýlin að lundaholum, og til hvers er að vera að efla hag þeirra, með því að hepta únga menn? menn mætti óska, að þeir væri ekki til. Eg bið þíngmenn að íhuga þetta vel; eg er sannfærður um, að þessar öreigagiptíngar og húsmannastètt eiga sèr undirstöðu í lausamanna löggjöf okkar, því af henni flýtur, að manni og konu kemur saman um að giptast, svo þau einmitt geti verið laus, og þetta getur opt farið vel, en optar líka illa. Eg vildi því óska að þessi blessuðu lög væri komin út í hafsauga; þau gjöra þínginu engan sóma, og föðurlandinu ógagn en ekkert gagn, og það mun varla vara lengi, áður en mannleg rèttindi gjöra sig sjálf gildandi. En ef þíngmenn geta ei fylgt mannlegu frelsi, þá munu þeir seinna finna því betur til þeirra vandræða, sem koma af því, að banna mönnum, að leita

atvinnu sinnar á leyfilegan hátt. Eg ætla ekki að fara út í breytíngaratkvæðin, það sè langt frá mèr; eg gjöri þeim öllum jafnhátt undir höfði. Eg ætla að eins af mannúð að standa upp fyrir minni hlutanum, og kemur það einkum af virðíngu fyrir þíngmanni Borgfirðínga, því hann hefir í rauninni sömu meiníngu og eg, og svo nálægist minni hlutinn líka meir stjórnarfrumvarpið. Það er nú búið að nudda svo mikið við stjórnina um þetta, að hún sèr sèr líklega ekki annað fært en veita það, einkum af því yfirvöldin, sem mest hafa að segja í þessu máli, mæla með því; en eg skil þó ei, hvernig sú stjórn, sem undirskrifar grundvallarlögin, er skyld að veita þetta, og eg er sannfærður um, að lög þessi verða ei oss þíngmönnum til sóma nè landinu yfir höfuð til neins verulegs gagns.

Konúngsfulltrúi: Þíngmaður Dalasýslu og hinn 5. konúngkjörni þíngmaður fluttu nú hvor um sig snjalla ræðu, en þeir fóru sína stefnuna hvor; hinn fyr nefndi vildi að þröngvað yrði enn meir, en hingað til hefir verið, frelsi lausamannanna, eða að vistarskyldan skyldi vera enn yfirgripsmeiri, en verið hefir; hinn síðar nefndi vildi leysa öll bönd. Að því er fyrri skoðunina snertir, þarf eg ekki að taka það fram, að hún nær engri átt; en hin síðari fer að sínu leyti of langt. Hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður hefir fullkomlega rètt í því, að skoðun manna á þessu máli hefir verið hèr á landi mjög ófrjálsleg, og það getur ekki mælzt vel fyrir því; en á hinn bóginn álít eg það ekki ráðlegt að veita fullkomið frelsi í þessu efni, meðan kríngumstæðurnar eru eins og þær eru, og í þessa stefnu fer líka þá einnig stjórnarfrumvarpið, og þau framkomnu nefndarálit. Það er bezt að láta reynsluna skera úr málinu; svona var líka farið að í Danmörku; það þótti mjög svo ísjárvert, þegar það var gjört þar að lögum, að menn mætti vera lausir, þegar þeir væri orðnir 28 ára, og þyrfti ekki úr því að vista sig, en mætti eiga með sig sjálfir; og það var árið 1839; en sú varð raunin, að engir þeir annmarkar, sem menn voru hræddir um að mundu leiða af slíku frelsi, komu fram, og nú er með hjúalögunum frá 1854 veitt fullkomið frelsi, og engi vistarskylda lengur í lögum. Svona eiga menn líka að fara að hèr; þíngið á að taka frjálslega í málið, en þó svo, að ekki sè leyst nú þegar öll bönd, og þetta er líka skoðun stjórnarinnar. Eg vona þínginu takist að fara hinn hæfilega meðalveg, og að það á eina hliðina hafi hæfilega hliðsjón af hagsmunum bændanna og fèlagsins, og á hina

hliðina af því náttúrlega frelsi manna, og þá er máli þessu vel komið.

Magnús Andrèsson: Eg ætla mèr ekki að spilla hinum stutta þingtíma með langri ræðu; eg veit að þingmenn muna, að eg var ekki á fundi, þegar mál þetta var rætt til undirbúnings, og hefi eg þó verið á öllum fundum, nema þeim eina kveldfundi; eg gat því ekki kynnt mèr álit þingmanna um það, fyr en eg sá atkvæðaskrána, og eg nú við þessa ályktaramræðu hefi heyrt ræður manna; þess vegna hefi eg litla sannfærandi meiningu um það, hvaða frumvarpið sè bezt; en það sè eg, að menn greinir mjög mikið á. Það undrar mig ekki, þó þingið og stjórnina greini á í ýmsum málum, því til þess geta legið margar orsakir; stjórnin er í Danmörku og vèr erum hèr; en þegar landsmenn mína og það þá, sem eru skarpir menn og gáfaðir, greinir eins á og í þessu máli, þá er eg í efa um, hvað sannast muni vera, og vona eg að engi lái mèr það; mèr fannst mjög heppilega kosið í nefnd þessa, því í henni er hver maðurinn öðrum betri, en samt hefir orðið ágreiningur í henni, bæði um lausamennina og húsmennina, og af umræðum manna nú hefi eg heyrt, að sumir þingmenn eru með meiri hluta nefndarinnar, og sumir með minna hlutanum. Eg verð nú að segja mèr það til hróss, það er ekki mikið, sem eg get hrósað mèr af, að eg hefi aldrei greitt atkvæði hèr á þingi, nema eptir minni eigin sannfæringu; en þegar svona stendur á, sem eg hefi frá skýrt, treysti eg mèr ekki til, að greiða atkvæði; þegar eptir öllum líkindum sín greinin verður tekin úr hverri áttinni, þá er eg hræddur um, að úr því verði sá grautur, í hvers gjörð eg ekki vil hafa neinn þátt, og líka af því, að eg ekki var við undirbúningsumræðuna, þá ætla eg að lýsa því yfir, að eg ætla mèr ekki að greiða atkvæði í þessu máli, og vona eg, þegar svo margir eru á fundi, að atkvæðagreiðslan geti farið vel fyrir því, þó einn vanti.

Framsögumaður: Eg vil að eins leyfa mèr að taka það fram, að eg held, að það sè engi vandi að greiða atkvæði í þessu máli, því stefnurnar í hverju frumvarpinu fyrir sig eru svo skýrt aðgreindar, að annaðhvort er að gjöra, að fylgja alveg einni stefnunni eða alveg hinni, t. a. m. í lausamannamálinu annaðhvort meira hlutanum eða þá stjórnarfrumvarpinu með breytingum minna hlutans; en eg sè ekki að þurfi að taka sína greinina úr hverju frumvarpinu, og eg held, að hinar einstöku greinir sè svo samanhangandi,

að manni sè hægt, að rekja sig eptir þræðinum og halda sèr annaðhvort til minna eða meira hlutans.

Forseti: Það er auðvitað, að svo framarlega sem uppástúngur meira hlutans í lausamannamálinu yrði samþykktar, þá er stjórnarfrumvarpið og minni hlutinn þar með fallinn, og ef hinar fremstu uppástúngugreinir meira hlutans væri felldar, þá eru þar með allar uppástúngur meira hlutans fallnar, vegna þess, að þær eru allar ein samanhangandi heild; ætla eg því, að það sè næsta hægt að greiða atkvæði í þessu máli eptir atkvæðaskránni.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það hefir svo margt verið sagt í þessu máli, að eg þarf þar litlu við að bæta; en eg skal einasta geta þess, sem eg líka tók fram við undirbúníngsumræðuna, að mèr líkar ekki stefna meira hlutans í lausamannamálinu, og finnst mèr þó ekki sita á mèr sem bónda, að lasta það, sem hann fer fram á. Meiri hlutinn einblínir of mikið á bændurna og rígbindur sig of mikið við vistarskylduna, svo að hann gætir ekki jafnrèttis þess, sem á að vera milli húsbænda og hjúa, og sýnist mèr hann hafa horft svo úr sèr alla sjón með því, að stara á bændurna, að hann hafi ekki gætt þeirra sanna gagns; bændum er víst lítill hagur í því, að vistarskyldan sè svo mjög rígbundin, því það er sannleiki, sem allir hljóta að viðurkenna, að viljugan er hvern bezt að kaupa; og held eg, að húsbóndi hafi lítinn hag af því hjúi, sem hann heldur hjá sèr nauðugu; aptur á móti er það gott, að lausamenn sè til, sem gripið verði til í viðlögum, og sem menn geti keypt vinnu af, þegar á þarf að halda. En það er satt, og það játa eg, að það er ekki gott, að allir sè lausir; enda er það líka alveg óhugsandi, að það komi nokkurn tíma fyrir. Þíngmaður Borgfirðínga tók það fram, hversu menn hefði, þegar verzlunin var gefin frjáls öllum þjóðum, verið hræddir um, að allt mundi komast í uppnám, og að allar heimsins þjóðir mundi sækja að landinu til verzlunar, og þó hefir allt gengið sinn eðlilega gang síðan, eins og áður (*Benedikt Sveinsson:* Þetta kemur ekki málinu við). Jú, því það er eins með þetta mál, eins og verzlunina; nú eru menn hræddir um að allt verði í uppnámi og of margir lausamenn muni koma upp, ef fylgt er minna hlutanum; en það mun varla þurfa að kvíða því. Menn hafa haft það á móti lausamennskunni, að þeir, sem áður hafa verið lausamenn hafi verið letíngjar og slóðar; og verður því ekki neitað um marga af þeim; en það er aðgætandi, að flestir þeir, sem híngað til hafa verið lausamenn, hafa

verið það í hylmingu og móti lögum; en þeir sem leyfa sèr að yfirtroða lögin, eru vanalega hinir lökustu af mannkyninu, og sem ekki skeyta um lög nè rètt. Það eina, sem notandi var úr hinni löngu ræðu hins 5. konúngkjörna þíngmanns, var það, sem hann sagði, að öreigagiptíngarnar væri afleiðíng þess, að lausamennska hefir verið bönnuð; það er mikið hæft í þessu, því allir menn hafa einhverja náttúrlega hvöt eða löngun til þess, að vera frjálsir og óháðir öðrum, og geti þeir ekki orðið það með öðru móti, þá bendla þeir sig við einhverja kvennpersónu, sem líka vill vera laus, til þess að bæði geti átt með sig sjálf á þenna hátt, af því að aðrir vegir eru þeim bannaðir. Það hefir verið borin saman stefna meira og minna hlutans, og hafa flestir verið á því, að stefna minna hlutans sè frálslegri, með tilliti til lausamannanna; en hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* virtist aptur á móti stefna meira hlutans frjálslegri; en eg heyrði hann ekki koma með eina ástæðu, er gæti sannfært mig um það. Eg vil nú setja eitt auðvelt dæmi í þessu máli, sem geti sýnt fram á, hver stefnan frjálslegri er, þegar til framkvæmdanna kemur, og gjöri eg þá ráð fyrir, að bæði frumvörpin væri lögleidd jafnhliða sitt í hvoru amti; nú vill maður í því amtinu, hvar frumvarp minni hlutans er lögleitt, verða laus, og þarf hann þá að kaupa leyfisbrèf til þess; hann sèr, hvað það kostar og hverjum skilmálum það er bundið, að hann megi vera lausamaður; hann leysir því ekki leyfisbrèfið, nema hann sjái sèr hag í því, eða hann hafi einhverjar sèrstaklegar hvatir til þess; nú fer hann út í veröldina, til þess að vinna fyrir sèr; hann kemur þá einhverstaðar þar, sem hann vill fá sèr vinnu, eða koma sèr fyrir; þar er hann spurður: Hvernig stendur á þèr góðurinn minn? Ertu lausamaður eða flakkari? Þá tekur hann leyfisbrèfið, sem er passi hans, upp úr vasanum og sýnir; þá er allt gott; þá er hann álitinn eins heiðvirður maður og hver annar, og getur þegar áunnið sèr rèttindi frjálsra manna og hylli almennings. Í hinu amtinu, hvar lög meira hlutans gilda, er maður í vist; hann vill og verða lausamaður, en af því honum þykir húsbóndinn of harður og vinnufrekur, en hann nennir ekki að vinna; hann hleypur þá úr vistinni, og á svo að láta úti í hið minnsta eptir uppástúngu meira hlutans 5 rd.; þá getur hann nú ekki borgað, og þá er ekki annað ráðið, en hýða hann, til að afplána sektina; engi vill nú hafa hann lengur í vist, og þá er hann orðinn sjálfsagður lausamaður eptir lögum meira hlutans, og er hýðingin passi hans eða leiðarbrèf.

Nú labbar hann í einhverja aðra sveit, til að fá sèr framfæri, því engi, sem þekkir hann, vill halda hann; lögreglustjórnin þar spyr hann: Hvernig stendur á þèr? Ertu í vist eða ertu lausamaður? Hvar er passinn þinn? Passinn hans — jú hann er í bakhlutanum á honum. Má eg nú spyrja: hver er munur á frelsi þessara manna? Hver flokkurinn er líkari til að verða föðurlandinu til gagns og heilla? og það geta þó lausamennirnir verið eins og hver önnur stètt, sè það heiðvirðir menn, sem hafi fullt frelsi að lögum. Það hafa verið sýndir ýmsir gallar á frumvarpi meira hlutans, og eru þó margir eptir, sem ekki hefir verið bent á; en það er bezta sönnunin fyrir göllunum á því, að þingmaður Reykvíkinga, sem þó vill styðja meiri hlutann, hefir tekið sèr 4 eða 5 breytíngaratkvæði við hann, og með þeim er hann nú fyrst orðinn brúkandi, en áður var hann alveg óhafandi. En þessi breytíngaratkvæði breyta líka aðalstefnu meira hlutans. Meiri hlutinn vill, að allir sè skyldir að vera í vist, eða með öðrum orðum: háðir vistarskyldunni, eins æðri sem lægri, en þingmaður Reykvíkinga vill bafa þá undanþegna skyldu þessari, sem áður hafa verið undanþegnir að lögum, og er það mikill flokkur manna, nefnil. embættismenn og börn þeirra, bókiðnamenn, handverksmenn, o. fl., svo að það verður að eins hinn svo kallaði »sauðsvarti almúgi«, sem skylda þessi á framvegis að hvíla á; eg er nú reyndar á sama máli og þingmaður Reykvíkinga, að sanngirni mæli með, að ekki sè hert meir á vistarskyldunni, en verið hefir; en þessi breytíng gjörir þó glundroða í allt frumvarp meiri hlutans, svo mèr sýnist það nærri jafn óhafandi eptir og áður. Flestir þingmenn hafa látið í ljósi, að þeim líkar ekki meiri hlutinn í húsmannamálinu, og er eg á því, að ekki sè ráðlegt að fallast á hann; en mèr þykir það undarlegt, að menn skuli ekki vilja fallast á minni hlutann, einkum með breytíngaratkvæði mínu, því mèr finnst það bæta stórum fyrir minni hlutanum, því eg get ekki sèð, að það sè svo sèrlega áríðandi, að það heyri undir sýslumann, að gefa húsmennskuleyfið, og held eg, að það verði yfir höfuð að tala affarabetra, að þetta óbrotna mál heyri undir sveitarstjórnina, sem engi getur neitað, að bezt muni vita, hvað hentugt er í þessu efni fyrir sína sveit, og í breytíngaratkvæði mínu er nægileg tryggíng fyrir því, að hlutaðeigendum verði ekki misboðið af sveitarstjórninni.

Ásgeir Einarsson: Þingmaðurinn, sem nú settist niður, hefir stytt svo fyrir mèr, að eg gæti sleppt því að mestu að tala; en

þó get eg ekki verið honum samdóma í því, að vistarskyldan sè aðalhvötin til öreigagiptínganna. Um frumvarp meira hlutans ætla eg ekki að tala, èn geta þess að eins, að eg ætla að reyna að miðla málum í þessu máli. Sumir hafa sagt, að það væri eyðileggjandi fyrir landið að rýmka um frelsi vinnuhjúa, og gefa þeim lausamannafrelsi; en eg get ekki skilið, hvers vegna þau eiga að vera út undan, þegar nú er búið að rýmka um frelsi og rèttindi svo margra annara, og skal eg til taka myndugleikaaldur kvenna, sem þingið hefir rýmkað svo vel um. Ef bændur notaði þann rètt, sem þeir hafa eptir lögum, þá væri ástand hjúanna ekki alveg ólíkt hinum gamla þrældómi; en nú er, sem að því sè komið, að bændur sè orðnir að því, sem þeir ætluðu hinum að verða. Það er eins og það sè öllum mönnum eðlilegt, að sækjast eptir því, sem bannað er og helzt, þegar mönnum er ranglega bannað. Mönnum hefir nú þótt það óþolandi, að menn skyldi verða lausir við að ganga í vist, þegar þeir væri 25 ára, og til þess nú að miðla málum, kom eg með breytíngaratkvæðið um það, að þeim ekki væri heimilt að losa sig undan vistarskyldunni, fyr en þeir væri 30 ára; því eg hugsaði sem svo, að það væri nóg rýmkun fyrst um sinn, og að þá væri hægra að gjöra takmark þetta enn rýmra síðar, líkt og fór í Danmörku, ef það þætti of þröngt; en að þrengja það, ef mönnum þætti það of rúmt, væri óhægra; og því verður ekki neitað, að með þessu er þó stigið eitt frelsisspor. Leyfisbrèfin kann eg ekki algjörlega við, og kom eg þó ekki fram með neitt breytíngaratkvæði um þau, þó mèr þætti ársgjaldið þá lítið; en eitt er það, sem engi hefir tekið fram, en það er samanburðir lausamannanna við bændurna; bóndinn á að gjalda til allra stètta, vinna fyrir börnum og ýmsum ómögum. Það er nú viðurkennt, að vinnukraptarnir sè undirstaðan undir velmegun hvers lands, og þá vil eg spyrja, hvort að einhleypur maður, sem hefir mikinn vinnukrapt, eigi ekki að styrkja mannfèlagið með neinum gjöldum; það sýnist mèr sjálfsagt, og þess vegna er eg ekki svo mikið á móti leyfisbrèfunum, því borgunin fyrir þau getur orðið nokkur styrkur til mannfèlagsins (*Pètur Pètursson:* 19. töluliður). Minni hlutinn er nær þessari hugmynd, en meiri hlutinn; en eg vildi ekki taka neitt breytíngaratkvæði um þetta, er færi enn nær hugmyndinni, því eg vildi taka þau sem allrafæst, til þess að gjöra grautinn sem minnstan úr meiri og minni hlutanum; en mèr sýndist minni hlutinn aldrei hafa farið eins út úr hugsunarsambandi,

eins og meiri hlutinn. Um húsmennina ætla eg lítið að tala, því eg er þeim ókunnugur, en á samt að greiða atkvæði um þá; menn hafa fordæmt mikið minni hlutann þar; en eg held ekki að það sè rètt, þegar breytíngaratkvæðið undir 35. tölulið kemur inn í, því þá sýnist mèr vera farinn meðalvegur í málinu. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* kallaði minni hlutann ófrjálslegri en stjórnarfrumvarpið, en það má skoða frelsi í 2 stefnur, frelsi fyrir hina undirgefnu og frelsi fyrir yfirboðarana, og ef stjórnarfrumvarpið er frjálslegra, þá er líka mest frelsi í því landi, sem einvaldur keisari ræður yfir, sem stjórnar öllu eptir sínum geðþótta; þar held eg að frelsið sè lítið í raun og veru; en maður á að hafa frelsi til að geta unnið gagn, en ekki ógagn, og því sýnist mèr að sveitastjórnin ætti að fá meira frelsi. Eg set nú, að hèr í Reykjavík hefði á 6 árum 40 orðið húsmenn, og að sveitastjórnin hefði mælt á móti helmíngnum, en háyfirvaldið hefði leyft þeim að verða húsmenn; nú set eg, að af þessum 20 verði sveitarvandræði 6 húsfeður, og vil eg þá spyrja: hvort hefði verið betra, að fylgt hefði verið ráðum sveitastjórnarinnar, sem kunnug var öllum kríngumstæðum, eða stiptamtmannsins, sem má ske var útlendur og ókunnugur og nýkominn? og hvaða sannsýni er þá í því, að amtmaður skuli ráða öllu því, sem honum er miklu ókunnugra um út um landið? Eg set til dæmis: að maður í Hrútafirði vili verða húsmaður; sveitastjórnin er á móti því; hann fer þá til amtmanns norður í Eyjafjörð; ef nú amtmaður tekur vel í þetta, fer hann má ske að skrifast á um þetta við sveitastjórnina; þetta getur nú gengið lengi, og þykir mèr það óþarfa vafníngar og málalengíng um svo lítið mál; líkt tilfelli þessu kom fyrir nýlega í Húnavatnssýslu, og varð dráttur svo mikill á málinu, að maðurinn komst ekki að þeirri jörð, sem hann vildi komast að, fyr en í ótíma, og gekk það svo lengi, að hann vissi ekki, hvort hann mundi komast að jörðunni eða ekki, þó stjórnin má ske ekki fallist á minni hlutann, get eg ekki skilið, að þíngið, ef það vill hlynna að frelsinu, geti honum ekki atkvæði sín.

Sveinn Skúlason: Eg játa, að eg get ekki betur sèð, en að þíngmaður Reykvíkínga hafi bætt mikið hinn óhafandi meiri hluta í lausamannamálinu, svo að hann er nú heldur orðinn hafandi. Eg sýndi fram á það við undirbúníngsumræðuna, hversu ósanngjarnt það væri, t. a. m. að dætur stiptamtmannsins skyldi vera skyldar til að ganga í vist, vegna þess að þær hefði ekki lært neinn

atvinnuveg; en það varð eptir hjá þingmanni Reykvíkinga, að kippa því í liðinn, sem er mest óhafandi. Að því er 4. tölulið snertir, þá furðar mig nefnilega á því, að höfundur hálfyrðisins í Reykjavíkurpóstinum skuli vilja gjöra alla lausamenn að lagabrjótum; í ritgjörðinni var hann svo frjálslyndur, sem menn bezt geta verið, en nú hallast hann að meira hlutanum, þó minni hlutinn sè betri og frjálslegri; meiri hlutinn byggir á því, að menn skuli ekki mega vera lausir, fyr en þeir eru búnir að slíta sèr út í vinnumennsku í 20 ár, og að það skuli valda sektum, ef menn verða fyr lausamenn. Úr þessu hefir þingmaður Reykvíkinga lítið bætt. Úr 4. gr. meira hlutans hefir hann líka reynt að bæta, þar sem hann, í staðinn fyrir gjöld til allra stètta, samkvæmt gildandi lögum, vill seta þá skyldu, að sá, sem verður sekur í heimildarlausri lausamennsku, skuli skyldur að ganga í vist; en þetta er verra en ekkert; því ef einhver hefir verið lausamaður um sumartímann, og verður tekinn um haustið og hýddur, og ef svo á að reka hann í vist, en engi vill hafa hann, verður hann að lögum laus og flakkar. Hinn konúngkjörui varaþingmaður gjörði þann mun á frumvörpunum, að meiri hlutinn hèldi vistarskyldunni, en minni hlutinn upphefði hana, en þetta álít eg rangt. Hann var að tala um það samband, sem meiri hlutinn stæði í við frumvarpið til vinnuhjúalaganna, en hann gjörði mèr ekki ljóst hið *klassiska* samband milli þeirra, því í vinnuhjúalögunum var gjört ráð fyrir, að menn mætti ráða sèr sjálfir, þegar menn væri 16 ára; en meiri hlutinn í lausamannamálinu vill, að menn skuli vera orðnir 36 ára, þegar menn mega eiga kost á því, að verða frjálsir lausamenn; en minni hlutinn er það nær vinnuhjúalögunum, að hann vill, að menn, jafnvel ýngri en 25 ára, þ. e. frá 16—25 ára, skuli mega kaupa sèr leyfisbrèf til lausamennsku undir vissum kríngumstæðum; mig furðaði þess vegna á því, að hinn 5. konúngkjörni þingmaður skyldi álíta meira og minna hlutann tvær álnir af sama vaðmálinu; mèr sýnist, að hann hefði átt að gefa undir fótinn, að það hefði verið mórent vaðmál í minni hlutanum, því það er vanalega álitið betra; en eg ætla samt ekki að gjöra honum neinar »*glúffur*« fyrir það, af því að hann hèlt þó í rauninni með minna hlutanum. Ekki get eg gengið inn á sáttatilraun forlíkunarmannsins úr Strandarsýslu, því eg sè enga ástæðu til, að breyta því 25 ára myndugleika takmarki, sem í lögum er ákveðið; breytíngaratkvæðið sè eg að er gjört til þess, að vinna atkvæði fyrir minni hluta nefndarinnar, svo að það er vel meint.

þó eg nú hafi verið meðmæltur minna hlutanum í lausamannamálinu, get eg það samt ekki í húsmannamálinu, því hann vill hafa hreint sveitarstjórnar-*despóti*, en mèr er ekki um það. Þingmaður Suður-Þingeyinga hefir bætt mikið úr þessu með breytingaratkvæði sínu, en vald sveitarstjórnarinnar er enn svo rúmt, að eg get samt ekki sætt mig við minna hlutann, og verð eg að gefa atkvæði mitt fyrir stjórnarfrumvarpinu.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það hafa ýmsir þingmenn tekið það fram, að það sè nauðsynlegt, að halda vistarskyldunni vegna bændastèttarinnar, og því verður ekki neitað, að svo er, að hjúastyrkurinn er bændum nauðsynlegur, til að geta ræktað landið, og komið fram börnum sínum, sem er framhald mannkynsins. En eg vil nú taka það fram, að það er ekki einúngis bændanna vegna, að það er nauðsynlegt að hafa einhvern hemil á þessu undirfólki, heldur er það sjálfs þess vegna, að það sjálft ekki komist á ríngulreið, og verði hópum saman eins og ráðlausar skepnur, því of mikið frelsi það er aðhaldslaust sjálfræði, og það verður það versta ófrelsi. Eg vil segja, að öllum þeim af þeirri yngri kynslóð, t. a. m. frá 16—30 ára, sem ekki hafa þrek eður efni til, að taka upp húsráðandastöðu, er betur borgið að vera í vist, og undir umsjón hinna vitrari og reyndari húsbænda; það hefir margur drengur og stúlkur líka þótzt ætla að græða á því, að vera laust; en hann »*Atli sveik hann Börk*« optast nær; það hefir orðið fátækara og grætt minna, en þó það hefði verið í vist; því það þarf heldur engi að segja, að það sè nein neyðarstaða að vera í góðri vist; svo fylgir því ætið einhver blessun og staðfesta, og það er sú bezta undirstaða til að geta giptzt og byrjað hjúskap, að þjóna fyrst dyggur og stöðugur í vist, halda saman kaupi sínu og læra forstand og framkvæmdir; og það hefi eg tekið eptir, að þessir hafa ávallt orðið betri bændur, en þó að ríkir lausamenn hafi farið að búa, sem hafa betri part æfi sinnar vanizt á þetta slángur, prángað og legið á góðvilja og greiðasemi bænda, að eg ekki tali um, að allur fjöldi af þessum mönnum er svo ráðlítill, að hann þarf að vera undir umsjón og aðhaldi, annars fylltist landið af lausafólki, sem strax, þegar harðnar, veit ekki, hvar það á höfði sínu að að halla, og þá eru upp komin í landinu þau mestu vandræði, óregla og óstjórn. Sá virðulegi þingmaður Borgfirðínga tilnefndi — eg hèlt Íslendíngum til blygðunar — tilskipunina af 1783, en eg held hún hafi ekki verið ófyrirsynju eða óforsjálega samin; þá gátu hinir

vitrari menn sèð, að regluleg óstjórn og vandræði voru komin hèr upp í landi, þar það var þakið af þessu lausaflökkufólki, sem streymdi hvað um annað, þvert og endilangt, landshornanna á milli; og fèll síðan hrönnum saman dautt úr húngri niður, út um hagann á milli bæjanna; skyldi því þá ekki hafa verið dýrmæt vistarvera? þá var samin þessi fordæmda lausamannatilskipun; en síðan hefir þó allt lagast og betur farið; þessi sami þingmaður Borgfirðínga tók til dæmis England, að þar væri svo góð stjórn, og þar fengi allt þetta fólk að hafa frelsi sitt og ráða sèr sjálft; en eg get sagt honum, að eg hefi ekki heyrt svo sèrlega hrósað kjörum eða efnahag þessarar lægstu stèttar á Englandi; þar er margt þess konar fólk efna- og atvinnulaust, og hefir hvergi heimili eða húsaskjól, hýmir svo úti húngrað allar nætur, þar til á morgnana, að sölubúðirnar opnast, þá þyrpist það þar inn og fellur í hrúgum saman í svefn á búðargólfunum; og stundum hefir það komizt í þau vandræði, að það, út af dauðans húngursneyð, hefir tekið upp á því, að haldast í hendur og drepa sig, nl. steypa sèr í sjóinn. Svona fer, þegar sleppt er af því hendinni, og sjálfræðið er of mikið. Eg er nú samt ekki svo fastheldinn við lausamannatilskipunina, að eg ekki vili líta á þetta, sem hèr liggur fyrir, frumvarp stjórnarinnar og svo frumvarp meira og minna hluta nefndarinnar; þegar eg lít nú á þetta, þá þyki mèr bæði meiri og líka minni hlutinn góður, og má vel brúka hvorn um sig, og það má segja um mig: »*Sá á kvölina sem á völina*«; það kemur nú báðum saman um það, að hver megi vera laus, úr því hann sè 36 ára; það er eg nú vel ánægður með, og þó það væri dálítið fyr, t. a. m. 30 eða 32 ára, því þá eru menn farnir að hafa aðgæzlu og vit til að sjá fyrir sjálfum sèr; að sönnu fellur mèr nú álit meira hlutans öllu betur í geð, en þó vil eg heldur sumar greinir minni hlutans, t. a. m. 7. gr., í staðinn fyrir 6. og 7. gr. meira hlutans, og þá vildi eg líka hafa 9. gr. minna hlutans; líka þyki mèr 1. gr. þar vera tilhlýðileg, að þeir, sem hafa 5 hndr. álna í ársleigu af eignum sínum, megi vera lausir, því slíkir menn eru ætíð vissir að standa í fullum lögskilum, og að hafa nóg fyrir sig. Að því er viðvíkur húsmönnum, þá vildi eg helzt að sú staða hefði aldrei verið löggilt hèr á landi, því þessir eru optast nær annaðhvort eins konar búendur eða lausamenn, en ef eg á að segja nokkuð um það, þá vil eg helzt álit minna hlutans, því það er ekki of mikið vald fyrir sveitastjórnirnar, að ráða fyrir inntöku þessara karla; um

það, hvernig eg gef atkvæði í öllu þessu, varðar engan; menn sjá það þegar eg gjöri það, jafnóðum eptir því sem Kristur kennir mèr.

Forseti: Þar eð ekki fleiri biðja sèr hljóðs, þá er ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

I. *Um lausamenn.*

1. Breytíngaratkvæði *Halldórs Kr. Friðrikssonar* við meira hl. 1. gr. (tölul. 2) fellt með 11 atkv. gegn 9.
2. *Meiri hlutinn*, 1. gr., felldur með 12 atkv. gegn 9.

Samkvæmt atkvæðagreiðslunni við tölul. 2 var allur *meiri hlutinn* fallinn (3.—11. tölul.).

12. *a.* Breytíngaratkvæði *Ásgeirs Einarssonar* við minna hl. 1. gr. Við þenna tölul. var við haft nafnakall, og sögðu

»já«:	»nei«:
Benedikt Þórðarson.	Arnljótur Ólafsson.
Páll Melsteð.	Gísli Brynjúlfsson.
Árni Einarsson.	Jón Hjaltalín.
Ásgeir Einarsson.	Jón Pètursson.
Benedikt Sveinsson.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
Björn Pètursson.	Pètur Pètursson.
Guðmundur Brandsson.	Stefán Eiríksson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Sveinn Skúlason.
Helgi G. Thordersen.	
Indriði Gíslason.	
Jón Sigurðsson frá Haugum.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Jónsson.	

(Magnús Andrèsson greiddi ekki atkvæði).

Var þannig töluliðurinn samþykktur með 13 atkv. gegn 8.

12. *b. Minni hlutinn*, breytíngaratkvæði við frumvarpsins 1. og 2. gr.

1. gr. samþykkt með 15 atkv. gegn 4.

2. gr., með áorðinni breytíngu, samþykkt með 19 atkv.

13. Stjórnarfrumvarpsins 1. og 2. gr. fallnar samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 12. tölul.
14. *Minni hlutinn*, (orða)breytíng við stjórnarfrumvarpsins 3. gr. (tölul. 15) samþykkt með 15 atkv. gegn 2.
15. Stjórnarfrumvarpsins 3. gr. fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 14. tölul.

16. *Minni hlutinn,* (orða)breytíng við stjórnarfrumvarpsins 4. gr. (tölul. 17), samþykkur með 16 atkv.
17. Stjórnarfrumvarpsins 4. gr. fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 16. tölul.
18. Stjórnarfrumvarpsins 5. gr. (samþykkt af minna hlutanum) samþykkt með 17 atkv.
19. Stjórnarfrumvarpsins 6. gr., fyrra atriði.
Við þessa grein var við haft nafnakall, og sögðu

»já«:	»nei«:
Benedikt Þórðarson.	Páll Melsteð.
Árni Einarsson.	Arnljótur Ólafsson.
Benedikt Sveinsson.	Ásgeir Einarsson.
Guðmundur Brandsson.	Björn Pètursson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Gísli Brynjúlfsson.
Helgi G. Thordersen.	Indriði Gíslason.
Jón Sigurðsson frá Haugum.	Jón Hjaltalín.
Pètur Pètursson.	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
	Stefán Eiríksson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Skúlason.

(Magnús Andrèsson og Páll Sigurðsson greiddu ekki atkvæði).
Var tölulíðurinn þannig felldur með 12 atkv. gegn 8.
20. *Minni hlutinn,* (orða)breytíng við 6. gr. síðara atr. stjórnarfrumvarpsins, samþykktur með 17 atkv.
21. Stjórnarfrumvarpsins 6. gr. síðara atriði fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 20. tölul.
22. Stjórnarfrumvarpsins 7. gr.
Við þessa grein var við haft nafnakall, og sögðu

»já«:	»nei«:
Benedikt Þórðarson.	Páll Melsteð.
Björn Pètursson.	Árni Einarsson.
Guðmundur Brandsson.	Arnljótur Ólafsson.
Halldór Kr. Friðriksson.	Ásgeir Einarsson.
Helgi G. Thordersen.	Gísli Brynjúlfsson.
Pètur Pètursson.	Indriði Gíslason.
Stefán Eiríksson.	Jón Hjaltalín.
	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.

»nei«:
Jón Sigurðsson frá Haugum.
Stefán Jónsson.
Sveinn Skúlason.

(Benedikt Sveinsson, Magnús Andrèsson og Páll Sigurðsson greiddu ekki atkvæði).

Var tölulíðurinn þannig felldur með 12 atkv. gegn 7.

23. *Minni hlutinn*, 7. gr. (breytíng við tölul. 24), samþykktur með 16 atkv.
24. Stjórnarfrumvarpsins 8. gr. fallin við atkvæðagreiðsluna við 23. tölul.
25. Stjórnarfrumvarpsins 9. gr.

Við þessa grein var við haft nafnakall, og sögðu

»já«:	»nei«:
Indriði Gíslason.	Benedikt Þórðarson.
Jón Sigurðsson frá Haugum.	Páll Melsteð.
Stefán Eiríksson.	Árni Einarsson.
	Arnljótur Ólafsson.
	Ásgeir Einarsson.
	Björn Pètursson.
	Gísli Brynjúlfsson.
	Helgi G. Thordersen.
	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
	Pètur Pètursson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Skúlason.

(Benedikt Sveinsson, Guðmundur Brandsson, Halldór Kr. Friðriksson, Jón Hjaltalín, Magnús Andrèsson og Páll Sigurðsson greiddu ekki atkvæði).

Var tölulíðurinn þannig felldur með 13 atkv. gegn 3.

26. *Minni hlutinn*, 8. gr., 1. og 3. atr. (breytíng við tölul. 27) samþykkt með 17 atkv.
27. Stjórnarfrumvarpsins 10. gr. fallin við atkvæðagreiðsluna við 26. tölul.
28. *Minni hlutinn*, 8. gr., 2. atr. (breytíng við tölul. 29), samþykkt með 16 atkv.
29. Stjórnarfrumvarpsins 11. gr. fallin við atkvæðagreiðsluna við 28. tölul.

30. *Minni hlutinn,* 9. gr. (orðabreytíng við tölul. 31) samþykkt með 17 atkv.
31. Stjórnarfrumvarpsins 12. gr. fallin við atkvæðagreiðsluna við 30. tölul.
32. Stjórnarfrumvarpsins 13. gr. (samþykkt af minna hlutanum) samþykkt með 18 atkv.

II. *Um húsmenn.*

33. 1. gr. *meira hlutans* felld með 14 atkv. gegn 3. Samkvæmt því fèllu allar hinar greinar meira hlutans (2.—5. gr.).
34. *Minni hlutinn,* 1. gr. felld með 9. atkv. gegn 9.
35. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum við minni hlutans 2. gr. samþykkt með 11 atkv. gegn 6.
36. *Minni hlutinn,* 2. gr., með áorðinni breytíngu.

Við þessa grein var við haft nafnakall, og sögðu

»já«:	»nei«:
Benedikt Þórðarson.	Arnljótur Ólafsson.
Páll Melsteð.	Gísli Brynjúlfsson.
Árni Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Ásgeir Einarsson.	Helgi G. Thordersen.
Guðmundur Brandsson.	Jón Pètursson.
Indriði Gíslason.	Pètur Pètursson.
Jón Hjaltalín.	Sveinn Skúlason.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Haugum.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	

(Benedikt Sveinsson, Björn Pètursson og Magnús Andrèsson greiddu ekki atkvæði).

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 12 atkv. gegn 7.

37. Varauppástúnga *Arnljóts Ólafssonar* við stjórnarfrumvarpsins 1. gr. og
38. Stjórnarfrumvarpsins 1. gr. fallnar samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 36. tölul.
39. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. (samþykkt af minni hlutanum) samþykkt með 19 atkv.
40. Stjórnarfrumvarpsins 3. gr. (samþykkt af minna hlutanum, nema lítil orðabreytíng) samþykkt með 16 atkv. gegn 3.

III. *Almennar ákvarðanir.*

41. Stjórnarfrumv. 1. gr. (samþykkt af nefndinni) samþykkt með 18 atkv.

42. Stjórnarfrumvarpsins 2. gr. (samþykkt af nefndinni) samþykkt með 17 atkv.

43. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá um, að gjöra frumvarpið að lögum samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Við þessa grein var viðhaft nafnakall, og sögðu

»já«	»nei«
Benedikt Þórðarsson.	Páll Melsteð.
Árni Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Arnljótur Ólafsson.	
Ásgeir Einarsson.	
Benedikt Sveinsson.	
Björn Pètursson.	
Gísli Brynjúlfsson.	
Guðmundur Brandsson.	
Helgi G. Thordersen.	
Indriði Gíslason.	
Jón Hjaltalín.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Haugum.	
Pètur Pètursson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	

(Magnús Andrèsson og Páll Sigurðsson greiddu ekki atkv.).

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 18 atkv. gegn 2.

Benedikt Sveinsson: Samkvæmt 61. grein alþingistilsk. áskil eg mèr rètt til, að ágreiníngsálit minna hlutans verði tekið inn í álitsskjal þingsins til konúngs.

Forseti ákvað síðan kveldfund kl. 6½ e. m., til þess að ljúka við dagskrána.

Fundi slitið.

Fertugasti og áttundi fundur — 17. ág.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Gjörðabókin hefir ekki orðið undirbúin, og verður því að fresta upplestri hennar til næsta fundar.

Eptir dagskránni kemur til *ályktarumræðu* og *atkvæðagreiðslu fjárkláðamálið*. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona að allir þingmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþingismálinu: þegnleg uppástúnga um *fjárkláðann*.

A. *Niðurlagsatriði nefndarinnar.*

1. *Sveinn Skúlason,* breytíngaruppástúnga: að 1. niðurlagsatriði verði 3. niðurlagsatriði.
2. *Sami,* breytíngaratkvæði við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 3):

   Að hann (konúngur) mildilegast vili hið allrabráðasta löggilda meðfylgjanda frumvarp til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi.
3. *Nefndin,* 1. niðurlagsatriði:

   Að hann (ɔ: konúngur) mildilegast strax vildi löggilda meðfylgjanda frumvarp til laga um fjárkláða og önnur fjárveikindi á Íslandi.
4. *Sveinn Skúlason,* breytíngaruppástúnga: að í stað 2. og 3. niðurlagsuppástúngu nefndarinnar (tölul. 6. a og a b), komi svo hljóðandi greinir:

   a, Að hann (konúngurinn) mildilegast vili sem fyrst veita amtmanninum í Suðurumdæminu fullt vald til að framfylgja meðfylgjandi bráðabyrgðarráðstöfunum, er þingið hefir samþykkt og sent honum 27. júlí þ. á., en hann hefir svarað þinginu, að hann hefði eigi nægt vald til að framkvæma.

   b, Að hann (konúngur) mildilegast vildi hlutast svo til, að stjórnin veiti amtmanninum í Suðurumdæminu umráð yfir nokkru fè til framkvæmdar þessum ráðstöfunum, þar sem fjáreigendurnir sjálfir geta ekki staðizt kostnaðinn.
5. *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum, viðaukauppástúnga:

   Að amtmanninum í Suðuramtinu verði falið á hendur að þröngva sið kláðasýkinnar, sem framast má verða, og að honum enn fremur í sameiníngu með hinum amtmönn-

unum verði gjört að skyldu, að halda öruggan vörð á því, að engar fjársamgöngur eigi sèr stað millum grunaðra og heilbrigðra hèraða, meðan kláðasýkinni ekki er með öllu útrýmt.

6. *Nefndin:*

a. 2. niðurlagsatriði:

Að hann enn fremur mildilegast vildi þegar í haust skipa fasta nefnd hèr á landi, til að hafa eptirlit með algjörlegri útrýmingu fjárkláðans samt öðrum fjársjúkdómum og fjárræktinni yfir höfuð.

b. 3. niðurlagsatriði:

Að hann mildilegast vili veita 5000 rd. á ári hverju til þessa augnamiðs.

B. *Frumvarp nefndarinnar.*

7. *Sveinn Skúlason,* breytíngaratkvæði við 1. frumv. grein nefndarinnar (tölul. 10), að hún verði þannig orðuð:

»*Það skal hèr eptir vera skylda lögreglustjórnarinnar og þeirra, er hún kynni að kveðja sèr til aðstoðar, að halda nákvæman vörð á fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum hèr á landi*“.

8. *Guðmundur Brandsson,* breytíngaratkvæði:

Að í fyrstu grein nefndarfrumvarpsins (tölul. 10.), eptir orðin: »lögreglustjórnarinnar« komi: og þeirra, er hún kynni að skipa sèr til aðstoðar, o. s. frv.

9. *Benedikt Þórðarson,* breytíngaratkvæði við 1. frumv.gr. nefndarinnar (tölul. 10):

Að í stað orðanna: »er kynni að verða skipaðir« verði sett: *er hún tæki sèr.*

10. *Nefndin,* 1. frumvarpsgr.:

Það skal hèr eptir vera skylda lögreglustjórnarinnar og þeirra, er kynni að verða skipaðir henni til aðstoðar, að halda nákvæman vörð á, ef fjárkláði eður önnur hættuleg og næm fjárveiki kemur upp hèr á landi, svo sem t. a. m. bráðasótt, fjárbóla, næm klaufnaveiki og lúngnaveiki.

11. *Sveinn Skúlason,* breytíngaratkvæði við 2. frumv.gr. nefndarinnar (tölul. 12):

Að í staðinn fyrir orðin: »*sem nú vær nefnd*« verði sett: »*sem getið er um í 1. gr.*«

12. *Nefndin,* 2. frumvarpsgr.:
Komi einhver sú veiki fyrir, sem nú var nefnd, þá skal lögreglustjórnin sjá um, að hið sýkta fè verði þegar í stað stranglega aðskilið frá öllum samgöngum við heilbrigt fè; svo skal og því haldið sèr um tíma, sem líkindi eru til, að veiki kunni að dyljast í, uns grunlaust er.

13. *Guðmundur Brandsson,* breytíngaratkvæði:
Að í 3. gr. nefndarfrumvarpsins (tölul. 14.), þar sem þessi orð standa: »fyrirskipaðar um gæzlu og meðferð þess«, verði sett: fyrirskipaðar um lækníngar og aðra meðferð þess.

14. *Nefndin,* 3. frumvarpsgr.:
Með það fè, sem veikt er eða grunað, skal eigandi þess skyldur til að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um gæzlu og meðferð þess, nema því að eins, að hann heldur kjósi að lóga því þegar.

15. *Sveinn Skúlason,* breytíngaratkvæði við 4. gr. nefndarfrumvarpsins (tölul. 16):
Að fyrir: »*yfirvalds*« verði sett: *amtmanns,* og þar á eptir bætist inn í: »*Líka skal lögreglustjórnin hafa fullt vald til að láta skera niður hjá þess konar mönnum borgunarlaust, þegar ekki er allæknað eptir 6 vikna tilraunir*«.

16. *Nefndin,* 4. frumvarpsgr.:
Nú sýnir eigandi annaðhvort óhlýðni eða hirðuleysi, þá er lögreglustjóri skyldur til, að láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur, á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði yfirvalds. Hamli fátækt eiganda, þá skal hið opinbera skjóta því til, sem hann getur ei borgað.

17. *Sveinn Skúlason,* viðaukauppástúnga við frumvarpið:
Ef að lögreglustjórninni virðist brýn nauðsyn til bera, að skera þegar niður á einstöku stöðum, þar sem fè er fátt, en mikil hætta getur á hinn bóginn af því leitt, ef frestað er að skera það, skal hún með sampykki amtmanns hafa fullt vald til að láta lóga því fè.

18. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Var málið síðan afhent hinum konúngkjörna varaþíngmanni til framsögu.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Það eru komin fram nokkur breytíngaratkvæði við þetta mál, og skal eg mjög stuttlega geta um þau. 1. breytíngaratkvæðið er ekki verulegt, og eg sè ekki að það geti hætt. 2. breytíngaratkvæðið munar í engu frá nefndinni, og eg skal ekki vera því mótfallinn. Eg skal svo ekki tala meira um þenna kafla að sinni, heldur bíða átekta, og heyra tillögur manna um 4. og 5. tölul. Hvað frumvarpið snertir, þá eru breytíngaratriðin við það þess eðlis, að ekkert er á móti því, að fallast á þau. Hvað breytíngaratriðið undir tölul. 15 áhrærir, að skera megi hjá hirðuleysíngjum, þá hefi eg ekki móti því, heldur vildi eg hafa óskað, að 5 vikna takamörkuninni hefði verið sleppt. Hvað 17. tölulið snertir, þá er hann mikið eðlileg takmörkun, og eg hefi ekkert móti honum. Hinum breytíngaratkvæðunum hefi eg ekki á móti; það eru orðabreytíngar, en ekki efnisbreytíngar, og hafa sama innihald og uppástúngur nefndarinnar, en eru nokkuð ákveðnari.

Sama ræða leiðrètt[1]: (Það eru komin fram nokkur breytíngaratkvæði við þetta mál, og skal eg mjög stuttlega geta um þau. 1. breytíngaratkvæðið er ekki verulegt, en eg sè ekki, að það bæti í neinu uppástúngu nefndarinnar; 2. breytíngaratkvæðið munar í raun og veru í engu frá nefndinni, og vil eg því ekki vera því mótfallinn. Eg skal svo ekki tala meira um þenna kafla að sinni, heldur bíða átekta, og heyra tillögur manna um hann, einkum um

1) Ræður framsögumanns eru í fundi þessum prentaðar tvisvar, fyrst eins og aukaskrifararnir á alþíngi höfðu náð þeim og skrifað þær upp, og eins og þær ern ritaðar í hinni staðfestu afskript af þíngbókinni, sem í haust var send stjórninni, og þar næst í svigum ( ), eins og þær eru leiðrèttar af höfundi þeirra. Meðan svo hagar til á alþíngi, sem enn er, að hraðskrifara vantar, verða þíngmenn sjálfir að yfirfara ræður sínar og leiðrètta það, sem á skortir í handriti aukaskrifaranna, og gjöra þeir það venjulega áður en þíngi er slitið, og þannig leiðrèttar hafa ræður manna verið allar hreinskrifaðar, og sú afskript staðfest og send stjórninni, og annars vegar prentuð í alþíngistíðindunum. Það er því auðsèð, að öll leiðrèttíng hlýtur að vera um garð gengin, áður en þíngbók er staðfest og send utan, og áður en prentuð eru tíðindin. Nú hafði dregizt fyrir framsögumanni að leiðrètta ræður sínar í þessum fundi, fyr en seint í marzmánuði 1862, en allt um það krafðist hann í brèfi til ritnefndarinnar 3. apríl s. á., að ræður sínar, eins og hann hefur leiðrètt þær, kæmi inn í tíðindin; en hins vegar krafðist forseti alþíngis (1861), sem eptir lögunum hefir hlutdeild í útgáfu tíðindanna, að hinn staðfesti texti þíngbókarinnar væri prentaður sem sá eini gildandi. Ritnefndin áleit því rèttast, eptir því sem á stóð, að prenta báða textana, eins og hèr er gjört. Ritnefndin.

4. og 5. töluliðinn. Að því er frumvarpið snertir, þá virðast mèr breytíngaratkvæðin við það þess eðlis, að ekkert sè á móti því, að þíngið fallist á þau. Breytíngaratkvæðinu undir tölul. 15, að skera megi fè hjá hirðuleysíngjum, hefi eg heldur ekki á móti; en mèr sýndist þó rèttara, að 5 vikna takmörkuninni hefði verið sleppt. 17. töluliður sýnist mèr fara fram á mjög eðlilega takmörkun, og get eg því vel fallizt á hann. Sama segi eg um hin breytíngaratkvæðin; það eru orðabreytíngar, en ekki efnisbreytíngar, og hafa því sama innihald og uppástúngur nefndarinnar, en eru nokkuð ákveðnari).

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það hefir gleymzt við 5. tölulið, að við vorum 2 um uppástúnguna, þíngmaður Rangæínga og eg.

Stefán Eiríksson: Eg ætla nú ekki að tala mikið í þetta sinn; það er nú búið að ræða svo mál þetta á þessu þíngi, þar sem í því eru nú komin fram 2 nefndarálit, en bæði þeirra hafa verið svo úr garði gjörð, að þau hafa gefið tilefni til langra umræðna. Það var við síðustu undirbúníngsumræðu mikið og margt talað um stefnu og snúníng á málinu, svo eg ætla mèr einúngis að minnast á eitt atriði, og það er það, að mèr þykir það miður heppilegt, að nefndin skuli nú hafa farið að blanda saman við kláðamálið ýmsum öðrum fjárveikjum, svo sem fjárbólu og klaufnaveiki, og þessar veikjur veit þó engi til, að hafi nokkurn tíma valdið neinu tjóni hèr á landi, en kláðinn hefir gjört stórkostlegt tjón, og honum þarf að útrýma, áður farið er að hræra í honum með öðrum fjárveikjum; það er einúngis bráðasóttin, sem á stöku stöðum hefir verið skæður fjársjúkdómur hèr á landi, en eg er nú hræddur um, að ekki gangi betur að lækna hana en fjárkláðann. Eg hefi að vísu heyrt, að hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður hafi verið að lækna bráðafárið í Árnessýslu, þegar hann var á Eyrarbakka, en eg hefi ekki heyrt þess getið, að honum hafi tekizt það; og því sorglegra þykir mèr, að nefndin skyldi nú fara að hræra þessu öllu saman við kláðann, á meðan þó engi vissa er fyrir, að þessar 2 greinir fjárveikinnar, kláðinn og bráðafárið, verði læknaðar, að fara nú, segi eg, að hræra þessu öllu saman, sem þó alls ekki liggur fyrir eptir bænarskránum, sem komið hafa til þíngsins; það er þó víst mjög óhappalegt. Um þessa atkvæðaskrá ætla eg lítið að tala, nema eg ætla að gefa atkvæði mitt fyrir tölul. 4. og 5., og því heldur felst eg á tölul. 5., sem eg kom með bæn-

arskrá til þingsins í þá stefnu, og þar á ofan er stefna þessa viðaukaatkvæðis samhljóða því, sem þingið fór fram á 1859, og eg verð að kalla það apturför fyrir þetta þing, ef það nú, eptir því sem á stendur, ekki skyldi fallast á þessa sína fyrri stefnu.

Framsögumaður: Eg skal með tilliti til þingmanns Austur-Skaptafellssýslu að eins geta þess, að ástæður fyrir því, að nefndin tók fjárkláðann saman við önnur fjárveikindi, hafa komið áður, og þær hrakti hann ekki; og ef hann ekki hefir heyrt þær, þá er það af því, að hann ekki hefir tekið eptir. Aðalástæðan var sú, að þegar nefndin fór fram á lagaheimild, þá þótti henni ekki rètt, að taka enga aðra fjársýki en kláðann. Eg skil ekki, hvernig menn geta haft á móti þessu, þegar það er svona orðað. Það liggur í þessu, að lög sè til, sem menn geti farið eptir, þegar þeir þurfi að verja sig fyrir einhverjum næmum sjúkdómum á fè, bæði kláða og öðrum. En í rauninni á sá, sem móti mælir, að sanna ástæður sínar, en ekki sá, sem setur, ef menn fara kapplaust í málið; og það vil eg vona og þess óska. Þó eg ekki hafi fengið upplýsingar frá uppástúngumönnum, vil eg þó fara nokkrum orðum um tölul. 4. a og b og 5. tölulið. Eg get þá ekki betur sèð, en að tölul. 4. a ráði þinginu til, að beiðast þess valds handa stiptamtmanni, sem hann fær, ef frumvarp nefndarinnar fær þingsins samþykki og yrði lög. Eg sè ekki betur, en að í 4. a tölulið sè farið fram á minna, en nefndin fer fram á, því þetta lögheimilaða vald á ekki að ná nema til amtmannsins í Suðuramtinu; og þetta vil eg biðja þingið að athuga. Uppástúngumanni kynni að koma til hugar orðtækið latínska: »*superflua non nocent*«; en eg held þó það sè skaðlegt að biðja um of mikið hèr; því til hvers er að biðja um vald handa stiptamtmanni sèr á parti og líka lög, sem innibinda þetta vald, eg segi konúng, því stjórnarráðið getur ekki gefið embættismönnum annað vald, en þeir hafa eptir gildandi lögum? Það getur verið, að stjórnin veiti stiptamtmanni þetta vald, en líka getur, ef til vill, komið upp kláði í Norður- og Vesturamtinu, og þá hafa þeir amtmennirnir ekki nægt vald; því er ekki æskilegt að útbreiða *local*-lög, og eg held, að uppástúngan, bæði í formlegu tilliti og eins hvað málið snertir, getí ekki komizt að; og það er kann ske vafasamt, hvort þingið getur greitt atkvæði um tölul. 4. a; tölul. 4. b get eg ekki fallizt á, ekki af því, að það væri ekki æskilegt, en það eru 2 ástæður, hvers vegna eg get það ekki, fyrsta sú, að uppástúngan felst í 3. niðurlagsatriði nefndar-

innar, og eg sè ekki betur, að talan sè ótiltekin, heldur en að hún sè tiltekin. Svo vil eg vekja athygli að því, að *konúngsfulltrúi* sagði, að stiptamtmaður hafi beðið stjórnina, að leggja til 5000 rd. til fjárræktar hèr á landi; eg sè ekki annað, en að þingið ætti að taka til greina bendíngar hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*. Eg vildi að uppástúngumaður vildi gjöra mèr ljóst, hvers vegna hann er á annari skoðun. 5. tölul. get eg með engu móti fallizt á. Eg held hann liggi langt fyrir utan það, sem nefndin lofaði að gjöra, gat gjört og vildi gjöra. Eg held hèr hafi rætzt: »*sèr grefur gröf þó grafi*«, því uppástúngumaður átti mikinn þátt í, að gengið var inn á hinar fyrrí uppástúngur nefndarinnar; og ef þetta er fyrir utan þá hugsun, þá held eg hann hafi brugðizt sjálfum sèr; en eg óska, að uppástúngumaður vildi gjöra mèr hana skiljanlega.

Sama ræða leiðrètt: (Eg skal með tilliti til ræðu þíngmanns Austur-Skaptafellssýslu að eins geta þess, að ástæður fyrir því, hvers vegna nefndin tók fjárkláðann saman við önnur fjárveikindi, hafa komið fram áður bèr á þínginu, og þær hrakti hann ekki þá. Má ske hann hafi ekki heyrt þær, en það hefir þá komið til af því, að hann hefir ekki tekið vel eptir, hvað fram fór á þínginu. Aðalástæðan, sem vakti fyrir nefndinni, var sú, að henni þótti það alls ekki eiga við, að stínga upp á nýjum lögum, eingöngu um kláðann, en sleppa öllum öðrum fjársjúkdómum. Eg skil ekki, hvernig menn geta haft á móti þessu, einkum þegar það er svona orðað, eins og það er hjá nefndinni. Vili og meiníng hennar var að eins sú, að lög sè til framvegis í landi voru, sem menn geti farið eptir, þegar þeir þurfa að verja sig fyrir einhverjum næmum sjúkdómum á fè, bæði kláða og öðrum. Þó eg ekki hafi fengið upplýsíngar þær frá uppástúngumönnum, sem eg sagðist bíða eptir, ætla eg þó að fara nokkrum orðum um tölul. 4. a og b, og 5. tölul. Eg get þá ekki betur sèð, en tölul. a ráði þínginu til, að beiðast þess valds sèrstaklega handa stiptamtmanni, sem hann fær eptir almennum lögum, ef frumvarp nefndarinnar fær þíngsins samþykki, og yrði lög. Að þessu leyti er tölul. 4. a þá *óþarfur*. Eg sè enn fremur ekki betur, en að í 4. a tölul. sè farið fram á *minna*, en nefndin fer fram á í lagafrumvarpinu, því þessi sèrstaklega heimild eður vald á ekki að ná nema til amtmannsins í *Suðuramtinu;* og þetta vil eg biðja þingið vel að athuga. Uppástúngumanni kann að hafa komið til hugar viðvíkjandi fyrra atriðinu orðtækið latínska: »*superflua non nocent*« (það, sem er um skör fram,

skaðar ei); það á ekki við hèr, því til hvers er að biðja konúng um vald handa stiptamtmanni sèr í lagi, og undir eins um *lög,* sem innibinda einmitt þetta vald, eg segi að biðja *konúng,* því *stjórnarráðið* getur ekki, að mínu áliti, gefið embættismönnum annað vald, en samkvæmt er nú gildandi lögum; og heimili þau það, sem tölul. 4. a fer fram á, er aptur frumvarp til *nýrra* laga óþarft. Þá er hin mótbáran móti þessum tölulið. Setjum svo, að stjórnin veitti stiptamtmanni þetta vald, og að það væri nauðsynlegt, sem eg þó neita, getur þá, ef til vill, ekki komið líka upp kláði í *Norður-* og *Vesturamtinu,* og hafa þá þeir amtmennirnir nægt vald? Er það nú líka ekki miður æskilegt, að fara að útbreiða *local-*lög, eður lög, sem að eins gilda um nokkurn hluta landsins í þessu tvídrægnismáli? Að öllu þessu slepptu, sem snertir málið sjálft, mun slíkur formgalli vera á tölulið 4. a, að það er að minnsta kosti vafasamt, hvort þingið getur greitt atkvæði um hann. Tölul. 4, b get eg heldur ekki fallizt á, og eru 2 ástæður til þess; hin fyrri sú, að uppástúnga þessi felst í 3. niðurlagsatriði nefndarinnar, og í annan stað sè eg ekki betur, en að rèttara sè, að upphæð fjárins sè tiltekin en ótiltekin. Svo vil eg og vekja athygli þingmanna að því, að *konúngsfulltrúi* sjálfur sagði, að stiptamtmaður hafi beðið stjórnina um, að leggja til einmitt 5000 rd. árlega til fjárræktarinnar hèr á landi, og þessa bendíngu ætti þingið að taka til greina. Eg vildi að minnsta kosti að uppástúngumaður vildi gjöra mèr ljóst, hvers vegna hann er á annari skoðun. 5. tölulíðinn get eg nú *alls eigi* fallizt á. Eg held hann liggi langt fyrir utan það, sem nefndin lofaði að gjöra, gat gjört, og vildi gjöra. Eg held hèr hafi rætzt á uppástúngumanni orðtækið: »*sèr grefur gröf þó grafi*«, því hann átti mikinn þátt í því, að gengið var inn á hinar fyrri uppástúngur nefndarinnar; og ef þetta er fyrir utan þá hugsun, sem í þeim lá, þá held eg hann hafi brugðizt sjálfum sèr, og nú vildi eg biðja uppástúngumann að sýna mönnum, að öðruvísi sè).

Guðmundur Brandsson: Eg lèt í ljósi efasemdir mínar um fyrirkomulag nefndarinnar, sem setja ætti; kann ske hún ætti að vera í Reykjavík? Mèr datt í hug, að í henni ætti að sitja allir amtmennirnir; en eg er hræddur um, að þeir ætti ekki gott með að ná saman. Eg tók ekki eptir því, hvort *konúngsfulltrúi* hefði fengið svar upp á brèf sitt, hvort ekki væri kominn tími til svars, eða hvort hann hefði fengið afsvar. Eg á hèr breytíngaratkvæði

undir tölulið 8; mèr stendur á sama, hvort það stendur eða fellur, ef 7. tölul. verður samþykktur. Mín meiníng var sú, að lögreglustjórnin sjálf skyldi kjósa sèr þessa menn til aðstoðar. Svo á eg annað undir 13. tölulið. Mèr finnst það breytíngaratriði vera nákvæmara en nefndin, því eg vil ekki útilykja lækníngarnar. Að öðru leyti skal eg ekki fara fleirum orðum um málið.

Framsögumaður: Eg þykist sjá, að eg ekki muni fá neinar upplýsíngar frá þíngmannni Suður-Þíngeyínga, og þyki mèr það illa farið, því eg þykist ekki hafa legið á liði mínu. Eg vil þá lýsa því yfir, hvern skilníng eg hefi á 5. tölulið. Eg skil ekki, hvað meint er með að þröngva svið sýkinnar; eg gæti hugsað, að það mætti gjöra á svo marga vegu, að ekki sè unnt að draga neina fasta meiníngu út úr því; en hvort sem það á að vera í lögum eða bendíng, þá á það að vera svo ljóst, að meiníngin finnist. Eg ímynda mèr þá helzt, að meiníngin sè sú, að strádrepa niður allt fè úr vissu svæði, þangað til allur læknaður fjárstofn er dauður; þetta þykir mèr þó mjög ísjárvert. Þíngið veit að fram eru komnar bænarskrár til þíngsins, sem voru þessu mótfallnar. Sunnlendíngar eru því móti þessu, og eg get ekki álitið það ósk allra landsmanna, þegar einmitt þeir, sem eru innan þessa svonefnda kláðasviðs, eru því mótmæltir. Mèr þykir spursmál um, hvort þetta eigi að takast til greina, þegar það er frá þeim, sem standa fyrir utan hættuna, þegar gengið er út á, að taka eign manna, er menn eiga með öllum rètti. Eg held að svo framarlega sem maður getur gjört það efasamt, hvort þetta er til gagns fyrir landið, þá megi renna á menn 2 grímur; og þegar talað er um, hvað það er skynsamlegt, þá er þetta fjárspursmál, og ef við hefðum *bánka* eður margar millíónir, þá væri ekkert móti því; en landið er nú einu sinni svo fátækt; og eg er viss um, að á 4 árum væri það ógjörníngur. Annað er það, að ómögulegt væri að halda öruggan vörð; og eg efast um, að hann yrði þeim mun hægri, sem sviðið væri minna; það þarf og penínga til varðanna, og því meiri, sem þeir standa lengur, og því meiri tolla þarf að leggja á landið, og því meir sem kostnaðurinn stækkar, þess minna er að taka af. Eg held því, að uppástúngumaður eigi annaðhvort að taka uppástúnguna aptur, eða hrekja það, sem eg hefi sagt, eður þá innistanda fyrir því, að hún sè rètt. Mèr dettur ekki annað í hug, en hann vili þínginu vel, landinu vel; en eg vildi óska, að hann tæki hana aptur, því mèr segir svo hugur um, að fara muni líkt og með slæð-

urnar forðum; og illa væri farið, ef vèr lærðum ekki að reyna að vinna sáttir.

Sama ræða leiðrètt: (Eg þykist sjá fram á, að eg ekki muni fá neinar upplýsingar frá þingmanni Suður-Þingeyinga um tölulið 5, og þykir mèr það illa farið, því eg þykist aldrei liggja á liði mínu. Eg vil þá lýsa því yfir, hvern skilning og *ekki* skilning eg hefi á 5. tölulið. Eg skil þá *ekki*, hvað meint er með að *þröngva* svið sýkinnar; eg gæti hugsað, að það mætti gjöra á svo marga vegu, að ekki sè unnt að draga neina fasta eður ákvarðaða meiningu út úr þessum almennu orðum; en hvað á það að þýða inn í lög eða reglur, sem er svo óljóst, að engi viss meining finnst í því? Eg ætla þá að *ímynda* mèr, og það held eg því helzt eigi að vera meiningin, að strádrepa skuli niður allt fè á vissu svæði, þangað til allur læknaður fjárstofn er dauður. Þetta þykir *mèr* nú mjög ísjárvert. Þingið veit, að fram eru komnar bænarskrár til þingsins, sem voru þessu mótfallnar. Sunnlendingar, sem eiga læknaða fè, eru móti þessu, og eg get ekki álitið það ósk landsmanna, þegar einmitt þeir, sem eru innan þessa svonefnda kláðasviðs, eru því mótmæltir. Mèr sýnist svo, að þessi uppástúnga verði einmitt varúðarverðari fyrir það, að hún kemur frá þeim, sem standa fyrir utan hættuna; hèr er sumsè þá einmitt spurningin um, að taka eign manna, er þeir hafa með fullum rètti, og eyða henni að þeim nauðugum. Eg held, að svo framarlega sem maður getur gjört það jafnvel *efasamt,* hvort þetta er til gagns fyrir landið, þá megi að minnsta kosti renna á mann 2 grímur; og sè aptur talað um það, hvað sè gagnlegt fyrir landið í þessu máli, þá er þetta hreint og beint peningaspursmál. Mèr er þá spurn, hvar eru peningar til þessa fyrirtækis? Ef við hefðum *banka* eða margar miliónir í höndum oss, þá væri sök sèr að tala um þetta; en landið er nú einu sinni svo fátækt, eins og það er; og eg er viss um, að á 4 árum væri það ógjörningur fyrir það *allt* að skjóta slíku fè til. Þá væri annar ómögulegleikinn á því, að halda öruggan vörð umhverfis kláðasviðið í þessi 4 ár eður lengur; og eg efast um, að hann yrði einu sinni þeim mun hægri, sem svið-ið yrði minna. Það þarf og peninga til varðanna, og því meiri, sem þeir standa lengur; því meiri peninga sem þarf til þeirra, því meira verður að leggja á landið, og því *meiri* sem kostnaðurinn verður, þess *minna* er að taka hann af. Eg held nú, að uppástúngumaður, án þess vèr förum lengra út í þetta mál, eigi ann-

aðhvort að taka uppástúnguna aptur, eða að minnsta kosti hrekja það, sem eg hefi sagt. Mèr dettur ekki annað í hug, en hann vili landinu vel; en eg vildi samt óska, að hann tæki uppástúnguna aptur, því mèr segir svo hugur um, að fara muni líkt um hana og *slæðurnar forðum;* og væri illa farið, ef vèr ynnum svo saman á þessu þingi).

Jón Hjaltalín: Mikið er nú búið að tala í þessu máli, og seinir eru menn að sannfærast. En eg ætla einúngis að segja það, að ef ekki verður öll nefndin tekin, þá áskil eg mèr það, að nota 61. grein í alþingistilskipuninni. Eg held að þingmaður Norður-Þingeyínga hafi ekki lesið skýrslu, sem lögð var fyrir ríkisdaginn um íslenzka kláðann; eg ætla að lesa úr henni lítinn kafla: »Amtmennirnir í Norður- og Vesturumdæminu virðast svo mjög að hafa aðhyllzt skoðanir þær, er allir, sem vit á hafa, hafa á þessu máli, að happasæl afdrif þess virðast komin undir því, að þeir hafi ekkert með það að gjöra«. Ætli þetta komi heim við breytíngar og viðaukaatkvæði þingmannsins úr Þingeyjarsýslu?

Sveinn Skúlason: Eg þarf nú ekki að fara mörgum orðum um þetta mál núna, og ekki fara út í neinn æsíng, því hinn háttvirti *framsögumaður* hefir tekið með »*Parísar*«-vetlíngum á mèr. Mèr getur ekki skilizt, hversvegna hann hefir á móti breytíngaruppástúngum mínum, er allir verða að sjá, að lúta að bráðabyrgðarráðstöfunum aðeins, og þær verða þó að ganga á undan, áður en frumvarpið yrði gjört að lagaboði. Eg ætla þá að byrja á því, sem margir enda á, nl. atkvæðaskránni. Hinn háttvirti *framsögumaður* vildi fá skýríngar viðvíkjandi 4. tölulið, og skal eg reyna að gefa honum þær. Eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna, hver meiníng mín væri með því, nefnilega sú, að beina þínginu í sömu stefnu, og það fór í uppástúngum sínum til stiptamtmannsins; þar eð hann í svari sínu sagðist ekki hafa nægt vald til, að framfylgja því, sem þar var farið fram á, þá fannst mèr liggja beint við, að biðja um þetta vald handa honum. Hinn háttvirti *framsögumaður* segir, að þetta felist í frumvarpinu; en þó nú svo sè, þá get eg þó ímyndað mèr, að dráttur kynni að verða á, að frumvarpið yrði gjört að lögum, og yrði því fljótara til að fá beinlínis úrskurð stjórnarinnar um þetta nú þegar; það getur vel verið, að stjórninni líki ekki frumvarpið, og vili því leggja það fyrir næsta þíng, en þar á móti get eg ekkert sèð á móti því, að stiptamtmaðurinn

fái þetta vald til bráðabyrgðar. Það kynni nú að virðast svo, sem stjórnarráðið gæti ekki gefið stiptamtmanni meira vald, en hann hefir að lögum; en það kynni þó að geta komið honum í skilníng um vald sitt, þegar hann þykist ekki hafa það; og það væri gott fyrir hann að fá þann siðferðislega styrk. Ef nú stjórnarráðið getur ekkert vald veitt, þá liggur beint við að fá konúnglega »*Resolution*«. Þetta get eg alls ekki séð, að komi í bága við frumvarpið, því verði það nú þegar gjört að lögum, þá þarf stjórnin ekki að veita stiptamtmanni vald til bráðabyrgðar. Að því er snertir tölul 4. b, þá er hann bein afleiðíng af 7. gr. í uppástúngum þíngsins til stiptamtmanns; þar var gjört ráð fyrir, að fjáreigendur skyldi sjálfir kosta lækníngar, að því leyti sem það opinbera ekki legði fé til þess. Þessu svaraði stiptamtmaður: að ekkert fé væri til, er til þess mætti verja, og þá fannst mér brýna nauðsyn til bera, að útvega þetta fé, einkum vegna hinna fátæku, er ekki fá staðizt þann kostnað með eigin fé. Hinn háttvirti *framsögumaður* furðaði sig á því, að eg skyldi hafa orðað þetta svona, og ekki álitið það felast í 3. grein nefndarinnar. Hann upplýsti, að stiptamtmaður hefði þegar farið því á flot við stjórnina að veita fé, og ef það ekki fengist, þá væri nógur tími til, að biðja um það á næsta þíngi. Eg gat nú alls ekki séð af niðurlagsatriðum nefndarinnar, að það feldist í 3. uppástúngu, að þessu fé skyldi verja til útrýmíngar fjárkláðanum eingöngu, því það er þó sitthvað, að verja fénu fyrir meðul eða til lækninga, og verja því til fjárræktar yfir höfuð. Eg gat ekki betur séð, en að þessir 5000 rd. ætti að vera handa nefndinni, eða til framkvæmdar ráðstöfunum hennar; en eg tók það fram áður, að eg álít þessa nefnd ekkert geta séð um fjárrækt yfir höfuð, og jafnvel ekki þó nefndirnar væri 3. Ef gagn ætti að verða að nefndum, þá yrði að vera sýslunefndir í hverri sýslu, og hreppanefndir undir þeim aptur, og svo ætti amtmaður að skipta fénu milli þeirra; en að hugsa, að 1 nefnd mundi gjöra gagn, það er eintómur hugarburður. Mér fannst hinn háttvirti *framsögumaður* verða heldur harðhentur á 5. tölulið; en eg ætla nú ekki að færa vörn fram fyrir honum, því eg álít uppástúngumennina færari um, að tala fyrir honum. Eg get ekki séð, að það sé neinn óhagur að taka veikt fé á haustin, og farga því fyrir fullt verð, og kaupa aptur heilbrigt fé í staðinn; þetta var gjört í Borgarfirði í hitt eð fyrra, og telja Borgfirðíngar það ekki með skaða sínum. Viðvíkjandi 8. tölul., þá skal eg geta þess, að eg orðaði alla greinina á ný, og nokkuð öðruvísi, en eg og

þingmaður Gullbríngusýslu höfðum talað um, að okkur þætti viðkunnanlegra að hafa hana, Um breytíngarnar við frumvarpið ætla eg ekki að tala, því að hinn háttvirti *framsögumaður* hefir tekið þeim vel, og eg vona, að hann hlynni að þeim; mèr heyrðist honum vera lakast við 15. tölul., að hann var ekki dreginn saman við 17.; en mèr fannst þar svo ólíku saman að jafna, þar sem á öðrum staðnum er talað um, hvað valdstjórnin megi gjöra, þar sem slóðaskapur sýnir sig, en á hinum staðnum, hvað hún megi gjöra, þegar kláði kemur upp á einum bæ. En eg vil geta þess, að eg sakna orðs úr 17. tölul., þar átti að standa: móti endurgjaldi úr jafnaðarsjóði; en það hefir glatazt úr, og minnir mig ekki betur, en það væri í uppkastinu. Viðvíkjandi 1. atr. þarf eg að svara *framsögumanni*, þar sem hann sagði, að ef konúngleg „*Resolution*“ fengist viðvíkjandi amtmanninum í Suðuramtinu, þá yrði hinir amtmennirnir í vandræðum, ef kláði kæmi upp. Eg get nú ekki ímyndað mèr, að þeir yrði í neinum vandræðum, því þeir mundu sjá ráð til, að taka sèr nauðsynlegt vald, altènd þangað til þeir gæti leitað til stjórnarinnar um, að fá aukið vald sitt. Viðvíkjandi forminu á þessum breytíngaruppástúngum mínum, þá get eg ekki sèð annað, en það sè rètt, þar sem þær eru alveg byggðar á fyrri lið málsins, og nefndin hafði skuldbundið sig til, að fara í sömu stefnu, einnig í seinni hlutanum.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það má víst virðast ekki ástæðulaust, að eg stend upp, til að hera hönd fyrir höfuð mèr, móti þessum ítrekuðu árásum *framsögumanns* gegn mèr og viðaukauppástúngu minni undir tölul. 5; og ætla eg þá fyrst að svara því, er hann hefir bent að mèr persónulega í þessu máli. Hann fann mèr það þá fyrst til, að eg hefði verið með málinu og einn hjálparmaður þess, þegar fyrri hluti þess kom til umræðu hèr um daginn; en nú hefði eg alveg brugðizt, og þannig gengið á móti sjálfum mèr. Eg skal nú ekki neita því, að eg var of leiðitamur, þegar fyrri partur málsins, eða uppástúngurnar til stiptamtmannsins, lágu fyrir til umræðu; en hafi eg nú brugðizt, og gengið móti sjálfum mèr, eins og *framsögumaður* sagði, þá er það sú synd, sem eg á *sjálfur* að bera ábyrgð af, og engi annar; eg hefi til hreins að taka með það, að þó svo kunni að vera, að eg hafi *brugðizt sjálfum mèr* í þessu máli, þá hefi eg hvorki brugðizt *kjósendum mínum nè föðurlandi;* það skal eg forsvara fyrir hverjum dómi sem vera vill. *Framsögumaður* sagði að eg hefði grafið mèr sjálfum gröf í

þessu máli; það getur vel verið; en hann má vera rólegur yfir því, þingmaðurinn, að eg mun seint biðja hann að draga mig upp úr gröfinni, ef honum yrði að ósk sinni, og eg dytti í hana. Þá kem eg til málsins sjálfs; *framsögumaður* skildi ekki uppástúnguna undir tölul. 5, og var að leita skýringa á henni í allar áttir; það er merkilegt skilningsleysi; þau orð, sem hún hefir inni að halda, eru þó ekki þúngskilin, og þar til hafa þau svo opt komið fyrir, bæði hèr á þingi, og í ræðum og ritum utanþings, að líklegt væri menn væri farnir að skilja þau. *Framsögumaður* lagði nú þann skilning í uppástúnguna, að hún færi fram á, að öllu fè hèr á Suðurlandi væri sem fyrst gjöreytt með hnífnum; en mèr liggur við að segja, að sá maður, sem leggur þessa þýðingu í orð mín, hann gjöri mèr rangt til, og hann má hafa lakari meðvitund að bera í brjósti sèr en eg. Eg tek það upp aptur, að viðaukauppástúnga mín undir tölul. 5. er ekki ný; hún fer ekki fram á annað en það, sem allur þorri landsmanna og jafnvel lækningamennirnir sjálfir álíta nauðsynlegt, og þingið 1859 fèllst á hana því nær með öllum atkvæðum, eða 19. móti 1.; og til þess *framsögumaður* geti sèð, hvað hún hefir þýtt fyrir kláðamálið að undanförnu, vil eg með fám orðum útskýra það, ef verða mætti, að *framsögumaður* skyldi þá betur, hvað eg meina með uppástúngunni: Rángárvallarsýsla hefir verið gjörhreinsuð af kláðanum, sumpart með lækningum og sumpart með niðurskurði; Árnessýsla hefir og verið gjörhreinsuð, að sögn, millum Þjórsár og Hvítár, og það víst meir með lækningum en niðurskurði; efri hluti Borgafjarðarsýsla hefir og verið hreinsaður, ekki að vísu með lækningum, og ekki heldur með hnífnum; *framsögumaður* má kalla það, hvað sem hann vill; en af þessu, sem nú hefi eg sagt, vona eg sjáist það, að *svið sýkinnar* hefir verið þrengt um meir en helming; og þó það nú, ef til vill, afli hinum heiðraða *framsögumanni* ógleði, þá vona eg, að þingmenn yfir höfuð að tala sè glaðir yfir því, hvað þegar er áunnið í kláðamálina, hvort sem menn nú heldur þakka það niðurskurði eða lækningum. Eg vil leyfa mèr að leggja þingmönnum það alvarlega á hjarta, hvort þeir geti forsvarað það fyrir kjósendum sínum, og fyrir þjóðinni yfir höfuð, ef þeir nú með atkvæðum sínum skyldu fella þessa uppástúngu, sem eflaust hèr eptir, eins og hingað til, hlýtur að hafa happasæla verkun á kláðmálið yfir höfuð. Eg átti nú sannarlega bágt með að skilja *framsögumann*, þar sem hann vildi gjöra það svo líklegt, að því þrengra kláðasvið væri, því

torveldara væri að lækna; eptir þessu, og eins og mèr skildust orð hans, þá ætti það að vera bezt, að kláðinn kæmist um allt land; þetta er reyndar ný kenníng hèr á þíngi, og sem fáir hafa viljað vera þekktir að, enda ætla eg ekki að verja mörgum orðum til, að hrekja hana; eg vona hún hreki sig sjálf. Þá kom það fram í ræðum *framsögumanns*, og enda fleiri þíngmanna, að þetta, sem viðaukauppástúngan fer fram á, hefði ekki legið fyrir nefndinni eða þínginu; en eg held *framsögumaður* hafi þá ekki lesið allar bænarskrárnar vel ofan í kjölinn; eg skal þá leyfa mèr að benda honum á, að uppástúngan er tekin næstum því orðrètt upp úr bænarskrá Húnvetníngа, sem lesin var upp hèr á þíngi fyrir nokkru síðan; og það var einmitt þessi bænarskrá, sem lögð var til grundvallar við meðferð málsins, næst þíngvallabænarskránni, sem *framsögumaður* sagði þó sjálfur um, að væri einna skynsamlegust af öllum þeim bænarskrám, sem komið hefði til þíngsins um þetta mál (*Framsögumaður:* Það hefi eg aldrei talað); jú! það sagði *framsögumaður* vist. Áður en eg sezt niður aptur, vildi eg minnast lítið eitt á tölulið 4., sem fer því fram, að konúngur mildilegast vili veita stiptamtmanninum vald til, að framkvæma það, sem upp á var stúngið til bráðabyrgða í þessu máli; *framsögumaður* vill nú fella þenna tölulið, en þótt hann komist ekki eins að honum eins og tölul. 5. *Framsögumaður* segir, að hèr þurfi engra bráðabyrgðarráðstafana við, því frumvarp nefndarinnar gjöri þær með öllu óþarfar; en eg vil nú spyrja hann, hvernig hann geti ímyndað sèr, að þetta ágæta lagafrumvarp nefndarinnar geti komið svo fljótt í gildi hèr á landi, sem nauðsyn krefði. Þó frumvarp nefndarinnar sè nú vel úr garði gjört, eða verði það, þegar búið er að umskapa það með breytíngaratkvæðunum, þá ætla eg þó að stjórnin kunni að finna ástæðu til, að víkja einhverju við í því; og þá á það nú að leggjast aptur fyrir næsta þíng samkvæmt alþíngistilskipuninni? má þannig gjöra ráð fyrir, að það líði ein 2 eða 3 eða 4 ár þangað til að þessi lög fara að gilda hèr á landi; nú vil eg spyrja *framsögumann:* hver lög gilda hèr á meðan? hann hefir sjálfur sagt þau væri engi; og eptir hverju á þá að fara? Þessum gömlu alþekktu pappírsráðstöfunum hèr á Suðurlandi, sem sannarlega mega vera orðnar öllum leiðar. Eg skal þá ekki fara fleiri orðum um málið. Þíngið ræður hvað það gjörir; eg vona það verði það, sem bezt hentar, og sem það getur vel forsvarað fyrir landi og lýð.

Framsögumaður: Það er æfinlega óþægilegt, þegar manni bregðast vonir, og einkum þegar þær eru miklar. Mèr brugðust nú öldúngis þær upplýsíngar, er eg vildi fá hjá hinum heiðraða þíngmanni Suður-Þíngeyínga; eg hafði vonast eptir, að hann mundi gjöra betri grein fyrir viðaukauppástúngu sinni. Hann hafði ekki á móti, að hann hefði brugðizt sèr með stefnuna, þar eð hann gat ekki neitað, að þetta lægi fyrir utan hana; en hann sagðist ekki hafa brugðizt kjósendum sínum; en þá verð eg að segja honum, að hann hefir brugðizt þeim áður. Hann sagði, að uppástúngan væri auðskilin, en þó væri hún ekki ákveðin; það var nú einmitt það, sem eg fann að henni, að hún væri óákveðin; hann nefndi mörg meðul, lækníngar, niðurskurð og hníf, allt hvað innan um annað, og allt þetta heyrði undir að »*þrengja kláðasviðið*«. Mèr þykir það undarlegt, að koma fram með uppástúngu og játa á eptir, að hún sè óákveðin; því, að hún er óákveðin, álít eg ókost á henni; eg vil láta regluna ná yfir öll þau atriði, er koma fram í málinu. Allt sem er í uppástúngunni, það felst í frumvarpi nefndarinnar. Eg sagði ekki, að hann hefði dottið í gröf, og því síður, að hann kæmist ekki upp úr, en eg sagði honum, að honum færist eins og máltækið hljóðar; eg veit ekki heldur, að sá fari opt sjálfur í gröfina, sem grefur. Hinn heiðraði þíngmaður sagði, eg mundi varla þurfa að draga sig upp úr; en mèr datt það nú ekki í hug, að eg mundi geta reist hann, þó eg vildi feginn óska, að eg gæti leiðrètt hann. Hinn heiðraði þíngmaður mátti ekki skilja orð mín svo, að eg væri eigi glaður yfir því, hvað unnið væri. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þíngeyínga talaði um muninn á breytíngaratkvæði sínu undir tölul. 4. b og nefndarinnar uppástúngu undir 3. tölul., þá gat eg ekki skilið, hvað hann meinti; sá eini munur, sem eg sè á þeim, er, að í hans er óákveðin upphæðin (*Sveinn Skúlason*: Ekki ætlað til sama). Það sèst ekki af uppástúngunni. Eg vil minna þá þíngmenn á, sem halda fram með 5. tölul., að mèr þykir ólíklegt, að Sunnlendíngar láti strádrepa niður fyrir sèr borgunarlaust; og hvaðan á þá að taka endurgjaldið? Á að taka það úr Vesturamtinu, Norðuramtinu, jafnaðarsjóði eða ríkissjóði? Mèr finnst yfir höfuð óvarlegt að fara mjög langt, og eg álít stefnu þíngsins áður og nefndarinnar nú það eina rètta. Þar eð hinn heiðraði þíngmaður Suður-Þíngeyínga ekki svaraði mèr, þá skal eg leyfa mèr að taka fram, að eg álít, að einlægt verði því fleira, sem

skorið, eptir því sem tíminn er lengri. Eptir reikningi Ólafs Stephensens ætti nefnilega þær 54,000 fjár, sem nú eru í Suðuramtinu, að vera orðnar eptir 5 ár 5,000,000, og það aptur á 5 ára tímabili 24,000,000; þó eg nú taki bara helmínginn af þessu, þá eru það þó 12,000,000, og eg vil nú biðja hinn heiðraða þingmann að segja mèr, hvaðan þetta ætti að koma aptur, en eg veit, að hann getur ekki svarað mèr þessu eptir lögum.

Sama ræða leiðrètt: (Það er æfinlega óþægilegt, þegar manni bregðast vonir, og einkum þegar þær eru miklar. Mèr brugðust nú öldúngis þær upplýsíngar, er eg vildi fá hjá hinum heiðraða þingmanni Suður-Þingeyínga; eg hafði vonast eptir, að hann mundi gjöra betri grein fyrir viðaukauppástúngu sinni, en hann gjörði. Hann hafði ekki á móti því, og hann gat ekki haft á móti því, að hann hefði brugðizt *sjálfum* sèr með stefnu þessa máls, þar eð hann gat ekki neitað, að uppástúnga hans lægi fyrir utan hana; en hann sagðist ekki hafa brugðizt *kjósendum* sínum; en þá verð eg að segja honum, að hann hefir brugðizt þeim *áður*. Hann sagði, að uppástúngan væri auðskilin, en þó væri hún ekki ákveðin; það var nú einmitt það, sem eg fann að henni, að hún væri óákveðin, og sannaði að í þessu lægi óskiljanlegleiki hennar; hann nefndi mörg meðul, lækníngar, niðurskurð og hníf, allt hvað innan um annað, og allt þetta heyrði undir að »*þrengja kláðasviðið*«. Mèr þykir það undarlegt, að koma fram með uppástúngu um lög og reglur, og játa á eptir, að hún sè óákveðin, því, að hún er óákveðin, er hinn mesti ókostur og óhafandi í lögum. Lagareglan á að draga ljós yfir öll takmörk milli þess, sem hún býður og bannar. Eg sagði ekki, að þíngmaðarinn hefði dottið í gröf og því síður, að hann kæmist ekki upp úr henni aptur, en eg sagði, að honum færist eins og máltækið hljóðar: »Sèr grefur gröf þó grafi«. Hinn heiðraði þíngmaður sagði, að eg mundi varla þurfa að draga sig upp úr; en mèr datt það nú ekki í hug, að eg mundi geta það, þó eg vildi feginn óska, að eg gæti leiðrètt hann. Hinn heiðraði þíngmaður mátti ekki skilja orð mín svo, að eg væri ekki glaður yfir því, hvað unnið væri. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þingeyínga talaði um muninn á breytíngaratkvæði sínu undir tölulið 4. b. og nefndarinnar uppástúngu undir 3. tölulið, þá gat eg ekki skilið, hvað hann meinti; sá eini munur, sem eg sè á þeim, er, að í hans er óákveðin upphæðin (*Sveinn Skúlason:* Ekki ætlað til sama). Það sèzt ekki af uppástúngunni.

Eg vil enn minna þá þingmenn á, sem halda fram með 5. tölulið, að mèr þykir ólíklegt að Sunnlendíngar láti strádrepa niður fyrir sèr fè sitt *borgunarlaust,* eður móti litilli borgun, og hvaðan á þá að taka endurgjaldið? á að taka það úr Vesturamtinu, Norðuramtinu, jafnaðarsjóði eða ríkissjóði? Mèr finnst yfir höfuð óvarlegt, að fara mjög langt út í þetta mál; og eg álít stefnu þingsins *áður* og nefndarinnar *nú* hið eina rètta. Þar eð hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyínga ekki svaraði mèr, þá skal eg leyfa mèr að bæta þeirri athugasemd við það, sem eg áður sagði um kostnaðinn, honum til hægðarauka með uppástúngu sína framvegis, að gjöra má ráð fyrir, að einlægt verði fèð því fleira, sem skera þarf, eptir því sem lengri tími gengur til niðurskurðarins, þó *kláðasvíðið prengist.* Eptir reikníngi Ólafs Stephensens ætti nefnil. þær 54,000 fjár, sem eg gjöri ráð fyrir að nú sè í Suðuramtinu, að geta verið orðnar eptir 5 ár hèr um bil 5,000,000, og það aptur á 5 ára tímabili hèr um bil 24,000,000; þó eg nú taki að eins helmínginn af þessu fyrir vanhöldum o. s. frv., þá eru þó 12,000,000 eptir; og eg vil nú biðja hinn heiðraða þingmann að segja mèr, hvaðan þetta fè eður jafngildi þess ætti að koma aptur. Vill hann ganga í slíka borgun; eður getur hann svarað mèr upp á þetta?)

Arnljótur Ólafsson: »Betri er mögur sætt, en feitur »*prosess*«, segir máltækið; og þetta held eg sannist nú á nefndinni, því hvað sem menn finna að henni, þá held eg menn verði að játa, að hún hafi gjört allt til þess að sætt kæmist á. Þíngið mátti búast við því, þegar það kaus svona ólíka menn i nefndina, að annaðhvort mundi nefndin falla í mola, eða hver draga afl úr öðrum, þar sem í hana voru kosnir menn frá yztu vinstri, og aðrir frá yztu hægri. Samt hèkk nefndin saman, og komst óbrotin inn á þíng, og enn sèst, að hún vill haldast í hendur, þar sem hún hefir engi breytíngaratkvæði gjört. Einúngis hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður, sem allt byggir á grjótharðri reynslu, nema í þessu máli, hann vill ekki vægja, þar sem svo fer fjarri að hann vili fallast á nokkurt breytíngaratkvæði, að hann vill ekki einu sinni fallast á hina minnstu orðabreytíngu. Fimmta breytíngaratkvæðið er nú, að yfirlýsíngu hins háttvirta *framsögumanns, þær slæður,* sem kastað var á fèð forðum; þó nú samlíking þessi kunni að vera heppin, þá vildi eg óska, að ekki yrði sömu afleiðíngarnar hèr, að allur þíngheimur berðist; þó gæti nokkuð líkt farið hèr í salnum, og Snorra goða varð af munni um Skapta lögsögumann, er leitaði um sættir. Hinn

háttvirti *framsögumaður* hefir allt af viljað sættir, og hefir svo vel stuðlað að þeim, að eigi mátti betur verða, jafnvel þó honum kunni að vera annað betur lagið, en vera sáttamaður. Þó nú svona sè, má hann ekki taka mèr illa upp, þó eg kunni að fallast á nokkur breytíngaratkvæði. Eg skal þá fyrst leyfa mèr að gjöra þá athugasemd við 5. tölulið, er *framsögumanni* þótti óljóst orðaður, að það er auðvitað, að »*þröngva*» er sama sem að «*gjöra þrengra*«, og allir vita muninn á *þröngu* og *víðu;* þetta orðatiltæki hefir líka verið ljóst fyrir þínginu áður; það er reyndar ótiltekið, með hverju það skuli gjört, en uppástúngumaður sagði, að það skyldi gjört með því, sem væri skynsamlegast á hverjum stað. Hið 2. atr., að stiptamtmanni er gjört að skyldu, ásamt hinum amtmönnunum, að halda öruggan vörð«, o. s. frv., þá er þetta alveg samfara stjórnarbrèfi því, er síðast kom út í vor um þetta efni; en þar sem *framsögumaður* hafði á móti vörðunum sjálfum, þá vil eg benda honum á erindisbrèf 28. sept. 1858 til dýralæknanna í Danmörku; þar er tekið til um kláðafè, að það megi aldrei koma á almenníng, aldrei á markað og aldrei saman við annað fè. *Framsögumaður* hefir sagt, að hann hefði ekki á móti uppástúngu þíngmanns Norður-Þíngeyínga undir 2. tölulið, og eg er honum samdóma í því, að það er öllu glöggara en nefndin. Eg vil geta þess, viðvíkjandi 17. tölul., þar sem þar er farið fram á að skera niður á einstaka stað, og *framsögumaður* hefir fremur fallizt á það, þá er það sannfæríng mín, að slíks þurfi við hèr á landi, enda er svo gjört annarstaðar, og síðast í vor suður á Jótlandi. Það hefir nú verið mikið talað um 4. a, en eg get ekki sèð neitt á móti því, að þíngið biði um, að það sè gjört að lögum, sem það hefir beðið um, að yrði framkvæmt; og fyrst það var sá eini agnúinn, að stiptamtið vantaði vald, þá á þíngið að útvega þetta vald, ef það vill, sem eg ekki efa, vera sjálfu sèr samkvæmt; það kann að vera óþarft; en þó er eg ekki viss í því, og það tekur þá ekki til, nema þurfi; það verður óþarft, ef stjórnin fellst á frumvarp þíngsins, og ef hún fellst á það eins fljótt, eins og hún getur fallizt á uppástúngu þessa; en annars er það þarflegt. Hinn háttvirti *framsögumaður* talaði um fjárfjölgun, og eg skal ekki bera á mót því, að það *geti verið*, eins og hann skýrði frá. En viðvíkjandi skýrslunni, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni skýrskotaði til, þá var hún aldrei lögð fyrir ríkisdaginn, heldur var 1 expl. gefið hverjum þíngmanni, og eg fèkk hana hjá einum þeirra, því hún fèkkst ekki

annarstaðar; þetta átti nefnilega að vera hulinn fjársjóður og helgidómur. Eptir henni átti nú að hafa vaxið sexfalt í einum hrepp á 2 árum, og held eg þá hafi verið gleymt að taka fram, hvað hafi verið að keypt úr hinum ömtunum (*Jón Hjaltalín:* það er helmíngurinn af því dauður); það getur vel verið satt, því allir skulu eitt sinn deyja, og þíngmaðurinn líka, þó eg óski honum langra lífdaga. Eg vil nú ekki vera að þreyta þíngið með talnaskýrslum, um hve margt sauðfè hafi verið hèr á landi á ýmsum tímum, og hefi eg þó nokkuð fengizt víð þess konar; eg vil einúngis benda mönnum á 2. bindi af landshagsskýrslum, og mun það, sem þar er sagt, vera eins áreiðanlegt og það, sem sagt er í Hirði, sem ekki hefir þekkt helmíng af þeim skýrslum, sem eg hafði með höndum. Eg verð að geta eins, sem eg vildi að hinn háttvirti *framsögumaður* vildi gjöra að sínum eigin orðum, það er viðvíkjandi skýrslu ráðgjafans, er *konúngsfulltrúi* hefir borið fram hèr á þíngi, um fjárkláðamálið á síðasta þíngi; verð eg að leyfa mèr fáeinar athugasemdir við skýrslu þessa, þar eð eg var framsögumaður á seinasta þíngi í kláðamálinu, enda áskildi eg og þegar, er skýrsla þessi var gefin hèr á þíngi, nefndinni í kláðamálinu rètt til andsvara. Fyrst er þá sú aðfinníng, að þíngið hafi byggt á þeirri skoðun, að alþíngi 1857 hafi haft löggjafaratkvæði í kláðamálinu? þetta var þó almenn skoðun á alþíngi 1857, er tíðindin bezt votta, að þíngið hefði löggjafarvald í málinu, en allir amtmennirnir skyldu síðan eptir áskorun eður tilmælum þíngsins samþykkja frumvarpið. Sumir álitu jafnvel, að alþíngi gæti sjálft gjört frumvarp sitt að stundarlögum. En þar sem nú er svo að ráða af skýrslu ráðgjafans, að hvorki þíngið nè amtmennirnir hafi átt að samþykkja frumvarpið, heldur stiptamtmaður einn, þá veit eg sannarlega ekki, hvernig stjórninni hefir dottið slíkt í hug, eptir því sem fram er komið í málinu, með því að skoðun þessi er eigi samkvæm brèfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanns 30. apr. 1857, sbr. og brèf stiptamtmanns til *forseta* alþíngis 12. ágúst s. á. Annað, sem ráðgjafinn finnur að við þíngið, er, að það beri stjórninni á brýn, að hún hafi ekki útvegað samþykki konúngs til þeirra ráðstafana, er dómsmálastjórnin gjörði í brèfi sínu 30. sept. 1857, og enn fremur grunað stjórnina um að hafa ekki lagt frumvarp þíngsins 1857 undir samþykki eður ósamþykki konúngs. Ráðgjafinn segir, að slíkur áburður sè algjörlega ástæðulaus, með því að dómsmálastjórnin hafi útvegað samþykki konúngs á öllum sínum gjörðum

o. s. frv. í álitsskjali sínu til konúngs 25. maí 1857; en það er nú víst prentvilla, og á að vera 1859, því ekki gat hún leitað samþykkis um það um vorið, sem hún gjörði haustið eptir. Eg efa engan veginn að þetta sè satt; en hvað vissi þingið 1859 um það, hvort málið hafði verið lagt undir samþykkí konúngs, þegar álitsskjalið var hvorki birt í hinni konúnglegu auglýsíngu nè fyrir munn *konúngsfulltrúa*. Það gjörir hvorki til nè frá, þótt *konúngsfulltrúi* hefði haft einhverja nasasjón af þessu álitsskjali, þegar stjórnin bað hann eigi um að auglýsa það á þínginu, og hann aldrei gjörði það með einu orði; en hvernig getur þingið byggt á því, sem er hulið? Þingið hafði því fullan rètt til að segja, að samþykkis konúngs hafi ekki verið leitað, þar eð stjórnin var skyldug að tilkynna þínginu aðgjörðir sínar í málinu. Stjórnin hefir auðsjáanlega hneykslast á orðunum á blaðsíðu 1864 í alþingistíðindunum, en meiningin var sú, að stjórnin ráðstafaði málinu frá því 1857 til 1859, án þess að hafa tillit til frumvarps þingsins, uns hún loksins skýrir frá því, og það þó fremur sljólega, í hinni konúnglegu auglýsíngu 1859, að konúngur hafi eigi viljað samþykkja frumvarpið. Eg skal svo ekki orðlengja um þetta meir; en verð að ætla, að þingið hafi haft fullan rètt til þess, sem það gjörði 1859.

Framsögumaður: Eg hèlt að eg þyrfti ekki að tala meira í þessu máli, en eg verð þó að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðínga nokkrum orðum, því hann talaði öðru vísi, en eg átti von á; hann byrjaði á því, að eg hefði viljað svo mikið koma sættum á og dáðist að mèr í því efni, en hann hefir líklega meint, að sættin væri mögur, og það kemur líka vel heim við það, sem hann sagði, að mèr væri ekki lagið að vera sáttasemjari. En eg held, að eg sè þó ekki svo slæmur sáttasemjari, að eg gangi af minni sætt, en eg held beinlínis og hiklaust áfram, af því eg álít minn og nefndarinnar veg þann eina rètta. Eg gat ekki sannfærzt af ræðu hans um, að það væri rangt, sem eg sagði á móti breytíngaratkvæðinu undir 5. tölul., að það liggur ekki önnur þýðíng í því, en að stiptamtmaðurinn skuli gjöra það, sem hann álítur haganlegast á hverjum stað og tíma; en þetta liggur honum á herðum samkvæmt stöðu hans; meiningin í breytíngaratkvæðinu er því, að biðja stjórnina að skipa stiptamtmanninum að vera skynsamur maður, og gjöra skyldu sínu. Eg verð að segja, að mèr er fyrst nú alveg óskiljanlegt, hvað það er að þröngva svið kláðasýkinnar, fyrst það á að vera sama sem að skipa stiptamtmanni að vera skynsömum manni; eg sè ei

að það geti verið hið sama. Mèr þykir það því undarlegt af svo skynsömum manni, sem þingmaður Borgfirðinga er, að vera að halda fram þessu breytingaratkvæði, sem er svo óákveðið, að engi getur gjört það ákveðið, fyrst hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga gat það ekki; og engi maður í heiminum mun geta útskýrt það fyrir stjórninni, hvað í því liggur, nema ef meiningin í því er sú, að skera fèð niður koll af kolli á ýmsum svæðum; það var meiningin 1859, og eins mun það vera enn. Þingmaðurinn misskildi mig alveg um verðina; eg hefi aldrei sagt, að þeir væri eigi nauðsynlegir; en eg sagði, að þeir kostaði fè; og hvaðan á að taka það? það var merkilegt, að þingmaður Borgfirðinga, sem byggir allt á peningareikningum og er með lífi og sál inn í þeim, skyldi ekki vísa á neitt fè til þessa. Eg vildi, fyrir mitt leyti, að pössuð væri hver rolla, að hún færi ekki út fyrir takmörkin, ef menn gæti vísað á peninga til þess. Hann misskildi líka að þingið hefði sent áskorun til stiptamtmanns um, að gjöra uppástúngur þess að lögum; það var einúngis ósk til stiptamtmanns um, að framkvæma þetta, að svo miklu leyti sem lög stæði til; þetta er þá tvennt ólíkt; og það er nógur tími að tala um lög frá þinginu, þegar það er búið að fá löggjafarvald. Hvað tölul. 4. a snertir, þá þykir mèr það undarlegt, að engum skuli hafa tekizt að hrekja það, sem eg sagði um það (*Svenn Skúlason:* Mèr fannst eg gjöra það). Þingmaður Borgfirðinga sagði, að það gæti verið þörf á því, og þess vegna væri þörf á því; þingið á alltsvo að biðja um allt, sem kann að verða til gagns; en það er ekki nóg; þingið á ekki að biðja um annað, en sem það getur sèð, að verði til gagns, en ekki um það, sem það sèr, að getur ekki orðið að gagni, en sízt þó um það, sem það sèr, að hlýtur að verða að ógagni, og það á sèr stað með það, sem beðið er um í 4. a (*Sveinn Skúlason:* Nei!). Jú, það hefir engi ástæða verið færð fyrir því, að frumvarp nefndarinnar og þingsins geti ekki eins fljótt verið gjört að lögum, eins og tölul. 4. a, ef það fengi hraðan byr hjá stjórninni; þá er það þar með að eins unnið, að þingið biður um óþarfan hlut; eg vil sanna það með dæmi: ef þingmaður Borgfirðinga hefði vinnumann, skulum við setja, að hann bæði hann að lofa sèr norður, en bæði hann um leið að lofa sèr að Kalmannstúngu; þetta væri svo hlægilegt, sem nokkur hlutur getur verið; eins er ástatt með 4. a; það var sagt af einum þingmanni, að ef valdið fengist ekki fyrir norðan og vestan, mundu menn taka sèr það sjálfir; en það vil eg

vekja athuga að, að ekki væri æskilegt; eg veit ekki til, að stiptamtmaður megi taka sèr það vald, sem hann vantar lagaheimild fyrir, og ef hann má það ekki, þá munu hinir amtmennirnir ekki mega það. Stjórnin hefir ekki skilið lögin svo, að þau skipi stiptamtmanni að laga það, sem fram á er farið í frumvarpinu, og þess vegna þarf það að verða að lögum. Viðvíkjandi fjárfjölguninni, þá hefði nú þingmaður Borgfirðinga átt að halda sèr við spurningu mína; eg byggði á reglu Ólafs Stephensens og sagði, að eptir þeirri reglu gæti fèð fjölgað svo og svo; en geti fèð ekki fjölgað í Suðuramtinu, getur það það líklega ekki betur í Norðuramtinu; hvað sem skýrslunum líður, þá hefir þó fèð ei seinustu árin fjölgað meir í Norðuramtinu en í Suðuramtinu; þetta getur orðið jafnt á báða bóga; en geta Norðlendingar innistaðið fyrir, að jafnmargt fè fáist, sem eytt verður? Þetta verður verulegt peningaspursmál; fèð verður eigi eyðilagt, nema móti peningum, og því verða Norðlendingar að borga það, ef þeir vilja láta útryðja því. Eg skal nú ekki fara lengra út í þetta, og álít eg, að mótbárurnar sè enn alveg óhraktar. Hvað þingmann Borgfirðinga snertir, sem eg álít genginn úr sætt, þá óska eg honum til lukku; en eg get ei gjört að *mínum* orðum það, sem hann sagði. *En* eg vildi óska þess, að þingið gjörði málið svo úr garði, að það yrði sagt, að Íslendingar hefði farið betur í málið en stjórnin.

Sama ræða leiðrètt: (Eg hèlt að eg þyrfti ekki að tala meira í þessu máli; en eg verð þó að svara hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga nokkrum orðum, af því hann talaði öðruvísi, en eg átti von á; hann byrjaði á því, að eg hefði viljað svo mikið koma sáttum á, og dáðist að mèr í því efni; en hann hefir líklega meint, að sættin væri mögur, og það kemur líka vel heim við það, sem hann sagði, að mèr væri ekki lagið að vera sáttasemjari. En eg held þó, að eg sè ekki svo slæmur sáttasemjari, að eg gangi úr minni eigin sætt; en eg held beint og hiklaust áfram, af því eg álít minn og nefndarinnar veg hinn eina rètta. Eg gat ekki sannfærzt af ræðu hans um, að það væri rangt, sem eg sagði á móti breytingaratkvæðinu undir 5. tölul., að það liggur ekki önnur þýðing í því, en að stiptamtmaðurinn skuli gjöra það, sem hann álítur haganlegast á hverjum stað og tíma; en þetta liggur honum á herðum samkvæmt stöðu hans. Meiningin í breytingaratkvæðinu verður þá að vera sú, að biðja stjórnina að skipa stiptamtmanninum að vera skynsamur maður, og gjöra skyldu *sína!* Eg verð að

segja, að mèr er *nú* enn meira en áður *alveg óskiljanlegt,* hvað það er að þröngva svið kláðasýkinnar, fyrst það á að vera það sama, sem að skipa stiptamtmanni að vera skynsömum manni; því eg sè ekki einu sinni, að það *geti* verið hið sama. Mèr þykir það því undarlegt af svo skynsömum manni, sem þingmaður Borgfirðínga þó er, að vera að halda fram þessu breytíngaratkvæði, sem er *svona* óákveðið. Skyldi nú eptir þessu nokkur maður geta útskýrt það fyrir stjórninni, hvað í því liggur, úr því meiníngin á ekki að vera sú, að skera fèð niður koll af kolli á ýmsum svæðum, því það mun stjórnin skilja hvað er. Þetta var meiníngin 1859 og eins mun það vera enn. Þíngmaðurinn misskildi mig alveg um verðina; eg hefi aldrei sagt, að þeir væri eigi nauðsynlegir; en eg sagði, að þeir kostaði fè, og hvaðan ætti að taka það? Það var merkilegt, að þíngmaður Borgfirðínga, sem byggir allt á peníngareikníngum, og er með líf og sál, að eg held, inni í þeim, skyldi ekki vísa á neitt fè til þessa! Eg fyrir mitt leyti skyldi ekki hafa móti því, að pössuð væri hver rolla, svo að hún færi ekki út fyrir takmörkin, *ef* menn gæti vísað á peníngа til þess. Hann misskildi líka, er hann sagði, að þíngið hefði sent áskorun til stiptamtmanns um, að gjöra uppástúngur þess að lögum; það var einúngis ósk til stiptamtmanns um, að framkvæma þetta, að svo miklu leyti sem lög stæði til. Þetta er þó tvennt ólíkt; það er nógur tími, að tala um lög frá þínginu, *þegar* það er búið að fá löggjafarvald. Að því er tölulið 4. a snertir, þá þykir mèr kynlegt, að engi skuli verða til að hrekja það, sem eg sagði um hann (*Sveinn Skúlason:* Mèr fannst eg gjöra það). Það er ekki nóg; góð meiníng enga gjörir stoð. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að það gæti verið þörf á því, og þess vegna væri þörf á því; þíngið á þannig að biðja um allt, sem *getur* komið að liði, þó það aldrei gjöri það. Þetta er fullkomlega rangt; þíngið á ekki að biðja um annað en það, sem það sèr að *er* eða *verður* til gagns; en alls ekki um það, sem það sèr, að getur *ekki* orðið að gagni, en sízt þó um það, sem það sèr, að *hlýtur* að verða að *ógagni,* og þetta á sèr stað með það, sem beðið er um í 4. a (*Sveinn Skúlason:* Nei!); jú, það hefir engi ástæða verið og verður ekki færð fyrir því, að frumvarp nefndarinnar og þíngsins geti ekki eins fljótt orðið að lögum, eins og tölul. 4. a; en hvað er þá unnið með því? Það, að þíngið biður um þýðíngarlausan hlut; en það er ógagn og hlýtur að skerða álit þíngsins hjá stjórninni; eg vil sanna það með dæmi: Ef þíng-

maður Borgfirðínga hefði vinnumann, skulum við setja, að hann bæði hann um, að lofa sèr norður í land, og að hann játti því skilyrðislaust; en setjum svo, að hann bæði hann í sömu andránni um að lofa sèr að *Kalmannstúngu;* væri þetta eigi hlægilegur og heimskulegur óþarfi? eins er nú ástatt með tölul. 4. a. Einn þíngmanna vildi bjarga því að öðru leyti við með því, að ef valdið ekki fengist fyrir norðan og vestan, mundi menn taka sèr það *par sjálfir;* en hvernig stendur á því, að ef stiptamtmaður má ei taka sèr það vald, sem hann vantar lagaheimild fyrir, þá megi þó hinir amtmennirnir gjöra það? Stjórnin hefir víst ekki þenna skilníng, nè heldur þann, að stiptamtmaður hafi það vald að lögum, sem farið er fram á í frumvarpinu, og þess vegna þarf *það* að verða að lögum. Viðvíkjandi fjárfjölguninni, þá hefði nú þíngmaður Borgfirðínga átt að halda sèr við spurníngu mína; eg byggði á reglu Ólafs Stephensens, og sagði, að eptir þeirri reglu gæti fèð fjölgað svo og svo; en geti fèð ei fjölgað í Suðuramtinu eptir henni, getur það þá fremur gjört það í Norðuramtinu? hvað sem skýrslunum líður, þá hefir þó fèð seinustu árin *ekki* fjölgað meir í Norðuramtinu en Suðuramtinu; þetta getur orðið jafnt á báða bóga; en geta nú Norðlendíngar einu sinni innistaðið fyrir, að jafnmargt fè fáist fyrir fulla borgun, sem eytt yrði? þetta verður verulegt peníngaspursmál; fèð verður ei eyðilagt, nema móti peníngum; og því verða Norðlendíngar að borga fèð og láta fè í staðinn, ef þeir vilja láta útryðja því. Eg skal nú ekki fara lengra út í þetta; eg álít, að ástæður mínar sè enn alveg óhraktar. Að því er þíngmann Borgfirðínga snertir, sem eg álít genginn úr sætt, þá óska eg honum til lukku; en eg get og vil eigi gjöra að mínum orðum það, sem hann sagði. En eg vildi óska þess, að þíngið, hvað sem því líður, gjörði málið svo úr garði, að það yrði með sanni sagt, að Íslendíngar hefði farið betur í málið, en stjórnin hefir gjört).

Stefán Jónsson: Mèr þykir það undarlegt, að þegar allir þíngmenn hafa sama augnamið í þessu máli, þá skuli þó verða stríð út úr því, svo allt ætlar að fara út um þúfur með samlyndið; augnamiðið er þó það sama, að útrýma kláðasýkinni; og eg hugsaði, að menn með sátt og samlyndi mundu vinna að því; en eg sè að það ætlar ekki að ganga. Eg sè nú ekki, að þetta 5. viðaukaatkvæði sè svo gífurlegt og ískyggilegt, að það sè ekki þolandi; eg get ekki fundið, að það liggi það í því, sem virðist að koma fram í ræðum sumra þíngmanna; það er eins og menn hugsi, að eptir

þessum viðauka eigi að fara að strádrepa niður allt fè í Suðuramtinu; en til þess er ekkert tilefni. Norðlíngar vilja að eins, að kláðanum í Suðuramtinu sè útrýmt, með hvaða móti sem verður, og það finnst mèr, að Norðlíngum sè ekki til *meira* gagns, en Sunnlendíngum sjálfum; það er undarlegt, að menn hèr standa fast á, að kláði sè hèr ekki til; en ef talað er um að útrýma kláðanum, ef hann kæmi upp, þá er eins og komið sè við hjartað í þeim. Það er nú annað atriðið í þessu breytíngaratkvæði, að haldnir verði strangir verðir, að samgöngur hins sjúka og heilbrigða fjár ekki eigi sèr stað; þetta fellur nú af sjálfu sèr, ef engi kláði er eða verður framar til, eins og þeir segja; hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að það væri skylda eigendanna að sjá um, að veika fèð ekki gengi saman við hið heilbrigða, eins og auðvitað er; en þá finnst mèr það ekki neitt órètt, sem hèr er farið fram á. Það er nú nokkuð síðan, að sagt var kláðalaust, og seinna hefir þó aptur og aptur komið upp kláði, og því held eg sè ekki neitt óskynsamlegt, þó menn biði um einhverjar reglur, til að fara eptir, ef hann kynni að koma upp einu sinni enn. Þegar farið var fram á í áskoruninni til stiptamtmanns, að ef kindin væri ekki allæknuð eptir 6 vikur, þá væri hún skorin, þá er merkilegt, að nú skuli ekki mega tala um að skera nokkra kind, hvernig sem á stendur; það kynni að geta að borið, að kláði flyttist hèr aptur inn, og þá væri eins gott, að hafa einhverjar lagákvarðanir, til að fara eptir; það yrði til þess að menn varaði sig betur; því þó það sè sagt, að kláðinn hafi komið upp á einum bæ í Mosfellssveitinni, þá mun það þó vera án orsaka, því hvers vegna skyldi hann þá ekki líka hafa komið upp um sama leyti annarstaðar; líklega er þó sama veðurfar og loptslag þar í kríng; og enn hefir kláðinn ekki gjört vart við sig í Vestmanneyjum, sem hefir hèr um bil sama loptslag. Það hefir nú verið gjört svo mikið úr, hvað fjárfjölgunin væri mikil hèr syðra; eg efa nú ei, að svo sè, og eg gleðst mjög af því; en því fleira, sem fèð er, því annara ætti mönnum að vera um, að ekkert kæmi upp, sem spillti því; og það er því einkum nauðsynlegt, að engar hindranir komi, og því verða menn að brúka öll meðul, til að útrýma þeim kláðavotti, sem enn kynni að vera. En það er nú verst, að fjárfjölgunin mun eigi alstaðar á góðum rökum byggð; í »*Hirði*« er á einum stað talin fjarska mikil fjölgun á 2 árum; en þar kom líka upp nýtt tímatal, því að hann lèt vera 3 vorin á 2 árum. Eg vil að endíngu taka það upp aptur, að eg

held, að það sè engi ástæða til, að taka viðaukaatkvæði þingmanns Suður-Þingeyinga svo, að þar sè farið fram á niðurskurð, fremur en hlutaðeigendur sjálfir vildi; það er heldur engi ástæða til að fara því fram, að þetta viðaukaatkvæði gjöri nokkra breytingu á málinu, og það getur engum verið þènt með öðru, en að kláðanum verði útrýmt til hlítar, með hverju móti sem það er gjört.

Pètur Pètursson: Eg vil lýsa því yfir, að eg álít það hollast, að biðja konúng að gjöra þær ákvarðanir, er miða til að útrýma kláðanum algjörlega og bæta fjárræktina. Eg hefi ekki getað sannfærzt af ræðum manna um annað, en að eg geti gefið atkvæði fyrir tölul. 4. a og b, og það er fleira sem hvetur mig til þess, þó eg viti ei, hvort það er sannfærandi fyrir aðra en sjálfan mig. Það er þá fyrst, að mèr finnst þetta eðlilegt framhald af fyrra nefndarálitinu; eg segi ekki að nefndin hafi yfirgefið fyrri stefnu sína, þó hún hafi rýmkað til og bætt öðrum veikindum við. Það hefir verið sagt, að þessum töluliðum væri ofaukið, og að það væri ómögulegt að hugsa sèr frumvarp nefndarinnar sem lög, nema þeim verði framgengt um leið. Þetta er satt, svo framarlega sem það er jafnhægt fyrir stjórnina, að fallast á hvorutveggja og jafnnauðsynlegt fyrir oss, að fá fljótan framgang á hvorutveggja. En eg held, að það sè ei hægt fyrir stjórnina að gjöra þetta að lögum, því, eptir því sem heyrzt hefir, hefir stjórnin í þessu máli fremur vantraust á amtmanninum í Norðurumdæminu, og því veit eg ei, hvort hún væri fús á, að láta lögreglustjórnina þar hafa svo mikið vald, sem í hinum ömtunum, og sem nefndin fer fram á. Þessi ótti minn gjörir það að verkum, að eg efast um, að þetta frumvarp fái eins fljótan framgang, eins og það, sem farið er fram á undir tölul. 4. a og b, því stiptamtmaðurinn hefir í þessu máli farið einmitt í þá stefnu, sem stjórnin áleit bezta, og því mundi hún víst ekki hika sèr við, að gefa honum þetta vald.

Þegar eg nú skoða þetta mál frá okkar sjónarmiði, þá er það aðgætandi, að kláðinn hefir seinast verið hèr í kríng, og þó ekki hafi brytt á honum í sumar, þá getur þó verið, að það fari að bera á honum aptur, þegar haustar að og rigníngar fara að koma; en það kynni að vera mögulegt, að fá það löggilt í haust, sem beðið er um undir 4. a og b, þó frumvarpið verði ei löggilt fyr en næsta sumar, og þá er ei neinu spilt fyrir hinum ömtunum, þó beðið sè um þetta fyrir Suðuramtið, því frumvarpið verður ekki löggilt seinna fyrir það. En fallist stjórnin ekki á frumvarpið, þá er engi trygg-

íng fyrir, að reynt verði að útrýma kláðanum. Nefndin hefir nú líka beðið um, að föst kláðanefnd verði sett og að 5000 rd. verði veittir, til þess að koma fram ráðstöfunum viðvíkjandi kláðanum. Þetta seinna verður auðsjáanlega að dragast, að minnsta kosti til vors, því það verður að leggjast fyrir ríkisdaginn. Það hefir verið talað um, hvaðan fé ætti að taka til varða; það á líklega að taka það úr hinum sama sjóði sem þessa 5000 rd. Þar sem beðið er um þessa 5000 rd. á »ári hverju«, þá er líklega meiningin, að þeir sè veittir á hverju ári, þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn í kríng. Að því er 5. tölul. snertir, þá held eg, að hann sè ekki svo hættulegur í sjálfu sèr; en eg er hræddur um að hann verði harðla þýðingarlítill, því hlutaðeigandi amtmaður getur haft slika ákvörðun alveg í hendi sèr. — Ályktunin af öllu þessu, sem nú hefi eg sagt, verður sú, að eg get gefið atkvæði fyrir tölul. 4. a og b, þó eg um leið gefi atkvæði fyrir frumvarpinu.

Framsögumaður: Það gleður mig, að hinn háttvirti 3. konúngkjörni er samdóma mèr í því, að 5. tölul. sè óákveðinn, og því þýðingarlítill, og það liggur líka í hlutarins eðli. En eg gat ekki fallizt á það, sem hann sagði um 4. tölul. a og b, hann var hræddur um, að stjórnin vildi eigi löggilda frumvarpið, af því hún vildi eigi gefa amtmanninum í Norðuramtinu svo mikið vald, sem þar er ákveðið; þetta er mjög ískyggileg ástæða, og það væri mjög undarlegt, ef stjórnin hefði svo mikinn óþokka á amtmanni, sem stendur undir hennar verndun, að hún þess vegna vildi ekki gefa landinu lög, sem eru alveg samkvæm gildandi lögum í Danmörku; eg gæti, ef eg hefði bókina, sýnt, að frumvarpið er líkt lögum, sem gilda í Danmörku um þetta efni, og það er þinginu að kenna, ef frumvarpið verður öðruvísi; en það er óhugsandi að stjórnin vili eigi gefa lög í landinu, þó hún hafi haft eitthvað móti umboðslegri stjórn amtmannsins í Norðuramtinu; hún hefir að eins haft á móti honum, af því hún hefir álitið, að aðferð hans styddist við tæpa lagaheimild. Eg held því að stjórnin hljóti að verða fús á, að gefa landinu lög fyrir amtmanninum í Norðuramtinu. Hinn háttvirti *varaforseti* færði alls enga ástæðu fyrir, að frumvarpið yrði ekki eins fljótt löggilt, eins og tölul 4. a og b. En eg get aptur á móti sannað, að 4. tölul. a og b verður seinna löggiltur, því stjórnin er orðin fullreynd á, að gefa umboðslegt vald í þessu máli; það er auðsjáanlegt á aðgjörðum hinna konúnglegu erindsreka; hún vill heldur gefa almenn lög í þessu efni. Mèr þótti merkilegt, að hinn háttvirti *varaforseti* skyldi enga áherzlu leggja á það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri

æskilegt, að fá lagaheimild í þessu um allt land, svo sami framgangsmáti verði hafður um allt landið. Þetta er hans álit, og þetta verða að líkindum tillögur hans um málið, og því er líklegt að því verði framgengt hjá stjórninni. Eg sè ekkert því til fyrirstöðu, að frumvarpið geti komið strax sem lög; það er rangt að sýna stjórninni það vantraust, að geta sèr þess til, að hún vili ei veita þetta; hún hefir gjört svo mikið fyrir þetta mál áður, að það er óhugsandi, að hún vili ei gjöra þetta nú að lögum, einkum þar eð frumvarpið er samkvæmt gildandi lögum í Danmörku.

Sama ræða leiðrètt: (Það gleður mig, að hinn háttvirti 3. konúngkjörni er samdóma mèr í því, að 5. tölul. sè óákveðinn og því þýðingarlaus, og það liggur líka í hlutarins eðli. En eg gat ekki fallizt á það, sem hann sagði um 4. tölul. a og b; hann var hræddur um, að stjórnin vildi ei löggilda frumvarpið, af því hún vildi ei gefa amtmanninum í Norðuramtinu svo mikið vald, sem þar er ákveðið; þetta er mjög ískyggileg ástæða; það væri þó sannarlega grátlegt, ef stjórnin hefði svo mikinn óþokka á sínum eigin amtmanni, sem er undir vængjum hennar og verndun, að hún hans vegna vildi ekki gefa landinu góð og gagnleg lög, og sem eru alveg samkvæm gildandi lögum í Danmörku; eg gæti, ef eg hefði bókina, sýnt, að frumvarpið er líkt lögum, sem gilda í Danmörku um þetta efni, og það er þínginu að kenna, ef frumvarpið verður öðruvísi; en það er óhugsandi, að stjórnin vili ei gefa lög í landinu, þó hún hafi haft eitthvað móti umboðslegri stjórn amtmannsins í Norðuramtinu; hún hefir að eins haft á móti honum, af því hún hefir álitið, að aðferð hans styddist við tæpa lagaheimild; eg held því að stjórnin hljóti að vera fús á, að gefa landinu lög, einmitt og sèrstaklega sakir amtmannsins í Norðuramtinu. Hinn háttvirti *varaforseti* færði alls enga ástæðu fyrir, að frumvarpið yrði ekki eins fljótt löggilt, eins og tölul. 4. a og b. En eg get aptur á móti sannað, að 4. tölul. a og b verður *seinna* löggiltur, ef alit fer með feldi; því stjórnin er orðin fullreynd á að gefa umboðslegt vald í þessu máli; það er auðsjáanlegt á aðgjörðum hinna konúnglegu erindsreka; hún hlýtur því heldur sem skynsöm stjórn að vilja gefa almenn lög í þessu efni. Mèr þótti merkilegt, að hinn háttvirti *varaforseti* skyldi enga áherzlu leggja á það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri æskilegt, að fá lagaheimild í þessu um allt land, svo sami framgangsmáti verði hafður um allt landið. Þetta er hans álit, og þetta verða að lík-

indum tillögur hans um málið, eins og það hefir verið aðalaugna mið sjálfrar stjórnarinnar, er bezt sèst af erindisbrèfi hinna konúnglegu erindsreka, og því er og sjálfsagt, að því verði bezt framgengt hjá henni. Eg sè heldur ekkert því til fyrirstöðu, að frumvarpið geti komið nú þegar sem lög; það er rangt, að sýna stjórninni það vantraust, að geta sèr þess til, að hún vili ei veita slíkt tafarlaust; hún hefir gjört svo mikið fyrir þetta mál áður).

Konúngsfulltrúi: Það er hvorttveggja, að því var spáð, þegar mál þetta kom hèr aptur inn á þing, að það mundi verða skrafdrjúgt um það, enda ætlar það að rætast; og það ætlar líka, því er miður, að verða aptur úr því eins konar kappsmál; en það getur ekki annað en spillt fyrir málinu, bæði hjá stjórninni og þjóðinni, og eru menn þó búnir að reka sig á í þessu tilliti. Eg hlýt því að biðja hið heiðraða þing um, að fara með allri stillíngu og keppnislaust í málið. Þíngmaður Borgfirðínga fór í ræðu sinni að bera hönd fyrir þíngið við stjórnina, út af undirtektum hennar, þegar málið í fyrra skipti fór til hennar frá þínginu; en eg vildi helzt óska, að hann hefði látið það vera, eptir kríngumstæðunum og eptir því, hvernig það mál var úr garði búið í það skipti; enda liggur það atriði hèr ekki fyrir, og kemur ekki málinu við, eins og það nú liggur fyrir.

Viðvíkjandi uppástúngunni undir tölulið 5, um það að þrengja hið svokallaða kláðasvæði, hefir nú orðið margrætt, og þíngmenn sumir hafa skýrt það, hver meiníng þess væri; en eg held menn þurfi ekki að ganga gruflandi að meiníngunni; það er gamli niðurskurðurinn, sem liggur á botninum; það á að skera fèð niður á þeim stöðum, þar sem á seinasta ári, eða ef til vill lengra fram, hefir orðið kláðavart, af því þar sè grunsamt og hætt við, að kláðinn komi upp aptur; með þessum hætti á að þröngva um kláðasviðið, og í þessari þýðíngu voru þau orð viðhöfð á þínginu 1859. Eg verð því að vera þeim heiðraða *framsögumanni* samdóma í því, að þíngið eigi ekki að aðhyllast þetta atkvæði, eins og málið nú liggur fyrir. Þíngið á ekki í þetta skipti að fara lengra í málið, en að biðja um lagaboð um fjárkláða og fjárveikjur hèr á landi, því svo yrði því þá ekki barið við, að hèr væri engi lög í því efni, og að vísu gæti menn, úr því lög væri komin, ekki farið sinn í hverja stefnuna. Að öðru leyti er það eptirtektavert, hvað menn eru hèr hræddir við þenna margnefnda fjárkláða, og hvað menn eru vantrúa á öllum aðgjörðum gegn honum frá hálfu hins opinbera; og menn tala hèr á þíngi, eins og sýkin væri nú alstaðar uppi, og

allt í veði; en eg verð að lýsa því yfir, að eg þekki ekki til þess, að sýkin sè hèr neinstaðar; eða geta þingmenn borið hið gagnstæða? og þó svo kynni að reynast í haust, að einhver lítill kláðavottur fyndist á einstökum stað, þá er þó engi ástæða til þess að ærast út af því, með því líka veikin er, að allra sögn, miklu linari, en hún var upphaflega. En eg skal ekki orðlengja til ónýtis um þetta mál; en einúngis leyfa mèr að biðja þá heiðruðu þingmenn um að taka keppnislaust í málið, ef þeir á annað borð vilja og finna ástæðu til þess, að halda því lengra áfram.

Gísli Brynjúlfsson: Eg býst nú við, að það verði í síðasta skipti sem eg tala á þessu þingi, enda mun eg hvorki segja margt nè merkilegt; en eg neyðist að eins, sem einn af nefndarmönnum, til að gjöra dálitla grein fyrir atkvæðagreiðslu minni. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðínga og meðnefndarmaður minn hefir nú að vísu skriptað svo vel fyrir meira hlutanum, að eg þarf ei að taka skriptamál hans upp aptur, sem eg alveg get fallizt á; en þar sem hinn háttvirti *framsögumaður* þó bar honum á brýn, að hann hefði skorizt úr sættinni, og eg nú líklega má búast við, að hann segi hið sama um mig, þá skal eg nú með nokkrum orðum reyna að sýna, að svo sè þó ei í raun og veru, því sá skerst ei úr sætt, sem heldur sèr við öll aðalatriði, þó einhverju nýju sè bætt við. Ef eg á að segja einlæga meiníngu mína um kláðamálið, þá er hún sú, að það hefði aldrei átt þingmál að vera, og eg skal því fagna þeirri stund mest, ef því verður einhvern tíma komið svo út af þingi aptur, að það valdi hèr ei optar misklíð og sundurlyndi, sem of mikið hefir orðið af; kláðamálið hefði aldrei átt að koma inn á þetta ráðgjafarþíng, sem ekkert getur við það gjört, nema að eins talað um það, því það er í sjálfu sèr að eins landstjórnarmál, sem yfirvöldin hefði átt að hafa fullt vald til þess að útkljá, því fyr því heldur. En nú hefir þessu ei verið að fagna, sem alkunnugt er, og lasta eg þó ei nokkur yfirvöld fyrir aðgjörðir þeirra, því það lá í eðli hlutarins, að þau gátu eigi vel farið öðruvísi að; lögin, sem þau hefði átt að geta farið eptir, hefir vantað, og það eitt, sem hefir verið gjört með mestum dugnaði hèr í landi í þessu máli, hefir því fremur verið gjört fyrir almenn samtök viðkomandi landsmanna, heldur en eptir beinum og glöggum lögum. Þetta hefir í raun og veru allt af verið hnúturinn í málinu, og eg held, að þingið hefði frá upphafi gjört bezt í, að reyna einkum að leysa hann á þann hátt, sem því að eins var mögulegt, nefnilega

með því að vinna það að því, sem það gat, að reglulég lög yrði sem fyrst gefin viðvíkjandi bæði fjárkláða og öðrum næmum og háskalegum sjúkdómum á skepnum. En því miður hefir þingið allt af um of, og það að vísu mjög svo eptir ósk landsmanna, haldið sèr að eins við þá hina einstaklegu hlið á málinu, sem það miklu síður gat haft veruleg áhrif á, og eg held nú því, að öllum mundi þykja vænt um, þegar nefndin komst til þeirrar niðurstöðu, að reyna nú loks að útkljá málið á þann hátt, sem einn er hugsandi til frambúðar, eður með því að beiðast almennra laga, í stað þess, sem að eins gildir um augnablik, og svo hverfur og gleymist, þegar háskinn er um liðinn. Aðalkjarninn í uppástúngum nefndarinnar er því æfinlega lagafrumvarpið, og eg get ei skilið, hvernig hinn háttvirti *framsögumaður* getur álitið að nokkrir nefndarmenn skerist úr þeirri sætt, sem það víst var tilgangur nefndarinnar að reyna nú loks að koma á í málinu, meðan þeir enn fastlega halda lagafrumvarpinu fram; því það ætla bæði eg og hinir aðrir meðnefndarmenn mínir, er líka fallast á viðaukaatkvæðin, æfinlega að gjöra, og eg vona allur þorri þingmanna muni líka á endanum verða því samþykkur. Eg hefi nú talað um þá hlið málsins, sem eg álít hina verulegustu og mest áríðandi, og eg sný mèr þá að hinni, sem nefndin ei hafði tekið eins mikið tillit til, þó hún víst líka sè mikilsverð, en á annan hátt. Almenníngur hèr í landi hefir aldrei nógsamlega gjört mun á þessu tvennu og einkum að eins hugsað um fjárkláðann, eins og hann nú kemur fyrir, sem að vísu er eðlilegt; en hann hefir þá líka stundum leiðst til, að heimta meira af þínginu eða búast við meiru af því í þessu máli, en því nokkurn tíma gat verið mögulegt, þar sem það ei hefir nokkurt framkvæmdarvald. Öll alþýða hefir einkum verið að hugsa um bráðabyrgðarráðstafanir, sem von er, til þess að útrýma fjárkláðanum sem fyrst, án þess að gá að því, að þingið í þá stefnu gat gjört mjög svo lítið og sízt nógu fljótt, og eg held því að nefndin nú hafi hitt hina rèttari stefnuna; en samt sem áður skal eg ei neita því, að hún hefði, ef til vill, átt að taka líka um leið meira tillit til þess, sem almenníngur einkum helzt bjóst við af þínginu, og það er bráðabyrgðarráðstafanirnar, til þess undir eins að útrýma fjárkláðanum nú. Nefndin sleppti þessu nú að vísu, sem kunnugt er, einkum af því að hún áleit það mundi koma fyrir lítið, eptir að stiptamtmaður hafði svarað upp á hinar fyrri uppástúngur hennar, að hann þættist ei hafa vald til, að gjöra neinar slíkar ráðstafanir; en eg get þó að minnsta kosti ei sèð

nokkurn skaða í, að endurnýja nú samt þessar óskir aptur til stjórnarinnar, sem landsmönnum almennt sýnist að vera svo annt um, og það er einmitt það, sem breytíngar- og viðaukaatkvæðin undir tölul. 4 og 5 gjöra. Eg fyrir mitt leyti get því ei annað en fallizt á þessar uppástúngur, því mèr finnast þær að eins vera viðbætir við uppástúngur nefndarinnar, sem að vísu má segja um, að þær kunni, ef til vill, ei að gjöra mikið gagn, en sem menn þó alls ei geta sagt um, að þær sè í nokkurri mótsögn við stefnu hennar, og eg skil því ei, hvers vegna hinn háttvirti *framsögumaður* hefir svo mikið á móti þeim. Uppástúngan undir tölul. 5, sem hann hefir mest á móti, er að vísu mjög almenn, en skaða getur hún þó alls ei gjört, því menn geta ímyndað sèr þröngvunina á kláðasviðinu með mörgu móti, bæði með samrekstri, sölu, niðurskurði og lækníngum, svo mèr finnst hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* þyrfti ei heldur að álíta þetta svo háskalegt. Mèr finnst miklu fremur að almenníngur hafi heimtíng á, að eitthvað sè þó gjört eptir áliti hans, þegar það er óefað, að það getur aldrei orðið að skaða; og eg vil því biðja hinn háttvirta *framsögumann*, að yfirvega nákvæmlega, hvort það væri ei tilvinnandi, þó honum nú kunni að þykja það nokkuð »*tyrfið*« að gjalda þau *torfalög*, að fallast á þetta, ef það gæti orðið til þess, að uppástúnga nefndarinnar um almenn lög, viðvíkjandi háskalegum og næmum fjársýkjum, yrði því fremur vinsæl í landinu. Eg fyrir mitt leyti er hálf hræddur um, að almenníngur kunni annars, ef til vill, að misskilja þessa uppástúngu svo, sem hún að eins væri gjörð til þess, að fara í kríngum sjálft kláðamálið, eins og það nú er, og það vil og með engu móti, því það er ei svo. Eg vil því að minnsta kosti biðja hinn háttvirta *framsögumann*, að gjöra ei kappsmál úr þessu, og skyldi eg fyrir mitt leyti, af því mèr hvort sem heldur er finnst sú setníng í sjálfu sèr nokkuð þýðíngarlítil, ekki hafa neitt á móti að fella út úr tölul. 5. orðin um, að þröngva kláðasviðið, ef það væri nú mögulegt, og ef *framsögumaður* vildi þá heldur slaka til; en hinu, sem í þeirri grein stendur, að amtmönnum verði gjört að skyldu að verja öllum samgöngum við hið sýkta eða grunaða fè með nægum vörðum, finnst mèr landsmenn hafa fulla heimtíngu á, og það er svo langt frá, að eg ekki ætli mèr að fallast á það, að eg verð að þakka uppástúngumanni fyrir það, að hann þannig hefir bætt um verk nefndarinnar. Um breytíngaratkvæðin við sjálft frumvarpið eða viðaukauppástúnguna ætla eg mèr ekkert að tala, því þau gjöra

minna til, og mun eg þó gefa þeim atkvæði mitt, þar sem mèr finnast þau vera til verulegrar bótar; — en hins vildi eg óska yfir höfuð, að málið allt mætti nú loks enda vel og friðsamlega. Skal eg og með tilliti til þessa leyfa mèr að víkja ögn á samlíkingu þá, sem hinn háttvirti *framsögumaður* hafði um slæðurnar, er lagðar voru á silfrið, þegar sættast átti á víg Höskuldar Hvítanessgoða. Hann sagðist spá, að viðaukauppástúngan undir tölul. 5. mundi í þessu máli verða til eins mikils óláns og þær slæður forðum, og vildi hann því óska, að hún hefði aldrei komið fram. En má eg nú spyrja hann: hver var það þá, sem lagði slæðurnar á silfrið forðum? Það var Njáll sjálfur, sá maður sem æfinlega kom fram til hins bezta, og ætíð vildi sætta, og fjandskapurinn kom ei heldur af því, að slæðurnar voru lagðar á, heldur af því að þeim var kastað af. En hver kastaði þeim þá af? Það var Brennu-Flosi, sá maður, sem eg verð að segja um, að mèr þykir einna merkastur og vænstur af öllum fornmönnum, og sem sagan líka segir um, að honum hafi verið allt höfðínglegast gefið, þó hann yrði nauðugur að brenna Njál inni. Eg vil nú trúa hinum háttvirta *framsögumanni* til þess, að hann hafi kapp og harðfylgi Flosa, því þeir eru líka báðir Skaptfellíngar; en þá verð eg líka að segja honum, að hann hefir nú miklu minni ástæðu til, að vera harður á sínu máli, en Flosi forðum, þegar hann átti að mæla eptir Höskuld Hvítanesgoða, og vildi því í rauninni aldrei sættast við Skarphèðinn, banamann hans. Eg vil því enn biðja hinn háttvirta *framsögumann*, að valda nú ei á endanum stríði í þessu áríðandi máli, og kasta því einmitt ekki slæðunum af, heldur lofa uppástúngunni undir tölul. 5. að slæðast líka með inn í bænarskrána til konúngs. Hinn eiginlegi hardagi á alþíngi í kláðamálinu stóð líka í hitt eð fyrra, og það væri nú bæði um seinan og heldur eigi gott að endurnýja hann; það er um að gjöra, að málið endi nú vel og með almennri sátt, og því má hinn háttvirti *framsögumaður* að miklu leyti ráða — en allt er gott, ef endirinn er góður.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði mèr ekki að standa upp í þessu máli, því mikið var verið að tala um sáttir, já, »kristilega trú er hægt að nefna«, og eins eru sættir; en mèr sýnist annað ofan á, því nú eru menn að tæta í sundur 5. töluliðinn; eg hèlt ekki að sú þýðing yrði lögð í hann, sem sumir hafa lagt í hann, því eg þekki uppástúngumann að því, að hann er svo góður drengur, að eg gæti svarið fyrir, að honum hefir ekki dottið það í hug, sem

menn vilja leggja í viðaukauppástúngu hans, að hann vildi að drepið væri niður allt hið heilbrigða fè; í uppástúngunni er einúngis nefnt kláðasjúkt fè; það fè er ekki kláðasjúkt, sem er heilbrigt; það væri betra, að menn læsi uppástúnguna undir 15. tölulið, þar sem talað er um að skera niður eptir 6 vikna lækníngatilraunir; og vona eg að menn sjái þá, að þeir eru hèr að berjast við skugga sinn, sem vilja hafa þá uppástúngu aðallög en ekki hina til bráðabyrgðar. Það er engi, sem hefir mælt í móti 6 vikna frestinum; og þegar var verið að búa til bráðabyrgðarráðstafanirnar handa stiptamtmanni, efaðist engi um, að hann hefði fullt vald til þess, sem þar var farið fram á; en nú þykir það óhæfa að biðja um að þrengja svið kláðasýkinnar (*Jón Hjaltalín:* Í Norðurlandi er hver kind á Suðurlandi álitin með kláða). Nei! eg neita því hreinlega; og ef svo á að skilja orð manna, þá vil eg enga sætt, því eg treysti ekki þeim mönnum að halda sætt, er leggja svo illgjarnan skilníng í orð manna; meiníng uppástúngunnar er, að svið sýkinnar sè þrengt á allan hátt sem bezt á við, einúngis að það sè gjört, meðan lögin ekki koma út, en þá fellur uppástúngan af sjálfu sèr, því á 6 vikna tíma verður kláðasviðið varla þrengt mikið; það má gjöra það með fleiru en niðurskurði; það má farga hinu kláðasjúka fè, selja það, hafa skipti á því, skera það sèr til bjargar, fremur því heilbrygða, og ef eitthvað af þessu væri gjört, svo að dygði, þá er eg sannfærður um, að Norðlingar mundi taka nærri sèr til þess að hjálpa þeim mönnum, er þetta gjörði, aptur um fè. Ef menn nú vilja sættast, þá vona eg að menn gangi nú hreint að þessu, og eitri ekki samvinnuna, eins og fjárkláðinn fènaðinn, með því að gjöra hver öðrum upp svo vondar hugsanir, sem uppástúngumanninum eru bornar á brýn; en þeir, sem það gjöra, verða síðar að svara fyrir »*slæðurnar*«, sem þeir, en ekki þíngmaður Suður-Þíngeyínga, breiða yfir sannleikann; en þessi sami maður, sem verið er að tala um, að kasti slæðunum á fèð (nefnil. Njáll) sagði líka: »Svo er guð miskunsamur, að hann láti menn ei brenna bæði hèr og síðar«, og eg vona að sannleikurinn komi í ljós hèr eða síðar.

Framsögumaður: Eg verð að svara þíngmanninum úr Strandasýslu fáum orðum; hann sagði, hvað hann áliti að lægi í orðunum, en ekki, hver meiníngin væri; orðin eru tvíræð og geta misskilizt, og því hefði eg heldur viljað fá upplýsíngu um, hver sú sanna þýðíng þeirra er hèr, en að heyra þessa ræðu hans; því menn verða að gæta að því, að þetta mál er ekki þess konar, að það eigi við að

ræða það í prèdikunarstól, heldur er það þingmál; eg vil ekki með orðum mínum meiða þingmanninn, því eg virði hann sem góðan dreng; en eg get ekki gengið að óákveðnum orðum sem ákveðnum. Hvað það snertir, sem þingmaður Skagfirðinga stakk upp á, að orðin yrði úr felld, þá held eg ekki, að það geti látið sig gjöra; orðin eru komin, og verða líklega ei burtu tekin, nema ef hinn háttvirti *forseti* skyldi sjá einhvern veg til þess. Eg held að það sè óþarfi, að bregða mèr um vonda samvinnu í þessu máli, því mín viðleitni í því hefir einlægt verið að reyna, að samrýma miskliðir þær, sem verið hafa, og af þeim hefir verið helzt of mikið, bæði milli stjórnarinnar og Íslendinga, og á meðal Íslendinga innbyrðis, á milli Suðuramtsins öðrum megin og Norður- og Vesturamtsins hinum megin; hèr held eg að það eigi við: »hvað guð hefir samtengt, skal maðurinn ekki aðskilja«; vèr megum ekki að skilja það land í ýmsa parta, sem guð hefir viljað að skyldi vera ein heild; því ef vèr gjörum það, þá eyðileggjum vèr sjálfa oss; það hefir verið sagt, að það væri djarft að biðja um, að Ísland mætti vera eitt fríríki sèr; en það er þó enn þá djarfara að biðja um, að það megi vera 3 fríriki, og það 3 hvert í stríði við annað; og þess vegna eigum vèr að biðja um, að ein og hin sömu lög sè yfir allt land; en vèr megum ekki að eins skilja landið í sundur í parta, heldur verðum vèr einnig að hafa það fyrir augum, að sættast við stjórnina, því annars getum vèr ei leitt mál þetta til lykta; en eg er hræddur um, að þessi þýðingarlausu orð í 5. tölul. spilli því, að stjórnin taki tillögur þingsins til greina, því þau virðast að benda á þá stefnu í þessu máli, sem áður hefir verið á móti vilja stjórnarinnar.

Sama ræða leiðrètt: (Eg verð að svara þingmanninum úr Strandasýslu fáum orðum. Hann sagði, hvað *hann* áliti að lægi í orðunum, en ekki hver meiningin *væri*. Orðin eru tvíræð og óskiljanleg, og geta og hljóta að misskiljast, og því hefði eg heldur viljað, að hann hefði fallizt á þenna sannleika, en að heyra þessa ræðu hans; þingmaðurinn verður þó að gæta að því, að þetta mál er ekki þess konar, að það eigi við að ræða um það eins og í prèdikunarstól, heldur er það þingmál. Eg vil ekki með orðum mínum meiða þingmanninn, því eg virði hann sem góðan dreng; en eg get ekki gjört honum það til geðs að segja, að það sè ákveðin orð, sem eru öldúngis óákveðin. Að því er það snertir, sem þingmaður Skagfirðinga stakk upp á, að orðin yrði úr felld, þá held eg ekki, að það geti lát-

ið sig gjöra; orðin eru komin, og verða líklega ei burtu tekin, nema ef hinn háttvirti *forseti* skyldi sjá einhvern veg til þess. Eg held að það sè óparfi, að bregða mèr um vonda samvizku í þessu máli, því mín viðleitni í því hefir einlægt verið að reyna, að samrýma misklíðir þær, sem verið hafa, því af þeim hefir verið helzt of mikið, bæði milli stjórnarinnar og Íslendínga, og á meðal Íslendínga innbyrðis, á milli Suðuramtsins öðrum megin og Norður- og Vesturamtsins hinum megin; hèr held eg að það eigi við: »hvað guð hefir samtengt, skal maðurinn ekki aðskilja«; vèr megum ekki aðskilja það land í ýmsa parta, sem guð hefir viljað, að skyldi vera ein heild; því ef vèr gjörum það, þá eyðileggjum vèr sjálfa oss; það hefir verið sagt, að það væri djarft að biðja um, að Ísland mætti vera eitt fríríki sèr; en það er þó enn djarfara að biðja um, að það megi vera 3 fríríki, og það 3 hvert í stríði við annað; biðjum heldur um, að ein og hin sömu góð og gagnleg lög gildi yfir allt land; en auk þess, sem vèr verðum allir að halda einn taum innbyrðis, verðum vèr einnig að hafa það fyrir augum, að sættast við stjórnina, því annars getum vèr ei leitt mál þetta til lykta, svo vel fari; en hvað sem öðru líður, er eg hræddur um, og er öldúngis viss um, að þessi þýðíngarlausu orð í 5. tölulið spilla því, að stjórnin taki tillögur þíngsins til greina, því þau virðast að benda á þá stefnu í þessu máli, sem áður hefir verið beint og blátt á móti vilja og skipunum stjórnarinnar).

Forseti: Eg ætlaði mèr ekki að tala í þessu máli, sízt eptir það, að þíngmaður Skagfirðínga var búinn að taka það fram, er eg einkum vildi hafa sagt. En eptir að *konúngsfulltrúi* hafði út talað sig um 5. tölulið, og einkum af því að þessi uppástúnga virðist hafa valdið ótrúlegum misskilníngi ýmsra þíngmanna, og hefir orðið fyrir næsta hörðum dómi hjá *framsögumanni,* finnst mèr nauðsyn á að útskýra, hvað uppástúngumaður hafi meint með þessum orðum: »*að þröngva svið kláðasýkinnar*«; nú sýnist mèr það vera komið fram af hendi sjálfrar nefndarinnar, að það sè ekki meiníngin, að beita eingöngu algjörlegum niðurskurði til þess, heldur niðurskurði og lækníngum á mis, eptir því sem á stæði, nauðsynin krefði og kríngumstæðurnar í þann og þann svipinn og það eður það hèraðið útheimti; þenna skilníng verð eg að leggja í 5. tölulíðinn á atkvæðaskránni, og skil eg ekki betur, en að hann sè þegar áður samþykktur af þínginu eptir *framsögumanns* eigin uppástúngum, nefnilega uppástúngum þíngsins til stiptamtsins, sem voru

samþykktar um daginn; þar var farið fram á að gjöra fjáreigendum 2 kosti, annaðhvort að lækna eður skera, og sjálfsagt að skera að 6 vikum liðnum hverja þá kind, sem ekki væri allæknuð. En í þessum 5. tölulið liggur ekkert meira, en að lækna um 6 vikur, og skera svo niður, ef ekki tækist lækníngin; og eg vil spyrja, hvort ekki megi þröngva sið sýkinnar einmitt með þessu móti? Þess vegna skil eg ekki, að hinn háttvirti *framsögumaður* geti verið svo harður á móti 5. uppástúngunni, ef hann yfirvegar þetta nákvæmar. Þó að töluliður þessi verði samþykktur af þínginu, vona eg að megi ganga svo frá ástæðunum í bænarskránni til konúngs, að hann fráfæli ekki stjórnina frá því að fallast á tillögur þíngsins.

Framsögumaður: Ef þessi þýðíng, sem *forseti* gat um, verður lögð í orðin, skal eg fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti þeim; og yfirlæt eg þínginu þá að gjöra í þessu það, sem réttast er.

Sama ræða leiðrètt: (Ef þessi þýðíng, sem *forseti* gat um, yrði lögð í orðin, skyldi eg fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti þeim; en eg yfirlæt þínginu að gjöra í þessu það, sem réttast og heppilegast er).

Konúngsfulltrúi: Að því leyti það yrði, eins og hinn heiðraði *forseti* sagði, tekið fram í bænarskránni til konúngs, að þröngvun kláðasviðsins ætti að skiljast í nýrri og þrengri merkíngu, getur ekki verið neitt á móti því, að þetta atriði komi inn í bænarskrána.

Indriði Gíslason: Eg ætlaði mèr að segja, eins og kerlíngin: »þagað gat eg þó með sann«; en gat nú ekki stillt mig um að tala, þó eg hefði hugsað mèr að taka ekki til máls í þessu máli; en eg stend mest upp af gleði yfir því, að eg sè, að nú er kominn nokkur lagfæríng á málið, því að við undirbúníngsumræðuna var eg orðinn vonlaus um þetta mál; en þíngmennirnir úr Suður- og Norður-Þíngeyjarsýslu hafa nú bætt úr því með uppástúngunum sínum, tölulið 4. og 5.; því eg held að það sè eina æta beinið á atkvæðaskránni; við undirbúníngsumræðuna sýndist mèr ekki betur, en að engi stefna mundi vera í máli þessu; og það var einhver þvílik lognþoka yfir málinu, að eg vissi ekkert, í hverja átt það ætlaði að fara; en nú er farið að hvessa, og þá er vant að lètta af þokunni, svo að menn geta áttað sig. Mikið hefir verið talað um varauppástúnguna, og hefir hún orðið fyrir hörðum dómi; eg ætla nú ekki að tala um annað en það, sem stendur undir 4. og 5. tölulið, og ætla eg að hafa mest við það, því að mèr fellur það bezt í geð; og held eg að eg verði að voga að taka »*slæðurnar*»

af, því eg held að hèr sè ekki neitt það að hræðast, að menn ekki þori að segja meiningu sína eða sannleikann; eða hví skyldi þingið ekki þora að framfylgja hèr rèttu máli og eindregnum vilja landsmanna fyrir þeim herrum, sem móti mæla? Eg verð því að lýsa því yfir, að eg fyrir mitt leyti álít, að sú rètta meining í þessum orðum: »að þröngva svið sýkinnar«, sè að skera niður, og ef eg hefði átt uppástúnguna, þá hefði það verið meining mín; og er það, held eg, búið að sanna það með reynslunni, að það sè hinn mesti búhnykkur, að hafa hnífinn til þess að útrýma kláðanum, því það er skaðlaust að skera niður, ef það er gjört mátulega og skynsamlega; og eg held að það væri eins gott og drjúgt að kaupa þær kindur fyrir þessa peninga, sem nú er verið að biðja stjórnina um í harðærinu, eins og korn; þó engi vili kannast við það, nema eg, að þetta liggi í uppástúngunni, þá stendur mèr á sama; það ætti þó samt að vera meining hennar, annars er hún þýðingarlaus, og eg get frætt *framsögumann* um það, að eg hefi heima í kofforti mínu skriflegan samning milli 4 syðstu hreppanna í Borgarfjarðarsýslu og efri hluta sýslunnar um það, að þeir skuli í haust skera niður allt sitt fè, ef kláðinn er þar enn, og get eg sýnt þingmönnum þann samning, ef þeir vilja, svo að það er til einskis að vilja aptra mönnum frá að gjöra það, sem þeim er fyrir beztu, og það gjöra menn eflaust, hvað sem menn skrafa og skeggræða í þessum sal, því það held eg hverjum eiganda sè frjálst, hvort hann vill heldur skera eða selja skepnur sínar. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að menn væri of hræddir við kláðann, því að nú væri því máli komið í gott horf; en mèr getur ekki þótt það eptir 6 ár, og held eg að megi bæta enn 6 árum við, til þess að hann komist i æskilegt ásigkomulag, eptir því sem hingað til hefir gengið á Suðurlandi, með sömu aðferðinni, sem höfð hefir verið, þegar nú að engi skildingur er til að gjöra neitt með. Eg efast um og mèr dettur ekki einu sinni í hug, að stjórnin ausi út fè enn, þó hún sè beðin um það; eg held að varla sè von, að hún fari að bæta við þessar 40,000 rd., sem hún er búin að eyða i þennan óþarfa. Að því er frumvarpið snertir, sem á að gjöra að lögum, þá sè eg lítið unnið með því, því þegar vèr biðjum um almenn lög, önnur eins og þessi, þá sýnir það, að vèr viljum ekki útrýma sýkinni, því ef vèr viljum útrýma henni með rèttri aðferð, hvaða lög þurfum vèr þá fyrir lækningum? vèr höfum sjálfir beztu lögin hjá okkur, nl. hnífinn. Annað, sem mèr þykir ískyggilegt við frumvarpið, er það, að þegar

stjórnin sèr, að vèr biðjum um lög og fè til lækninga, þá játum vèr bæði það, að vèr viljum hafa kláðann hjá okkur, og að vèr erum því samþykkir, að rètt hafi verið farið með þessar 40,000 rd., og að vèr með því eins og skuldbindum oss til, að borga stjórninni þetta fè aptur; en meðan vèr ekki biðjum stjórnina um fè til hins sama, getum vèr ekki verið skuldbundnir til að borga það fè, sem engi Íslendíngur hefir beðið um, það eg veit til, og því síður þíngið eða þjóðin, og sem varið hefir verið þvert á móti vilja og velferð landsmanna, af þekkíngarlausri góðgirni og trúgirni; en ef vèr biðjum um þetta, er eins og það sè gefið í skyn, að vèr líka höfum viljað undanfarinn fjárstyrk, og hann hafi verið rètt brúkaður. Eg vona nú, að þíngmenn greiði nú vel úr máli þessu með atkvæðum sínum, og er málinu þá vel komið og betur en á horfðist í *fyrstu*.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki leitt hjá mèr, út af ræðu hins virðulega þíngmanns Dalasýslu, að því leyti hann þar í skýrði frá, að hann hefði samníngа í höndum frá 4 hreppum Borgarfjarðarsýslu, eða úr öllum neðri hluta hennar, þar sem þeir, ef kláðavart yrði þar í haust, og eg trúi hvort sem væri, hefði skuldbundið sig til að skera niður, og lóga öllu fè sínu, að benda þínginu á, hvernig þessi aðferð muni taka sig út í augum stjórnarinnar, og hvort það geti verið nokkur líkindi til, að stjórnin leggi meira fè, en hún er búin, til þess, ef á þyrfti að halda, að bjarga hèr sauðfè manna, þegar allt er svo strádrepið á eptir; að minnsta kosti get eg ekki látið vera að skýra stjórninni frá þessu, um leið og eg sendi henni málið frá þínginu.

Páll Sigurðsson: Það er eins og hafi farið út um þúfur með þessa tvíbura, og hefir einkum 5. töluliður orðið fyrir hörðum dómum. Sá þíngmaður, sem á uppástúngu þessa með mèr, var svo hreinskilinn að skýra frá því, að eg ætti uppástúnguna með honum, og af því að eg er alþekktur niðurskurðarmaður, hefir honum verið brigzlað um, að í uppástúngunni lægi beinn niðurskurður, en hvorugur okkar lagði þann skilníng í hana, að ætti að skera allt fè niður, heldur að þröngva sviðið, með því að hneppa saman hið veika fè, í sambandi við að lóga því; þetta er, eins og hinn háttvirti *forseti* tók fram, aðalstefnan, sem vèr höfðum; það er stefna þíngsins og þjóðarinnar, og þó nú að hinir konúnglegu erindisrekar segði, að aðskilnaður hins heilbrigða og veika fjár væri skilyrðið fyrir því, að lækníngarnar tækist vel, vildi annar þeirra þó

ekki ganga inn á, að halda utan að hinu veika fè sem heild, og þröngva þannig sýkinni saman, sem þó var hin eina skynsamlega stefna, og sem tíðin hefir sýnt og mun sýna að sè góð. Eg gleðst yfir því, að það er komið fram í uppástúngunum, að skuli skera fèð niður, ef lækníngar ekki takist á 6 vikum, því að þetta mun vera hollast hvað með öðru, og mun það vera viðurkennt í Danmörku; eg get ekki skilið það, að þetta megi ekki skilja, sem allir landsmenn skilja; en það er hægt að hártoga þetta, eins og hvað annað, því eg held, að það sè hægt, að hártoga margt í uppástúngunum hinum; en eg ætla mèr ekki að gjöra það, því eg vil ekki hleypa neinum spenníngi í málið, en eins hægt er að skilja á fleiri en einn veg þá uppástúngu nefndarinnar, »að skipa nefnd til að hafa eptirlit með útrýmíng kláðans, öllum fjárveikjum og fjárræktinni yfir höfuð«. Þá tekst að útrýma sýkinni, ef allt fè yfir höfuð er hèr eyðilagt? Það eina, sem kom mèr til þess að standa upp, var það, að mèr þótti meðbróðir minn verða fyrir hörðum sköllum, og fannst mèr, að eg ætti að bera byrðina með honum, þegar *framsögumaður* var svo opt að höggva hann dauðan, og þótti það að sönnu þrælslegt; nafn mitt hafði einhvern veginn skotizt undan við prentun atkvæðaskrárinnar, og þegar eg var nefndur sem meðeigandi uppástúngunnar, sá eg að einhverir þíngmenn litu hornauga til mín; eg held að megi misskilja fleira, en þessi orð, t. a. m. í 12. tölulið: »Komi einhver sú veiki fyrir, sem nú var nefnd, þá skal lögreglustjórnin sjá um, að hið sýkta fè verði *þegar í stað* stranglega að skilið«. Þessi orð: »*þegar í stað*« held eg megi eins vel misskilja eins og hin, því það er eins óákveðið, og svo er um fleira; ef menn vildi hafa sig til þess, þá má hártoga það. Eg er viss um það, að ef stiptamtmaður hefði haft vald til að hjálpa landsmönnum til að þröngva sviðsýkinnar, þá hefði kláðinn nú verið minni og svið hans þrengra (*Halldór Kr. Friðriksson:* Hvað er kláðasviðið nú?). Hvað hefir það verið? Sè kláðinn um allt land, eins og Hirðir segir, þá er uppástúngan ónýt, því að þá er sviðið sjálfþrengt, því að þá er það sjórinn, sem þrengir að. Eg get ekki álitið neinu spillt, þó að uppástúngan undir 5. tölulið sè tekin, því landsmenn álíta það, sem þar er farið fram á, hið hollasta, því að það getur ekki orðið til neins hèr, þó að skipað sè að hafa strangan aðskilnað á sjúku fè og heilbrigðu, því þó slíkt megi takast í öðrum löndum, verður því ekki komið við hèr á hverjum einstökum bæ. Að þessu sýnist mèr

menn eigi að gæta, og því er það furðanlegt, að það er eins og komið sè við hjartað í sumum þingmönnum, þegar talað er um að þrengja svið sýkinnar, þar sem þeir þó vilja hafa aðskilnað á hinu grunaða fè og hinu heilbrigða; en það er eigi unnt að hafa svo nákvæmar gætur á fènu á einum bæ, að það komi eigi saman við fèð á næsta bæ; og til hvers er þá að skipa það, sem ekki er hægt að gjöra; það er ekki til annars, en að gjöra sjálfan sig hlægilegan, og gjöra sèr læti með mál, sem ætti að hafa í alúðarlega framkvæmd. Þetta er deginum ljósara, og er það merkilegt, að hinir háttvirtu Reykjavíkurbúar skuli annaðhvort ekki vilja sjá þetta, eða ekki sjá það, því þeir vita þó, að þessir smáverðir eru ómögulegir; og hver verður endirinn á læknatilraununum? Engi; þó að kláðinn sè einu sinni sagður læknaður, þá kemur hann upp aptur og aptur, og hinu og þessu er kennt um, svo sem að hann hafi komið upp aptur við samgöngur og öðru því um líku. Eg vona því, að þingmenn felli ekki 5. tölulið, því eins og margtekið er fram, var tilgangur okkar ekki meiri niðurskurður, en sjálf nefndin hefir ákveðið; því eg er ekki svo mikill niðurskurðarmaður, að eg vili ekki helzt, að hið kláðasjúka fè sè hneppt saman smátt og smátt á einhvern miðpúnkt, og lækníngar þar þrautreyndar; en dugi þær ekki, þá vil eg hafa niðurskurð á því, sem ekki verður læknað. *Framsögumaður* talaði um það mikla fè, sem komið væri upp; það er gott og blessað! það gleður mig, að fèð er margt; en það er ótalið það fè, sem komið hefir að norðan, vestan og austan, og eitthvað hefir víst verið gjört með þessum 40,000 ríkisdölum; eitthvað hefir mátt lækna og kaupa fyrir þetta fè. Eg vona nú að mál þetta fái happasæl úrslit, svo að það komist á þann veg, sem er happasælastur fyrir land og lýð.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Það hafa nú margir hinir heldri þingmenn, og það sjálfur hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, að eg ekki tali um hinn háttvirta *framsögumann*, reynt til að mótmæla og færa fram ýmsar grýlur móti breytingaratkvæðinu undir tölul. 5, að þrengt sè kláðasvæðið; en eg fagna því, að engir þessara mótmælenda hafa getað sagt eða vogað að segja, að ráð þetta sè óhollt eða óhentugt, ef það væri notað; það mun líka vera það eina forsjállega og hentuga ráðið, sem tekið yrði til að útrýma kláðasýkinni; en hitt þykir mèr einhvern veginn undarlegt og ískyggilegt, að menn telja eins og víst, að konúngurinn muni fyrirlíta þetta þjóðmál. Eg verð nú að hafa aðra trú; eg verð að halda, að ef konúnginum er annt um heill þegna sinna, þá sè honum kærkomið hvert

það heillaráð, sem honum er gefið til að útrýma þessari kláðahættu. Allir vita, að ekki þekkir hann hèr til, og hann má vita, að vèr þingmenn og Íslendingar þekkjum þetta betur, og viljum sjálfum oss bezt; hví skyldi hann þá ekki vilja þýðast vor ráð? því ekki kostar þetta konúngdóminn heldur nein fjárútlát. Eg er því viss um, að ef þingið biður hann með eindregnum huga og samlyndi, að fyrirskipa þessa reglu, þá er honum það næsta ljúft að bænheyra oss, ef ekki kemur rógur eða falskur milliburður í veginn; eg hika mèr því ekki við að samþykkja þetta 5. viðaukaatkvæði.

Forseti: Eg ætla að leyfa mèr að gjöra þá athugasemd út af því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði um þessa niðurskurðarsamninga Borgfirðínga, að það er vonandi, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi,* áður en hann sendir stjórninni tillögur sínar um þetta mál, hlutist til þess, að amtmaðurinn í Suðuramtinu útvegi nægar upplýsíngar um þessa samninga hjá sýslumanninum í Borgarfjarðarsýslu, svo menn viti með vissu, hvernig þessum samníngum er varið. Að vísu veit eg ekki neitt glöggt um þá, en held þó, að Borgfirðíngar því að eins hafi skuldbundið sig til niðurskurðar, að kláðinn komi þar upp aptur í haust; en eg vona, sem sagt, að áður en *konúngsfulltrúinn* skrifar stjórninni, þá leiti hann áreiðanlegra upplýsínga um það í gegnum amtmann og sýslumann, hvernig samníngum þessum sè varið.

Konúngsfulltrúi: Eg skal út af orðum hins heiðraða *forseta* leyfa mèr þá athugasemd, að það mundi verða til lítils, að leita upplýsínga hjá sýslumanni, því hlutaðeigendur fara á snið við hann í slíkum ráðstöfunum þeirra; það er reynslan búin að sanna; en að því leyti samníngar þeir, sem hèr ræðir um, skyldu vera bundnir við það skilyrði, að kláðinn kæmi upp í haust, þá gjöri eg lítið úr því, þar sem það mundi verða niðurstaðan, að það þætti nægja, ef kláðavottur sæist á einni eða tveimur kindum; og er hèr þannig komin hin áreiðanlegasta skýríng yfir það, hver meiníngin sè í atkvæðinu undir 5. tölul. á atkvæðaskránni, þó menn hafi víljað draga sem mest úr þessu atkvæði.

Forseti: Þessi útskýríng á 5. tölul. kann að vera skilníngur Borgfirðínga á honum, en það er ekki þíngsins, og kemur því ekki þínginu við.

Fyrst ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja þíngmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða og fèllu þau þannig:

A. *Niðurlagsatriði nefndarinnar.*

1. *Sveins Skúlasonar* breytíngaruppástúnga: að 1. niðurlagsatriði verði 3. niðurlagsatriði, samþykkt með 18 atkv. gegn 1. Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu var þar næst upp borin.
4. *Sama* breytíngaruppástúnga: að í stað 2. og 3. niðurlagsuppástúngu nefndarinnar (tölul. 6. a og b) komi svo hljóðandi greinir:
   a, að hann (konúngurinn) mildilegast vili sem fyrst o. s. frv., samþykkt með 15 atkv. gegn 7.
   b, að hann (konúngurinn) mildilegast vildi hlutast o. s. frv., samþykkt með 14 atkv. gegn 4.
2. *Sama* breytíngaratkvæði við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul, 3.), samþykkt með 16 atkv. gegn 1.
3. *Nefndin,* niðurlagsatriði, fallin við atkvæðagreiðsluna um 2. tölul.
5. *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum, viðaukauppástúnga.

Um þenna tölulið var nafnakall við haft, og fór það þannig, að

»já« sögðu:	»nei« sögðu:
Benedikt Þórðarson.	Páll Melsteð.
Árni Einarsson.	Benedikt Sveinsson.
Arnljótur Ólafsson.	Björn Pètursson.
Ásgeir Einarsson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Gísli Brynjúlfsson.	Helgi G. Thordersen.
Indriði Gíslason.	Jón Hjaltalín.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	Jón Pètursson.
Jón Sigurðsson frá Haugum.	Pètur Pètursson.
Magnús Andrèsson.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	

Guðmundur Brandsson greiddi ekki atkvæði, og var tölulíðurinn þannig samþykktur með 13 atkv. gegn 8.

6. *Nefndin,* a og b, fallin samkvæmt atkvæðagreiðslunni undir 4. tölulið.

B. *Frumvarp nefndarinnar.*

7 *Sveins Skúlasonar* breytíngaratkvæði við 1. frumvarpsgr. nefndarinnar (tölul. 10) samþykkt með 12 atkv. gegn 6.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu voru álitnir fallnir tölulið-irnir 8. 9. og 10.

11. *Sama* breytíngaratkvæði við 2. frumvarpsgrein nefndarinnar (tölul. 12) samþykkt sem orðabreytíng.
12. *Nefndin,* 2. frumvarpsgrein, með áorðnum breytíngum, samþykkt með 19 atkv.
13. *Guðmundar Brandssonar* breytíngaratkvæði samþykkt með 12 atkv. gegn 4.
14. *Nefndin,* 3. frumvarpsgrein, samþykkt með 19 atkv.
15. *Sveins Skúlasonar* breytíngaratkvæði við 4. gr. nefndarfrumvarpsins (tölul. 16) samþykkt með 17 atkv.
16. *Nefndin,* 4. frumvarpsgrein, með áorðnum breytíngum, samþykkt með 19 atkv.
17. *Sveins Skúlasonar* viðaukauppástúnga við frumvarpið, samþykkt með 16 atkv. gegn 2.
18. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu samþykkt með 19 atkv.

Framsögumaður: Samkvæmt 61. gr. alþíngistilskipunarinnar áskil eg mèr rètt til þess, að senda til konúngs mitt *minoritetsvotum.*

Sama ræða leiðrètt: (Samkvæmt 61. gr. alþíngistilskipunarinnar áskil eg mèr *rètt* til þess, að senda konúngi álit *minni hluta* í málinu).

Forseti: Þá kemur til *ályktarumræðu* og atkvæðagreiðslu málið um *niðarjöfnun alþíngiskostnaðarins; framsögumaður* er þíngmaður Borgfirðínga.

Eg skal geta þess, að *konúngsfulltrúi* hefir falið hinum háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanni að taka sæti sitt í þessu máli.

Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, er eg vona að þíngmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í alþíngismálinu: þegnleg uppástúnga *um alþíngiskostnaðinn.*

1. *Indriði Gíslasson,* breytíngaruppástúnga í stað 1. niðurlagsatriðis nefndarinnar:

   Að það (þ: þíngið) biði stiptamtmann að skrifa stjórninni um það, að sem allrafyrst fáist skýr grein fyrir því, hvað borgað hefir verið af alþíngiskostnaðinum inn í ríkisjóðinn frá 31. marz 1860.

2. *Nefndin,* 1. niðurlagsatriði.

   Að það (þ: þingið) biði *forseta* sinn, að fá leiðréttan þann kostnað til *konúngsfulltrúa* 1857 og 1859, er talinn hefir verið landinu til útgjalda, samkvæmt konúngsúrskurði 23. apríl 1845 og brèfi dómsmálastjórnarinnar 16. febrúar 1861.

3. *Björn Pètursson,* viðaukaatkv.

   Og allan þann kostnað, er oftalinn kynni að vera frá undanfarandi þingum.

4. *Indriði Gíslason,* breytíngaruppástúnga í stað 2. niðurlagsatriðis nefndarinnar:

   Að þingið biði hann (nefnilega stiptamtmanninn), að hann taki sèr *forseta* og *varaforseta* þessa alþingis til aðstoðar og ráðaneytis við næstu niðurjöfnun alþingiskostnaðarins.

5. *Jón Hjaltalín,* breytíngaratkv. við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar:

   »Að alþingi lýsi því yfir, að upplýsíngar þær, sem nefndin hefir gefið frá stiptamtmanninum í þessu máli, hafi gjört því fullnægju fyrir því, sem um var að ræða í þessu efni.

6. *Nefndin,* 2. niðurlagsatriði.

   Að þingið kjósi 2 menn, til að yfirfara alla alþingisreikníngana gegn sanngjarnri borgun, og að skýrsla þeirra verði síðan prentuð aptan við alþíngistíðindin.

7. *Ásgeir Einarsson,* viðaukauppástúnga við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 5).

   Að þingmaður Borgfirðínga verði valinn til slíks starfa, ef hann á annað borð fær ekki ferð til heimilis síns strax eptir þínglausnir, og hefir hann þá í þóknun fyrir þetta starf dagpeninga þá, sem alþíngistilskipanin heimilar honum fyrir önnur þíngstörf, meðan hann er við starfa þenna og fær ekki ferð heim til sín.

8. *Arnljótur Ólafsson,* ný uppástúnga.

   Að alþingi kjósi tvo menn *forseta* til aðstoðar að ávísa alþíngiskostnaðinum.

9. Hvort *forseti* skuli rita stiptamtmanni (að því er hann áhrærir) samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg finn enga ástæðu til að fara inn í málið, og eg vona að þingmenn verði fáorðir, eins og eg. Hèr er 1. breytíngaratkvæði þíngmanns Dalamanna. Eg

hefi ekkert á móti stefnunni, en breytingaratkvæðið er ónýtt, því stiptamtmaður fær skýrslurnar frá endurskoðunarstofunni, svo fljótt sem kostur er á.

Nefndin ráðgjörði að taka aptur 1. niðurlagsatriðið, og eptir samkomulagi við nefndarmenn, tek eg það hèr með aptur, og þá er um leið 3. tölul. fallinn. Þá kemur 4. tölul. Eg ætla ekki að mæla móti honum, því ef þingmenn ekki af sjálfsdáðum eru honum mótfallnir, mun eg ekki snúa þeim. Þá er 5. töluliður; hann fellst eg á, og eg held, að menn ætti á hann að fallast, því undirtektir stiptamtmannsins eiga það skilið. Þá er 6. tölul.; við viljum ekki halda honum til streitu, en þó ekki taka hann aptur. Þó þingmaður Borgfirðínga kunni að hafa gott af 7. tölul., þá finnur *framsögumaður* sèr ekki skylt að mæla fram með honum. Þá er 8. tölul.; eg get ekki verið eptirgefanlegur með hann. Nú legg eg málið í gjörð, og vona að gangi fljótt.

Indriði Gíslason: Mèr þótti vel eiga við, að fara bónarveg að stiptamtmanninum um, að útvega skýrslur; og greiða fyrir máli þessu. Þegar eg gjörði breytingaratkvæðið undir tölul. 4., vakti það fyrir mèr, að þessir 2 menn væri einkar vel til þess fallnir. Eg held komi lítið út af því, þó eg fjölyrði um málið, og skal því ekki gjöra það, og fel eg því þinginu á vald þessi breytingaratkvæði.

Stefán Jónsson: Eg get ekki fallizt á margt af þessum atkvæðum, því þetta leiðir til ómaks og kostnaðar, og gæti orðið peningaspursmál til næsta alþingis, og getur leitt af sèr miklu meir kostnað, en svari hagsmunum; það er líka vonandi að bráðum breytist sú aðferð, hvernig alþingiskostnaðurinn er tekinn.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vil leyfa mèr að leita upplýsínga um, hvort töluliður 1. og 2. geta ekki staðizt jafnhliða.

Forseti: Þeir geta báðir staðið hver með öðrum; eg get ekki betur sèð.

Framsögumaður: Eg veit ekki, hvort þingið hefir tekið eptir, að nefndin hefir tekið aptur 2. tölul. Eg vil benda þingmanni Dalasýslu á, að þó farinn væri bónarvegur að stiptamtmanni, þá fyndi hann líklega ekki fremur ástæðu til, að bera sig nú saman við *forseta*, heldur en hèrna í vor, þá er hann átti kost á honum, eptir því sem segir í þjóðólfi.

Ásgeir Einarsson: Eg held eins hafi farið fyrir *framsögumanni* með atkvæðaskrána, eins og með kvæðið, sem sagt var um, að mætti stytta um helming, og kasta svo hinu. *Forseti* hefir orðið

einna lífseigastur, og veit eg ekki, hvers hann á að gjalda, því aldrei hafa komið kvartanir um hann fyrir fjárumsjón hans alþingi tilheyrandi. Það væri má ske gott, að þingið kysi mann með *forseta*, ef kvartanir kæmi.

Jón Sigurðsson frá Haugum: Eg tek tölul. 2. upp aptur.

Forseti: Út af því, sem hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu sagði, þá veit eg ekki, að ágreiningur hafi orðið út af *forseta*reikningum í þessi 3 skipti, er eg hefi haft ávísanir þingkostnaðarins og þar af leiðandi reikninga á hendi; og hafi verið vafi, þá hefi eg ráðfært mig við aðra. Að minnsta kosti útvegaði eg sem *forseti*, án aðstoðarmanna, ráðherraúrskurðinn 16. febr. þ. á., sem hér er kominn fram; og mætti þykja merkilegt, ef þetta hefði gefið þingmanni Borgfirðinga tilefni til þessa viðaukaatkvæðis.

Framsögumaður: Mér dettur ekki í hug að álasa *forseta;* en þó varð þras á síðasta þingi út af því, að *forseti* neitaði um ferðakostnað, er eg held hann hafi ekki heimild til.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem *framsögumaður* nú sagði, skal eg geta þess, að það mál bar eg undir jafnvel fleiri en 2 aðra þingmenn, áður en eg réði því til lykta.

Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg biðja þingmenn að ganga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan gengið til atkvæða, og fellu þau þannig:

1. *Indriði Gíslason,* breytingaruppástúnga í stað 1. niðurlagsatriðis nefndarinnar, felld með 9 atkv. gegn 7.
2. *Nefndin* (þetta niðurlagsatriði sitt hafði nefndin tekið aptur, en *Jón Sigurðsson* frá Haugum tók það upp aptur), samþykkt með 9 atkv. gegn 7.
3. *Björns Péturssonar* viðaukaatkvæði samþykkt með 12 atkv. gegn 5.
4. *Indriði Gíslason,* breytingaruppástúnga í stað 2. niðurlagsatriðis nefndarinnar.

Var atkvæða leitað með nafnakalli, og sögðu:

»já«:	»nei«:
Árni Einarsson.	Benedikt Þórðarson.
Indriði Gíslason.	Páll Melsteð.
Jón Sigurðsson frá Haugum.	Arnljótur Ólafsson.
Páll Sigurðsson.	Ásgeir Einarsson.
Stefán Eiríksson.	Benedikt Sveinsson.

»nei«:
Björn Pètursson.
Gísli Brynjúlfsson.
Halldór Kr. Friðriksson.
Helgi G. Thórdersen.
Jón Hjaltalín.
Jón Pètursson.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
Magnús Andrèsson.
Pètur Pètursson.
Stefán Jónsson.
Sveinn Skúlason.

(Þingmaður Gullbríngusýslu hafði sökum lasleika gengið af þingi). Þannig var tölul. 4 felldur með 16 atkv. gegn 5.

5. *Jón Hjaltalín,* breytíngaratkvæði við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar samþykkt með 13 atkv. gegn 5.
6. *Nefndin,* 2. niðurlagsatriði, samþykkt með 9 atkv. gegn 8.
7. *Ásgeir Einarsson:* viðaukauppástúnga við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (tölul. 6.).

Við þessa uppástúngu var atkvæða leitað með nafnakalli, og sögðu:

»já«:	»nei«:
Benedikt Þórðarson.	Halldór Kr. Friðriksson.
Ásgeir Einarsson.	Árni Einarsson.
Björn Pètursson.	Benedikt Sveinsson.
Gísli Brynjúlfsson.	Helgi G. Thórdersen.
Indriði Gíslason.	Jón Pètnrsson.
Jón Hjaltalín.	Jón Sigurðsson frá Haugum.
Magnús Andrèsson.	Páll Sigurðsson.
Páll Melsteð.	Pètur Pètursson.
Stefán Eiríksson.	Stefán Jónsson.
	Sveinn Skúlason.

Var uppástúngan felld með 10 atkv. gegn 9.

8. *Arnljótur Ólafsson,* ný uppástúnga felld með 12 atkv. gegn 6.
9. Hvort *forseti* skuli rita stiptamtmanni (að því er hann áhrærir) samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu — samþykkt með 16 atkv. gegn 1.

Síðan bar *forseti* undir atkvæði þíngsins, hvort kjósa skyldi *nefndina* (sbr. tölul. 6.) nú þegar, eða ekki fyr en á næsta þíngi.

Var það samþykkt að *fresta* kosningunni, með 11 atkvæðum gegn 7.

Síðan gat *forseti* verkefnis til næsta fundar, er hann ákvað mánudaginn 19. ágúst kl. 10. f. m.

Fundi slitið.

Á 18. fundi 23. júlí var upp lesin og samþykkt bænarskrá til konúngs um, *að síðasta málsgrein 43. greinar í tilskipun 8. marz 1843* (um að senda skuli stjórninni danska þýðingu af þingbókinni) *verði úr lögum tekin,* svo hljóðandi:

»Til konúngs:

Til alþingis kom uppástúnga frá þingmanni Borgfirðínga þess efnis, að danska þýðingin á þingbókinni, eður niðurlag 43. greinar alþingistilskipunarinnar yrði af tekin. Þingið kaus þriggja manna nefnd í þetta mál, og ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt; leyfir nú þingið sèr allraþegnsamlegast að bera upp fyrir yðar konúnglegu hátign álit sitt og bænir á þessa leið:

Forsetinn á alþingi 1859 leitaði til stjórnar yðar hátignar um, að sleppa mætti þýðingu þingbókarinnar, þá er búið var að þýða 23 fundi hina fyrstu, eður eigi fullan helming þingbókarinnar, og tók stjórnin því svo vel, að hún kvað »*ekkert því til fyrirstöðu*«; hefir þingið því fulla ástæðu til að vona, að sú bæn þingsins muni fá mildilega áheyrzlu, að danska þýðingin á þingbókinni megi framvegis niður falla. Þingið verður að álíta danska þýðingu þingbókarinnar ónauðsynlega, síðan íslenzka stjórnardeildin var stofnuð, þótt hún væri áður nauðsynleg, fyrir því, að nú gengur þingbókin til hinnar íslenzku stjórnardeildar, í stað þess, að áður skyldi senda hana til kanselísins, þar sem engi maður þurfti að kunna íslenzku, framar en verkast vildi. Það er og í annan stað eigi hægt að fá hèr nógu marga menn, sem bæði sè vel færir og hafi nægan tíma til að snúa allri þingbókinni, og mundi eflaust hægra að fá menn til þess starfa í hinni íslenzku stjórnardeild, ef annars þarf að snúa þingræðunum. Þingið áleit þó rèttast að halda skyldi enn áfram með, að leggja út nefndarálitin ásamt með álitsskjölunum, enda þótt nefndarálitin innibindist í niðurlagi 43. gr. alþingistilsk, svo að það eru eiginlega þingræðurnar og svo frumvörpin og bænarskrárnar til alþingis og uppástúngur á þingi, er þingið biður um að mega sleppa dönsku þýðingunni á framvegis.

Af þessum ástæðum leyfir þingið sèr, með 16 atkvæðum gegn 2, allraþegnsamlegast að biðja *yðar konúnglega hátign*

(með 18 atkvæðum gegn 2): að síðasta málsgrein 43. gr. alþingistilskipunarinnar, svo hljóðandi: »sömuleiðis á ein af alþingisins *forseta* og skrifurum fullgilt útleggíng að sendast til vors danska kanselíis«, verði af tekin.

Reykjavík, 23. júlí 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Arnljótur Ólafsson.

Fertugasti og níundi fundur — 19. ág.

Allir á fundi. Gjörðabók frá 2 síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en gengið er til dagskráarinnar skal eg geta um, að í morgun barst mèr brèf frá *konúngsfulltrúa* út af brèfi því, er eg ritaði honum 13. þ. mán., og bar áður undir þingið, áhrærandi *eptirstöðvarnar af prentunarkostnaði alþingistíðindanna 1859*[1]*;* brèfið hljóðar þannig:

Í tilefni af brèfi yðar, herra alþingis*forseti!* frá 13. þ. m. út af eptirstöðvum prentunarkostnaðarins fyrir alþingistíðindin 1859, hvar um ágreiníngur hefir verið milli yðar og yfirstjórnenda prentsmiðjunnar, og um hvert misklíðarefni eg skrifaði yður hinn 5. þ. m., skal eg hèr með leyfa mèr að láta yður í ljósi, að eg eptir kríngumstæðunum og eðli málsins, ekki finn ástæðu til þess, að bera málefni þetta undir alþíngi; en í annan stað ætla eg að svo komnu ekki að ávísa sem stiptamtmaður þeim umræddu eptirstöðvum, en biðja stjórnina að skera úr því, hvort og hvernig þeim megi ávísa, og hvort heldur *in totum* eða *tantum*, þar sem eg, eptir stöðu minni til málsins, ekki áliti mig, eptir því framkomna frá yðar hálfu, bæran um það; og þetta vona eg þèr, heiðraði alþingis*forseti!* finnið í eðli sínu.

Reykjavík, dag 19. ágúst 1861.

Þ. Jónassen.

Til

herra alþingisforseta, *Jóns Guðmundssonar.*

1) þetta brèf forseta 13. ágúst 1861 er prentað meðal annara brèfa hans aptan við þessi tíðindi.

Forseti: Eg veit ei, hvað þingið segir um þetta svar, enda er hèr nú ekkert ráðrúm fyrir þingið, hvorki til aðgjörða nè úrslita, en eg verð að lýsa því yfir, að undanfærslu *konúngsfulltrúans* undan því, að bera málið undir þingið, og eins þá stefnu, er hann nú tekur, að bera málið undir úrskurð stjórnarinnar, álít eg miður rètta, eins og eg tók fram í brèfi mínu 13. þ. mán. Og það er og verður rètt, sem einn af hinum löglærðu þingmönnum sagði þá, að ef eigi næðist samkomulag milli prentsmiðjustjórnarinnar og þingsins, þá væri þetta dómsmál, en ætti ekki undir úrskurð alþingis, og því síður ætti stjórnin að skera úr því. En eg vona einnig, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* annaðhvort hverfi frá þessari stefnu, eða þá heldur slaki til sem annar yfirstjórnari prentsmiðjunnar, en leggi málið ekki undir úrskurð stjórnarinnar, þar sem ekki nema annar málspartur óskar þess.

Þá kemur eptir dagskránni til úrslita þingsins, hvort það vili veita fè til þess, að *semja registur yfir bókasafn alþingis.* Eg hefi þar um fengið brèf frá þingmanni Reykvíkinga, þannig hljóðandi:

Það er hvorttveggja, að registur það, sem prentað var aptan við alþingistíðindin 1853 yfir bókasafn alþingis, hefir þótt ófullkomið, enda hafa bókasafninu bætzt eigi allfáar bækur síðan; og þess vegna var vakið máls á því á alþingi fyrir nokkrum dögum síðan, að nauðsynlegt væri að semja nýtt registur, og var þá vikið þeirri spurníngu að mèr, sem kunnugum bókasafninu, hversu mikið mundi kosta að búa til slíkt registur, og hversu stórt það mundi verða, og lofaði eg að gefa þínginu skýríngu á þessu máli, og það gjöri eg hèr með í þeirri von, að þèr skýrið þínginu frá því á fundi á mánudaginn.

Eptir því sem eg get næst ætlað á um, mun registur þetta verða framt að þremur örkum prentuðum í alþingistíðindabrotinu. En hvort sem það nær þremur örkum eða ekki, get eg með engu móti álitið, að samníngur þess geti minna kostað en 50 rd.; því að það er mikil fyrirhöfn að semja það, ef það á að verða í því lagi, sem æskjandi væri; því að það verður að taka allar bækurnar úr skápunum, og raða þeim öllum niður eptir efni þeirra, og síðan að skoða hverja bók, til að sjá hiun rètta titil hennar, hvar og hve nær hún sè prentuð, og hversu stór hún sè, og er þetta allmikil fyrirhöfn, og svo að hreinskrifa allt undir prentun.

Samkvæmt þessu mun þá samníngur og prentun slíks registurs kosta milli 80 og 90 rd.

Reykjavík, 17. ágúst 1861.

Halldór Kr. Friðriksson.

Til

forseta alþíngis 1861.

Um málið urðu því næst nokkrar umræður, og var það samþykkt af þínginu, að fela skólakennara *Halldóri Kr. Friðrikssyni* að semja registrið fyrir þá borgun, er tekin var fram í brèfi hans, þó með því skilyrði, að ef registrið yrði styttra, en gizkað var á í brèfinu, þá yrði borgunin þeim mun rýrari eptir rèttu hlutfalli.

Forseti: Þá kemur annað atriði dagskrárinnar, að lesa upp nokkur álitsskjöl og bænarskrár til konúngs. Voru þá þessi álitsskjöl og bænarskrár lesnar upp og samþykktar:

1. Bænarskrá til konúngs í *hjúalagamálinu.*

Til konúngs.

Yðar konúnglegu hátign hefir þóknazt, að láta leggja fyrir þetta alþíngi frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi. Þíngið kaus 7 manna nefnd, til að rannsaka þetta mál, og ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að biðja yðar konúnglegu hátign með 18 atkvæðum gegn 1 um, að frumvarpið megi út koma sem lög fyrir land þetta með þeim breytíngum, sem hjálagt fylgiskjal sýnir, þar sem ástæðurnar fyrir breytíngunum einnig eru tilgreindar.

En jafnframt þessu leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að geta þess, að mál þau, sem rísa kunna millum húsbænda og hjúa hèr á landi, hljóti ætíð að nema mjög litlu verði, þar sem það á hinn bóginn er yfrið kostnaðarsamt, eptir því sem hèr hagar til, að leita rèttar síns, einkum í þeim sveitum, sem liggja langt frá aðsetursstað hlutaðeigandi sýslumanns, og það svo mjög, að gjöra má almennt ráð fyrir, að borgunin fyrir ferðalög hans, þíngvitnaleiðslu og önnur umsvif, er málið optlega hlýtur að krefja, nemi jafnvel langtum meiru fè, heldur en það, sem ætla má að þrætan geti verið um. Af þessu leiðir þá aptur, að hlutaðeigendum, einkum fátækum hjúum, muni almennt afskerast aðgangur til að ná rètti sínum, þó þeir geti haldið sèr til hinna reglulegu dómstóla, og úr þessu vandkvæði bætir það alls eigi, eins og þörf er á, að tekjur til dómarans í þess háttar málum eru óneitanlega næsta litlar; eptir

hinum gildandi rèttarfarsreglum er aðalkostnaður sá, er af þeim leiðir, ekki fólginn í tekjum þeim, er ganga til rèttarins þjóna *(Sportler)*, heldur leiðir af ferðalögum þeim, er sýslumaðurinn þarf að hafa fram og aptur um sýslu sína, um langa og örðuga vegu, til að reka málin. Auk þess liggur það í augum uppi, að mál þau, er hèr ræðir um, eru þess eðlis, að þau krefja fljót og greið úrslit, ef lögin í heild sinni eiga að geta náð fullri þýðingu; en slíku getur eigi orðið framgengt bæði sökum þess, er nú var sagt um lengd vega og erfiðleika þeirra hèr á landi, og eins sökum hins, að annríki sýslumanna, sem hafa á hendi mjög umsvifamikil embætti, opt og tíðum ekki geta leyft þeim, að snúast við slíkum málum, svo fljótt sem þörf krefur. Reynslan hefir líka sýnt, að mál milli húsbænda og hjúa hèr á landi hafa mjög sjaldan komið fyrir dómstólana, og má það án efa ætla, að þetta hafi eigi að eins átt rót sína í rèttaróvissu þeirri, sem leitt hefir af því, að skort hefir ljós og fullkomin lög um vinnuhjú, heldur einnig og jafnvel meira í því, að hlutaðeigendum hefir kostnaðarins og erfiðleikanna vegna eigi þótt tilvinnandi að byrja á slíkum málum, hvar á mót það eigi verður álitið, að miskliðir millum hjúa og húsbænda hafi verið svo sjaldgæfar í raun og veru, að menn eigi hafi þurft eður viljað leita rèttar síns í þeim efnum, og fyrir þessu verður þá því síður gjört ráð framvegis, er rèttarvissan hlýtur að vakna með hinum nýju lögum um skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa.

Af þessum ástæðum leyfir þingið sèr enn fremur allraþegnsamlegast með 18 atkvæðum:

> Að biðja yðar *konúnglegu hátign* um, allramildilegast að leggja fyrir næsta þing frumvarp um hjúalaganefndir hèr á landi, byggt á grundvallarreglunum í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar um þetta mál.

Reykjavík, 19. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Benedikt Sveinsson.

Frumvarp

til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi eins og alþingi hefir ráðið til að breyta því.

1. gr.

Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur.

Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn. (Samþykkt með 20 atkvæðum móti 1).

2. gr.

Engi vistarráð skulu lengur gilda, en 12 mánuði í senn, en gild skulu þau, þó skemur sè um samið. (Samþykkt með 19 atkvæðum), þó svo, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir. (Samþykt með 17 atkvæðum gegn 2).

3. gr.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eða fleirum, til helmínga, þriðjúnga o. s. frv. (Samþykkt með 19 atkvæðum).

4. gr.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hèruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar. (Samþykkt með 18 atkvæðum).

5. gr.

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eða hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vili endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár. (Samþykkt með 18 atkvæðum). Ef maður tekur vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5-10 rd. (Samþykkt með 18 atkvæðum).

6. gr.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sè um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest,og skal húsbóndi annast þann flutníng á sinn kostnað og ekki láta það rýra áskilið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á rèttum tíma, nè heldur ráðstafar því, og hann eigi hefir gildar ástæður til að rjúfa vistarráð við það, eptir 7. gr., þá skal hann skyldur til að greiða því kostnað þann allan, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sèr, án þess það skerði um samið kaup, uns hann vitjar hjúsins eður ráðstafar því; þó skal hjúi skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á. Viti húsbóndi ekki hjúsins eður ráðstafi því fyrir þíngmaríumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og er þá húsbóndi sekur um vistarrof við það (sjá 10. gr.). Það eru og vistarrof frá húsbónda hálfu,

ef hjú flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka, þaðan sem það kom. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

7. gr.

Húsbóndi hefir löglegar ástæður til að ripta vistarráðum við hjú sitt, áður en það kemur í vistina:

1. Hafi það tælt hann á sèr, með því annaðhvort að telja sèr til gildis þá kosti, sem það ekki hefir, en húsbóndi gekkst fyrir eða leynt á sèr þeim ókostum, er mundi hafa fælt hann frá að ráða það til sín, og bæti þá hjú húsbónda sem fyrir vistarrof.
2. Eða ef það, eptir að það er orðið vistráðið,
   a, drýgir einhvern þann glæp, sem að almenníngsáliti er svívirðilegur.
   b, enn fremur: ef hjúið, um það leyti sem það á að fara í vistina, hefir þau veikindi eður líkamamein, að vissa sè fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að þíngmaríumessu, eður lengur.
   c, ef hjúið gjörir sig bert að slíkri breytni við hinn tilvonanda húsbónda sinn, náúnga hans eður heimafólk, er eptir 28. gr. varðar burtrekstri þess, þegar það er komið í vistina, og bæti það honum sem fyrir vistarrof, og sæti að auki hegníngu þeirri og skaðabótum, sem það að öðru leyti kann að hafa unnið til. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

8. gr.

Hverju hjúi er skylt að fara í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess eptir 6. gr. eður ráðstafar því, og færist hjú undan því án lögmætra orsaka, þá eru það vistarrof við húsbónda; sjá 11. gr.

Nú er hjú veikt og ekki ferðafært, og skal það þá skylt til að flytja sig sjálft í vistina á sinn eiginn kostnað, jafnskjótt og það er ferðafært orðið, nema því að eins, að svo standi á fyrir hjúi, sem segir í 7. gr. 2., bókstaf b, og húsbóndi láti það vita, að hann vili ekki við því taka. Dragi það komu sína í vistina viku lengur, gjörir það sig sekt í vistarrofum; sjá 11. gr. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

9. gr.

Hjú hefir lögmætar ástæður til að skorast undan því, að fara í vistina. (Samþykkt með 19 atkvæðum):

1. Ef húsbóndi hefir meitt mannorð hjúsins, eptir að hann samdi

við það um vistarráð, eður gjört því annað til miska, svo að öll líkindi sè til, að hann verði því slæmur húsbóndi, og er hann þá sekur um vistarrof við hjúið, auk þeirra skaðabóta og hegninga, sem hann eptir öðrum lögum kann að hafa bakað sèr.

2. Það eru og vistarrof við hjú, ef húsbóndi er fluttur af landi burt eður vissa er fyrir því, að hann gjöri það það ár, nema hjú hafi um það vitað, er það rèðst til hans.

3. Ef grunur fellur á húsbónda fyrir glæp, er svívirðilegur er í almennings áliti, eður á heimilisfólk hans, svo að rèttarrannsókn af því leiði, og hún nái til húsbónda, og hún annaðhvort ekki er til lykta leidd, er hjú á að fara í vistina, eða húsbóndi er orðinn sannur að sök um slíkan glæp, nema hjúi hafi verið þessar kríngumstæður kunnar, er það rèð sig í vistina. (Samþykkt með 19 atkvæðum gegn 2).

10. gr.

Verði húsbóndi sekur um vistarrof við hjú eptir 6. og 9. gr. 1. og 2. atr., skal hann gjalda því um samið kaup og matarverð, eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði. (Samþykkt með 20 atkv. gegn 1).

11. grein.

Verði hjú sekt um vistarrof við húsbónda sinn eptir 8. grein, eður hefir látið sèr svo farast. sem sagt er í 7. grein 1. og 2. c., þá greiði það húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

12. grein.

Hafi húsbóndi og hjú samið svo sín á milli, að húsbóndi ekki þurfi að sjá um flutníng þess í vistina, þá skal það haldast, er þau urðu ásátt um, en að öðru leyti skal þá farið eptir því, sem fyrir er mælt í 7., 8., 9., 10., og 11. grein. Svo eru það og vistarrof við húsbónda, ef hjúið dregur viku lengur að nauðsynjalausu að koma í vistina. (Samþykkt með 21 atkvæði).

13. grein.

Eigi má hjú setja annan fyrir sig í vist án samþykkis húsbónda, nè heldur til að gegna verkum sínum, nema húsbóndi leyfi, eða bráð nauðsyn krefi. (Samþykkt með 21 atkvæði).

14. grein.

Eigi má húsbóndi eptirláta eður afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Deyi húsbóndi, skal vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur, en

sè búi brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því, sem fyrir vistarrof, sjá 10. og 31. grein. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

15. grein.

Nú er hjú komið í vist til húsbónda, og skal hann veita því viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita, auk kaups. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

16. grein.

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hvenær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið þá hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg föt í kaup sitt, þótt hjú hafi áskilið sèr það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum. (Samþykkt með 19 atkvæðum).

Rètt goldnir eru hjúi kaup peníngar, og allir aðrir aurar, þeir er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið, og skal, þegar lagðir skulu peníngar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði (Samþykkt með 20 atkvæðum).

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera, undir eins og vistartíminn er á enda. (Samþykkt í einu hljóði).

Í þrotabúi húsbónda hefir hjúið forgöngurètt til síðustu 12 mánaða kaups, næst löglegum veðskuldum. (Samþykkt með 21 atkv.).

17. gr.

Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eða sá, sem fyrir hans hönd á yfir að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sèrstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru sam-

boðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa. (Samþykkt með 21 atkvæði).

18. gr.

Hjú skal bæta búsbónda sínum hvert það tjón eða skemmdir, er það veldur honum vísvitandi eða af skeytíngarleysi, eða af því það eigi kann til verka þeírra, er það lèzt kunna, er það rèðst í vistina, og eins hvern annan skaða, er húsbóndi bíður fyrir óhlýðni þess, og má húsbóndi halda jafnmiklu inni af kaupinu og skaðabótunum nemur. (Samþykkt með 21 atkvæði).

19. gr.

Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eða illyrði við húsbændur sína, eða þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir að segja, skal hjúið sektast um 1—20 rd; en seti það sig upp á móti þeim, eða áreiti þá í verkum, þá sektist það 5—30 rd., nema svo sè, að það hafi unnið til meiri hegníngar eptir öðrum lögum. (Samþykkt með 21 atkvæði).

20. gr.

Húsbóndi má refsa hjúi sínu fyrir illyrði þess eða áreitni í verki, en þó svo, að hann hvorki misbjóði því nè heldur misþyrmi, svo það bíði meiðsli af. En refsi húsbóndi hjúi fyrir engar eður aðrar sakir, skal það metið sem við vandalausa gjört væri. (Samþykkt með 17 atkvæðum gegn 1).

21. gr.

Verði húsbóndi fyrir vinnutjóni á hjúi sínu, sökum glæpa eður yfirsjóna, er það fremur og sem það er sett undir lagaákæru fyrir, missir það kaup fyrir þann tíma; og sanni húsbóndi, að hann hafi orðið fyrir meiri skaða þess vegna, þá gjaldi það honum fullar skaðabætur. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

22. gr.

Sýkist hjú eða slasist af sjálfsvöldum, skal það sjálft kosta lækníngunа og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimtíng á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

23. gr.

Slasist eða veikist hjú, og húsbónda sè um það að kenna, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því var um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sèrstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefið sök á, þá skal hann kosta lækníngu hjúsins og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef

nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þyngri hegníngu eptir öðrum lögum. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

24. gr.

Veikist hjú eða slasist af öðrum atvikum, en nú voru talin (22. og 23. gr.), þá skal það sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækníngum þess og sèrstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður vertíð, eða mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal það einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum, en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er lengur veikt. Deyi hjúið, hafa erfíngjar þess eigi heimtíng á kaupi eptir það fyrir lengri tíma, en það var búið að vera í vistinni, áður en það varð ófært til verka. (Samþykkt með 21 atkvæði).

25. gr.

Fari hjú sakir veikinda úr vistinni fyrir tilstilli húsbónda, hvort heldur svo hefir verið um samið eða eigi, þá hverfur eigi fyrir það skylda hans til að annast hjúið, samkvæmt því sem nú var sagt; og ber honum að endurgjalda þau þyngsli, er aðrir hafa af hjúinu. (Samþykkt með 21 atkvæði).

26. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sè á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða 2 aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sè ekkert mein þar af búið, nè öðrum, ef sýkin er sóttnæm.

Flyti húsbóndi samt hjúið burt, skal hann sæta sektum, eða þyngri hegníng eptir 23. gr., og standast að auki allan kostnað af lækníng og hjúkrun sjúklingsins. (Samþykkt með 21 atkvæði).

27. gr.

Þegar hjú, sem veikist eða slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækníngarkostnað og kostnað fyrir sèrstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess af sveitarsjóðnum, þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins, ef annar er. Sama er og um greptrunarkostnað hjúsins, deyi það í vistinni. (Samþykkt með 21 atkvæði).

28. gr.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina. (Samþykkt með 21 atkvæði):

1. Ef hjúið gjörir sig sekt í yfirsjónum þeim, sem nefndar eru í 7. gr. 1. atr. og 2. atr. a (Samþykkt með 20 atkvæðum).
2. Ef hjúið leggur hönd á húsbónda eður vandamenn hans á heimilinu eður aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum eður rógi. (Samþykkt með 21 atkvæði).
3. Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku eða stöðugt skeytíngarleysi eða ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra. (Samþykkt með 21 atkvæði).
4. Ef hjúið tælir börn eður vandamenn húsbónda á heimilinu til illverka eður ósiðsemi, eða ef þeim er augsýnileg hætta búin af skeytíngarleysi þess eða illri meðferð. (Samþykkt með 19 atkvæðum).
5. Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans, eða misþyrmir skepnum þeim, er hann á eða hefir undir hendi. (Samþykkt með 21 atkvæði).
6. Ef hjúið sýnir af sèr framúrkeyrandi eða ítrekað skeytíngarleysi með ljós, eld, eða annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu. (Samþykkt með 21 atkvæði).
7. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminníngar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
8. Ef hjúið með illlyndi eða rógi raskar reglu og friði á heimilinu, og lætur eigi af því þrátt fyrir ítrekaðar áminníngar húsbóndans. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

29. gr.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga úr vistinni:

1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu.
2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt hjúið beri sig upp undan því við hann.
3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu. (Samþykkt með 21 atkvæði).
4. Ef húsbóndi meiðir mannorð hjúsins, eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af. (Samþykkt með 21 atkvæði).
5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.

6. Ef líf eða heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu.
7. Ef húsbóndi flytur af landi burt. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

30. gr.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 28. gr., þá bæti það húsbónda, eins og ákveðið er í 11. gr. að framan, þó þannig, að því ber kaup, eptir því sem 2 óvilhallir menn undir eiðs tilboð meta fyrir þann tíma, sem það hefir unnið í vistinni. Auk þessa sæti hjúið hegníngu þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann hafa bakað sèr. (Samþykkt með 20 atkvæðum).

31. gr.

Ef hjú fer úr vist fyrir þær sakir, sem nú voru greindar, þá á það heimtíng á fullu árskaupi, eins og segir í 10. gr. og matarverði, sem óneytt er, 10 álnum fyrir hvern mánuð, 30 nættan, er eptir er vistarverunnar. Svo sæti og húsbóndi þeirri hegníngu og skaðabótum, sem hann að öðru leyti kann að hafa bakað sèr. (Samþykkt með 21 atkvæði).

32. gr.

Ef hjú hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, greiði það húsbónda um samið kaup, samkvæmt 30 gr. (Samþykkt með 21 atkv.)

33. gr.

Reki húsbóndi hjú úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimtíng á kaupi og matarverði, eins og fyrir er mælt í 31. gr. (Samþykkt með 21 atkvæði).

34. gr.

Sè vistarrofin annaðhvort af hálfu hjús eða húsbónda, eins og segir í 28., 30., 32., og 33. gr., og hjú er ráðið heima fyrir næsta ár, skal auk þess, sem sagt er í 29. og 31. gr., einnig farið eptir því, sem fyrir er mælt í 11. og 10. gr. í lögum þessum um vistarrof. (Samþykkt með 19 atkvæðum).

35. gr.

Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó eigi má vera frá eldri tíma, en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni, og skal sá, er fjárnámið gjörir, ásamt með 2 skilríkum mönnum, er hann með sèr kveður, leggja út skuldina í þeim gjaldgengum aurum, sem húsbóndi vill helzt án vera. (Samþykkt með 19 atkvæðum).

36. gr.

Fógeti eða hreppstjóri, sem fjárnám gjörir fyrir kaupi eða matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimtíng á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda, eptir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu. (Samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4).

37. gr.

Mál er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurètt. Brot á móti 26. gr. skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll þau mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna. (Samþykkt með 19 atkvæðum).

Ástæður.

Eptir því sem skýrt er frá í ástæðum fyrir hinu konúnglega frumvarpi til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, er lagt var fyrir þetta alþíngi, þá var það búið til eptir öðru frumvarpi, er fylgdi með sem fylgiskjal og samið hafði nefnd sú, er sett var í Reykjavík 1855, til að íhuga jarðamatið íslenzka, er henni einnig hafði verið falið á hendur að semja frumvarp til hjúalaga fyrir Ísland; þess er og getið í ástæðunum fyrir hinu konúnglega frumvarpi, að dómsmálastjórnarráðið hafi einnig haft fyrir sèr álit allra amtmannanna hèr á landi, þá er það var til búið.

Það hefir lengi mátt sakna laga á Íslandi, er gæfi ljósari og greinilegri reglur um skyldur og rèttindi húsbænda og hjúa á millum, en gjört er í löggjöf þeirri, sem nú gildir hèr á landi. Það er og óneitanlegt að hið konúnglega frumvarp, sem, eins og nú var sagt, var byggt á svo góðum og þjóðlegum grundvelli, ræður mjög mikla bót á því, sem á þótti skorta í þessu efni, eins og líka allur frágangur á frumvarpinu yfir höfuð að tala lýsir ljósri hugsun og fræði, sem gengur í gegnum allt frumvarpið.

En með því þó einkum slík lög, sem hèr ræðir um, eiga, sem mest má verða, að vera byggð á venju þeirri, sem drottnar meða þjóðarinnar, svo að segja má, að það sè aðalaugnamið slíkra laga, að helga og heimila venjuna, að því leyti hún er nýt og skynsöm, og að eins auka hana og bæta, svo að úr henni geti orðið samanhangandi keðja af ákvörðunum um það efni, er lögin eiga að ná yfir og skipa niður, þá hefir frumvarpinu, að svo miklu leyti sem það ekki virtist fullnægja þessum þörfum, verið breytt.

Líka skal þess getið, að í slíkum lögum sem þessum, er mestmegnis snerta, samlíf og viðskipti alþýðu manna, er það án efa nauðsynlegt, að hafa lögin sem ljósust og einföldust að verða má, svo að hinn rètti skilníngur þeirra, bæði yfir höfuð og í hverri einstakri grein eða ákvörðun, blasi sem bezt við hvers manns skynsemi, því við það ná lögin hylli og virðíngu þeirra, sem eptir þeim eiga að lifa, og riðja sèr því fljótar til rúms meðal þeirra, eins og líka þessi kostur á lögunum fyrirbyggir vafa og efasemdir og þrætur þær og misklíðir, er af þeim leiða.

Þessi aðalskoðun leiðir aptur til þess, að hafa verður grundvallarreglurnar í lögunum, á annan bóginn sem fæstar og almennastar, en á hinn bóginn þó svo lagaðar, að af þeim hæglega verði dregnar reglur um hin einstöku atvik, sem bera að höndum í lífinu og undir lögin heyra; þess ber og að gæta, að grundvallarreglurnar standi í sem nánustu sambandi hver við aðra, eins og lífið sjálft, sem þau skipa fyrir um.

Í annan stað hljóta atvik þau, sem í lögunum eru tekin fram, og heyra undir hverja grundvallarreglu fyrir sig, að vera þannig löguð og valin, að þau bæði lýsi hinu almenna og einstaklega við þann flokk tilfella, sem undir grundvallarregluna lúta, eins og þau líka eiga að bera með sèr allan þann skylduleika og innbyrðis jöfnuð, sem grundvallarreglurnar hafa sjálfar sín á milli.

Að vísu liggur það nú í augum uppi, að stjórnarfrumvarpið hefir einnig haft þá aðalskoðun fyrir augum, að lögin ætti bæði að vera ljós og einföld; en það virðist svo, sem þar sè reynt til að ná þessu augnamiði fremur með því að tæma tilfellin, en gefa almennar reglur, og taka jafnframt fram, til skýríngar, hin einkennilegustu tilfelli, eins og nú var sagt; og með því þíngið áleit hið síðara rèttara veg, hefir það leyft sèr að gjöra ýmsar breytíngar á frumvarpinu í þessa stefnu, eins og líka sjálfri niðurröðuninni á efninu og hinum einstöku greinum hefir af sömu ástæðum verið nokkuð breytt.

Eptir þessar almennu athugasemdir skal nú skýrt frá ástæðum þeim í stuttu máli, sem eru fyrir breytíngum þeim, sem þíngið hefir leyft sèr að gjöra á frumvarpinu í hinum einstöku greinum þess, og skal þess í þessu efni getið, að þíngið varð sèr til hægri verka í þessu umfangsmikla máli, að skrifa upp frumvarpið með hinum samþykktu breytíngum, og semja ástæðurnar fyrir hverri einstakri grein, en þó þannig, að af þeim sèst jafnframt ljóslega,

ástæðurnar fyrir hverri breytíngu, sem gjörð hefir verið á stjórnarfrumvarpinu.

Við 1. gr.

Það getur víst ekki verið neinum efa undirorpið, að eptir Jónsbókinni er hver og einn, er búinn var að ná 16 ára aldri, bær um að ráða sig í vist, og þessi regla lögbókarinnar liggur auðsjáanlega til grundvallar í fátækrareglugjörð fyrir Ísland 8. janúar 1834, 6. gr.; sbr. opið brèf 6. júlímánaðar 1848. Það er því með öllu eðlilegt, að hin almenna rèttarvenja og rèttarmeðvitund manna hèr á landi hafi rótfest þessa reglu, enda munu þess engi dæmi, að vistarráð, er gjörð hafi verið af únglíngi 16 ára gömlum, hafi verið ógild gjör, af því hann hafi verið of úngur til að ráða sig í vist, þar sem það á hinn bóginn gengst almennt við, að únglíngar á þessum aldri vistráða sig. Líti maður á tilsk. 21 desember 1831, I. 1. gr., sbr. 18. febrúar 1847, og beri hana saman við fátækrareglugjörð 8. janúar 1834, sbr. opið brèf 6. júlímánaðar 1848, virðist það liggja beint við að samrýma þessi lagaboð þannig, að tilskipun 21. desember 1831 og 18. febrúar 1847 geti reglur um fjárforræði manna, en reglugjörðin þar á móti um sjálfforræði þeirra. Auk þessa leiðir það beinlínis af hinni almennu reglu: »*lex posterior derogat priori*", (þ. e.: yngri lög breyta hinum eldri) að þó það hafi verið meiníng löggjafans með tilsk. 21. desember 1831, að innleiða einnig hèr á landi reglur D. L. 3-17, um sjálfforræði manna, þá er breytíng á þessu aptur gjörð í reglugjörð 1834, sem einmitt gefur reglur um sama efni, því það getur engan veginn verið meiníng lagaboðsins, að sá skuli ver farinn að lögum, sem ekki elst upp á sveit, eður þá að sá, sem elst upp á sveit, hljóti að sjá fyrir sèr sjálfur, þegar hann er 16 ára, en megi það þó ekki í þeirri vist, sem hann álítur sèr geðfeldasta og bezt henta. Af þessu leiðir þá aptur, að 18 ára aldurs-takmark það, sem stendur í stjórnarfrumvarpinu, er nýmæli hèr á landi, og með því þíngið fær eigi sèð, að það komi í bága við rèttar löggjafarreglur yfir höfuð að tala, að úngir menn sè búnir að fá nokkra reynslu í því að ráða sjálfum sèr, áður en þeir fá svo verulegan þátt í fjárforráðum sínum, sem löggjöfinn heimilar þeim, er þeir verði 18 ára, nè heldur að lagaregla vor, sem nú er, þess vegna valdi ósamkvæmni í lögum vorum, eða misskilníngi á þeim, þá vill þíngið, að í staðinn fyrir 18 ára í stjórnarfrumvarpinu sè sett 16 ára, og það því fremur sem nýmæli þetta, auk annars, óneitanlega hefir í för

með sèr ýms vandkvæði, allt þangað til fátækrareglugjörðinni 1834 og opnu brèfi 1848 yrði breytt samkvæmt því; en um það er aptur alls eigi spursmál.

Þar á móti áleit þíngið, að það ætti alls kostar vel við að binda gildi vistarráða þeirra, sem eru ófermdir, við vilja og ráð hlutaðeiganda sálusorgara. Ákvörðunina um, að foreldrar og aðrir forráðamenn geti veitt þeim, er hlut eiga að máli, myndugleika til að vista sig, gat þíngið ekki fallizt á, því að því leyti, sem það kynni að verða álitið, að hún innibindi meir en hinar almennu reglur um fullmakt, þá er mjög hætt við, að hún yrði misbrúkuð, og að því leyti, sem hún endurtekur þær, áleit þíngið hana ónauðsynlega. Síðasta málsgrein áleit þíngið að ætti að falla úr samkvæmt 2. grein.

Við 2. gr.

Þíngið verður að vera á því, að hin almenna rèttarmeðvitund hèr á landi bindi vistarráð við eins árs tímabil og víðast hvar frá 14. maí til 14. maí. Þó þess sè mörg dæmi, að hjú dveli hjá húsbónda um fleiri ár, kemur það alls ekki til af því, að slíkur samníngur hafi verið gjörður fyrirfram, heldur er hann jafnan endurnýjaður ár hvert. Annað mál er það, að þegar hjú er búið að vera hjá húsbónda sínum fleiri ár; liggur það víst ekki fjarri skoðun alþýðumanna hèr, að þá megi hjú og húsbóndi hvort um sig gjöra svo ráð fyrir, að ekki verði breytt til um vistina, nema uppsögn eigi sèr stað frá annars hvors hálfu. Þíngið verður nú að ætla, að ísjárvert sè með nýjum lögum að gjöra nokkra breytíngu á þessu, og getur því hvorki fallizt á að löggilda lengri vistarsamníng, en hèr hafa tíðkazt um land allt, og heldur ekki að breyta eðli þeirra þannig, að það skuli liggja í vistarráðum fyrir eitt ár yfir höfuð, sem almenn regla, að þau haldist einnig næsta ár, nema uppsögn komi til. Á hinn bóginn virðist þínginu það miður vel við eiga hèr á landi, að gjöra vistarráð ónýt fyrir þá sök, að þau eigi eru gjörð fyrir heilt ár, og fær það eigi betur sèð, en slík ákvörðun bæði kæmi illa heim við 3. gr. frumvarpsins, er heimilar hjúi að vistráða sig hjá fleirum sama árið að helmíngi, þriðjúngi o. s. frv., eins og við hefir gengizt hèr á landi, og svo hefir hún einnig þann annmarka í för með sèr, að hver og einn, sem óvistaður væri á krossmessu, eður á einn eður annan hátt losaðist úr vist, eður færi úr henni eptir þann tíma, hlyti annaðhvort að vera vistarlaus til næstu

hjúaskildaga, eða maður yrði að víkja frá reglunni í stjórnarfrumvarpsins 4. gr., sem þingið varð að álíta miður vel tilfallið. Aptur á móti syndist þó þinginu óráðlegt að einskorða vistarráðin við mánaðartíma, eins og gjört er í stjórnarfrumvarpinu, er það óttaðist fyrir því, að slík einskorðun mundi miklu fremur trufla hina almenna venju hèr á landi, að hjú vistráði sig árlangt, en styðja hana, og þar sem gagnstæð venja kynni að eiga sèr stað, svo sem í kaupstöðum, þá gjörði þingið ráð fyrir, að bezt væri að gefa henni lausan taum, með því það líka varð að vera á þeirri skoðun, að það væri í sjálfu sèr ekki tímalengdin, sem gjörði verkasamninga að vistarráðum, heldur miklu fremur eðli og efni samningsins að öðru leyti og þær skyldur og rèttindi, sem innbyrðis af honum leiða. Einúngis fannst þinginu ástæðu til að girða fyrir það, að hjú þegar á krossmessu eða seinna á árinu vistaði sig skemur, en til næsta hjúaskildaga á eptir, sem ákveðinn er í frnmvarpsins 4. gr.

Við 3. og 4. gr.

Á þessar greinir frumvarpsins hefir þingið fallizt með öllu óbreyttar.

Við 5. gr.

Eptir breytingu þeirri, sem þingið hefir stúngið upp á við 2. gr. frumvarpsins, að engi vistarráð skuli vera bindandi til lengri tíma, en 12 mánaða i senn, virtist því, að 5. gr. ekki gæti staðizt eins og hún er orðuð, því úr því vistarráðin í hvert skipti verða bundin þegar í öndverðu við þetta tímatakmark, hlýtur þeim að linna af sjálfu sèr, jafnskjótt sem það kemur; af þessu leiðir þá, að engrar uppsagnar þarf með frá húsbónda eða hjúsins hálfu, og að það eigi getur valdið ógildi vistarráða, að hún eigi hefir átt sèr stað. En með því það lifir í miðvitund manna hèr á landi, að það sè rangt, og eigi ekki að vera, að fala hjú frá öðrum, áður en afráðið er um vistarráð þess eptirleiðis hjá húsbónda, og þetta aptur gjörist almennast fyrir jól, er húsbóndi og hjú eru búin að læra að þekkja hvort annað, þá hefir þingið stúngið upp á því, að breyta 5. gr. frumvarpsins þannig, að ef hjú vistast hjá öðrum fyrir jól, þá sè það ógilt, nema afráðið sè um vistarráðin milli húsbónda og hjús eptirleiðis, og að leggja sektir við, ef einhver tekur annars hjú vísvitandi.

Við 6. gr.

Þingið hlaut að öllu leyti að fallast á fyrsta kafla greinar þess-

arar, er hann virtist koma heim við hlutarins eðli, almennings venju og ásigkomulag allt hèr á landi; þar á móti fèkk það eigi betur sèð, en að báðir hinir síðari kaflar greinarinnar, er gefa reglu um það, hvað af því skuli leiða, ef húsbóndi vanrækir skyldu sína að vitja hjúsins, sè miður vel tilfallnir. Reglur þessar virtust þínginu of flóknar og margs konar vafa undirorpnar, eins og það fèkk eigi heldur sèð, að þær að öllu leyti væri svo samkvæmar eðli hjúasamníngsins og almennum rèttarreglum yfir höfuð, sem óskandi væri. Þíngið varð og að álíta, að það kæmi bezt heim við grundvallarregluna í fyrsta kafla greinarinnar, að sá húsbóndi, sem eigi vitjaði hjúsins, ætti að fullu að bæta því þessa forsómun sína. Á hinn bóginn virtist þínginu, að taka yrði tillit til þess, að opt er langur vegur að flytja hjú í vist hèr á landi, vegir opt og tíðum lítt færir og ýmislegt annað, er gæti hindrað húsbóndann. Samkvæmt þessu þótti þínginu rèttast, að húsbóndi vitjaði hjúsins, eður þá á annan veg ráðstafaði því, kostaði dvöl þess, þar sem það er, gildi því um samið kaup, en að hjúið að sínu leyti ynni húbóndanum það gagn, er það gæti, á þeim stað, sem það er á. En með því þíngið þó gjörði ráð fyrir, að húsbóndi jafnan gæti vitjað hjúa sinna fyrir þíngmaríumessu, eptir því sem til hagar ferðum og flutníngum hèr á landi, áleit það, að hjúið ætti ekki að sínu leyti að vera bundið lengur við vistina, en til þess tíma, og að húsbóndi væri þá jafnsekur við hjú, eins og það sjálft flyti sig til hans og hann vili eigi við því taka án lögmætra orsaka, að fráskildum ferðakostnaði hjúsins. Að öðru leyti virtist þínginu, að tilfelli þessi eigi að varða ábyrgð fyrir húsbóndann samkvæmt hinni almennu reglu um vistarrof frá húsbóndans hálfu í 10. grein.

Við 7. gr.

Þínginu virtist það vera ógjörníngur að telja upp öll þau atvik, er gæti gefið húsbóndanum heimild til að segja upp vistarráðum við hjú, og áleit miklu hentara, að svo miklu leyti sem unnt væri, að gefa almennar reglur, er byggðar væri á því, sem viðgengst um samninga manna á meðal yfir höfuð, og eptir þessari grundvallarskoðun ræður þíngið til, að hver sá hjúasamníngur geti orðið rofinn af húsbónda, sem álíta verður, að hann hafi gjört við hjúið, sökum þess að það hefir dregið hann á tálar, með því að telja sèr til gildis þá kosti eður hæfilegleika, sem það ekki hefir til að bera, eður þá með því móti að leyna á sèr ókostum þeim, sem á því eru. Það er nú að vísu svo, að þessi regla kemur því

að eins til greina, að húsbóndi hafi eigi þekkt hjúið, svo að hann vissi kost og löst á því, eins og maður varla getur heimtað það af ókunnugu hjúi, að það sjálfkrafa og að fyrra bragði teli upp ókosti sína, en eins og hin fyrri mótbáran á fullt eins vel við hin einstöku atriði, sem tekin eru fram í stjórnarfrumvarpinu yfir höfuð að tala, þannig virðist það og æskilegt, að lögin sè svo löguð, að húsbóndi fái sem mesta hvöt til þess, að kynna sèr um hagi hjúsins, áður en hann ræður það til sín í vist, sè það honum ókunnugt, og það sè tekið sem ítarlegast fram í samníngum millum hjús og húsbónda, fyrir hverju hann hefir hjá því að gangast. Fyrir utan þessa almennu reglu, sem miðar sig við sjálfan vistarsamninginn, áleit þíngið nauðsyn á, að taka ýms önnur atvik til greina, er fyrir gæti komið, eptir að vistarráðin væri gjörð, en áður en hjúið kæmi í vist sína. Í þessu efni gat þíngið ekki annað en fallizt á 7. gr., 6. atr., í frumvarpi stjórnarinnar, er öll sanngirni mælir fast með því, að húsbóndi sè ekki skyldur að taka á móti hjúi, sem vissa er fyrir að verði ómagi um lengri tíma, en hefir að eins breytt tímanum samkvæmt næstu grein á undan, og látið takmarkið vera þíngmaríumessu. Eins virtist það sjálfsagt, að húsbóndi mætti losa sig við slíkt hjú, er fremur svívirðilegan glæp, eptir að það er vistráðið hjá honum, og loksins áleit þíngið, að hvert það hjú, er gjörir svo stórkostlega á hluta húsbónda, náúnga hans eða heimilisfólks, að það á að varða burtrekstri þess úr vist, þegar það er í hana komið, ætti sökum þess einnig að missa allan rètt til vistarinnar hjá húsbónda, þó það eigi væri til hans flutt, því eins og fullar líkur eru til, að slíkt hjú jafnan mundi illa reynast, þannig virðist og að meðvitund hjúsins um skyldur sínar við tilvonanda húsbónda sinn ætti þegar að kvikna, er það ræðst í vist til hans. Þar á móti verður þíngið að ráða til, að 1., 2., 3., 4., 5. og 7. atriði falli burt, og leyfir sèr að gjöra þessar athugasemdir við þau:

Að 1. það virðist næsta ísjárvert að skipa svo fyrir, að það hjú, sem einhvern tíma hefir drýgt glæp, sè alla sína æfi rækt úr vist fyrir þær sakir, þótt aldrei nema húsbónda væri það ókunnugt, þar sem þó hjúið vel getur hafa bætt ráð sitt um lengri tíma.

Að 2. þessi ákvörðun virðist þínginu óþörf og ekki strangt tekið rètt; það mun sumsè hvorttveggja, að húsbóndi mun hæglega geta komizt að því, ef hjú hefir hegðað sèr illa

þar sem það var síðast í vist; enda ætlar þingið, að það sè að eins það, sem beinlínis eður óbeinlínis kemur fram við hann sjálfan, er rèttlæti í raun og veru brigði á vistinni við hjúið; gagnstæð grundvallarregla er og ei byggð á hlutarins eðli, og mundi leiða af sèr ýmsa annmarka.

Að 3. Þingið áleit, að þessi ákvörðun væri miður vel til fallin af sömu ástæðum og það taldi við 1. atriði, því þó hjúið einhverstaðar, þar sem það hefir verið í vist, hafi tælt börn til illra verka, getur það hæglega hafa sèð svo að sèr, að engi ástæða sè til að gjöra það vistarrækt síðar meir, enda virðist og orðið: »börn« á þessum stað næsta óákveðið og misskilníngi undirorpið.

Að 4., 5. og 7. Það, sem hèr er tekið fram, ætlar þingið að eigi geti varðað vistarbrigðum, nema að svo miklu leyti sem það flýtur af 1. atriði þessarar greinar, eins og þingið hefir ráðið til, að það yrði orðað.

Við 8. gr.

Þinginu þótti betur fara á því, ekki einúngis að taka það með berum orðum fram, eins og gjört er í stjórnarfrumvarpinu, að hjúið sè skylt að fara í vist til húsbónda, er hann vitjar þess, eður þá eins og tilsvarandi skylda húsbóndans er tekin fram í 6. gr., heldur hefir þingið og álitið rèttast, að orða þessa grein að öðru leyti sem bezt mátti verða í þá átt, að það blasti við í lögunum allur jöfnuður á þeim skyldum, sem hvíla á húsbónda og hjúi innbyrðis. Samkvæmt þessu hefir þingið stúngið upp á, að þessi grein lagaboðsins gæfi einfaldar og almennar reglur, álíka og gjört er í fyr nefndri grein.

Við 9. gr.

Þingið gat ekki betur sèð, en að tilfelli það, sem þessi grein hljóðar um, sè svo einstaklegs eðlis og þar að auki svo hægt að heimfæra það undir reglur þær, sem eiga við samkynja tilfelli í lögum þessum, einkum 12. gr., að það væri með öllu óþarft og jafnvel miður rètt, að gefa um það sèrstaka reglu; aptur á móti þótti þinginu nauðsynlegt að taka fram í þessari grein ástæður þær, er lögmætar væri fyrir hjú til að skorast undan því að fara í vist til húsbónda, og að því leyti sem unnt er svöruðu til þess, sem fyrir er mælt í 7. gr.; 13. gr. frumvarpsins, sem talar um þetta efni, þótti þinginu miður vel til fallin, því bæði er það, að maður getur varla gjört ráð fyrir því hèr á landi, að hjú sè svo ókunnugt

um húsbónda, eins og þar virðist vera gjört ráð fyrir, enda þótti þínginu ærið ísjárvert að gefa hjúum kost á slíkri rannsókn um húsbændur sína, sem greinin ræðir um; þess ber sumsè vel að gæta, að grein þessi talar um ávirðíngar, sem húsbóndi hefir gjört sig sekan í við önnur hjú, en það sem hlut á að máli, og þó hjúinu sè lögð á herðar sú skylda að sanna sögu annara, er slíkt mun optast verða byggt á, þá mundi niðurstaðan verða sú, ef þessi grein yrði gjörð að lögum, að slaður og rógburður óhlutvandra hjua mundi jafnan nógur til að spilla vístarráðum húsbænda og bjúa á milli, og verður þíngið að álíta slíkt mið öllu óhæft. Það virtist ólíkum mun réttara, að taka inn í þessa grein, sem eptir tillögum þíngsins verður 9. gr., þær ávirðíngar eður atvik, sem á einhvern hátt snertir hjúið sjálft, eða gjörir því veru sína hjá húsbónda ópolandi og gagnstæða því, sem ætlast mátti til, er um vistarráðin var samið, og hefir því þíngið orðað grein þessa í þessa stefnu; og virtist því vel eiga við að taka inn í greinina meðal annars síðustu málsgrein 14. gr. frumvarpsins, þar sem því aptur á móti finnst ógjörningur að fallast á fyrstu málsgrein hennar, er hún jafnvel gæti valdið því, að hjú væri ekki skyldugt að flytja til húsbónda síns á næsta bæ, ef honum hefði gleymzt að gjöra ráð fyrir því við hjúið; liggur það í augum uppi, að slík ákvörðun á ekki vel við hèr á landi.

Við 10. og 11. gr.

Eins og drepið er á í hinum almennu athugasemdum við frumvarp stjórnarinnar hèr að framan, virtist þínginu, að reglur þær, sem frumvarpið gefur um afleiðíngar þær, sem skilmálarof milli húsbænda og hjúa eigi að hafa yfir höfuð, vera of margbrotnar, og þó alls eigi svo lagaðar, að þær fremur en almenn regla gæti vegið eður mælt strangan rètt eður sanngirni milli húsbænda og hjúa. Þíngið ætlar miklu fremur, að svo margar ákvarðanir híngað og þangað í lögunum mundi gjöra það að verkum, að alþýða trauðlega geti fundið til helgi laganna, sem er undir því komið, að hin almenna regla, sem allt þetta byggist á, þrengi sèr sem bezt inn í rèttarmeðvitund manna. Einkum af þessum ástæðum kaus þíngið fremur að gefa almennar reglur fyrir því, ef hjú svíkur húsbónda eða hann hjú; og ætlar það, að hentast muni að benda að eins til þessarar grundvallarreglu, þar sem við á í lögunum og samkynja atvik bera að höndum, og gefa svo aptur, þar sem bezt þætti við eiga, almenna reglu fyrir því, hvernig beygja skuli grundvallarregluna og laga eptir eðli hinna margbreyttu atvika, sem undir

hana lúta. Þínginu virtist og að skipulag lagaboðsins mundi verða ljósast og bezt með því, að setja þessa grundvallarreglu á þann stað í lögunum, þar sem fyrst er gjört ráð fyrir vistarbrigðum frá húsbónda og hjúa hálfu, bæði eptir réttri hugsun, og eins eptir þeim tíma, er hjúasamníngurinn miðar sig við. Eptir þessu fannst þínginn það bezt til fallið að láta 10. gr. laganna hljóða um það, hvað húsbóndi skyldi greiða hjúi, ef hann sviki það um vist, og þá 11. grein um það, hverju það varðaði frá hjúsins hálfu, ef það brygðist húsbóndanum. Þíngið gat nú ekki fellt sig við þá skoðun frumvarpsins, að það sè ósaknæmara fyrir húsbónda eða hjú að rjúfa vist, áður en hjúið er komið til húsbónda. Að vísu verður því alls eigi neitað, að svo megi opt ráð fyrir gjöra, að húsbóndi og hjú, hvort um sig, eigi hægra með að bæta sèr vistartjónið, sè vistin rofin fyrir hjúaskildaga, eður sem þó, ef til vill, ekki verður álitið eitt og hið sama, áður en það kemur í vistina. En að gjöra þetta sjónarmið að mælikvarða fyrir því, hvað húsbóndi eða hjú skuli greiða hvort öðru fyrir vistarsvik, er, eptir því sem þíngið fær bezt sèð, ekki alveg rètt, og hefir, ef til vill, marga annmarka í för með sèr; það sem hèr ræðir um eru samníngar og afbrigði út af þessu, sem stríðir gegn lögum og rètti. Það eru þar fyrir utan samníngar, sem eiga að vera og verða í almennings augum svo tryggir og ó-rjúfanlegir, sem framast má verða, því undir þeim er komin velferð bænda í landi voru yfir höfuð, sem aptur eru máttarstólparnir undir velferð og velmegun þjóðarinnar. Því grófara sem nú brotið er á samníngnum í sjálfu sèr, því harðara á á því að taka, en þá er brot grófast á samníngi, er menn geta ekki gjört ráð fyrir, að nein lögmæt ástæða til þess sè; hafi menn þetta fyrir augum, og gæti jafnframt að því, að það er mjög svo ólíklegt, að húsbóndi og hjú hafi nokkuð til saka hvort við annað, áður en hjúið kemur í vistina, nema þá því að eins, að brotið sè augljóst og engum vafa undirorpið, þar sem það á hinn bóginn optast nær verður örðugra, að komast til hlítar eptir því, sem húsbónda og hjúi kann að bera á milli, hvoru við annað, er það er komið á heimili hans; gæti maður þessa og svo hins, að stjórnarfrumvarpið, eins og líka þíngið verður að ætla að rèttast sè, miðar ekki útlát húsbónda við hjú, eður útlát þess við hann, við þann skaða, sem þau í það og það skiptið, eptir kríng-umstæðunum, hafa orðið fyrir, og sanna, að þau hafa beðið, heldur ákveður þau eptir vissum almennum mælikvarða, þá virtist það auð-sætt, að þær fyllstu bætur fyrir vistarrof eigi einmitt við, þegar

húsbóndi eður hjú rjúfa vistina, áður en hjúið er komið í hana; þetta verður enn þá ljósara, ef menn hyggja að því, að sè hjúið komið einu sinni í vistina, þá muni bæði húsbóndi og hjú kinoka sèr við því bráðlega að gjöra svo hvort á annars hluta, að vistarrof sè, eða þá slíta vistinni án orsaka; en sè hjúið búið að vera hjá húsbónda um hríð, er vistarsamníngurinn einnig á báða bóga að nokkru leyti uppfylltur, svo að það er einúngis tíminn, sem eptir er, sem þá er um að ræða.

Að því er því næst það snertir, sem hæfilegt sè, að húsbóndi bæti hjúi eða hjú honum, sviki þau hvort annað um vist ástæðulaust, þá gat þíngið ekki betur sèð, en að regla Jónsbókarinnar sè í alla staði sú, sem næst muni komast rètti og sanngirni í þessu efni, og að hún sè einnig byggð á þeirri grundvallarskoðun, sem þíngið fer fram. Eptir þessari reglu á húsbóndi, ef hann ranglega bregður vist við hjú sitt, að gjalda því slíkt kaup, er hann hafði heitið því, og matarverð, sem óeytt er; og það flýtur þá af sjálfu sèr, að það verður að vera matarverð fyrir allan þann tíma, sem um var samið, sem húsbóndinn á að greiða hjúi, sviki hann það, áður en það kemur í vist til hans, því þá er matarverð allt óeytt. Þessari reglu vill nú þíngið fylgja og álítur að eins nauðsynlegt að ákveða upphæð matarverðsins, 1 hundrað á laudsvísu, svo að það hvorki yrði óákveðið eða vafa undirorpið, nè heldur svo hátt, að mönnum yrði of vaxið að greiða það, eptir því sem lífsnauðsynjar nú eru orðnar dýrar hèr á landi, og efnahagur manna almennt bágborinn. Þess ber líka að geta, að gjöra má ráð fyrir, að hjúið á hverjum tíma árs sem er muni ætíð geta unnið að nokkru leyti fyrir sèr, og þótt það aldrei nema hafi verið rekið ranglega úr vist, eiga lögin þó ekki að vera svo, að hjúið fyrir þær sakir hafi freistni til þess, að leggjast í leti og ómennsku.

Regla Jónsbókarinnar um það, að hjú, sem riptar vist við húsbónda, skuli borga honum slíkt, er hann átti að greiða því, er bæði með öllu samkvæm því, er hún ákveður um skyldu húsbóndans við hjúið, og líka án efa í sjálfu sèr með öllu rètt, svo að þinginu gat ekki blandazt hugur á því að aðhyllast hana.

Við 12. gr.

Þess er áður getið, að þínginu virtist innihald hinnar 9. greinar í stjórnarfrumvarpinu svo einstaklegt, að óþarft mundi að hafa um það sèrstaka grein, og það því síður, sem það virðist samkynja því, sem 10. grein frumvarpsins ræðir um. Munurinn á þessum

greinum er nefnilega í raun og veru ekki annar en sá, að hjúið eptir 9. grein hefir seinna meir undirgengizt eður boðið húsbónda að flytja sig í vistina, þar sem 10. grein ráðgjörir, að hjú og húsbóndi hafi þegar í öndverðu samið um þetta atriði sín á milli. En eins og þessi tilfelli eru náskyld, þannig virðist það eigi eiga við, að gjöra slíkan mun á þeim, eins og gjörður er í 9. og 10. grein frumvarpsins, og einkum fær þingið með engu móti séð, að næg ástæða geti verið fyrir því, að hjúið geti dregið komu sína í vistina fram að fardögum, af því það, eptir að vistarráðin voru gjörð, hefir lofað að flytja sig í vistina, en má ekki gjöra það viku lengur, hafi það undirgengizt strax að sjá um flutníng sinn í hana. Eptir þessu varð þingið að álíta réttast, að búa til eina grein, er gæti innibundið í sèr bæði 9. og 10. grein frumvarpsins. En þingið verður nú enn fremur að geta þess, viðvíkjandi þessari grein, að það gat ekki séð, að það væri rètt að gjöra svo mikinn mun á því tilfelli, að hjú ætti að flytja sig í vist og hinu, að húsbóndinn ætti að sjá um flutníng hjúsins í vistina, eins og gjört er í stjornarfrumvarpinu; því í raun og rèttri veru er alls engi annar munur á þessu tvennu en sá, sem flýtur af þessum einstaklega samníngi, en að öðru leyti verður skylda húsbónda og hjús hvers við annað alveg hin sama og ella. Þínginu virðist þess vegna, að í þessari grein ætti að vera vísað til greinanna á undan um sama efni, nl. 7., 8., 9., 10., og 11. gr.; en að það jafnframt væri tekið fram, að sá samníngur, er hèr ræðir um, ætti að haldast, eins og um væri samið, og að brot á honum varðaði vistarrofum frá hálfu hjúsins; þínginu þótti bezt við eiga, að láta sömu reglu gilda hèr og gefin er í 8. gr., þegar hjú, sökum veikinda, ekki getur farið í vist, þegar húsbóndi vitjar þess, og því er sjálft skyldugt til að flytja sig á sinn eiginn kostnað; 11., 12., 13., og 14. grein frumvarpsins álítur þingið að eigi að falla burt. Að því er viðvíkur 11. grein, þá virtist hún hèr á landi næsta óþörf; þar ekki þarf að gjöra ráð fyrir, að nokkur húsbóndi muni leyfa sèr að halda hjú með ofbeldi og ofríki frá því að fara úr vist, og flytja til húsbónda síns, enda getur þingið eigi séð betur, en að þetta tilfelli, ef það annars kæmi nokkurn tíma fyrir, heyrði beinlínis undir sakalögin 4. október 1833, eins og það væri auðvitað, að sá húsbóndi, sem rètt ætti á hjúinu, ætti heimtíng á fullum skaðabótum hjá þeim, sem hèldi því kyrru, fyrir vinnutjón það og skaða, sem hann hefði orðið fyrir.

Við 13. og 14. gr.

Á þessum stað, eða næst eptir frumvarpsins 12. grein áleit þingið, að bezt ætti við að láta koma frumvarpsins 18. gr. En viðvíkjandi henni getur það þess, að því þótti innihald hennar allt of takmarkað. Þingið varð sumsé að álíta, að það ekki að eins gæti komið fyrir, að hjú fengi annan, til að gegna einstöku verkum fyrir sína hönd, sem greinin einkum mun ræða um, heldur einnig, að það vildi algjörlega losast úr vistinni, með því að það útvegaði annað hjú í sinn stað, og með því þetta hvortveggja virðist leyfilegt, ef húsbóndi gefur lof sitt og leyfi til þess, og alls ekki er svo ótítt hèr á landi, fèkk þingið ekki betur sèð, en hvorttveggja þetta ætti að takast inn í hina einu og sömu grein, er þá yrði sú 13. í röðinni. En í sambandi við þessa ákvörðun, fannst þinginu einnig nauðsynlegt, að gefa í nýrri grein, eða 14. grein, húsbónda leyfi til þess að skipta um vist við hjú sitt, ef það samþykkti það, þar þingið þóttist sjá fram á, að menn ella kynni að álíta slíkt óleyfilegt, sem þó hefir opt borið við hèr á landi, ellegar þá skyldi lögin þannig, að húsbóndi væri í þessu efni rètthærri, en hjúið, sem væri hættulegur misskilningur á lögunum, þá virðist og þinginu bezt eiga við, að taka inn í þessa grein líka 30. grein frumvarpsins þannig breytta, eins og því fannst nauðsyn á vera. Í þessu tilliti getur þingið þess, að því virtust orðin: »*Á þann hátt — hinn látna*« óþörf, og orðin: »*Þó ber svo — tímabil*« verða að ganga út, eptir því sem áður er sagt. Eins áleit þingið, að síðasta málsgrein greinarinnar verði rèttari, ef hún sè orðuð þannig, að búinu sè skylt að útvega hjúi aðra jafngóða vist og ella gjalda því laun fyrir vistarrof.

Við 15. gr.

Þinginu þótti betur fara, að láta frumvarpsins 16. gr. ganga á undan hinni 15. og skjóta inn í byrjun hennar orðum, sem gæfi til kynna þá breytíngu á efninu í lögunum, sem kemur við þessa grein; að öðru leyti er þessi grein frumvarpsins óbreytt.

Við 16. gr.

Þingið stíngur upp á, að við þessa grein sè bætt innihaldi 38. gr. frumvarpsins, þannig breyttu, að hjúið hafi í þrotabúi húsbónda forgangsrètt til síðustu 12 mánaða kaups; þessi ákvörðun finnst þinginu rèttari, en sú, sem er í 38. gr. frumvarpsins, því það veit ekki til, að D. L. 5—14—37 sè í heild sinni lögleiddur hèr á landi, nè heldur að opið brèf 23. júlí 1819 sè hèr lögleitt.

Við 17. gr.

Þíngið fèllst á þessa grein með öllu óbreytta, en álítur þar á móti, að 19. gr. frumvarpsins verði óþörf eptir innihaldi hinnar 17. greinar.

Við 18. gr.

Þessi grein er orðrètt, eins og frumvarpsins 20. grein.

Við 19. gr.

Þessi grein er eins og frumvarpsins 21. grein, nema hvað þíngið ræður til, að láta ákvörðunina um vandarhaggarefsíngu og í Reykjavík vatns- og brauðshegníngu í 5—10 daga, falla burtu, er því virðist þessi hegníng of hörð.

Við 20. gr.

Þíngið fær ekki betur sèð, en að húsagi hèr á landi sè með öllu nauðsynlegur, og að það sè miður rètt, að gjöra mun á því, hvort bjúin eru úng eða gömul. Hitt álítur það þar á móti rèttara, bæði að binda búsagann við það skilyrði, að hjúið sýni húsbóndanum persónulega áreitni í orði eður verki, og svo að takmarka hann þannig, að hvorki sè misboðið velsæmistilfinníngu hjúsins, eður því sè misþyrmt, svo það bíði meiðsli af eður skaða; og til þess ítarlega að girða fyrir vanbrúkun á þessum rètti húsbónda, hefir þíngið viljað, að það væri með berum orðum tekið fram í lögunum, að ef húsbóndi gengi fram yfir þessi takmörk, væri hann jafnsekur og hann refsaði vandalausum manni. Þegar húsaginn verður þannig lagaður, getur þíngið ekki álitið rètt, að hegníng sú, sem hjúið hefir bakað sèr fyrir áreitni sína, falli burtu, því hann verður að eins eins konar rèttur til að verja hendur sínar og persónu fyrir hjúsins röngum árásum, sem húsbóndinn ætti að hafa rètt til, til að halda við hlýðni og reglu á heimili sínu; þetta er og nauðsynlegt hèr á landi og samkvæmt skoðunarhætti manna.

Við 21. gr.

23. grein frumvarpsins fannst þínginu ekki eiga við hèr á landi, þar mjög sjaldan getur verið spursmál um fangelsi fyrir utan Reykjavík, eins og líka það flýtur af sjálfu sjer, að ákvörðunin á ekki við, þegar vistarráðunum er þrotið, og húsbóndi því átti ekkert kaup að gjalda hjúinu. Þínginu virtist rèttara að gjöra ráð fyrir vinnutjóni á hjúinu fyrir glæpi þess og yfirsjónir, svo sem meðan rèttarransókn væri yfir því haldin, og að hjúið þá skyldi missa kaup fyrir þann tíma og gjalda húsbónda fullar skaðabætur, ef hann sannaði, að hann hefði orðið fyrir meira skaða, en kaup-

inu nemur; að öðru leyti flýtur það af sjálfu sjer, og þarf eigi að takast fram, að þetta hvorttveggja er bundið því skilyrði, að húsbóndi sè ekki samsekur með hjúinu.

Við 22. gr.

Þingið stingur upp á, að í stað orðanna í frumvarpsins 25. grein: »Og það sè að — aðferð«, verði sett: »af sjálfsvöldum», því »ótilhlýðileg aðferð« eru miður greinileg orð, sem geta valdið misskilningi; einnig fannst þinginu, að betur færi að 25. grein væri sett á undan 24. grein frumvarpsins.

Við 23. gr.

Þessi grein er 24. grein frumvarpsins óbreytt, nema hvað þingið ræður til, að orðin:» eða af hverri annari orsök« verði sett í staðinn fyrir orðin: »eða af hverri annari — aðferð» þar þau eru tvíræðari.

Við 24. gr.

Þessi grein er eins og frumvarpsins 26. gr., nema hvað það flýtur af hinni nýju greinarröð, að »22. og 23. gr.» hlýtur að koma í staðinn fyrir »24. og 25. gr.».

Við 25. gr.

Þingið verður að öllu leyti að fallast á grundvallarregluna í 27. grein frumvarpsins, en þó jafnframt að stinga upp á því, að áherzlan sè lögð á það, hvert hjúið fer burt úr vistinni, sakir veikinda, fyrir tilstilli húsbónda, því þetta innibindur líka það, ef húsbóndi án samnings gjörir hjúinu svo harða kosti, að það neyðist til að fara í burtu, og virðist einnig nauðsynlegt að taka það fram, að húsbóndi ætti að endurgjalda þeim, sem þá hefði þyngsli af hjúinu í veikindum þess.

Við 26. gr.

Þessi grein er eins og 28. gr. í frumvarpinu, nema hvað »23. gr.» verður að setjast fyrir: »24. gr.« eptir greinarröðinni á undan.

Við 27. gr.

Á byrjun 29. greinar í stjórnarfrumvarpinu felst þingið með öllu, en þar á móti fannst því ísjárverð sú ákvörðun, að hjúið skyldi endurgjalda sveit þeirri, sem það er í, kostnaðinn aptur; það varð að álíta rèttara, að með þetta lán ur sveitarsjóðnum, þar sem hjúið dvelur, væri farið eins og annað sveitarlán, þannig, að framfærsluhreppur hjúsins endurgyldi það, ef annar væri. Ef þessi ákvörðun væri ekki gjörð, mundi sem optast svo fara, að hreppur sá, sem hjúið dvelur í, kæmi til að bera þyngsli af fá-

tækum hjúum, sem ætti þó framfærsluhrepp annarstaðar; en það virðist þínginu óeðlileg breytíng frá hinum gildandi lögum um fátækrastyrk. Seinni hluti greinarinnar þótti þínginu betur fara, að væri svo orðaður, að um greptrunarkostnað hjúsins skyldi farið eptir sömu reglu sem lækníngakostnaðinn í fyrstu málsgrein.

Við 28. gr.

Í staðinn fyrir 1. atriði í frumvarpsins 32. grein ræður þíngið til, að vísað sè til 7. greinar 1. og 2. atr. a, sem innibindur að nokkru leyti hið 1. atr. frumvarpsins í þessari grein, en 2., 3., 9., 10., 11., 12. og 15. atr. þeirrar greinar falli burt, því frumvarpsins 30. gr. álítur þíngið að falla ætti burtu, eptir því sem sagt er í 14. gr. hèr að framan, og 31. gr. þess eptir 2. og 5. grein hèr að framan.

Að 2. Að hjú sè rekið úr vist fyrir þær sakir, að það hafi sætt *hegníngarvinnu*, getur naumast átt við hèr á landi; fyrst er það, að slík dæmi eru fremur sjaldgæf, og svo mun það varla nokkurn tíma geta að borið, að menn eigi viti að svo standi á fyrir hjúinu, sem hèr er gjört ráð fyrir, og yrði þá þessi ákvörðun þýðíngarlaus.

Að 3. Eins og alkunnugt er og áður er getið, er fangelsi hèr svo sjaldgæft, að þetta atriði virðist eigi eiga við, enda virðist það næsta hart, að hjú skyldi orðið rekið úr vist fyrir grunsemi fyrir glæp, sem það þó eptir á yrði, ef til vill, dæmt sýknt saka fyrir.

Að 9. Þessi ákvörðun fellur beinlínis undir hina almennu reglu í 7. gr. og er hèr því óþörf.

Að 10. Þíngið fær eigi betur sèð, en að þetta atriði sè þess eðlis að það hljóti að liggja í augum uppi, að það geti alls eigi átt við hèr á landi.

Að 11. Jafnvel þó þíngíð játi, að það væri æskilegt, ef unnt væri að hamla lauslæti hjúa, verður það þó að álíta, að það sè miður heppilega tilfallið, að taka það inn í lögin, að það varði því, að húsbóndi geti rekið hjú úr vist fyrir þær sakir.

Að 12. Þessi ákvörðun virðist þínginu geta innibundizt í hinni almennu reglu í 7. grein og að því leyti, sem hún ekki gæti heimfærzt undir hana, virðist hún of hörð móti hjúinu.

Að 15. Eins og um er talað við 7. grein hèr að framan, virðist þessi ákvörðun ekki eiga við hèr á landi, þar sem engar

vitnisburðarbækur eru innleiddar. Eptir þeim breytíngum, sem þíngið hefir stúngið upp á við þessa grein, flýtur það af sjálfu sèr, að hin almenna ákvörðun í enda hennar á miður vel við, og ræður þíngið því til að hún falli burt.

Við 29. gr.

Þíngið stíngur upp á, að í stað orðsins: »fer« í 7. lið í frumvarpsins 34. grein, setist »flytur«; en að öðru leyti fellst þíngið alveg á greinina.

Við 30., 31., 32. og 33. gr.

Eins og talað er um við 10. og 11. grein að framan, þótti þínginu það rèttast að gefa almenna reglu um vistarrof frá húsbónda og hjúa hálfu, er yrði löguð eptir kríngumstæðunum á sem rèttastan og sanngjarnastan hátt. Í þessu tilliti virðist það þá auðsætt, að matarverð það, sem húsbóndi á að greiða hjúinu fyrir vistarrof, hlýtur að minnka í hlutfalli við tíma þann, sem það hefir dvalið í vistinni, svo að það er að eins kaupið og matarverð fyrir þann tíma, sem eptir er, sem húsbóndi á að greiða hjúinu. Á hinn bóginn hlýtur og hjúið, þegar það riptar vistinni einhvern tíma á árinu, að eiga kaup skilið fyrir þann tíma, sem það hefir unnið húsbóndanum, svo það á að eins að greiða húsbóndanum eins mikið og svarar þeim hluta kaupsins, sem óunnið er fyrir; en fyrir þá sök, að það getur verið undir atvikum komið, hvernig jafna eigi niður kaupinu, á ýmsum tíma árs, ræður þíngið til, að þetta sè ákveðið eptir mati tveggja óvilhallra manna, undir eiðstilboð í hvert einstakt skipti. Að öðru leyti getur þíngið þess, að því fannst sjálfsagt, að gjöra engan mun á því, hvað vistarrofin sjálf snerti, hvort húsbóndi eður hjú ripti vistarráðum, þannig, að þau sliti vistinni án orsaka, eður þá gjörði svo hvort á annars hluta, að hitt fengi rètt á því, að slíta henni, svo framarlega sem þau nota sèr þenna rètt. Þar á móti flýtur það af sjálfu sèr, að hjú og húsbóndi hvort um sig hljóti að sæta þeirri hegníngu og skaðabótum, sem þau í þessu seinna tilfelli kunna að hafa bakað sèr eptir öðrum lagaákvörðunum, og hefir þíngið ráðið að gefa um þetta samsvarandi ákvörðun í 30. og 31. gr.

Við 34. gr.

Þínginu fannst öll þörf á, að gefin væri regla í lögunum um það, hvernig að skyldi farið, ef hjú er ráðið heima fyrir næsta ár, og hjúið eða húsbóndinn riptir vistinni, áður en hið nýja vistarár byrjar og stíngur það þá upp á, að þetta verði álitið sem vistarrof

fyrir bæði árin, það sem er að líða og líka hitt, sem á eptir fer, og að því sè í þessari grein vísað til greina þeirra á undan, sem reglurnar fyrir hvorutveggja standa í.

Við 35. gr.

Af því það getur verið miklum vanda og vafa undirorpið, hvernig heyja skuli fjárnám það, sem ræðir um í frumvarpsins 39. gr., óskar þingið, að við enda þessarar greinar sè bætt ákvörðun um, að sá, sem fjárnámið gjörir, skuli með tveim skilríkum mönnum, er hann með sèr kveður, leggja út skuldina í þeim gjaldgengum aurum, sem húsbóndi vill helzt án vera.

36. gr. er eins og frumv. 40. gr.

Við 37. gr.

Þessi grein er og orðrètt eins og frumvarpsins 42. gr., nema hvað það flýtur af hinni nýju greinaröð, að 26. gr. verður að setjast fyrir 28. gr.

2. *Bænarskrá til konúngs um lagaskóla á Íslandi.*

Til konúngs.

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá 17 vísindamönnum í Kaupmannahöfn, þess efnis, að alþingi bæri þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

1. Að 15. grein í tilskipun 26. janúar 1821 yrði úr lögum numin, að svo miklu leyti sem hún ákveður, að hinir dönsku júristar, sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumannaembættin eigi verði veitt neinum, er hèr eptir les að eins dönsk lög.
2. Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðingaefnum, er áður hafi lokið burtfararprófi við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þennan, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði, rómverskum lögum og íslenzkum lögum og rètti.
3. Að lögfræðingar þeir, er tæki embættispróf í skóla þessum og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðingaembætta á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti
4. Að kostnaður til skólans verði greiddur úr ríkissjóði, en fáist það ekki, að hann þá fyrst um sinn verði lagður á landið á þann hátt, er alþingi þætti bezt henta.

Alþingi kaus þriggja manna nefnd til að íhuga mál þetta, og

kveða upp um það álit sitt, og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, eins og lög bjóða, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að skýra yðar konúnglegu hátign frá skoðun sinni á málinu, eins og nú skal greina.

Þingið getur eigi öðruvísi álitið, eins og stjórnin sjálf hefir játað í skýrslu þeirri, er fulltrúi yðar hátignar á alþingi gaf því 1859, en að það sè einúngis neyðarúrræði að skipa hina dönsku júrista, sem svo eru kallaðir, í dómaraembætti; því að ávallt verður það næsta tvísýnt, hversu þeir munu gefast, eða hvort þeir munu reynast hæfir embættismenn, þar sem engi almenn menntun er af þeim heimtuð eptir löggjöfinni, og geta því verið og eru einatt óskólagengnir menn og þar á ofan bætist það, að þeir lesa að eins lítinn kafla úr dönskum lögum, en fá alls enga þekkíngu á íslenskum lögum, þeim sem eigi gilda í Danmörku, og mjög svo litla þekkíngu á hinum almennu grundvallarreglum lögfræðinnar, og því síður eru líkindi til, að danskir menn, sem eigi afla sèr meiri almennrar menntunar eða lagaþekkíngar, en hinir svo köllnðu dönsku júristar gjöra, verði að fullu liði hèr á landi, þar sem þeir eru með öllu ókunnir öllum hugsunarhætti og allri landsvenju hèr á landi, og þó eru þeir opt og einatt skipaðir sýslumenn hèr á landi. Þínginu virtist því full þörf á, að breytt væri til um þetta fyrirkomulag. Á hinn bóginn er nú sem stendur svo mikill skortur á lögfræðíngum, að auðsætt virðist, að sum lögfræðíngaembætti landsins verði að standa auð í mörg ár; því að enda þótt 3 sýslumannaembætti sè skipuð dönskum júristum, sem svo eru kallaðir, þá eru þó nú 5 sýslur lausar, 2 amtmannaembætti og bæði málaflutníngsmannaembættin við landsyfirrèttinn í Reykjavík, eða 9 embætti alls, en að eins 3 Íslendíngar, 1 latínskur lögfræðíngur og tveir, er gengið hafi undir próf hinna dönsku júrista, er í þau verði skipaðir, og sýnir þetta ljóslega, hvort það hefir verið ástæðulaust, að þíngið hefir áður borið kvíðboga fyrir því, að skortur yrði á latínskum lögfræðíngum frá háskólanum í Kaupmannahöfn til að skipa í embættin hèr á landi. En úr því þennan skort hefir að borið, án þess neinar ráðstafanir sè enn gjörðar til að bæta úr honum, þá virðist þínginu eigi ástæða til að beiðast þess, að 15. gr. í tilsk. 26. janúar 1821 verði úr lögum numin, fyr en einhver menntunarstofnun handa lögfræðíngaefnum væri stofnsett í landinu sjálfu, ef einhver kynni að vilja lesa að eins dönsk lög, og sækja um sýslumannsembætti hèr á landi á eptir.

Með því reynslan hefir nú sýnt það og sannað, að fallvalt er að reiða sig á, að nógir komi latínskir lögfræðíngar frá háskólanum í Kaupmannahöfn, til að skipa í embætti landsins, og hún virðist enn að sýna, að svo muni verða framvegis, að minnsta kosti fyrst um sinn, þar sem að eins eru 8 íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn, er lesi undir fullkomið lærdómspróf í lögum við háskólann, verður alþíngið enn að ítreka þá allraþegnsamlegustu bæn sína, að stofnaður verði kennsluskóli hèr á landi handa lögfræðíngaefnum, sannfært um að það sè hið eina ráð til að bæta ur þeim skorti á lögfræðíngum, sem nú er og hlýtur að verða að minnsta kosti fyrst um sinn; því að hèr horfir til sannra vandræða með lögfræðíngaefni, ef engra bragða er að leita.

Þíngið getur eigi sèð, að neinar nægar ástæður hafi enn fram komið gegn lagaskóla hèr á landi; því að t. a. m. þegar sagt hefir verið, að kennslan við slíkan skóla mundi verða einstrengíngsleg, þá virðist þínginu sú skoðun eigi geta verið rètt, því að auðvitað er, að kennendurnir við skóla þennan yrði, að minnsta kosti fyrst um sinn, þeir einir, er lesið hefði lög við Kaupmannahafnarháskóla, og ef þeir yrði einstreingíngslegir í skoðun sinni og kennslu, þá yrði það að vera komið af því, að kennslan við háskólann væri einstrengíngsleg; og sú yrði að vera bin eina ástæða til einstrengíngsskapar þeirra, þegar litið er til þess, sem þíngið áður hefir beðið um, að kennt yrði í skóla þessum heimspekileg lögfræði, rómversk lög og íslensk lög og rèttur, getur þíngið eigi betur skilið, en að sýslumannaefnum sè nógsamlega sèð fyrir svo mikilli almennri lagamenntun, sem þeir þurfa með, þegar þeir eru skólagengnir menn, og hafa þannig aflað sèr þeirrar almennu menntunar, sem hverjum embættismanni er nauðsynleg.

Á hinn bóginn verður því alls eigi neitað, að þeir við kennslu hèr á landi, lagaðri eptir lögum og ástæðum landsins, muni fá ólíkt meiri þekkíngu á þeim lögum, sem hèr á landi gilda, en þeir nú fá við háskólann í Kaupmannahöfn. Eins og öllum er kunnugt, eru lögin talsvert ólík á Íslandi og Danmörku, enda þótt um sama efni sè, og fjöldi lagaboða í Danmörku í ýmsum greinum, sem alls ekkert gildi hafa nè geta haft hèr á landi; til þessa er alls ekkert tillit haft í kennslunni við háskólann, og því síður til landsvenjunnar, sem mjög svo er ólík hèr og í Danmörku. En það verður þó eigi talið neinum embættismanni til meðmælíngar, að hann þekki því nær ekkert til landslaganna, en þekki að eins lög annara landa;

en þar sem lögin nú eru svo ólík i Danmörku og Íslandi, og hljóta að verða því ólikari, sem alþíngi stendur lengur, og fær því betra tækifæri og lægni í að laga lögin eptir þörfum Íslands, því meiri verður nauðsynin, að afla embættismannaefnum sèrstaklegrar þekkíngar á löggjöf landsins.

Þegar sagt hefir verið, að færri mundu sigla, ef lagaskóli væri stofnaður hèr á landi, til að lesa lög við háskólann í Kaupmannahöfn, þá er það mjög svo óvíst, að svo verði, enda getur þíngið eigi talið tjónið stórt, þótt þeir yrði færri, því að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að margur Íslendíngur verður að hætta við nám sitt í lögum við háskólann sökum peníngaskorts, en sem gæti hæglega lokið sèr af við skóla hèr, ef til væri, og orðið nýtur embættismaður á eptir; því það er auðsætt, að það þarf afar fè til þess, að kosta sig 7—8 ár í Kaupmannahöfn, eins og námstími manna er nú orðinn þar, en aptur á móti gæti þeir lokið sèr hèr af á svo sem 3 árum, ef kennslunni yrði haganlega fyrirkomið, og orðið á eptir í alla staði hæfir til embætta hèr á landi, ef eigi eins hæfir eins og kandídatar frá háskólanum.

Þegar til kostnaðarins kemur, getur alþíngi enn eigi sèð, að áætlun sú, 2500 rd., sem það hefir gjört um hin árlegu útgjöld skólans sè ónóg, að minnsta kosti fyrst um sinn, enda hefir stjórn *yðar hátignar* eigi sýnt því fram á, í hverju áætlun sú væri of lítil eða hversu miklu það mundi nema, og virðist því óþarft, að færa frekari rök að því efni, en þíngið hefir áður gjört. En þar sem stjórn yðar hátignar hefir talið það sem ástæðu fyrir synjuninni, að þíngið eigi hafi vísað á neitt fè, til stofnunar hans, þá verður þíngið að geta þess, að því er eigi auðið að vísa á neitt fè, svo lengi fjárhagur Íslands og Danmerkur er eigi að skilinn, og Íslendíngar alls engan rètt hafa til að ráða sköttum sínum og skyldum, þá fyrst, þegar alþíngi hefir fengið skattalögurètt, virtist því að talað verði um, að það vísi á fè til slíkrar stofnunar. Þíngið verður því að fulltreysta því, að yðar konúnglega hátign mildilegast veiti fè úr ríkissjóðnum til þessarar stofnunar, að minnsta kosti fyrst um sinn, uns fjárhagur Íslands og Danmerkur er að skilinn, og alþíngi fær skattalögurètt.

Eptir því sem skýrt er frá hèr á undan um skort á lögfræðíngaefnum hèr á landi, virðist auðsætt, að það þolir enga bið, að reyna til að bæta úr skorti þessum, ef menn eiga að vera óhræddir um, að megnið af embættum landsins eigi verði óskipuð hæfum

mönnum að fárra ára fresti. Skyldi nú svo fara, að yðar konúngleg hátign gæti enn eigi orðið við bæn þingsins um stofnun lagaskólans, þrátt fyrir hina auðsæju og bráðu nauðsyn, þótti þinginu réttast, að beiðast þess til bráðabyrgða, að mönnum mætti gefast kostur á að ganga undir próf í lögum hèr á landi, þannig, að landsyfirréttardómendurnir væri skyldaðir til að reyna þá, sem þess æskti, og skyldi stiptamtmaður vera við staddur þetta próf; próf þetta virðist þinginu að ætti að vera ámóta yfirgripsmikið og próf það er, sem hinir »dönsku júristar», sem svo eru kallaðir, ganga undir við háskólann; en það er svo sem auðvitað, að það ætti að eins að vera í íslenskum lögum og rètti; að öðru leyti þótti þinginu sjálfsagt, að stjórn yðar hátignar setti nákvæmari reglur fyrir tilhögun prófs þessa, sem þinginu eigi þótti þörf á að tilgreina. Þinginu þótti og rèttast, að þeir, sem undir slíkt próf vildi ganga, skyldi sjálfir útvega sèr kennslu þeirrar, sem þeir með þyrfti, á sinn kostnað, hvar sem þeim veitti hægast, því að enda þótt þingið yrði að telja það víst, að landsyfirréttardómendurnir yrði færastir til að veita þeim þessa kennslu, og líka fúsir til þess, þótti því þó eigi rètt, að skylda þá til þess, nè heldur að binda þá við borð, sem lögin vildi nema. Eins þótti þinginu það auðsætt, að þeir, sem undir prófið gengi, ef þeir ætti að geta fengið embætti á eptir, yrði annaðhvort að vera skólagengnir, eða þá að sanna það, áður en þeir tæki embættispróf, að þeir hefði aflað sèr almennrar undirstöðumenntunar, með því að ganga undir próf í skólanum, líkt og aðgönguprófið við háskólann í Kaupmannahöfn er fyrir »danska júrista». Með því þannig jafnmikið væri heimtað af þessum mönnum, og heimtað er af hinum dönsku júristum, virtist þinginu, að þeir ætti að hafa sama rètt til embætta hèr á landi, og danskir júristar hafa eptir tilsk. 26. janúar 1821.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir þingið sèr með 21 atkv., að bera þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

1. (Með 21 atkvæði) Að sem allra fyrst verði stofnaður kennsluskóli hèr á landi handa lögfræðíngaefnum, er áður hafi tekið burtfararpróf við lærðan skóla, eða eru útskrifaðir úr heimaskóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þennan, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði, rómverskum rètti og íslenskum lögum og rètti.
2. (Með 21. atkv.) Að lögfræðíngar þeir, sem tæki embættis-

próf í skóla þessum, og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðíngaembætta á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti.

3. (Með 21. afkv.): Að kostnaðurinn til skóla þessa mætti að minnsta kosti fyrst um sinn, uns alþíngi fær skattálögurètt, verða greiddur úr ríkissjóðnum.
4. (Í einu hljóði.): Að þegar lagaskóli ,þessi er kominn á, sè 15. gr. í tilsk. 26. janúar 1821 úr lögum numin, að svo miklu leyti hún ákveður, að hinir dönsku júristar, sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumannaembættin eigi verði veitt neinum, sem eptir það les að eins dönsk lög.
5. (Í einu hlóði): Að mönnum gæfist kostur á, að ganga undir opinbert próf í íslenzkum lögum og rètti hjá landsyfirèttardómendunum í Reykjavík; sè próf þetta lagað líkt því, sem danskir júristar ganga undir við háskólann í Kaupmannahöfn; skulu þeir áður sanna það með prófi, er þeir ganga undir, að þeir hafi fengið þá almennu menntun, sem nauðsynleg er talin fyrir hvern embættismann, og skulu þeir hafa sama rètt til embætta hèr á landi, og danskir júristar hafa eptir gildandi lögum.

Reykjavík, 19. d. ágústm. 1861.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. Halldór Kr. Friðriksson.

3. Bænarskrá til konúngs *um fiskiveiðar útlendra.*

Til konúngs.

Til alþíngis komu 5 bænarskrár úr ýmsum hèruðum landsins viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra manna, einkum Frakka, undir Íslandi. Þíngið tók mál þetta til íhugunar, og setti í það 5 manna nefnd, og var það síðan rætt á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt.

Skal þíngið nú því og allraþegnsamlegast leyfa sèr að segja um það álit sitt, og skýra frá, að hverri niðurstöðu það komst.

Þær 5 bænarskrár, sem fyrst komu til þíngsins, voru frá sýslufundi Austfirðínga að Vallanesi, frá Vestmannaeyjum með 40 nöfnum og einu undirskrifuðum, frá sýslufundi Snæfellínga í Þórsnesi og Barðstrendínga að Kollabúðum og svo frá Þíngvallafundinum; en síðan bættist við áskorun þíngmannsins úr Gullbríngu- og Kjósarsýslum og enn ein bænarskrá frá fundi á Ísafirði, er vísað var til

nefndarinnar. Þíngið varð nú að álíta, að skjöl þessi lýsti áreiðanlega ástandinu og skoðun manna á orsökum þess við sjáfarsíðuna í mestum hluta landins, einmitt alstaðar þar sem hinir útlendu fiskimenn einkum hafa stöðvar sínar, frá Hornbjargi fyrir vestan og svo suður og austur með landi til Langaness; og með því það einnig var þíngmönnum kunnugt, að slíkt hið sama mundi og eiga sèr stað við allar norðurstrendur landsins og flóana þar, frá Langanesi og vestur til Hornbjargs aptur, þá gat það ei dulizt þínginu, að hèr væri um almennt vandræði að gjöra, sem nauðsyn bæri til, að sem fyrst yrði ráðin veruleg bót á. En þetta vandræði er ekki annað en það, að svo lítur út sem öðrum hinum helzta bjargræðisvegi landsmanna, og það ef til vill þeim, sem landið einkum mætti auðgast af, sè nú svo mikill háski búinn fyrir yfirgangi útlendra fiskimanna, að annað er ekki sýnt, en að hann með tímanum muni gjöreyðast, ef því fer lengi svona fram, sem nú hefir verið látið viðgangast óhindrað hèr við land síðustu ár; því um það ber öllum þeim skjölum, er þínginu hafa borizt um þetta mál, alveg saman, að fiskileysi það, sem farið hefir að bera á í aðalveiðistöðvum vorum þessi árin, og sem einkum hefir verið svo tilfinnanlegt við allan Faxaflóa veturinn sem leið, muni að miklu leyti vera sprottið af því, að hinir útlendu fiskimenn, einkum Frakkar, er koma hingað þegar á vorin, um það leyti er landsmenn sjálfir helzt ætti að geta haft not af fiskigöngunum undir landið, leyfa sèr mjög svo um of, að fara inn á fiskimið vor, og draga svo með niðurburði fiskinn frá landi og trufla allar fiskigöngurnar. Þetta álit má heita að nú sè orðinn almannarómur meðal allra íslenzkra fiskimanna og svo landsmanna yfir höfuð; og með því þíngið getur ei annað sèð, en að þeir, sem þetta segja, hafi mikið til síns máls, þá verður það einnig að álíta það vel til fallið, að ástæður þær, sem skoðun þessi er byggð á, sè nú einnig gjörðar stjórn *yðar hátignar* svo kunnar, að henni veitist nægilegt færi á að sjá, hve mikið hèr er um að gjöra. Skal þíngið því og í þessum tilgangi leyfa sèr, að taka fram nokkur hin helztu atriði, er til skýringar mega verða, úr skjölum þeim, er áður var getið að því hefði borizt víðsvegar að úr landinu um þetta mál.

Í bœnaskránni frá Austfjörðum segir svo: »Það er ópolanlegra og skaðvænna, en frá verði skýrt, hvaða niðurdrep nefndur yfirgangur og átroðningur gjörir sjávarútveg landsmanna sjálfra, er þessir útlendu fiskimenn sækja aflann á vorin að kalla fast inn und-

ir land, og þar með draga hann svo *langt frá landi,* að landsmenn sjálfir ekki geta fyrir þá skuld neitt til hlítar aflað á þeim tíma, sem þeim flestum þar til hentastur er, nefnilega fyrir heyjannir hvers árs«. *Í bænarskránni frá Vestmanneyjum* er þannig til orða tekið, og má heita að eyjamenn tali þar einnig í nafni Skaptfellínga og Rangæínga, sem einmitt margir sækja sjó úr Vestmanneyjum: »Svo má segja, að í stúf stíngi hèr með fiskiveiðar, þegar hin útlendu fiskiskip eru hèr að landi komin og bæði fiska á miðum vorum og allt í kríng um þau, og með niðurburði af fiskslógi draga allan fisk út til djúps, þar sem oss á opnum bátum er ómögulegt að leita aflans, og er það ei of sagt, að hèr megi stundum sjá í einum flota allt að 100 útlendum fiskurum (þ. e. fiskiskipum), rètt á og við fiskimið vor. Hið sama er og að sjá af bænaskránum að vestan, en einkum lýsir þó þíngmaður úr Gullbríngu- og Kjósar-sýslum vel, hvernig þessu einnig er háttað við Faxaflóa, og ber þess að geta, að hið sama á og við um alla ströndina frá Þjórsárósi og til Grindavíkur, þar sem honum er gagnkunnugt, hve tilhagar í hinum helztu verstöðvum, í Þorlákshöfn og í Selvogi; hann segir svo í þeirri áskorun sinni til þíngsins, er fyr er getið: »Aldrei hefi eg heyrt getið um þvílíkan fjölda af útlendum fiskiskipum, sem á tèðri vertíð (þ. e. nú í vor) og það næstum í grynnstu fiskileitum, svo að róðrarskip landsmanna voru margopt dýpra en hin, og stundum þeim samsíða. Áður en þessi útlenda skipamergð kom á fiskimiðin, var nægur fiskur fyrir víðast austur með öllu landi, en eptir fáa daga brá svo við, að fiskurinn hvarf, fyrst að austanverðu, svo í Grindavík og seinast í Höfnum, allt eptir því sem skipin færðust vestur með landinu. Fiskileysið í vetur hèrna í Faxaflóa er alkunnugt, og gætu menn ímyndað sèr að þessi útlenda skipamergð hefði verið orsök þar i, vist að nokkru leyti; því það er alkunnugt, að í stöðugum hægviðrum, eins og hèr var í vetur, gengur fiskur seinna að landi, en annars. Nú komu skip þessi hèr undir land í aprílmánuði, einmitt um þann tíma, þegar helzt var von á fiskigöngum, svo færðust þau vestur með landinu og fiskigangan með, norður með Reykjanesi og þaðan yfir utanverðan Faxaflóa vestur undir Snæfellsnes; eptir það mátti ekki heita, að fiskvart yrði fyrir sunnan Garðskaga, því síður fyrir norðan hann.

Alþíngi gat nú ei annað sèð, en að með öllu þessu, er nú hefir verið talið sè að minnsta kosti færðar hinar sterkustu líkur fyrir því,

að það sè einmitt hinar útlendu fiskiveiðar umhverfis Ísland, sem einkum spilli aflanum fyrir landsmönnum sjálfum, og þó þingið þori ei alveg að fullyrða, allrasízt að þetta sè hin einasta orsök til fiskileysis þess, er landsmenn hafa átt svo mjög að kvarta undan hin síðustu árin, þá virtist því málið æfinlega svo mikilsvert og svo margt komið fram í því, að það gat ei annað en fundið hina mestu hvöt til þess, að leiða nú enn athygli *yðar hátignar* að þessu vandamáli, sem varðar svo mikils bæði land og lýð. Það var þinginu ljóst, að áhugi landsmanna er nú þegar farinn að vakna svo mjög við þessi vandræði, að það mun ei verða vinsælt í landinu, ef ei eitthvað er aðgjört sem allrafyrst, og það fann sèr því skylt að taka þetta svo sterklega fram, að stjórn *yðar hátignar* hefði þeim mun meiri ástæðu til þess að gefa málinu hinn mesta gaum, ei að eins í orði heldur og í verki.

Um þetta aðalatriði gat því engi ágreiningur orðið á þinginu; en hitt var örðugra, að hitta það úrræði, sem haganlegast mætti þykja til þess, að verja fiskiveiðar Íslendínga sjálfra gegn yfirgangi útlendra þjóða, og skal það nú greint, að hverri niðurstöðu þingið þó komst í því efni.

Það er nú í þriðja sinn að þingið hefir þetta mál til meðferðar, og þó reyndar stæði nokkuð öðruvísi á, þegar þingið í fyrsta skipti ræddi málið 1857, þá beiddi það þó einnig þá *yðar hátign* meðal annars þess, að verja fiskimið vor fyrir órèttum yfirgangi útlendra manna. Á alþingi 1859, þegar þingið í annað sinni hafði málið til meðferðar, og þá eptir bænarskrám frá landsmönnum úr ýmsum hèruðum, var það einmitt aðalatriðið í bænarskránum, að beiðast þess hins sama, þó bænin væri þá orðuð á nokkuð annan hátt; *og yðar hátign* hefir nú látið svara alþingi svo í þessa árs »auglýsingu« til þess, að eitt herskip skuli verða sent til landsins í þessum tilgangi »*svo opt sem því verði við komið*«. En hvorki hefir nú þó nokkurt danskt herskip komið hèr á þessu ári, nè heldur gat þingið álitið að slík vörn í sjálfu sèr væri nægileg, allrasízt ef herskipið kæmi ei, eins og híugað til, fyr en svo seint á vorin, að sá tími er þegar umliðinn, er hinir útlendu fiskimenn koma næst landinu og inn á firðina, eða væri hèr að eins svo stutta stund, og þá sem optast inn á höfnum, að lítið sem ekkert gagn gæti orðið í eptirliti þess; og þó nú alþingi fúslega viðurkenndi, að í ár hafa að miklu leyti sèrstaklegar kríngumstæður hamlað því, að herksip yrði send híngað í hinum umrædda tilgangi, þar sem *yðar hátign* hefir orðið

að hafa allan skipastól sinn viðbúinn við stríði að sunnan, ef nauðsyn bæri til að verja Danmörk sjálfa fyrir yfirgangi þjóðverja, þá gat það þó eigi, hinna eptirfarandi tíma vegna, leitt hjá sèr að ítreka nú enn að nýju þá bæn sína, að *yðar hátign* með nægum herskipum vili verja útlendum þjóðum, að fiska nær landinu *en gildandi lög leyfa,* og það á þann hátt, að næg herskip yrði til þessa send hingað til lands á ári hverju í byrjun aprílmánaðar og látin vera hèr allt fram í byrjun septembermánaðar. En þar sem þingið þó engu að síður varð að vera í efa um, hver þessi hin svo kölluðu *gildandi lög* væri, eða hvað langt þau næði til þess að verja oss yfirgangi útlendra þjóða, þá varð og meiri hluti þingsins á því, að biðja *yðar hátign* enn fremur, *„svo framarlega sem þörf þætti á að breyta hinum gildandi lögum um fiskiveiðar útlendra undir ströndum Íslands, að leggja þá allramildilegast fyrir næsta alþingi frumvarp til nýrra laga um þetta mál»;* og var þetta einkum gjört í þeim tilgangi, að veita stjórn *yðar hátignar* einu sinni fullkomið tilefni til, að segja nú alþingi loksins hreint og beint, annaðhvort af eða á um það, hvað hún eiginlega álítur bindandi lög í þessu máli, bæði fyrir sjálfa sig og útlenda menn.

Sökum þessa, og af því alþingi yfir höfuð varð að álíta það mjög efasamt, hvað eiginlega væri nægileg lög í þessu máli, til þess að verja landið fyrir yfirgangi útlendra fiskimanna, komst þingið og að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn bæri til að leita einhvers annars úrræðis en þess, sem menn nú þegar hafa haft um nokkra mannsaldra, án þess nokkuð hafi áunnizt. Það var þinginu kunnugt, að eptir almennum þjóðarrètti, sem öll hin voldugustu ríki og *yðar hátign* einnig viðurkennir, er nú talið svo, að land hvert eigi ekki sjóinn lengra út frá sèr, en sem fallbyssuskot nær, eða í hæsta lagi svo sem eina viku sjávar; og stjórn *yðar hátignar* hefir og í brèfi til amtmanna hèr á landi, dags 27. júní 1859, látið þá vita það, að hún hafi heldur ekki farið fram á meira í erindisbrèfi sínu til foringjans fyrir herskipinu »Örnen«, er það ár var sent hingað til lands, til þess að hafa eptirlit með hinum útlendu fiskimönnum. Þess er enn fremur getið í hinu sama brèfi, að hin enska stjórn hafi ei einu sinni viljað viðurkenna, að konúngur ætti ráð yfir sjónum svona langt út, heldur að eins 3 enskar mílur eða ¾ úr danskri, og Frakkar sýna það árlega í verkinu að þeir hafi líka sömu skoðunina; þeir koma ei að eins landinu miklu nær til að fiska, en viku sjávar undan landi, heldur fara þeir og eins og þeir ætla sèr

inn um flóa og firði, þó mjóir sè. Sökum þessa gat alþíngi ei annað sèð, en að þessar þjóðir, sem mest er nú undir komið, færi að eins eptir því, sem þær og öll önnur ríki nú álíta þjóðarètt, og kærði sig ekki hót um þau hin eldri leyfisbrèf frá 1631 og 1636, er veita ýmsum einokunarfèlögum ásamt verzluninni á Íslandi rètt til þess að banna útlendum fiskimönnum að koma nær landinu til veiða, en 4 eða jafnvel 6 víkur undan landi, eða verzlunartilskipunina 1787, er bannar þeim að fara inn á firði og flóa; og stjórn *yðar hátignar* hefir ekki heldur, eins og áður áminnzt brèf til amtmannanna sýnir, viljað ota nokkrum öðrum lögum á móti þessum þjóðum, en einmitt þeim þjóðarrètti, sem þær sjálfar viðurkenna. Alþíngi varð því að álíta, að hèr yrði ekkert verulegt aðgjört, nema svo að eins, að undantekníng fengist frá þessum almenna þjóðarètti með samníngi eða samkomulagi við viðkomandi stjórnir, eins og þegar hin brezka stjórn 1839 gjörði samníng við Frakkastjórn um fiskiveiðarnar í sundinu milli Englands og Frakklands; því það er auðsjáanlegt, að með slíkum samníngi að eins, er hlutaðeigendur á báða bóga eru skyldir að halda, ef þeir einu sinni koma sèr saman um hann, fæst nokkur veruleg tryggíng fyrir því, að útlendir menn leyfi sèr ei eptir þjóðarètti, sem vor eigin stjórn samsinnir, að vera oss svo nærgöngulir, að vèr getum með engu móti þolað það til lengdar. Þíngið gat því ei annað sèð, en að hið einasta verulega úrræði til þess að afstýra þessu vandræði væri það, að *yðar hátign* sem allrafyrst vildi gjöra samníng við útlendar stjórnir, einkum Frakkakeisara, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland; og þó það að vísu kunni að vera ýmsum vandkvæðum bundið, að koma slíku samkomulagi á við aðrar þjóðir, þá varð þó þíngið að álíta, að þessi aðferð mætti ei að eins verða hin happadrýgsta fyrir þetta land, heldur mundi hún og einnig mega vera stjórn yðar hin haganlegasta og geðfeldasta, þar sem við vinfengnar þjóðir er um að eiga. Það er í augum uppi, að ef samníngur kemst á, þá má helzt búast við nokkrum árangri að honum, til þess að tálma yfirgangi útlendra fiskimanna hèr við land, því samníngur bindur jafnt báða málsparta og það er þá ei síður skylda hinna útlendu stjórna heldur en hinnar dönsku að sjá um, að honum sè framfylgt; og þó að það að vísu muni satt, að Frakkastjórn, sem svo mjög styrkir fiskiveiðafèlögin á Frakklandi, bæði með verðlaunum og á annan hátt, vili sem minnst missa af þeim hag, sem hún óefað hefir af fiskiveiðunum undir Íslandi, þó ei sè nema í því, að hún getur allt

af fengið æfða sjómenn á herskip sín af hinum fjölmennu fiskiskipaflotum — þá gat þó þingið ei annað haldið, en að hinn göfuglyndi keisari, er nú stýrir Frakklandi og sem sjálfur telur það ætlunarverk sitt meðal annars, að vera hlífskjöldur þeirra þjóða, sem svo kreppir að á einhvern hátt, að þær geta ei notið sín að fullu; þingið gat ei annað haldið, en að hann mundi einnig vera tilleiðanlegur til að sýna Íslandi alla sanngirni, þegar yðar hátign léti leiða honum fyrir sjónir, að einum helzta bjargræðisvegi þessa fátæka lands væri annars hinn bersýnilegasti háski búinn. Það var því og meðfram í þeim tilgangi, að gjöra stjórn *yðar hátignar* hægra fyrir í þessu tilliti, að umkvartanir landsmanna út af yfirgangi hinna útlendu fiskimanna hafa verið teknar svo greinilega fram í upphafi þessa skjals; og sú varð líka niðurstaðan á þinginu, að biðja *yðar hátign* að gjöra sem allrafyrst samning við útlendar stjórnir, einkum Frakkakeisara, með fullkomnu tilliti til þess, sem nú hefir verið greint, og í þeim tilgangi að hamla þessum yfirgangi, eptir því sem fremst má verða.

Þingið leyfir sér að taka það sérstaklega fram, að aðalefnið í þessum samningi yrði að vera það, að ákveða nákvæmlega þau takmörk undan landi og frá úteyjum í kringum það, er útlendir fiskimenn megi ei koma inn fyrir til fiskiveiða; og treysti þingið því, að stjórn *yðar hátignar* muni láta sér annt um að takmörk þessi verði sett svo langt uudan yztu annesjum landsins, sem fremst má verða, en leyfir sér þó meðfram að geta þess, að svo er víða tilhagað hér í fiskistöðvum, að þetta kæmi ei að nægu haldi, nema takmörkin væri sett fullar 3 vikur sjávar undan landi. Þá er og annað aðalatriði í málinu, er þingið verður að biðja *yðar hátign* að láta stjórn yðar hafa hugfast, að einnig komist inn í samninginn, og það er það, að hinum útlendu fiskimönnum verði fullkomlega fyrirmunað að koma inn á firði og flóa til veiða, þar sem Íslendíngar sjálfir hafa veiðistöðvar sínar; því það gjörir auðsjáanlega allan muninn, hvort vegalengdin frá landinu er miðuð við yztu annes utanfjarðar að eins, eða líka við þau nes, sem ganga fram inni í fjörðunum sjálfum eða flóunum, eins og t. a. m. Akranes og Seltjarnarnes í Faxaflóa. Fáist það, að fiskimenn útlendra megi ei koma nær t. a. m. Reykjanesi, en svo og svo, en alls eigi inn á Faxaflóa, þá má halda að fiskiveiðum Íslendinga sjálfra sé að nokkru leyti borgið, jafnvel þó vegalengdin verði ei gjörð lengri, en nú mun almennt álitið, að land hvert eptir þjóðarèttinnm ein-

um megi eigna sèr sjóinn út, eður svo sem viku sjávar undan landi; en fáist þessu hins vegar eigi framgengt, heldur verði útlendum fiskimönnum leyft að koma eins nærri, t. a. m. Seltjarnarnesi eins og Reykjanesi, þá er engi efi á, að fiskiveiðar Íslendinga sjálfra mun með tímanum mega telja alveg eyðilagðar, jafnvel þó takmarkið væri sett fullar fjórar vikur undan landi. Þingið verður því og að treysta því, að stjórn *yðar hátignar* taki hið mesta tillit til þessa, og skal þess hèr enn að eins getið, að meiri hluta þingsins þótti einnig ástæða til, að reynt yrði að koma því og inn í samninginn, að útlendir fiskimenn mætti ei koma hèr undir land til fiskiveiða, fyr en um maímánaðarbyrjun ár hvert. En að öðru leyti var það yfir höfuð álit þíugsins, að stjórn *yðar hátignar* sjálfsagt mundi leitast við að útvega landsmönnum einhverja uppbót eða ívilnun á annan hátt hjá hinum útlendu þjóðum, er einkum spilla fiskiveiðum vorum, fyrir skaða þann, sem þeir hljóta að verða fyrir af þeirra hálfu, ef ekkert skyldi fást af því, sem nú hefir verið drepið á.

En þetta er að eins önnur hlið málsins, því segja má að Íslendíngar gæti og gjört nokkuð sjálfir, til þess að minnsta kosti að gjöra skaða þann síður tilfinnanlegan, er leiðir af fiskiveiðum hinna útlendu manna hèr við land; og skal hèr því og einnig drepið nokkuð á hina aðra hlið málsins, þó þingið að vísu verði að álíta það aðalatriðið, sem nú lengst hefir verið talað um. Þess er getið í sumum af skjölum þeim, er í upphafi hafa verið teknir nokkrir kaflar úr, að hinir útlendu fiskimenn drægi fiskinn til djúps, þar sem Íslendingar gæti alls ei leitað hans á fiskibátum sínum, og mun þetta vera öldúngis satt; en með því er það og sagt, sem því miður er ei síður satt, að fiskiaðferð vor öll er að miklu leyti ófullkomin, eður að minnsta kosti ei einhlít til þess afla, sem óefað mætti hafa hèr við land. Það er enn almennast siðurinn, að fara að eins út á opnum bátum og skipum, sem ei geta farið svo djúpt, að menn finni hinn stærsta og bezta þorsk, sem hinum útlendu fiskimönnum því einum verður að hlotnast; en auk þessa er aðferðin bæði tafsöm og óhaganleg í marga staði, því tíminn, sem verja ætti helzt til veiða, gengur að miklu leyti í útróður og apturróður, og menn geta ei komið sèr svo við á litlum bátum, hvorki til þess að veiða fisk nè verka, sem nauðsynlegt er, ef allt á að geta gengið sem bezt. En þetta er í sjálfu sèr svo auðsjáanlegt, að ei þarf að fara mörgum orðum um það, og það er þing-

inu þess utan kunnugt að stiptamtið hefir svo vel og ljóslega tekið allt hèr að lútandi fram í skjali, er stjórninni var sent um haustið 1858, að hèr þarf ei heldur stjórnarinnar vegna að fjölyrða um málið. Það nægir að taka það fram, að hinn einasti vegur til þess að ráða bót á þessu, verður að vera sá, að menn fari að hafa þiljuskip fremur en hingað til, svo menn bæði geti sótt fiskinn til djúps, eins og hinir útlendu fiskimenn, og eins líka haft alla hentisemi sína á skipum, til þess að verka fiskinn strax, svo hann mætti verða sem beztur og útgengilegastur; og er þó ei með þessu sagt, að menn ætti að sleppa bátunum fyrir því, heldur miklu fremur nota hvorttveggja á þann hátt, sem bezt gegndi, og að líkindum sitt á hverjum tíma ársins. En til þess að þetta mætti hafa framgang, er það, eins og ástandið nú er í landinu, óumflýjanlega nauðsynlegt, að einhver styrkur bætist við það, sem fyrir er; og fær þá þingið ei annað séð, eu að stjornin yrði að hlutast til um málið á þann hátt, að hún t. a. m. veitti einstökum mönnum eða fèlögum peningalán í hæfilegan tíma, til þess að koma sèr upp þiljuskipum, og á móti fullu veði í skipunum sjálfum. Að vísu er það æfinlega óyndisúrræði, að þurfa að vera að fara til landstjórnar með slíkt, og hitt mundi þingið álíta miklu affaradrýgra, ef menn með samtökum í landinu sjálfu gæti orðið færir bæði um þetta og annað, án allrar aðstoðar utan að; en þó verður það ekki varið, að ástandið getur verið slíkt í einhverju landi, og svo er nú enn því miður ástatt fyrir Íslandi, þar sem ekki einu sinni nokkur almennur lánssjóður er til í landinu, og fjárhagur þess enn alveg flæktur við fjárhag Danmerkur, að það kunni beinlínis að vera nauðsyn fyrir stjórnina að hlaupa undir bagga með mönnum, að minnsta kosti meðan þeir eru að reisa sig við aptur. Var það því og samhuga álit þingsins, að hèr bæri einmitt nauðsyn til að biðja *yðar hátign* að veita nú íslenzkum mönnum, þeim er vilja koma hèr á þiljuskipaveiðum, þann styrk, sem hèr hefir verið farið fram á, og þeir geta alls ei án verið fyrst um sinn, ef þeir eiga að geta áorkað nokkuð; og treystir þingið því fremur, að stjórn *yðar hátignar* muni ei verða ófús á þetta, sem það einnig er því kunnugt, að hún sjálf fyrir fáum árum mun hafa boðizt til einhvers líks, eptir áskorun stiptamtmanns; því þó árangurinn hafi ei enn orðið sýnilegur af þessu hinu góða tilboði hennar, þá mun það fremur koma af því, að það hefir ei getað orðið nógu hljóðbært í landinu eða heyrum kunnugt, með því að það hefir eigi verið auglýst í blöð-

um, heldur en af hinu, að ei muni nógu margir dugandis menn verða til að þiggja þann styrk, til þess að koma sèr upp þiljuskipum, sem þingið nú leyfir sèr að mælast til að stjórnin veiti, ef hann er engum ókjörum bundinn.

Samkvæmt áður sögðu leyfir því þingið sèr allraþegnsamlegast að biðja *yðar hátign* (með 16 atkv.):

1. Að verja því allramildilegast, að útlendar þjóðir fiski nær Íslandi en gildandi lög leyfa, og láta í því skyni senda þingað næg herskip í byrjun aprílmánaðar ár hvert, er haldi strangan vörð á, að útlendar þjóðir fiski ekki innan hinna lögbönnuðu takmarka, allt fram í byrjun septembermánaðar (með 12 atkv. móti 9).
2. Að láta allramildilegast, svo framarlega sem þörf þætti á að breyta hinum gildandi lögum um fiskiveiðar útlendra undir ströndum Íslands, leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um þetta mál (með 12 atkv. móti 7).
3. Að gjöra sem allrafyrst samning við útlendar stjórnir, einkum Frakkakeisara, þess efnis (með 11 atkv. móti 7):
   a. Að ákveðið verði greinilega, hversu nærri yztu annesjum Íslands og úteyjum kríngum landið útlendir menn megi koma til fiskiveiða (með 14 atkv. móti 6).
   b. Að þeim verði fyrirmunað, að fara inn á nokkurn fjörð eða flóa til fiskiveiða (með 16 atkv. móti 1).
   c. Að takmörkin verði sett svo langt undan yztu annesjum landsins, sem fremst má verða (með 19 atkv.) og
   d. Að útlendir fiskimenn framvegis ekki megi koma undir strendur landsins fyr en um maímánaðarbyrjun ár hvert (með 10 atkv. móti 7).
4. Að heimilisföstum mönnum á Íslandi, þeim er vilja koma hèr á þiljuskipaveiðum, gefist kostur á að fá lán til þessa hjá stjórninni á þann haganlegasta hátt, sem orðið getur (í einu hljóði með 20 atkv.).

Reykjavík, 19. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. Gísli Brynjúlfsson.

4. Bænarská til konúngs *í fjárkláðamálinu.*

Til konúngs.

Til alþingis hafa að þessu sinni borizt allmargar bænarskrár,

ávörp og uppástúngur úr ýmsum hèruðum landsins, um fjárkláða þann, er geysað hefir hèr á landi að undanförnu. Bænarskrár þessar eru marghreytilegar að efni og innihaldi, en stefna þó flestar að því sama takmarki, að fjárkláðanum verði sem fyrst og bezt útrýmt úr landinu.

Þingið tók málið að sèr til reglulegrar meðferðar, og hefir nú íhugað það og rætt á marga vegu, og leyfir sèr svo að lyktum, að skýra yðar konúnglegu hátign frá áliti sínu og tillögum um það á þessa leið.

Þingið leyfir sèr þá fyrst að lýsa því yfir, að þetta mál hefir verið, og er enn eitt hið vandasamasta og mest varðandi aðalmál landsins; og að undir happasælum afdrifum þess er velfarnan landsmanna að miklu leyti komin. Það er því von, þó mál þetta hafi aptur og aptur verið lagt fyrir þetta þing af hendi landsmanna, einkum eptir það *yðar konúnglegu hátign* hafði þóknazt, að leggja það undir þingsins atkvæði, með því líka að þjóðin hefir orðið að treysta þinginu bezt til þess, að leggja þau ráðin á í þessu máli, er leiddi það alveg til lykta, í sameiníngu við stjórn *yðar konúnglegu hátignar*; þetta ætlar þingið sè auðráðið af flestum þeim bænarskrám og ávörpum, sem komið hafa til þingsins nú og fyrri um þetta mál; því verður heldur ekki mótmælt, að þingið hefir að undanförnu lagt alla sína beztu krapta fram, til að ráða þessu máli sem heppilegast til lykta, en því sorglegra er það, að skoðun þingsins og stjórnarinar hefir ekki hingað til getað samrýmzt í þessu máli. Engu að síður viðurkennir þingið fúslega þann áhuga, sem stjórn *yðar hátignar* hefir haft á þessu máli nú á seinni tíð; og með þakklæti endurminnist það þess örlátlega fjárstyrks, sem hún og samþegnar vorir í Danmörku hafa fram lagt, til þess fjárkláðanum yrði sem fyrst og bezt útrýmt. Má telja það víst, að fè þetta og aðrar þar með fylgjandi ráðstafanir stjórnarinnar hafi mest og bezt stutt að þeim góða árangri, sem óneitanlega þegar er orðinn af lækníngunum í sumum sveitum í Suðuramtinu, eins og það er meðfram þessum tillögum stjórnarinnar að þakka, að fjárkláðinn má teljast í mjög verulegri rènun nú sem stendur, en þótt þingið verði að telja það víst, að mikið meira hefði mátt vera aðgjört í málinu, ef ráð og tillögur þess hefði verið til greina teknar í tíma.

Áður en þingið fer lengra inn í málið sjálft, leyfir það sèr, að benda á með sem fæstum orðum, hvernig því nú er komið, eptir þeim upplýsíngum, sem fengizt hafa; og er það þá fyrst, að

kláðinn hefir gjört vart við sig á ýmsum stöðum hèr í Suðuramtinu næstliðinn vetur og vor, að vísu ekki eins æstur eða útbreiddur eins og árin á undan, en þó svo mikill, að þurft hefir að viðhafa stöðugar lækníngar til að halda honum í skefjum; það má því telja það hèr um bil víst, að þó kláðinn sè nú ef til vill mjög lítill, og á sárfáum stöðum að eins hèr í Suðuramtinu, þá geti hann þó dulizt enn á sumum stöðum, og þegar minnst varir gosið upp aptur og orðið að björtu báli, nema því betur sè fyrir sèð í tíma. Þessari skoðun þíngsins hafa allir amtmennirnir verið samþykkir, er sèst ljósast af því, að þeir hafa fundið brýna nauðsyn bera til, að setja trygga verði með ærnum tilkostnaði á takmörkum hinna heilbrigðu og grunuðu hèraða, til að varna fjársamgöngum þar sem mest hætta sýndist búin af þeim. Það er því eindregið álit þíngsins, að eptir því sem reynslan hefir viljað sanna hèr á landi um sóttnæmi kláðans, og hvað lengi hann liggur niðri á sumum stöðum, þá sè engan veginn girt fyrir allan ótta um það, að hann kunni að lifa enn í kolunum, og koma upp þegar minnst varir; og að því sè hin brýnasta þörf á, að kláðanum sè enn af nýju gjörð snörp atlaga, ef ske mætti honum yrði með þeim hætti alveg útrýmt úr landinu.

Þegar nú litið er til þess, hver ráð eru fyrir hendi, til að fá því framgengt, sem hèr er farið fram á, þá verður það fljótt auðsætt, að það er einkum tvennt, sem hèr vantar; það er nægilegt vald handa hinu opinbera til að framkvæma það, sem nauðsyn krefur að gjört sè í þessu máli, og í annan stað vantar fè, sem þarf til þess, að fá ráðstöfunum hins opinbera framgengt með fullum krapti. Þíngið fær ei dulizt þess, að ýmsar þær ráðstafanir, er valdstjórnin hefir gjört í þessu máli, hafa ekki verið sem heppilegastar, og ekki ætíð sjálfum sèr samkvæmar, er aptur hefir spillt málinu, og tafið fyrir framkvæmdum þess; en þetta er beinlínis afleiðíng af því, að valdstjórnin hefir ekki haft nægilegt framkvæmdarvald í þessu máli, einkum fyrir því, að hana hefir vantað skýrar lagaákvarðanir, er hún gæti farið eptir. Það verður heldur ekki varið, að mestan og beztan framgang fèkk þetta mál, meðan nóg fè var lagt í sölurnar af hálfu hins opinbera; en nú síðan það þraut, hafa allar framkvæmdir verið sljóvari og aflminni, eins hjá þeim, er hafa átt að skipa fyrir, eins og hinum, sem hafa átt að hlýða.

Til þess nú að fara hinn beinasta og bezta veg í þessu efni, kemst þingið að þeirri niðurstöðu, að áður en það sendi *yðar há-*

tign tillögur sínar og bænir um þetta mál, þá væri rèttast og eðlilegast, að það leitaði álits og úrlausnar stiptamtmannsins um það, hvað hann fyndi sig færan og bæran um að gjöra í þá stefnu, er þingið færi fram á; þingið samdi því og sendi honum gegnum *forseta* sinn uppástúngu til þeirra bráðabyrgðarráðstafana, er því fannst þörf á að gjöra í kláðamálinu, nú þegar, með þeirri áskoran að hann sem fyrst gæfi þinginu til kynna, hvort hann áliti sèr fært að framfylgja þeim. Þessu hefir stiptamtmaðurinn svarað á þann hátt, sem þinginu ekki getur verið fullnægjandi, með því hann hefir tjáð sig ekki að hafa vald til að framkvæma það, sem þinginu virðist mest áríðandi að gjört sè í þessu efni. Og með því nú að þingið álítur, eins og áður er sagt, að heppilegar lyktir þessa máls sè mest undir því komnar, að valdstjórnin fái sem fyrst nægilegt vald til að framkvæma það, sem nauðsynlegt er að framkvæma í máli þessu, þá leyfir það sèr, að láta hèr með fylgja hinar áður áminnstu uppástúngur sínar til stiptamtmannsins, með þeirri allraþegnsamlegustu beiðni, að *yðar konúnglega hátign* mildilegast vildi veita honum fullt vald til að framkvæma það, sem þar er farið fram á, að því leyti sem það nú á við.

Þingið hefir og bent á það áður, að ekkert fè væri til, er varið yrði í þarfir málsins. Jafnaðarsjóður Suðuramtsins mun naumast fær um meiri útgjöld, en nú hvíla á honum, og alkunnugt er, af því sem fram hefir komið hèr á þingi í öðru máli en þessu, að efnahagur manna hèr í Suðuramtinu er ekki þannig á sig kominn, að á hann verði lögð stór gjöld til almenníngs þarfa. Þinginu virðist nú reyndar rèttast og eðlilegast, að eigendur sjúks og grunaðs fjár kosti sjálfir lækníngu þess, hirðíng og aðskilnað frá öðru fè, en það virðist opt mega gjöra ráð fyrir, að þessir fjáreigendur sè ekki færir um að bera þennan kostnað sjálfir, og hlýtur þá hið opinbera að leggja fram fè til framkvæmdar ráðstöfunum valdstjórnarinnar, ef þær eiga að geta komið að tilætluðum notum, því annars getur þetta sjúka fè stofnað öllum almenníngi í nýjan voða. Og þar sem reynslan hefir nú sannað, eins og líka áður er tekið fram, að lítilla framkvæmda er að vænta í þessu máli, nema fè sè fyrir hendi, sem varið verði til framkvæmdanna, þá leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess, að stjórn *yðar hátignar* veiti amtmanninum í Suðuramtinu nokkurt fè til þessa augnamiðs.

Það hefir allajafna verið mark og mið þíngsins og þeirra manna, sem bezt hafa stutt þetta mál, ekki einasta að varna sýkinni að

breiðast út til heilbrigðra hèraða, heldur einnig að þrengja að henni á allar hliðar. Þingið 1859 fèllst á þetta með því nær öllum atkvæðum (19 móti 1), og í þá stefnu hefir málinu verið haldið síðan, í hið minnsta af sumum, sem átt hafa að fjalla um það. Þingið getur heldur ekki leitt hjá sèr að benda með fáum orðum á þann hag, sem kláðamálið hefir unnið við þetta frá því fyrsta. Rangárvallasýsla og Árnessýsla, millum Þjórsár og Hvítár, hafa verið gjörhreinsaðar, sumpart með lækníngum og sumpart með niðurskurði. Þá hefir sýkin verið upprætt úr Húnavatnssýslu í Norðuramtinu og Mýrasýslu í Vesturamtinu með niðurskurði; og nú seinast hefir efri hluti Borgarfjarðarsýslu verið gjörhreinsaðar á þann hátt, að fjáreigendur sjálfir hafa annaðhvort lógað fè sínu heima, eða þeir hafa selt það í kláðasveitirnar, og keypt heilbrigðan fjárstofn í staðinn. Á þenna hátt er þá kláðinn alveg upprættur í þremur sýslum og parti af tveimur öðrum af þeim 6 sýslum landsins, er hann lagði undir, þegar hann var í sem mestum æsíngi; geta nú innbúar þessara gjörhreinsuðu hèraða aukið fjárstofn sinn í náðum, og eru lausir við þann sífellda tilkostnað og það »parrak« á fènu, sem lækníngarnar jafnan hafa í för með sèr. Lækníngarnar sjálfar hafa og unnið eigi alllítið við þetta; því vegna þess hvað hið grunaða svið nú er orðið þröngt, er öll umsjón og aðhald að lækníngunum orðið svo auðvelt; og mun óhætt að fullyrða, að ef svið sýkinnar hefði ekkert verið þrengt, frá því sem það var 1858 og þar á undan, þá mundi engri læknahjálp hafa orðið komið við, með þeim ráðum og meðulum, sem hèr var kostur á. Þá er það enn sem vinnst við það, að svið sýkinnar sè þrengt sem mest, að því hægra og auðveldara er með alla verði á takmörkum hinna heilbrigðu og grunuðu hèraða, og er það eigi alllítill ávinníngur fyrir land þetta, þegar menn hljóta almennt að viðurkenna, að nú sem stendur sè mjög áríðandi að við hafa örugga verði á almennings kostnað, til að fyrirbyggja útbreiðslu sýkinnar til hinna heilbrigðu hèraða.

Þingið verður nú að lýsa gleði sinni yfir þeim mikla hag, sem þegar er unninn við það, að svið sýkinnar hefir smámsaman verið þrengt; og með því þínginu finnst einkar áríðandi, að stjórnendur kláðamálsins hèr á landi verði þínginu og landsmönnum samtaka í, að halda málinu áfram í þessa stefnu, þá leyfir þingið sèr að gjöra þetta að sèrstöku atriði í bænarskránni til *yðar konúnglegu hátignar*. En með því fáeinir þingmenn hafa viljað leggja nokkuð vafasama þýðíngu í þetta atriði, og hafa þess vegna ef til vill ekki

gefið því meðmæli sitt, þá getur verið ástæða til að taka það glöggvar fram, hvern skilníng þingið sjálft leggur í þessa uppástúngu sína, og er hann þá þessi, að því þykir einkar áríðandi, að amtmönnunum, sem yfirmönnum valdstjórnarinnar hèr á landi, sè falið á hendar að hafa það aðalmark og mið í þessu máli, ekki einasta að verja sýkinni út yfir þau takmörk, sem hún hefir nú, heldur einnig þrengja svið hennar á allar hliðar, með þeim ráðum og meðulum, sem bezt við eiga í hvert skipti: læknìngum, þar sem þeim verður haganlega komið við, og lógun fjárins, þegar það sýnist hentara og hlutaðeigendur fást til að aðhyllast slíkt. Þetta ætlar þingið geti vel samrýmzt hinni skynsamari stefnu læknìnganna, og komi ekkert í bága við þær ráðstafanir, er stjórnin hefir gjört eða gjöra látið í málinu yfir höfuð.

Þingið hefir nú tekið fram hið helzta af því, er það álítur áríðandi að gjört sè nú þegar, til þess fjárkláðanum verði með öllu útrýmt; og það getur ekki heldur efast um, að tillögur þess muni einhlítar, sè þær til greina teknar og þeim fram fylgt eptir tilætlun þingsins. En eins og áður er tekið fram, eru þetta að eins bráðabyrgðarráðstafanir, sem einasta eiga að gilda og geta gilt undir þeim kríngumstæðum, sem nú eru, og sem þinginu virtist nauðsynlegt að biðja um, ef að yðar konúnglegu hátign ekki skyldi þóknast að samþykkja þegar lagafrumvarp það, sem hèr eptir fylgir. En skyldi nú sýkin magnast aptur og breiðast út eða flytjast inn í landið, þá vantar allar almennar lagaákvarðanir um þetta mál. Reynslan hefir nú of mjög sannað það, hve bagalegar afleiðíngar það hefir haft fyrir kláðamálið yfir höfuð, að engar almennar ákvarðanir voru til, er valdstjórnin gæti farið eptir; hafa því þeir, sem mestu hafa átt að ráða í málinu, farið sinn í hvora áttina, eptir sem hver hefir álitið rèttast í það og það skiptið, málinu til ómetanlegs tjóns og skaða; því hefði ein lög gilt, er allir hefði orðið að hlýða, mundi máli þessu nú að öllum líkindum lokið. Þinginu hefir því þótt þörf á að semja frumvarp til almennra lagaákvarðana um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi hèr á landi, er það leyfir sèr að láta fylgja hèr með, ásamt þeirri þegnsamlegustu ósk sinni, að *yðar konúngleg hátign* veiti því sem allrafyrst lagagildi.

Af framangreindum ástæðum leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast, að bera þá bæn fram fyrir *yðar konúnglegu hátign* (með 19 atkvæðum):

1. Að *yðar hátign* mildilegast vili sem fyrst veita amtmanninum í Suðurumdæminu fullt vald til að framfylgja meðfylgjandi bráðabyrgðarráðstöfunum, er þingið hefir samþykkt og sent honum 27. júlí þ. á.[1]; en hann hefir svarað þinginu, að hann hefði eigi nægt vald til að framkvæma (með 15 atkv. gegn 7).
2. Að *yðar hátign* mildilegast vildi blutast svo til, að stjórnin veiti amtmanninum í Suðurumdæminu umráð yfir nokkru fè til framkvæmdar þessum ráðstöfunum, þar sem fjáreigendurnir sjálfir geta ekki staðizt kostnaðinn (með 14 atkv. gegn 4).
3. Að amtmanninum í Suðuramtinu verði falið á hendur að þröngva svið sýkinnar, sem framast má verða, og að honum enn fremur í sameiningu með hinum amtmönnunum verði gjört að skyldu að halda öruggan vörð á því, að engar fjársamgöngur eigi sèr stað millum grunaðra og heilbrigðra hèraða, meðan kláðasýkinni ekki er með öllu útrýmt (með 13 atkv. gegn 8).
4. Að *yðar hátign* mildilegast vili hið allrabráðasta löggilda meðfylgjandi frumvarp til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi (með 16 atkv. gegn 1).

Reykjavík, 19. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum.

Frumvarp

til tilskipunar um fjárkláða og önnur fjárveikindi á Íslandi.

1. gr. Það skal hèr eptir vera skylda lögreglustjórnarinnar og þeirra, er hún kynni að kveðja sèr til aðstoðar, að halda nákvæman vörð á fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum hèr á landi (með 12 atkv. gegn 6).

2. gr. Komi einhver sú veiki fyrir, sem getið er um í 1. gr., þá skal lögreglustjórnin sjá um, að hið sýkta fè verði þegar í stað stranglega aðskilið frá öllum samgöngum við heilbrigt fè; svo skal og því haldið sèr um tíma, sem líkindi eru til, að veiki kunni að dyljast í, uns grunlaust er (með 19 atkv.).

3. gr. Með það fè, sem veikt er eða grunað, skal eigandi þess skyldur til að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem hon-

1) Þessar bráðabyrgðarráðstafanir eru prentaðar hèr að framan, bls 728.

um verða fyrirskipaðar um lækníngar og aðra meðferð þess (með 19 atkv.).

4. gr. Nú sýnir eigandi annaðhvort óhlýðni eða hirðuleysi, þá er lögreglustjóri skyldur til að láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns. Líka skal lögreglustjórnin hafa fullt vald til að láta skera niður hjá þess konar mönnum borgunarlaust, þegar ekki er allæknað eptir 6 vikna tilraunir (með 17 atkv.). Hamli fátækt eiganda, þá skal hið opinbera skjóta því til, sem hann getur eigi borgað (með 19 atkv.).

5. gr. Ef að lögreglustjórninni virðist brýn nauðsyn til bera að skera þegar niður á einstöku stöðum, þar sem fé er fátt, en mikil hætta getur á hinn bóginn af því leitt, ef frestað er að skera það, skal hún með samþykki amtmanns hafa fullt vald til að láta lóga því fé (með 16 atkv. gegn 2).

Ástæður
fyrir frumvarpi þessu.

Við 1. gr. Það virðist nauðsynlegt að taka það fram með berum orðum í byrjun frumvarpsins, að lögreglustjórnin væri skyld til að hafa nákvæmt eptirlit eigi að eins með fjárkláðanum, heldur og öðrum næmum fjárveikindum, þar eð slík skylda, eptir því sem við hefir gengizt hèr á landi, naumast hefir verið álitin að á henni hvíldi.

Við 2. gr. Þessi grein er samin samkvæmt grundvallarreglunni í lögum 29. desember 1857 fyrir Danmörku, 4. gr., og því, sem fyrirskipað hefir verið um fjárkláðann á Íslandi.

Við 3. og 4. gr. Þessar greinir eru samdar samkvæmt grundvallarreglunum í lögum þeim, sem nú voru nefnd (sbr. einkum 7. gr.); þó skal þess getið, að nauðsyn hefir þótt til að setja í greinina þá ákvörðun, að lögreglustjórnin skyldi hafa vald til að skera niður borgunarlaust hjá þeim mönnum, er sýndi óhlýðni og hirðuleysi í því að lækna skepnur sínar, þegar búið væri að gefa þeim hæfilegan tíma, er virtist nægilegt að ákveða til 6 vikna, til þess að reyna lækníngar.

Við 5. gr. Eptir því sem á stendur hèr á landi, hefir þínginu virzt nauðsyn til bera, að taka það fram í sèrstakri grein í enda frumvarpsins, að lögreglustjórnin skuli hafa vald til í einstökum tilfellum að skera þegar niður, þar sem hættuleg og næm sýki

kemur upp í einni hjörð eða fáu fè; og ætlaðist þingið til, þó það standi ekki í greininni, að slíkan skurð ætti að endurgjalda eptir sanngjörnu mati á skaðanum úr amtssjóðunum.

Undir eins og var aflokið upplestri á þessari bænarskrá, beiddi hinn 5. konúngkjörni þingmaður (*Jón Hjaltalín*) sèr hljóðs, og kvaðst hann, ásamt þingmanni Reykvíkinga, hafa hèr alsamið *ágreiningsálit minna hlutans (Jóns Hjaltalíns* og *Halldórs Kr. Friðrikssonar)* í fjárkláðamálinu, er hann krafðist að yrði upplesið og samþykkt, og síðan sent konúngi sem ágreiningsálit, ásamt bænarskrá þingsins.

Þetta ágreiningsálit var því næst upp lesið svo hljóðanda:

Minni hluti þingsins, landlæknir dr. *Jón Hjaltalin* og *Halldór Kr. Friðriksson,* skólakennari geta eigi verið samdóma þessari bænarskrá, er meiri hlutinn fram ber fyrir *yðar hátign,* og það af ástæðum þeim, er vèr nú allraþegnsamlegast skulum leyfa oss að tilgreina.

Til alþingis komu í þetta sinn margar bænarskrár áhrærandi fjárkláðann, er fóru mjög svo í gagnstæða stefnu. Flestallar þær bænarskrár, er komu frá Norður- og Austurumdæminu og frá Vesturumdæminu fóru fram á niðurskurð hèr í Suðuramtinu, og það jafnvel á því fè, sem allæknað er, því þetta á eptir þeirri hjátrú, er búið er að koma inn hjá alþýðu, að vera sígrunað, þar eð sýkin á að geta komið upp í því aptur, eptir svo og svo mörg ár, og þess vegna hafa niðurskurðarmennirnir allt af þau orð, að þeir »*vili þrengja kláðasviðið*«; þetta sama álit lèt og allur meiri hlutinn nú í ljósi við atkvæðagreiðsluna, og það þrátt fyrir það, þó fulltrúi *yðar hátignar* á alþingi, sem nú líka er settur stiptamtmaður hèr á landi, aptur og aptur lèti það í ljósi, að hann vissi eigi til, að nú væri nokkur fjárkláði hèr í Suðurumdæminu. Á hinn bóginn tók alþingi ekkert tillit til þess fjölda af bænarskrám, er komu frá lækningamönnunum hèr í Suðuramtinu, jafnvel þó þær sè undirskrifaðar af hændum svo hundruðum skiptir, sem biðja um að alþingi vili sjá ráð til, að vernda sig fyrir áreitingum niðurskurðarmannanna og sjá um, að bændur megi vera í friði með sinn læknaða fjárstofn. Í einni af þessum bænarskrám, nefnilega þeirri frá Grímsnesi og Grafningshreppum, sem samin er í nafni hundrað búenda, er komist svo að orði: »*Æsingar þessar* munu að

nokkru leyti hafa haft sín upptök úr Norðurlandi, hvar menn allt til þessa eigi að eins hafa hina mestu óbeit á lækníngunum, heldur og jafnvel hafa ýmugust á öllum þeim, er hafa þær um hönd, eða á einhvern hátt að þeim styðja. Nú með því vèr Grímsnes- og Grafníngsmenn alstaðar fyrir löngu, og allir fyrir meira en ári síðan höfum gjörlæknað okkar sauðfènað, sem nú er orðinn allmargur, og það jafnvel svo, að sveitir okkar munu nú að öllum jafnaði hinar fjárríkustu á landi hèr, þá þykir oss hart að búa undir þessu, og er það því okkar sameiginleg bón, að alþíngi mætti þóknast að skerast í þetta mál svo leiðis, að það gæti fundið upp á einhverjum ráðum til þess að sjá um, að vèr framvegis mættum vera lausir við áreitíngar niðurskurðarmanna, bæði að norðan og úr hvaða átt, sem þær kynni að að bera». Í annari bænarskrá frá Ölfushreppi innan Árnessýslu hèr í Suðuramtinu, dagsettri 6. júlí 1861, er farið hèr um svo felldum orðum: »Allt um það (sumsè jafnvel þó fèð sè læknað) eru margir svo fastheldnir við niðurskurðarskoðunina, að þeir hafa gjört það að reglulegu hatursmáli, og leggja óvild og fullan fjandskap á þá, sem bjarga vilja skepnum sínum, og með því, að losa sig við vesöld og eymd; og er það næsta hryggilegt til þess að vita, að jafnvel hinir æðri embættismenn og blöðin róa nú að því öllum árum, að við halda þessari óvild til lækníngarmannanna og ofsanum til niðurskurðarins, svo sem eru einkum og sèr í lagi þeir amtmaður *Havstein* og blaðaútgefendurnir, lögfræðíngur *Jón Guðmundsson*, útgefandi þjóðólfs, og *Sveinn Skúlason* útgefandi Norðra; enda þótt kláðinn sè nú með öllu út dauður hèr á Suðurlandi, og fjárfækkunin einkum fyrir norðan orðin svo mikil, að eigi er nein útsjón til, að fá það an fè, lofar amtmaður Havstein enn mönnum að halda fund í amti sínu, til að ræða um, hvernig framvegis eigi að við hafa niðurskurð á hinu læknaða fè, og jafnvel eru það an menn sendir híngað suður, til að vinna almenníng á hann, og blaðamenn þeir, er þegar voru nefndir, spara eigi að ota ótrúnni, með því að týna upp alls konar kláðasögur hèr og hvar, sem alls engi fótur er fyrir mörgum, og byggja á ýms ráð, sem engi not eru að, en eru einúngis runnin frá vilja og skoðun niðurskurðarmannanna. Vèr skorum því á hið heiðraða alþíngi að það kröptuglega styði að því, að þessum niðurskurðarofsóknum megi linna, og riti konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá, að hann af mildi sinni og viturleik vili náðarsamlegast setja nægar skorður æsíngum og ofsóknum niðurskurð-

armanna, og að yfirvöldunum og blöðunum eigi haldist það lengur uppi, að ala á þessum æsingum, svo að fjáreigendur megi vera í fullu næði fyrir þeim«.

Minni hlutinn leyfir sèr allraþegnsamlegast að geta þess, að þessi bænarskrá til alþingis er undirskrifuð af 47 bændum í nefndum hreppi, og komu þar hjá um sama leytið bænarskrár frá fjórum öðrum hreppum í Árnessýslu með eigi færri en 197 undirskriptum, allar þess innihalds, að biðja *alþingi* að verja sig fyrir þeim tèðu niðurskurðaræsingum, og má af þessu sjá, hversu aðþrengdir margir bændur eru orðnir hèr í þessu amti af æsingum niðurskurðarmannanna.

Til að fyrirbyggja þetta, og til þess, ef auðið væri, að koma sættum á, hafði minni hlutinn nú fallizt á, að alþingi ritaði stiptamtmanni um, að ströngustu gætur væri hafðar á, ef einhverstaðar kynni að bóla á kláða hèr í Suðurumdæminu, og þingmönnum kom því saman um, að hentugast mundi að biðja stiptamtmanninn um, að skyldi nokkur kláðakind finnast, sem eigi væri læknuð eptir 6 vikur, þá yrði henni lógað, og til að búa um allt sem tryggilegast og sem strangast, kom nefnd þeirri, er sett var í þessu máli saman um, að semja frumvarp til laga, er fulltryggjandi væri bæði gegn kláða og öðrum næmum fjárveikindum, í þeirri von, að allt þingið eða meiri hluti þess mundi fallast á þetta, og að allur sá flokkadráttur, sem verið hefir í þessu máli meðal landsbúa, með því gæti orðið á enda kljáður. En þó vèr þannig hefðum beztu von um, að nú mundi þingið verða á einu máli um niðurlagsatriði nefndarinnar, þá varð þó allt annað ofan á, þegar til umræðanna kom. Þingmenn úr Norðlendinga-fjórðúngi urðu svo á einu máli með þingmönnum úr Vesturumdæminu og Suðurumdæminu, að nefndarálitið var við viðauka- og breytingaratkvæði sett í allt aðra stefnu, en nefndin hafði tilætlazt, stefnu, sem stjórn *yðar hátignar* aldrei hefir aðhyllzt í þessu máli, af því þessi stefna allt af hefir gengið í þá átt og gengur enn, að fordæma allar fjárlækníngar og öll ráð gegn fjárkláða, nema hnífinn einan.

Undirrótin fyrir þessari stefnu er sú, að allir niðurskurðarmenn, þrátt fyrir mótmæli dýralækníngaráðsins og allra dýralækna, sem stjórn *yðar hátignar* hefir sent híngað til að lækna fjárstofn vorn, samt mótmæli hinna konúnglegu erindsreka, er híngað voru sendir 1859, standa á því fastara en fótunum, eins og sjá má af þíngræðum þeirra nú og fyrri, að kláðaveiki sú, er hèr hefir gengið,

sè útlend og aðflutt, og þetta bera menn enn í bænarskrám sínum fram fyrir þingið, þar sem slík skoðun enn og finnur næga talsmenn með öllum þeim hègiljum, er þar af rísa, og sem gjöra það að verkum, að fjöldi þingmanna aldrei getur fengið rètta skoðun á þessu máli.

Hið danska dýralæknisráð hefir þegar fyrir nokkrum árum látið þá skoðun í ljósi, »að fjárkláði mundi engi sjaldgæfur sjúkdómur á þessu landi, og að inngróinn hörundskvilli mundi liggja til grundvallar fyrir ýmsum hinum hættulegu fjárveikindum, er staðið hafa fjárræktinni hèr á landi fyrir þrifum, bæði á fyrri öld og nú«; þetta er og vor fullkomin sannfæring, og hún á við mörg rök að styðjast, en sem hèr yrði of langt upp að telja; en þetta vilja þeir menn eigi heyra, sem nú í 4 ár hafa staðið á móti allri dýralæknislegri skoðun á sjúkdómi þeim, er hèr um ræðir. Eigi að síður er það vor fasta skoðun og á rökum byggð sannfæring, að á meðan fjárræktin hèr á landi eigi að nokkru leyti stendur undir yfirumsjón þeirra manna, er heima eru í dýralæknisfræðinni, muni hin innlendu íslenzku fjárveikindi, sem standa fjárræktinni hèr fyrir öllum þrifum, aldrei sigrast, og með því það er öldúngis óhugsandi, að menn, sem ekkert skynbragð bera á þessara eða annara dýra lífseðlislegu byggíngu, eða vita, hvernig hún kann af ýmsum orsökum úr skorðum að ganga, eða með öðrum orðum, hvað fjársjúkdómar eru og í hverju þeir eru fólgnir, geti gefið nokkrar gagnlegar reglur fyrir fyrirbyggíngu eða lækníngu slíkra sjúkdóma, þá fannst minna hlutanum full ástæða til, að *yðar konúnglega hátign* hið allrabráðasta allramildilegast vildi setja nefnd manna, sem bær væri úr þessu að ráða, því það finnst minni hlutanum liggja í augum uppi, að það er eigi einúngis ómögulegt, heldur og óhugsandi, að þeir menn, sem ekki þekkja hið minnsta lífsverkfæri á dýrunum, muni nokkru sinni geta gefið slíkar reglur, þó þeir sè amtmenn, sýslumenn eða hafi eitthvert juridiskt embætti á hendi.

Af þessum rökum vonast minni hlutinn þess staðfastlega, að *yðar konúnglegu hátign* mildilegast mætti þóknast að setja nefnd af þar til hæfum mönnum, er hefði að fyrirskipa um slík mál, hverri framkvæmdarvaldið hèr á landi væri skyldugt að hlýða, þegar með þyrfti. En eins og slík nefnd og framkvæmdir hennar eigi mundi geta komizt á eða gjört fullt gagn, nema hún hefði eitthvað í höndunum, þá verður minni hlutinn fastlega að mæla fram með

því, að *yðar konúnglega hátign* allramildilegast vildi veita 5000 rd. fèstyrk árlega, til á tèðan hátt að við hjálpa fjárræktinni hèr á landi.

Stjórn *yðar konúnglegu hátignar* veitti nú fyrir skemmstu landi þessu ærna fè, til að sigra fjárkláðann hèr sunnanlands, og þó eigi hafi verið notaðir nema liðugir $^2/_3$ partar af hinu allramildilegast veitta fè, hefir það borið þá heillaríkustu ávöxtu fyrir þetta amt, því það er hægt að sanna, að í sveitum þeim, hvar fjárlækníngarnar hafa verið um hönd hafðar, hefir fjártalan allt að því fimmfaldast nú á hinum seinustu þremur árum, og er þetta einmitt í þeim sveitum, hvar ekkert fè hefir verið innkeypt úr hinum svo kölluðu heilbrigðu hèruðum. Þetta er svo mikil fjárfjölgun, að hún er áður öldúngis óþekkt í sögu lands þessa, og eru þó 3 ár, til að sýna slíkar verkanir, engi langur tími.

Það hafa sumir haft það á móti nefnd þeirri, er minni hlutinn hèr allraþegnsamlegast leyfir sèr að stínga upp á, að hún gæti með engu móti farið um allt land og skoðað hverja kind, og fulltrúi yðar konúnglegu hátignar lèt jafnvel í ljósi, að hann sem stiptamtmaður hefði stúngið upp á þremur slíkum nefndum hèr á landi. En eins og minni hlutinn verður að játa, að honum er það eigi skiljanlegt, hvernig stiptamtmaðurinn geti fundið svo marga menn hæfilega til slíks starfa, eins verður hann og að játa, að það er hreinn misskilníngur, þegar menn eru að heimta, að slík nefnd þurfi að vera að fara um allt land. Það er sumsè alþekkt, að heilbrigðisráðum þeim, er skipuð eru í ýmsum löndum, er aldrei lagt á herðar að vera að fara um allt það svæði, er þau sem heilbrigðisráð eiga yfir að segja, heldur eru þau að eins sett til að vaka yfir því, að þeim í *læknisfræðinni* og *dýralæknisfræðinni* meðal vísindamanna viðteknu reglum sè rèttilega beitt, þar sem þurfa þykir, og að þær sè lagaðar eptir því, sem bezt á við á hverjum stað, og að almennar reglur sè gefnar í þessu skyni. Vèr ætlum, að það muni mega finna nægar sannanir fyrir því, að nefnd sú, er hèr var skipuð í kláðamálinu, gjörði mikið gagn með ráðstöfunum sínum, og mundi henni þó hafa orðið betur ágengt en varð, hefði hún haft nægt vald og eigi verið bundin við það, sem framkvæmdarvaldið vildi vera láta, þó þetta færi á stundum eigi í hina sömu stefnu og nefndin hafði ávísað.

Minni hlutinn getur við þetta tækifæri eigi leitt hjá sèr að geta þess, að það er mjög svo óhappalegt fyrir land þetta, að ráð-

um hins dýralæknislega heilbrigðisráðs í Kaupmannahöfn eigi hefir algjörlega verið fylgt í þessu máli, því í álitsskjali þess af 31. ágúst 1858 stendur með berum orðum: »amtmennirnir í Norður- og Vesturamtinu virðast á þann hátt að hafa fallizt á þær ráðstafanir, sem þeir menn, sem vit hafa á málinu, hafa talið rangar, að ráðinu virðist, að heppileg afdrif þessa máls sè að miklu leyti komin undir því, að þessir menn eigi hafi fremur áhrif á málið. Eptir skoðun ráðsins mun ekkert fremur stuðla að góðum afdrifum þessa máls, en að skipaður verði erindsreki af hendi stjórnarinnar með nægu valdi«.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir minni hluti þingsins sèr allraþegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir *yðar konúnglegu hátign.*

1. Að yðar *konúngleg hátign* allramildilegast vildi þegar í haust skipa fasta nefnd hèr á landi, til að hafa eptirlit með algjörlegri útrýmingu fjárkláðans samt öðrum fjársjúkdómum og fjárræktinni yfir höfuð.
2. Að *yðar hátign* mildilegast vildi veita 5000 rd. á ári hverju til þessa augnamiðs.

Að loknum upplestrinum, spunnust út af því allharðar og langar umræður, og stakk þingmaður Borgfirðínga upp á, að þingið greiddi atkvæði í móti að senda þetta álit minna hlutans með bænarskrá meira hlutans sem álitsskjal til kouúngs, af þeim ástæðum: 1., að 61. gr. alþingistílsk. yrði að skilja í sambandi við 76. gr. 4. málsgr. þannig, að þingið hlyti að eiga rètt á, að leiðrètta og samþykkja ágreiníngsálit minni hluta, alveg samkvæmt reglum þeim, sem gilda um leiðrèttíngar á formi og efni í bænarskrám og álitsskjölum sjálfs þingsins til konúngs. 2., að hann gæti ei álitið, að það væri rètt, að hanga svo í einu orði í alþingistilskipuninni, að menn með því bryti niður allar almennar þingskapareglur í alþingistilskipuninni. 3., af því að hann áliti svo margt fráhverft og ósatt af því, sem sagt væri í ágreiníngsáliti minna hlutans, er þinginu gæti eigi gefizt kostur á, að hrekja nú í þinglok, og mundu slík ósannindi hljóta að skaða málið hjá stjórninni, með því að búið væri að bera á borð fyrir hana svo mikil ósannindi í þessu máli, er hún hefði trúað að nokkru leyti sökum ókunnugleika, og því væri rèttara og betra að fella ágreiníngsálitið.

Hin uppástúngan var frá hinum 3. konúngkjörna, að bæta þannig hljóðandi grein aptan við álit meiri hluta nefndarinnar:

»Þingið verður að lýsa því yfir, að það álítur þær æsíngar ó-»sannar og ímyndaðar, sem minni hlutinn hefir talað um, og »að þingið ekki getur aðhyllzt þann blæ, sem er á ágreiníngs-»áliti minni hlutans«.

Uppástúngumenn ágreiníngsálitsins mótmæltu því, að þingið hefði rètt til að vísa frá eða fella þetta álitsskjal þeirra, og urðu nokkrir þíngmenn til að styðja það mál þeirra. *Forseti* kvaðst álíta, að þingið ætti rètt á því, að samþykkja *ekki* hverja bænarskrá sem væri til konúngs, ef hún þætti fráleitlega samin, og gæti ágreiníngsálit eigi verið rèttarhærri. Bar hann samt þetta atriði undir atkvæði þingsins, og var það samþykkt með atkvæðafjölda, *að þingið hefði rètt til þess,* að samþykkja *ekki* álitsskjöl og bænarskrár.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu kvaðst þá *forseti* bera fyrst upp uppástúngu þingmanns Borgfirðínga um, að fella skyldi ágreiníngsálit minna hlutans. Um þetta krafðist hinn konúngkjörni varaþíngmaður atkvæðagreiðslu *með »kúlum«*, og krafðist að sú krafa sín væri bókuð, en er *forseti* afsagði það, og kvaðst eiga rètt á að lögum, að ráða því, hver aðferð væri viðhöfð í atkvæðagreiðslunni, krafðist hinn sami þingmaður atkvæðagreiðslu með *nafnakalli; forseti* kvað sèr að vísu óskylt að taka þessa kröfu til greina, enda væri hèr alls eigi að ræða um atkvæðagreiðslu á neinum niðurlagsatriðum eptir atkvæðaskrá, en kvaðst samt vilja í þetta sinni leggja það undir atkvæði þingsins, hvort nafnakall skyldi við hafa; var þá gengið til atkvæða um þetta, og krafa hins konúngkjörna varaþíngmanns, um nafnakall, felld með atkvæðafjölda. Þá var borin upp uppástúnga þingmanns Borgfirðínga undir einfalda atkvæðagreiðslu, og var hún samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6, og var uppástúnga hins 3. konúngkjörna þingmanns þar með fallin, og ágreiníngsálitinu hrundið frá þingi.

Uppástúngumenn ágreiníngsálitsins mótmæltu þessari aðferð þingsins, og kváðust mundu bera sig upp undan því við stjórnina.

5. Enn fremur var upplesin og samþykkt bænarskrá til konúngs *um lausamenn og húsmenn.*

»Til konúngs!

Fulltrúi yðar konúnglegu hátignar lagði fyrir alþingi að þessu sinni konúnglegt »frumvarp til tilskipunar um lausamenn og hús-

menn á Íslandi«, til þess að þíngið prófaði það, og segði um það álit sitt.

Þíngið kaus 5 manna nefnd, til að íhuga málið, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum, eins og lögin bjóða, og leysir sèr nú allra-þegnsamlegast að skýra yðar konúnglegri hátign frá áliti sínu.

Í nefndinni komu þegar fram tvær ólíkar skoðanir á máli þessu, bæði að því, er hinn fyrri kafla þess, lausamennina, og hinn síðari, húsmennina, snertir. Skal hèr þá, eptir því sem hið konúnglega frumvarp gefur tilefni til, talað fyrst um lausamenn, og þar næst um húsmenn.

I. Um lausamenn. Bæði nefndin og þíngið hlaut að vera samdóma um það, þegar ræða er um þetta málefni, að tilhlýðileg umönnun fyrir bændastèttínni hèr á landi hljóti að vera sú undirstaða, sem lagaboð um lausamennina sè á byggt, enda er það augljóst, að bæði hin eldri löggjöf og stjórnarfrumvarp það, er hèr ræðir um, er byggt á þessari skoðan. Og á því rèttari rökum er skoðun þessi byggð, sem eðli og ásigkomulag þessa lands, bæði strjálbyggð og fólksfæð þess, gjörir bændastèttinni búskapinn erfiðan, svo að hann þarfnast því fremur aðstoðar og aðhlynníngar við frá löggjafarans hálfu. Hèr er því fyrst og fremst aðgætandi, á einn bóginn *þörf* bændastèttarinnar á Íslandi, að hún hafi fasta og stöðuga vinnukrapta yfir að ráða, til þess að geta yrkt jarðir sínar og haldið atvinnuvegi sínum í tilhlýðilegu horfi, og á hinn bóginn *rèttindi* hvers einstaks manns, sem allir eiga heimtíngu á, að náttúrlegum rèttindum þeirra verði ekki þröngvað meira en þörf borgaralegs fèlags útheimtir. Löggjöfin, sem híngað til hefir gilt, hefir í þessu tilliti verið í harðara lagi, eins og við var að búast, eptir ásigkomulagi þeirra tíma, sem sköpuðu hana. Hið konúnglega frumvarp hefir hèr í gjört talsverða breytíngu, og skipað fyrir um málefni þetta á þann hátt, sem betur á við ásigkomulag þessara tíma; að vísu hefir frumvarpið byggt á hinum gildandi lögum, sumsè að skyldan til að ganga í vist og vera vinnuhjú skyldi hvíla á bændastèttinni eins og áður, en sú er breytíngin eptir frumvarpinu, að hver sá, sem vistarskyldan hvílir á, getur átt kost á að fá sig undanþeginn þessari skyldu, þegar hann er kominn til vissra ára og leysir leyfisbrèf; það er, fyrir víst ákveðið gjald fær leyfi til að losast undan vistarskyldunni og vera lausamaður. Nokkur hluti bæði í nefndinni og á þínginu gat nú að vísu eigi fellt sig við þessa skoðun, heldur áleit hann eðlilegra og einfaldara, að vistar-

skyldan skyldi, að fáum tilteknum undanþágum, hvíla hreint og beint á þeim, sem við hana væri bundnir, og að eins skyldi það varða hæfilegu og vægu sektargjaldi, ef móti henni væri brotið; en hitt skyldi ekki leyfast, að geta keypt sig undan henni, því þar með væri hin þarfa lagaregla niður brotin í öðru orði, og það væri ofurselt hendingunni einni, það er að skilja því atriði, að viss peningaupphæð væri fyrir hendi, hvort lagareglan skyldi standa eður ekki, enda væri þetta spáný og útlend hugmynd, sem ekki hefði rótfestu í réttarmeðvitund þjóðarinnar. En hugmynd þessi, sem byggð er á því, að lögin skuli ná jafnt yfir alla, gat samt sem áður eigi rutt sér til rúms á þinginu, og 12 atkvæði gegn 9 urðu á því, að þingið skyldi heldur fallast á skoðun stjórnarfrumvarpsins, að aðhyllast leyfisbréfin og þá stefnu þessa máls, sem þau eðlilega hlyti að benda til. Meiri hluti þingsins varð því að fallast á stjórnarfrumvarpið, en þó með þeim breytingum, sem minni hluti nefndarinnar hafði á því gjört, og leyfir nú þingið sér allrapegnsamlegast að taka þessar breytingar fram.

Hinum fyrstu 5 greinum stjórnarfrumvarpsins er að efninu til í engu breytt, nema því, að þingið fellst með 13 atkvæðum gegn 8 á, að 30 ára aldur, þá leyfisbréf gæti fengizt, yrði sett í staðinn fyrir 25 ára aldurinn. Að forminu til er stjórnarfrumvarpsins 2. gr. gjörð að 1. gr. í þingsins frumvarpi; hitt eru að eins orðabreytingar frá stjórnarfrumvarpinu.

Viðvíkjandi 6. gr. stjórnarfrumvarpsins áleit þingið (með 12 atkvæðum gegn 8) að fyrri hluti greinar þessarar aptur að orðunum: »Láti nokkur« ætti að falla burtu, því gjald það, er hér ræðir um, yrði svo tilfinnanlegt, að fáir mundu geta haft gott af lögum þessum, enda væri sá atvinnuskattur, er hér væri um að gjöra, ósamkvæmur skattalögum vorum. En að öðru leyti áleit þingið sjálfsagt, að lausamenn ætti að lúka öli þau gjöld til hins opinbera, sem þeir nú að lögum gjalda, eptir stöðu þeirra og tíundarbærum fjárstofni, og þyrfti því eigi að taka það berlegar fram.

Þingið fellst (með 12 atkvæðum gegn 7) á, að 7. gr. stjórnarfrumvarpsins ætti alveg að falla burtu, af því þinginu virtist að hún gjöra mönnum meiri erfiðleika og umsvif, en nytsemi sú er verð, sem af henni mætti vænta.

Sömuleiðis fellst þingið á, að inn í 8. gr. mætti taka ákvarðanir þær, er standa í 9. gr. stjórnarfrumvarpsins, með mjög fáum orðum, með því auðsætt er að hjúi, sem einhverra orsaka vegna

verður vistlaust, verður eigi hegnt fyrir lausamennsku, þó það það árið sè vistlaust, svo eigi virðist þurfa að taka það fram sèrstakt. Þessar tvær greinir, þannig samansteyptar, verða því 7. grein hins nýja frumvarps.

Þingið fèllst einnig á, að hinni 10. og 11. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem innihalda hegníngu fyrir ólöglega lausamennsku og afleiðíngar þar af, yrði steypt saman í eina grein (sem er hin 8. í hinu nýja frumvarpi), og það því heldur, sem endirinn á 10. gr. hefir almenna ákvörðun, er eins virðist eiga við 11. gr.

Stjórnarfrumvarpsins 12. gr. samþykkti þingið með lítilli orðabreytíngu, og er hún nú hin 9. í þingsins frumvarpi; og sömuleiðis fèllst þingið á óbreytta 13. gr. frumvarpsins, sem er hin 10. og síðasta í þessum fyrri kafla hins nýja frumvarps frá þinginu.

II. Um húsmenn, eður annan kafla stjórnarfrumvarpsins, leyfir þingið sèr því næst allraþegnsamlegast að fara nokkrum orðum.

Um 1. grein stjórnarfrumvarpsins; í þessum kafla kom einnig fram nokkur meiníngamunur í þíngnefndinni, þar sem annar hluti hennar vildi láta framfærsluhrepp þess, er húsmaður vildi verða, hafa að sönnu allan veg og vanda af honum, en þá líka alveg ráða því, í hvaða sveit hann tæki sèr bólfestu, hvort sem þeim, er þar væri fyrir, þætti það betur eða ver. En þessari skoðun heppnaðist ekki að ná hylli og samþykki þíngsins, heldur nálægði meiri hluti þess sig skoðun stjórnarinnar á máli þessu; þó er sá mismunur hèr á milli, að þingið með atkvæðafjölda áleit rèttara, að þegar skera ætti úr því, hver veita ætti leyfið til að setjast að í húsmennsku, þá skyldi hlutaðeigandi sveitastjórnir þar mestu um ráða, af því það væri óbrotnast og ætti bezt við ástand landsins, og af því þær væri kunnugastar, enda hefði þær mestan veg og vanda hver af gagni og ógagni sinnar sveitar; en eptir því sem lengra drægi frá og fjærstandandi valdsmenn ætti úr að skera, eptir því yrði ókunnugleikinn meiri á slíkum málum, efasemdir og dráttur og sundrúng slæddust inn í aðgjörðir manna, og slíkt ástand veikti en ekki styrkti alla stjórn. Þingið áleit því nægilega borgið rèttindum þeirra manna, er leitaði húsmennskuleyfisins með því, að ef sveitastjórnin synjaði þess, þá skyldi hún færa ástæður fyrir synjuninni, og þær ástæður skyldi sýslumaður prófa, en þar við skyldi svo sitja, sem hann áliti rètt í því efni.

Á *aðra* og *þriðju* grein stjórnarfrumvarpsins fèllst þingið ó-

breyttar, sem og einnig á hinar *almennari ákvarðanir* eður hinn þriðja kafla þessa lagafrumvarps.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast með 18 atkv. gegn 2 að mæla fram með því, að ofannefnt frumvarp til tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi, verði með þeim breytíngum, sem hèr að framan er getið, gjört að lögum, eins og það fylgir hèr með.

Reykjavík, 19. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. *Páll Melsteð.*

Frumvarp
til tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi.

I. Um lausamenn

1. gr. (Samþykkt með 15 gegn 4 atkv.)

Frá skyldu þeirri, er að lögum liggur á sumum mönnum til að vera í vist, eru þeir menn undanþegnir, er hafa 5 hundruð álna eður meira í árságóða af fasteignum eður öðru fè.

2. gr. (Samþykkt með 19 atkv.)

Hverjum þeim manni, sem er 30 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni, ef hann fær sèr leyfisbrèf hjá lögreglustjóranum. Fyrir leyfisbrèfið borgar karlmaður 1 hndr., en kona ½ hndr. álna, og skal gjald þetta greitt í peníngum eptir verðlagsskrár aðalmeðalverði. Leyfisbrèf skal taka hvort heldur maður vill vera laus að nokkru eður að öllu.

3. gr. (Samþykkt með 15 atkv. gegn 2).

Heimilt skal og mönnum þeim, er nú skal greina, að taka leyfisbrèf, þótt ýngri sè en 30 ára:

1. Ekkjumenn og ekkjur.
2. Menn, sem hafa 1 hndr. álna í ársarð af fasteignum eða öðru fè. Ef afgjaldið eða leigan er greidd í peníngum, skal hana telja til álna eptir aðalmeðalverði í verðlagsskrá.

4. gr. (Samþykkt með 16 atkv.).

Þessir menn geta fengið leyfisbrèf borgunarlaust:

1. Þeir, sem búið hafa 15 ár, og goldið árlega til allra stètta.
2. Þeir, sem staðið hafa í vinnuhjúastètt 20 ár, og fengið jafnan góðan vitnisburð.

5. gr. (Samþykkt með 17 atkv.).

Fyrir hvert leyfisbrèf skal greiða lögreglustjóranum 1 ríkisdal.

6. gr. (Samþykkt með 17 atkv.).

Láti nokkur undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eða skylduverk, eður þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eptir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört þeim rètti sínum að vera laus, og má honum eigi veita leyfisbrèf að nýju, fyr en eptir 5 ár.

7. gr. (Samþykkt með 16 atkv.).

Nú er maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga, og á sèr enga aðra löglega atvinnu vísa, og leitar hann hreppstjóra um, að útvega sèr vist; og skal þá hreppstjóri vera honum hjálplegur í því efni.

Ef maður er enn óvistráðinn um manntalsþíng, og leitar hann sýslumanns um að útvega sèr vist, og skal þá sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþíngum sýslunnar.

Nú útvegar hreppstjóri eða sýslumaður manni vist á þann hátt, er nú var sagt, og er hann þá skyldur að fara í þá vist, ef hún er boðleg. Bjóðist fleiri en einn, til að taka manninn, má hann sjálfur um kjósa; en sè hann eigi við staddur, skal hreppstjóri eður sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara. Nú vill hann ekki þiggja vistina, og skal honum þá hegnt sem fyrir lausamennsku.

Nú hefir engi boðizt til að taka hinn vistlausa mann, og varðar honum þá eigi við lög, þótt hann sè laus til næsta hjúaskildaga, en skyldur er hann að ganga að hverri þeirri vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, enda sè vinnan honum eigi of vaxin. Ella er hann sekur 1—10 rd. eptir málavöxtum. Sama er og um hjú, er vistlaust verður eptir manntalsþíng.

Nú er maður enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, og skal þá fara sem fyr segir.

8. gr. (Samþykkt með 17 atkv.)

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en eigi hefir gjört það, nè heldur keypt leyfisbrèf, en var þó skyldur þess, ef hann vildi laus vera, verður um það sekur 10—30 rd., og skal hann greiða að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbrèf eptir 2. gr., ef hann vill laus vera.

En þurfi maður eigi að kaupa leyfisbrèf, en var þó skyldur að taka það að eins eptir 4. grein, verður hann sekur 2—5 rd.

Þyngja skal það jafnan sektina, ef brotið er ítrekað, eða beitt

er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

9. gr. (Samþykkt með 17 atkv.).

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að engi sá, sem er skyldur að fara í vist, komi sèr hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grennslast eptir, hvort brotið hafi verið móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrèf, hafi fast heimili og sè ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 2—20 rd., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

10. gr. (Samþykkt með 18 atkv.).

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sèr undan skyldu sinni að fara í vist, skal eptir málavöxtum sektast um helming eða allt að tveim þriðjúngum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í 8. grein.

Hver sá húsráðandi, er hýsir slíkan mann 3 nóttum lengur að nauðsynjalausu, verður sekur um 1—5 rd.

II. Um húsmenn.

1. gr. (Samþykkt með 12 atkv. gegn 7).

Hver sá, sem vill verða húsmaður eða þurrabúðarmaður, skal beiðast leyfis til þess hjá sveitastjórninni, þar sem hann ætlar að setjast að; syni sveitastjórnin um leyfið, skal hún skyld til að færa ástæðu fyrir synjuninni, og er þá hlutaðeiganda heimilt, að skjóta máli sínu til sýslumanns, sem sker úr, hvort synjunin sè gild eður ekki. Setist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa þá heimild til þess, er með þarf, skal hann sekur um 5—20 rd., og getur hann eigi með ólöglegri dvöl sinni í hreppnum unnið þar rètt til sveitarframfærslu. Svo má og vísa þeim húsmanni úr hreppnum með missiris-fyrirvara til næstu fardaga, sè hann þar eigi sveitlægur, nema hann vinni leyfi sveitastjórnarinnar til að ílengjast þar.

2. gr. (Samþykkt með 19 atkv.).

Hver sá húsráðandi, er tekur þann húsmann á heimili sitt, sem eigi hefir rètta heimild til húsmennsku, skal greiða 2—8 rd. sekt, og þurfi húsmaðurinn framfærisstyrks við, skal það til næstu fardaga lenda á húsráðanda, án endurgjalds frá hreppi þeim, þar sem húsmaðurinn er sveitlægur.

3. gr. (Samþykkt með 16 atkv. gegn 3).

Þessar ákvarðanir skulu einnig ná til þeirra manna, er ekki hafa stærri jarðarpart til ábúðar en 1 hundrað.

III. Almennar ákvarðanir.

1. gr. (Samþykkt með 18 atkv.).

Af gjöldum þeim og sektum, sem greiða ber eptir tilskipun þessari, skal helmingur renna í hlutaðeiganda fátækrasjóð, en helming fái hreppstjóri eða hreppstjórar.

2. gr. (Samþykkt með 17 atkv.).

Með þau mál, sem rísa út af því, sem ákveðið er um í þessari tilskipun, skal farið sem almenn lögreglumál.

6. Bænarskrá til konúngs *um stjórnarbót.*

Til konúngs.

Til alþingis hafa að þessu sinni komið fjölmargar bænarskrár úr öllum hlutum landsins um það, að alþingi enn á ný endurnýi þá bæn sína til *yðar konúnglegu hátignar*, að yðar hátign allramildilegast mætti þóknast að veita oss Íslendingum stjórnarbót. Bænarskrár þessar eru 12 að tölu, og taka 7 af þeim það einkum fram, að yðar konúnglega hátign allramildilegast leggi frumvarp til nýrra stjórnarlaga Íslands fram fyrir nýjan þjóðfund; 3 leggja einkum áherzlu á stjórnarbótina sjálfa, og biðja um að Ísland fái sem fyrst löggjafarvald og fjárforræði, og loksins biðja 2 bænarskrárnar í almennum orðum þingið um, að það enn á ný taki mál þetta til meðferðar og nákvæmlegrar íhugunar.

Eptir að alþingi hefir kosið 7 menn í nefnd, til að íhuga þetta mál og síðan rætt það á tveimur aðalfundum á lögskipaðan hátt, leyfir þingið sèr að bera fram allraþegnsamlegasta bæn sína um málið, í þeirri vissu von, að *yðar konúnglega hátign* líti nú mildilega á brýna þörf vora, að fá þessu velferðarmáli voru ráðið til farsællegra lykta.

Að því er þá fyrst viðvíkur þeim 3 bænarskrám, sem einkum fara því á flot, að alþingi fái sem fyrst löggjafarvald og fjárforræði, þá virðist þinginu það auðsætt, að þetta sè að vísu tvö hin helztu atriði í stjórnarbót Íslands, ef hún á að vera löguð eptir þörfum og ásigkomulagi þess. En þar eð þetta þó að eins eru einstök atriði í stjórnarbótarmáli voru, og snerta að eins það spursmál, hvernig stjórnarbótin ætti að vera löguð, eður með öðrum orðum: efni og innihald frumvarps, sem gjöra verður ráð fyrir að stjórnin leggi fyrir þing það hèr á landi, er ræða ætti stjórnarbótarmálið, og þar eð þetta spursmál aptur og aptur hefir verið ítarlega rætt og íhugað á alþingi, einkum síðan þjóðfundurinn var, þá virðist

það bæði eðlilegra og samkvæmara efninu í hinum öðrum bænarskrám — sem þar að auki eru miklum mun fleiri og almennari — að þingið einkum og sèr í lagi snúi athygli sínu að þessum síðar nefndu óskum þjóðarinnar, er lúta að því, að vèr Íslendíngar fáum að hafa sem mesta hlutdeild í undirbúníngi breytingar þeirrar á stjórnarfyrirkomulagi í landinu, sem *yðar konúnglega hátign* hefir ráðgjört og heitið oss, hvernig svo sem henni að öðru leyti kynni að verða háttað.

Að þingið þá víki að þessu atriði málsins, þá getur það ekki þegjandi leitt hjá sèr það fagnaðarefni fyrir oss Íslendínga, að það auðsjáanlega einmitt var tilgangur *yðar mildiríku hátignar,* er yðar hátign hèt oss því í allrahæstu brèfi 23. september 1848, að stjórnarbótarmál Íslands skyldi verða lagt fyrir þíng í landinu sjálfu, og að *yðar hátign* ennfremur kvaddi Íslendínga á þjóðfund árið 1851, eptir mjög frjálslegum kosníngarlögum, til að ræða um hið nýja stjórnarfyrirkomulag Íslands; þingið þykist ekki geta leitt hjá sèr þetta fagnaðarefni, að það auðsjáanlega var tilgangur og vili *yðar konúnglegu hátignar,* að oss Íslendíngum skyldi gefast sem mestur kostur á, sjálfum að taka þátt í því, hvernig hinni nýju stjórnarbót yrði fyrir komið, eins og bænarskárnar fara fram á, þar *yðar konúnglega hátign* ella hefði lagt frumvarpið til stjórnarbótarinnar fyrir ráðgjafarþíng Íslendínga, alþíngi.

Þingið ætlar nú, hverjum augum sem menn svo að örðu leyti líta á það, sem gjörzt hefir viðvíkjandi þessu máli frá hálfu stjórnar *yðar hátignar* og alþíngis Íslendínga, síðan þjóðfundurinn var, þar sem, eins og allir vita, mál þetta gat eigi orðið til lykta leitt, að þessi tilgangur og vili yðar, mildiríki konúngur! standi enn þann dag í dag óhaggaður. Að vísu lýstuð þèr, allramildasti konúngur! því yfir í allrahæstri auglýsíngu 12. maí 1852, að *yðar hátign* eigi gæti veitt oss stjórnarbót, sem væri þannig löguð, eins og meiri hluti nefndar þeirrar, sem sett var á þjóðfundinum til að íhuga frumvarp stjórnarinnar, fór fram á; en þess ber vel að gæta, að eins og í þessari allrahæstu auglýsíngu stendur jafnframt, að máli þessu skuli frestað um sinn *(stilles i Bero),* þannig er í enda hennar með berum orðum tekið fram, að það fljóti af alþíngistilskipunarinnar 79. gr., að ekkert verði endilega ákveðið um breytingu á stjórnarhögum Íslands áður en málið sè lagt fyrir alþíngi; og þar við má samanbera allrahæsta auglýsíng til næsta alþíngis á eptir 1853.

Þíngið fær nú eigi betur sèð, en að það sè svo langt frá, að þessi tvö síðar greindu atriði í hinni konúnglegu auglýsíngu 1852, hvort um sig eða bæði til samans tekin, sanni eður sýni, að yðar *konúnglega hátign* hafi með auglýsíngunni gefið til kynna, að stjórnarbótarmálefnið ekki yrði framar lagt fyrir þjóðfuud, nè hann síðar meir kallaður saman, til að ræða málið, að vèr miklu fremur verðum að álíta, að yðar allramildasta hátign, einmitt með þessari sinni allrahæstu auglýsíngu, hafi gefið oss Íslendíngum nýja von um, að vèr fengjum að taka hinn fyllsta þátt í tilbúníngi stjórnarbótarinnar. Sá eðlilegasti skilníngur þessarar allrahæstu auglýsíngar er sumsè án efa sá, að yðar hátign hafi ætlazt til, að málið til undirbúníngs skyldi leggjast fyrir alþíngi, en að það síðan skyldi verða lagt fyrir þjóðfund, til að leiðast þar til lykta, því það er hvort um sig, að þessi skilníngur liggur næst orðunum í auglýsíngunni sjálfri, og gjörir hana samkvæma fyrri heitum *yðar konúnglegu hátignar,* er þíngið áður gat um, þeim nefnilega, að málið skyldi leggjast fyrir þjóðfund og ræðast þar, en sem ekki varð rætt til hlítar á þjóðfundinum 1851, sökum ágreiníngs um stjórnarfrumvarpið, enda á hann og engi annar við eðli þessa máls og hina landsföðurlegu umhyggju og speki yðar konúnglegu hátignar. Þess ber vel að gæta, að með því það var tilgangurinn með þjóðfundinum 1851, að konúngdómurinn og Íslendíngar með frjálsu samkomulagi grundvallaði hina nýju stjórnarbót, álíka og átt hafði sèr stað í Danmörku, er grundvallarlögin voru þar gefin, og *vili yðar hátignar* og óskir landsmanna fórust svo mjög á mis á þessum fundi, að samkomulag ekki náðist, þá lá það alveg beint fyrir, að frestað væri málinu, svo tíminn og kríngumstæðurnar gæti laðað hinar ólíku skoðanir meir hverja að annari, og beint þeim í hina einu og sömu aðalstefnu.

Það mun og engi geta neitað, að hið viturlega ráð og meðal til þess, að þessu yrði framgengt sem fyrst, hafi verið það, að alþíngi fengi undirbúníngsatkvæði í málinu, áður en það á ný yrði tekið fyrir. Enda hefir og yðar hátign tekið mildilega undir hinar þegnlegu tillögur alþíngis um þetta mál, síðan hin áminnsta allrahæsta auglýsíng kom út, og það seinast í auglýsíngu yðar hátignar til þessa þíngs, jafnvel þó að kríngumstæðurnar og ýms atvik í Danmörku hafi hamlað því til þessa, að þèr, allramildilegasti konúngur! hafið fullnægt þörfum og óskum vor Íslendínga í þessu efni.

En með því nú þannig má gjöra ráð fyrir, að skoðanir yðar

hátignar og óskir Íslendínga um stjórnarfyrirkomulag Íslands sè komnar langtum nær hvor annari, en þær voru 1851, og hafi tekið hina sömu aðalstefnu, gæti það verið, að einhverjum kynni að láta sèr detta í hug, að nýr þjóðfundur væri nú orðinn ónauðsynlegur, og að einhlítt væri að leggja málið á sínum tíma fyrir alþíngið eitt. En þessu getur þíngið engan veginn verið samdóma, heldur verður þvert á móti að álíta, að þessi vegur yrði stjórnarbótarmálinu til hins mesta hnekkis. Alþíngið er nefnilega að eins ráðgefandi þíng og öll samsetníng þess, skipulag og ætlunarverk er lagað þar eptir. Þíngmenn á alþingi eru og af þjóðinni að eins kjörnir til að gefa ráð sínum einvalda konúngi og skynsamlegar tillögur um málefni landsins, en alls eigi til þess að gefa bindandi atkvæði fyrir þjóðina, hvorki um stjórnarfyrirkomulag landsins yfir höfuð nè nokkra þá einstaka grein, er þar að lýtur. Ef því málið að eins væri lagt fyrir alþíngi og ekki líka eptir á fyrir þjóðfund, fengi þjóðin auðsjáanlega ekki þann þátt í tilbúníngi stjórnarbótarinnar, sem henni þó sýnist bera og sem yðar hátign auðsjáanlega allramildilegast hefir viljað gefa henni með opnu brèfi 23. septemb. 1848.

Og þó þíngið nú alls eigi vildi leggja neina sèrlega áherzlu á þetta atriði, þá ætlar það samt auðsætt, að það sè ólíkum mun minni líkindi til þess, að stjórnarbót sú, sem alþíngi eitt fjallaði um, næði þeirri hylli hjá öldum og óbornum, sem vera ber, hvernig svo sem hún að öðru leyti væri lögguð, heldur en sú stjórnarbót, sem orðin væri til á slíku þjóðþíngi, sem hèr ræðir um.

Þíngið verður að taka það fram, að það álítur, að Íslendíngar yfir höfuð fái hina mestu hvöt til þess, bæði að íhuga nákvæmlega stjórnarskipun sína og til að laga hana eptir þörfum þjóðarinnar og vilja stjórnarinnar, einmitt með því móti, að þeir fái sem mesta hluttekníng í tilbúníngi hennar, því ábyrgð þjóðarinnar er að því skapi meiri, sem henni er gefið meira atkvæði og ráð á málinu.

Þínginu virðist því öll ástæða til, að taka bænarskrár þær til fyllstu greina, sem nú eru komnar því til handa, og sem eru svo almennar, að þær lýsa því auðsjáanlega, að það er almennur þjóðarvili hèr á landi, að nýr þjóðfundur verði kallaður saman hið fyrsta eptir hinum sömu reglum, sem kosníngarlögin 28. septemb. 1849 fyrirskipa, og að fyrir hann verði lagt frumvarp til nýrra stjórnarlaga fyrir Ísland, og að senda *yðar konúnglegu hátign* auðmjúka bæn sína um það efni.

Þar á móti finnur þingið enga nauðsyn til, að láta í ljósi álit sitt um það, hvernig það ætlar, að hið nýja stjórnarfyrirkomulag hèr á landi ætti að vera lagað, því það fær ekki betur sèð, en að þingið, og það optar en einu sinni, hafi gefið stjórninni skýrar bendíngar um þau heiztu aðalundirstöðuatriði í þessu máli, sem gjöra má ráð fyrir að Íslendíngar mundu helzt aðhyllast; og það þykist hafa fulla vissu um, að stjórnin muni hafa hið fyllsta tillit til þeirra í frumvarpi því, er hún lagði fyrir þíng það, er hèr ræðir um, hvort sem það svo yrði áður lagt fyrir alþíngi eður ekki.

Að vísu hefir stjórn yðar hátignar látið í ljósi, að ekki mundi verða afráðið um stöðu Íslands í stjórnlegu tilliti, fyr en búið væri að koma í kríng stjórnarskipuninni í hinu svo nefnda alríki; en þingið fær með engu móti sèð, að stjórnarbót Íslands þurfi eður eigi beinlínis að bíða eptir þessu, sem getur ef til vill dregizt um langan aldur, því það er hvorttveggja, að Íslendíngar eru ekki í neinn handa máta valdir að erfiðleikum þeim, sem hamlað hafa híngað til hinu almenna stjórnarfyrirkomulagi í Danaveldi, enda verður það eigi sèð, hvers vegna þeir eigi að gjalda þeirra, þar sem staða Íslands og allt ásigkomulag er svo einstaklegs eðlis, að það mætti virðast unnt að skipa svo um stjórn þess, að hún kæmi alls eigi í bága við áður nefnt stjórnarfyrirkomulag.

Þínginu virðist líka allt benda til, að nú sè hinn rètti tími til, að bera fram fyrir yður, allramildasti konúngur! þessa bæn um nýjan þjóðfund, er hefði til meðferðar öll atriðin í hinni fyrirhuguðu stjórnarbót fyrir þetta land, þar sem það er gefið í skyn í allrahæstri auglýsíngu *yðar hátignar* til þessa árs alþíngis, að verið sè að undirbúa fjárhagsaðskilnaðinn milli konúngsveldisins og þessa lands, og leyfir þingið sèr að votta *yðar hátign* sitt lotníngarfyllsta þakklæti fyrir þann áhuga, sem þèr, *allramildasti konúngur!* þannig sýnið á þessu máli, sem er eitt af aðalatriðum hinnar eptiræsktu stjórnarbótar, því þingið getur eigi skilið, að Íslendíngum geti veizt full fjárhagsráð, nema þeir jafnframt fái samsvarandi rèttindi í öðrum greinum.

Af þeim ástæðum, er nú voru taldar, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir *yðar konúnglegu hátign* (með 14 atkvæðum gegn 7).

> Að yðar hátign allramildilegast vili, svo fljótt sem auðið er, kveðja til þjóðfundar á Íslandi, eptir reglum þeim, sem gefnar eru í kosníngarlögum 28. september 1849, og leggja

fyrir hann frumvarp til stjórnarbótar þeírrar, er yðar hátign allramildilegast vildi þóknast að gefa oss Íslendíngum (með 19 atkvæðum).

Reykjavík 19. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Sveinn Skúlason.*

7. Bænarskrá til konúngs *um sendíngar með póstum.*

Til konúngs.

Yðar *konúnglegu hátign* hefir mildilegast þóknazt, að láta fulltrúa yðvarn leggja nú fram á þíngi »*frumvarp* til tilskipunar fyrir Ísland um sendíngar með póstum«.

Alþíngi kaus 5 manna nefnd í málið, ræddi það síðan á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú þegnsamlegast að láta *yðar hátign* í ljósi álit sitt á þessa leið:

Nefnd sú, er alþíngi kaus í málið, hreifði því, að æskilegt hefði verið, að *yðar hátign* hefði þóknast að leggja fram á alþíngi einnig hinn hluta málsins, er lýtur að skipulagi póstgangnanna hèr á landi, svo þínginu hefði gefizt kostur á, að segja álit sitt um þann hluta málsins, sem í rauninni væri engu síður áríðandi, en það, sem frumvarpið hafði að geyma. Nefndin áleit þó, að hún ætti eigi að búa til frumvarp til reglugjörðar um þetta atriði málsins, er þíngið síðan ræddi á lögskipaðan hátt, og sendi yðar hátign um tillögur sínar, einkum fyrir því, að hún óttaðist, að slíkt mundi tefja fyrir málinu, með því að ganga mátti að því vísu, að póstgöngunum mundi verða komið í nýtt og betra horf, jafnframt því sem frumvarpið um sendíngar með póstum yrði að lögum ráðið. Þess má og enn geta, að meiri hluti nefndarinnar áleit sýslupósta hentugri en amtspósta, sem póstnefudin í Reykjavik hafði stúngið upp á, með því það með þessu móti að eins mætti verða mögulegt, að auka almennar samgöngur meðal sveitanna innbyrðis, eins og bráð nauðsyn krefur; en minni hluti nefndarinnar gat eigi fundið sýslupósta þessa hentugri en amtspósta, og áleit að þeir mundu verða þar að auki talsvert kostnaðarsamari. Á þínginu kom engi uppástúnga fram, hvorki um sýslupósta nè heldur um annað fyrirkomulag póstgangnanna, og var það einkum orsökin, að allir vildi flýta málinu og treysta stjórn *yðar hátignar* til, að koma því æskilega fyrir. Að öðru leyti var þíngið eindregið á því að samþykkja frumvarp það, er fram var lagt, einúngis með þeim litla viðauka,

að inn í 1. gr. 3. málsgrein yrði bætt þessum orðum: »*etandi hálfmálmar og sýrublendíngar þeir, er átumegn hafa*«, með því að þíngið varð að álíta hluti þessa eins eður því nær eins hættulega, sem átusýrurnar, er taldar eru í greininni á undan.

Að svo mæltu leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast í einu hljóði að biðja yðar konúnglegu hátign um, að gjöra frumvarpið að lögum, þannig:

1. Með 17 atkvæðum, að inn í 1. gr. 3. málsgrein, eptir orðið »brennisteinsspítur«, verði bætt: *etandi hálfmálmar og sýrublendíngar þeir, er átumegn hafa.*
2. Í einu hljóði, frumvarpið allt í 7 greinum.

Reykjavík, 19. ágúst 1861.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. Arnljótur Ólafsson.

Eptir að upplestri þessara bænarskráa og álitsskjala var lokið, og þíngið hafði samþykkt hverja þeirra fyrir sig, að undanteknu ágreiníngsálitinu í fjárkláðamálinu, gekk *konúngsfulltrúi* til sætis, og flutti svo hljóðandi ræðu:

Heiðruðu alþíngismenn, fulltrúar Íslendínga!

»Þèr hafið nú, heiðruðu alþíngismenn, lokið ætlunarverki yðar í þetta skipti, og hverfið nú hver um sig aptur til yðar heimilisstarfa, — en þegar þèr þannig eruð búnir að leysa af hendi jafnþýðíngarmikinn starfa, sem þèr nú hafið leyst, getur ekki hjá því farið, að alvarlegar tilfinníngar hreifi sèr í brjóstum yðar, því hver sá, sem lýkur einhverju því verki, sem miklu varðar og mikils er um vert, fer að því búnu í huganum yfir það og hugsar um, hvernig hann muni hafa lokið því, og ber það jafnframt undir það lögmál, sem ritað er í hans og hvers manns brjósti, og þá getur varla hjá því farið, að hann finni með sjálfum sèr, að í ýmsu hafi orðið ábótavant; — það er ekki gefinn neinum manni sá andans styrkleikur, nè heldur það fjör og sálarþrek, að hann ætíð sè jafn vakandi og jafnt fyrirkallaður, að vilinn allajafna sè óháður annarlegum áhrifum; en þó þessu sè þannig varið, liggur þó að hinu leytinu mikill hugfrói í þeirri meðvitund, að hann hafi unnið verk köllunar sinnar með hreinum og einlægum vilja, aldrei misst sjónar á skyldunnar boðum, þó sjónin hafi stundum verið daprari en ella.

Þannig lít eg á þessari stundu, heiðruðu alþíngismenn, á mína hlutteknínguu í störfum yðar, og þó eg finni með sjálfum mèr, hvað

ófullkomin hún hafi verið, segir þó meðvitund mín mèr, að vilinn hafi verið einlægur, þó hann hafi verið veikur í framkvæmdinni. Eg gekk að köllun minni með áhyggju og kvíða, en þèr hafið hver og einn, og allir sameiginlega, tekið viljann fyrir verkið, og get eg ekki nógsamlega vottað yður í orðum þakklæti mitt og einlæga viðurkenníngu fyrir þessa mannúð yðar og umburðarsemi mèr til handa.

Störfum yðar er nú lokið í þetta skipti, og lokið þannig, að eg dirfist að fullyrða, að þèr fyrir þjóð og stjórn hafið fyllilega rèttlætt og uppfyllt allar sanngjarnar vonir, og að vísu get eg fullyrt, að þetta þíng, hvorki i starfsemi nè í sannri föðurlandsást, nè heldur í einlægum og hreinum vilja að láta sem mest gott af sèr standa, hafi staðið á baki undangengnum þíngum, ef ekki þeim fremur, og það sem mest er vert, þíngið hefir unnið í eindrægni, allir að sama marki og miði, að gagni vorrar elskuðu fósturjarðar.

Stjórnarfrumvörp þau, sem þèr hafið haft að ræða í þetta skipti, hafa að vísu ekki verið mörg eða umfangsmikil, en einstök þeirra, og tel eg þar til einkum frumvarpið um hjúalögin og frumvarpið um lausamenn og húsmenn, hafa þó útheimt nákvæma og ítarlega yfirvegun; eg vona og það komi fram síðar og ásannist, hversu mikils stjórnin metur þíngsins góðu og skynsamlegu tillögur og uppástúngur, viðvíkjandi bæði þessum frumvörpum og hinum öðrum, sem yður í þetta skipti hafa verið fengin til yfirvegunar. Það hafa einnig komið fram og verið ræddar til lykta á þessu þíngi fleiri þegnlegar uppástúngur, sem miklu varða, og sem eg ekki efast um, að margar hverjar muni fá náðuga áheyrslu. Eg get því ekki sagt annað, en að þíngtímanum, þó hann í þetta skipti sè orðinn í lengsta lagi, hafi verið vel varið, og mikið af hendi leyst með þeim kröptum, sem þíngið átti yfir að bjóða, og á hinn heiðraði forseti þíngsins þar í mikinn og góðan þátt, sem skylt er að viðurkenna; því hann hefir með þeirri honum eðlilegu starfsemi, verklægni og elju mjög svo stutt og flýtt framkvæmdum þíngsins, og þannig enn fremur staðfest það heiðarlega traust, sem aptur i þetta skipti rèð honum til sætis sem þíngsins forseta. Hann hefir sjálfur næstum stöðugt gegnt sinni vandasömu köllun, og sjaldan þurft að neyta aðstoðar hins heiðraða varaforseta; en þíngið hefir þá í annan stað ekki heldur þurft að fara á mis við þessa ágætismanns hluttekníngu í sjálfum þíngstörfunum, sem kom sèr því betur, sem hann er betri liðsmaður til, og færrum var á að skipa. Hvað sjálfan mig snertir, finn eg mèr skylt, að votta þíngsins heiðr-

aða forseta mitt virðingarfullt þakklæti fyrir hans mjög mannúðlegu samvinnu og stöðugu velvild mèr til handa á þessu þingi, og því fremur má eg viðurkenna þessa mannúð hans og velvilja, sem eg, eptir því sem á stóð og að öðru leyti, þurfti með þingsins og sèr í lagi hins heiðraða forseta umburðarlyndis og aðstoðar.

Að svo mæltu kveð eg yður, heiðruðu alþingismenn, í fyrsta og síðasta skipti frá þessum stað, með þeirri hjartanlegu ósk, að góður guð blessi og farsæli föðurland vort, þetta þing og alla einlæga viðleitni, hvort heldur yðar eða annara, sem miðar til heilla og framfara vorrar elskuðu fósturjarðar«.

Þá stóð upp *forsetinn,* og flutti svo látandi ræðu:

Háttvirtu herrar og alþingismenn!

Samveru vorri er nú lokið og samvinnu í þessum sal. Þegar vèr komum hèr fyrst saman fyrir 7 vikum, þá gat það eigi dulizt fyrir neinum af oss, »að kornskeran væri mikil en verkamennirnir fáir«. Nú vantaði á þingbekkina 3 þá þingmenn, er optast hafa verið á þingi, síðan það hófst fyrst, og hafa jafnan reynzt hinir ágætustu og afkastamestu, og meðal þeirra sjálfan forvigismann alþingis, sem jafnan hefir verið sál þess og styrkur, bæði innan þings og utan. Hinsvegar aukast verkefni og störf alþingis ár frá ári, og þing af þingi, eptir því sem þjóðleg meðvitund og þjóðlegt líf smámsaman glæðist með lýðnum og eptirtekt á högum og þörfum landsmanna skýrist. — Því eru nú það eigi tiltökumál, þegar á allt er litið, öðrum megin á vaxandi og fjölbreyttari verkefni þingsins, hins vegar aptur töluvert minni kraptar til starfa og afkasta, heldur en ráðgjöra mátti á þessu þingi, þótt eins dags þinglengingar þyrfti nú fram yfir það, sem mest befir verið. Það fáort yfirlit yfir störf vor og þingmálin að þessu sinni, er eg nú vil gefa, eins og siður er til í þinglok, mun færa sönnur á það, er eg nú sagði.

Alls eru það 44 mál, er komið hafa til inugangsumræðu á þessu þingi. Voru 10 þeirra lögð fyrir þingið af hendi stjórnarinnar: 7 lagafrumvörp og 3 álitsmál; hin 34 voru þegnlegar uppástungur og bænarskrár. Voru nefndir settar til meðferðar 20 af þeim málum, auk hinna 10, er komu fram af hendi stjórnarinnar; hafa því verið settar á þessu þingi samtals 30 nefndir. 2 sèrstaklegum bænarskrám eða uppástungum var vísað til nefnda í öðrum málum; 10 voru annaðhvort felldar frá nefndarkosningu eða teknar aptur af uppástungumönnum í umræðulok, en 2 bænarskrám var vísað

frá meðferð á þingi í notum 49. gr. í alþingistilsk. Af þeim 30 málum, er nefndum hafa verið falin til miðferðar, er eitt málið ókomið inn á þing frá nefndinni, það er málið um breytingu á hjúskaparlögum; hin 29 eru öll þrírædd á aðalfundum, og eitt þeirra 5 sinnum, það var *fjárkláðamálið,* er þinginu virtist nauðsyn á að tviskipta, og ræða sinn kaflann þess í tvennu lagi, lögskipuðum umræðum hvorn þeirra. En í tveim af þessum 29 málum var engi bænarskrá rituð til konúngs: annað var fellt í lok ályktarumræðu, en hinu var beint *svo,* að enga bænarskrá þurfti að rita konúngi; það var um *niðurjöfnun alþingiskostnaðarins*; réttvíslegar og mannúðlegar undirtektir stiptamtsins undir það mál gjörðu bænarskrá með öllu óþarfa. Þannig eru að eins 27 bænarskrár og álitsskjöl rituð til konúngs frá þessu alþingi. Ef að miðuð er tala þeirra mála, sem þrírædd eru og leidd til lykta, við virku dagana þessa þingtíma, þá telzt svo til, að tæpum $1^1/_2$ degi hafi verið varið til hvers máls að meðaltali, er ráðizt hefir til lykta, en rúmum $1^1/_2$ degi, ef helgidagarnir væri meðtaldir, og má að vísu segja, að það sè furðu mikið, af eigi fjölskipaðra þingi, en þetta þing er.

Af konúngsmálunum eru þau 3 frumvörpin yfirgripsmest og mestvarðandi: um *bæjarstjórn* og kaupstaðarrètt Akureyrar kauptúns, en einkum frumvörpin *til vinnuhjúalaga* og til laga um *lausamenn og húsmenn*; því þetta eru mjög yfirgripsmikil lög og mikilsvarðandi, og vonandi að af þeim megi margt gott leiða fyrir þetta land. Víst hefði og mátt telja *póstmálafrumvarpið* mikilsvarðandi, hefði stjórnin lagt það mál fyrir þingið að aðalefninu, en eigi bundið það eingöngu við »sendíngar með póstum». Meðal þegnlegu málanna eru og nokkur harðla merkileg og mikilsvarðandi: um *launabót ýmsra* embættismanna hèr á landi, um *fiskiveiðar útlendra* við Ísland, um úrræði við *læknaskorti* hèr á landi, og einkum málið um *ýmsar endurbœtur við hinn lærða skóla* og um viðreisn almennari og aðgengilegri skólamenntunar á annan veg; er óvíst að þinginu hafi tekizt betur á öðru máli, og því er vonandi, að konúngur veiti því mildilega áheyrn. Þá mun og *fjárkláðamálið* þykja enn meðal hinna merkilegustu landsmála *þessa* tíma, og víst eigi eins nauðsynjalaust, að því var nú hreift af nýju, eins og sumir kynni að halda fram. Undirtektirnar undir þetta mál í hinni konúnglegu auglýsíngu 1. júní þ. árs eru líka svo lagaðar, að þingið gat því síður haft að engu þær hinar mörgu bænarskrár, er nú bárust því áhrærandi fjárkláðann. Þá hefir *stjórnarbótarmálið* lengi

verið talið og mátt telja allsherjar- og áhugamál bæði lýðsins og þingsins, enda ætla eg, að alþingi hafi aldrei borizt fleiri og almennari bænarskrár um þetta málefni, en nú; annað mál er það, hvort hin tilbreytta meðferð og niðurstaða þingsins að þessu sinni hafi orðið sú, að hún megi fullnægja landsmönnum og sannfæra konúng vorn og stjórn hans fremur, en að undanförnu.

Eg vildi að þetta yfirlit mætti færa sönnur á, að alþingi 1861 hafi haft mörg og mikilvæg verkefni til meðferðar, enda stórmiklu afkastað, eigi fjölskipaðra en það var. Árangur og ávextir flestra þessara verka vorra liggja of fjarri til þess, að nokkrum sé fært að leggja á þau eindreginn og óyggjandi dóm nú þegar; vèr vonum, að kjósendur vorir og landslýðurinn miði kröfur sínar til alþingis og hvers einstaks þingmanns við hinar ytri og innri tálmanir, er eigi verða yfirstignar nè burtu rýmt nema smámsaman, fyrir þrek og þolgæði og eindregin samtök allra hinna vitrari og betri landsmanna; og vèr treystum því, að vor mildasti konúngur og stjórn hans láti smámsaman sannfærast um hinar mörgu og verulegu nauðsynjar þessa lands, og veiti Íslendíngum sjálfum þá hluttekníngu til að ráða úr þeim nauðsynjum og rètta hag vorn, er vèr höfum mátt sakna svo tilfinnanlega, þá hluttekníngu og atkvæðisrètt um málefni þessa lands, sem hefir jafnan verið og æ mun reynast einka-skilyrði fyrir viðreisn og viðgangi hverrar þjóðar sem er, bæði stærri og smærri.

Að þessu marki og miði hafa nú að vísu stefnt allar tillögur vorar og störf á þessu þíngi; vèr getum allir styrkt oss við þá meðvitund, að vèr höfum haft heillir og framfarir vorrar ástkæru fósturjarðar fyrir mark og mið. Allir hinir háttvirtu þíngmenn hafa unnið að þíngstörfunum með eindrægni og þolgæði, þó að nefndarstörfin hafi komið næsta misjafnt niður; á einstöku þíngmenn hafa ofhlaðizt störfin svo, að einstakan dugnað og þolgæði hefir þurft til að leysa af hendi svo umfangsmikil verk. Mèr virðist þess megi eigi láta ógetið, að tveir virðulegir þíngmenn, þíngmaður Borgfirðínga og hinn konúngkjörni varaþíngmaður, hafa verið kosnir í allan helmíng nefndanna, og það í flest hin vandasömustu og umfangsmestu mál, og þar að auki haft framsögu á hendi í mörgum þeim málum; elju og dugnaði þessara manna og annara framsögumanna í málunum er það mest að þakka, að málin hafa unnizt og afgreiðzt svo greiðlega, og þínginu tekizt að afkasta því, sem afkastað er. Eg má því votta framsögumönnum málanna

og svo öllum þingmönnum miklar og innilegar þakkir fyrir góðan og mikilvægan þátt, er þeir hafa átt að samvinnu vorri, því eg ætla það eigi ofsagt, þó eg segi, að hún hafi aldrei greiðlegar gengið, en nú, og með betra samkomulagi, en á þessu þingi hefir verið. Þetta hefir ómetanlega lètt mèr störf mín, og gjört mèr þau ljúf og þægileg, er eg hefi jafnan átt að mæta velvild og umburðarlyndi jafnt allra þingmanna, og það eins úr þeim flokki, er eg þó hefði, ef til vildi, getað búizt við minni alúð eða nokkurri mótspyrnu til handa sjálfum mèr.

Hinum heiðruðu þingskrifurum kann eg og mínar innilegu og beztu þakkir í nafni þingsins og sjálfs mín fyrir þá eljun, alúð og þolgæði er þeir hafa lagt fram við hin áríðandi og vandasömu skrifarastörf, einkanlega þeim heiðursmönnum, er nú skipa skrifarasætin. Hinn velæruverðugi varaþingmaður Barðstrendinga hefir með óþreytandi þolgæði og vandvirkni leyst af hendi sinn hluta skrifarastarfans frá upphafi þings og til þessa dags, en hinn heiðraði þingmaður Snæfellsnessýslu gegnt þessum störfum allan síðari hluta þingtímans, eptir að þingstörfin hafa bæði aukizt og vandazt, auk nefndarstarfa og framsögu í þingmálum, með þeim lipurleik og verklægni, sem honum er svo eiginleg. Einkanlega votta eg hinum háttvirta varaforseta innilegt og hjartanlegt þakklæti fyrir þá mikilvægu aðstoð og leiðbeiningar, er hann enn sem fyrri hefir látið bæði öllu þinginu í tè og sjálfum mèr, og fyrir tryggð þá og velvild, er hann enn hefir sæmt mig með, bæði innanþings og utan.

Hinn háttvirti höfðingi, sem hefir skipað konungsfulltrúastólinn á þessu þingi, hefir eigi síður í þessari mikilvægu stöðu sinni, heldur en annari embættisstöðu og hèr á þinginu, auðsýnt þinginu alla þá mannúð og einlægni, sem honum er svo eiginleg, lètt þinginu meðferð málanna með mikilsverðum leiðbeiningum sínum, og þar að auki með nærgætnislegum undirtektum sínum undir hæfilega lengingu þingtímans, er gjörði það mögulegt að afkasta því, sem nú er afkastað. Fyrir allt þetta votta eg honum virðingarfyllstu þakkir í nafni þingsins og sjálfs mín, og eins má eg sjálfur tjá honum mitt innilegasta þakklæti fyrir ljúfmennsku hans og velvilja við mig, og fyrir það umburðarlyndi og aðstoð, er hann hefir látið mèr svo ljúfmannlega í tè við störf mín.

Þegar vèr nú þannig skiljum, háttvirtu herrar og alþingismenn að afloknu dagsverki, þá má sú meðvitund styrkja oss alla, að þótt

uppskeran og ávextir verka vorra liggi fjær, þá hafi einn og sami áhugi, ein og sama ástin knúð oss og ráðið orðum vorum og tillögum; en það er ástin á vorri kæru fósturjörð og einlægur og sterkur áhugi á því, að efla sanna heill hennar og framför. — Þessi áform vor og verk biðjum vèr hinn algóða guð að blessa, og að hann haldi verndarhendi sinni yfir Íslandi og hinum íslenzka lýð.

Að því búnu stóð upp *konúngsfulltrúinn* og lýsti yfir:

Í nafni og umboði konúngs segi eg þá þessu alþíngi slitið.

Þá kallaði upp einn þíngmanna:

»*Lengi lifi konúngur vor* **Friðrik hinn sjöundi**«, og tóku allir þíngmenn undir það í einu hljóði. Síðan var gengið af þíngi.

VIÐAUKI,

er inniheldur brèf þau frá alþingisforsetanum, er hann samdi og lèt út ganga eptir fundarályktunum alþingis.

1.

Brèf til *lögstjórnarinnar* um það að danska þýðing þingbókarinnar 1861 megi burt falla.

Alþingi það, sem nú stendur yfir, hefir út af uppástúngu, er fyrir því var uppborin um það efni, ályktað með atkvæðagreiðslu, að senda konúngi þegnsamlega bænarskrá um það, að hin síðasta málsgrein í 43. gr. alþingistilskipunarinnar verði felld úr gildi, og jafnframt að eg, sem forseti þessa alþingis, skyldi leita leyfis ennar háu dómsmálastjórnar um það, að hin danska þýðing þingbókarinnar þessa alþingis, sem er lögskipuð með tèðum lagastað, mætti *hverfa að þessu sinni.*

Með skírskotun til hinnar allraþegnsamlegustu bænarskrár í málinu — sem eg hefi afhent konúngsfulltrúanum, er nú gegnir á þinginu, og má því ráðgjöra að hún verði send með þessari póstskipsferð — og til brèfs dómsmálastjórnarinnar til stiptamtsins, 20. apríl f. á., vil eg þess vegna leyfa mèr að fara þess auðmjúklega á leit, að hin lögskipaða danska þýðing þingbókarinnar megi *ógjörð látin að þessu sinni,* að minnsta kosti svo, að nefndarálitin en sjálfsagt álitsskjöl öll og bænarskrár til konúngs væri þar frá skilin, og skal eg jafnauðmjúklega leyfa mèr að taka fram, að það er mjög erfitt og jafnvel hreinn óvinníngur, eins og nú stendur, að fá hèr nokkurn þann til þess að takast þýðínguna á hendur, er hafi til að bera bæði æfíngu og áreiðanlegleik til þess, og hafi jafnframt tíma og tækifæri til þess frá öðrum embættisstörfum, að halda þessum umfangsmikla starfa svo áfram, að eigi dragist stórkostlega, að því verði lokið.

Alþíngi, 5. d. ágústm. 1861.

Í undirgefni

Jón Guðmundsson.

2.

Brèf til konúngsfulltrúans á alþíngi 1861 um eptirstöðvar af prentunarkostnaði alþíngistíðindanna 1859.

Herra konúngsfulltrúinn hefir í brèfi *á dönsku,* dagsettu 5. þ. mán., þó að mèr bærist það ekki fyr en í dag, auglýst mèr sem forseta alþíngis 1859 brèf dómsmálaráðherrans, 5. f. mán., einnig *á dönsku,* um ágreiníng þann, er hafi orðið milli yfirstjórnenda prentsmiðjunnar og mín um afgreiðslu á eptirstöðvum prentunarkostnaðarins fyrir alþíngistíðindin 1859, að upphæð 705 rd. 21 sk. eptir reikníngi prentsmiðjunnar, og hefir ráðherrann lýst því áliti yfir, að fyrri hluti 78. gr. í alþíngistilsk. lyti að því, að konúngsfulltrúi ætti að sjá um *útgáfu* alþíngistíðindanna, en alþíngisforsetinn að eins um það, hvernig frá þeim væri gengið undir prentun *(Udarbeidelse),* og því næst falið konúngsfulltrúanum á þessu alþíngi, að koma þessu máli í rètt horf og leiða það til lykta.

Eg skal nú eigi fara langt út í það, að þessi skilníngur ráðherrans á 78. gr. fær naumast staðizt, enda hefir greinin aldrei verið svo skilin, sem hèr er ráðgjört, hvorki fyr nè síðar; fyrri hluti greinarinnar lýtur naumast að öðru, en því ransóknar og úrskurðarvaldi *(Censur),* er ýms æðri yfirvöld höfðu á þeim tímum, til þess að ákveða, *hvað mætti* prenta eða skyldi látið óprentað, og *þessa* valds neytti konúngsfulltrúinn á alþíngi 1845 og 1847, samkv. 78. gr., er hann beinlínis *bannaði* að prenta sumt, er þó kom fram á þíngi í ritum og ræðum. En af hinu hefir konúngsfulltrúinn aldrei nein afskipti haft, nè fram á það farið með einu orði, *hvernig* samið væri eða með hvaða kjörum um prentun og útgáfu alþíngistíðindanna; þetta hefir æfinlega forseti þíngsins gjört, og borið undir þíngið til samþykkis, enda er þetta alveg samkvæmt konúngsúrsk. 23. apríl 1845, er beinlínis segir, að kostnaðinum, er leiði af prentun tíðindanna, skuli jafna niður á landsmenn ásamt öðrum alþíngiskostnaði; en þar af leiðir aptur, að alþíngi og forseti þess verður að hafa öll ráð og afskipti af útgáfu tíðindanna, hvað kostnaðinn snertir, eins og líka hver konúngsfulltrúi hefir að undanförnu viðurkennt, og stjórnin aldrei hreift neinum mótbárum í móti.

En þar sem herra konúngsfulltrúinn tjáir mèr, að tèð upphæð af eptirstöðvum prentunarkostnaðarins muni í gegnum stiptamtið verða ávísuð stipts-prentsmiðjunni, þá verð eg að leyfa mèr þá athugasemd og vekja alvarlegt athygli herra konúngsfulltrúans að því, að til þeirrar ráðstöfunar virðist eigi vera nein heimild í ráðherrabrèf-

inu 5. júlí þ. árs, án þess það sè fyrst borið undir alþingi. Konúngsfulltrúanum er að eins falið að hlutast til um, að leiða til lykta þetta mál í rètta stefnu (»*drage Omsorg for Ordningen af dette Anliggende*«), en þar í liggur alls ekki, að konúngsfulltrúa sè gefið vald á að gjöra þá ráðstöfun, að upphæðin verði ávísuð gegnum stiptamtið, því hefði sú verið meiningin, mundi ráðherrann eigi hafa farið þenna krók, heldur beinlínis lagt fyrir stiptamtið að ávísa prentsmiðjunni upphæðina; þar sem *konúngsfulltrúa* er falið að ráða málinu til lykta, virðist liggja beint við, að ráðherrastjórnin ætlist til, að hann beri málið fyrst undir alþíngi; og mundi stjórnin hafa því fremur hugsað sèr, að svo felldar yrði málalyktir, hefði hún þá vitað, að svo yrði, sem nú er komið, að konúngsfulltrúinn og stiptamtmaðurinn og annar málsaðilinn, sem yfirstjórnandi prentsmiðjunnar, væri allt einn og sami maðurinn.

Eg verð því, sem forseti þessa alþíngis, að mælast til, að herra konúngsfulltrúinn beri málefnið undir alþíngi, áður en því er algjörlega ráðið til lykta, og lýsi yfir fyllstu mótmælum móti, að það verði gjört á annan hátt, og skal eg að lyktum geta þess, að eg bar málefni þetta undir álit alþíngis á fundi í dag, og varð þíngið mèr samdóma í framanskrifaðri skoðan minni.

Alþíngi, 13. dag ágústm. 1861.

Jón Guðmundsson.

3.

Brèf til *lögstjórnarinnar* um það, að manntalsþíngagjöld í Gullbríngusýslu og Reykjavíkurkaupstað megi greiða eptir verðlagsskrár meðalverði, eins og viðgengst í öllum öðrum hèruðum.

Á 16. fundi síðasta alþíngis, hinn 19. júlí, var borin fram uppástúnga frá þíngmanni Gullbríngu- og Kjósarsýslu og þíngmanni Reykvíkínga. Í ástæðunum fyrir uppástúngu þessari var stuttlega vikið á, hversu ósanngjörn væri heimta sýslugjaldanna í Gullbríngu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkurbæ, með því að í báðum lögsagnarumdæmum þessum væri þínggjöldin, og þar að auki fátækratíundin í Reykjavík, enn þá heimt í harðfiski eður þá eptir harðfisksverði í verðlagsskránni, þar sem gjöld þessi væri í öllum öðrum lögsagnarumdæmum á landinu heimt eptir aðalmeðalverði á öllum landaurum í verðlagsskránni. Uppástúngumennirnir gátu og þess, að þeir hugðu engan lagastað fyrir því, að í þessum tveim lögsagnarumdæmum væri við höfð frábrugðin gjaldheimta og greiðendum miklu þúng-

bærari. Uppástúngan sjálf var sú, að alþingi vildi senda vorum allramildasta konúngi bænarskrá um:

»Að hann mildilegast vili af nema þenna ójöfnuð, og skipa svo fyrir, að gjöld þessi verði greidd á sama hátt og annarstaðar, eptir meðalverði allra meðalverða«.

Uppástúnga þessi er prentuð í alþingistíðindunum 1861, 439. bls., og inngangsumræðan 439—447. bls. Þær urðu málalyktir, að menn fèllust á það með atkvæðafjölda, meðfram eptir bendíngu konúngsfulltrúa, og var sú atkvæðagreiðsla einkum studd á því, sem og sèð verður á umræðunum, að þar eð gjaldheimta þessi hefði engi lög við að styðjast, þá væri eigi þörf á nýju lagaboði eður konúngsúrskurði:

Að vísa málinu gegnum forseta til hlutaðeigandi stjórnarherra.

Þessa vegna er það, að eg sem forseti á síðasta alþíngi, leyfi mèr virðíngarfyllst að senda lögstjórnarráðgjafanum þetta álit mitt.

Nú þótt eg hljóti í aðalefninu að skírskota til uppástúngunnar og til umræðunnar um hana á þínginu, og þó einkum til hinna röksemdaríku orða konúngsfulltrúa, beggja uppástúngumanna og hins fjórða konúngkjörna (*Jóns* yfirdómara *Pèturssonar*) um þetta mál, hlýt eg þó að leyfa mèr, svo stuttlega sem eg get, að skýra frá lagastöðum þeim, er ráða kynni nokkru um úrslit þessa máls, þá og frá langvinnri og á lögum studdri landsvenju í öllum öðrum lögsagnarumdæmum landsins, nema líklega í Snæfellsnessýslu, sem að minnsta kosti virðist að hafa fyrrum náð undir ákvæði konúngsúrskurðar 29. júlí 1779, 1. gr.; og víst er það, að 2. gr. í konúngsúrskurði 13. júní 1787 nær yfir sýslu þessa um greiðslu landskuldar af konúngsjörðum þar í sýslu.

Konúngsúrskurður 29. júlí 1779 styðst á verðlagi því, er þá stóð í síðustu kaupskrá einokunar-verzlunarinnar hèr á landi, og gjörir hann jafnframt ráð fyrir breytíngum, ef verðlagið breytist með nýrri kaupskrá; en konúngsúrskurður þessi er með öllu af tekinn með konúngsúrskurði 13. júní 1787, því árið fyrir var ákveðið, að gefa skyldi frjálsa verzlunina. Í álitsskjali rentukammersins 12. júní 1787, sem hefir að geyma ástæðurnar, og að öllum líkindum er frumkvöðull og undirrót til konúngsúrskurðar 13. júní 1787, er það meðal annars tekið fram gegn því, að skattgreiðendum og konúngsleiguliðum yrði gjört að skyldu, sem áður var gjört í konúngsúrskurði 29. júlí 1779, að greiða gjöld sín í fiski: að þeir »yrði þá

ver farnir en allir aðrir«, og svo segir þar: að »þeim væri heldur eigi skylt að greiða gjöld sín í fiski, því að í Jónsbók þegnsk. 1. kap. og í rèttarbót Hákonar stæði, að greiða skyldi vaðmál, skinnavöru, ull og uxahúðir í skatt; *það hefði því verið einúngis til hægðarauka fyrir sjávarbœndur, að landskuldargreiðslan í fiski var tekin upp*«. Af ástæðum þessum er svo ákveðið í 2. gr. konúngsúrskurðarins: »að — skatt, gjaftoll, tíund, búsmanns- og manntalsfisk í Gullbríngusýslu og Mosfellssveit (þ. e. Kjósarsýslu) *mætti fyrst um sinn heimta í fiski,* á þann hátt, er rentukammerið hafði stúngið upp á, *þó svo að eins, að gjaldheimta þessi væri höfð til reynslu fyrst um sinn 2 eða 3 ár frá næstkomandi ári að telja*«.

Nú er vèr athugum, hver þínggjöld sè, með því að um þau var eingöngu að ræða í uppástúngunni á þínginu, þá eru þau, sem alkunnugt er, þrennt: *skattur, gjaftollur* og *konúngstíund,* og þar að auki *manntalsfiskur* að eins í Gullbríngusýslu (og Snæfellsnesssýslu). Um skattinn er það að segja, sem tekið er fram í álitsskjali rentukammersins 12 júní 1787, sem áður er til vitnað, að eptir landslögum fornum og óbreyttum verður hann eigi heimtaður að lögum í nokkrum skileyri. Þetta sannar og fyllilega margra alda venja, sem helzt enn óbreytt fram á þenna dag, að því er kunnugt er, í öllum öðrum lögsagnarumdæmum landsins. Það er því vafalaust rètt, sem og margir lögfróðir menn hafa sagt, að taka skuli í skatt hverja vöru gjaldgenga í kaupum og sölum, eður þá penínga eptir aðalmeðalverði verðlagskránnar; sama er að segja um gjaftollinn, sem er yngri en skatturinn. Í konúngsbrèfi 20. apríl 1619 segir svo, að í gjaftoll skuli taka alls konar varníng, svart og hvítt vaðmál, húðir, skinn og hverja vöru aðra, sem sè gildur og góður kaupeyrir. Það er því rètt, að taka í gjaftoll hverja gjaldgenga landaura, eður þá penínga eptir aðalmeðalverði verðlagsskrárinnar, sem og venja er til í öllum öðrum lögsagnardæmum landsins. Það verður eigi varið, að það er miklu ísjárverðara að fylgja svona stöðugt fram öðrum gjaldmáta, sem líka er beint ofan í skýlaus lög, í þessum lögdæmum en öðrum, því hann kemur hèr miklu þyngra niður á greiðendum, en hann mundi gjöra annarstaðar. Svo er mál með vexti, að gjaftollurinn er miklu ósanngjarnari og þyngri í Gullbríngusýslu og Reykjavík, en í nokkurri annari sýslu, og er það orðið af langri venju; en engi veit nokkur lög til þess. Gjaftollurinn fer eptir tíundinni; er það almennast, að sá, sem tíundar ½ hndr. til 9 hndr., greiðir 1—10 fiska í gjaf-

toll, en í Gullbríngusýslu og Reykjavík greiða menn 10 fiska í gjaftoll, hvort sem þeir tíunda 1 hndr., 2 hndr., 3 hndr., 4 hndr. eður 9 hndr., og verður þetta gjald enn þá ósanngjarnara hèr, fyrir því að menn tíunda svo lítið, að fullyrða má, að $^2/_3$ allra þeirra, er tíund gjöra, tíunda eigi meira en 1 hndr. — 4 hndr., og hlýtur þó hver þeirra að greiða 10 fiska í gjaftoll ár hvert. Verður það þá opt ofan á, að bændur hèr greiða, eins og konferenzráð Bjarni Thorsteinson kemst að orði í riti sínu: »Om Kongelige og andre offentlige Afgivter i Island« 73 bls. »áttfalt meira en aðrir«. Það er kunnugt, að alþíngi 1853 sendi bænarskrá til konúngs, er fór því fram, að gjaftollurinn að upphæðinni til, yrði eptirleiðis tekinn í Gullbríngusýslu og Reykjavík sem annarstaðar á landinu; en bæn þessari var synjað í konúnglegri auglýsíngu til alþíngis 7. júní 1855 II. 9.

Um tíundina er það að segja, að það var þegar í tíundarstatútu Gizurrar 1096 kveðið á, að greiða mætti hana í ýmsum landaurum, sem þar eru taldir, en að eins svo sem til dæmis. Venjan hefir og verið þessu samkvæm, og alstaðar verið hin sama um greiðslu tíundar, sem um skatttöku og gjaftoll; hún breyttist og heldur eigi að neinu ráði nè almennt, þótt í 7. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782 sè ríkara fyrirskipað um greiðslu tíundar til prests og kirkju. Þessi venja um tíundartöku er og nú enn fremur staðfest í opnu brèfi 18. marz 1853. Í síðara hluta 2. gr. er sjávarbændum að vísu gefinn kostur á að greiða prests- og kirkjutíund í gjaldgengum harðfiski, og hlýtur þá hið sama að vera um hina tvo hluti tíundar; en í 1. gr. er almennt ákveðið, að tíundargreiðendur megi sjálfir um kjósa, hvort þeir heldur vili greiða tíund til prests og kirkju í peníngum eptir meðalalin verðlagskrárinnar eður í góðum og gjaldgengum aurum.

Af þeim ástæðum, er nú hefi eg talið, og eptir erindi því, er alþíngi hið síðasta fól mèr á hendur, leyfi eg mèr lotníngarfyllst að frambera það mál fyrir lögstjórnarráðgjafann, að þínggjaldstaka sú, er nu er tíðkuð í Gullbríngusýslu og Reykjavík, yrði af numin, annaðhvort með konúngl. úrskurði eður brèfi lögstjórnarherrans.

Reykjavík, 8. marz 1862.

Jón Guðmundsson.